ALÞINGISTÍÐINDI

1883.

B.

Umræður í neðri deild.

Skammstafanir.

alþ. = alþingi
alþm. = alþingismaður
alþt. = alþingistíðindi
aths. = athugasemd
atkv. = atkvæði
atkvgr. = atkvæðagreiðsla
br. = breyting
bratkv. = breytingaratkvæði
brt. = breytingartillaga
brust. = breytingaruppástunga
d. = deild (alþingis)
e. d. = efri deild
e. h. = einu hljóði
flm. = flutningsmaður
form. = formaður
frsm. = framsögumaður
frv. = frumvarp
fsp. = fyrirspurn
gr. = grein
h. = háttvirti
hæstv. = hæstvirti
k. = komi
kgr. = konungur
kgk. = konungkjörinn
l. = lög
lfrv. = lagafrumvarp
lh. = landshöfðingi
lsj. = landssjóður
lstj = landsstjórn
m. = með
n. = nefnd
n. d. = neðri deild
rg. = ráðgjafi
skrif. = skrifari
st. f. = staðinn fyrir
stfl. = stafliður
stj. = stjórn(in)
sþ. = samþykkt
till. = tillaga
tl. = tölulíður
umr. = umræða
ust. = uppástunga
ustm. = uppástungumaður
v. = við
vatkv. = viðaukaatkvæði
vust. = viðaukauppástunga
vtill. = viðaukatillaga
þd. = þingdeild
þdm. = þingdeildarmaður
þgsál. = þingsályktun
þm. = þingmaður
þm. Á. = þm. Árnessýslu
þm. Ask. = þm. Austurskaptafellssýslu
þm. Bf. = þm. Borgarfjarðarsýslu
þm. Bst. = þm. Barðastrandasýslu
þm. D. = þm. Dalasýslu
þm. Ef. = þm. Eyjafjarðarsýslu
þm. GK. = þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu
þm. Hv. = þm. Húnavatnssýslu
þm. Ísf. = þm. Ísafjarðarsýslu
þm. M. = þm. Mýrasýslu
þm. Nm. = þm. Norðurmúlasýslu
þm. Np. = þm. Norðurþingeyjarsýslu
þm. Rvl. = þm. Rangárvallasýslu
þm. Rvk. = þm. Reykjavíkur
þm. Skg. = þm. Skagafjarðarsýslu
þm. Sm. = þm. Suðurmúlasýslu
þm. Snf. = þm. Snæfellsnessýslu
þm. Str. = þm. Strandasýslu
þm. Sþ. = þm. Suðurþingeyjarsýslu
þm. V. = þm. Vestmannaeyjasýslu
þm. Vsk. = þm. Vesturskaptaptafellssýslu
þsk. = þingsköp (alþingis)

Þessar skemmstafanir tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum, og eins með ákveðna greininum.

Prentsmiðja Einars Þórðarsonar, 1883.

Fyrsti fundur, 2. júlí. Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið þingstörfum þeim, sem fyrir skipuð eru í 1. og 2. og 3. gr. þingskapanna, settist neðri deild alþingis að í þingsal n. d. og tók til starfa. Í þingdeildinni höfðu þessir þingmenn sæti:

1. Arnljótur prestur Ólafsson, 1. þm. Eyfirðinga.
2. Benidikt sýslumaður Sveinsson, 2. þm. Norðurmúlasýslu.
3. Egill borgari Egilsson, þm. Mýramanna.
4. Eiríkur prestaskólakennari Briem, 2. þm. Húnvetninga.
5. Eiríkur prófastur Kúld, þm. Barðstrendinga.
6. Friðrik hreppstjóri Stefánsson, 1. þm. Skagfirðinga.
7. Grímur Thomsen, dr. phil., þm. Borgfirðinga.
8. Gunnlaugur verzlunarstj. Briem, 2. þm. Skagfirðinga.
9. Halldór yfirkennari Friðriksson, þm. Reykvíkinga.
10. Jakob prestur Guðmundsson, þm. Dalamanna.
11. Jón ritstjóri Ólafsson, 2. þm. Suðurmúlasýslu.
12. Jón hreppstjóri Sigurðsson, þm. Suðurþingeyinga.
13. Lárus sýslum. Blöndal, 1. þm. Húnvetninga.
14. Ólafur bóndi Pálsson, þm. Vesturskaptafellssýslu.
15. Tryggvi kaupstjóri Gunnarsson, 1. þm. Suðurmúlasýslu.
16. Þórarinn prófastur Böðvarsson, 1. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu.
17. Þórður bóndi Magnússon, 2. þm. Ísfirðinga.
18. Þorkell prestur Bjarnason, 2. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu.
19. Þorlákur hreppstjóri Guðmundsson, 1. þm. Árnesinga.
20. Þorsteinn bóndi Jónsson, þm. Vestmanneyinga.
21. Þorsteinn borgari Thorsteinsson, 1. þm. Ísfirðinga.

En ókomnir voru: Holger kaupmaður Clausen, þm. Snæfellinga, Magnús prófastur Andrjesson, 2. þm. Árnesinga og Þorvarður læknir Kjerúlf, 1. þm. Norðurmúlasýslu.

Elzti þm. deildarinnar, Jakob prestur Guðmundsson, gekkst fyrir kosningu forseta deildarinnar samkv. 4. gr. þingsk.; kvaddi hann sjer til aðstoðar sem skrif. Eirík Kúld og Jón Ólafsson. Til forseta var kosinn Jón Sigurðsson með 17 atkv. af 19, sem greidd voru.

Því næst gekk hinn kjörni forseti til sætis og gekkst fyrir kosningu á öðrum embættismönnum deildarinnar. Varaforseti varð Tryggvi Gunnarsson með 13 atkv.; skrifarar Magnús Andrjesson með 16 atkv. og Halldór Kr. Friðriksson með 13 atkvæðum.

Því næst las forseti brjef frá lh., dags. samdægurs, þar sem lh. skýrir frá, að hann muni leggja fyrir nd. þingsins þessi lfrv:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885.
2. Frv. til fjáraukal. f. árin 1878 og 1879.
3. Frv. til fjáraukal. f. árin 1880 og 1881.
4. Frv. til fjáraukal. f. árin 1882 og 1883.
5. Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1878 og 1879.
6. Frv. til l. um samþ. á landsr. f. 1880 og 1881.
7. Frv. til l. um að aðflutningsgjald af skipum, sem frá útlöndum flytjast til Íslands, sje úr lögum numið.
8. Frv. til l. um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland.
9. Frv. til l. um br. á 1. gr., 2. lið í tilsk. handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní 1869.

10. Lög til bráðabirgða $^{16}/_{2}$ 82 um br. á 9. gr. í lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

Annar fundur, 3. júlí. Allir þm. á fundi, sem komnir voru.

Landshöfðingi: Samkv. því sem hinum h. þm. var tilkynnt í gær, vil jeg leyfa mjer að leggja fram þau frv. stjórnarinnar, sem þegar eru talin.

Jeg vil leiða athygli þd. að því, að þar eð tíminn til framkvæmdar fyrirmælum þessara bráðabirgðalaga, sem hjer eru fram lögð, var liðinn áður en þing kom saman, þá eru þessi l. að eins lögð fram þdm. til athugunar og eptirsjónar, og á sama hátt verða þau lögð fram í e. d. þingsins.

Jeg skal enn fremur leyfa mjer að geta þess, að stj. hefur hlutazt til um, að fullprentuð væri tiltekin tala af stj.frumvörpunum, svo eigi þyrfti að prenta þau að nýju hjer í alþt.

Þriðji fundur, 4. júlí. Allir á fundi hinir sömu og áður, og enn fremur Magnús Andrjesson, 2. þ.m. Á., er nú var kominn til þings.

Forseti gat þess, að til skrifstofustjóra alþingis væri tekinn Lárus Sveinbjörnsson yfirdómari, og honum til aðstoðar á skrifstofuna þeir cand. theol. Steingrímur Johnsen og cand. juris Páll Briem, en til innanþingsskrifara í neðri deild cand. theol. Þórhallur Bjarnarson og stud. theol. Árni Jónsson.

Útbýtt var meðal þdm. eptir ráðstöfun lh. stjórnarfrv. þeim 8, er lögð höfðu verið fyrir efri d.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885; 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg tel sjálfsagt að nefnd verði kosin í þessu merkilega máli og þar sem jeg síðar mun eiga kost á, að gefa henni þær skýrslur, er hún óskar, og jeg get í tje látið, skal jeg á þessu stigi málsins aðeins skírskota til athugasemdanna við frumvarpið sjálft og til þess sem í boðskap konungs til þingsins er tekið fram um fjárhag landsins. Jeg vil leyfa mjer að eins að gjöra þá athugasemd, að fjárhagstímabilið, sem nú stendur yfir 1882—83, kynni að geta breytt þeirri niðurstöðu sem fjárlagafrumvarpið kemst að. Yrðu tekjurnar töluvert minni og gjöldin töluvert meiri, gæti sá skakki orðið á, að áætlanin stæði eigi heima; en varla þarf að óttast þetta. Eptir reikningunum fyrir 1882 hafa gjöldin það ár eigi verið meiri en áætlað var í neinu verulegu; en tekjurnar í mörgum greinum töluvert meiri. Við því má nú að vísu búast, að niðurstaðan verði önnur á þessu ári vegna ástandsins í landinu; en þó er vonlegt þegar bæði árin eru talin saman, að það jafnvægi haldist, að fjárhagurinn verði eigi lakari en gjört er ráð fyrir Að þessu sinni læt jeg mjer nægja að koma með þessar almennu athugasemdir.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg leyfi mjer að leggja það til, að fyrstu umræðu sje frestað og nefnd sje valið. Það er vani að kjósa 7 manna nefnd og vil jeg stinga upp á því að svo sje gjört.

Forseti bar uppástunguna undir atkvæði deildarinnar og var hún samþykkt.

Þessir urðu nefndarmenn: Tryggvi Gunnarsson með 17 atkv; Þorlákur Guðmundsson með 17; Þorsteinn Thorsteinson 16; Lárus Blöndal 15; Eiríkur Briem 14; Egill Egilsson 12; og Halldór Friðriksson, eptir hlutkesti milli þeirra Þórarins Böðvarssonar, er höfðu 11 atkv. hvor.

Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum 1880 og 1881; 1. umr.

Grímur Thomsen: Athugagreinir yfirskoðunarmannanna og svör lh. er snerta landsreikninginn 1880—81, er rjettast að skoða sem fylgiskjöl við þennan reikning. Athugasemdirnar eru prentaðar, og eru sem stendur í innheptingu hjá bókbindara, svo að jeg vona að þeim megi útbýta á næsta fundi. Án þess að fara út í einstakar greinir, vil jeg leyfa mjer að benda þinginu á eitt atriði, sem hlýtur að vera gleðiefni, bæði fyrir þingið og endurskoðunarmenn þess. Nú er spurningin frá síðasta þingi um þær 2050 krónur, er yfirskoðunarmenn og þingið álitu að væru oftaldar gjaldmegin fjárhagsáirn 1878—79, útkljáð á þann hátt, að stjórnin hefur þegjandi borgað þær í landssjóð. Verður afgangurinn þá um 116,000 krónur í stað 114,000, sem stóð í stjórnarfrv. Jeg vil enn fremur bæta við þeirri athugasemd, að stjórnin er svo rjettsýn, að þegar hún sjer að yfirskoðunarmenn og þingið hafa rjett að mæla og halda vilja sínum fram með hæfi-

legu fylgi, þá fer hún að ráðum þeirra. Að endingu leyfi jeg mjer að stinga upp á því að kjósa hina lögskipuðu 3 manna nefnd..

Nefnd samþ. og kosnir í hana: Gunnl. Briem með 17 atkv., Magnús Andrjesson með 14, og Arnljótur Ólafsson 14.

Arnljótur Ólafson: Þar sem þm. Bf. hreifði því, að kjósa 3 manna n. í þetta mál, þá mun meiningin vera sú, að álit yfirskoðunarmanna eigi að koma til þessarar n., en jeg get eigi verið á þeirri skoðun; því að samkv. 21. gr. þingsk. ber að setja 3 manna n. til þess að segja álit sitt um tillögur yfirskoðunarmanna, og álit þeirrar n. skal að eins koma tvisvar sinnum til umr.; en með þetta mál, sem er konunglegt frv., skal fara sem hvert annað frv.

Grímur Thomsen: Jeg skal leyfa mjer að leiða athygli þm. (A. Ó.) að því, að þótt þetta sje rjett eptir þingsk., þá hefur það þó gengið svona að undanförnu. Allir eldri menn mega muna, að í sömu n. hefur verið rætt samþykkt á landsreikningnum og athugagreinir og svör yfirskoðunarmanna og jeg man eigi betur en að þm. hafi sjálfur setið í þeirri n. og haft bæði málin til meðferðar. Enda sje jeg eigi að hægt sje að aðgreina þau. Þess vegna álit jeg það hugsunarrjett að athugagreinirnar sjeu afhentar þessari n.; því þær eru eins og skýringarskjöl — eða «indlæg» — í þeim dómi, er hin h. n. á að kveða upp.

Arnljótur Ólafsson: Það er rjett hjá þm. Bf., að jeg hef haft þá ánægju að vera í þessari n. á tveim næstliðnum þ.; en hitt er eigi rjett að bæði málin væru í hvorutveggja sinni meðfarin og rædd sem frv. Árið 1879 var málið rætt í tveim pörtum, tillögur yfirskoðunarmanna voru ræddar samkv. 21. gr þingsk., en landsreikningamálið sem önnur frv. En 1881 var hlaupið yfir það vegna naumleika tímans. Mjer finnst eigi rjett, ef þm. vilja fallast á tillögu þm. Bf., þá að binda sig við það, að kjósa að eins þrjá menn í svo stórt og umfangsmikið mál. Samkv. 21. gr. þingsk. er 3 manna nefndin til tekin eingöngu til að fara með tillögur yfirskoðunarmanna; en þessi tiltekning eða einskorðun getur alls eigi verið bindandi fyrir landsreikningamálið. Þess vegna óska jeg að 2. þm. Skg. láti þegar álit sitt í ljós, hvort honum þyki eigi ástæða til að fá aukna n. tveim mönnum.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skil 21. gr. þsk. svo, að boðið sje að setja 3 manna n. til þess að ræða álit yfirskoðunarmanna; en þar með er engan veginn útilokað að hin sama nefnd hafi og reikningsmálið á hendi. Eðlilegast er. að sama n. hafi hvorutveggju málin til meðferðar; því ef settar væru tvær n., þá gætu þær komið í bága hvor við aðra, með því að nefndirnar vita eigi hvor um sig hvað hin gjörir. Þegar n. er tekin til starfa og sjer, hvert verk henni er ætlað, þá getur hún beðið um meiri krapta, ef henni þykir þess við þurfa.

Grímur Thomsen: Þm. Rvk. hefur bent á ráð til að komast úr þessum vanda, ef vanda skal kalla; því samkv. 9. gr. þsk. getur n. sjálf bætt tveim þm. við, ef deildin samþykkir það.

Forseti: Jeg hygg eigi þörf á að ræða þetta mál meira að sinni. Þegar álit yfirskoðunarmanna kemur fram, er hægt að koma því í það horf, sem þm. verða ásáttir um. Jeg tel það sjálfsagt, að 1. umr. sje frestað í þessum málum sem nú hafa verið fengnar nefndum til meðferðar.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879; 1. umr.

Forseti lagði það til, að frv. þessu væri vísað til n. í reikningsmálinu, sem þegar var kosin, og var það samþ. með meira hluta atkv.

Frv. til fjáraukal. fyrir árin 1880 og 1881: 1. umr. Málinu vísað umræðulaust til hinnar sömu nefndar.

Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1878 og 1879: 1. umr. Málinu vísað umr.laust til sömu n.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1882 og 1883: 1. umr. Vísað til fjárlagan. m. 16 atkv.

Fjórði fundur, 6. júlí. Allir á fundi sömu og áður.

Forseti gat þess, að byrja skyldi nú þegar á prentun alþt., þar á meðal umræðnanna, er skipt yrði milli prentsmiðjanna til flýtis, og skoraði hann á þm. að láta sem minnst standa á sjer að lesa og leiðrjetta ræður sínar.

Hann skýrði og frá, að til að annast ritstjórn alþt. og prófarkalestur á umræðun-

um hefði forsetar þingsins fengið kand. Björn Jónsson, ritstjóra Ísafoldar.

Þá gat hann þess, að sjer hefði samstundis borizt í hendur *álit yfirskoðunarmanna landsreikninganna*. Samkv. 21. gr. þsk. á að setja 3 manna nefnd í þetta mál; en mjer virðist, eins og einnig kom fram við umr. á síðasta fundi, rjettast að vísa álitinu til n. í landsreikningsmálinu og hygg jeg það sje eigi á móti þingsk.

Landshöfðingi: Jeg er fors. samdóma um það, að ákvæðum þingsk. sje fullnægt, ef það verður ákveðið, að þessu máli skuli vísað til hinnar kosnu n. í reikningsmálinu.

Málinu vísað til þessarar n. í e. h.

Frumvarp til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland; 1. umr.

Jón Ólafsson: Af þeim þrem frv. sem eru á dagskránni og öll miða til þess að gjöra hagfelldari skilyrðin fyrir fiskiveiðum í landhelgi hjer við land, þá er það hið fyrsta frv. sem einkum þarf íhugunar og br. við. Frv. er að mörgu gott; en þó inniheldur það að minnsta kosti eina ákvörðun er þurfa mun athugunar við. Þess vegna legg jeg það til að fyrstu umr. sje frestað og 3 manna n. sett í málið.

Þorkell Bjarnason: Fiskiveiðamálið er svo yfirgripsmikið og umfangsmikið mál og tekur yfir meira, en það sem stendur í þessu frv.; en það þarf mikillar athugunar og yfirvegunar. Þess vegna legg jeg til að í það sje sett 5 manna n.

Jón Ólafsson: Jeg er því samþ. og tek því aptur mína ust. um 3 manna n.

Samþ. í e. h. að fresta fyrstu umr. og setja n. í málið. Í nefndina voru kosnir: Ben. Sveinsson með 18 atkv.; Þork. Bjarnason 18; Grímur Thomsen 16; Tryggvi Gunnarsson 15; Eiríkur Kuld 14.

Frv. til laga um br. á 1. gr. 2. lið í tilsk. handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní 1869; 1. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Þetta mál er svo skylt hinu næst undanfarna, að mjer virðist rjettast að vísa því til n. sem sett var í því máli. Jeg álít að það sje svo einfalt, eð eigi þurfi að fresta 1. umr.

Benidikt Sveinsson: Jeg vil einungis leyfa mjer að gjöra þá aths. formsins vegna að þingsk. mæla beinlínis svo fyrir að þegar n. er sett eptir að umr. er byrjuð, þá *skuli* umræðunni frestað.

Landshöfðingi: Jeg er þm. samdóma um það, að svo framarlega sem n. er sett í málið meðan á umr. stendur, þá beri eptir þingsk. að fresta umr.

Jón Ólafsson: Af því frv. þetta er svo örstutt og auðvellt meðferðar, vil jeg leggja það til að málinu sje vísað til 2. umr. án n.kosningar. Það er ekki nokkurt sem helst *það* efnissamband milli þessa frv. og hins fyrra, er hamli því að annað verði að lögum þótt hitt fjelli. Þetta er gjörsaml. misskilningur hins h. 1. þm. Sm. (Tr. G.).

Landshöfðingi benti á, að samkvæmt ástæðum frv. væri að eins talað um, að þetta frv. mundi því fremur verða að notum, ef hitt frv. (um veiðirjett hlutafjel.) gengi fram, en hann kvaðst samdóma 2. þm. Sm. um, að efnissamband fr.varpanna gjörði alls eigi nauðsynl. að hafa þau í sömu n.

Forseti: Jeg vil styðja tillögu 2. þm. Sm. (J. Ó.) til að flýta fyrir málinu.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg álít að þetta mál sje eigi svo langt eða umfangsmikið, að þörf sje á að setja n. í það; jeg álít að það muni geta gengið slysalaust áfram í gegnum þ. án þess.

Fellt með 10 atkv. gegn 8 að vísa málinu til nefndarinnar í næsta máli á undan.

Frv. vísað til 2. umr. í e. h.

Frv. til laga um, að aðflutningsgjald af skipum, er frá útlöndum flytjast til Íslands, sje úr lögum numið; 1. umr.

Gr. Thomsen: Málið er mjög einfalt. Í aths. stendur, að aðflutningsgjaldið sje lítið, og vil jeg því til skýringar geta þess, að árið 1880 var það ekkert, en 1881 rúmar 400 krónur. Landssjóðurinn tapar því næsta litlu við að missa þetta gjald. Jeg leyfi mjer að leggja til að málið gangi nefndarlaust til 2. umræðu.

Egill Egilsson: Málið sýnist ef til vill vera gallalaust við fyrsta álit, en gallarnir koma fram þegar betur er skoðað. Frumvarpið á að vera náðargjöf og leysa gömul bönd, en það er engan veginn að svo sje. Frv. er illa orðað og veldur misskilningi, sem getur skilizt á tvo vegu, nl. að tilskipunin 1. maí 1838 hafi margt fleira inni að halda, og svo hitt, að það eigi að þýða «og fleiri greinir», svo sem «og fl.» á eptir 48. gr. Eigi frv. að ná tilgangi sínum, þarf og að

kippa í burtu 50. gr. i nefndri tilsk., því að eptir henni þarf jeg að borga gjaldið af skipi, er strandar hjer við land og jeg kaupi af eigandanum án uppboðs. Það er því nauðsynlegt að breyta orðunum «og fl.» og taka það skýrt fram, að 48., 49. og 50. gr. sjeu úr lögum numdar. Að kippa einhverju úr lögum á þann hátt sem hjer er gjört er líkast því að draga út sjúka tönn og skilja helminginn eptir, en við það batnar sjaldan tannpínan. Málið er svo athugavert að nauðsynlegt virðist að kjósa 3 manna n.

Fellt með öllum atkv. gegn 1, að kjósa n.

Jón Ólafsson: Jeg vil vekja athygli á því, að þótt það sje fellt að setja nefnd nú á þessu stigi málsin, meðan það er lítt rætt, en n. gjörði að verkum að fresta yrði umr. nú, þá er þar með eigi loku fyrir skotið að stinga megi aptur upp á n. og samþ. hana síðar við þessa 1. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Þó að frv. sje stutt, er það samt athugavert. Frv. er eigi fullnægjandi í þeirri mynd, sem það nú er, því með því er eigi fyrirbyggt að greiða þurfi aðflutningsgjald af mörgum útlendum skipum, sem eiga að verða ísl. eign, t. d. þegar utanríkisskip sem hafa strandað hjer við land, eru gjörð haffær aptur, og eiga að gjörast ísl. eign, þá þarf að greiða innflutningsgjald eptir 50. gr., því eigi er hægt að álíta að þau sjeu *innflutt*. Þessi ákvörðun í tilsk. 1. maí 1838, um aðflutningsgjaldið, hefur átt að vernda innlendar skipsbyggingar í Danmörku, enda var þar innflutningstollur á trje og járni, en hjer á landi á þetta ekki við, því eigi eru stórskipasmíðar hjer teljandi, og enginn tollur á trje, járni, köðlum eða nokkru því efni, sem er í skipunum. Það þarf með berum orðum að nema burtu allt skipagjaldið, sem tiltekið er í tilsk. 1. maí 1838 bæði af innfluttum og strönduðum skipum. Bezt væri að orða frv. á þann hátt, að engan toll skuli greiða af skipum frá útlöndum sem verða Íslands eign. Hvað nefndarkosningu snertir, þá hygg jeg að n. sje ónauðsynleg bæði nú og síðar.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins fara fám orðum um þettta frv., sem í sjálfu sjer er mjög einfalt. Þm. M. (E. E.) tók það fram að fleiri greinir en 48. legðu gjald á aðflutt skip, en þessar greinir heyra einmitt einnig til þeirra ákvarðana, sem ætlazt er til að verði numdar úr lögum, og sjest þetta bezt af danska textanum þar sem «flg.», er verður að vera sama og «eptir fylgjandi greinum», stendur í stað orðanna «og fl.» í íslenzka textanum. Lítið bratkv. gæti gjört þetta óefandi. Þótt mjer ekki komi til hugar að ráða frá að íhuga sem vandlegast þetta frv., einsog önnur frv. er þingið hefur til meðferðar, virðist mjer samt að n. sje óþörf í þessu máli.

Eiríkur Kúld: Lh. tók það nauðsynlegasta fram. Jeg hef skilið «og fl.» um greinirnar á eptir, og að með þessu sje átt við allt aðflutningsgjaldið.

Grímur Thomsen: Þegar strönduð skip eru dæmd og álitin að vera alströnduð, þá er enginn tollur borgaður af þeim. Öðru máli gegnir um löskuð eða «havareruð» skip; á þeim er ef til vill tollur.

Jón Ólafsson: Það er varla forsvaranleg meðferð á þingtímanum að setja n. í svona smámál og tefja með því tímann. Greinarmerkjasetningin gjörði ótvírætt, hvar orðið «fl.» ætti við. Skip, sem frá útlendum eiganda ganga í hendur innlendum eiganda, «flytjast» til Íslands — að því er eignarheimildina snertir, og það þótt ísl. maður kaupi skipið úti í heimi, ef hann gjörir það að *innlendri eign*. Þetta «flytjast» lítur til eignarheimildarinnar, en ekki til staðlegrar veru skipskrokksins.

Egill Egilsson: Það gleður mig að lh. skilur frv. svo, að «og fl.» sje sama sem «fleiri greinir», en það er samt sem áður sjálfsagt að breyta þessu, því að það þarf að nefna hverjar þessar «fleiri greinar» eru; því að öðrum kosti getur orðið misskilningur úr því, og einn segir: «þær eru *þetta*», og annar: «nei, þær eru hitt», og s. frv., svo það er auðsætt að þetta er — eins og það er orðað í frv. — alveg óhafandi. Mjer þótti leiðinlegt að þm. Bf. (G. Th.) fór ekki nema út í miðja 50. gr., út að «Procent af Kjöbesummen», en á eptir því og í enda greinarinnar stendur: «men *i andet Fald* den i bemeldte §§ anordnede Indførselsafgift», því þá hefði hann sjeð, að jeg verð eins og fyrr sagt eptir þessari gr. að borga aðflutningsgjald af skipinu ef það rekst í strand og er eigi selt við uppboð. Jeg tek því ekkert aptur af ummælum mínum og heimta n. í málið.

Benidikt Sveinsson: Mjer virðist þessi umr. sem nú er orðin heyra til annarar umr. málsins en eigi hinnar 1. Allir þm. eru samdóma um grundvallarstefnu frv. og þá er augnamiði umr. lokið. Jeg er mótfallinn n.

því hún er óþörf, en jeg vil óska þess, að frv. sje vísað til 2. umr. nefndarlaust.

Málinu vísað nefndarlaust til 2. umr. með 19 atkv.

Fimmti fundur, 7. júlí. Allir á fundi, nema Ólafur Pálsson, er hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Frv. til laga um horfelli á skepnum (sjá deildinna C., bls. 119); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): Eins og þingmenn muna kom frv. fram á síðasta þingi um heyásetning og mun það með fram hafa verið af því, að menn voru hræddir við grasbrestinn er þá var, og harðindin er að fóru hinn næsta vetur. En allt um það var frv. þetta fellt eins og kunnugt er. Það er einnig jafn kunnugt, að vorið 1882, eptir eigi allharðan vetur, varð í Vestnamtinu og Suðuramtinu almennur fellir og hann stórkostlegur á sumum stöðum. Jeg hef reynt að hugsa rækilega um þetta mál síðan, því fjárfellirinn er okkar mesta mein, og eptir því sem jeg hefi hugsað betur um málið, þá hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að heyásetningslög væri ekki heppileg, því þau tækju ábyrgðina frá þeim, sem sett er á hjá. En þar á móti álít jeg gagnlegt og heppilegt að fá þau lög sem bæði innihalda almennar ákvarðanir um að setja *vel á*, og sömul. hegningarákvarðanir gagnvart þeim, er fella skepnur úr hor. Af þessum ástæðum hefi jeg komið fram með frv. þetta. Jeg hygg að allir þm. þessarar d. sjeu mjer samdóma um það, að horfellir er *þjóðartjón* og *þjóðarlýti*. Hann hefur eigi einungis í för með sjer fátækt og fjárhnekki, tjón og skaða á eignum manna, heldur veldur hann og skaða í siðferðislegu tilliti, því að hann útrýmir úr mannlegu hjarta hinum beztu tilfinningum: kærleika, mannúð og miskunnsemi, sem eru gulli betri.

Jeg vona að þm. taki vel á móti frv. og fari vægilega með það; gjöri nauðsynlegar br. við það, ef þeim svo sýnist, og skal jeg sannarlega taka því með þökkum, því mjer er málið áhugamál. Að svo mæltu óska jeg að eins að frv. gangi til 2. umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal sannarlega játa það, að það er bæði synd og skömm að fara illa með skepnur og mispyrma þeim. Jeg skal einnig játa það, að það er synd og vanvirða og óbætanlegt tjón, að fella úr hor, og að það væri æskilegt og heppilegt, ef þessu þjóðmeini yrði útrýmt, en það er sannarlega víst, að það er til lítils að setja lög um það efni og lög gjöra lítið gagn í þá átt. Þjóðin verður einmitt sjálf að finna til þess, hvílík vanvirða og tjón þetta er; því að þótt lög væru sett um þetta efni, þá er jeg hræddur um, að þeirra gætti lítið, þegar bændur eiga að fara að hafa gát hver á öðrum; og fyrir yfirvöldin mundi það verða örðugt að hafa eptirlit með því, hvaða bændur brytu á móti slíkum lögum. Þar að auki eru lög um þetta efni öldungis óþörf; því að það eru til lög um illa og harðýðgislega meðferð á skepnum, og undir þau heyrir það, að kvelja skepnur svo, að þær falli úr hor; því að það heyrir þó sannarlega undir harðýðgislega meðferð að svelta skepnur, svo að þær drepist. Það þarf einnig að fara varlega í þetta mál. Það mundi t. a. m. hafa verið viðsjárvert og mátt margt til afsökunar finna móti því, að beita hegningu við alla þá, sem felldu úr hor vorið 1882. Þótt víljinn sje hinn bezti með þetta frv., þá mun það lítið gagn gjöra sem lög. Þau gætu reyndar ef til vill náð staðfesting kgs og komið út í Stj.tíð., en svo mundu þau leggjast í dá og enginn framar um þau hirða. hvorki yfirboðnir nje undirgefnir. Það er ekki nema til skemmda, að búa til lög, er eigi verður framfylgt á eptir. Þau draga úr eptirliti yfirvaldanna með framkvæmd annara laga og eigi að eins draga úr hlýðnisanda hjá almenningi við önnur lög, heldur miklu fremur vekja óhlýðni gegn þeim, því að menn venjast við það á að hugsa að þeir megi eins ganga fram hjá þeim.

Þess konar mál gjöra eigi annað en auka umr. og draga krapta þingsins frá öðrum nauðsynjamálum, og þess vegna vil jeg að þetta mál sje fellt nú þegar.

Þórarinn Böðvarsson: Flm. (Þork. B.) hefur tekið fram nauðsyn þess, að við höfum komið fram með þetta frv. og sömuleiðis um tilgang þess. Saga búnaðarins hefur því miður of opt verið sú, að menn koma fjenaðinum upp og fella hann. Við þessu mikla þjóðmegunarmeini þarf að reisa skorður og það er tilgangur frv., að hreifa þessu máli, ef vera mætti, að út af því gæti komið það, sem rjeði bót á þessu mikla meini. Það má fullyrða, að hver sá bóndi hefur búið vel, sem hefur gætt þeirrar reglu, að setja vel á. Jeg ætla eigi að taka það upp aptur, er flm. færði frv. til málsbóta, heldur aðeins svara þm. Rvk. nokkrum orðum. Jeg er honum

samdóma um, að þetta heyri eiginlega ekki undir löggjafarvaldið, og jeg tók það fram á síðasta þ. að þetta yrði að lagast fyrir siðferðislegan krapt þjóðarinnar og frjálst samkomulag. En reynslan sýnir að það dugir ekki. Þingið verður að reyna að koma í veg fyrir þá vansæmd og tjón, sem af þessu leiðir. Jeg skal játa það með glöðu geði að Norðlendingar eru langt á undan í þessu efni og jafnvel Austlendingar, og hafa því staðizt harðærin hinna síðustu ára eptir vonum. En Vestfirðingar og Sunnlendingar standa enn í sömu sporum, ef jeg mætti svo að orði kveða. Þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) sagði að þessi lög gjörðu ekkert gagn, en það er ómögulegt að sanna það. Jeg skal reyndar játa það, að þau sjeu neyðarúrræði; en að þau sjeu gagnslaus, því mótmæli jeg. Hann sagði og að þau væru óþörf, af því þau gripu yfir hið sama og lög um illa meðferð á skepnum. En þetta er ekki heldur rjett hjá þm., og skal jeg leyfa mjer að benda honum á brjef dómsmálastj. 27. júlí 1869, er segir að opið brjef 29. ág. 1862 eigi ekki við horfelli. Þessi mótbára þm. getur þess vegna ekki tekizt til greina. Jeg hygg þm. hafi og bætt því við, að lög um þetta efni yrðu til skemmda — en þá hætti jeg að skilja hann — og til óhlýðni við önnur lög, ef jeg hefi skilið hann rjett *(H. Kr. Fr.:* rjett); en jeg hygg það muni eigi verða; hjer er eigi beinlínis talað um hlýðni, heldur eru lögin meira til áminningar. Sje um verulega óhlýðni gegn lögunum að ræða, þá eru það eingöngu hreppstjórar og hreppsnefndir, sem óhlýðni getur komið fram hjá. Jeg tek það upp aptur að endingu, að jeg vona að d. sinni þessu máli. Flm. hefur játað að frv. sje ábótavant. Það vantar t. a. m. eina gr. fyrir aptan það, um það hvernig fara eigi með brot gegn l. þessum. Við höfum komið með þetta frv. einkum til þess að koma málinu í hreyfingu og til þess að það yrði ýtarlega um það hugsað. Þess vegna legg jeg til að n. sje sett í það og mun eigi veita af að hún sje skipuð 5 mönnum.

Nefnd sþ. með 14 atkv., 5 manna n. sþ. m. 12 atkv., og kosnir í hana: Þorkell Bjarnason m. 16 atkv., Þórarinn Böðvarsson 15, Jakob Guðmundsson 10, Friðrik Stefánsson 9, og eptir ítrekaða kosn. Benidikt Sveinsson 14.

Frv. til l. um stofnun kennaraembættis við gagnfræðaskólann og alþýðuskólann í Flensborg (C 120); umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg þarf eigi og ætla mjer eigi að lýsa hvernig Flensborgarskólinn er til orðinn. Mönnum er kunnugt að hann er eigi stofnaður af landsfje, en hann er til orðinn fyrir eignarframlag höfðingshjónanna Þórarins prófasts Böðvarssonar og konu hans, frú Þ. Jónsdóttur, og er gjafabrjefið frá 10. ág. 1877. Um þær mundir var allt Garðaprestakall 1 hreppur, þar sem nú eru 2, og hefur annar þeirra, nefnilega Bessastaðahreppur, nú fengið sjer barnakennslu fyrir sig. Þegar gefendurnir sáu að kraptarnir skiptust, þá varð tilganginum síður náð með barnakennsluna, sem var aðalatriðið, þó að upphaflega væri og hugsað til þess að skólinn yrði jafnframt alþýðuskóli, eptir sem efni og kringumstæður leyfðu. Þess vegna gerðu hinir áður nefndu gefendur með nýrri skipulagsskrá af 1. júní 1882 þá breyting á hinu fyrra gjafabrjefi sínu, að nú skyldi skólinn vera alþýðu- og gagnfræða-skóli í víðari merkingu, eða fyrir fleiri sýslufjelög, ef þau vildu og gætu notað hann, og efni skólans leyfðu. Þessa nýu skipulagsskrá hefir lh. staðfest með brjefi frá 21. júlí 1882 og um leið samið nýja reglugjörð fyrir skólann. Það er því margt, er mælir með því, að hann fái styrk úr lsj., þar sem gefendurnir hafa veitt svo mikið, að eignir hans eru virtar á 13,400 kr., auk þess sem síðar hefur verið keypt handa skólanum lóð og hús fyrir 1000 kr. Jeg flyt þetta mál af því, að jeg er nú sem stendur í stjórnarnefnd skólans, og mjer er kunnugt um, að sá hinn góði tilgangur næst eigi nema með styrk úr landssjóði. Sje eigi fjeð fyrir hendi verður allt á reiki. Góður og nýtur forstöðumaður og kennari við skólann fæst vart, nema hægt sje að bjóða honum fasta stöðu, en undir því er komið hvort skólinn á að standa eða falla. Þess vegna gjöri jeg mjer góða von um að deildin styrki þessa stofnun með því að veita fje til fyrsta kennarans. Grundvöllurinn, sem lagður er, er góður. Húsið, sem skólinn á, er traust og rúmgott og getur veitt piltum með ekki allmiklum kostnaði heima verelsi í húsinu sjálfu, sem er hagkvæmara og kostnaðar minan en búa annarstaðar. Jeg hef heyrt raddir, er segja, að skólinn sje að einsbarnaskóli Garðahrepps; en nú er því breytt fyrir

ári síðan, sem fyr er getið. Síðasta vetur voru þar 3 kennarar, allir saman nýtir menn og vel að sjer, og 25 unglingar nutu kennslu í margs konar almúgamenntun í efri bekkjunum, þar sem kennd var danska, enska, saga, landafræði, reikningur, söngur og dráttlist, og vantaði eigi nema leikfimiskennsluna til þess að reglugjörðinni væri hlýtt í alla staði, en henni varð eigi komið við, þar húsrúm vantaði og áhöld, en nú er að nokkru á þessa ráðin bót, ef að fje fæst til áhaldakaupa; en húsið er þegar fengið. Hjer er ekki um það að ræða, að stofna skóla frá grundvelli af landsfje, en það er að styrkja stofnun, sem þegar er til, af rausnarframlagi einstakra hjóna; jeg verð því að gera mjer beztu vonir um að þetta mál fái góðar undirtektir hjá hinni h. þd. og leyfa mjer að óska þegar umræðunum er lokið að málið fái að ganga til 2. umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg hef opt haft tækifæri til þess að tala um skóla á þingi, en hef eigi verið svo fús til að styrkja þá, sem sumir hafa óskað. Orsökin til þess er þó eigi sú, að jeg sjái eigi, hve mikið er varið í menntun og að jeg vilji eigi styðja alla menntun, en þessi skólafjöldi gjörir eigi gagn að því skapi, sem til þeirra er kostað. Jeg hef áður sagt það og held því enn fram, að bezt sje að setja gagnfræðaskóla í samband við aðra skóla, t. d. við latínuskóla; við það verður auk annars kennslan ódýrri; en menn hafa eigi viljað fallazt á það. Nú sem stendur er 1 gagnfræðaskóli í landinu, og sje hann í fullu lagi og vel stjórnað, virðist hann að geta fullnægt öllum skynsömum kröfum manna, og þegar jeg lít á fjöldann í latínuskólanum, þá kemst vart helmingurinn nokkru sinni í embætti, og get jeg þá eigi betur sjeð, en ærið sje gjört fyrir menntunina hjer á landi. Barnaskólarnir verða of dýrir, ef fleiri hundruð kr. ganga á ári til þess að eins, að kenna börnum þeirra manna, er búa á skólastaðnum eða í næstu grennd við skólann, og aðrir geta eigi notað skólann til verulegs gagns. Foreldrarnir eiga sjálfir að kenna börnum sínum, og það er víst, að gjöri þeir það rækilega, verður sú kennsla miklu notadrýgri heldur en þessi skólakennsla; enda fæ jeg eigi sjeð, að á landssjóðnum geti hvílt nein skylda til að kosta kennslu barna undir fermingu. Þegar jeg lít á þennan skóla, sem hjer ræðir um, get jeg eigi annað sjeð, en að hann sje í raun og veru barnaskóli. Jeg sje heldur eigi betur, en að skólinn fái góðan styrk úr landssjóði, þar sem hann undanfarið ár mun hafa fengið 1400 krónur, og er það vissulega álitlegur styrkur þá er litið er til kennslutímans frá 1. okt. til loka marzmánaðar. En það er eigi einungis það, að kennslutíminn er eigi lengri, heldur verður líka að gæta þess, hversu margir hafa gengið í skóla þennan, og hvort þeir hafi verið allir allan tímann. Jeg sje það, að í efri deildinni voru, jeg ætla 25 lærisveinar, en þá verð jeg að spyrja, hve lengi hafa þessir 25 unglingar verið í efri bekkjunum. Í 3. bekk voru 12 og af þeim sumir ófermdir og óþroskaðir, og það svo, að einn þeirra var fluttur niður í 2. bekk. Sumir í 3. bekk voru að eins 3 mánuði, eða sumir jafnvel styttri tíma. Mjer sýnist þess vegna vöxtur skólans eigi vera kominn svo langt, að hann geti fengið meiri styrk en hingað til. Jeg skal engan dóm leggja á kennsluna; hún getur verið í bezta lagi; en hafa þessir 25 tekið þátt í öllum kennslugreinum? Allt þetta bendir til þess að skólinn er fremur barnaskóli en alþýðuskóli. Ætti þingið að styrkja hvern einstakan skóla og að gjöra þá að opinberum skólum, með því að skipa fasta kennara við þá með fast ákveðnum launum í fjárlögunum úr landssjóði, þá er hætt við, að það yrði æði mikið á endanum. *(Þorlákur Guðmundsson:* Eru fleiri gagnfræðaskólar sunnanlands?). Já, á Eyrarbakka, ef þm. vill vita það. Taki maður þennan upp á fjárlögin, koma fleiri á eptir, og þá er alls eigi ástæða til þess að neita þeim fremur en þessum.

Jeg skil eigi heldur frv. það á að skipa kennara með 2000 króna launum, sem er vel borgað, þegar litið er til starfa hans. Lh. á að veita embættið, eða ef til vill fremur að staðfesta veitingu skólanefndarinnar. *(Forseti:* Jeg leyfi mjer að benda þingmanninum á, að það er 1. umr.) Jú en jeg er einmitt að sýna stefnuna, sem kemur fram í frumvarpinu; hún brýtur allar reglur. Konungur einn veitir enbætti með föstum launum *(Gr. Thomsen:* Rjett). Þetta sýnir, að stefna frumvarpsins er ótæk. Enn fremur skil jeg eigi til hvers þetta frumvarp á að vera, eða hvert gagn það á að gjöra. Málið er komið til fjárlaganefndarinnar. Flutningsmaðurinn fer líklega fram á nefnd og það á þá að setja 2 nefndir í sama málið. *(Forseti:* Það er eigi talað um nefnd). Sje eigi nefnd sett, þá á þingið að gjöra út um

málið á undan úrslitum fjárlaganefndarinnar. Málið er hjá fjárlagan., og er þar rjett niður komið.

Jón Ólafsson: Þm. Rvk., er talaði svo langt og svo hart á móti skólanum, virðist slengja honum saman við barnaskóla. Hann hefur víst ekki tekið eptir því sem flutningsmaður las upp um. hverjar væri námsgreinar í skólanum; þær eru einmitt allar hinar sömu sem kenndar eru á Möðruvöllum, nema hvað leikfimina vantaði, en nú er bætt úr því með hinu nýkeypta húsi. Það er því fullkominn misskilningur hjá hinum h. þm., að kalla skólann barnaskóla. Skólinn er gagnfræðaskóli og það virðist eigi ofmikið fyrir landið að hafa 2 gagnfræðaskóla. Hvað styrkinn snertir, þá eru 2000 kr. litlu meira en 1400 og það má lítið heita, þó landssjóður kosti 2000 kr. til gagnfræðaskóla á suðurlandi, einkum í samanburði við, hvað gagnfræðaskólinn fyrir norðan kostar hann; en það kemur af því, að jafnan er hægra að byggja ofan á góðan grundvöll, en leggja nýjan. Jeg skal játa að jeg er samdóma þm. í því, að gagnfræðakennsla færi bezt saman við latínuskólakennslu; en hvort er kostnaðarminna að gjöra svo stórkostlega breyting, sem þurfa mundi á fyrirkomulagi latínuskólans, til þess að koma þar á gagnfræðakennslu, eða að styrkja þetta fyrirtæki. sem svo góður fótur er undir kominn af framlögum einstaks manns? Þm. Rvk. áleit að málið heyrði undir fjárln. (*H. Kr. Friðriksson:* Það er sent henni). Flm. er atkvæðamesti meðlimur í fjárln., og hefði honum verið innan handar að koma málinu þar á framfæri, ef það hefði verið hans meining; en hið sjerstaka frv. er einmitt til þess að slá þessari veitingu fastri, ekki að eins um tvö ár, heldur tryggja hana framvegis og þar með tilveru skólans. Það er aðalatriðið, svo að tilvera skólans sje eigi komin undir því, hvaðan vindurinn stendur í hvers þings fjárlaganefnd. Þetta er tilgangur flm. Jeg þekki eigi kennsluna að eigin raun, en kennarana þekki jeg að því að vera hina nýtustu menn, en það er frv. eiginlega óviðkomandi þar sem þetta kennaraembætti fyrst verður veitt eptir að það er stofnað. Það má koma með bratkv. um það hver eigi að veita embættið og hefur flm. vonandi ekkert á móti því, að embættið verði veitt af konungi, ef það kann að þykja göfuglegra. Hið annað um almenn skólamál landsins, er þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) fór út í, skal jeg láta ósagt. Jeg ætla að þd. sje eigi svo heppin að álit hennar falli saman við álit þm. Rvk. framar nú en áður, þegar rætt hefur verið um skólamál landsins.

Þorlákur Guðmundsson: Hinn h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) hefur vel og skorinort svarað þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) og tekið af mjer ómakið. Þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) hefur auðsjáanlega eigi kynnt sjer reglugjörðina og staðfestingu lh. 21. júlí 1882, fyrst hann reynir að halda því fram að skólinn sje barnaskóli, og hefði því eins og máske optar getað sparað sjer tíma og fyrirhöfn. Hvað latínuskólann snertir, þá hefði þm. verið bezt ekki að minnast á hann; það verður kannske gjört síðar á þessum stað, enda munu það vera deildar meiningar um það að koma upp gagnfræðakennslu með latínukennslu. Það er eigi rjett að það sje beinasti vegurinn að vísa málinu til fjárlagan., því að mörg dæmi má færa til þess frá undanförnum þingum að lík mál hafa gengið sjerstök í gegnum þingið fyrir utan fjárln., þó þau hafi haft nýjar fjárveitingar í för með sjer; eptir því hefði launalögin sælu átt að ganga til fjárln. þegar þau voru á dagskrá o. fl.

Eiríkur Kúld: Jeg er eigi með öllu samdóma hinum h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) Jeg er og hef alltaf verið hlynntur almúga- og barnaskólum. Upp til sveita er þeirra að vísu síður þörf, en við sjávarsíðuna eru barnaskólar víðast og einkum í verplássum alveg nauðsynlegir og enda ómissanlegir. Jeg hygg að þingið leggi aldrei ofmikið til alþýðumenntunar. Aptur á móti er jeg á sama máli og þm., að kgr eigi að veita hin föstu embætti og þá líka það embætti, sem hjer ræðir um, ef það annars á að stofnast. Jeg sje ekkert á móti því, að málinu sje vísað til fjárln. Til dæmis hefur verið lagt undir fjárln. að ákvaða laun eins kennarans við læknaskólann. Skólinn hefur upprunalega verið barnaskóli, en nú er kennslan töluvert aukin; og að því leyti kalla menn hann nú gagnfræðaskóla; en hvað sem svo hann er nefndur, vil eg að landið styrki þetta fyrirtæki, en jeg er óviss í því, hvort nú er sá hentugi tími til þess að stofna fast embætti með allháum launum við þennan skóla.

Jakob Guðmundsson: Það kann að vera misskilningur hjá mjer að mjer finnst sem í þessu máli komi fram 2 aðalatriði. Hið fyrra atriðið er um það, hvort stofna skuli gagnfræðaskóla sunnanlands eða eigi,

hið síðara atriðið er fjárveiting til þess skóla. Þm. Rvk. var eigi mótfallinn 2, öðrum á Möðruvöllum, hinum sunnanlands, en mjer skyldist að hann vildi að hinn sunnlenzki gagnfræðaskóli væri í sambandi við latínuskólann. Nú er spursmálið hvort það sje betra, að hafa gagnfræðaskóla sjerstakan eins og í Flensborg. Fjárln. á alls eigi að gjöra út um það, hvort gagnfræðaskóli eigi að vera í Flensborg, eða eigi, þingið og stjórnin eiga að skera úr því; en þegar um fjárveitinguna er að ræða þá kemur til hennar kasta.

Þorlákur Guðmundsson: Það er eigi rjett hjá þm. Rvk., að málið sje komið til fjárln. öðruvísi en til þess að hún hafi hliðsjón af því. Ef það væri sjálfsagt að vísa þessu máli til fjárln., þá hefði það verið rangt af þinginu hjer um árið að ræða launal. og samþykkja þau, áður en fjárl. voru búin. Jeg held því þess vegna föstu, að frv. gangi sjerstakt gegnum þd. og því sje eigi vísað til fjárln.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er misskilningur hjá þm. D. (J.G.); jeg hef aldrei játað nauðsyn gagnfræðaskólans á Möðruvöllum. Jeg hef allt af haft þá skoðun, að gagnfræðakennsla verði ódýrri og betri í sambandi við latínuskólakennsluna heldur en þótt sje verið að stofna sjerstaka skóla til hennar. Jeg verð enn sem áður að álíta þennan vísi til gagnfræðaskóla í Flensborg svo ómerkilegan, að hann sje vart teljandi; það er ekki nema á pappírnum. Málið er, eins og jeg hef áður sagt, lagt fyrir fjárln. af stjórninni.

Grímur Thomsen: Jeg skal eigi fara út í form frv., og eigi heldur metast um það hvort skólinn er gagnfræðaskóli eða barnaskóli. Kennslan í skólanum var hin bezta næstliðinn vetur, og er mjer það kunnugt sem nágranna skólans. Jeg álít það sjálfsagt að fjárveitingarvaldið styrki þessa stofnun framvegis eins og það hefur gjört hingað til. En þegar jeg nú lít á stefnuna í skólamálum landsins og einkum á gjörðir hins síðasta alþ., þá var það einmitt flm. þessa máls, er 1881 kom alþýðuskólamálinu inn á þingið; hann sat sjálfur í nefndinni í skólamálinu og mun minnast þingsályktunarinnar 27. júlí, (Alþt. I, 318), er fól lh. nefndarálitið með meðmælum sínum. Í nefndarálitinu var farið fram á að stofnaðir væru 14 alþýðuskólar víðsvegar um allt landið og að hverjum þeirra væri veitt allt að 1000 kr. á ári úr lsj., en þó svo að hinn opinberi styrkur væri til jafnaðar eigi meiri en $^2/_5$ alls kostnaðar. Af nefnarálitinu má og sjá, að hinn h. flm. hefur hugsað sjer að þessir alþýðuskólar kenndu hið sama og nú er kennt í Flensborg eða jafnvel meira, þar sem sumt er er nefnt í nefndarálitinu, sem ekki er kennt í Flensborgarskólanum. Flm. hjelt þessu 1881 fram með fylgi og sóma og sýndi þá þær reglur, sem áttu að ráða í skólamálum landsins; það kemur því undarlega fyrir sjónir, að hann nú hefur yfirgefið þá stefnu, einkum þar sem hann einn með öðrum samtímis hefur komið með ust. þess efnis, að minnka útgjöldin til hinnar innlendu stjórnar, kennslumála o. fl. Flm. má búast við því, að þingið fari eins að framvegis og gjöri öllum alþýðuskólum jafnhátt undir höfði, og þegar skólarnir eru orðnir 14, verður með þessu lagi tillagið til þeirra úr landsjóði 28,000 krónur á ári. Jeg vona að þessi orð mín verði til þess, að betri samkvæmni verði á framkomu hins h. flm. í þessu máli og það komist í betri samhljóðan við þingsályktunina 1881.

Jeg tek það aptur fram, sem jeg byrjaði á, að jeg er fús á að veita fje til skólans eins og áður, og það fremur ríflega, eptir því formi, sem skólinn nú er í. Málið er bezt komið hjá fjárln. Hinn h. flm. situr í henni og getur þar haldið skoðunum sínum fram. Þar sem minnzt hefur verið á Möðruvallaskóla, verð jeg að geta þess, að Flensborgarskóli er eigi í sama formi og hann. Skólinn á Möðruvöllum er opinber eign og launin til kennara hans eru beinlínis borguð úr landsjóði. Hann stendur undir stiptsyfirvöldunum, eins og allir aðrir opinberir skólar hjer á landi, þar eð þau eru milliliður mili lh. og skólanna (Sbr. brjef lh. til stiptsyfirvaldanna 14. sept. 1881 um stofnun hins 3. kennara embættis við Möðruvallaskólann og um endurskoðun skólareglugjörðarinnar fyrir tjeðan skóla; Stjt. 1881 B. 79.)

Eiríkur Kúld: Jeg vil fúslega greiða atkv. mitt fyrir ríflegum styrk til skólans, en óska eins og fleiri að málið gangi til fjárln. og leyfi jeg mjer að stinga upp á því, og leyfi mjer að vekja athygli hins h. forseta að því, að ef það verður samþykkt, þá á víst að fresta umræðum samkvæmt 9. gr. þingskapanna.

Forseti: Þar sem bein ust. er komin fram um að vísa málinu til fjárln. vil jeg

leyfa mjer að leita atkv. þd. um það: verði það samþ., er auðvitað að frestað verður umr.

Við atkv. gr. var ust. þm. Bst. (E. K.) felld m. 10:8.

Jón Ólafsson: Jeg vil þakka þm. Bf. (Gr. Th.) fyrir hinn hlýja hug og góða álit, er hann hefur á skólanum. En honum þótti þetta frumv. kom í bága við álit nefndarinnar í skólamálum 1881; en jeg ætla það eigi vera. Jeg var einn þeirra manna, er sat í þeirri nefnd á sínum tíma og er því kunnugur áliti hennar og tillögum, þótt jeg hafi það eigi fyrir framan mig í dag. Sje litið á kennslugreinir þær, sem nefndin vildi að kenndar væru í alþýðuskólum, þá verður munurinn reyndar eigi mikill á þessum greinum og þeim, sem kenndar eru á gagnfræðaskólanum. En það leiðir eigi af sjálfu sjer, að þótt kennslugreinirnar sjeu hinar sömu þá sjeu skólarnir hinir sömu; því yfirgrip kennslunnar í hverri grein getur verið harla ólíkt. Það, sem vakið hefur fyrir flutningsm. og þeim, er vildu koma á fót 14 alþýðuskólum, er sú hugmynd, að þessir skólar taki við af barnaskólunum og sjeu eins og milliliðir á milli þeirra og gagnfræðaskólanna. Hugsunin er, að 2 gagnfræðasólar taki þar við, sem alþýðuskólarnir sleppa og þess vegna eru eigi teknar einar 2 kennslugreinir upp í gagnfræðaskóla, sem kenna á í alþýðuskólunum, af því það er ætlazt til að nemendur hafi lært þær til hlítar. Aðalgallinn á þessum tveimur gagnfræðaskólum, bæði hjer syðra og Möðruvallaskólanum, er: oflítill undirbúningur, en jeg hefi litið svo á að þetta myndi einmitt vera bráðabirgðaástand, en að inntökuskilyrðin verði hækkuð við gagnfræðaskólann þegar alþýðuskólar koma upp í landinu, og má gjöra þá breyting á reglugjörð skólans án nýrra laga. Þótt því gagnfræðaskólarnir virðist enn að hafa á sjer helzt til mikinn alþýðuskólabrag, þá mun þetta vonandi færast smátt og smátt í lag um leið og krðfurnar hækka til gagnfræðaskólanna eptir því sem tímarnir leyfa það.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg þakka þm. Bf. (Gr. Th.) fyrir það að hann viðurkennir að kennslan sje góð. Hann er því kunnugur og það er víst sannara en hitt, sem þm. Rvík. sagði að hún væri ljettvæg eða ekki nema barnakennsla og lítilsvirði. En hitt tek jeg eigi nærri mjer, að þm. Bf. beindi að mjer ósamkvæmni. Fyrst og fremst var þingsál. ekki nema fyrir fjárhagstímabilið (*Margir:* jú); veri hún fyrir lengri tíma; það er *gott*. Þetta kemur ekki í bága við hana, því þetta er sjerstakt frv.; það var aldrei hugsun mín að með þeim fyrirhuguðu sýsluskólum skyldi gagnfræðakennsla leggjast niður, heldur eins og 2. þm. Sm. (J. Ó.) tók fram, ættu gagnfræðaskólar að undirbúa og fullgera kennara til sýsluskóla, enda munu margra ára tugir líða þangað til að allir þeir nefndu sýsluskólar komast á fót. Enska var kennd í Flensborgarskóla.

Arnljótur Ólafsson: Það er þegar búið að ályktа að þessu máli skuli eigi vísað til fjárlaganefndarinnar, en þó svo sje ætla jeg sjálfsagt að n. hafi eins fyrir það óbundnar hendur til þess að færa upp styrk þann, sem skóla þessum var veittur í fjárlögunum 1882—83. (*Halld. Kr. Friðriksson:* Eða niður). Jeg vil styrkja hjer sem annarstaðar alla sanna menntun og þá sjer í lagi þegar einn maður eða ein hjón leggur svo mikið fje fram, þar sem hann, eður þau heiðurshjón gefið hafa til skólans fullar 14,000 kr. En þar af leiðir þó eigi, að þingið skuli biðja konung um að setja fastari kennara við skólann eður að staðfesta frumvarp þetta. Jeg held að reynsla lands vors að undanförnu hafi sýnt, að prívatskólarnir hafi kennt mest og bezt og það án þess að samdar væri reglur fyrir því af stiftsyfirvöldum eða þeir hefðu reglugjörðir staðfestar af stjórninni til þess að fara eptir. Þannig voru skólarnir í Odda, á Þingeyrum, þar sem menn lærðu að rita sögu og iðka margs konar fræði, eingöngu prívatskólar. Fyrir því ætla eg hollara að hlynna að prívatskólunum, og hafa hina opinberu skóla eigi fleiri en brýn nauðsyn krefur. Tillagið til Flensborgarskólans var 1882 og 1883 1000 kr. hvort árið; en svo hefir hann fengið 400 kr. af Thorkilliisjóði, ef jeg man rjett (*Þór. Böðvarsson:* Rjett). Nú hlýt eg að álíta það alveg rjett og meira að segja helga skyldu þingsins að rjetta fúsa hjálparhönd á móti svo gðfugri hönd, er lagt hefur svo mikið fje til skólans; en hitt finnst mjer engan veginn rjett að skipa við skóla þenna konunglegan embættismann. Þetta er staklega álit mitt um þetta mál, og vildi eg æskja að hin heiðraða fjárlaganefnd taki skoðun mína til greina. Það er einnig önnur ástæða til þess, að stofna hjer eigi fast embætti. Menn ættu að varast að setja launaða kennara af landssjóði við nokkurn gagn-

fræðasóla hjer sunnanlands, því þá koma hinir gagnfræðaskólarnir með bænarskrá í sömu stefnu, það er að segja skólarnir á Eyrarbakka og Þingvöllum (*J. Ól.*: þeir gagnfræðaskólar urðu aldrei til). Frá þingvallaskólanum kom bænarskrá til þingsins 1881 og þar var skólinn kallaður gagnfræðaskóli, svo hann var þó að minnsta kosti gagnfræðaskóli á pappírnum. Væri í latínuskólanum hagkvæmlegar aðgreindar gagnfræðagreinarnar frá kennslunni í latínu og grísku en nú er, án lítils eða enda nokkurs kostnaðarauka, þá mætti kenna allar þær greinir sem taldar eru til gagnfræða, fullt eins vel eða betur en gjört er í þeim gagnfræðaskóla er vjer höfum á Möðruvöllum, hvað þá heldur í Flensborg. En það er einungis vegna þess að latína og gríska gengur í gegnum alla bekki skólans, að lærisveinar þar, er gjörast vilja gagnfræðingar, geta eigi haft tilætlað gagn af latínuskólanum, nema þeim gefist kostur á að hlýða eigi á kennsluna í fornmálunum og í þeim greinum öðrum, er málum þessum fylgja.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg lýsi því yfir, að það er ósatt, að jeg hafi sagt að kennslan væri einskisvirði, eins og flutningsmaður ber mjer á brýn. Orð mín voru, að jeg skyldi alls ekkert um kennsluna dæma: jeg þekkti hana eigi: það gæti vel verið, að hún væri í bezta lagi.

Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Samþykkt að hafa eina umræðu um *uppástungu til þingsályktunar viðvíkjandi útgjöldum til hinnar innlendu landstjórnar o. fl.*, og sömul. um *þingsályktunartillögu um breytingar á 2. lið 5. gr í þingsköpunum.*

Utan dagskrár bað sjer hljóðs

Grímur Thomsen, og mælti: Þegar hinn hæstv. lh. lagði fram um daginn *lög til bráðabirgða frá 16. febr. 1882*, þá gjörði hann það að þeim orðum viðbættum, ef mig minnir rjett, að hann legði þau fram «þinginu til athugunar og eptirsjónar». *(Landsh.:* Já). Jeg skal nú ekki fara út í það, hvort það er alveg samkv. því verksviði og valdi, sem löggjafarþing hefur, að nokkuð sje eingöngu lagt fyrir það til athugunar og eptirsjónar, en eigi til þess annaðhvort að samþykkja það eða fella það. *(Jón Ólafsson:* Heyr!). Jeg skal samt játa það, að hjer stendur sjerstaklega á. Hjer er nefnil. um það sjerstaklega atvik að ræða, að lögin hafa þegar verkað. En allt um það, þá getur þó verið tilefni í þeim til athugunar og athugasemda. Það vill svo til, að hjer hafa verið fyrri bráðabirgðalög fyrir þinginu. Fyrst bráðab.-lög 27. febrúar 1877, um tollgjald af áfengum drykkjum með gufuskunum, er lögð voru fram á þinginu sama ár og samþykkt af því. Sömuleiðis bráðab.lög líka frá 27. febrúar 1879 um sóttvarnir, og önnur frá 5. apríl s. á. um sóttvarnir í sjerstökum tilfellum, sem voru samþykkt af þinginu og enda gjörð yfirgripsmeiri með lögum 24. okt. 1879, og byggja þau einkum á því að hin lögin sjeu upphafin.

Jeg skal játa það, að þessi lög, sem hjer er um að ræða, eru sjerstakslegs eðlis, en þar eð þau eru lögð fram til athugunar, þá verður það að gjörast á þingfundi, en eigi þannig að hver þingmaður athugi þau með sjálfum sjer. Til þess nú að þingið og einkum hinn hæstv. lh. sjái, að menn eru eigi að sakast um orðinn hlut, og að þetta er hvorki talað til að fella þau eða samþykkja, þá vil jeg skýra frá hvers vegna jeg óska að þau verði tekin upp á dagskrá, nfl. til þess að þm. geti látið í ljósi álit sitt um þau og skilning alþingis á þeim í samhljóðun við 11. grein stjórnarskrárinnar. Jeg hef hugsað mjer, að ef hinn hæstv. lh. og hin h. þd. leyfir að það komi á dagskrá, þá sje það til einnar umræðu samkv. 27. gr. þsk.

Landshöfðingi: Hversu nákvæmlega sem jeg leita, þá finn jeg ekki þetta mál á dagskránni, en þó mótmæli jeg eigi að á það sje minnzt og skal að eins svara þingmanninum stuttlega. Hann lagði mikla áherzlu á orð mín «til athugunar og eptirsjónar». Jeg skal ekki fara út í það hvort þau orð hafi eigi verið rjett valin, en það er þó auðvitað að bráðabirgðalögin eru í einhverjum tilgangi lögð fyrir þingið. Lagafrumvörp eru lögð fram til þess að þau verði að lögum, ef þingið samþykkir þau. En jeg tók það fram um bráðabirgðalögin að þau væru eigi lögð fram í því skyni, og að það væri eigi meiningin að leggja þau fram fyrir þingið til staðfestingar, heldur til þess að kunngjöra þau þinginu, til að láta þingið vita að stjórnin hefði gjört þessa ráðstöfun. Þess vegna væru þau lögð fram til þess að þingmönnum yrðu þau kunn. Jeg ætla eigi að tala meira um bráðabirgðalögin yfir höfuð, en að eins bæta því við, að þau geta eigi komið á dagskrá sem lagafrumvarp, en þing-

manninum er innanhandar að gjöra fyrirspurn eða koma fram með uppást. til þingsályktunar í tilefni að þessum bráðabirgðalögum sem hafa verið fyrir lögð þingið til að kunngjöra því þan.

Forseti: Jeg er hinum hæstv. lh. samdóma um, að þetta mál sje eigi komið til þingdeildarinnar í rjettu formi, þar sem þess hefur eigi verið getið á dagskrá. En jeg gat eigi tekið það uppá dagskrá, af því að þm. Bf. kom fyrst til mín í gær með það eptir þingfund og eptir að dagskráin var sett upp, en jeg þóttist þó ekki hafa ástæðu til að hafa á móti því að þingmaðurinn mætti mæla nokkur orð til þess að hreyfa við málinu. Þar á móti vil jeg óska að þingmaðurinn, er hann nú hefur hreyft málinu, vilji koma með fyrirspurn eða þingsályktunartillögu, svo það verði rætt í lögskipuðu formi.

Sjötti fundur, mánudag 9. júlí. Allir á fundi hinir sömu og áður, og ennfremur þm. Snf., Holger kaupm. Clausen, sem nú var kominn til þings. En 1. þm. Nm., Þorvarður læknir Kjerúlf, enn ókominn og alls ekki væntanlegur á þing í þetta sinn.

Landshöfðingi: Jeg tek til máls einungis til að gefa hinni h. þd. stutta skýrslu um eitt málefni, er rætt var á síðasta þingi. Svo sem kunnugt er hafa af stjórnarinnar hálfu verið gjörðar nokkrar ráðstafanir til að undirbúa endurskoðun og leiðrjettingu jarðamatsins frá 1. apríl 1861, og skal jeg í þessu tilliti skírskota til ráðgjafa br. 28. febr. f. á. og umburðarbrjefs lh. 1. apr. f. á. (Stjt. B. 52—53), og má af þeim sjá ráðstafanir stjórnarinnar til þess að undirbúa þetta mál. Þær skýrslur, er á þennan hátt var safnað, voru yfirfarnar og rannsakaðar af fyrrum lh. Hilmar Finsen, og hefur hann í brjefi til stjórnarinnar lýst yfir þeirri skoðun, að þær sjeu ónógar til að semja eptir þeim lfrv. til að leggja nú fyrir þingið um þetta málefni, og á þessa skoðun hefur stjórnarráðið fallizt, og hefur ekki sjeð sjer fært að gjöra meira í málinu að sinni. Samt hefur stjórnin sent mjer öll þau skjöl og skýrslur, er snerta þetta mál. og boðið mjer að gefa þinginu kost á að kynna sjer hinar framkomnu skýrslur, til þess að þingið geti tekið til athugunar hvernig endurskoðun jarðamatsins verði bezt komið fram, eða hvað tiltækilegast muni vera að gjöra, til að taka af þær misfellur, er lh. hefur sýnt fram á að væru á matinu í ofannefndu brjefi, sem íslenzk þýðing er af meðal hinna framlögðu skjala. Jeg afhendi þá hinum h. forseta skjölin og fel hinni h. þd. málið, en skal geta þess í e. d., að það er framlagt hjer. Jeg skal enn fremur leyfa mjer að geta þess að ef það er almennur vilji þingsins, að greiða skuli borgun úr landssjóði til hreppsnefndanna fyrir starfa sinn við undirbúninginn til endurskoðunarinnar, þá mun jeg síðar koma fram með þá ust. til fjárln.

Forseti: Skjölin verða þá lögð fram á lestrarstofuna og þm. geta þar kynnt sjer þau.

Frv. til laga um skrásetning skipa; 2. umr.

Málinu var umræðulaust vísað til 3. umr. í. e. h.

Uppástungu til þingsályktunar viðvíkjandi útgjöldum til hinnar innlendu landsstjórnar o. fl. (C 120); 1. umr.

Flutningsmaður (Þork. Bjarnason): Eins og ust. ber með sjer, fer hún fram á að setja n. til þess að athuga, á hvern hátt kynni að mega minnka útgjöld til hinnar lögbundnu innlendu umboðsstjórnar, svo sem dómgæzlu, læknaskipunar, kirkju- og kennslumála, eptirlauna o. fl. Sumir kunna nú að ætla að sparnaðar þurfi eigi við, þar sem fjárhagur landsins sje í góðu lagi og mikið fje fyrir hendi í viðlagasjóði, en jeg og hinir heiðruðu uppástungum. erum á öðru máli. Jeg vil t. d. benda á, að aukatillagið frá danska ríkissjóðnum hverfur smám saman og að síðustu með öllu. Við það rýrna tekjur landsins tilfinnanlega. Í annan stað er það bert, að eigi landið að taka verulegum framförum, þá verður að leggja meira fje en gjört hefur verið til eflingar atvinnuvega á sjó og landi, og til að auka samgöngurnar innanlands og kringum strendur landsins, og þá eigi sízt til að auka menntun alþýðunnar, sem að minni hyggju er aðalvelferðarmál landsins. Nú kunna að vera aðrir sem ætla að þessi nefnd sjái eigi nein ráð til sparnaðar, en jeg hef góða von um að hún geti komizt að þeirri niðurstöðu um breytingar á embættisskipun landsins á sínum stöðum, er bæði yrðu til sparnaðar og bóta; ennfremur má að minni ætlun minnka laun til sumra embættanna og eptirlaun, með öðru fl.

það er því brýn nauðsyn til n. Tímarnir eru sem stendur örðugir og lítur út fyrir að næsta vetur verði eigi síður hætt við bjargarskorti en hinn undanfarna. það er því skylda þingsins að hvetja landsbúa til sparnaðar, eigi sízt þar sem vjer höfum orðið að þiggja veglyndar gjafir annara þjóða. Þingið á að gefa landsbúum af sjer gott dæmi og sýna sparnað eptir fremsta megni. Jeg býst því við góðum undirtektum og í þeirri von leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna n.

Arnljótur Ólafsson: Jeg leyfi mjer að biðja hina h. uppástungumenn að skýra fyrir mjer 1 atriðið í uppástungu sinni, að n. d. álykti að setja n. til þess að íhuga hin lögskipuðu útgjöld við hina innlendu stjórn landsins. Hvers vegna er stungið upp á að setja þingn. til þessa? Eptir stjórnarskránni hefur sjerhver þm. rjett til að bera upp hvert opinbert mál, sem hann vill, sem frumv. eða sem ust. til þingsályktunar. Á þessi n. þá að fá nokkurn annan og meiri rjett en sjerhver okkar þm. hefur hver fyrir sig? Er það meiningin að þessi n. sje skipuð samkvœmt 22. gr. stjórnarskrárinnar? Jeg skal eigi svara því, en verð að biðja uppástungumenn sjálfa að svara þeirri spurningu. Jeg get eigi sjeð að þessi n. geti öðlast þá heimild er 22. gr. ákveður, vegna þess að þessi nefnd á eigi að rannsaka sjerstakt mál, er skýrslur þurfi að útvega um, heldur allan launabálk landsins, þar sem í ust. er talað um laun til hinnar innlendu umboðsstjórnar, dómgæzlu, læknaskipunar. kirkju- og kennslumála, eptirlauna o. fl. N. getur eigi haft annað verkefni, en að stinga upp á breytingum við þessi launalög. Er þá eigi undarlegt að skipa n. til þess að gjöra það verk, er sjerhver þm. hefur rjett til að gjöra? En jeg held einnig, að n. þessi geti orðið til hnekkis. Jeg set það dæmi, ef n. verður kosin, að þm. utan nefndar, er kynnu hafa viljað koma með uppástungur í líka átt, munu síður gjöra það, er málið er sjerstaklega falið kosinni nefnd. Annað dæmi gæti maður sett á þá leið, að hin kosna n. kæmist að þeirri niðurstöðu að breyta litlu sem engu, og gjörði n. þá minna en allir þm. í heild sinni gætu gjört eptir stjórnarskránni. Jeg sje því eigi annað ráð, ef samþykkt verður að kjósa n. en að kjósa í n. þessa menn, er hafa komið fram með ust. og bera það traust til þeirra, að þeir taki öll þau l. fyrir er hjer koma til greina. Jeg hef tekið þetta fram til þess að sýna að varlegt er að setja nefnd í mál, þar sem eigi útheimtist nein sjerstök rannsókn, en allir þm. hafa rjett og heimild til að taka að sjer.

Benidikt Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að gjöra þá athugasemd eða viðbót við ræðu hins h. þm. Ef. (A. Ó), hvort það sje eigi meiningin að ustm. hafi þann víða og yfirgripsmikla verkahring eða verkefni fyrir augum, að fara fram á gjörsamlegar breytingar og nýtt fyrirkomulag á öllu því sem uppástungan tilnefnir. Seinustu orðin í ust. „*o. fl.*» geta auðsjáanlega innibundið allt í sjer. Ef það er meiningin að gjöra breytingu á öllu þessu, það er að segja stjórn landsins frá hinu efsta stigi til hins neðsta, þá vil jeg þó vita endatakmarkið sem bent er til með þessu «o. fl.» Jeg get ímyndað mjer að verksvið n. væri að íhuga kostnaðinn til hins núverandi ásigkomulags án þess að breyta því, en þá rekur maður sig á hin gildandi lög; eða þá að fara fram á algjörðar breytingar á þessu skipulagi og spara með því fje. Hvort af þessu er meiningin þarf jeg þá líka að vita áður en jeg greiði atkv. mitt fyrir nefndarkosningunni. Ef það á að gjöra algjörðar breytingar, þá vantar þetta þing bæði tíma og heimild til þess, og þar að auki gæti það rekið sig á stjórnarskrána, því að þar sem í ust. er nefnd í hin æðsta innlenda umboðsstjórn þá verður það að vera sama sem hin æðsta innlenda stjórn, og mönnum er kunnugt að 25. grein stjórnarskráarinnar mælir svo fyrir, að útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands skuli greidd fyrir fram af tillaginu frá Danmörku; og hvaða sparnaður er hjer þá mögulegur, meðan stjórnarskráin er óbreytt? Þetta er þá hið efsta takmark uppástungunnar, sem virðast við hina æðstu innlendu stjórn landsins, en hamingjan má vita hvar neðri endinn þá er, sem líklega er innibundinn í orðunum «o. fl.». Um all þetta vil jeg fá upplýsingu áður en nefnd er kosin.

Flutningsmaður (Þorkell B.): Jeg ætla að svara hinum h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) fám orðum. Hann sagði, að ætlunarverk þessarar n. væri það sama, sem hver þm. gæti komið fram með, og er það satt. En af því það er svo yfirgripsmikið mál, sem hjer er um að ræða, þá hugsuðum við, er skrifað höfum undir tillöguna, að það yrði betur íhugað og yfirvegað í nefnd en af einstökum þingmönnum utan nefndur. Þetta var það, sem okkur gekk til þess að stinga uppá nefnd, og þó svo væri, að einhver sjerstakur þm.

vildi koma fram með frv. í sparnaðar átt þá myndi innan handar að vísa því til þeirrar nefndar, sem kosin verður og gæti það verið góð bending fyrir hana. En viðvíkjandi því, sem 2. þm. Nm. spurði um: «hvað verksvið þessarar nefndar ætti að vera víðlent», þá get jeg sagt honum það, að hún á — eins og stendur í ust. sjálfri — að íhuga, að hve miklu leyti auðið kynni að vera að minnka útgjöldin til hinnar innlendu umboðsstjórnar, o. sv. frv.; en hún er eigi sett til þess að umsteypa eða umskapa stjórn landsins. Það þarf heldur enginn að vera hræddur um að hún komi í bága við stjórnarskrána, því það hefur víst engum uppástm. komið til hugar að koma með þess konar breytingar. En hvað nefndin kann að ganga langt get jeg eigi sagt; en verkefni hennar er að skoða hvað geti sparast og hvernig sparnaðinum verði komið fram á löglegan hátt.

Benidikt Sveinsson: Jeg tek það aptur fram, að jeg álít alveg nauðsynlegt að þd. sjeu sýnd glögg og skýr takmörk fyrir þeim verkahring og þeim málum er nefndin á að fjalla um. Það er að minnsta kosti áríðandi fyrir mig, svo að jeg viti hvernig jeg á að greiða atkvæði, þegar um nefndarkosning er að ræða. Jeg skil ekki hvernig sá sparnaður á að vera lagaður, sem ekki hefur breytingu í för með sjer á heildinni eða hinum einstöku liðum hinnar innlendu stjórnar. En um þetta er alls engin bending gefin í uppástungunni. Jeg vildi þess vegna mælast til að fá skýra aths. um þetta frá ustm.

Jón Ólafsson: Af því jeg er einn af þessum ustm., skal jeg leyfa mjer að skýra frá minni skoðun á málinu. Viðvíkjandi því, sem þingmaður Eyf. tók fram, þá getur það vel verið satt, að hver þm. hafi rjett til að koma fram með sömu uppástungur, sem ætlazt er til að nefndin gjöri; hinu getur enginn neitað, að þær ust., er koma frá nefnd, koma að nokkru leyti frá allri þingdeildinni og hafa því miklu meiri líkur til að fá framgang heldur en þau mál, er koma frá einstökum þingmönnum. Þetta var einmitt það, sem vakti fyrir okkur, að málið mundi fremur fá framgang ef fjallað væri um það af þeim mönnum er hefðu traust þingdeildarinnar, með því að hún hefði kosið þá í nefnd. Hvað þm. Nm. snertir, er hann var hræddur um revolution — af hálfu nefndarinnar —, í allri embættaskipun landsins, þá er mjer óhætt að hugga hann með því, að það liggur langt fyrir utan hugsun allra ustm. Það liggur í augum uppi, að það má viðhafa margskonar sparnað án þess að gjöra «systematiska» breytingu á umboðsstjórn eða embættaskipun landsins. Jeg skal taka eitt dæmi af mörgum. Hann er sýslum. í víðlendri og örðugri sýslu, en hjer austanfjalls eru 2 sýslur, Árness- og Rangárvallasýsla, sem alls eigi myndu verða örðugri en hans sýsla, þótt þær væru sameinaðar, en við það spöruðust þó laun eins sýslumanns, og svo getur verið um margt fleira. Jeg tek þetta rjett til dæmis, til þess að benda á að það getur verið í svo mörgum hlutum, sem miða mætti til sparnaðar án nokkurra verulegra eða að minnsta kosti systematiskra breytinga á embættaskipun landsins.

Sp. m. 17 atkv. g. 3 að setja nefnd.

Sp. 5 manna n. m. 16 atkv.

Forseti kvað formlegra, að kjósa eigi nefndina fyr en á næsta fundi, en skaut því þó undir atkv. þm., og var sp. að kjósa þegar n. m. 16 atkv.

Kosning hlutu: Arnlj. Ólafsson 16 atkv., Þorkell Bjarnason 16, Friðrik Stefánsson 14, Tryggvi Gunnarson 12, Þorlákur Guðmundsson 10.

Þingsályktunaruppástunga um að setja nefnd til að koma fram með tillögur til breytingar á 2. lið 5. gr. þingskapanna (C 120); ein umr.

Jón Ólafsson: Ef enginn tekur annar til máls, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd. Ætla jeg svo eigi að lengja umræðurnar; ástæðurnar fyrir því að fá nefndina, tók eg fram um daginn, er eg hreyfði þessu máli, nfl. þær að fá það fast ákveðið, hvernig fara skuli að þegar forsetum deildanna kemur eigi saman í einhverju máli því, er þeir tveir eiga úr að ráða. Jeg ætla að hávaði þm. sje á þeirri skoðun, að það sje nauðsynlegt að fá fastar reglur í þessu efni, og þess vegna óska jeg, án lengri ummæla, að 3 manna n. sje sett í málið.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer er það eigi ljóst, hvort nefndin getur gjört brust. við öll þingsköpin eða einungis við 5. gr. þeirra, þar sem þingsályktanin eigi fer fram á annað yfirgripsmeira. Jeg vil eigi setja n. að eins til þess að íhuga 5. gr., en ef n. á að yfir-

vega öll þingsköpin mun jeg eigi vera á móti henni.

Jón Ólafsson: Meining ustm. var eigi önnur en sú, að íhuga 5. gr. og reyna að ráða bót á þeim skorti á ákvæðum þingskapanna, er reynslan í ár hefir látið þingið reka sig á við skristofustjóravalið. Hins vegar er það auðvitað að nefndin mun þurfa að koma fram með fleiri br. á þsk. eins og hver einstakur þm. hefur rjett til að koma með brust. í þá átt.

Grímur Thomsen: Jeg man það að á hinum fyrri þingum höfðum við stöðuga n. samkv. 9. gr. þingskapanna. Sú n. stóð um 2 eða 3 þing og var kölluð þingskapanefnd. Jeg er samdóma 1. þm. Sm. (Tr G.) um það, að það sje í minna lagi verkefni fyrir *nefnd*, að eiga að rannsaka að eins annan lið einnar greinar í þsk. Jeg legg það þess vegna til að ust. sje útvíkkuð og að það verði sett stöðug n. til þess að athuga og yfirvega br., skilning og þýðingu á þsk. Þá kæmi 2. liður 5. gr. að sjálfu sjer inn undir verksvið þessarar n. Þetta yrði víðara, meira og verðugra verksvið fyrir n. en einungis 2. liðurinn í 5. gr., og það því fremur, sem þetta var svo áður, en hefur einhvernveginn gleymzt eða fallið í dá á hinum síðari þingum. Jeg vil vil vekja þingskapanefndina aptur til lífs, sem eins og hin stöðuga bænaskráanefnd hefur liðið undir lok og lagzt í dá.

Jón Ólafsson: Jeg hefi það eitt að athuga við ust þm. Bf. (Gr. Th.) að óska upplýsingar um það, hvort ust. hans getur komizt að í því formi, sem hún liggur fyrir, eða hvort það er meiningin að fella þessa tillögu og koma með nýja ust. í staðinn.

Grímur Thomsen: Jeg sje ekkert á móti því að það sje þessi n., því þótt hún sje kosin í sjerstöku tilfelli, þá má vísa til hennar öllum líkum málum, er fyrir kunna að koma og snerta þsk.

Jakob Guðmundsson: Mjer sýnist það langgreiðasti og brotaminnsti vegurinn að fylgja tillögu þm. Bf. (Gríms Th.). Það er óendanlegur sannleiki, að það getur verið margt fleira að athuga við þsk., en þetta er að minni hyggju einmitt ljettasta aðferðin til að gjöra það.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg sje ekki að þessi n. gjöri mikið gagn eptir því formi sem ust. liggur fyrir, en hinu er jeg ekki mótfallinn að sett sje n. til að íhuga öll þsk., og að sú n. hafi eigi að eins heimild til að gjöra brust. við þsk. yfir höfuð, heldur sjeu það nauðsynlegar br. á þeim, er hún ætti að koma með. Þingskapanefndin hefur gleymzt og sofnað útaf, af því hún reyndist ekki eins «praktisk» og margir hugðu; sama var um bænaskráanefndina; hún þótti ófrjálsleg og ógjörlegt að leggja þau höpt á þingmenn að þeir mættu ekki koma fram með þau frumvörp, sem þeir óskuðu og vildu.

Eiríkur Kúld: Jeg skil ust. svo, að það sje einungis 3. gr. þsk. sem nefndin á að íhuga, og það að eins seinni lið í þeirri grein. Jeg skal láta það ósagt, hvað það er nauðsynlegt að íhuga þennan einstaka lið, en 3 manna n. held jeg mundi nægja til þess. En sjeu öll þsk. tekin til yfirvegunar þá nægir eigi 3 manna n. og þá mun ekki veita af 5 manna n. til þess. Jeg fyrir mitt leyti vildi gjarnan að þsk. væru öll tekin til íhugunar ef tími þingsins leyfði.

Jón Ólafsson: Sem einn af ustm. skal jeg láta það í ljósi, að jeg fellst á tillögu þm. Bf. (Gr. Th.) og verð að ætla að það megi nægja að kjósa 3 manna n. nú, en þegar það kemur í ljós hve mikið verkefni n. verður, þá má auka hana, ef þess þykir þörf.

Þórarinn Böðvarsson: Það er nokkuð óvanalegt að fara að kjósa 3 manna n. til þess að íhuga einn lið í einni sjerstakri gr. Vanalegra er að koma með bratk. þegar svo stendur á. En eptir þingsályktuninni, þá er það ekki nema 1 liður, sem nefndin á að fjalla um. Að það kunni að þurfa að skoða þsk. víðar, skal jeg láta ósagt, en jeg skal þó geta þess, að jeg hef ekki orðið var við þá sjerstöku galla á þeim, að þau þurfi nauðsynlega br. við. Jeg mótmæli fyrir mitt leyti þeirri tillögu þm. Bf. (Gr. Th.) að setja stöðuga n. Jeg vildi að minnsta kosti óska eptir ákveðinni ust. um það, hverju eigi eða þurfi að breyta í þsk. Hjer liggur ekki fyrir að breyta meiru en parti af einni grein. Verði n. kosin, þá er henni sjálfsagt heimilt, að stinga uppá fleiri br., en það geta þm. líka án þess að þessi n. sje kosin.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð að játa, að jeg get eigi stutt ust. til þgsál. eins og hún liggur fyrir, en á hinn bóginn játa jeg að nauðsynlegt sje að skoða þsk. í nokkrum greinum. Jeg vil gefa atkv. mitt fyrir n. kosningu í þeim skilningi að n. athugi fleiri greinir í þsk., og er á því máli að n. hafi fulla heimild til þess. Til þess að styrkja

mál mitt vil jeg taka til dæmis 21. gr. þsk., sem hljóðar um álit yfirskoðunarmannanna. Þegar hún er borin saman við 26. gr. stjórnarskrárinnar verður eigi betur sjeð en að hún komi í bága við hana. Í 21. gr. þsk. er ákveðið að kjósa 3 manna n. til þess að ræða álit yfirskoðunarmanna, en í 26. gr. stjórnarskrárinnar stendur í síðasta lið: «Síðan skal safna þessum ársreikningum fyrir hvert tveggja ára tímabil í einn reikning og leggja hann fyrir alþingi *ásamt með* aths. yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði». Eptir 26. gr. eru þá aths. og tillögur yfirskoðunarmanna og svörin við aths. að eins fylgiskjöl við landsreikninginn, en hann er eptir 26. gr. konunglegt frv. til þingsins; eptir 21. gr. þingskapanna á nú að kjósa 3 manna n. til að athuga sjerstaklega þessi fylgiskjöl við lfrv. Þannig kemst 21. gr. þsk. í bága við 26. gr. stjórnarskrárinnar. 21. gr. ætti að falla burtu, því að reikningsmálið á að meðhöndlast sem hvert annað konunglegt lfrv., er kemur fyrir þingið Þm. Bf. (Gr. Th.) er víst vel kunnugt um hvernig stendur á 21. gr. þsk., sem beinlínis mun vera tekin úr dönsku þsk., því að í Danmörku er reikningsmálið eigi skoðað sem lfrv. Jeg sting þess vegna upp á 3 manna n. til þess eigi þurfi að fella þessa ust. mína og koma síðar með nýja ust., þar eð n. er heimilt að auka verkahring sinn, eins og jeg hef áður drepið á.

Grímur Thomsen: Jeg leyfi mjer að ítreka það aptur, að þó nefnd sje kosin einungis í eitt atriði, þá má eptir 9. gr. þsk. vísa skyldum málum til hennar, og í því skyni kjósum við þá þessa n.

Þingsályktunaruppástungan sþ. m. 18. atkv. Kosningu hlutu: Arnljótur Ólafsson m. 17 atkv., Jón Ólafsson 14, Grímur Thomsen 12.

Sjöundi fundur, þriðjudag 10. júlí. Allir á fundi nema Lárus Blöndal, er hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Frv. til laga um að aðflutningsgjald af skipum, er frá útlöndum flytjast til Íslands, sje úr lögum numið (C 6); 2. umr.

Tr. Gunnarsson: Af því að jeg með 2 öðrum á brt. við frv., vil jeg leyfa mjer að fara fám orðum um það. Eins og kunnugt er, er ekki goldið neitt aðflutningsgjald af járni, trje eða öðrum efnum er ganga til skipasmíða, og er það því næsta óeðlilegt gjald, er tilskipun frá 1. maí 1838 leggur á utanríkisskip, er þau verða íslenzk eign. Gjaldið er af eikarskipum 40 kr. af hverju lestarúmi, en 28 kr. af skipum, er byggð eru úr furu, en þegar strönduð skip eru seld við uppboð er afgjaldið 12½ % af eikarskipum, en 6¼ % af furuskipum. Jeg verð því að álíta það rjettarbót sem frv. fer fram á, að afnema þetta óeðlilega gjald, og brt. vor fer alls eigi í bága við hugsun stjórnarfrv., heldur er komin fram af því, að oss virtist að stjórnarfrv. sje svo ónákvæmlega orð að, að það nái eigi fullkomlega tilgangi sínum, því að í fyrirsögninni er beinlínis miðað við skip er „*flytjast*“ til Ísland, en þar með er eigi sagt að heyri skip, sem stranda við Ísland og verða síðan gjörð haffær aptur og þar á eptir íslenzk eign. Í brt. vorri höfum vjer sett orðin danskir þegnar sem heimilisfastir eru *á Íslandi*, því að það liggur eigi undir verksvið þingsins að leysa aðra danska þegna en þá sem á Íslandi búa undan þessari álögu.

Þar eð hin heiðraða þd. hlýtur að sjá hve rjettlát þessi lagabreyting er, sem frv. fer fram á, og brt. er að eins breyting á orðum, en ekki tilgangi frumvarpsins, þá vil jeg eigi fara fleirum um þetta mál.

Landshöfðingi: Jeg get eigi að vísu verið hinum h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) og hinum öðrum höfundum brt. samdóma um það, að frv. gefi tilefni til misskilnings, en þar eð jeg fæ eigi betur sjeð, en að brt. ákveði hið sama og frv., vil jeg eigi mæla á móti brt., ef hinni heiðruðu þd. gezt betur að henni en frv. Jeg vil þó leyfa mjer að benda á það að frv. stjórnarinnar er ljósara í því atriði að þar er skírskotað til tilskipunar frá 1. maí 1838, sem gjaldið var krafið eptir, en í brt. er þetta eigi tiltekið, og er það óskýrara, þó að jeg voni að það geti eigi valdið misskilningi. Viðbótin sem hinn h. þm. tók fram og er fólgin í orðunum «heimilisfastir á Íslandi», inniheldur að mínu áliti ekkert nýmæli, því að ef búsettur maður í Danmörku kaupir útlent skip þá er skipið um leið orðið danskt og getur siglt með dönsku flaggi til Íslands. Ef þd. fellir sig betur við brt. og finnur þá kosti er hinn h. þm. tók fram, skal jeg una við hana,

þar eð hinn sami tilgangur næst með henni og sá, er stjórnarfrv. fer fram á.

Holger Clausen: Jeg vildi leyfa mjer að segja að jeg er alveg á móti því að taka af aðflutningsgjaldið, því að það fellur eigi á aðra en efnaða menn; en má jeg þá spyrja, hversvegna á stöðugt að taka gjöldin af efnuðum mönnum, en láta allt skella á hinum fátæku. Jeg vil og leyfa mjer að benda hinni heiðruðu þd. á það, að aðflutningsgjald af skipum er alstaðar í öðrum löndum.

Grímur Thomsen: Jeg vil leyfa mjer að gjöra dálitla aths. við ræðu hins h. þm. Snf. (H. C.). Þó að jeg kannist við að það hafi sjerstaklega verið efnaðir kaupmenn sem hafa keypt skip frá útlöndum, þá veit jeg þó til þess í seinni tíð að einir 8—10 efnalitlir Islendingar hafa slegið sjer saman um að kaupa útlent skip til þess að nota það hjer við Ísland. Þm. verða að gæta þess að þegar önnur l., sem jeg vona að verði innan skamms, hafa losað um ýms bönd, sem nú eru á fiskiveiðunum, þá munu fleiri en nú gjörist, og það alls eigi efnaðir menn, slá sjer saman að kaupa útlend skip til fiskiveiða, og á þingið að gjöra sitt til að þessir menn fái sem bezt að njóta atorku sinnar með því að gjöra þeim ljettara að afla sjer skipa. Hinn hv. lh. minntist á ákvörðunina um heimilisfestuna: en jeg verð að ætla, að sú breyting sje til bóta. Jeg vil taka það dæmi, að danskur þegn, er búsettur væri í Danmörku, væri á ferð hjer á landi og eignaðist útlent skip í þeirri ferð, þá gæti það orðið efasamt er hann kæmi heim, hvort hann ætti að greiða nokkuð aðflutningsgjald í ríkissjóðinn danska, sem hann þó er skyldur til að greiða.

Holger Clausen: Jeg þakka hinum h. þm. Bf. (Gr. Th.) fyrir upplýsinguna og fæ það út úr orðum hans, að hinir efnuðustu menn hjer á landi eru kaupmennirnir. Hins vegar ætla jeg að þó að 10 menn sem ekkert eiga gangi í fjelag, þá kaupa þeir þó ekki skip, heldur eru það ekki nema efnuðu mennirnir sem gjöra það.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil leyfa mjer gagnvart þeim mótbárum er fram hafa komið að lesa upp fáeinar línur úr ástæðunum fyrir frv., er hljóða svo: «Þareð það er áríðandi fyrir framfarir í fiskiveiðum á Íslandi, er að eins skip, sem heimilt er að hafa danskt flagg, verða notuð við, að svo miklu leyti sem þær fram fara í landhelgi, að gjöra það svo kostnaðarlítið sem unnt er fyrir landsbúa að fá sjer fiskiveiðaskip frá útlöndum» o. s. frv. Jeg veit ekki hvert þm. Snf. (H. C.) hefur tekið eptir, hve mikið gjald bætist við skipsverðið á fátæka landsbúa, sem eignast vilja skip frá útlöndum. Jeg skal sýna honum eitt dæmi, að aðflutningsgjald af eikarskipi 40 lesta stóru er 1600 kr. og er það eigi svo lítið gjald. Tilgangur frv. er þess vegna auðsýnilega sá, að gjöra fátækum og duglegum mönnum sem ljettast að eignast skip og að auka skipastól landsins.

Eiríkur Kúld: Jeg vil bæta því við ræðu hins h. þm. Sm. (Tr. G.) að jeg vona að hinn h. þm. Snf. (H. C.) sætti sig við frv., þótt það gjöri bæði fátækum og eins hjerlendum kaupmönnum sem efnaðir eru jafnljett að eignast útlend skip, eða hefur hann máske eigi tekið eptir því að kaupmönnum er þetta einnig mjög í vil? (*Holger Clausen*: Jú).

Atkvgr.: 1. gr. brt. sþ. m. 17 atkv., 2. gr. brt. sþ. með 16 atkv.: málinu vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frumvarp til l. um bæjarstjórn á Ísafirði, (C 133): 1. umr.

Flutningsmaður (Th. Thorsteinson): Jeg skal eigi fara mörgum orðum um þetta frumvarp, því að jeg vona að það mæli með sjer sjálft. Það er mjög svo svipað frv. til laga um bæjarstjórn á Akureyri, er kom fram á þingi 1881. Þm. er kunnugt að þetta frv. náði af vissum ástæðum eigi samþykki konungs, en sú grein, er því olli, er eigi í því frv., er jeg hef að flytja. Jeg hefði gjarnan viljað sameina þetta frv. mitt við frv., sem nú er lagt fyrir e. d., um bæjarstjórn á Akureyri, en bæði er það að sitt á við á hvorum staðnum, svo örðugt er að sameina þau, auk þess er málið í e. d. komið svo langt áleiðis, að það hefði orðið til tafar að reyna sameina þessi mál. Jeg vil geta þess að dálítið vantar í hina 1. gr. frv. er jeg hugsa mjer að bæta við síðar. Jeg vil eigi leggja það til að nefnd sje kosin í málið, þar eð mjer eigi sýnist þess vera þörf, en óska að eins að málið gangi til 2. umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er sannarlega eigi á móti því, að frv. nái fram að ganga á þinginu. Jeg sje engar ástæður til þess að Akureyri fái frjálsari stjórn en Ísafjörður, einkum þar sem Ísafjörður er fjöl-

mennari. Jeg stend því eigi upp til þess að mæla á móti frv., þó að mjer þyki 1. gr. nokkuð skrítin, þar sem öll jörðin á að fylgja kaupstaðnum, og aumingja Stakkanes fær ekki svo mikið sem að vera undanþegið, heldur til þess að brýna fyrir mönnum, að nauðsynlegt er að gjöra bæði frumvörpin sem líkust hvort öðru. Til þess þarf eigi annað en kjósa 3 manna n., er beri saman bæði frumvörpin, eða síðan taki við Akureyrarfrv., er það kemur frá e. d., því að það er sannfæring mín, að það verður happasælla, en að láta málið ganga nú þegar í gegn um þingið, án þess að bera það saman við hitt frumvarpið.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að lýsa yfir áliti mínu á þessu máli. Jeg verð að vera á þeirri skoðun að betur hefði átt við að þetta frv. hefði verið sameinað við annað samkynja frumvarp, nefnil frv. um bæjarstjórn á Akureyri. Ástæður flm. móti þessari sameiningu hinna umgetnu tveggja frumvarpa geta eigi komið til greina, því að þar sem hið sama hefði eigi átt við á báðum stöðunum, þá hefði máti taka þann mismun fram í lögunum. Það er rjett að hafa ekki fleiri lagaboð en nauðsynlegt er og hjer mætti fá 1 í staðinn fyrir 2. En þar sem annað frv. er komið nokkuð áleiðis í e. d. borgar það sig máske ekki að slá þeim saman.

Þegar stjórnin samdi frv. til l. um bæjarstjórn á Akureyri, þá hugleiddi hún, hvort það ætti eigi einnig að gilda fyrir Ísafjarðarkaupstað, en henni þótt eigi nægileg ástæða til þess, þó að málinu væri hreyft af hinum fyrverandi lh., vegna þess að engar óskir höfðu komið frá Ísafirði um að fá breytt bæjarstjórnarreglugjörðinni þar. Jeg vildi því mega spyrja hinn h. flm., hvernig frv. er til komið; jeg efa eigi að það sje komið fram eptir óskum Ísfirðinga, en jeg álít gott að það sje tekið fram og verði ljóst þegar við 1. umr. málsins.

Jeg vil að endingu láta það álit mitt í ljós, að jeg fellst á stefnu frv. í heild sinni og álít það æskilega rjettarbót fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Flutningsmaður: Jeg skal leyfa mjer að skýra frá því, að þegar líkt frv., og þetta, nefnilega um bæjarstjórn á Akureyri, var fyrir þinginu 1881, þá hafði jeg eigi talað við kjósendur mínu um bæjarstjórnarmálið og fór því eigi fram á að Ísafjörður yrði hins sama aðnjótandi, þó að mjer sjálfum þætti það æskilegt. Þetta frv., sem jeg nú hef komið með inn á þingið, er komið fram og samið eptir sameiginlegri ósk og vilja bæjarstjórnarinnar og kaupstaðarbúa, og tókum vjer frumvarpið frá 1881 um bæjarstjórn á Akureyri til grundvallar fyrir því. Hvað sameininguna á frv. snertir, þá verð jeg að halda því föstu, að úr því sem nú er komið mundi það verða tímatöf að setja eina n. í bæði málin, þá yrði og að hætta við Akureyrarfrv. í e. d., og auk þess mundi það hafa í för með sjer breytingu í sumum greinum.

Jeg legg því aptur til að það fái að ganga leiðar sinnar sem sjerstakt lfrv. til 2. umr. og n. sje eigi kosin í málið.

Halldór Kr. Friðriksson: Það var alls eigi tilætlun mín, að sameina bæði frv. í eitt frv., heldur að þau yrði bæði steypt í einu móti, þar sem svo margt er sameiginlegt fyrir þau bæði; þess vegna er einmitt heppilegra að setja nefnd í málið, sem tekur einnig Akureyrarfrv. til meðferðar þegar það kemur úr e. d., til þess að koma sem bezta samræmi á milli þeirra.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil styðja þetta frv. og þykir gleðilegt að sjá áhugann á þessu máli hjá Ísfirðingum. Ísafjarðarkaupstaður er í uppgangi og tekur framförum árlega. Jeg skil eigi sem bezt hvaða veg hinn h. þm. Rvk. ætlar sjer að ganga til þess að sameina frv. Jeg þekki svo mikið til að jeg veit að það er ýmislegt sem er verulega sjerstaklegt fyrir Ísafjörð. Minn vegur er að leggja það til að nefnd verði kosin, því frumvarpið er að vísu vel úr garði gjört, en mjer virðist þó að það þurfi að athuga það á stöku stað, fyrir utan fyrstu greinina.

Eiríkur Kúld: Það er auðsjeð að hjer er um tvennt að ræða, hvort það eigi að setja þegar n. í málið, eða vísa því til 2. umr. Frv. mun að mestu leyti vera steypt í sama móti og Akureyrarfrv., nema að því leyti sem jeg þykist sjá, að frv. eptir því sem á stendur í hverjum stað sjeu í sumum greinum hvort öðru eitthvað lítið frábrugðin. Jeg fyrir mitt leyti álít það ráð vænlegast að vísa málinu til 2. umr., en fresta síðan þeirri umr. til þess er Akureyrarfrv. er komið frá e. d. Jeg ætla að það muni vera nóg til þess að komast út úr vandræðunum.

Landshöfðingi: Þetta frv., er nú liggur fyrir, er í öllum almennum ákvörð-

unum öldungis samhljóða við Akureyrarfrv. Í e. d. hafa komið nokkrar brt. við Akureyrarfrv. og er því líklegt að frv. komi dálítið breytt hingað til deildarinnar. Þess vegna mælir nokkuð með því að n. sje sett hjer, því að það er þægilegra og fljótlegra að vísa Akureyrarfrv. til hennar þegar það kemur frá e. d., og jeg get eigi ætlað að sú nefndarkosning þyrfti að tefja framgang málsins. Þessi n. mundi þá á sínum tíma íhuga hvort að breytingarnar sem gjörðar hafa verið á Akureyrarfrv. í e. d., ættu að takast inn í þetta frv.

Jakob Guðmundsson: Jeg efast alls eigi um að n. greiði fyrir málinu, eins og hinn hv. konungsfulltrúi hefur tekið fram. Hvað þau atriði snertir, er sjerstaklega verður að taka tillit til Ísafjarðar, þá veit jeg að hinir heiðruðu deildarmenn munu þekkja hverjir eru þar kunnugastir og kjósa eptir því í nefndina.

Flutningsmaður (Th. Th.): Jeg hef verið á gagnstæðri skoðun og álitið að n. að eins tefði fyrir og tæki krapta frá þinginu, en sje það almenn skoðun þingsins hef jeg ekkert á móti því. Um leið og jeg þakka hinum hv. lh. fyrir hinar góðu undirtektir í þessu máli, þá fel jeg það hinni heiðruðu deild og legg það á henna vald á hvern hátt hún vill beina því áleiðis.

Nefnd felld með 13:7, en málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Frumvarp til laga um stofnun háskóla (C 123); 1. umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Það er sjálfsagt skylda mín að vera svo fáorður, sem mjer er frekast unnt. Málið er og hinum h. þm. kunnugt frá síðasta þingi. Jeg sýndi þá fram á, að í frv. því sem þingdeildin samþykkti, og var hið sama sem þetta, væru ekki nein stórkostleg nýmæli. Að einu leytinu er það að stofna lögfræðiskennslu, og að öðru leytinu að sameina þá stofnun við hinar innlendu æðri menntunarstofnanir er nú eru hjer á landi, prestaskólann og læknaskólann, undir nafninu háskóli. Jeg vil biðja menn að hafa það hugfast að það eru þessi 2 aðalatriði, *innlend lagakennsla og sameining allra skólanna í eina heild*, sem hje ræðir um. Jeg vil eigi rekja hinar mörgu ástæður er jeg áður hef tekið fram í þessu máli, þær eru svo kunnar og augljósar að jeg hygg að þær sjeu ritaðar í hjarta hvers þess manns, er hugsar um velferð þjóðar sinnar. Það er því óbifanleg sannfæring mín að hin h. þd. taki þessu máli eins vel nú og 1881, já betur, því að jeg er þess fullviss að henni er innrætt staðfesta í öllu góði og gagnlegu, svo að hún segir eigi nei til velferðarmáls 1883, sem hun kvað já við 1881. Tíminn sem liðinn er síðan hefur einmitt hlotið að innræta þm. innilega og fasta sannfæringu um það, að þetta mál er sannarlegt velferðarmál Islands. Á þessum tíma hafa bætzt við raddir utan að, bæði frá fundum víðsvegar um landið og í öðru lagi frá íslenzkum námsmönnum í Höfn, sem ár eptir ár og einn áratuginn eptir annan hafa haldið því áfram, sem þeir og byrjuðu, að hvetja til framkvæmda í þessu máli. Ávarp frá þeim um stofnun lögfræðiskennslu hjer á landi liggur nú til sýnis á lestrarstofunni. Allt þetta styrkir mig í þeirri von og vissu, að þm. sjeu nú fullkomlega sannfærðir og samhuga í þessu máli.

En þó svo sje, vil jeg þó drepa á hinar helztu aðalmótbárur, sem einlægt hafa verið bardar blákalt áfram og taka þær fram í sem fæstum hugmyndum sem jeg get. Það má segja um þær eins og vindinn, að hann blæs og þú heyrir hans þyt, en þú veizt eigi hvaðan hann kemur og hvert hann fer. Það er að segja, að sama mótbáran með hinum sömu orðum fær allt aðra þýðingu eptir því hvort hún er skoðuð frá sjónarmiði stjórnarinnar í Danmörku, eða frá sjónarmiði hinnar íslenzku þjóðar.

Fyrsta aðalbótbáran er þá sú: *Íslendingar þurfa eigi lagakennslu á Íslandi* vegna þess að þeir hafa næga kennslu í lögum í Höfn. Sí og æ hljómar þessi mótbára í eyrum vorum frá stjórninni og öllum þeim, er hjer á landi halda hennar vilja fram. Þetta er frá stjórnarinnar hálfu alveg eðlileg mótbára. Allir vita af sögu landsins, að það hefur verið mjög sterk viðleitni frá Danmörku að mynda og skapa rjettareiningu milli Danmerkur og Islands, en ýta burtu hinum fornu íslenzku lögum er vjer höfum fengið að erfðum frá forfeðrum vorum og sem eru ávöxtur þeirra tíma er hinir frægu forfeður vorir rjeðu lögum og lofum í landinu. Hverjum þykir sinn fugl fagur, og það er þess vegna eðlilegt, segi jeg, að Danastjórn ætli, að það sem er gott og gagnlegt í Danmörku sje það einnig á Islandi, einkum þegar litið er til þess, að öllu miðar meira áfram í Danmörku, en hjer á landi. Jeg segi þetta til þess að menn

misskilji ekki orð mín svo, að jeg álasi stjórninni um skör fram.

En getum vjer nú Íslendingar sagt í sömu meiningu að vjer þurfum eigi lagakennslu með heima á voru eigin landi? Hvað er lagakennsla? Hún er ekkert annað en að sýna *hið innra lögmál* þjóðlífsins, lögin sjálf eru að eins hinn ytri búningur þess. Má jeg þá spyrja: halda menn þá að sú lagakennsla sje holl fyrir Ísland, sem leitast við að flytja danska, eða erlenda rjettarmeðvitund inn í landið rjett eins og jeg flyt blekbyttuna þá arna til á borðinu. Halda menn að þjóðmeðvitund Íslendinga sje hátt á metum í fjarlægu landi, þar sem eru allt aðrir staðhættir og allt aðrir þjóðhættir. Í þessu innra, djúpa lögmáli liggur, að þörf Íslendinga er alveg gagnstæð því, sem Danir ætla að sje þörf vor.

Þm. kannast við, að viðureign vor við náttúruna, í smáu sem stóru, og á lægstu stigum krefur þekkingu og vísindi; þess vegna eru skólarnir settir, barnaskólar, búnaðarskólar, bændaskólar og hverju nafni sem þeir nefnast. En geta menn þá látið sjer detta í hug að eigi þurfi á miklu hærra stigi tilsvarandi vísindi til þess að setja lög og taka þátt í stjórn landsins. Jú vissulega, og þau vísindi er stefna í þá átt eru enn þá nauðsynlegri og þörfin til þeirra enn innilegri. Og hvernig er þá líka ástandið hjá oss? Þar til svara eg: Hinir háttvirtu þingmenn hafa hlotið að taka eptir því, hvað rjettarmeðvitundin er óglögg meðal almennings. Lögin eru að kalla má hulinn fjársjóður, þar sem sem þau þó ættu að vera jafnskýr fyrir hverjum manni eins og náttúrunnar opna bók, enda voru þau og svo í fornöld. Hygg jeg þá að þeirri mótbáru sje fullsvarað, er segir að vjer þurfum eigi að fá innlenda lagakennslu.

En stjórnin stígur einu feti lengra fram og segir: *Íslendingar mega eigi fá lagakennslu*, vegna þess, að hún er þeim skaðleg. Íslendingar færu við það á mis við hinn almenna vísindalega straum, er þeir verða að sækja til háskólans í Danmörku. Þetta er undarleg viðbára. Jeg játa, að hinn almenni vísindalegi straumur snertir Kaupmannahöfn, en neita því algjörlega, að þar sje aðal-aðsetur hins sanna almenna vísindalega straums. Annað mál er það, að hann nemur þar máske staðar í svipinn, rjett eins og þegar kría sezt á stein. Hinn sanna almenna vísindalega straum geta Íslendingar sótt til landa nær sjer, jeg nefni Skotland, England og Norveg. Já, sleppum þessum almenna vísindalega straumi; en eins og frá hinum íslenzku þjóðarháttum kemur gagnstraumur móti hinum dönsku þjóðar- og staðháttum, eins kemur hjer vísindalegur gagnstraumur af norrænum rótum runninn, og má jeg þá spyrja: Er eigi uppspretta þessa straums miklu fremur á Íslandi en í Danmörku? Jú, sagan sýnir það, og hún er óháður dómari, sem ómögulegt er að hrekja. Jeg vildi helzt kjósa, að reynslan sýndi, að hinn norræni vísindastraumur og hinn almenni suðræni vísindalegi straumur ljetu svo lítið að mætast á Íslandi, og ef eptirkomendur vorir liggja eigi á liði sínu, þá tel jeg óefað, að það geti orðið.

Enn fremur fáum vjer að heyra þá mótbáru: *Það vantar menn til að kenna lög á Íslandi.* Þetta er alveg rjett, frá sjónarmiði hinnar dönsku stjórnar. Hvaðan eiga þessir menn að koma? Líklega frá háskólanum. En nú hafa háskólakennararnir neitað að kenna íslenzk lög, og það með gildum og góðum rökum; jeg hefi skýrt frá því á þingi 1881. Þeir eru svo sannleikselskandi, að þeir hafa sagt það hreint og beint, fyr og síðar, að þeir *geti* ekki kennt *íslenzk lög,* og má telja þeim þá hreinskilni til hins mesta sóma. En því vantar okkur þá menn? Jú, einmitt af því að við höfum ekki aðra en þá sem koma frá háskólanum. En reynslan sýnir og sannar, að það er ekki vísindamaðurinn sem skapar stofnunina, heldur skapar stofnunin vísindamanninn. Líf hvers einstaks manns er of stutt og vanmáttugt til að skapa heila vísindakeðju, hún myndast mann fram af manni. Það eru þannig hinar vísindalegu stofnanir sem sjálfar mynda sína kennara; þetta er reynsla allra háskóla. Þegar vísindastofnunin er komin á fót þá munu einhverjir verða til þess að safna íslenzkum lögum, hugsa um þau og rita um þau, og þessir menn verða einmitt við þetta nýtir kennarar við stofnunina. Að menn vanti, sem geti lært og vilji læra íslenzk lög, og það engu síður hjer á landi en dönsk lög í Danmörku, kemur þó víst engum til hugar.

Þá kemur enn ný mótbára: *Það vantar fje.* Alþingi samþykkti lagaskólann 1879 og þá var eina mótbáran frá stjórnarinnar hálfu að fje vantaði. Þetta er fjarskalega skrítin mótbára. Hún er meira að segja,

algjörlega óheyrileg. Við eigum hjá Dönum, en Danir ekki hjá okkur. Eru Danir þá rjettir fjárhaldsmenn vorir? Situr það á debítornum að segja við kredítorinn: þig vantar fjeð lagsmaður til þess að framkvæma það sem þjer er hugleikið og eg get þó ekki neitað, að þjer er til gagns og sóma? En hvernig lítur þessi fyrirsláttur út frá Íslands sjónarmiði. Að oss Íslendinga skorti fje tekur sig fremur illa út. Meðan óskir og kröfur um stofnun lagaskóla lágu ár eptir ár óbænheyrðar fyrir hinum ráðgefandi alþingum var eigi talað um fjárskort, heldur um hitt að það væri skylda stjórnarinnar að koma upp á kostnað ríkissjóðsins lagaskóla. Vjer höfum konunglega auglýsing frá 1863 að skólann skuli stofna undir eins og fjeð fáist. Nú höfum vjer löggjafarþing og höfum sjálfir ráð yfir fje voru, sem vjer söfnum fyrir meir og minna ár af ári, og sje það satt sem vjer sjálfir segjum af fjárhag landsins, þá er það blátt áfram ósatt að oss skorti fje. Gáum og að því, hve mikið það kostar að láta syni landsins sigla til Hafnar; jeg hef sýnt það ljóslega í hitt eð fyrra í ræðu minni. Gáum enn fremur hve dýrkeypt oss verður hið pólitiska ástand í landinu, sem kemur fram við það að við verðum að sætta oss við það að lagamenn vorir fá eingöngu þekkingu á útlendum lögum. Ef löggjöf þingsins á að blessast fyrir alda og óborna, þá verður hún að styðjast við vísindalega rannsókn á íslenzkum lögum og sögu landsins að fornu og nýju. Tjón það sem landið bíður við þennan þekkingarskort verður eigi metið í peninga. Jú, það er *harðærið*, segja menn máske. Ef það er alvarleg skoðun einhverra í þessum sal, að eigi megi taka af fje landsins vegna þess, þá vil jeg hughreysta þá með því, að það er ómögulegt að fje verði lagt til þessarar stofnunar á fyrra ári fjárhagstímabilsins, er í hönd fer, þó að allt gangi sem greiðast og bezt um samþykkt frv. af hendi stjórnar og konungs. Er nokkur svo lítilsigldur að hann hyggi að það verði óbærilegur kostnaður? Sje svo, þá vil jeg segja: «Ó þjer lítiltrúaðir!» Einn einasti þerridagur á sumri, einn hlákudagur á vetri, einn afladagur gefur landinu meira fje en þessu nemur, að jeg ekki tali um hve margfalt meira fje mætti vinna með sparnaði í ótal greinum. Það getur enginn þingmaður verið þekktur fyrir að koma með slíkar viðbárur í öðru eins máli og þessu.

Að endingu vil jeg tala fáein orð viðvíkjandi orðinu háskóli. Orðið þykir eitthvað svo stórkostlegt. En hvernig vilja menn sýna mjer og sanna, að þessi hugmynd sje svo hræðileg. Í háskólanafninu liggur að eins vísindaleg jafnrjettishugmynd gagnvart frændum vorum í Danmörku og gagnvart hverri annari þjóð, sem vill heita og vera þingfrjáls þjóð. Þessi vísindalega jafnrjettishugmynd er sameinuð og samtvinnuð við hugmyndina um hið pólitiska jafnrjetti gagnvart frændum vorum í Danmörku. Þessi jafnrjettishugmynd er, því fer betur, eigi óþekkt á Ísland. Mynd þess Íslendings er hangir hjer á salnum getur minnt oss á hana. Og þar sem jeg minntist þessa manns, hins ógleymanlega vinar míns Jóns Sigurðssonar, þá vil jeg segja þm., hvað mjer flý í huga þegar jeg fyrst leit minnisvarða hans. Jeg óskaði þá, að auk hins veglega minnisvarða, sem honum er reistur af steini af löndum hans, yrði honum reistur annar minnisvarði í hjarta hvers Íslendings; sá minnisvarði: að hver og einn af oss hugsaði um Ísland eins og hann, vildi Íslandi eins og hann, elskaði Ísland eins og hann! Og mætti hin liðna hetja nú líta upp úr gröf sinni, þá mundi hann engu fagna meir en því, að sjá að þessi jafnrjettishugmynd í vísindalegum og stjórnlegum efnum væri rík og lifandi í brjóstum vor Íslendinga.

Að svo mæltu fel jeg hinni heiðruðu deild málið. Jeg vil ekki stinga upp á nefnd, þar eð jeg ætla n. eigi nauðsynlega, en óska þess að málið gangi til 2. umr.

Landshöfðingi: Enginn er fúsari en jeg að kannast við hinar góðu hvatir, sem liggja til grundvallar fyrir þessu frv. Það er auðsætt að þm. (B. Sv.) gengur það til að efla og auka hina æðri menntun í landinu og er það mikið lofsvert. En þegar jeg lít á þær breytingar frá ástandinu sem nú er, sem frv. fer fram á, þá er það einkum það atriðið að stofna skuli lagaskóla, eða koma upp lagakennslu hjer á landi, því að hitt atriðið álít jeg vera þýðingarminna, að þær þrjár æðri menntunarstofnanir sem þá yrðu hjer samanlagðar heiti háskóli, því nafnið hygg jeg eigi hafi svo mikla þýðingu til að efla vísindin. En stofnun lagaskóla er aptur á móti veruleg breyting. Ust. um þetta er orðin mjög gömul og hefur opt og ýtarlega verið rædd; hún var seinast fyrir á þinginu 1881, eins og flm. drap á; en jeg get eigi með öllu verið hinum h. flm. samdóma um það hve mikinn áhuga þingið hafi sýnt í

þessu máli 1881; það lýsti eigi sjerlegum áhuga að þingið lauk eigi málinu að fullu, því að eins og kunnugt er var n. skipuð í málið í e. d., er eigi hafði komið fram með tillögu sína um málið fyrir þinglok. Það getur verið að þetta þing hafi aðra skoðun og meiri áhuga, en jeg fæ þó eigi sjeð neinar nýjar ástæður til þess, að þingið í sumar muni fremur vilja koma því áleiðis en hið síðasta þing. Allir verða að játa að tímarnir sem nú eru, eru ekki hentugir til þess að koma fram með breytingar er miða til kostnaðarauka fyrir landið, og verð jeg að telja þetta þýðingarmikið í þessu máli, þar sem um allmikinn kostnað er að ræða.

Hinn h. flm. (B. Sv.) áleit að stjórnin hefði eigi rjett til þess að koma með fjárskortinn sem mótbáru í þessu máli, en þar eð stjórnin hefur líka hlutdeild í fjárhaldi landsins, þá get jeg eigi betur sjeð, en að slík mótbára komi frá rjettum stað, þar sem hún kemur frá stjórninni.

Hinum h. flm. verður örðugt að sýna nýjar ástæður, sem sjeu tilknýjandi á þessum erfiðu tímum, og á það verð jeg að leggja mikla áherzlu. Það er langt frá því að það sje praktisk tilknýjandi nauðsyn til þess nú að stofna lagaskóla, því að um langan tíman hafa eigi verið jafnmargir embættislausir lögfræðingar og nú eru, og von á fleirum innan skamms, svo að eigi er útlit fyrir að menn muni vanta í embætti lögfræðinga fyrst um sinn. En hinn h. þm. lagði sjerstaklega áherzlu á hina vísindalegu nauðsyn, er væri svo mjög tilknýjandi. Um það atriði verð jeg þó að ætla, að það sje eigi almenn skoðun að meiri vísindaleg menntun fáist hjer en í Kaupmannahöfn. Jeg hygg að hinn h. flm. leggi heldur mikla áherzlu á hina sjerstaklegu menntun móts við hina almennu. Að þessi lagafræðiskennsla hjer á landi sje almenn ósk þjóðarinnar vil jeg að visa eigi efa, en þó held jegað hún sje eigi svo almenn, sem mjer virtist hann álíta; jeg vil að eins benda á það, að hinir ungu íslenzku vísindamenn virðast ekki vera á þessu máli, því að allir þeir sem hafa kost á því leita til háskólans til að halda þar áfram námi sínu. *(Benedikt Sveinsson*: Af því að lagaskólann vantar). Að vísu vantar lagaskólann; en fleiri fara til háskólans en lögfræðingaefni, og komist lagaskólinn á fót, þá býst jeg eigi við að hann muni standa á æðra stigi en hinar stofnanirnar, þó hann verði í góðu lagi.

Jeg hygg því að þingið finni athugavert að fallast á frv. þetta. En jeg álít það vert að sýna frv. og upphafsmanni þess þá virðingu, að íhuga málið vandlega. Jeg álít eðlilegast að n. sje skipuð í málið, og getur þingið þá sjeð, hvort n. treystir sjer að leggja það til að halda málinu áfram. Málið er í sjálfu sjer svo fagurt og mikilsvert, að það á eigi skilið, að þd. vísi því frá sjer, án þess að sinna því neitt.

Th. Thorsteinson: Þótt jeg hefði ekki heyrt eins fagra ræðu eins og hinn h. flutningsm (B. Sv.) flutti, þá er mjer óhætt að fullyrða, að það er sannarlega sameiginleg ósk allra þingmanna, já, ekki einasta þingmanna, heldur líka allra Íslendinga sem hugsa um framfarir, að geta lifað þann dag, að háskóli gæti komizt hjer á, og þá sá háskóli, sem eigi stæði til baka fyrir nöfnum sínum erlendis, og að geta stutt að þessu er víst ósk hvers þess, sem ann menntun og framförum. Kunnátta, bókmenntir og ekki sízt háskóli hlýtur að geta kallast stólpi undir menntuninni. Til þess að byrja á byrjuninni, þá er það fyrst, að börnunum sje kennt að lesa og skrifa, eða með öðrum orðum, það er að koma á fót barnaskólum, svo kæmu þeir fyrirhuguðu 14 alþýðuskólar eða fl., þá gagnfræðaskólar, svo skólinn hjer í Reykjavík og að lyktum háskóli; þá erum við komnir á það stig að við, gætum fullkomlega talizt meðal menntaðra þjóða. Ó, hvílík gleði að lifa þann dag, að sjá alla þessa skóla komna á fót, með hálaunuðum kennurum, úr landssjóði. En til þess að að reisa stólpann, sem þessi bygging hvílir á, þarf góða undirstöðu og það vil eg taka fram. Hjer er undirstaðan *peningar*. En þá vantar. Þessi háskóli er falleg hugsun og það er fallegt að halda þessari hugsun við. Þeir sem segja nei nú, gjöra það eptir minni hyggju af því þeir sjá sjer eigi annað fært. Til þess að stofna skólann þarf, sem áður sagt, fyrst að fá undirstöðu, og það er að fá peninga; því eigum við sem mest að efla framfarir landsins á verklegan hátt og með því að styðja samgöngur og atvinnuvegi. Þetta þungbæra ár hefur orðið oss ljettbært, af því útlendir hafa rjett oss svo göfuga hjálparhönd. En hvað hefði það orðið, ef við hefðum ausið út jafnmiklu fje. Það er langt frá því að jeg spái fram í tímann; en slík ár gæti þó aptur komið fljótlega fyrir, en það óvíst að framandi hjálpi, og þá getum við haft þörf fyrir það litla fje, sem

fyrir hendi er. Þá væri leiðinlegt að þurfa að segja að við hefðum byrjað á því á hörðu árunum, að reisa háskóla og það samtíða með hallærisnefnd. Afleiðingarnar af harðærinu eru ekki sjeðar enn, þótt ekki sje verulegt hallæri, og kostnaðurinn sem af háskólastofnan mundi leiða, ef hún ætti að verða meira en nafnið, mundi verða margfalt meira enn þær í frumvarpinu nefndu 7000 kr. Jeg enda á því, sem jeg byrjaði á, að jeg get ekki fallizt á frumv. í þetta sinn, en jeg óska einskis framar en jeg mætti sjá þann dag að við gætum gjört það að lögum.

Benidikt Sveinsson: Jeg er hinum hæstv. lh. þakklátur fyrir undirtektir hans í þessu máli. Jeg gat alls ekki búizt við þeim betri frá stj. hálfu. Hann lýsti því yfir, að málið væri *mikilsvert* og *þakklætisvert*; þau orð hef jeg aldrei fyrri heyrt hjer í salnum frá fulltrúa stj., enda vona jeg að þetta verði byrjun til samkomulags á milli þeirra, er fylgja fram háskólamálinu og hennar. Það voru að eins nokkrir agnúar, er honum þótti vara á því að stofna háskóla, og sem jeg vildi minnast lítið eitt á. Hinn hæstv. lh. tók það fram, að þingið hefði litið svo á þetta mál á síðasta þingi, 1881, sem því væri ekki þó svo mjög annt um, að háskólinn kæmist svo bráðlega á. Það má vera að þetta hafi verið álit ed., en hjer í nd. var það ekki. Það má lesa um það í þingtíðindunum síðustu, að málið gekk í gegn í þessari deild með 14 atkv. gegn 5, og þó voru það einmitt frægir þm. hjer í d. er mótmæltu því. En myndi hinum hæstv. lh. ekki þykja þetta sómasamleg *„majoritet“* fyrir *stjórnarfrumv.*, sem opt og einatt eru pínd í gegn með eins eða tveggja atkvæða mun. Málinu var ámóta tekið í ed., en hún fjekk því eigi lokið, af því hana vantaði tímann. Það er þinginu til óbætanlegs tjóns, að því eru sett svo þröng tímatakmörk. Stjórnin, einmitt hún setur því stólinn fyrir dyrnar, og það verður ekki með tölum, talið hvað það kostar landið og þjóðina, að þingið verður að hlaupa frá velferðarmálum landsins í miðju kafi ár eptir ár, af því að það vantar tímann. Þetta sem stjórnin hefur ábyrgð á kostar ef til vill eða jeg vil segja sjálfsagt miklu meira en stofnun háskólans, sem hjer ræðir um. Eg ítreka það þá aptur, að í ed. var málinu einnig tekið vel, en þar kom fram sú ust., að setja n. í það, og því varð ekki tími til þess að fá því lokið. Jeg tek þetta fram til þess að hinir h. þm. leggi ekki ofmikið í það, þótt málinu yrði ekki framgengt á síðasta þingi. Hinn hæstv. lh. sagði enn fremur, að «tíminn væri óhentugur», þar sem engin ný ástæða væri fram komin fyrir stofnun háskólans. Þetta skil jeg ekki. Er þá ekki einmitt framrás tímans hin gildasta ástæða fyrir stofnuninni? Ef að stofnunin er þjóðleg og nauðsynleg 1881, þá er hún það enn meira 1883, og það er þannig einmitt *framrás tímans*, sem jeg býð fram sem hina sterkustu og óbifanlegustu ástæðu fyrir málinu, og hjer gildir sannarlega hin gamla, góða regla: «Geymdu ekki til morguns það, sem þú getur gjört í dag», og þess vegna, segi jeg enn aptur, er þetta einmitt knýjandi ástæður til þess að fá þessu velferðarmáli þings og þjóðar framgengt, á þessu þingi. Hinn hæstv. lh. sagði enn fremur, að það væri enginn «praktisk» ástæða að stofna lagaskóla nú vegna lögfræðingafjöldans. Miðað við gamla tímann þá er þetta satt, en sje miðað við nýja tímann, þá er það ekki satt. Mikið satt: við getum fengið og höfum fengið nógu marga lögfræðinga, já meir að segja ofmarga frá háskólanum í Höfn. En það er ekki það sem hjer er um að ræða, heldur hitt, að þeir sem læra lögfræði á háskólanum í Kaupmannahöfn, eru óhæfir til þess að gegna skyldu sinni gagnvart þjóð sinni og fósturjörð, gagnvart konungi og stjórn, rjett á litið. Og hvers vegna? Einmitt vegna þess enginn þeirra hefur numið íslenzk lög. Þeir geta ekki lært þau. Þau eru ekki kennd við háskólann, og þeir læra þau því ekki. Jeg þekki það sjálfur frá Höfn, þó jeg sje minnstur postulanna. Nauðsynin er jafnbrýn og stofnun háskólans eða íslenzkrar lagakennslu jafn- »praktisk« fyrir það, þótt kandídatar frá Kaupmannahöfn komi í hundraða og þúsundatali, því þeir eru allir jafnfáfróðir í íslenzkum lögum. *(Tryggvi Gunnarsson:* Svo?). Jeg held það hafi verið misskilningur hjá hinum hæstv. lh., er hann sagði jeg legði ekki jafnmikla þýðingu í hina almennu vísindalegu þekkingu og í hina sjerstaklegu. Það var alls ekki meining mín. Hjer er sem sje þess að gæta, að það er ekki sama *fundamentum divisionis*, sem jeg og landshöfðingi byggir á. Hin almenna vísindalega hlið kemur nefnil. engu síður fram í íslenzkum en dönskum lögum, eins og hið sjerstaklega á sjer

stað í hvorumtveggja. Jeg hygg með öðrum orðum, að hin almennu vísindi komi eins glöggt og greinilega fram í íslenzkum lögum, og að hinni almennu, vísindalegu fræði verði fullt eins vel fullnægt með því að lesa íslenzk lög, eins og með því að lesa dönsk lög. Því hið almenna vísindalega lögmál og fræði, hún er einmitt hið sameiginlega í allra landa lögum, og jeg get fullvissað landshöfðingja og hvern einn um það, að hin forna íslenzka löggjöf ber eigi miður í skauti almenn vísindi, en löggjöf hvers annars lands, sem vera skal. En meining mín var jafnframt sú, að á háskólanum í Höfn fara menn *einnig* algjörlega á mis við alla þekkingu á *sjerstökum* íslenzkum lögum. Hinn hæstv. lh. tók enn fremur fram, að íslenzkir stúdentar leiti til háskólans, og þetta sje vottur þess, að þeim þyki hann góður. Þetta er eðlilegt, en sannar síður en ekki mál landshöfðingja, heldur einmitt mitt mál. Því einmitt af því, að hjer er enginn lagaskóli, engin vísindaleg menntastofnun, er þeir geti leitað til, þá neyðast menn til að leita háskólans í Höfn. En að þeim þyki háskólinn í Höfn ekki fullnægjandi, sýnir það og sannar, að þessir sömu menn, þegar þeir hafa lært í Höfn, þegar augu þeirra ljúkast upp fyrir sönnum andlegum þörfum sínum og þjóðar sama, þá óska þeir manna mest eptir innlendri lagakennslu. Þessu hafa þeir lýst yfir í mörg herrans ár og ust. um stofnun lagaskóla á Íslandi er upphaflega frá þeim komin. Þetta gjöra þeir, segi eg, þegar þeir eru búnir að þekkja háskólann í Höfn, þegar þeir eru orðnir eldri, reyndari, og andlega þroskaðri, og þá er atkvæði þeirra meira að marka heldur en á meðan þeir eru ungir og óreyndir. Er það ekki satt?

Jeg á víst eptir að þakka þm. Ísf. (Th. Th.) fyrir ræðu hans. I byrjuninni virtist hann vera málinu meðmæltur, en jeg geti þó ekki glaðzt yfir ræðu hans, því í seinni hluta hennar fór allt út um þúfur. Munurinn var eigi mikill hjá honum og á hugsuninni í ræðu lh. Honum þótti málið að vísu blessað og gott, fagurt og fróðlegt, og hann óskaði heitt og innilega, að mega sjá þann dag, að sá dagur rynni upp yfir Ísland, að vjer gætum notið lagamenntunar í landi voru; en svo kom hallærisvílið, jeg leyfi mjer að segja tilhugsunin, sem menn segja, um munn og maga, og allar hinar glæsilegu óskir og vonir voru horfnar. (Hlátur). Nei! þótt harðæri hafi verið mikið, þá ættum vjer ekki að gráta og víla sem börn, heldur segja: »Hvern, sem Drottinn elskar, þann agar hann«. Jeg óska og vona, að enginn leggi meiri áherzlu á hallærið en sæmir *í þessu máli*. Hvaða voðalegan kostnað getur þm. sjeð, að hjer sje farið fram á? Frumvarpið er ekkert huldumál af minni hendi. Það liggur opið fyrir, að hjer ræðir um engan þann kostnaðarauka, sem landinu sje í minnsta máta tilfinnanlegur. Getur hann sýnt mjer í tölum þennan mikla kostnaðarauka? Getur hann upplýst mig um þau fjárútlát, sem eru svo ægileg í augum hans, að *hann* vill fella svona »*gott*, fagurt og háleitt frumv.« eptir því sem hann sjálfur segir? Þetta eru ekki mín orð, jeg bið þm. vel að gæta að því, heldur orð þm. Ísf. sjálfs, og þó eru þau dagsanna, og þm. á þakkir skilið fyrir þau, ef þau eru innræti hans. Hann segir að peningarnir sjeu undirstaðan undir þessu máli; en það er ekki rjett. Undirstaðan er *þjóðarnauðsyn, þjóðernisandinn, þjóðmenningarandinn, ættjarðarástin* og *framrás hins constitutionella lífs, þingstjórnarlífsins á Íslandi*. Ef hann kippir eða getur kippt þessum grundvelli, þessari undirstöðu undan frumvarpinu, þá er jeg af baki dottinn, þá skal jeg taka frumvarpið aptur; en þá eigum vjer líka að víkja af þessum helga bletti, ganga út fyrir þessi helgu vebönd, og eptirláta þeim mönnum sæti vort, er betur skynja og skilja hinar brýnustu og augljósustu óskir og þarfir þjóðarinnar. En, er það nú alvarleg meining þm. að vjer eigum að ausa út *öllum* vorum kröptum, *öllu* voru afli, öllu voru fje í landinu og úr landssjóði til þess beinlínis og eingöngu að bæta úr þessu hallæri, sem menn eru svo mikið að tala um; eigum vjer að leggja árar í bát og gleyma öllum hinum æðri þörfum þjóðfjelagsins? Sje svo, þá óska jeg að þm. vildi koma með ljósari og ríkari rök fyrir því, en hann hefur gjört. Nei! Jeg vona að þingmenn yfirvegi málið betur en þetta, og sýni því þá velvild að minnsta kosti, að lofa því að ganga til 2. umræðu. En ef hinir heiðruðu þm. vilja heldur setja nefnd í það, þá skal jeg að vísu ekki vera því mótfallinn.

Jakob Guðmundsson: Af því jeg er ekki lagamaður, þá verð jeg að skoða þetta mál frá einföldu sjónarmiði. Sú meðvitund fer sí og æ vaxandi meðal alþýðu, að rjettarvitund hennar og rjettarhugmynd

hennar sje ófullkomin, og þetta fer því meir í vöxt, sem það eru fleiri og fleiri, sem þurfa lagaþekkingar við en áður. Þannig er um allar nefndir, t. a. m. hreppsnefndir, sýslunefndir og jafnvel amtsráðin. Það eru margir þess utan, sem kvarta yfir því, hvað lögin sjeu margbrotin og menn hafa jafnvel þótzt verða þess varir um dómarana, að þeir dæmdu eptir dönskum lögum, hvort sem þau giltu hjer eða ekki. Þessi meðvitund er svo rík, að margir óska innilega eptir lagakennslu. Þeir hafa enga hugmynd um það, hvort hún kemur frá lagaskóla eða háskóla, en þeir hafa hugsað sem svo, að innlendur lagaskóli myndi leiða til þess, að auka innlenda þekkingu á lögunum. Þá myndi kunnáttan dreifast út, en bændur gætu fengið rjetta meðvitund um lögin. Því getur engin neitað, að í fornöld var, í samanburði við aðra þekkingu, lagaþekking mjög mikil: margir kunnu þá lögin utanbókar. Enginn getur heldur neitað því, að þessi þekking mætti aukast og lifna við. Breiðist þessi þekking út, þá vex virðing fyrir lögunum. Nú syndgar margur á móti lögunum af vanþekkingu, hegningin kemur yfir hann eins og dómsdagur, sem hann veit ekki hvenær og hvernig muni koma, af því hann vissi ekki að hann hefði syndgað á móti lögunum. Jeg skal ekki neita því, að þetta getur haft kostnað í för með sjer, og að varlegt sje að stofna það í bágu ári; en það væri þó víst þess vert að verja nokkru fje til þess að geta vakið líf og nauðsynlega þekkingu hjá þjóðinni, sem getur verið mjög mikils virði. Þegar talað er um kostnaðinn og um það, hvort það eigi að mynda sjerstaka deild, eða sameina þær allar, þá er að minni hyggju kostnaðarminna að sameina þær, heldur en að hafa þær sína í hvoru lagi; að minnsta kosti er það svo með hið heimspekilega. það getur verið sameiginl. fyrir allar deildirnar og það kennt af sama kennara. Það tel jeg og annan kost, að samlíf allra deildanna á einum skóla myndi auka sannarlega menntun hjá sjálfum þeim. Þegar talað er um það, að allir sigli, sem geti, þá er engin reynsla fyrir því síðan prestaskólinn og læknaskólinn komust á; það eru ekki nema einstaka stúdentar, sem hafa siglt síðan til að lesa guðfræði og læknisfræði. Jeg vona og, að þó háskóli kæmist hjer á, þá mundu menn með framtíðinni vilja verja nokkru fje til þess að styrkja efnilega stúdenta til þess að sigla til annara landa og afla sjer þar frekari fræðslu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal þegar lýsa yfir því, að jeg er samdóma í aðalefnina hinum h. flm. (B. Sv.). Og jeg skal flýta mjer að segja það, að mjer finnst enginn geta annað sagt en að allir hljóti að vera það. Hann talaði snjallt og vel. Málið er deildinni hjartfólgið. Jeg efast ekki um, að fyr eður seinna hljóti lagaskóli að koma inn í landið, eins og þegar eru komnir skólar í guðfræði og læknisfræði. En þó get jeg ekki verið flutningsmanni samdóma um það, hve mikil þýðing liggi í því, að fá lagaskóla. Hvað er unnið við það að fá lagaskóla? Við fáum kennslu af 2 mönum í lögum. Hvað kenna þeir? Þeir kenna hvað eru lög í landinu en alls ekki hvernig lögin ættu að *vera* eða verða, heldur er það starf löggjafans. Skólinn kennir að eins *hver lögin eru*, hvort heldur þau eru góð eða ill, þ. e. hentug eða óhentug, rjettlát eða eigi, íslenzk, innlend, eða útlend. Skólinn samrýmir hina vísindalegu þekkingu við lögin, og kennir að taka þau saman í heildir í bálka. Skólinn tekur lítið upp af lögvenjunni, sem þó er talin önnur uppspretta landslaganna, heldur bindur hann sig mest eða eingöngu við hin skrifuðu eða rjettara sagt hin prentuðu lög. Þetta er inntak kennslunnar. Þá er nú hin næsta spurning: hversu mörgum mönnum kemur kennsla þessi að notum? Kemur hún það jafnmörgum sem í fornöld? — Mjer finnst það liggja sem menn svo kalla í loptinu hjer í salnum, að með lagaskóla muni lagaþekkingin af sjálfu sjer breiðast út til allra landsmanna. En til þessa segi jeg nei. Kennslan í lagaskólanum er afmörkuð innan 4 veggja, hún er einskorðuð við tölu lærisveinanna: það dugir ekki að bera lagaskóla saman við lagakennsluna í fornöld. Þá las lögsögumaður lögin upp, ekki innan 4 veggja, ekki fyrir 2 eður 4 piltum, heldur fyrir öllum þingheimi. Þess vegna breiddist lagaþekkingin þá svo mjög út um landið. — Hið þriðja atriðið er það, að gildi kennslunnar, hversu kennslan er góð, fullkomin, eður þá eigi, það er alveg komið undir kennurunum sjálfum.

Nú hefur það — til allrar ógæfu — verið sagt, að þeir, sem hafi lært í Kaupmannahafnar háskóla megi heita alveg óhæfir *(Ben. Sveinss.:* Misskilningur), til þess að standa í stöðu sinni, — mig minnir — svo

vel sem þjóðþarfirnar eða þjóðernið út heimtir. (*B. Sv.*: Jeg skal svara.) En nú hafa allir lögfræðingar vorir lært við háskólann. Jeg trúi því, að lögfræðingarnir nýkomnir frá háskólanum sjeu ekki vel að sjer í hinum sjerstöku lögum vorum, til dæmis rekabálki, sem eigi er til í Danm., og líkt er að segja um hin íslenzku landbúnaðarlög. En svo vil jeg og ætla, að þessir menn hafi bætt þeirri lagaþekking við sig í sínu embætti, að þeir sjeu orðnir vel færir í lögum vorum, og það svo, að jeg skal ekki neita því, ef valið væri um 2 þá beztu af þessum mönnum, þá myndu þeir geta kennt.

En setjum nú svo, að stjórnin fallist ekki á háskólann, eða að við fáum ekki lagakennslu inn í landið — og það væri mjer og flm. hið mesta mein. Hvað eigum vjer þá að gjöra? Eigum vjer að sitja aðgjörðalausir? Nei, það vil jeg eigi. Vil jeg nú leggja ustm. ráð til, að fá engu að síður lagakennslu, svo hann sje ekki af baki dottinn, og þó jafnframt geta sparað nokkuð af þessum 7000—10,000 kr. til skólans. Og hvernig verður það? Tökum helming skólakostnaðarins, 5000 kr., og skiptum í 2 hluti, og heitum þeim til verðlauna fyrir beztu ritgjörðir í einhverjum lagabálkinum, t. a. m. í erfða- og hjúskaparbálki, í landbúnaðarbálki, í dómabálki. Í sakabálkinum veit jeg ekki til, að vjer munum þurfa sjerstaka kennslu og heldur eigi í heimsspeki laganna. Heimspeki laganna er, eins og flm. veit, svo vel sameiginleg. Ef við fengjum nú þessar 2 kennslubækur fyrir 5000 kr., þá segi jeg að vjer sjeum búnir að þá meira alþjóðlegt gagn, en þó lagaskóli hefði staðið í 2 ár, vegna þess, að bókin er fyrir alla landsmenn, er lesa vilja og skilið geta, en kennslan einungis fyrir þá, sem eru innan skólaveggjanna. Kennslubókin líkist mest uppsögu lögsögumanns á lögunum á alþingi. Hún getur verið í hvers manns húsi, á hvers manns borði og fræðsla hennar í hvers manns höfði. Heitum einnig verðlaunum fyrir að safna saman i eitt öllum núgildandi lögum. Setjum amtmennina yfir þann starfa, því vjer munum eigi fá yfirdóminn til þess að gjöra það. Jeg rígskorða þó ekki þessa ust. um amtmenninna. Það er full sannfæring mín, að fengjum vjer gott safn af vorum gildandi lögum, þá hefði allur almenningur meira gagn af því, en þó vjer fengjum eina stofu hjer í þinghúsinn til lagakennslu. Og það vona jeg hin h. flm. hljóti að játa með mjer, og eins hitt, að vjer getum eins fyrir það, og jafnvel öllu heldur, fengið lagaskólann á eptir. Það er því mín tillaga í þessa máli: Látum lagaskólann eða háskólann ganga umsvifalaust fram í þessari deild — jeg vil ekki missa ræður flutningsmanns — en gleymum ekki hinu, að fá lagasafn og fræðibækur í lögum vorum; það undir býr, það ýtir á eptir lagaskólanum. Jeg þarf ekki að taka það fram t. d. um læknaskólann, að kennslubók í læknisfræði myndi hafa *útbreitt* meiri þekkingu í læknisfræði en kennslan í læknaskólanum og er hún þó vissulega þjóðleg eður góð. Flm. sjer, að jeg er hlynntur skólanum, þótt jeg vilji haga þessu þannig til undirbúnings.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta misskilning hins h. þm. (A. Ó.). Jeg hef má ske ekki hnitmiðað orð min svo, að þau geti ekki misskilizt. Jeg sagði ekki, að þeir væru óhæfir í þeim skilning, sem þingmaðurinn tók fram, er lærðu lög við háskólann í Höfn, en jeg sagði, að hvað margir sem þeir væru, þá vantaði þá alla alveg nauðsynlega þekkingu á íslenzkum lögum og að því leyti væru þeir allshendis óhæfir til þess, að gegna skyldustörfum sínum á Íslandi, er þeir koma frá háskólanum í Höfn. Og jeg segi það enn: að svo miklu leyti, sem þá skortir þessa þekkingu, þá eru þeir óhæfir til þess. Jeg kom sjálfur frá háskólanum með minni þekkingu á mýmörgum íslenzkum lögum en reyndur og greindur hreppstjóri hefur á Íslandi. Á háskólanum heyra menn og sjá að eins dagsetningar, og það þegar vel lætur, mýmargra merkustu íslenzkra laga, og þar með punktum og basta! Já, jeg skal játa það að mig skortir alveg skilning til að skilja hinn h. vin minn, þm. Ef., er hann sagði lagakennslan sýndi eingöngu hvernig lögin væru, en ekki hvernig þau ættu að vera. Hvað kennir þá heimspekileg lögfræði? Hún kennir einmitt hvernig lögin *eigi* að vera. (*A. Ó.*: Nei). Þm. ætti ekki að segja nei. Rjettarsaga landsins er saga laganna, bæði að hinu ytra og innra. Hún kennir því hvernig þau hafi reynzt þjóðfjelaginu, og þessi reynsla sýnir aptur hvernig lögin hefðu átt að vera og hvernig þau *eigi* að vera framvegis (*A. Ó.*: Nei.). Jú: hún kennir mönnunum bæði hvernig þau hafi verið fyrir umliðinn tíma, og fyrir ókomna tímann, hvernig þau eigi að vera. (*Arn-*

ljótur: Nei). Þetta nei þingmannsins neitar gildi veraldarsögunnar yfirhöfuð; neitar því að fróðleikur og þekking á liðnum öldum, á reynslu mannkynsins, beini því í rjetta átt á ókomnum tíma. Þegar talað er ennfremur um heimfærslu gildandi laga eður um «Anvendelse af» lögum, þá er það enn á ný kennsla, fræðsla um það, hvernig lögin eigi að vera; því samhljóðan eðlis lífsatriðanna við lögin er vottur um, að þau (lögin) sjeu eins og þau eigi að vera, eins og ósamhljóðanin er vottur um hið gagnstæða. Þessar og þvílíkar ástæður eru því ljettvægar hjá þingmanninum, og jeg er hræddur um að það búi eitthvað verra bak við þær. *Öll* lagakennsla, öll lögfræði, og öll afnot laganna og heimfærsla uppá mannlífið er þá ekki eingöngu fólgin í því, hvað *sjeu* lög, heldur jafnframt í því hvernig þau *eigi* að vera.

Það er satt, hver neitar því, að lagakennslan í þessum skóla mundi verða bundin við þá sem læra í honum; en er það ekki svo um alla skóla, og er það á hinn bóginn ekki jafnnáttúrlegt, og sjálfsagt, að þeir, sem í þessum skóla eins og öðrum læra, breiði út fræði sína, einmitt þá fræði, sem er svo þörf og ómissandi fyrir Íslendinga. Svo er og enn eitt. Gætu ekki kennararnir í þessum skóla gefið út fyrirlestra sína á prent eins og mig minn hinn h. þm. hafi fylgt fram, að kennendur á prestaskólanum gjörðu? Hversvegna getur ekki orðið eins á hinum fyrirhugaða háskóla? Þá kem jeg að þessari dæmalausu ust. þingmannsins, *að setja bók í staðinn fyrir háskóla,* meira að sega þá *bók, er* væri *betri* og eitthvað meira en heill skóli. Jeg vildi óska að allur hinn menntaði heimur hefði heyrt þessa undraust., svo að hann hefði getað fræðzt af henni. (Almennur hlátur). Nú fer mig að svima. Jeg skil ekki. Hver skyldi eiga að vera höfundur slíkrar bókar? Hann sagði amtmennirnir gætu búið til þessa bók. Já, þeir mættu þá ekki vera sáladir! Jeg vildi nú heldur leggja það til, að amtm.emb. væru lögð niður, og sá eini amtm., sem er virkilegur amtmaður, yrði settur í eitthvert annað landinu og þjóðinni nauðsynlegra embætti, því með þessu mætti auk alls annars hagnaðar fyrir landið einmitt spara það fje, sem leggja þarf að svo stöddu til hins fyirhugaða háskóla fram yfir það, sem nú gengur til prestaskólans og læknaskólans. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta að sinni, en einungis óska að málið gangi til 2. umræðu.

Þórarinn Böðvarsson: Umræðurnar eru orðnar langar um þetta mál og jeg skal ekki lengja þær mikið. Jeg vil að eins gjöra grein fyrir mínu atkvæði í þessu máli. Þetta mál snertir svo mjög sæmd landsins, að jeg get eigi annað en verið því meðmæltur. Það er jafngamalt því að Íslendingar tóku aptur að hugsa alvarlega um uppkomu sína, jafngamalt alþingi hinu nýja endurreista. Sá ógleymanlegi landi vor Jón Sigkom með það 1845, þótt það væri í nokkuð annari mynd.

Jeg ætla ekki að bæta við það, sem framsögum. tók fram málinu til stuðnings. Jeg held ummæli hans standi flest óhögguð og óhrakin. Mjer heyrðist helzta mótbáran sje sú, að hugmyndin sje of stór, að kalla háskóla á Íslandi. En jeg vil geta þess, að það er ekki stærri hugmynd en hjá mörgum öðrum þjóðum. Flestir háskólar með litlum föngum hafa byrjað á því, að einstakir menn tóku að sjer og byrjuðu að kenna og svo kom háskólinn á eptir kennslunni. Þannig eru fjöldamargir háskólar í Norðurálfunni til orðnir. Sú verulega breyting, sem frv. þetta gjörir á því fyrirkomulagi, sem nú er, er sú, að kennsla í lögum á að bætast við annað sem kennt er á vísindastofnunum landsins. Eptir kennslu í lögum hefur verið óskað lengi, á hverju þingi, og það sjerstaklega af íslenzkum stúdentum í Höfn. Á þetta atriði legg jeg sjerlega áherzlu.

Flm. (B. Sv.) mun hafa sagt, að íslenzkir lögfræðingar frá Höfn væru ekki alls kostar hæfir að standa í stöðu sinni. Jeg get vitnað það með honum, að jeg veit dæmi til þess, að hreppstjóri í sveit hefur getað sagt til kandídat frá háskólanum í því er snertir lög landsins. *(Arnljótur Ólafsson:* Hann hefur verið danskur). Nei, hann var alíslenzkur. Aðalástæðan, sem fram kemur á móti skólanum, er hallærið og sjálfsagt fátæktin. Já, harðæri og fátækt; þessi orð þekki jeg eins vel og hver annar og tek þau eins alvarlega og hver annar. En hjer er enginn tilfinnanlegur nýr kostnaður; sje lagakennslu komið á, þá eykur það gjöld landssjóðs nokkuð, en kostnaður landsbúa til að nema lög minnkar svo miklu nemur, og sá kostnaður rennur inn í landið. Jeg tek það upp, sem flm. sagði, að þótt frv. yrði samþykkt af þingi og stjórn, þá verður verkleg framkvæmd á því að bíða að lík-

indum í 2 næstu ár og jeg tek upp aptur það, sem sjerstaklega gjörir það, að jeg greiði atkvæði mitt með því, og það er það, að hjer er að mínu áliti um sæmd og velferð landsins að ræða, en þar sem um sæmd og framfarir landsins er að ræða, get jeg ekki annað en verið með. Kostnaðinn verður sjálfsagt að taka til greina; en land vort er þó það eina land, sem á sjóð að miklum mun, og jeg tek það fram að það sem er landinu til sæmdar, velvegnunar og framfara, er að mínu áliti sá bezti rentustaður fyrir fje landsins.

Th. Thorsteinson: Hinn h. flm. (B. Sv.) kom með spurningu fyrir mig, sem ekki á við á þessu stigi málsins, nfl. um fjárútlátin til skólans. Jeg skal ekki fara langt út í það, af því það á ekki við, en jeg held því föstu að kostnaðurinn yrði mikið meiri en talað er um í frv., því þegar við stofnum háskóla, þá verðum við að gjöra hann svo góðan, að hann standi jafnt að vígi sem útlendir háskólar. Það eru þm. eigin orð, og hann sagðist leggja meiri þýðingu í orð þeirra sem hefðu lært við háskólann í Höfn en þeirra sem hjer hefðu lært við þá skóla er hjer eru. Af þessu leiðir, að sá fyrirhugaði háskóli þyrfti að standa á hærra stigi en þeir skólar, er við nú höfum fyrir embættismenn. Fyrir utan kostnað við skólann mundi óneitanlega eða rjettara óumflýjanlega bætast styrkur til námsmanna til að fara til annara landa. Jeg óttast því útgjöldin. En jeg segi það enn, að jeg vil óska að mega lifa þann dag að háskóli komist hjer á. Jeg álít það sóma fyrir landið, en jeg álít það engan sóma, nema byggt sje á góðum grunni, og góðan grundvöll undir þessari byggingu tel jeg næga peninga, því háskóla einasta að nafninu til álít jeg hvorki gagn nje sóma. Það er mikið gott að flm. getur sýnt sig karlmannlegan við hallærið og honum þykir ekki taka nærri að gráta það; en jeg, sem bý nær því, get þó ekki gengið athugalaus fram hjá því. Jeg læt ekki, þótt jeg sjái fallega hugmynd, hrífa mig í loptinu, þegar jeg sje ekki veg til að framkvæma hana. Jeg skal í 3. sinni taka það fram, að jeg skyldi greiða atkvæði með frv., ef jeg sæi því yrði framkvæmt. Við tölum um að sýna sparnað og þykir það aldrei of opt brýnt fyrir mönnum, og við setjum nefnd til þess að íhuga, hvað megi spara. Við spörum enn fremur til þess að þurfa ekki að bæta upp fátækustu prestaköll, þótt þau sjeu ekki lífvænlegri en svo, að enginn sæki um þau nema sem neyðarúrræði. Og við sýnum sparnað með því að neita um fje þótt líf manna og heilsa liggi við, ef maður mætti svo segja, nefnilega með að fjölga eigi læknunum. Hví er þá ekki nauðsyn á að sýna sparnað þar sem það er hægt og engin þörf er á að auka útgjöldin? Hvað því við vikur, er þm. D. sagði, þá skal jeg játa það, að það er sjálfsagt sannarlega nauðsynlegt, að hreppstjórar þekktu lögin og lagameðvitundin væri ljós og fullkomin í landinu. Væri eigi um annað að ræða en ráða bót á þessu, þá skyldi jeg hallast að uppástungu hins h. þm. Ef. um að gefa út fræðibækur, sem hentar væru þessu námi, því vart má búast við að allir hreppstjórar yrðu háskólagengir.

Jakob Guðmundsson: Jeg ætla að taka það fram viðvíkjandi því, sem þm. Ef. (A. Ó.) sagði, að lagakennslan mundi takmarkast innan 4 veggja, að jeg get ekki annað ímyndað mjer, en að hún myndi útbreiðast betur, ef lagakennslan væri í landinu. Það myndu margir fleiri læra lög en þeir, sem kæmust strax í embætti. Sumir yrðu kennarar t. a. m. á Möðruvallaskólanum *(H. Kr. Friðriksson:* Mikið líklegt!), sumir hreppstjórar og umboðsmenn. Þeir sem lögfræði nema, geta verið gagnlegir og góðir til ýmsra starfa.

Eiríkur Kúld: Umræðurnar eru orðnar langar um þetta mál, enda skal jeg ekki lengja þær mikið. Það hafa allir lokið lofsorði á ust., hún það sannarlega skilið. Það er gleðilegt fyrir mig, að heyra ekki nema eina eða tvær mótbárur á móti þessu máli. Sumt var frá hinum hæstv. lh., sú, að þrátt fyrir það, að hjer væri prestaskóli og læknaskóli, þá leituðu hinir ungu námsmenn til háskólans. Og hverjir þeirra? Einkum þeir sem ætla sjer að lesa lög; hinir eru næsta fáir, sem til K.hafnar fara, er ætla sjer að taka prestembætti eða lesa læknisfræði, og kemur það af því, að presta- og læknaskólar eru komnir á stofn hjer í Rvík, en aptur vantar hjer alla lagakennslu. Þessi ástæða lh. er því ekki nægileg fyrir mig til þess, að vera ekki málinu eins hlynntur nú og 1881. Hin mótbáran, frá þm. Ísf. (Th. Th.), er peningingaskorturinn; það er þessi vanalega grýla, sem slett er í augu vor þm. þegar um einhverja nauðsynlega stofnun eða veruleg fyrirtæki er að ræða. Þm. Ísf. minntist á, að vjer segðumst eigi hafa

fje til að bæta kjör presta á rýrum brauðum. Mig furðar ekki á því, menn hafa hin seinni ár hjer á þingi ekki tekið sjer nærri að láta prestastjettina eiga örðugt uppdráttar, en hitt vil jeg segja, að allt um það er nóg fje til þessa fyrirtækis. Landsj. er ekki svo snauður að hann geti ekki staðizt þennan kostnað. Þeir, sem tala um eilífan sparnað og kostnaðinn við þessa stofnun, gæta ekki að því, að landið sparar einmitt með þessu feykimikið fje *(B. Sv.:* Einmitt), og því fje, sem eytt er, því er þó eytt í landinu sjálfu, þar sem allt það fje sem íslenzkir stúdentar nú verja til að afla sjer lagamenntunar nú gengur út úr landinu. Jeg er málinu hlynntur og sting upp á að n. sje sett í það. Hvernig sem því vegnar, þá hafa þó allir talað á þá leið, að það sje mikilsvert.

Arnljótur Ólafsson: Jeg má þakka flm. (B. Sv.) fyrir það, að honum tókst að fá þingdeildina til að hlæja, með því að rangfæra orð mín. Hann sagði jeg setti bók í staðinn fyrir háskóla. En ef hann hefði tekið eptir því sem jeg sagði — en hann líklega tekur ekki eptir öðrum, en sjálfum sjer — þá mundi hann hafa skilið, að jeg sagði að eins, að bókin *breiddi út* meiri þekkingu en skólinn. Það er sameiginlegt bókinni og skólanum, að bæði kenna. Kennarinn kennir og bókin kennir, og jeg fullyrði, að jeg hef lært meira af bókum en af fyrirlestrum. En hið gagnstæða á sjer líklega stað um flm. Hann vill kann ske hafa háskóla bókalausan! *(B. Sv.*: Hver hefur sagt það?). Flm. sagði að kandídata á háskólanum vantaði þekkingu í íslenzkum lögum; mín skoðun er að allan almenning, svo sem hreppsnefndir, sýslunefndarmenn, amtsráðsmenn, alþingismenn vantaði öllu fremur þessa þekking. Nú er þá spurningin um, hvernig eigum við að fá bætt úr þessum skorti? Eigum vjer að segja, að ekkert bæti úr honum nema *nafnið* háskóli og glaumurinn í fyrirlestrunum. Nei, það get jeg eigi sagt nje samþykkt. Og jeg skal bæta því við, að álíti menn að allar lögfræðisbækur sjeu ónýtar, nema þær einar er háskólakennarar hefði samið eptir gömlum fyrirlestrum, þá ætti að stryka út úr lögfræðingatali nafnið A. S. Örsted í Danmörku og nafnið Blackstone á Englandi o. s. frv.

Jeg neyðist til að vera mótfallinn háskóla, sem stofnaður er af slíkum hugsunarhætti og í svo lausu lopti. Jeg skal enn fremur bæta því við, að sje mönnum alvara með að bæta úr þekkingarskorti landsmanna í lögum, því koma þeir þá eigi fyrst með lagasafn og lögfræðisbækur heldur en láta sjer nægja, að hrópa á nafnið *háskóli* og heimta launin handa kennurunum og að kennslan fari fram í alþingishúsinu? Vilji menn fá duglega kennara, hvað liggur þá nær, en að þeir lögfræðingar, er hugsa sjer til að fá þessi embætti, komi með lögfræðisbækur, er þeir hafi sjálfir samið, og sýni sig áður en þessi embætti verða veitt? Það dugir ekki að heimta eingöngu háskóla og gjöra ekkert annað en æpa snjallt hjer í salnum.

Forseti: Það hafa reyndar 3 þm. beðið um orðið, en þar eð það hefur komið fram bein uppástunga um að setja nefnd í málið, þá skýt jeg því undir atkv. þingmanna.

Samþykkt 3 manna nefnd með 14:1, og kosnir í hana Grímur Thomsen með 12 atkv., Benidikt Sveinsson með 11 og Lárus Blöndal með 10, eptir hlutkesti með þeim H. Kr. Friðr., er hafði jafnmörg atkv.

Málinu vísað til 2. umr. með 14:1.

Áttundi fundur, miðvikudag 11. júlí. Allir á fundi.

Þingsályktunartillaga um að taka bráðabirgðalög 16. febr. 1882 til umræðu (C 122); ein umræða.

Grímur Thomsen: Jeg leyfði mjer að geta þess, þegar þetta mál kom til umræðu um daginn, að það stæði engan veginn eins á með þessi bráðab.lög eins og hin, sem áður hafa þrisvar verið lögð fyrir þingið, annaðhvort til samþykkis eða áfellis. Jeg tók það einnig fram, að það stæði svo sjerstaklega á með þessi lög, þar sem verkun þeirra er horfin; en jeg óskaði þó að þau væru tekin upp á dagskrá til þess menn þyrftu eigi — eins og jeg leyfði mjer að orða það — að sakast um orðinn hlut. En þögn þingsins gæti efalaust haft þýðingu fyrir eptirtíðina; og þess vegna hefi jeg fært hinum h. forseta tillögu til dagskrár með ástæðum, er jeg vona mundi gjöra enda á málinu. Eptir þennan stutta inngang ætla jeg að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um málið sjálft.

Það er eptirtektavert, að eptir 1. gr. stjórnarskrárinnar er löggjafarvaldið hjá konungi og þinginu í sameiningu, en 11. gr. stjórnarskrárinnar gjörir ráð fyrir að stjórnin hafi heimild til að gefa út bráðab. lög; en þetta eru hreinar og beinar undantekningar, sem jeg álít og sem jeg vona fleiri álíti að stjórnin verði að fara varlega með. Henni eru gefnir þessir yfirburðir. Okkur er ómögulegt, að breyta neinu af ráðstöfunum stjórnarinnar, en *hún*, *stjórnin*, *hún* getur eptir 11. gr. stjórnarskrárinnar breytt því, sem hún vill; jafnvel því sem hún hefur samkykkt og staðfest getur hún breytt með nýjum lögum. Jeg gat þess síðast um hin fyrri bráðab.lög, að þau voru öll um sjerstakleg efni, brblög frá 27. febr. 1877 um aðflutningstoll af víni, og hin frá 27. febr. 1879 og 5. apríl s. á., sem voru sóttvarnarlög og sem einmitt eru hin vanalegu bráðab.lög, því það má álíta svo, að það sjeu hin helztu bráðab.lög, sem gefin eru út um sóttvarnir, hallæri, stríð o. s. frv.; en hitt eru nýmæli og að minni hyggju eins dæmi, að þegar almenn lög eru komin frá þessu þingi, og þegar stjórnin er nýbúin að staðfesta þau, að hún þá breyti þeim uppá sitt eindæmi með nýjum lögum. Jeg þarf varla að vekja athuga þingsins að því, að ef þetta kæmist í raun, þá yrði það ofurhægt fyrir stjórnina, ef henni í einhverju mislíkuðu aðgjörðir þingsins, eða ef hún fyndi galla á einhverjum lögum frá þinginu, við skulum segja einhverja stórgalla á lögunum, þá yrði næsta hægt fyrir stjórnina, segi jeg, annaðhvort að láta vera að staðfesta lög þingsins eða þá, þótt hún staðfesti þau, þá að gefa ofan í þau bráðabl. Þetta gæti orðið hættulegt, og þingið gæti með því lagi bráðum orðið ráðgefandi þing aptur. En jeg álít mjer þó skylt að geta þess, hvað stjórninni og þeim, sem á hana hafa verkað, hefur gengið til að gefa út þessi bráðab.lög. Stjórnin og þeir, sem rjeðu henni til þess, mun hafa gjört það í bezta tilgangi, í þeim tilgangi að spara landssjóðnum fje. En hvað er þetta fje mikið? Eptir skýrslum, sem jeg hef fyrir mjer, hafa eitthvað um 4000 kr. verið goldnar í landssjóð eptir bráðablögunum. Hitt var goldið fyrir manntalsþing 1882 eptir lh.brjefi af 7. febrúar 1882. Eptir þessa lh.brjefi, voru goldnir í landssjóð 25,000 eða 30,000 kr. og þetta bendir á, að lh. gæti borgið málinu svo, að allt yrði goldið. En það er kynlegt, að lh. gefur sitt brjef út 7. febrúar 1882. Stjórnin veit ekkert af því, hún dagsetur sín lög 16. febr. s. á. og á 9 dögum getur hún ekkert vitað um ráðstafanir lh., en allt um það gefur hún bráðabl. út uppá sitt eindæmi. Það er erfitt að trúa því að stjórnin hafi ekki leitað álits hins fyrverandi lh. áður en hún gef út lögin, en eptir þessu þykir mjer þó líklegt að hún hafi ekki gjört það. Meir að segja, mjer þykir líklegra, að hún hafi gefið þau út án hans samþykkis og í móti hans ráðum, og þess er að gæta, að bráðablögin voru eigi nauðsynleg og hafa eigi haft þá verkun í peningalegu tilliti sem menn hugsuðu. En fyrst nú stjórnin hefur gjört þetta í góðum tilgangi, og fyrst henni er svo annt um fje landsins, því hefur hún þá ekki útvegað þær 34,000 kr., sem við eigum í skuld hjá ríkissjóði fyrir lestagjald af póstgufuskipunum? Þingið samþykkti ályktun um það í hitt eð fyrra 1881, og það fje er meira en gagnið af bráðablögunum. Þá hefði henni verið nær, að innheimta þetta fje eptir óskum þingsins og kröfum þess, sem enginn efast um að sjeu rjettar, heldur en svona uppá sitt eindæmi að gefa út þessi bráðab.lög. En hún gjörir nú hitt, enda má sjá það á því, hvernig stjórnin hefur lagt þessi lög fyrir þingið, að hún hefur sjálf meðvitund um, að hjer muni ekki allt með felldi; hún hefur einhvern beig af því. Áður lagði hún bráðab.lög fyrir þingið án athugunar, en nú leggur lh. þau fyrir þingið «til athugunar og eptirsjónar». Mjer dettur engan veginn í hug að beina neinum aðfinningum að hinum hæstv. lh.; það er skylda hans að leggja þau svona fyrir þingið, úr því stjórnin vill svo vera láta, þótt það sjeu eins dæmi. Þessi vegur, að leggja bráðab.lög svona fyrir löggjafarþing, kann að finnast í bókum lögfræðingu og hálærðra manna, jeg skal ekkert segja um það, en hitt er víst, að hann hefur enga heimild í stjórnarskrá vorri. Þá er enn eitt atriði, sem mjer virðist sjerlega kynlegt. Þessi optnefndu lög hafa tvöfalda ákvörðun inni að halda, 1. breytingu á lögum 4. nóv. 1881: «Afli sá, sem hefur fengist á árinn 1881» o. s. frv., og 2. breytingu á gildandi lögum um birtingu laga: «Lög þessi öðlast gildi *daginn eptir* að það tölublað af Stjórnartíð. deildinnir B. er útkomið, í hverju þess er getið, að þessi lög sjeu út komin» o. s. frv. Þetta er nýtt og sjerstakt atriði, því eptir þeim lögum, sem

gilda um birtingu lagaboða, þá eigi 12 vikur að líða frá birtingardegi þeirra í Stjórnartíðindunum, deildinni B., nema tíminn, á hverjum þau eiga að fá gildi sje til tekum. Það var eins hægt að segja, að þau skildu öðlast gildi 1. apríl, en til þessara breytingar hefur enginn ráðið stjórninni. Hinn hæstv. lh. hristir höfuðið. Gott og vel. En hvers vegna var settur þessi 12 vikna tími frá því lögin koma út og þangað til þau öðlast gildi? Til þess að lögin verði almenningi kunn. En að láta þau ganga í gildi daginn eptir birtinguna, það er ekki eptir nærgætinni stjórn.

Allt um það hefi jeg lagt það til, að koma með milda og stilta ust. til mótíveraðrar dagskrár, með ástæðum. En jeg vil þó fyrst skýra frá því, hvers vegna jeg vil ekki reka þetta mál lengra. Það er gamalt orðtæki, «ræða er silfurs ígildi, en þögn í rjettan tíma gullvægi,» en þetta á ekki heima í viðskiptum þingsins við hina h. sjórn. Þegar við tölum, og þó við tölum í þingsályktunum og lagafrumvörpum, þá gefur hún því opt lítinn gaum, en þegar við þegjum, þá myntar hún úr því gull. Í athugasemd við fjálögin, að mig minnir fyrir 1878 og 1879, getur stjórnin þess, að sanngjart væri, að gefa spítala Reykjavíkur eptir 2000 kr. Þingið sagði ekkert um það, áleit sjer ekki skylt að svara uppá athugasemd, en í næstu fjárlögum voru þessar 2000 kr. dregnar út, án þess þingið hefði sagt nokkuð um það eða samþykkt það. En jeg hef annað betra dæmi. Árið 1881 kom konungsúrskurður fyrir því, að vissar 2000 kr. sem opt hefur verið talað um sem sje til konungsfulltrúa á alþingi, væru veittar ofaní fjárlögin og var í athsmd. við frv. til fjáraukalaga f. 1880 og 1881 bætt þeirri athsmd. við, «að þetta fje væri ekki undir veitingu alþingis». Hvað gjörir þingið? Það þegir. En yfirskoðunarmennirnir — þessir slæmu menn — gjöra aðvart um að ekki sje rjett að breyta fjárlögum með konungsúrskurði og það sje ekki samkvæmt stjórnarskránni. Þá sendir lh. brjef yfirskoðunarmanna, (athgr. 1880 bls. 206), í hverju stjórnin kemst svo að orði, að athugasemdin hafi verið gjörð «í þeim tilgangi, að alþingi skyldi gefast færi á að láta álit sitt í ljósi um þetta og hefja *mótmæli* gegn því, sem og koma því til leiðar með breytingaratkvæði, að gjaldið væri tekið upp í veitinguna, ef því kynni að þykja tilefni til þess o. s. frv.» Altsvo, sum gjöld, sem stjórnin segir, að ekki eigi að veitast af þinginu, það skrifar hún síðar skuli veitast, af því að þingið hafi þagað. Það eru mörg fleiri dæmi upp á það, að hún skoðar þögn þingsins sem samþykki. Þess vegna var jeg hræddur um að stjórnin mundi skoða þögn þingsins í þessu máli eins og heimild til að brúka bráðab.lög að eigin vild, og það var einmitt þetta, sem jeg vildi sýna stjórninni kurteislega og stillilega fram á, að við búumst ekki opt við þessu. En jeg er ekki búinn enn. Jeg á eptir að geta þess, að af lagafrumv. frá síðasta þingi er einn fjórði hluti enn óstaðfestur. Þingsályktunum er enginn gaumur gefinn, en þar á móti eru *bráðab.lög* búin til, til þess að fá 4000 kr. Þetta er ekki stjórninni í hag, heldur ætti hún að æskja góðs samkomulags við þingið sjálfrar sín vegna. Það virðist svo sem stjórnin gjöri sig heimakomna við þingið og stjórnarskrána Jeg óska þess ekki, en jeg er hræddur um hún myndi þá geta mætt þeim erfiðleikum hjá þessari litlu þjóð, er hún vildi ekki. Aptur á móti framkvæmir hún það, sem er fellt af þinginu, t. d. það, að veita fjárupphæð til þess, að gefa út safn af gildandi lögum. (*Arnljótur Ólafsson:* Skaði!). Hvort þetta fje var útborgað, gjörir ekkert til, en að fjeð var veitt, það veit hinn hæstv. lh. Þingið á að hafa vakandi auga á því, og sjá um, að ekki sje gengið rjetti sínum of nærri, og það á að gjöra það með því, að vera samhuga og hafa áralagið. Hafa skal því holl ráð, hvaðan sem þau koma, og þó þau komi frá þm. Bf.

Landshöfðingi: Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) hefur nú ítarlega lýst skoðun sinni og áliti um málefni þetta. Uppástunga hans laut að því, að taka bráðab.lögin til umr., en mjer virðist hann þegar hafa fullnægt þessari uppástungu, áður en þingdeildin hefur greitt atkvæði um hana. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um málið, en jeg verð þó að gjöra nokkrar stuttar aths. út af því, er hann sagði. Þar sem hann tók það fram, hversu hættulegar afleiðingar bráðab.lögin gætu haft fyrir stjórnarskrána, ef ekki væri gætt varfærni, þá hygg jeg að þessi bráðab.lög gefi ekki hina minnstu ástæðu til ótta í þessu efni. Hann játaði, að þau væru gefin í bezta tilgangi, og það munu allir verða að játa. En þessi bráðabirgðarlög eru ekki einungis gefin út í bezta tilgangi, held-

ur og einmitt í þeim tilgangi, að framkvæma vilja alþingis, til þess að bæta upp þau lög, sem alþingi hafði sjálft fallizt á, þannig að þau yrðu á þann hátt sem alþingi sjálft hafði ætlazt til. Ef þessi bráðab.-lög hefðu ekki verið gefin út, hefði landssjóður farið á mis við talsverðar tekjur, sem að stjórnarinnar áliti mundi hafa numið 25,000—30,000 kr. Hvort sem þessi áætlun, sem stjórnin byggði á þeim skýrslum, er hún gat haft, er of hátt sett eða eigi, það er allt annað mál: jeg held að það sje ekki. Stjórnin áleit, að eptir útflutningslögunum af fiski og lýsi yrði ekki krafizt spítalagjalds af þeim afla, er fengist eptir 31. ágúst 1881. Stjórnin varð að byggja á því, að eptir lögum þessum mundi spítalagjald af þessum afla missast, og eptir skýrslum, er hún hafði fyrir sjer, hugði hún það yrði allt að 30,000 kr. Þetta var mikið gjald fyrir landssjóð, og það varð að álítast alveg nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að hann missti slíka upphæð. Jeg verð því að álíta, að stjórnin hafi haft fulla ástæðu fyrir því, sem hún gjörði, og að hún eigi miklu fremur þakkir skilið fyrir þetta, en að henni sje borið á brýn, að hún hafi viljað misbjóða þinginu, því hún hefur einmitt viljað koma því til leiðar, en engu öðru, að þeim lögum, sem þingið hafði samþykkt, yrði breitt samkvæmt anda þeirra, og samkvæmt því, er þingið hafði ætlazt til. En því, sem lögunum var ábótavant, var ekki hægt að kippa í lag öðruvísi, en með bráðab.lögum, því spítalagjaldið átti að falla í gjalddaga um vorið 1882, en alþingi átti ekki að koma saman fyrri en nú í ár. Þessi ráðstöfun er því þannig vaxin, að stjórnin getur ekki átt ásökun eða ámæli skilið fyrir hana, og þegar þessu er þannig varið, þá held jeg að þessi bráðabirgðalög gefi enga ástæðu til ótta fyrir því, að stjórnin muni framvegis ganga of nærri stjórnarskránni í líkum tilfellum. Hinn háttv. þm. (Gr. Th.) lagði talsverða áherzlu á það, hvernig þessi lög hafi verið lögð fyrir þingið, nefnil. þinginu til athugunar. En jeg skal geta þess, að eptir 11. gr. stjórnarskrárinnar er alveg nauðsynlegt að leggja þau fyrir þingið. Eptir því sem mjer skildist, áleit hann, að þau bráðab.lög, sem áður hafa verið gefin út, hafi verið lögð þegjandi fyrir þingið, þar sem það þar á móti hafi verið tekið fram um þessi bráðabirgðarlög, að þau væru lögð fyrir þingið til athugunar. Það er satt, að hin fyrri bráðabirgðalög hafa verið lögð öðru vísi fyrir þingið, en þó ekki þegjandi, því þau hafa verið lögð fram ásamt með frumvörpum til laga um sama efni, fyrir þá sök, að þær ákvarðanir, sem bráðabirgðalögin höfðu inni að halda, einnig áttu að hafa gildi framvegis, og ný lög því urðu að koma í staðinns fyrir þau. En það er allt annað mál með þessi bráðab.lög; ákvarðanir þeirra eiga ekki að gilda framvegis, þar sem þær einungis snerta það, sem var um garð gengið áður en þetta þing kom saman. *(Halldó Kr. Friðriksson:* Nei!). Þau snerta innheimtu afgjalds af afla, sem til fjell 1881, og sá tími er fyrir nokkru liðinn. Þegar frumvörp til laga eru lögð fyrir þingið, þá eru það ekki frumvörp til laga sem gengin eru úr gildi, sem eru búin að lifa út sitt líf, heldur til þess konar laga, er gilda skuli framvegis. Hjer er í rauninni ekki um annað að ræða, en að tilkynna þinginu ráðstöfun, sem gjörð hefur verið, og þessi tilkynning hefur verið gjörð í því formi sem stjórnarskráin fyrirskipar, að leggja þau fyrir þingið, en eptir eðli málsins geta þau ekki orðið lögð fyrir öðru vísi en til athugunar og jeg vona að hinir háttvirtu þingmenn sjeu mjer samdóma um, að þetta sje sá eðlilegi máti að leggja þau fyrir þingið, og að annar máti sje lítt hugsandi. Þar sem þm. (Gr. Th.) gat þess enn fremur, að þessi bráðab.lög breyttu öðrum lögum eða má ske brjóta þau, nl. lögin um birtingu laga, *(Grímur Th.:* Já), þó skilst mjer það ekki. Það er heimilt að breyta lögum með öðrum lögum, það er ekki lagabrot. En þessi lög breyta alls ekki lögum um birtingu laga, sem einmitt gjöra ráð fyrir því, að lögin sjálf geti ákveðið, hve nær þau koma í gildi; þetta er gjört í bráðabirgðalögunum, og jeg sje ekkert nýmæli í því. Jeg skal ekki vera margorður um ummæli og skoðun hins háttvirta uppástungumanns um «þögn» og «gull» og «silfur», því mjer fannst þetta strangt tekið ekki koma því máli við sem hjer er til umræðu. En jeg skal gjöra þá almennu athugasemd í tilefni af orðum hans, að þær bendingar, sem koma fram í ástæðum stjórnarinnar fyrir frumvörpum þeim, sem lögð eru fyrir þingið, opt eru þannig lagaðar, að þingið hefir fullt tilefni til að úttala sig um þær, og að stjórnin, ef engin mótmæli koma fram gegn þessum bendingum eða athugasemdum, hefir fulla ástæðu til að halda, að þingið finni

ekkert hjer við að athuga, og þetta átti sjer stað í þeim tilfellum er hinn háttvirti þingmaður nefndi. Þar sem þm. komst að þeirri niðurstöðu, að koma með þá tilllögu, að taka fyrir næsta mál á dagskránni, þá er jeg honum samdóma um að þetta er það sem, liggur næst fyrir; en jeg vil þó lýsa yfir því að engin ástæða er til jafnframt að gefa stjórninni nokkrar aðvaranir eða áminningar, í tilefni af bráðabirgðalögunum, og þar sem dagskráar-uppástunga hins háttvirta þingmans ræðir um traust til þess að stjórnin muni eptirleiðis gæta vandlega að fyrirmælum í 11. grein stjórnarskrárinnar. þá er vitaskuld að jeg ekkert get haft á móti því að þingið lýsi yfir trausti sínu til stjórnarinnar, en mjer þætti betur eiga við að yfirlýsingin væri þannig orðuð, að þingið treysti því að stjórnin muni gæta fyrirmæla stjórnarskrárinnar, «eins framvegis eins og að undanförnu.»

Tryggvi Gunnarsson: Hjer liggja fyrir til umr. bráðab.lög, og ætla jeg að leyfa mjer að tala nokkur orð um þau eingöngu, en ekki fara út í önnur mál, eins og þm. Bf. (Gr. Th). gjörði. Þau liggja ekki hjer fyrir til umræðu, og koma þessu máli ekkert við. Þegar jeg virði þessi bráðab.lög fyrir mjer, þá get jeg ekki sjeð, að hægt sje, að draga nokkurn annan tilgang út úr þeim en þann, að spara með þeim fje fyrir landssjóðinn, er stjórnin áleit að mundi að öðrum kosti missast. Hversu stór þessi upphæð var, skal jeg ekkert segja, en stjórnin áleit það mundi verða um 30,000 kr. Þá skoðun sína studdi hún við ýms blöð frá Íslandi, einkum eitt blað, er þm. Bf. þekkir. Þetta var ekki heldur fjærri lagi, því eptir skýrslu, sem jeg hef í höndum frá endurskm. landsreikninganna, hafa aflazt 160,000 tunnur síldar frá 1. septbr. til 31. desbr. 1881, og útflutningsgjald af þeim afla verður liðugar 38,000 kr. Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) sagði, að það væri einar 4 þús. kr., er goldizt hefðu eptir bráðab.lög. Það er mjer óskiljanlegt, hvernig hann fer að skilja þar á milli. *(Grímur Thomsen:* Jeg skýrði frá því). Eptir því, sem hann skýrði skoðun sína, var mestallt gjaldið greitt eptir lh.brjefinu, eða skilningi hans á spítalalögunum. En það er þó nokkuð undarlegt, þar sem brjefið er dags. 7. febr., en gjaldið var greitt í október og nóvember, eða 3—4 mánuðum áður en brjefið varð til. En jeg vil sleppa að tala meira um þetta. Spurningin er hjer, hvort þessar 30 eða 38 þús. kr. áttu að greiðast samkvæmt spítalalögum 1872 eða eigi. Takmarkið fyrir gjaldgreiðslunni er ekki það, *hvað mikið greitt er* fyrir 1. janúar, heldur um það, hvort *rjett* hafi verið að *heimta nokkurt gjald* af þeim afla, er fjekkst 4 seinustu mánuði ársins; og hafi það verið gjört, hvort eigi hafi þá verið rjett, að *skila því aptur* úr landssjóði til gjaldendanna, þegar lögin 4. nóv. 1881 voru komin í gildi, er skýrlega ákveða, að ekkert gjald skuli greitt af þeim afla, því þingið og þjóðin vill þó víst ekki brúka hnefarjettinn, heimta gjaldið og síðan halda því fje, sem landssjóðurinn ekki á með rjettu, í trausti þess að þeir sem greitt hafa fjeð, ekki vilji fara í málarekstur út úr því. Sje löglegt að heimta gjaldið eptir spítalalögunum, þá er það ekki rjett hermt, að 4.000 kr. hafi verið heimtar eptir bráðabirgðalögunum, þó þetta væri ekki innheimt við nýár, því hafi spítalalögin verið nægileg til að ná yfir allt gjaldið, þá var ekkert heimt eptir bráðab.lögunum; en jeg álít þetta hreinan misskilning, og að yfir 30,000 kr. hefði tapazt, ef bráðab.lögin ekki hefðu komið.

Í öðru lagi verð jeg að fullyrða að ekki sje hægt að gefa út nokkur bráðab.lög eins saklaus og þessi: því hvað segja þau? Þau segja að eins, að gildi þeirra laga, sem hafa gilt hjer á landi í 10 árin næstu á undan, sje lengt um 4 mánuði. Þriðja atriðið, þessum lögum til meðmælis og sem mest er vert er það: að þau eru gefin út til þess að, framkvæma vilja þings og þjóðar. Jeg sje að einn þm. (Gr. Th.) hristir höfuðið. En þá vil jeg spyrja: er nokkur sá af hinum h. þm., er vildu eða ætluðu sjer 1881 að leysa síldina undan þessu gjaldi um 4 mánuði, eða frá 1. sept. til 31. desbr? Jeg er sannfærður um, að svarið verður neitandi. Það væri líka alveg ónáttúrlegt og ómögulegt að löggjafinn gæti hugsað eða samþykkt þvílík lög, sem ákvæðu að taka gjald af öllum afla fyrir 1. septbr. og eptir 1. jan. en sleppa að heimta það 4 mán., einmitt þann tíman, sem aflinn er langmestur. Og hverjir eru það svo, sem sleppa við að greiða þetta gjald? Það eru utansveitarmenn, með öðrum orðum utanlandsmenn, Landshöfðingjabrjefið frá 7. febr. f. á. byggir á því, að gjaldi þessu hefði mátt ná eptir spítalalögunum frá 1872, af því að eptir þeim á að greiða gjaldið áður en eigandi

aflans fer burtu úr sveitinni (*Gr. Th.:* það er satt.). En mjer þætti gaman að sjá hvernig sýslumaðurinn ætti að fara að heimta gjald hjá þeim manni, sem hann vorið áður var búinn að selja borgarabrjef, og maðurinn búinn að byggja sjer hús í sömu sveit og hann tekur allan aflann, kaupa sjer báta, veiðarfæri og önnur áhöld, og búinn að veiða í landhelgi allt haustið fyrir augunum á sýslumanninum, án minnstu mótmæla frá honum, að veiðin væri lögleg, en þrátt fyrir allt þetta á sýslumaðurinn að koma i nóvemb. og segja: «nei góðurinn minn, jeg ætla ekki að sekta þig fyrir ólöglega veiði, en þú átt að borga spítalagjald af því þú ert utanríkismaður, og ætlar nú að fara heim til þín».

Jeg hef tekið þessi atriði fram, af því jeg álít, að það sem einungis á að koma til álita þegar rætt er um bráðab.lög þessi, sje þetta tvennt:

1. Er nóg ástæða til að gefa út bráðabirgðalög?
2. Eru þau samkvæm vilja þjóðarinnar?

Eins og jeg tók fram áður, þá hafði stjórnin ástæðu til að álíta, að hjer væru í veði liðugar 30,000 kr. og skal jeg játa það. að jeg met þetta fje mikils virði fyrir lsj.; en sú ástæðan er þó meiri, að stjórnin hlaut eptir málavöxtum að álíta, að hjer gjörði hún eigi annað en framkvæma þingsins vilja, eður það, sem þingið í raun og veru hefði ætlað sjer upphaflega að gjöra. Jeg er þess fullviss, að enginn hefur viljað, að síldin slyppi undan gjaldi þennan stutta tíma, svo þingið, þjóðin og ráðgjafi hafa verið alveg á sama máli í þessu efni. En nú kemur meiningamunurinn fram um það, hvernig eigi að fara að til þess að fá þessu framgengt. Ráðgjafinn áleit að eigi væri hægt að bjarga málinu nema með bráðab.-lögum. En lh. áleit að skilja mætti lögin svo, að öllu væri borgið. Fyrir mitt leyti verð jeg heldur að fallast á skoðun ráðgjafans fremur en landsh., þó jeg viti að brjef hans sje sprottið af beztu meiningu fyrir landssjóðinn. Í hið minnsta verð jeg að álíta að þingið geti ekki aðhyllzt skoðun hans í nefndu brjefi, nema þá að lenda í mestu ógöngum (*Gr. Th.:* svo), jú, því þar er byggt á spítalalögunum, þar þau alls ekki hljóða um *gjaldskyldu*. heldur *gjaldgreiðslu* eður á hvaða tíma gjaldið skuli vera innheimt. Þessu til skýringar skal jeg til færa eitt dæmi. Ef jeg á þessum 4 mánuðum afla 100 tunnur af síld í þeirri sveit, sem jeg er búsettnr í og 100 tunnur í annari sveit, sem jeg er ekki búsettur í, þá er jeg eptir áðurnefndum skilningi á spítalalögunum laus við að gjalda af aflanum sem jeg fjekk í minni sveit, en verð að borga 25 kr. af hinum 100 tn., en slíkt er ómögulegt að sje samkvæmt vilja löggjafans og sjeu þessar síðari 100 tn. ekki útfluttar fyrri en á næsta vori, þá fellur líka útflutningsgjald á þær, sem þó er alveg gagnstætt vilja þingsins 1881. — Með þessum skilningi lendir þingið í mestu ógöngum. Ef jeg mæti manni sem hefur leiðrjett það, sem mjer hefur yfirsjezt, þá segi jeg við hann: «Þakka þjer fyrir», en hafi gjört þvert á móti mínum vilja, þá segi jeg: «Hafðu ópökk fyrir þetta». Jeg álít að í þessu máli hafi ráðgjafinn gjört að vilja þings og þjóðar, og að hann í þessu efni eigi fremur skilið þökk en ópökk. Það getur verið að stjórninni hafi yfirsjezt í mörgum öðrum málum, en jeg fer ekki út í það í þessu máli og ekki heldur í hitt, að með þessum bráðab.lögum sjeu líka brotin lögin um birtingu laga, eins og þingm. Bf. (Gr. Th.) sagði; í þeim stendur: «nema dagurinn sje ákveðinn í lögunum sjálfum», og þannig hafa mörg lög verið, sem þingið sjálft hefur samið, svo bráðab.lög þessi gjöra að því leyti ekki brot á venjunni sem þingið sjálft hefur innleitt.

Jeg ætla að enda með því að draga ályktun af þessu, sem jeg hef sagt. Jeg get ekki betur sjeð, en að bráðab.lögin sjeu eigi einungis sprottin af góðum vilja og gjörð í góðum tilgangi, eins og þingm. hefur sagt, heldur að það hafi verið bein skylda ráðgjafans. að verja landssjóðinn auðsjáanlegu tapi, og að þingið ætti því heldur að lýsa ánægju sinni yfir þessari ráðstöfun en óánægju. Jeg skal játa það, að jeg álít mjög óheppilegt að þau tilfelli komi opt, að nauðsynlegt sje að gefa út bráðab.lög, og hef því ekkert á móti því að þingið lýsi yfir þeirri ósk sinni, að stjórnin sje mjög varfærin með að gefa þau út, nema þegar »brýna nauðsyn ber til», svo ef hin mótíveraða dagsskrá þm. Bf. (Gr. Th.) miðar einungis við þetta, þá get jeg með fyllstu sannfæringu gefið henni atkvæði mitt. En standi hún í nokkru sambandi við þessi bráðab.lög, þá er langt frá að jeg geti greitt atkvæði með henni. En sem sagt, sje það skýrt tekið fram, að þetta atriði miði einungis

fyrir ókomna tímann, þá gef jeg henni mitt atkvæði; annars ekki.

Halldór Kr. Friðriksson: I fyrsta greininni í stjórnarskránni stendur þannig: «Löggjafarvaldið er hjá konungi og þingi í sameiningu». Þar af leiði jeg þá skoðun mína, að engin lög hafi fullt gildi nema konungur og þing sjeu samhuga um þau. Aptur á hinn bóginn tekur 11. gr. það fram, að bráðab.lög sem konungur setur milli þinga, skulu veru lögð fyrir næsta þing. En hafi nú 1. gr. nokkra þýðingu, þá er það sjálfsagt um hver bráðabl̈ög, að þau leggist fyrir þingið til samþykktar, en það er ekki nóg það, að þau sjeu lögð fyrir þingið að eins til yfirlits, því öldungis eins og þingið getur samþykkt þau, eins getur það *ekki samþykkt* þau. Í 3. lagi stendur í 23. gr. stjórnarskrárinnar: «Engan skatt má á leggja nje breyta, nje af taka nema með lagaboði». Þar af leiðir, að þar sem með þessum löginn er beinlínis lagður skattur á, þá er það á móti 23. gr., að þau þurfi ekki að leggjast fyrir þingið. Hinn h. ustm. sagði, að hjer stæði nokkuð sjerstaklaga á, þar eð lögin hefðu að eins gilt fyrir stuttan tíma og áhrif þeirra væru nú horfin. Það er að eins að nokkru leyti satt, það er satt. að sá tími, sem þau náðu til er liðinn. En jeg vildi leyfa mjer að spyrja hinn h. flm.: má þá konungur eptir stjórnarskránni leggja skatt á landsbúa í eitt skipti fyrir öll nema með samþykki þingsins? Jeg segi *nei*, og jeg álít þetta atriði mjög mikilsvert. Það hefur engin áhrif, þó að þetta gjald, eða að þessi skattur hafi lagzt meira á útlenda en inlenda. Það eru þó sjálfsagt nokkrir af landsbúum, sem hafa greitt skatt, enda gætu slík lög, ef optar kæmu út, lagt skatt einungis á landsmenn. Ef hjer er ekki um það að ræða, að eldri lög eru úr gildi numin með þessum bráðab.lögum, þá er það þó auðsætt, að hjer er nýr skattur lagður á, sem alþingi fær ekki leyfi til að samþykkja. Þess vegna get jeg ekki samþykkt þessa dagskrá flm. (Gr. Th.), er hann vill koma með, því að jeg verð svo á að líta að hjer sje brugðið út af fyrirmælum stjórnarskrárinnar, og það í fleiri en einni grein.

Þegar jeg nú lít á ástæðurnar fyrir þessum lögum, þá stendur hjer: «Oss hefur allraþegnsamlegast verið *skýrt svo frá*, að 9. gr. í lögum 4. nóv. 1881, o. s. frv. *muni eigi vera samkvæm því, sem alþingi ætlaðist til*". Hver gat sagt um það? Getur nokkur einstakur þm. gjört það? Nei! Getur þá nokkur fyrir utan þingið sagt það? Nei! Getur stjórnin það sjálf? *Nei.* Það getur enginn nema þingið sjálft. Það er engin ástæða, þótt segja megi, að alþingi ætlaðist ekki til að landssjóður missti nokkuð af útflutningsgjaldinn, því að það gat verið á sömu skoðun og hinn fyrverandi og lh., að lagannar þyrfti ekki með, til að sjá því borgið að gjaldið næðist. Það gat sannalega einnig hugsað sem svo: Þetta útflutningsgjald, sem fellur til eina 4 mánuði er svo lítið, að ekki er vert um það að ræða. Það getur enginn sagt neitt um það nema þingið; það verður sjálft að skera úr því. Jeg get ekki sjeð, að stjórnin hafi haft nokkra gilda ástæðu til þessara laga. Hún getur ekki sagt, að þingið hafi ætlazt til þess, þegar það segir ekkert. Hafi það verið hugsun þingsins, að ekkert verulagt gjald misstist og ekkert væri tvígoldið, því kemur stjórnin þá ekki með bráðab.lög um, að ekki skuli gjalda spítalagjald af þeim fiski, sem út var fluttur í byrjun ársins 1882 og sem þó hafði aflazt fyrir 1. dag sept. 1881? Hvers vegna er þá ekki hugsun þingsins framfylgt! þá stefnuna líka? Því að það var sannarlega tilgangur þingsins, og það var skýrt tekið fram í þingræðunum, að eigi skyldi greiða tvöfaldan skatt af neinum útfluttum fiski. En jeg hef hvergi heyrt þess getið, að sýslumönnum hafi verið bannað það, eða boðið að sjá um, að ekki væri heimtað spítalagjald af þessum fiski. Það er auðvitað mikið gott, að landssjóður fái sitt, en það er ekki tilgangur laganna, að leggja órjettlátt gjald á, sem jeg kalla svo, þegar heimtað er sama gjald af sama hlutnum tvívegis, gagnstætt því, sem lögin ætluðust til. Þetta sýnir, að málið er að eins hugsað frá annari hliðinni, en ekkert frá hinni. Þess vegna get jeg ekki verið samþykkur lh. og 1. þm. Sm. um það, að lögin sjeu gefin út til þess, að fullnægja vilja þingsins, því fyrst og fremst yrði þá stjórnin *að rita* vilja þingsins, og í öðru lagi, *að fylgja* honum í öllum atriðum. Jeg ætla ekki að tala um það, að lög um lagabirtingu sjeu brotin, en hitt er víst, að það að mjög svo óeðlilegt, að lögin skuli ganga í gildi um allt land, daginn eptir að frá því er skýrt í Stjórnartíðindunum, eða með öðrum orðum: löngu áður en landsbúar og gjaldþegnar geta vitað, að þessi lög sjeu til.

Gjaldheimtumenn og gjaldþegnar eru skyldir til að hlýða þessum lögum, áður en þeim er auðið að vita nokkuð um þau; þessum lögum eiga þeir að hlíða norður á Langanesi, austur í Múlasýslum, vestur á Ísafirði, og yfir höfuð um allt land þegar daginn eptir, ef til vill daginn eptir að þau koma hingað til Reykjavíkur. Það væri því mjög óheppilegt, ef slík lög kæmu opt út, og þess vegna álít jeg, að það hefði verið alveg nauðsynlegt, að skora á stjórnina, að láta slíkt eigi koma optar fyrir.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið. Jeg skal játa að lögin eru gefin í bezta tilgangi, og jeg skal líka játa það, að þau hafa ef til vill, segi jeg, aflað landssjóðnum fjár. Um það atriði álít jeg ekki vert, eða eiga við að tala nákvæmar á þessum stað. Stjórnin hefur gjört þetta í þeim tilg. að bæta úr þeim galla, sem hún áleit að væru á lagasmíði alþingis. Gott og vel. En um leið og jeg játa þetta, verið jeg einnig að játa það, að jeg *get ómögulega fundið í stjórnarskránni constitutionella heimild* eða ástæður *fyrir þessum bráðabirgðalögum.* Ef máttarstoð stjórnarskrárinnar, fyrsta greinin, á ekki að vera dauð og þýðingarlaus, ef hún á ekki að verða eins og reykur, þá verða lögin að vera byggð á jafnhliða atkvæðum þings og konungs, vanalega fyrst á samþykki þingsins og síðan á staðfestingu konungs. Þótt gjörð sje undantekning frá þessu í 11. gr., þá er það ekki meiningin að konungur skuli gefa út lögin einn, heldur upp á *væntanlegt samþykki* löggjafarþingsins. Þetta væntanlega *samþykki* verður að koma fram til þess, að bráðabirgðalögin geti orðið að *endilegum lögum;* ella yrði 11. gr. tvöföld undantekning frá 1. gr. Jeg er einnig samdóma þm. Rvk. um það, að gagnstæð kenning getur orðið afarhættuleg og haft hinar óheillavænlegustu afleiðingar sjerstaklega þegar um skattamál er að ræða. Dæmið sem hann kom með var mjög heppilegt til að sanna það, og það er enda spursmál um, hvort það er ekki betra að landsjóðurinn missi 20 til 30 þús. kr. fyrir vangá sína, til þess að þingið læri að «brennt barn forðast eldinn»; það er með öðrum orðum, læri að vanda betur lagasmíði sitt en hingað til. Tímaleysið 1881 er alls ekki næg afsökun fyrir þingið í þessu efni.

Hinn hæstv. lh. tók það fram og lagði alla áherzluna á það, með þeirri mannúð sem honum er svo lagin, að þetta væri sjerstaklegt atvik; það gæti ekki komið opt fyrir, það væri umliðið, og hefði ekki afleiðingar fyrir ókomna tíman. En þó svo sje að nokkru leyti sem hann sagði, þá er þess að gæta, að til eru aðrar hliðar þessa máls, sem opt geta komið fyrir, og því er þetta dæmi mjög varúðarvert. Í þessu tilliti tek eg það þá fyrst fram, að þessi bráðabirgðalög eru svonefnd «authentisk Fortolkning» af lögunum 4. nóvemb. 1881 og þetta einkenni geta mýmörg lög haft sameiginlegt með þeim framvegis. En það þyki mjer kynlegt, ef menn vilja innleiða slíkt með bráðabirgðalögum. Hvað er authentisk Fortolkning? Hún er innifalin í þeim skilningi, eða þeirri útþýðingu gildandi laga, sem ekki verður dregin útúr þeim með vísindalegri vissu; hún er lögboðin skilningur laganna, og því í rauninni ný lög undir röngu nafni. Þessi «authentiska Fortolkning» er fjarskalega hættuleg, einkum á bráðabirgðalögum, og þó til sje stjórnarskipunarlög, sem heimila hana löggjafarvaldinu, þá er hitt eins víst, að hún er útilokuð með grundvallarlögum Dana og þá sjálfsagt líka með stjórnarskrá vorri, því hún stendur að þessu leyti á sama grundvelli. En þá er og annað atriði, er jeg vildi minnast á. Þessi bráðab.lög eiga að hafa svonefndan «tilbagevirkende Kraft», þau eiga að verka aptur fyrir sig. Hjer kemur þá aptur fram hættulegt «Princip», sem maður þekkir að vísu frá fyrri tímunum, einveldistímanum, en sem útilokast með hverri þeirri stjórnarskipan sem byggð er á sönnu þingfrelsi, enda stríðir það gegn eðli allra laga sem *auglýstum* vilja ráðgjafans fyrir þegnunum. Þetta tvennt sýnir það og sannar, að þessi bráðabirgðalög eru mjög varúðarverð, og jeg mundi heldur vilja kjósa, að landsjóðurinn missti svo þúsundum kr. skipti, heldur en þessar 2 setningar rótfesti sig í löggjöf vorri með bráðabirgðalögum ár eptir ár. Allir mega nú nærri geta eptir þessu, að jeg álít ekki rjett að koma fram með þessi lög fyrir þingið að eins til athugunar í staðinn fyrir að leggja þau fram til samþykkis, þó að tímabil það sje umliðið, sem lögin verkuðu, því að hjer er eigi að síður spurningin um það, hvort þingið vill gefa *samþykki* sitt til þessara bráðab.laga eða ekki. Hverjum eru þau annars lögð fram «til *athugunar*»? *Vilja menn ekki kryfja þetta orð?* Er það þinginu til *athugunar*? Eða er það stjórn-

inni til athugunar? Jeg held helzt það geti verið öllum til athugunar! Jeg held það verði varla öðruvísi skilið, en það sje til þess að sýna, hvernig *ráðgjafinn geti misskilið stjórnarskrána*, er hann útilokar samþykkisatkvæði þingsins gegn anda hennar og ákvæðum.

Jeg ætla að enda með því að geta þess, að það getur orðið hættulegt bæði fyrir stjórnina, þingið og landssjóðinn, að teygja svona anda og ákvæði stjórnarskrárinnar í það óendanlega eins og hrátt skinn, og eins og orðin eru teygð í 11. gr. sbr. 1. gr. með þessum bráðab.lögum, og það er ef til vill, eptir að vita, hvaða áhrif *vöntunin á samþykki* alþingis á þessi bráðabirgðalög gæti haft á gæði þeirra, þó þau eigi að heita útrunnin. En það leiði jeg hjá mjer, það er á ábyrgð ráðgjafans. Hjer er um sjerstaka undantekningu að ræða, segir stjórnin. En ef það væri nú einhver sjerstök tegund af bráðab.lögum, sem ekki þyrfti annað en leggja fyrir næsta þing aðeins *„til athugunar“*, því er það þá ekki tilgreint sjerstaklega í 11. gr.? En hjer eru engar aðgreiningar í þessu tilliti. Og af hverju? Af því, að þessi grein meinar allt annað með *„brýna nauðsyn“*, og allt annað með «lögð fram», en það *tilfelli* og formlegu *aðferð*, sem ráðgjafinn hefur viðhaft í þessu máli. Ef þetta er rjett, sem jeg segi, þá vona jeg að þeir þingmenn, sem með stjórninni vilja mæla bót þessum bráðabirgðalögum, sjeu mjer samdóma um að það er hin brýnasta nauðsyn að minnsta kosti til að breyta stjórnarskránni, þótt ekki væri annars vegna en þessa eina atriðis í 11. gr. og þess vegna vona jeg hinn hæstv. lh. styrki það mál, þegar það kemur á dagskrá.

Jeg skal að endingu lýsa því yfir, að jeg að vísu vil láta fara svo liðlega í þetta mál sem unnt er, en jeg held því föstu, að það hafi ekki verið konstitutionell heimild fyrir þessum bráðab.lögum í stjórnarskránni, og að þau skorti sjálfsagt og lögboðið eptirfylgjandi *samþykki* alþingis fyrir sakir þess, að þau hafa ekki verið lögð fyrir þingið samkvæmt 11. gr. hennar.

Landshöfðingi: Hinn h. þm. Rvk. (H. Kr. Friðr.) fór, eins og honum stundum er lagið, hörðum orðum um bráðab.l., hann kvað jafnvel svo hart að orði að þau væru margfalt brot á stjórnarskránni. Jeg neita því með öllu, að hann hafi nokkrar sennilegar ástæður fyrir svo þungri ákæru og menn ættu þó sannarlega að varast að koma fram með slíkar sakargiptir, nema menn geti fært ástæður fyrir þeim, en það hefur hinn háttvirti þingmaður ekki getað. Jeg skal eigi ganga inn á öll hin einstöku atriði í ræðu hans; en þar sem hann sagði að það væri algild regla við samning laga að vilji þingsins og konungs færi saman, þá er það auðvitað, að þetta er rjett sem almenn regla, en þm. veit það eins vel og jeg, að bráðab.l. er konungurinn einmitt einn um að gefa út og það getur vel komið fyrir að stjórninni sje ekki kunnugur vilji þingsins í því máli sem nauðsyn ber til að gefa út um bráðabirgðalög. En nú er það einkennilegt við þessi bráðab.l., er hjer er um að ræða, að stjórnin vissi vilja þingsins í þessu máli og einmitt fór eptir honum. (*Halldór Kr. Friðriksson:* Svo?) Jú, og jeg álít það heppilegt að stjórnin hefir skilið betur vilja þingsins í þessu efni en þm. Rvk. nú sýnir að hann hefir gjört. En hvernig gat það verið stjórninni kunnugt að þetta hafi verið vilji þingsins? spyr hinn háttvirti þingmaður. En er þá ekki birt á prenti það sem fram fer á þinginu? Alþt. geta allir lesið, og það er sjerstaklega skylda þeirra að kynna sjer þau, sem eru riðnir við landstjórnina og löggjöfina. Það er ljóst af því sem fram kom á þinginu 1881 að það var vilji þingsins, að undantaka eigi 4 mánuði ársins frá öllu gjaldi, og í annan stað að heimta eigi tvenn gjöld af sama gjaldstofni, þar sem að annað af þessum gjöldum tók við af hinu. Það er þessi vilji þingsins sem ekki kom fram í lögunum um útflutningsgjaldið, og það er hann sem bráðabirgðalögin gjöra mögulegt að framkvæma.

Þm. tók það fram að engan nýjan skatt mætti leggja á án samþykkis þingsins. Hjer er enginn nýr skattur lagður á, að eins heldur innheimta hins gamla skatts áfram nokkra mánuði lengur, eins og hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) tók fram með rjettu. Jeg get eigi heldur kannast við óheppileg orðatiltæki í l., eða að nokkur nýmæli sjeu gjörð með þeim með tilliti til þess, hvenær þau skuli koma ná gild.

Bæði þm. Rvk. (H. Kr. Friðr.) og 2. þm. Nm. (B. Sv.) hafa haldið því fram, að eigi hafi verið brýn og fullgild nauðsyn til þessara bráðabl. Það getur verið álitsmál um það, hve mikið þarf að vera í húfi til þess að brýn nauðsyn sje að gefa út bráðab.l. Jeg vil að eins skírskota til þess sem jeg hef áður sagt, að stjórnin hefur með l. þessum

komið í veg fyrir verulega tekjurýrnun fyrir landssjóðinn, og get jeg eigi nógu opt brýnt fyrir hinni heiðruðu þd., að stjórnin hefur einmitt í þessu efni farið eptir vilja þingsins og tilgangi þess.

Jeg er hinum h. þm. Nm. (B. Sv.) samdóma um það, að bráðab.l. yfir höfuð eru mjög varúðarverð; en jeg er einnig samdóma hinum 1. þm. Sm. (Tr. G.) að engin bráðab.l. geta verið saklausari en þessi. Það er ekki svo sem hjer sje ráðizt í nokkuð, sem hafi kostnað í för með sjer, heldur þvert á móti, það er verið að girða fyrir tekjumissi. Jeg álít þau bráðab.l. mjög varúðarverð sem væru þess eðlis að tvísýni væri á, hvort afleiðingarnar yrðu góðar eða illar, eða þar sem mögulegt væri að eitthvað hættulegt kynni af þeim að leiða, þótt annað lægi nær. Það getur því verið rjett sem almenn regla að bráðab.l. sjeu varúðarverð, en með tilliti til þessara bráðabirgðalaga getur ekki verið um neitt slíkt að ræða. Það getur ur vel verið spurning um það, hvort það sje hentug ákvörðun að lögin skyldu öðlast gildi daginn eptir, að þau eru birt í Stjórnartíðindunum, en jeg neita því algjörlega að það komi í bága við önnur lög.

Þar sem enn fremur hefur verið lögð áherzla á það að l. væru lögð fram til athugunar og ekki til samþykkis, þá er þetta að vísu nýtt hjá oss, vegna þess að svo fá bráðab.l. hafa komið fram, en slíkt er alltítt í Danmörku, því að þar er ávallt farið svo að í þeim tilfellum, þegar l. eru búin að gilda fyrir þann tíma, sem þeim er ætlaður. Öðru vísi er farið að þegar bráðabl. eiga að leggjast fram til samþykktar, því að þá koma þau fram sem frv. til laga, er eiga að koma í staðinn fyrir bráðabirgðalögin og gilda framvegis. En þegar þegnarnir eru búnir að lifa eptir þessum bráðabl., sem lögum, og þau eru um garð gengin, þá væri undarlegt að leita samþykkis þingsins um það, hvort þær ákvarðanir ættu að standa, sem gjörðar hafa verið með lögum, því bráðabl. eru lög eptir 11. gr. stjórnarskrárinnar. Merkir lögfræðingar hafa jafnvel álitið, að þó að þingið neitaði að samþykkja bráðabl., þá sje þar með ekki fellt úr gildi það sem framkvæmt hefur verið eptir þessum bráðabl., með því þetta hefur verið framkvæmt eptir lögum sem eru heimiluð í stjórnarskránni. Annað mál er það, hafi bráðabl. brotið á móti stjórnarskránni, þá má koma ábyrgð á hendur stjórninni, og eins þótt bráðabl. sjeu fallin úr gildi. En við því að koma ábyrgð á hendur stjórninni út af þessum bráðabirgðalögum hefur enginn ekki einu sinni þm. Rvk. hreift. Skal jeg að lyktum láta þá von mína í ljósi, að hann muni sætta sig við það að landssjóður missi ekki þá peninga, sem bráðabl. hafa útvegað honum.

Eptir þessar umræður vona jeg að uppástungumaður hafi náð tilgangi sínum, að fá lögin athuguð og að þingið geti því nú lokið þessu máli.

Arnljótur Ólafsson: Þetta mál er nú þegar rætt vel og vandlega, og er það vænt að það hefur komið fram og hefur verið skýrt á báða bóga, því að nú vita þm. betur eptir en áður, á hverju bráðab.l. eru byggð og eiga að byggjast. Eptir 11. gr. stjórnarskrárinnar eru nefnd 3 skilyrði fyrir bráðab.l. Eg vil víkja einungis á 2 þeirra. Hið fyrra er að til þess sje «brýn nauðsyn»; hið síðara, að þau skulu «lögð fyrir næsta alþingi».

Hvað nauðsynina snertir, þá verður fyrst að gæta að hvernig lögin eru, hvert innihald þeirra sje, og hverjar afleiðingar. Því hættulegri sem l. eru, því vafasamari og ískyggilegri sem afleiðingarnar eru, því *brýnni* nauðsyn þarf til laganna. En því auðsærra sem það er að afleiðingar l. verði heppilegar, því minni þarf þessi brýna nauðsyn að vera. Þegar jeg heimfæri þessa almennu setningu, er jeg álít vera skynsamlega, til þessara bráðabirgðalaga, þá verð jeg að játa að þau sje einhver hin meinlausustu, þó að 2 þm. hafi viljað gjöra þau hættuleg (*Benidikt Sveinsson:* Álitið þau hættuleg) sem skattalög. Vjer vitum að afleiðingarnar eru eigi aðrar en þær, að borgað hefur verið í landssjóð spítalagjald af síld, sem hefur aflazt frá 31. ágúst til ársloka 1881, eptir tilskipuninni frá 12. febr. 1872. Þetta eru ekki hættulegar afleiðingar, að lsj. skuli hafa fengið afgjald af síldarafla í 4 mánuði. Engar aðrar afleiðingar hafa orðið nje geta orðið af þessum bráðabirgðalögum.

Nú vil jeg spyrja: Hvort skyldi það hafa verið meining löggjafans — þingið og stjórnin eru þeir 2 þættir, er samtvinnast í það nafn — hvort skyldi það hafa verið meining hans, að ekkert gjald fengist af síld í þessa 4 mánuði, eða óaðgæzla hans, að gjaldinu var sleppt? (*Halldór Kr. Friðriksson:* Sönnun!) Er það sennilegt, að löggjafinn aftaki ástæðulaust spítalagjaldið í 4 mánuði áður en útflutningsgjaldið hefst?

Það getur enginn sagt að slíkt sje eðlileg meining löggjafans, heldur verða að liggja til þess einhver rök, og hver eru nú þessi rök?

Þegar vjer nú lítum á brt. við 9. gr. stjórnarfrv. 1881, er fæddi af sjer l. frá 4. nóv. 1881, þá getur maður rakið tildrögin til þessa glundroða. Það var skýrt tekið fram við 3. umr. málsins í þessari deild, að brt. við 9. gr., sem var fólgin í því að setja »til ágústmánaðarloka«, í staðinn fyrir »til ársloka« 1881, væri byggð á því, að fiskur sá er aflaðist á haustvertíðinni 1881, en yrði fyrst fluttur út sumarið 1882, yrði annars fyrir tvöföldu gjaldi, bæði útflutningsgjaldinu um sumarið, og spítalagjaldi um vorið 1882. Bratkv. við 9. gr. frv. var því að eins til að fyrirbyggja hið *tvöfalda* gjald af þorskinum, en eigi til þess, að undanþiggja *öllu* gjaldi síldina, sem aflaðist þessa 4 mánuði, og var flutt út úr landinu fyrir ársbyrjun 1882. Hvað gjörir þá stjórnin? Hún sjer eptir á óaðgæzlu þingsins, og sína um leið, því að hún er búin að staðfesta l.; hún álítur þá skyldu sína gagnvart sjálfri sjer og þinginu, að bæta úr þessari gleymsku, og hún gerir það með bráðabirgðalögum, annað ráð hafði hún eigi til. Þetta er nú allt sem l. gjöra, að bæta úr gleymsku, sem vjer hljótum að kannast við (*Halldór Kr. Friðriksson*: Jeg játa það ekki). Þm. Rvk. játar það ekki, en hann er líklega ekki nema 1 undantekning.

Þó að l. væru nú ekki svo gagnleg, að þau hafi veitt landssjóðnum einar 30,000 kr. alveg hættulaust, þá álít jeg samt, að það sje ætíð »brýn nauðsyn« til þess að þýða löggjafans auðsæja eigin vilja. Þess vegna verð jeg að álíta skilyrðinu um nauðsynina fullnægt.

Þar sem 11. gr. setur enn fremur það skilyrði, að bráðab.lög megi eigi koma í bága við stjórnarskrána, þá álít jeg að það sje svo fjarri því um þessi l., að alls eigi þurfi um það að ræða.

Hitt atriðið, er jeg nefndi í byrjun ræðu minnar, var, að slík lög skulu jafnan »lögð fyrir« hið næsta þing. Þessi l. hafa eigi verið »lögð fyrir«, heldur að eins tilkynnt. Jeg veit það stendur í fræðibókum danskra lögfræðinga, að slík tilkynning sje næg, þegar svona stendur á, að l. hafa út endað sinn tíma (sbr. Holck: Forfatningsret I., bls. 207 og 212). Fyrir því er það eðlilegt, að stjórnin hafi nú viðhaft hjer þessa aðferð. En með því er eigi sagt, að þessi aðferð sje rjett á voru landi, og þegar jeg lít á stjórnarskrána, þá er jeg í vafa um hvort það er nægilegt að leggja l. fram til athugunar. Í 9. gr. stjórnarskrárinnar stendur: »Konungur getur látið leggja fyrir alþingi uppástungur til laga og ályktana«. Nú skil jeg svo þessa grein, að konungur geti eigi »lagt fyrir« þingið uppástungur nema á tvennan hátt, annaðhvort »til laga« eða »til ályktana«. Í 9. gr. er alls eigi talað um uppástungur »til athugunar«; það sem er lagt fyrir þingið í því skyni, eru skýrslur, en bráðab.lög geta ekki talizt með skýrslum. Nú segir 11. gr., að slík lög skuli »leggja fyrir« alþ.; en þessi orðatiltæki: að »leggja fyrir« eiga eigi við um skýrslur, heldur að eins um frv. til laga, eða ust. til þingsályktunar. Um merking þessa orðatiltækis skal jeg enn fremur skírskota til 25. á tveim stöðum, og til 28. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem talað er um að leggja *fyrir* þingið, og á hvorttveggja staðnum haft um lfrv. Þess vegna álít jeg að það ætti betur við framvegis að bráðab.-lög., sem hafa útendað sína tíð, verði lögð fyrir þingið til ályktunar, en þau bráðab.-lög, sem eiga að gilda framvegis, verða nú sjálfsagt lögð fyrir þingið sem hingað til í frumvörpum. Við þessa meðferð vinnst það, sem mikið er í varið, að 1. gr. stjórnarskrárinnar er fullnægt, að löggjafarvaldið sje hjá konungi og alþingi í sameiningu, þar sem engin l. koma út, sem eigi verða lögð fyrir alþ., annaðhvort sem frumvörp eða til ályktunar.

Jeg hefi bent á þetta síðara atriði, eigi svo mjög til þess, að finna að þeirri aðferð stjórnarinnar að leggja l. svona fyrir í þetta sinn. heldur öllu fremur til þess, að hún taki sjer þetta atriði 11. og 9. gr. stjórnskr. til íhugunar fyrir ókominn tíma.

Grímur Thomsen: Hinum hæstv. lh. og þm. Ef. (A. Ó.) kom saman um að það væri siður í Danmörk að leggja bráðab.l. eins og þessi að eins til athugunar fyrir þingið, en þar eð þingið situr lengstan tíma ársins í Danmörku, þá er þetta eigi svo hættulegt og getur sjaldan komið fyrir. En hvað um það, hjer á landi er það hvorki siður nje lög. Jeg vil engan veginn gjöra þessar umræður harðar eða heitar, enda skal jeg játa að þessi l. eru fremur saklaus. Jeg lái heldur ekki l. þm. Sm. (Tr. G.), þó að honum hitnaði meira en sök sýnist vera til. Jeg vil heldur ekki stæla um það, hvað

mikið fje er goldið í lsj. eptir bráðab.l. og hvað mikið eptir landshöfðingjabrjefinu.

Meining mín er, að fyrir framtíðina er það nauðsynlegt og gagnlegt með mildum og hógværum orðum að minna stjórnina á. hvaða afleiðingar það kynni að hafa, ef það yrði vani að gefa út bráðab.l. ofan í l., sem þingið hefur samþykkt og kgr staðfest. Sjeu bráðab.l. saklaus, þá vona jeg að ust. mín sje og saklaus.

Hver þm., sem óskar að bráðabl. sjeu sem fæst, og komi því að eins, að brýn nauðsyn sje til þeirra, hann geti atkv. með tillögu minni. En hver sem vill leggja það orðalaust í hendur stjórninni að gefa út bráðab.l., er henni lízt, hann greiði atkv. móti tillögunni.

Jón Ólafsson: Mjer finnst að umræðurnar hafi farið nokkuð út fyrir efnið í þessu máli. Mjer kemur til hugar hinn íslenzki málsháttur: «Opt er þörf, en nú er nauðsyn». Þetta tvennt *þörf* og *nauðsyn* er aðgreint í huga þjóðarinnar, og svo hefði og átt að vera hjer. Þeir er mælt hafa bráðab.l. bót, hafa blandað saman þörf og nauðsyn. Þeir, sem bezt hafa mælt bráðab.-lögunum bót, hafa aðeins farið því fram, að þau væru *þarfleg* og samkvæm *tilgangi* þeim, er alþing hafði með *sínum* lögum. Jeg skil eigi hvað það kemur þessu máli við, að vera tala um að l. sjeu þarfleg, og heldur eigi að þau sjeu samkvæm tilgangi alþ. Ef konungi væri heimilt að gefa bráðabirgðalög hvers þess efnis, er *þarflegt* kann að vera, eða hvers þess efnis, er *hann* þykist sjá, að samkvæm sje tilgangi eða vilja alþingis, þá gæti hann haft nóg að gjöra að gefa oss bráðabirgðalög á hverjum degi árið um í kring! En sannleikurinn er, að hann hefir engan rjett til þess að gefa *slík* lög, hversu þörf sem þau kunna vera og hversu samkvæm því, er alþingi virðist hafa í ljósi látið. Bráðabirgðalög eiga auðvitað að hafa *þessa* kosti, en *auk þess* verða þau að vera óumflýjanlega *nauðsynleg*. Hver hefur auk þess rjett til að skýra. hvaða tilgang alþ. hefur, nema alþ. sjálft? Aðalspurningin er hvert þetta er óhjákvæmi'eg nauðsyn. Setjum svo að það hefði máske tapazt einar 30,000 kr., eins og 1. þm. Sm. ætlaði, þó að mjer sje nær að halda að þm. Bf. hafi sannara að mæla, að það hefði ekki orðið nema 4000 kr. En setjum nú svo, að það hefði verið 2 × 30,000, er þá þörfin fyrir landssjóð að græða þessa peninga *svo* brýn, að hún geti heitið *nauðsyn?* Hverjum rjetti fylgir skylda, og rjettinum til þess að að gefa út bráðabirgðalög fylgir sú skylda gjöra það, þá er það er óumflýjanlega nauðsynlegt, en líka sú skylda að gjöra það *því að eins*, að óumflýjanleg nauðsyn sje fyrir hendi. Formælendur l. hafa eigi sannað þessa nauðsyn og þess vegna eigi getað fullvissað oss um, að skilyrði 11. gr. stjórnarskrárinnar hafi verið fyrir hendi. En eins og hverri skylda fylgir rjettur, eins fylgir hverjum rjetti ábyrgð. En oss vantar enn þá öll meðöl til þess að koma ábyrgð fram á hendur stjórninni, og þá eins í þessu tilfelli, hafi hún gengið of nærri 11. gr. Hjer er það, sem fiskur liggur undir steini; hefðum við ábyrgðarfyrirkomulagið í lagi, þá væri það stjórnin, en eigi þingið, sem þyrfti að hafa beig af bráðabirgðalögum. Þetta er alvarleg bending fyrir þd. og vil jeg leggja henni það ríkt á hjarta að sjá ráð til þess, að fara að hugsa um að skipa ábyrgðinni með lögum; það getur sparað oss margar þingsályktanar-umræður og dagskrár, ef vjer búum svo um, að vjer framvegis getum haft tögl og hagldir við stjórnina um ábyrgðina. Jeg gef atkv. með ust. þm. Bf. (Gr. Th.), þar eð jeg álít að stjórnin hafi gengið þann veg, sem ekki var óhjákvæmilegur. Hvað það snertir, að bráðabl. eru að eins lögð fyrir þingið til athugunar, þá hefur hjer formið lítið að segja, því að það liggur í *hlutarins eðli*, að alþ. hefur rjett til þess að samþykkja l., eða láta það ógjört. Væri nú ábyrgðinni komið fyrir svo sem æskilegt væri, þá hefði þetta form ekkert að segja, því að þá mætti koma ábyrgð fram á hendur stjórninni, hvort sem hún ljeti svo lítið að leggja bráðabl. fyrir þingið til samþykktar eða eigi.

Þá var samþ. með 17 atkv., að umræðunum skyldi hætt, eptir ósk 8 þingmanna.

Síðan var borin undir atkvæði frá flm. uppástungunnar, þm. Bf. (Gr. Th.), svolátandi *tillaga með ástæðum um að taka fyrir mæsta mál á dagskránni:* «Í því trausti að stjórnin eptirleiðis gæti vandlega fyrirmæla 11. gr. stjórnarskrárinnar, tekur þingdeildin mæsta mál á dagskránni fyrir».

Var tillaga þessi samþ. með 17 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 6 þingmanna. *Já* sögðu: Halldór Kr. Friðriksson, Arnljótur Ólafsson, Benidikt Sveins-

son, Egill Egilsson, Eiríkur Briem, Eiríkur Kúld, Friðrik Stefánsson, Grímur Thomsen, Jakob Guðmundsson, Jón Ólafsson, Lárus Blöndal, Ólafur Pálsson, Þórður Magnússon, Þorkell Bjarnason, Þorlákur Guðmundsson, Þorsteinn Jónsson, Þorsteinn Thorsteinsen. *Nei*: Magnús Andrjesson, Gunnlaugur Briem, Holger Clausen, Þórarinn Böðvarsson, Tryggvi Gunnarsson.

Þingsályktunartillaga viðvíkjandi harðærismálinu (C 122); 1. umr.

Flutningsmaður (Jakob Guðmundsson): Jeg vona að eigi þurfi mörg orð til að mæla með þessu máli. Það er almenn ósk að alþ. reyni að bæta úr þeim bágindum og vandræðum, sem vofa yfir sumum hjeruðum og sem eru afleiðingar harðærisins. Bænaskrár hafa víða komið úr landinu um að fá veitt lán úr lsj. um nokkurra ára tíma leigulaust þó það hingað til hafi ekki tíðkazt. Það hefur og verið stungið upp á því, að þingið taki alvarlega til greina að styðja þá bjargræðisvegi, sem fljótast geta bætt úr hinum yfirvofandi bágindum, og til þess tel jeg meðal annars að auka samgöngur til þess að nálgast björg á ýmsum stöðum.

Jeg vona að þd. taki það ráð að setja n. Þessi n. vona jeg verði síðan leiðbeinandi fyrir fjárl.n., sem gjörir aðaluppástungu um fjárveitinguna, en þessi fyrirhugaða n. getur í ýmsum greinum gefið henni holl ráð. Jeg leyfi mjer að leggja það til, að 5 manna n. sje kosin.

Benidikt Sveinsson: Mjer var borið það á brýn í gær, er jeg talaði um háskólann, að jeg tæki mjer ekki nærri bágindin í landinu, en jeg þykist hafa eins innilega tilfinningu fyrir þeim og aðrir og jafnheitan vilja að bæta úr þeim. En það sem jeg vil brýna fyrir mönnum, er það, að það þarf að taka rjett ráð og fasta stefnu í því máli, þetta er vandaverk, þar sem svo margir eru hjálparþurfa og hinar andlegu og siðferðislegu þarfir þjóðarinnar eru ekki miður brýnar en þær líkamlegu. Þess vegna vil jeg láta setja nefnd í málið og ekki færri en 5 menn.

Grímur Thomsen: Það hefur verið stungið upp á n., og jeg mæli kröptuglega með því að sú ust. verði til greina tekin.

N: sp. m. 20 atkv.

Þessir urðu fyrir kosningu: Eiríkur Kúld 17 atkv., Lárus Blöndal 14, Þórður Magnússon 14, Þorsteinn Jónsson 13, Halldór Kr. Friðriksson 10.

Frumvarp til laga um stofnun kennaraembættis við gagnfræðaskólann og alþýðuskólann í Flensborg (C 120); 2. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Frv. þetta átti yfir höfuð að tala að heilsa góðum undirtektum við hina 1 umr., þó að sumir þm. væru frv. nokkuð erfiðir. Andinn í þd. veit jeg þó að er sá, að styrkja þessa stofnun ríflega. Helzta mótbáran er sú, að menn vilja stofna sem fæst, eða engin, föst embætti á fjárhagstímabilinu, er í hönd fer. Af því að jeg kannast við að sá hugsunarháttur er rjettur, en veit að þessu máli muni verða gefinn gaumur af fjárl.n., þá er mjer ljúft að taka frv. *aptur*, og vísa málinu til fjárl.n. með hinum beztu óskum.

Forseti: Þar sem enginn tekur frv. upp er útrætt um þetta mál. Frv. sjálfu er auðvitað eigi hægt að vísa til fjárl.n., þar sem flm. hefur tekið það aptur og enginn annar þm tekið það að sjer. En málið getur í öðru formi komist til n. og þar getur flm., sem var, komið með sjerstaka ust. um upphæð þá, sem hann vill fá til kennaraembættisins.

Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. 2. lið í tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní 1869 (C 38); 3. umr.

Frumvarpið samþ. umræðulaust í e. h., og síðan afgreitt til efri d.

Frumvarp til þurfamannalaga (C 126); 1. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Frv. þetta er komið fram á sameiginlegum fundi fyrir Nm. og Sm., þar sem saman voru komnir um 60 manns úr báðum sýslunum. Jeg og hinn h. 1. þm. Sm. (Tr.G.), sem erum flm. þessa frv., höfum ekki gjört neina verulega br. á frv. í heild sinni. Það á að vera rjettarbót á l. um fátækramál, sjer í lagi á 2. og 3. kafla reglugjörðarinnar 8. jan. 1834. Fátækramálið er eitthvert af hinum mest áríðandi málum landsins; á móts við útsvörin til fátækra eru hin önnur gjöld landsins eins og dropi í hafinu. En eins og þetta mál er áríðandi, eins er það líka hið mesta vandamál. Alþ. getur þess vegna ekki leitt hjá sjer að leggja grund-

völlinn til endurbóta í þessu máli, þó jeg játi, að það skorti tíma til að leiða það til lykta. Jeg leyfi mjer því að stinga upp á 5 manna n.

Jón Ólafsson stakk upp á 7 manna n., en samþykkt var 5 manna n. og þessir kosnir: Lárus Blöndal með 17 atkv., Eiríkur Briem 12, Friðrik Stefánsson 11. Þorsteinn Jónsson 11, Benidikt Sveinsson 10.

Níundi fundur, fimmtudag 12. júlí. Allir á fundi.

Lfrv. um að afnema aðflutningsgjald af skipum (C 144); 3. umr.

Frv. sþ. í e. h. umræðulaust. Síðan sent e. d.

Frv. til l. um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað (C 133); 2. umr.

Flutningsmaður (Th. Thorsteinsen): Bratkv. mitt við 1. gr. er að eins fólgið í því, að nefna nafn jarðarinnar er fylgir kaupstaðarlóðinni, og getur það eigi orðið að ágreiningsefni. Með þeirri br. vona jeg að frv. fái að ganga til 3. umr.

Atkvgr.: Brust (C 145) sþ. með 20 atkv.; 1. gr. með áorðinni br. sþ. með 20 atkv.; 2. gr. sþ. með 19 atkv.; 3. og 4. gr. sþ. hvor fyrir sig með 20 atkv.; 5. gr. sþ. með 18; 6. og 7. gr. sþ. hvor fyrir sig með 19; 8. og 9. gr. sþ. hvor fyrir sig með 18; 10., 11. og 12. gr. sþ. hver um sig með 19; 13. gr. sþ. með 20; 14. gr. sþ. með 18; 15. gr. sþ. með 17; 16. gr. sþ. með 20; 17. gr. sþ. með 19; 18. gr. sþ. með 20; 19. gr. sþ. með 20 atkv.; 20. gr. sþ. með 19; 21. gr. sþ. með 18; 22. gr. og 23. gr. sþ. með 17; 24. gr. sþ. með 16; 25. gr. sþ. með 17; 26. og 27. gr. sþ. hver fyrir sig með 19 atkv.: 28. gr. sþ. með 17; 29. og 30. sþ. hver um sig með 20 atkv.; 31. og 32. gr. sþ. hvor um sig með 19.

Frv. í heild sinni sþ. með 20 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Frumvarp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C 138); 1. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Það sem jeg á þessu stigi málsins finn ástæðu til að taka *sterklega fram*, er það, að þetta frv. til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland er ekki mitt verk, mín eign, heldur er það þd. eign þd. verk. Jeg legg mikla áherzlu á þetta allsherjaratriði, og bið þm. að láta sjer það ekki úr minni líða. Jeg segi, þetta stjórnarskipunarlagafrv. er *þingsins* verk og ekki frá mjer, eða 2. þm. Nm., því þd. gjörði það að sinni eign árið 1881. Jeg skal reyndar játa það, að jeg kom fram með till. til þgsál. á þingi 1881, að n. yrði sett til þess að íhuga og endurskoða hina svonefndu stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874. Þessi till. stendur í alþt. I, bls. 41, 1881. Till. var sþ. af n. d. 8. júlí og 5 manna n. kosin, og 15. ágúst kom n. fram með álit sitt og frv., sem var *þessu alveg samhljóða,* og var því eptir nokkrar umræður vísað til 2. umr. með samhljóða 16 atkv. Jeg tek þetta fram nú þegar, enn fremur í því skyni, að sýna, að þessi sögulegi gangur málsins á alþ. 1881 eigi lýsir neinu áhugaleysi frá þingsins hálfu, sem hinn hæstv. lh. fyrir skömmu bar þd. á brýn, að hefði átt sjer stað hjá þinginu 1881 í öðru áhugamáli þings og þjóðar, háskólamálinu. Jeg vil sem sje fyrirbyggja það, að heyra aptur þessa mótbáru ófyrirsynju framborna frá stj. hálfu, því það vita allir og sjá allir, að *tímaleysið* eitt gjörði þinginu ómögulegt að hrinda málinu lengra áleiðis 1881.

Jafnframt þessu vil jeg einnig nú þegar taka það fram, að síðan 1881 hafa mjer að vísu hugkvæmzt ýmsar aðrar breytingar á stj.skránni 5. jan. 1874, en þær sem teknar voru upp í n.frv. 1881. En af því jeg vil byggja allt í þessu máli sem mest má verða á þingsins eigin gjörðum, þá áleit jeg ekki rjett, að taka þessar breytingar upp í frv. nú þegar, heldur hef jeg haldið því orðrjettu og óbreyttu, frá því sem það var, er það gekk til 2. umr. 1881. Jeg læt mjer það fullkomlega nægja, að nægur tími verður síðar bæði fyrir mig og aðra að koma fram með þessar og aðrar breytingar á frv. frá 1881, ef málið fær framgang, sem jeg efast ekki um, og hin heiðraða þd. er búin að kveðja mig og aðra til starfa í þessu máli.

Jeg bið þm. vel að minnast þess, að áform mitt og augnamið í þessu máli er ekki heimtufrekja, eða löngun til að láta mikið á mjer sjálfum bera. Nei, það er sannarlega ekki mín persónulega skoðun,

minn einstaklegi vilji, er jeg vil láta ráða hjer eða sitja í fyrirrúmi, en hinu neita jeg alls ekki, að *innri ómótstæðileg köllun* knýr mig og hvetur til þess, að reyna að gjöra þetta mál að þingsins alvarlegasta áhugamáli. Jeg játa, að jeg finn að það er helgasta skylda mín fyrst og fremst að brýna fyrir þinginu, að það er *skylda þingsins* að gjöra þetta mál að sínu máli, að brýna fyrir þinginu, að frv. það, sem jeg nú ber fram, er þessu samkvæmt *þegar orðið* þingsins eigið, að vísu hálfgjört, verk.

Í annan stað þakka jeg hinni heiðruðu þd. fyrir það, að hún með undirtektum sínum undir málið 1881 hefur þegar gjört þetta frv. til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland að sínu verki, sinni eign, og jeg þakka henni fyrir þetta í mínu eigin nafni, í nafni kjósenda minna og í nafni allrar þjóðarinnar á Íslandi.

En nú munu margir spyrja, hvernig á því standi, að eg sje hinni heiðruðu þd. svo þakklátur, og hvers vegna þd. eigi þetta þakklæti skilið. Þessum spurningum er auðsvarað. Hvorttveggja er vegna þess, að það er þessum undirtektum þingsins 1881 að þakka, að þeim *stjórnarlagalega fyrirvara*, sem stendur í varauppástungunni í alþt. 1873 bls. 265, er borgið, svo að hann þann dag í dag er í fullu stjórnarlagalegu gildi. Menn gæti vel að því, að þessi fyrirvari er eitt atriðið, eða rjettara sagt, aðalatriðið af þeim 4 atriðum, sem fram eru tekin í þessari varauppástungu, og sem var samþykkt af alþ. 1873, með *samhljóða 24 atkvæðum*, og að einmitt þessi fyrirvari þannig einskorðar og afmarkar frá hálfu Íslendinga það stjórnarlagalega gildi, sem lagt verður í stj.skrána 5. jan. 1874.

Hvað stendur þá í þessum fyrirvara? Í honum stendur meðal annars, að *endurskoðuð* stjórnarskrá, byggð á *óskertum landsrjettindum* Íslendinga, verði lögð fyrir hið 4. þing, sem haldið verður eptir að stjórnarskráin öðlast gildi. Það verður aldrei nógsamlega brýnt fyrir hinum háttvirta þm., að í fyrirvaranum stendur »*óskert landsrjettindi*«. Þessi orð finnast víðar, eða þá orð með sömu þýðingu. Í hinum alþekktu svo nefndu stöðulögum 2. jan. 1871, 1. gr., segir, að Ísland sje óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með *sjerstökum landsrjettindum*, og í 1. gr. stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874 stendur, að Ísland hafi *löggjöf og stjórn út af fyrir sig*. Jeg bið menn vel að gæta að því, að þessi orð, stjórnarlaga tekið, hljóta að þýða eitt og hið sama, þannig að *aðalorðin* eru: *óskert landsrjettindi Íslendinga*, því hið ráðgefandi þing 1873 setti þau sem óbifanlegt skilyrði fyrir því, að kgr gæti gefið stj.skrána sem *bráðabirgðastjórnarlög* fyrir Ísland, *án* þess hún væri valdboðin. Þessum skýlausu orðum geta því hvorki stöðulögin frá 1871 nje stj.skráin frá 1874 haggað.

Gleði mín og þakklæti byggist þá á því, að hið síðasta alþ. hefur haldið þessum fyrirvara opnum og í fullu gildi, svo að þingið nú hefur opinn veg að *krefjast hinna óskertu landsrjettinda Íslendinga* sem fyrirvarinn 1873 innibindur; opinn veg til þess að krefjast þess, að *sjerstök* landsrjettindi Íslands sjeu þau ein, sem í fullum mæli samsvari *óskertum* landsrjettindum Íslendinga, og að hin endilegu og endurskoðuðu stjórnarskipunarlög landsins einskorði sjálfsstjórn landsins afdráttarlaust eptir þessum mælikvarða og engum öðrum.

Af þessu er þá auðsjeð með hvaða augum jeg lít á stj.skrána frá 5. jan. 1874. Eg skoða hana og hlýt að skoða hana að eins sem *bráðabirgðafyrirkomulag* til þess að kveikja constitútiónellan lífsneista á Íslandi í staðinn fyrir hinn dimma og dauða bardaga millum hinna ráðgefandi alþinga og stjórnarinnar í Danmörku, um skýlaus sögulegt landsrjettindi Íslands á einn veg, og hið faktiska stjórnarástand þess á seinni tímum á hinn bóginn. Jeg segi enn og æ, að stj.skráin frá 5. jan. 1874 sje ekki annað en *bráðabirgðafyrirkomulag;* því fyrirvaranum frá 1873 er haldið opnum og í fullu gildi á þinginu 1881, þrátt fyrir það, og engu síður fyrir það, að stjórnin ekki fullnægði fyrirvara þessum eins og hún var samkvæmt honum skyldug að gjöra. Þetta álít jeg vera sannarlegt gleðiefni, og jeg vona að jeg hafi um leið dregið fram á sjónarsviði verkefni fyrir hina h. þd., sem er æðra og háleitara, en öll önnur verkefni, sem fyrir henni liggja og geta legið.

Þetta vildi jeg mælt hafa um ljóshlið þessa allsherjarmáls; en nú sný jeg mjer að skuggahlið þess. En hver er hún? Því miður er hún líka til og kemur undir eins fram við þá tilhugsun, að þingið felli þetta mál, vísi því frá sjer eða geri því lítinn og alvörulausan gaum; því þá mætti segja: «Alþingi Íslendinga hafði stj.skrána með höndum til endurskoðunar 1883, en hafði þenn an

starfa í hjáverkum og ljet augnabliksmál, þýðingarlítil og ljettvæg fyrir land og lýð, sitja fyrir, eður þá það, sem enn verra væri, að það hefði ekki viljað sinna því, að það hefði afsalað sjer geymdum krófurjetti til *óskertra landsrjettinda Íslendinga*". En h. þm.! Þessi skuggahlið er því betur lítil í mínum augum, því að jeg er sannfærður um, að hún kemur eigi fram í reyndinni. Nei, jeg er þvert á móti sannfærður um, að þingið gjöri sjer allt far um, að auka og skýra ljóshlið þessa máls. svo að skugginn gjörsamlega hverfi, svo að hugmyndin um „*óskert landsrjettindi*" standi hreint og skýrt afmáluð í huga og hjarta hvers Íslendings, að svo miklu leyti sem það er á valdi þingsins. Eigi að síður get jeg þó búizt við þeirri mótbáru: Ástandið í landinu er gott og viðunanlegt, stjórnarskráin sem við höfum er góð, látum oss að eins efla atvinnuvegi landsins og samgöngur, látum oss með barnaskólum, alþýðuskólum, búnaðarskólum, gagnfræðaskólum, mennta alþýðuna og þá er öllu borgið. Gagnvart þessari mótbáru þá segi jeg: Rannsakið þá landsstjórnarástandið og spyrjið svo þjóðina. Þjóðin sjálf, segi jeg, sem aldrei hefur enn þá fengið fullnaðaratkv. í þessu máli, verður nú að hafa það, samkv. ákvæðum stj.skrárinnar 61. gr. og vaarust. alþingis 1873. Nú hafa raddir um þetta mál látið til sín heyra frá Skaptafellssýslum, frá báðum Múlasýslum, frá Þingeyjarsýslu og frá Skagafj.sýslu, allt svo frá N. og A. amtinu yfir höfuð hefur þingið fengið áskoranir um, að endurskoða og breyta stj.skránni (H. Kr. Fr.: Svo). Já! fundaskýrslurnar liggja á lestrarsalnum og þm. getur kynnt sjer þær, því hver kann betur að lesa, en hann og hver kann betur að skilja en hann!? Jeg vil benda hinum h. þm., á það að enginn af oss þm. og ekki einu sinni þingið í heild sinni er bært um, að dæma í þessu máli *að fullnustu* og oss vantar alla til samans heimild til að fella *endilegan dóm* í því; það er þjóðin ein, sem getur gjört það, gegnum nýjar kosningar og nýja fulltrúa og í því liggur aptur auðsjáanlega, að vjer höfum *ekki* heimild til, að daufheyrast við ávörpum þjóðarinnar, er jeg nefndi og byggð eru á fyrirvaranum 1873. En um stjórnarfyrirkomulagið eins og það er nú eptir stj.skránni 1874, þá lýsi jeg, fyrir mitt leyti, yfir því í nafni mín og kjósenda minna, að það sje óviðunandi fyrir landið og þjóðina. Því hvernig er eiginlega ástandið í stjórnlegu tilliti á Íslandi? Í hverju er þessi mikla svo nefnda *sjálfstjórn* Íslands fólgin, sem menn eru að hæla og gleðja sig yfir? Svarið liggur beint við. Hún er ekkert annað í raun rjettri en — ef jeg mætti við hafa útlent orð — «stærkt udviklet communal Selvstændighed». Með öðrum orðum: Hið svo nefnda þjóðfrelsi Íslands eða sjálfsstjórn Íslendinga, er ekkert annað en vel og ríflega úr garði gjörð hjeraðastjórn eða jafnvel hreppastjórn gagnvart frændum vorum í Danmörku. Hún er, ef hún er rakin til róta, engu líkari. Jeg er þm. Bf. þakklátur fyrir það, að hann um daginn, reyndar í öllu öðru sambandi, tók fram mjög heppilegt og sláandi dæmi upp á þetta, er hann sagði og sýndi fram á, að stjórnin ekki hikaði sjer við að *neita* um það fje, sem *alþingi veitti*, eður synja þeim málum framkvæmda, sem þingið veitir fje til, t. a. m. um stofnun lagaskóla 1879, og að *veita* aptur það fje til annars, sem *þingið* hefur *synjað* um. Má jeg nú spyrja: hvar er nú munurinn á milli *fjárveitingarrjetts* eða fjárforræðis alþingis gagnvart ráðgjafanum íslenzka í Danmörku, og fjárveitingarrjetts hreppsnefnda gagnvart sýslun., sýslun. gagnvart amtsráði eður amtsráði gagnvart lh.? Er hjer ekki hver gullhúfan upp af annari og hver annari lík? Tökum þá *dómsvaldið*. Jú gott og vel. Sýslumaðurinn í Skagafirði dæmir t. d. dómsmál. Dómur hans fer svo fyrir yfirdóm landsins, en er svo komið á hreppsendann? Nei! nei! *Æðsti* dómstóllinn er þó eptir í *Danmörku*, og þar kveðinn upp *fullnaðardómur* í því *á dönsku!* Æðsti dómstóll landsins skilur ekki móðurmál vort, íslenzkuna, og landar vorir skilja ekki mál þessa dómstóls, dönskuna. Þá er *löggjafarvaldið!* Ekki fer þá betur, því hvert eitt og einasta íslenzkt löggjafarmál liggur undir atkvæði ríkisráðs í Danmörku.

Til þess nú að eyða ekki fleirum orðum að þessu, þá getum vjer sagt með sanni: 1., *löggjafarvaldið* á Íslandi er sameiginlegt með samþegnum vorum í Danmörku, *sameinað í ríkisráði Dana*; 2., *Dómsvaldið* er sameiginlegt, *sameinað í hæstarjetti;* og 3. *Framkvæmdarvaldið* er sameiginlegt, *sameinað við ábyrgðarlausan rg. í Danmörku.* *Þetta* stjórnarfyrirkomulag segi jeg að sje ekki annað en falleg og vel út búin sveita- eða hjeraða-stjórn, þótt frændur vorir Danir og stj. í Danmörku máske því miður álíti

gott og blessað fyrir oss að búa við það; en hvað kemur til þess, að þessi ímyndaða sjáfsstjórn Íslands, eða þjóðfrelsi Íslendinga, gengur mönnum svo mjög í augu, að þessi hjeraða- eða sveitastjórn virðist svo sjálfstæð og glæsileg? Því veldur það, að landið er í 300 mílna fjarska frá Danmörku, því valda staðhættir, þjóðhættir, því veldur það að «himininn er heiður og blár» með hinum skínandi norðurljósum sem blika yfir höfðum vorum, því veldur tungumál vort og þjóðerni yfirhöfuð, því veldur guðs og náttúrunnar hönd, en sannarlega ekki hin svonefnda stjórnarskrá frá 5. jan. 1874! Nei, allt um það, þótt þetta sje einkennilegt, fagurt og fjölbreytt, þá er þó *stjórnarfyrirkomulagið* eptir henni ekki annað en frjáls leg communal stjórn í frjálsu landi. En gætum þá líka vel að því, að þessu fyrirkomulagi verður slegið föstu, ef vjer nú fellum þetta mál. en jeg vona að þingmenn sjeu mjer samdóma í því, að þeir hafa ekki einvald eða umboð til þess frá þjóðinni. Hjer læt jeg staðar numið að sinni. Jeg ætla ekki að stinga uppá nefnd *nú þegar*, svo að þm. eigi kost á að láta í ljósi skoðanir sínar, en jeg tel það þó sjálfsagt að setja nefnd í málið, áður en það gengur til 2. umræðu.

Eiríkur Kúld: Málið er svo umfangsmikið og mikilsvert í sjálfu sjer og því mun samfara svo mikill áhugi, hjá sumum meðal þjóðarinnar, að fá stj.skrána endurskoðaða í sumum greinum hennar, að jeg álít sjálfsagt að þd. taki málið til meðferðar. Jeg álít eigi heppilegt að tala mikið um málið á þessu stigi, en óska að umr. sje frestað og sting upp á því að n. sje sett í málið og ætla jeg að eigi veiti af 7 manna n. Jeg vona, að sú spá hins h. flm. (B. Sv). rætist, að deildin feli ekki málið í skuggaanum, heldur láti sólina skína á það í heiði hjer í þingsalnum.

Síðan var 7 manna n. sþ. í e. h., og þessir kosnir: Ben. Sveinsson með 21 atkv., Grímur Thomsen 21, Halldór Kr. Friðriksson 18, Arnljótur Ólafsson 16, Th. Thorsteinsen 15, Þorkell Bjarnason 13, og, eptir ítrekaða kosningu, Eiríkur Briem 9.

Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Tíundi fundur, föstudag 13. júlí. Allir á fundi, nema Benidikt Sveinsson, er hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Frv. til l. um skyldur og rjettindi einstakra manna og kirkjufjelaga, sem ekki eru í þjóðkirkjunni (C 156); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Jeg býst við að hinni heiðruðu þd. sjeu kunnug tildrög þessa máls. Það var fyrir þinginu 1881, en þótt jeg kæmi tímanlega með það inn á þingið, þá fjekk jeg eigi málið sett á dagskrá fyrri en undir þinglok, og varð það því eigi afgreitt. Tildrögin eru þau, að fyrir 2½ ári síðan sagði mikill hluti eins safnaðar sig úr þjóðkirkjunni; þessir menn hafa síðan haldið saman, kosið sjer safnaðarráð til þess að sjá um hag safnaðarins, uppfræða börn, skíra o. s. frv., og eru nú í þann veginn að fá sjer prest. Forstöðumennirnir skrifuðu mjer í vetur og báðu mig sem þingmann sinn að leggja fyrir alþingi frv., er skipaði fyrir um rjettindi þeirra. Mjer var þetta og skylt, þar sem jeg hafði verið búsettur í sókninni, og var einn í þeirra tölu, sem gengu úr þjóðkirkjunni. En safnaðarráðið sendi mjer ekkert frv. til laga um þetta efni, og varð jeg því sjálfur að semja það. Jeg kynnti mjer því rjettindi einstakra manna og kirkjufjelaga fyrir utan þjóðkirkjuna hjá grannþjóðum vorum. Í Danmörku eru l. um borgaralegt hjónaband, og þar er með l. skipað fyrir um rjettindi manna, sem eru fyrir utan þjóðkirkjuna, á líkan hátt og hjer í frv. Í Noregi eru l. frá 16. júlí 1845 um rjett kristilegra trúarfjelaga utan þjóðkirkju (Dissenterloven). Seinna er við og við ákveðið með l. um hin og þessi einstök trúarfjelög. Einlægast og eðlilegast er að hafa l. ein, en ekki mörg, eptir því sem flokkarnir fjölga í landinu, því að þegar menn eru fyrir utan þjóðkirkjuna, þá má henni að því leyti standa á sama, til hvaða flokks þeir heyra, sem rjettur þeirra á að vera allra hinn sami, sem fyrir utan eru.

Jeg býst við misjöfnum undirtektum undir mál þetta. Margir eru svo gjörðir, að þeir þola eigi að hreyft sje við gömlum böndum. Sumir fá hroll og kvíða fyrir því, að allt falli í heiðindóm, ef böndin leysast, sem þjóðkirkjan leggur á samvizkur manna. Svona hefur gengið í öllum löndum, er þessu máli hefur verið fyrst hreyft; en reynslan hefur jafnan sýnt, að þessi kvíði

hefur verið ástæðulaus. Svona mun og fara hjer á landi með hinum sömu leikslokum.

Jeg býst við að menn muni segja, að engin ástæða sje til ýmissa fyrirmæla í frv., t. d. að það sje eigi skylt mönnum utan þjóðkirkju að láta skíra börn sín. Er þetta ástæðulaust, þegar Reyðfirðingar segja að prestur þjóðkirkjunnar hafi haft við orð að skíra börn þeirra með aðstoð lögreglustjórnarinnar, hvort sem þeir vilji eða ekki? Sje hægt að gjöra slíkt, þá gef jeg ekki grænan eyri fyrir frelsið sem stjórnarskráin veitir oss í trúarefnum. Ef menn vilja fylgja slíku fram, þá má eins fara með utanþjóðkirkjumenn hjer á landi og Rússar fóru með Pólverja hjer um árið, er þeir ráku þá hópum saman í kirkju og gáfu þeim sakramentin á þann hátt, að opna varirnar með byssustingjum. Það er ekki verra en að rífa börnin frá móðurbrjóstunum og engin meiri nje minni ástæða til að nauðga utanþjóðkirkjumönnum til *annars* sakramentisins framar en til *hins*. Það er alls eigi ætlan frv. að eigi skuli skíra börn, heldur hitt að prestar þjóðkirkjunnar eigi skuli hafa heimild til að skíra að foreldrunum nauðugum. (*H. Kr. Fr.*: Hverjir eiga þá að skíra?). Það kemur þm. Rvk. ekki við; hann verður varla sóttur til þess. En kirkjufjelög utan þjóðkirkju munu hafa sína presta.

Enn fremur mun verða sagt að það komi of snemma að fara nú að leysa böndin í kirkjulegum efnum, það sje engin þörf til þess enn þá hjer á landi. Þessa mótbáru heyrði jeg 1863, er frumvarp um trúarbragðafrelsi lá fyrir alþingi. En hver getur sagt að nú sje eigi þörf? Hjer á landi er söfnuður er telur 300 manna fyrir utan þjóðkirkjuna og þessi söfnuður er rjettarlaus, og er þá eigi þörf að skipa fyrir um rjettindi hans? Fólkstöluskýrslurnar 1880 geta og sýnt oss, hvort eigi sje þörfin fyrir hendi. Jeg hef átt kost á að kynna mjer þær og í þeim hef jeg fundið katólska menn hjer á landi, nokkra únítaríana og 1 heiðingja, og þessi heiðingi var meira að segja safnaðarfulltrúi í þjóðkirkjunni. Þetta þykir mönnum, ef til vill, tilhlýðilegt: að þvinga menn til þess að vera í þjóðkirkjunni, menn sem hún ætti að hafa rjett til þess að skilja frá sjer sjálf? Skyldi ekki vera rjettast að hver væri á sínum stað, þar sem hann á heima?

Frv. er í einstökum ákvörðunum sínum samhljóða því sem eru l. í Noregi og Danmörku í líkum efnum, en þó eigi svo smásmuglega tiltekið eins og í dönskum l. Br. á stað og stað geta vel komizt að, ef þörf þykir að tiltaka ýmisleg nákvæmara en nú er gjört. Jeg vil eigi nú þegar stinga upp á n., en hugsa þó að n. verði sett í málið.

Eiríkur Kúld: Jeg skal eigi vera margorður um þetta mál. Mjer finnst það koma eins og skollinn úr sauðarleggnum. Það hefur ekkert kvak komið til þingsins um þetta mál, nema frá hinum hneyxlandi söfnuði í Reyðarfirði. Jeg þekki ekki enn sem stendur nokkuð annað kirkjufjelag á Íslandi en hið lúterska. Jeg veit reyndar að katólskir hafa verið hjer, en únítaríana þekki jeg ekki hjer á landi. Mjer er ekki kunnugt um þennan heiðingja, sem er eða var safnaðarfulltrúi; það væri óskandi að þm. vildi segja hver það sje. En ef þetta á sjer stað, er það þá lúthersku kirkjunni að kenna? [*J. Ó.*: Já!]. Eptir 1. gr. frv. getur hver verið heiðingi, sem þess óskar; en má jeg spyrja hvort það er sú vernd, sem 45. gr. stj.skrárinnar veitir þjóðkirkjunni? Á alþ. að vísa mönnum þá leið að gjörast heiðingjar? Það væri vissulega óheppilegt ef sú rödd kæmi frá alþ., sem á að vera auga þjóðarinnar. Vjer erum hjer settir til þess að halda uppi rjettindum hinnar lútersku kirkju. Jeg bið menn að minnast þess, að þegar trúnni er tvískipt þá er líka friðnum tvískipt. Geti flm. (J. Ó.) sannað mjer að þessi fríkirkjusöfnuður sje hjer til sem söfnuður eða hann sje á æðra stigi en hin lúterska kirkja skal jeg greiða atkv. fyrir því að málið gangi til 2. umr., en annars ekki. Jeg vil hafa allt sem frjálslegast innan vjebanda hinnar lútersku kirkju, en hvatir til þess að koma upp ýmsum trúarflokkum hjer á landi ættu heldur að koma frá trúarlausum mönnum utan þings, ef þeir annars eru hjer á landi, en alls ekki frá þm.

Flm. (Jón Ólafsson): Þm. Bst. kallaði söfnuðinn í Reyðarfirði hneyxlissöfnuð. Jeg álít þau orð ósæmileg og skora á forseta að áminna hann. Sje það sæmilegt að hafa þau orð um hönd, þá álít jeg sæmilegt að kalla svo ófrjálslynda presta sem þingm. Barðstr. (E. K.) «hneyxlispresta.» Þm. Bst. (E. K.) er enginn páfi og eigi óskeikanlegur og hefur engan rjett til þess að fella þenna dóm. Hvað hafa Reyðfirðingar gjört sem er hneyxlanlegt? Jeg veit einmitt að þessir

menn, sem eru fyrir utan þjóðkirkjuna, eru vandaðir og guðhræddir menn. Hitt veit jeg líka, að meðal þeirra fáu hræða, sem eru nú í þjóðkirkjunni í Reyðarfirði, eru sumir sem vart hafa komið í kirkju 14 síðast liðin ár að minnsta kosti áður en hinir gengu út úr þjóðkirkjunni. Sumir *þeirra* ljetu sjer auk heldur um munn fara, að sjer væri sama hvort þeir hefðu nokkurn prest eða engan. Jeg veit að þm. Bst. er of gamall og vandaður maður til þess að hafa alvarlega viljað meiða þennan söfnuð, og verð jeg að skoða ummæli hans sem önnur bráðræðisorð.

Þm. sagði að 1. gr. frv. leyfði öllum að gjörast heiðingjar. Það þarf eigi að gefa neitt leyfi til þess, menn bæði eru heiðingjar og geta verið heiðingjar eins og jeg sýndi með dæminu frá fólkstalinu. *En spursmálið er um það, hvort við eigum að neyða þessa menn til þess að vera hræsnara um leið.*

Þm. sagði að ef trúnni væri tvískipt, þá væri friðnum tvískipt. Jeg vil kannske ekki bera á móti því. En hefur trúin gott af þessum friði og honum samfara svefni? Meistari sá, sem inn virðul. þm. mun fylgja vilja engu síður en jeg, sagði sjálfur, að hann væri ekki kominn til þess að senda frið á jörðu. Hann áleit ekki friðinn hið æðsta góða, eða logn-molluna heilsusamlegasta loptslagið. Þm. Bstr. kveðst vilja hafa sem mest frelsi *innan hinnar lútersku kirkju*, en við vesalingarnir sem erum fyrir utan þjóðkirkjuna höfum svo lítið gott af því. Þingm. ljet þess ógetið, hvað hann vildi hafa fyrir *utan* þjóðkirkjuna? ef hann vill hvergi frelsi nema *innan* hennar vjebanda, þá mun hann vilja hafa tómt *ófrelsi* fyrir alla utanþjóðkirkjumenn? en hvað verður þá um 46. gr. stj.-skrárinnar, og 47. gr., sem segir að enginn megi sakir trúarbragða sinna missa neins í af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum sínum? Er ekki forráðarjettur foreldra fyrir börnum sínum ein hin helgustu persónulegu borgaraleg rjettindi? Sje frelsið ekki meira en þetta, þá hefði hinn h. þm. aldrei átt að hæla stj.skránni fyrir hvað hún væri frjálsleg, nema ef það eitt skyldi vera frelsi í augum hans, sem ekki kemur í bága við fordóma hans.

Forseti: 2. þm. Sm. (J. Ó.) hefur skorað á mig að áminna þm. Bst. (E. K.) fyrir orð hans um söfnuðinn í Reyðarfirði. Hann hefur máske skilið orð þm. Bst. öðruvísi, en jeg gjörði. Jeg skyldi orð hans þannig, að aðferð safnaðarin í Reyðarfirði hefði vakið hneyxli víðsvegar um landið, og veit jeg að þetta er satt, má og vera að tiltektir þessa safnaðar hafi hneyxlað þingmann Barðstr., þó þær ekki hafi hneyxlað fl.mann, og er slíkt eigi til greina takandi. Þess vegna get jeg eigi tekið kröfu 2. þm. Sm. til greina. Mjer þykir einnig undarlegt að þm. skuli vera svo strangur við samþingismenn sína, þar sem hann sjálfur á síðasta þingi fór á stundum allhörðum orðum um prestastjettina, án þess hann fengi ávítur fyrir það.

Jón Ólafsson: Hinn hæstv. forseti fann aldrei ástæðu til þess að gefa mjer áminningu fyrir ummæli mín um prestastjettina á síðasta þingi.

Forseti: Af hverju nema af því, að forsetinn er svo frjálslyndur, að hann ekki tekur hart á því þó þingmenn hefli eigi ávallt orð sín svo sem vera ætti.

Eiríkur Kúld: Orð mín voru: «Þessi hneyxlandi söfnuður», en jeg kallaði hann ekki hneyxlissöfnuð.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil styðja að því, að þetta mál gangi fram og það helzt nefndarlaust. Jeg skil málið svo, að hjer sje ekki um annað að ræða, en að fram kvæma þann rjett, er 46. gr. stjórnarskrárinnar áskilur landsmönnum. Þar stendur svo: «Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna Guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins». Hjer er ekki tekinn fram sá rjettur og það þarf ekki að taka þann mann rjett fram í lögunum, að sjerhver hefur vald yfir innri trúarsannfæring sinni. Hitt aptur á móti er tekið fram í stjórnarskránni, að landsmönnum sje leyfilegt og þeir eigu rjett á að *stofna fjelög* til þess, láta þessa sannfæring sína í ljósi á útvortis hátt. Nú er það vitanlegt, að þessi söfnuður í Reyðarfirði hefur tekið sig út úr þjóðkirkjunni eður að hann gengur ekki í kirkju hjá sóknarpresti sínum. Mjer þykir það þess vegna eðlilegt, að söfnuður þessi vilji stofna sjerstakt fjelag og fá það frelsi, er 46. gr. stjórnarskrárinnar gefur honum heimild til. Þetta er alveg rjett og það væri gagnstætt stjórnarskránni að synja þeim um lög jafnvel þótt þeir hefði önnur trúbrögð. (*L. Blöndal:* Hvaða trúbrögð?). Það gildir einu hver trúbrögð landsmenn svo hafa; ef þeir þjóna Guði, þá er það nóg eftir skýlausum fyrirmælum 46. gr. stjórnarskrárinnar. Vjer höfum engan rjett til að

rannsaka innri trúarsannfæringar þeirra, enda myndi það óvinnandi verk, að fletta upp samvizku og sannfæringu, hjartalagi og hugarfari hvers eins. Jeg hefi ekki heyrt getið um neina guðlausa menn í Reyðarfirði, og þegar það í öðru lagi er auðsætt, að þeir hafa eigi í hyggju að stofna neitt ólúterskt fjelag, þá hafa þeir rjett til að fá fjelag sitt viðurkennt; annars missa þeir þann rjett, er stjórnarskráin gefur öllum landsmönnum.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson) stakk uppá að kosin væru í málið 5 manna nefnd, en Halldór Kr. Friðriksson stakk uppá 3 manna nefnd.

Fimm manna n. felld með öllum atkv. gegn 1, en 3 manna n. sp. 12: 3, og kosnir í hana: Jón Ólafsson með 18 atkv., Þórarinn Böðvarsson með 15, Jakob Guðmundsson með 14.

Frv. til laga um, að eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsa greiðist eigi af jafnaðarsjóðum amtanna nje af bæjarsjóði Reykjavíkur (C 146): 1. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Það er kunnugt, að þessi kostnaður hefur verið lagður á amtssjóðina og bæjarsjóð Reykjavíkur eptir tilskipun 4. marz 1871. Þetta var gjört af því, að þá var enginn lsj., og af því nauðsynlegt þótti, að byggja fangelsin, til þesss að sakalögunum nýju yrði framgengt, þá varð að leggja kostnaðinn á jafnaðarsjóðu amtanna, með því að þeir voru hinir stærstu sjóðir, er þá voru til. Aptur á móti er með lögum 2. nóv. 1877 hinum árlega kostnaði við fangelsin, sem og öðrum kostnaði til saka- og lögreglumála, ljett á jafnaðarsjóðunum og hann lagður á lsj. En byggingarkostnaðurinn er enn eptir á jafnaðarsjóðunum. Nú vita menn, að það er eðlilegast í sjálfu sjer, að þessi fangelsakostnaður sem allur annar kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn hvíli á lsj., því að þau mál eru landsmál. Þar að auki er þetta gjald mjög svo tilfinnanlegt í þessu harðæri, og það einkum af því að það kemur svo misjafnt niður.

Af kostnaðinum til byggingar fangelsanna stóðu eptir við árslok 1883 samkvæmt athugasemdum við fjárlögin 1884 og 1885, bls. 13, í Norður- og Austurumdæminu 14,872 kr. 64 a., í Vesturumdæminu 9,044 kr. og í Suðurumdæminu 2,180 kr. 71 e. En afborgunin, sem er fimmtándi partur hvert ár, og leigur af því, sem óborgað er, ætla jeg nemi svo miklu, að í Vesturumdæminu muni það ná 26 aurum á hvert lausafjárhundrað og í N. og A. umdæminu 11—12 aurum. Þetta gjald er nú auðsjáanlega óeðlilegt í sjálfu sjer, af því hjer er um landsins kostnað að ræða, og í þessu harðæri verður það enn tilfinnanlegra, af því það kemur þá enn misjafnara niður, t. a. m. í Vesturumdæminu er það 26 aur. og þess vegna þar næsta þungbært, en í Suðurumdæminu rjett fyrir sunnan Hvítá er það að eins 3 aur.

Jeg get ekki sagt glöggt, hvað mikið er eptir ólokið af skuld bæjarsjóðs Rvíkur. Eptir aths. við fjárlögin eru eptirstöðvarnar 2,757 kr. 99 aur. Þar af era $^{16}/_{41}$ partur, sem ganga til fangelsisins, en hinir $^{25}/_{41}$ eru þinghússkostnaður, sem eigi verður eptir gefinn. Eins er um Akureyri, þar stendur eitthvað lítið eitt eptir. Jeg vona þm. sjái, að málið er eðlilegt og eptir atvikum sje full ástæða til að fá því framgengt.

Landshöfðingi: Jeg leyfi mjer að styðja frv. og jeg get í öllum atriðum fallizt á ræðu hins h. flm. Jeg get ekki annað sjeð en að það sje í mesta máta eðlilegi, að landið beri gjaldið í heild sinni en ekki einstakir partar þess, eins og einnig er viðurkennt, að hinn árlegi kostnaður til fangelsanna greiðist úr lsj. Meðan betur ljet í ári, gjörði þessi eðlilega krafa ekki eins vart við sig; mönnum var þá ekki eins tilfinnanleg byrðin eins og nú: en nú er það ekki smávegis skattur, að eiga að greiða þetta gjald í svo bágu árferði. Það verður næsta tilfinnanlegt einkum fyrir Vesturamtið og einnig nokkuð fyrir Norður- og Austuramtið. Í Vesturamtinu verður það að minnsta kosti 26 aur. af lausafjárhundraðinu, og má ske meira eptir því sem lausafjeð minnkar. Jeg vil því styðja frv. og vona þd. fallist á það.

Eins og kunnugt er hefur stjórnin fengið heimild til að selja eitt fangahúsið í N. og A.amtinu, og átti andvirði þess að renna í jafnaðarsjóð amtsins, en ef þetta frv. verður að lögum, þá ætla jeg sjálfsagt, að það eigi að renna í lsj.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að eins að gefa þá stutta aths., að í hitt eð fyrra samþ. þingið frv. til laga, sem nú er orðið að lögum, um að selja fangelsið á Húsavík. Í þeim lögum er ákveðið að andvirði þess

renni í jafnaðarsjóð N. og A. amtsins. Af því svo stendur á þá virðist nauðsynlegt að breyta þeim í þá stefnu, að andvirðið gangi í landssjóð, því ef landssjóður á að bera byrðina af þessari skuld, þá er einnig sanngjarnt að hann einnig fái fje það, sem fæst fyrir fangelsið. Þess vegna vil jeg leggja það til, að flm. kæmi með breytingu við frv. í þessa stefnu.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg tek fúslega við bendingu hins hæstv. lh. og eins þm. Bf. um andvirði fangelsisins á Húsavík. Jeg skal athuga betur hvernig orðuð eru lögin um sölu fangelsisins í Húsavík 28. sept. 1882, og finnist mjer þörf á. skal jeg bæta því við þetta frv., að andvirði fangelsisins gangi í lsj. Það var og er ætlun mín að svo sje. Að öðru leyti veit jeg ekki með vissu, þótt jeg ætli, að sölunni muni eigi verða fyllilega ráðið til lykta þetta ár; en það skaðar eigi að taka þetta atriði til greina.

Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Frumv. til laga um fiskireiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland (C 35, með nefndaráliti C 154); 1. umr., framhald.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Ef ekki má tala um hin einstöku atriði málsins, við þessa 1. umr., þá finnst mjer ekki þörf á að ræða það að þessu sinni. Hjer liggja fyrir breytingartill. frá n. og breytingartill. frá 3 þm., en þetta snertir hvorttveggja einstök atriði. Þess vegna vil jeg að eins leggja það til að málið gangi til 2. umr.

Málinu vísað til 2. umr. í e. hl.

Frumvarp til laga um heyásetning og eptirlit á meðferð húsdýra (C 147); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg ætla ekki að tala langt eða færa miklar ástæður fyrir þessu frv. Það er kunnugt, að málið var hjer fyrir á þingi 1881, og mætti þá andmælum frá ýmsum þingmönnum. Það er auðvitað að það er vandi, að setja lög um þetta efni; en allra alda reynsla síðan land vort bygðist sýnir það, að þörf er á einhverju, er takmarki of djarfan ásetning, en þá er vandinn, að ekki sje gengið of nærri frelsi (einstakra) manna. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málð, heldur að eins óska að þd. fallist á, að því verði vísað til nefndarinnar í málinu um horfelli á skepnum.

Jón Ólafsson: Jeg vil einnig leyfa mjer. að óska að þessu frv. verði vísað til nefndar, og jeg skal gjöra grein fyrir hvers vegna. Þessu frv. er æðimjög ábótavant að orðalagi í sumum greinum, svo að jeg ætla það myndi hafa gott af því og taka miklum bótum, ef það væri hugleitt af nefnd. Frv. er svo víðtækt að orðum, að það kemur margt inn undir það, sem alls ekki á við. Það segir að «ásetningsmenn skuli skoða *heybirgðir* manns og *eftir því* meta, hvað margt af *húsdýrum hverrar tegundar* fyrir sig þeir álíti hyggilegt fyrir hvern búanda að setja á vetur. Nú geta þó ásetningsmenn varla af heybirgðum bænda ráðið. hvað marga hunda, ketti eða hænsn er "*hyggilegt*„ fyrir bónda að setja á vetur. og þó eru hundar, kettir og hænsn *húsdýr*. Þess vegna held jeg frv. þurfi nauðsynlega að komast í n., svo þessi og fleiri gallar á því geti orðið lagaðir.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Frv. getur átt við margt. Jeg held það geti verið gott t. d. til þess að auka eptirlit með því að tilskipuninni um hundahald sje hlýtt; svo er ekki neitt á móti að öll húsdýr eigi einhvern rjett (*J. Ó.*: Samband þeirra við *heyf*orðann?). Jeg gef því lítinn gaum, sem þm. var að tala um kettina, því jeg tek það sem spaug. Jeg álít ekki sjerstaka nefnd nauðsynlega, heldur óska að því sje vísað til nefndar þeirrar, sem jeg nefndi áðan.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal geta þess að sú nefnd hefur nú þegar að mestu lokið starfa sínum. Jeg skal þó játa það, að frv. þetta fari í líka átt og mál það, er nefndin hefur til meðferðar, og þess vegna er jeg eigi á móti því, að málinu sje vísað til hennar. En þar af leiðir, að nefndarálitið verður þá ef til vill að koma nokkru seinna en ella.

Að setja sjerstaka n. fellt m. öll. atkv. gegn 1.

Vísað til n. í horfellismálinu m. 16. atkvæðum.

Ellefti fundur, laugardag 14. júlí. Allir á fundi, nema Jón Ólafsson, er eigi hafði tilkynnt forföll sín.

Forseti skýrði frá, að form. í n. í málinu um frv. til laga um rjettindi þeirra

manna, sem eru fyrir utan þjóðkirkjuna, væri kosinn Jón Ólafsson, og skrifari Þórarinn Böðvarsson, og í stjórnarskrárnefndinni væri form. Grímur Thomsen og skrifari Halldór Friðriksson.

Forseti: Það var nýlega á fundi deildarinnar hjer skorað á mig, að skýra frá skilmálum þeim, er við forsetar deildanna hefðum gert um prentun og útgáfu Alþingistíðindanna. Það hefur reyndar ekki verið venja á undanförnum þingum, að heimta þessa skýrslu af forseta, og þingsköpin gjöra eigi ráð fyrir að forsetar leggi neinar þess konar skýrslur fram. En þar eð þessi ósk er mjög sanngjörn og eðlileg, þá skal jeg nú í fám orðum skýra þm. frá samningum þeim, er gjörðir hafa verið hjer að lútandi. Það hefur gengið seigt og fast að fá þessu máli ráðið til lykta, og samningunum var ekki lokið til fulls fyr en í gær, svo jeg hef ekki átt kost á að skýra þm. frá þessu fyr en nú. En höfuðinntak samninganna er þetta: Einar Þórðarson, prentsmiðjueigandi, tekur að sjer, að prenta skjalapart þingtíðindanna og umræður neðri deildar, með þeim kjörum er nú skal greina:

1. Fyrir prentun á hverri heilli örk af skjalapartinum fær hann 18 kr., nema 23 kr. fyrir þær arkir, þar sem hann sannar fyrir skrifstofustjóra að hann hafi orðið að kasta af letri.

2. Fyrir prentun á hverri heilli örk í umræðupartinum, sem vera á með þjettprentun, fær hann 27 kr.

3. Fyrir aukaprentun fær hann 10 aura fyrir hverja línu af þeim skjölum, sem eru minni en ½ örk, en annars í sama hlutfalli og fyrir heilar arkir.

4. Fyrir pappír (Superroyal Nr. 1) fær hann 54 kr. fyrir hallann.

Einar Þórðarson hefir auk þess alla aukaprentun fyrir þingið, er hann fær af kastað svo, að aldrei verði bið á prentun. Hann skuldbindur sig til að prenta af þessu það, sem fyrir fellur, og hraða prentuninni svo, að skjalaparturinn verði fullbúinn í þinglok, og svo mikið af ræðupartinum, sem hann fær yfir tekið. En eptir þinglok lofar hann að prenta ekki minna en 6 arkir af tíðundunum á hverri viku, að viðlögðum skaðabótum.

Prentsmiðjueigandi Björn ritstjóri Jónsson hefur tekið að sjer að prenta umræður efri deildar, 3 arkir á viku hverri, með sömu kjörum og og Einar Þórðarson, og lofar hann hinu sama hvað pappír og prentun snertir.

Svo hefur Björn ritsjóri Jónsson og tekið að sjer ritsjórn og prófarkalestur á ræðupörtum tíðindanna, fyrir 6 kr. örkina með sama leturmagni og gerzt hefir undanfarin ár, en að því skapi meira sem nú verður meira á örkinni, og verður það líklega eitthvað lítið yfir 7 kr.: er það töluvert minni borgun en að undanförnu, þar sem goldnar hafa verið fyrir ritstjórn tíðindanna sjer á parti 200 kr., er nú falla alveg burt.

En ritstofa þingsins hefur á hendi eins og áður prófarkalestur á skjalapartinum án sjerstakrar borgunar.

Kr. Ó. Þorgrímsson, bóksali, hefur tekið að sjer útsölu og útsendingu tíðindanna fyrir ákveðna borgur. Hann sendir tíðindin á ákveðna staði víðsvegar um landið og eins gjafatíðindi hreppanna, kaupendum og viðtakendum kostnaðarlaust að öllu. Jeg læt innan skamms lista ganga meðal þm., og bið þá að skrifa á þennan lista, hvað mörg exempl. af tíðindunum þeir vilja fá í sitt kjördæmi, til þess að útbýta meðal hreppanna, og til sölu. Þetta er nefnilega nauðsynleg leiðbeining fyrir útsölumanninn. Auglýsingar um allt þetta koma út í blöðunum á hans kostnað.

Enn verð jeg að geta um það nýmæli, að nú er sett fast verð á tíðindin, 3 kr., en áður kostuðu þau 2 kr. fyrir utan innheptinguna, sem seinast hleypti tíðindunum langt upp í 3. krónuna.

Jeg hygg að eigi hafi verið hægt að komast að hagfeldari samningum fyrir þingið en þessir eru, þar sem ekki getur verið að tala um neina samkeppni um prentunina, og forsetar þingsins verða að ganga þeim að kostum, sem bjóðast, þó að þeir sjeu ekki sem aðgengilegastir.

Frv. til l. um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað (C 170): 3. umr.

Frv. sp. orðalaust í e. h. Málið sent e. d.

Frv. til l. um breyting á opnu brjefi 27. maí 1859, eins og það var sp. e. d. (C 155); 1. umr.

Málinu vísað orðalaust til 2. umr. í e. h.

Tólfti fundur, mánudag 16. júlí. Allir á fundinum nema Magnús Andrjesson sem hafði tilkynnt forseta forföll sín (veikindi).

Forseti kvaðst hafa fengið tilkynning um það, að í n. um stofnun háskóla á Íslandi væri form. kosinn Benidik Sveinsson og skrif. Lárus Blöndal.

Frv. til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi (C35): *2. umr.*

Jón Ólafsson: Áður en umræður hefjast vil jeg geta þess, að oss, sem erum höfundar að brt., hefur komið saman um af formlegum ástæðum að taka aptur 1. lið brt. (C 145).

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Þar eð hinir heiðruðu ustm. (J. Ó., Th. Th. Jak. G.) hafa tekið aptur 1. lið í brt. sinni, þá skal jeg þegar snúa mjer að hinum 2. lið, sem eptir stendur, til þess að benda þeim og þinginu á, að þessi br. þeirra er í harðasta lagi fyrir þá sem kynnu að vilja taka þátt í hlutafjelögum hjer á landi. Ust. þessara manna er jafnvel strangari en tilskipun frá 13. júní 1787, og þetta apturhald er svo mikið, að hinn ágæta Íslending, Jón Eiríksson, sem samdi tilskipunina, mundi furða sig á því að menn skyldu koma fram með slíkt á hinni frjálsu 19. öld. Jeg vil leyfa mjer að benda ustm. á 10. gr. 2. kap. tilskipunarinnar. Þar segir svo, að útlendingar, jeg bið menn vel að taka eptir því, að hjer er átt við aðra en Dani, að *útlendingar* sem vilja gjörast borgarar í kaupstöðunum til þess að reka verzlun eða gefa sig að einhverjum öðrum gagnlegum fyrirtækjum, skuli hvaða þjóðar sem þeir sjeu og hverrar trúar, fá að njóta allra hlunninda og rjettinda, sem til eru tekin í tilskipun um fríheit kaupstaðanna 17. nóv 1786, og auk þess fá fullan rjett til þeirra náðargáfna, sem veitast undir tilskipuninni 13. júní. Þeir skuli enn fremur fá rjett innfæddra manna fyrir sig og börn sín, ef þeir að eins flytji inn í landið eigur, sem nemi 3000 ríkisdölum. Þetta frelsi var útlendum mönnum boðið á 18. öld: en nú fara ustm. fram á að setja þessa tímatakmörkun, sem er fólgin í 5 ára heimilisfestunni, og sem stj. hefur ekki einu sinni viljað fara fram á. Yrði það að l. sem ustm. vilja, þá yrðu jafnvel mörg fjelög, sem hin síðustu undanfarin ár hafa aflað hjer við land, útilokuð frá því, þar eð stjórnendur fjelaganna hefðu eigi verið búsettir hinn fyrirskipaða 5 ára tíma í landinu. Ustm. hafa þess vegna stigið feti lengra fram en stj. til þess að halda uppi rjetti landsmanna. Þetta er nú ekki svo undarlegt; en mig furðar stórlega á því að finna hinn h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) meðal þessara ustm. Fyrir rúmu ári síðan hefur blað, sem mun standa þm. nokkuð nærri (Skuld 6. maí 1882), farið mörgum og þungum orðum um ráðstafanir ráðgjafans í fiskiveiðamálinu. Ráðgjafinn hafði ákveðið að útlendingar sem vilja veiða í landhelgi einir sjer, eða saman við Íslendinga, verði að hafa áunnið sjer fast heimili annaðhvort á Íslandi eða í Danmörku eptir reglum þeim sem gilda um heimilisfestu Um þetta segir blaðið, að hingað til hafi það í öllum síðuðum löndum verið álitið nóg að þeir sem væru eigendur iðna eða verzlana væru borgarar í landinu. Engin stjórn í heimi, ekki í Rússlandi einu sinni geri borgararjett að skilyrði fyrir vinnumenn til að mega vinna sjer inn brauð í annara þjónustu.

Með öðrum orðum, hinn h. þm. ritaði þá harða grein um aðferð ráðgjafans, sem þó er mildari en ákvörðunin í brt. Ráðgjafanum nægði, að útlendingar hefðu áunnið sjer fast heimili eptir gildandi reglum; en ustm. vilja binda leyfið til þess að fá að komast í stjórn fjelagsins við 5 ára dvöl í landinu. Jeg þykist vita að brt. ustm. er af góðum rótum runnin, en hún vill hlaða ofháan og óheppilegan garð fyrir rjettindum landsins og verð jeg því að skora á ustm. að taka hinn 2. lið af brt. sinni aptur, eins og hinn 1. lið. Jeg vil enn minna 2. þm. Sm. (J. Ó.) á, að í blaðinu stóð svo fallega, að eigi mætti útiloka útlendinga, sem eiga að kenna okkur og færa okkur kraptinn. Þetta apturhald hjá hinum h. þm. er þess vegna svo mikið og svo skjótt, að við gömlu karlarnir, sem verðum apturhaldsmenn svona smámsaman, við furðum oss á, að ungur maður geti komizt svo langt aptur á bak á einu ári, og jeg er viss um ef hinum mikla stjórnarvitring á Þýzkalandi, Bismarck, væri kunnugt um þetta apturhald 2. þm. Sm. (J. Ó.), þá mundi hann hugsa í hjarta sínu: svona langt hef jeg aldrei komizt.

Jón Ólafsson: Mig furðar á því að jafngamall og jafnskarpur þm. og hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) skuli hafa lesið brt. vora og stj.frv. jafnilla og hann hefur gjört, mjer liggur nærri við að segja að hann hafi lesið hjer líkt að eins og sagt er að viss persóna lesi biflíuna.

Vilji hann að eins lesa fyrirsögn frv., þá talar frv. ekki um annað en um hluta-

fjelög, og breytir því að eins rjettindum hlutafjelaga. Ráðgj. Íslands hefir álitið, að eptir tilsk 13/6 1787 hefðu hlutafjelög, sem útl. menn ættu *nokkuð* í, engan rjett til að veiða hjer við land. En allt frelsi einstaklinga, sem tilskipunin 13. júní 1787 veitir, stendur óbreytt. Brt. vor er miklu frjálslyndari en skilningur ráðgjafans hefur verið á þessu og enda miklu frjálslegri, en frv. stj. Þar stendur að hlutafjelögum sje heimilt að reka fiskiveiðar *því að eins*, að minnst helmingur fjelagsfjárins sje eign danskra þegna. Af þessu leiðir að ómögulegt verður fyrir fjelagið að reka fiskiveiðar án þess að hlutabrjefin sjeu stýluð upp á nafn. Lögreglustjórinn getur hve nær sem vill heimtað skýrslu um það, í hvaða höndum (ɔ: hverra eign) hlutabrjefin eru. Þetta þótti oss ustm. ófrjálslegt og auk þess verða hlutabrjefin í lægra verði, er sala þeirra er takmörkuð, t. d. að ekki megi selja þau nema á Íslandi.

Vjer ætlum að það sje meiri trygging að binda rjettinn til fiskiveiða í landhelgi við það skilyrði, að stjórnin sje innlend og þeir, sem í henni eru, heimilisfastir í landinu, en að viss tala af hlutabrjefum sje í landinu, því að tilgangur vor er ekki sá að *bola burtu* útlendu *fjármagni*, heldur draga *það* inn í landið. Hinn h. þm. Bf. á eptir að sýna að fullur helmingur hlutabrjefa í landinu sje betri trygging, og hann á líka eptir að sýna, hvað er ófrjálslegt í því, að stjórnin sje skipuð mönnum búsettum hjer á landi. Vjer höfum til tekið þennan árafjölda, af því að það er annars svo torvelt að útiloka yfirskynsbúsetu, en henni verður trauðla komið við, ef 5 ára bólfesta er heimtuð, því að í kringum það verður naumast farið. Jeg get eigi ætlað að útlendingar vilji síður leggja fje til fiskiveiða hjer við land þó að stjórn fjelagsins eigi að vera innlend, en óska að hinn skarpvitri þm. Bf. vilji sanna mjer að það sje ófrjálslegra, að binda *að eins þá*, sem í *stjórn* fjelagsins eru, við bólfestu í landinu, eða að binda *meira en helming allra*, sem hlutabrjef eiga í fjelaginu, við bólfestu í landinu. Meðan hann sýnir og sannar þetta ekki, tel jeg það ástæðulausa og mislukkaða findni-tilraun sem hann sagði um það, að 2. þm. Sm. væri ófrjálslyndari en ritstjóri «Skuldar».

Landshöfðingi: Þegar maður lítur á ástæðurnar fyrir þessu frumv., þá sjer maður, hvert tilefni hefir verið til þess að stjórnin hefir komið fram með frumvarp þetta, í hverjum tilgangi hún hefir gjört það. Stjórnin hefur viljað gjöra Íslendingum hægra fyrir að fá sjer til aðstoðar kunnáttu og krapta útlendinga til þess að hagnýta sjer þá fjársjóði sem eru í hafinu kring um landið.

Í nefndarálitinu (C 154) er sömu stefnu fylgt og get jeg því yfir höfuð fellt mig við ust. n., þótt jeg fái eigi sjeð að þær allar nái þeim tilgangi sínum að skýra stj. frv.; en aðalgrundvöllur frv. er þó óraskaður. Jeg skal víkja á það, að n. hefur í 1. gr. fellt burtu «þótt eigi sjeu allir fjelagsmenn danskir þegnar». Við það verður uppást. nefndarinnar eigi skýrari heldur óljósari en ákvörðun frv. En þar eð þetta breytir eigi neinu að efninu til, legg jeg enga áherzlu á það. Br. n. á 2. gr. er mest fólgin í því, að í staðinn fyrir það sem stendur í frv. að lögreglustjórinn skuli «yfir höfuð hafa umsjón með fyrirtækjum fjelagsins», þá er í nefndarálitinu að hann skuli «yfir höfuð hafa eptirlit með því að l. þessum sje fylgt». Að minni hyggju er ákvörðun n. nokkuð þrengri en er í stj.frv., en þó hygg jeg að undir þessa ákvörðun komizt allt nauðsynlegt. Br. n. við 3. gr. er hækkun á sektunum frá 10—200 í 100—2000 kr. Þessi hækkun finnst mjer vera of mikil, einkum þykir mjer lægsta stig sektanna of hátt. Þær smáyfirsjónir geta komið fyrir, þar sem 100 kr. væru allt of há sekt, jeg vil t. a. m. setja það dæmi, að útlent hlutafjelag drægi nokkra fiska í landhelgi. Þar á móti getur verið rjett að hæsta stig sektanna sje hátt, til þess að geta gripið til hárra sekta, ef brotið er mikilsvert. Lægsta stig sektanna er einnig of hátt þegar það er borið saman við sektaákvarðanirnar í tilskipun 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra, þar sem lægsta stig var 20 kr., en hæsta stig ekki nema 40 kr.

Jeg get þess vegna yfir höfuð fellt mig við tillögur n.; en hið sama get jeg ekki sagt um brt. hinna 3 ustm. Jeg skírskota til þess sem hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) hefur sagt um brt. þeirra. Þær takmarka um of það frelsi sem vjer verðum að veita útlendingum til þess að fá að njóta góðs af fjármegni þeirra og kunnáttu hjer við land. Það er mjög óaðgengilegt fyrir útlendinga að setja mikið fje í hlutafjelög, ef þeir mega búast við því að allir útlendingar sjeu útilokaðir úr stjórninni. Þetta hefur meiri

þýðingu en ustm. hafa gjört sjer ljóst og þess vegna er þessi ákvörðun mjög viðsjál, þar sem hún spillir fyrir tilgangi frv. að gjöra landsmönnum það mögulegt að vera í samfjelagi við útlenda menn. Það verður því affarasælla að halda sjer við ákvarðanir n. að því fráskildu er jeg tók fram um upphæð sektanna.

Th. Thorsteinsson: Það lítur út fyrir að þm. skoði brt. vorar á annan hátt, en við hugðum. Það var engan veginn ætlan vor að takmarka frelsi er landsmönnum er ætlað og brt. vorar gjöra það vart, rjett skoðað. Jeg álít að það sjeu landsmenn, sem eru virkilega búsettir hjer á landi, en ekki farfuglar og gestir hjer á landi lítinn tíma ársins. Brt. vorar vilja að eins tryggja það, að það sjeu landsmenn sem verði aðnjótandi þess frelsis, er l. veita, það er að segja að í stjórn hlutafjelaganna sjeu virkilega innlendir menn. Það væri undarlegt ef hjer á landi mætti ekki hver sem vera skal fá hæfa menn, sem hafa verið búsettir í landinu í 5 ár, til þess að stjórna fjelögunum.

Við höfum einmitt af því að vjer vildum ekki takmarka frelsið sleppt þeirri ákvörðun að helmingur hlutabrjefa eða meira sje í landinu sjálfu, því að bæði mundi tíðum verða örðugt að fá nóg fje í landinu sjálfu, og farið yrði kringum þess konar l., en þau l. eru ekki hentug sem illt er að hafa eptirlit með.

Þm. Bf. (Gr. Th.) gat þess að brt. vor væri strangari en tilskipun 100 ára gömul, en hann hefur eigi gætt þess að hjer er talað um sjerstakt atriði «landhelgi» sem ekki var talað um fyrir 100 árum síðan annað en skoðað sem eign landseiganda eða ábúanda. Jeg get þess vegna ekki sjeð að vjer ustm. höfum fengið þær upplýsingar í þessu máli að vjer sjáum ástæðu til þess að taka brt. vorar aptur.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg skal ekki deila um það hvort er frjálslegra nefndarálitið eða brt. hinna 3 ustm. Jeg lít mest á það hvað er «praktiskast» og affarabezt fyrir landið. Allir eru á sama máli um það að tryggja rjett landsmanna gegn útlendingum; það hafa bæði höfundar nefndarálitsins og brt. viljað. Brt. vill tryggja þennan rjett með ákvörðun sinni um stjórn fjelaganna, en þá vil jeg spyrja 2 þm. Sm. (J. Ó.) um það: Hvað er aðalstjórn eins fjelags? Er það aðalfundur fjelagsins eða 3 eða 5 menn í stjórnarnefnd, er framkvæma eiga að eins það sem aðalfundur leggur þeim fyrir að gjöra skuli? Jeg hef verið í ýmsum fjelögum, síldarfjelögum og öðrum bæði innlendum og útlendum og þekki ekki annað en að aðalfundur ráði mestu í hverju fjelagi. Þess vegna er brt. ónóg og tryggir eigi rjett landsmanna í nokkru verulegu, því að stjórnin er máttlaus gagnvart aðalfundi. Nei, tryggingin á að vera sú að aðalfundur sje þannig saman settur, að hann geti ekki gjört neitt það, sem rjettindum landsins er skaðlegt. Að þessu hefur n. stutt betur en höfundar brt. Hinn h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) sagði að það væri ófrjálslegt að hlutabrjefin væru stýluð upp á nafn, en það er einmitt það sem á að vera, annars gætu á svipstundu öll hlutabrjefin orðið útlend eign og stjórn hlutafjelagsins hversu íslenzk sem hún væri og rótgróin í landinu stæði þá ráðalaus uppi gagnvart hinum útlendu eigendum hlutabrjefanna.

Þar sem 1 meðnefndarmaður minn hefur farið fram á að í stað ½ sje sett ⅔ hlutir, þá er það auðvitað gjört til þess að tryggja enn betur rjettindi landsmanna, en þar eð slík hlutafjelög hljóta að halda fundi sína á Íslandi hygg jeg að það sje nægilegt að Íslendingar stýri fullum helmingi atkvæða. Verði harðari ákvarðanir settar t. d. þessi, að ⅔ fjárins sjeu innlend eign, þá verður það til þess að stífla fjárstrauminn, sem oss er nauðsynlegt að renni inn í landið vegna fátæktarinnar; því útlendir menn munu valla vilja vinna til, að lána landsmönnum fje og hafa mestalla fyrirhöfnina fyrir fjelaginu, þegar þeir í staðinn ekki gætu fengið nema lítinn part af ágóðanum.

Hinn hæstv. lh. hafði það helzt á móti nefndarálitinu, að sektirnar væru of háar, og skal jeg ekki vera á móti því að við 3. umr. komi sú br., að hin lægsta sekt sje eigi meiri en 50 kr. eða jafnvel 20 kr.

Eiríkur Kúld kvað það gleðilegt, að n. hefði sloppið jafnámælalítið. Brt. hinna 3 manna færi að eins í nokkuð aðra stefnu. Brt. er auðvitað samin í bezta tilgangi, en hún þröngvar meira frelsi hlutafjelaganna en stj.frv. og nefndarálitið gjöra, án þess að gefa meiri tryggingu. Það er og eigi sem sanngjarnast eptir því sem á sjer stað hjer á landi, að heimta þessa 5 ára heimilisfestu, því að ekki einu sinni kaupmönnum er nærri gjört jafnþröngt um hendur eins og hjer er farið fram á með þessu 5 ára tíma-

bili. Jeg vil taka það sem dæmi að eptir brt. get jeg eigi sjeð að 1. þm. Sm. (Tr. G.) geti komizt í stjórn hlutafjelags (*J. Ó.*: Hann er búsettur á Akureyri). Rjettur íslenzkra kaupmanna til þess að búa erlendis er ótakmarkaður, en yrðu þeir útilokaðir frá verulegum afskiptum af þessum fjelögum, þá útilokuðum vjer þá menn, er helzt hafa atl þeirra hluta er gjöra skal. Ákvörðunin í frv. um að meir en helmingur fjelagsfjárins sje eign danskra þegna er næg trygging og nægilega þröngt.

Jeg er fús til að játa að lægsta stig sektanna er of hátt hjá n., og verði eigi aðrir til þess skal jeg við 3. umr. koma með bratkv. til þess að ráða bót á því.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Eins og hinn h. þm. Bst. sagði, er það ísjárvert að íslenzkir kaupmenn, sem eru danskir þegnar í orðsins fyllsta skilningi, kunni að verða útilokaðir frá stjórn hlutafjelaga. Það verður eptir brt. erfiðara að komast í stjórn hlutafjelags en að hafa kjörgengisrjett til alþ. Mjer er það og vafasamt hvort hinn 1. þm. Sm. með allri sinni kunnáttu og reynslu í þessum efnum mætti hafa á hendi stjórn nokkurs slíks hlutafjelags. Rjetti og hagsmunum landsmanna er fullkomlega borgið með því tvennu, að þeir stýri fullum helmingi atkvæða og stjórn fjelagsins sje á Íslandi. Í stj.frv. stóð að stjórnin skyldi vera «á Íslandi eða í Danmörku», en þm. hafa víst tekið eptir því, að n. hefur sleppt orðununum «eða í Danmörku», vegna þess að n. þótti það eigi hagfellt að stjórn atvinnuvega hjer á landi hafi aðsetur í Danmörku.

Ef það hefur viðgengizt að stjórnendur verzlunarfjelaga er hafa verið búsettir erlendis hafi haft fullan rjett móts við landsmenn, þá er það ósanngjörn harka að öflugir hjálpendur landsmanna þurfi að dvelja 5 ár í landinu til þess að ná jafnrjetti. Nú þegar ráðgjafinn hefur breytt sinni hörku í mildi, ef til vill einmitt eptir áminningum 2 þm. Sm., þá fær hann líka ámæli fyrir mildi sína og það úr sömu áttinni og áður fyrir hörku. Þá fer nú að verða vandlifað fyrir ráðgjafann.

Jeg er alveg samdóma hinum hæstv. lh. að setja hið lægsta takmark sektanna úr 100 kr. niður í 50 eða 20 kr.

Jeg vil enn fremur drepa á eitt atriði í nefndarálitinu, en það er viðbótin við 1. gr., sem er tekin upp úr tilskipuninni 13. júní 1787 og bannar öðrum en búsettum mönnum í landinu eða innlendum hlutafjelögum að veiða í landhelgi á opnum bátum. Jeg vona að þm. af þeirri viðbót sjái, að n. hefur verið annt um hag landsins. Mönnum er kunnugt, að þessi ákvörðun hefur verið brotin einmitt hvað mest í því kjördæmi, er hefur sent á þing helzta mótmælanda nefndarálitsins. Nú er öll von til að bót verði ráðin á þessu, þar eð hinn hæstv. lh. hefur eigi mælt á móti þessari ákvörðun svo að samþykki stjórnarinnar mun vart bresta, ef þingið að eins fellst á það.

Jón Ólafsson: Það er mjög einkennilegt að mótmælendur brt. koma hver með sína alveg gagnstæða ástæðuna. Sumir segja að brt. sje of þröng, aðrir að hún sje of víð. Að hún sje þröng eða ófrjálsleg eins og þm. Borfirðinga (Gr. Th.) lætur í veðri vaka, er ósannað, og engin tilraun gjörð einu sinni til að sanna það. Jeg skil miklu betur 1. þm. Sm., er þykir brt. vera of frjálsleg, því að hann hefur einmitt jafnan reynt að leggja sem flest bönd á samband útlendra og innlendra til fiskiveiða hjer við land. Hann er því hjer sjálfum sjer samkvæmur, eptir því sem hann áður hefir komið fram í máli þessu, og það get jeg respektjerað. Hinn háttv. lh. þar á móti sagði, eins og þm. Bf. (Gr. Th.) að brust. vor legði of mikla takmörkun á hlutafjelögin. Frv. segir, að minnst helmingur hluthafanda verði að vera innlendir eða hjer búsettir; brust. vor segir, að ekkert skilyrði skuli um það sett, hvort mörg eða fá af hlutabrjefunum sje eign útlendra; — er þetta *takmörkun?* Er þetta *ófrjálslegt?* Getur nokkrum blandazt hugur um hvor er rýmri og frjálslegri brt. vor, eða ákvörðunin í stj. frv. og nefndarálitinu?

Hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) spurði mig um það, *hvað* væri *stjórn* hlutafjelags. Af öllum hjerlendum mönnnm átti jeg sízt von þessarar spurningar af honum. Hann skyldi ekki vita, hvað stjórn hlutafjelags er, hann sem mun vera í stjórn fleiri hlutafjelaga en nokkur annar maður hjerlendur? Nei, fáir ættu betur að geta svarað því en hann og þó segir hann að aðalfundur eins fjelags sje stjórn þess, en ekki þeir, sem kosnir eru í framkvæmdarstjórn þess !!! Jeg skal að eins benda honum á það að eptir íslenzku máli er það venja að kalla stjórn fjelags þá menn er hafa framkvæmdina á hendi, en ekki fund. Ef lögsækja

þarf „stjórn„ hlutafjelags, ætlar hann þá, að lögsækja þurfi alla þá hluthafendur, er mætt hafa á *aðalfundi*?! Nei, framkvæmdarstjórnin ber *ábyrgð* gjörða fjelags, og þess vegna er «tryggingin», sem um er verið að ræða, öll komin undir þeim ákvörðunum, sem um bólfestu *stjórnarinnar* eru settar, en ekki bólfestu hvers hluteiganda. Jeg hygg að bæði aðalfundur og stjórn láti það sitja í fyrirrúmi, sem er fjelaginu sjálfu í hag, en er landinu nokkuð borgnara fyrir það, þó að innlendir menn eigi 251 af 500 hlutum?

Það, sem vjer viljum tryggja, er það, að fjelagið uppfylli sínar skyldur við lög og land. Vjer viljum gjöra lögreglustjórunum sem ljettast að sjá um þetta. Ef fjelagið svíkst um að greiða lögboðna skatta, eða brýtur lögin á annan hátt, þá á lögreglustjórinn ekki aðgang að hinum 500 hlutabrjefaeigendum, heldur að stjórninni, sem þess vegna á að vera *virkilega* búsett í landinu. (*Tr. G.*: Nefndarálitið ákveður aðsetur stjórnarinnar á Íslandi). Jú, stjórnarinnar, en ekki þeirra, sem í henni eru. Stjórnin getur verið búsett hjer að nafninu, þ. e. haft hjer skrifstofu, átt hjer varnarþing; en ef á að gjöra fjárnám hjá henni og ekkert er til á skrifstofunni, ætli þá sje ekki að leita að *þeim*, sem í stjórninni *eru*, og *þeir* geta verið búsettir út í heimi, alveg eins og t. d. Gránufjelagsins *stjórn* er búsett á Akureyri (eptir lögunum), en enginn af þeim, sem í stjórn þess heiðr. fjelags eru, mun eiga heimili á Akureyri.

Hinn háttv. 1. þm. Sm. (Tr. G.) sagðist líta á það *praktiska*. Jú, þar eg jeg með! Jeg lít einnig á það praktiska og spyr alla menn, hvort sje hægra að gæta þess, að 5 menn, hjer á landi búsettir, uppfylli skyldur sína, eða t. d. 500 manns sem ekki er nema helmingur af hjer búsettur? Eigi sýslumaðurinn að hafa gát á öllum þessum og hlutabrjefum þeirra, þá veitir ekki af öllu árinu til þess; þó að sýslumaður skoði hlutabrjefin í dag, geta þau verið í allt öðrum höndum næsta dag og svona getur farið rjett á undan og eftir aðalfundi.

Þm. Bf. (Gr. Th.) sagði að það væri leiðinlegt að kaupmenn gætu ekki setið í stjórn hlutafjelaganna, ef brt. vor nær samþykki þingsins. Jeg vil segja að skaðinn sje ekki stór. Þeir kaupmenn, sem hvorki vilja búsetja sig hjer á landi nje eru Íslendingar, mega missa sig. Jeg ætla að hinn 1. þm. Ísf. (Th. Th.)hafi rjett að mæla eða ólíklegt sje að eigi megi meðal hluteiganda finna 3 eða 5 menn til þess að veita hlutafjelagi forstöðu og það menn, sem fullnægja skilyrðum þeim er vjer ustm. brt. förum fram á. Hinn háttv. þm. Bf. (Gr. Th.) sagði, að öðugra yrði fyrir ust. vora að komast í stjórn hlutafjelags en að ná þingsetu. Til þess vil jeg svara, að menn þurfa þó að hafa verið 5 ár í ríkinu til þess að ná þingsetu, og það þótt menn sjeu Íslendingar, en hjer er 5 ára tímatakmarkið að eins sett fyrir útlendinga: svo að hinn virðulegi þingm. hermir heldur eigi hjer rjett nje sanngjarnlega.

En þm. hafa, ef til vill, eigi gætt þess, að hjá oss er *ekkert tímatakmark sett, ef Íslendingar eiga í hlut;* að eins hinir, sem *útlendir* eru, þurfa að hafa haft heimilisfestu hjer á landi í 5 ár. Einhver tók það dæmi, að hinn 1. þm. Sm. yrði eigi kjörgengur í hlutafjelagsstjórn. Jú, af 2 ástæðum. Í fyrsta lagi er hann Íslendingur, og í öðru lagi er hann «búsettur» á Akureyri, þó að hann kannske komi þar stundum ekki árið um kring.

Þm. Bf. (Gr. Th.) ætti svo vel að gjöra, að sýna oss og sanna, að það sje betri trygging að hafa eptirlit með hlutabrjefunum en fjelagsstjórninni, ljettara að eiga við ótal hlutabrjefaeigendur, en fámenna stjórn, og að takmörkunin í brt. vorri nái til annara en útlendinga einna; þetta hefir hann ekki reynt til að gjöra enn þá.

Þorkell Bjarnason: Jeg ætla að n. hafi náð því takmarki sem ustm. hafa viljað ná, án þess þó að leggja þær tálmanir í veginn sem ustm. hafa gjört. Þegar meiri en helmingur fjelagsmanna er innlendur, þá er innlendum mönnum innanhandar að ráða því, hverjir komast í fjelagsstjórnina. Í nefndarálitinu stendur og greinilega, að stjórn þessara fjelaga eigi að sitja á Íslandi; þess vegna er það eigi rjett að segja að stjórnin geti verið hvar sem vera vill t. d. í Danmörku og Noregi, eins og hinum virðulegi 2. þm. Suðurmúlasýslu (J. Ó.) fórust orð. Jeg skal eigi tala um, hvað það er ófrjálslegt, að heimta þessa 5 ára heimilisfestu á Íslandi, en benda á hitt, að eptir þeirri ust. yrði Norðmönnum fyrst um sinn ómögulegt að vera í stjórn síldarfjelaga hjer við land, og væri það auðsýnn hnekkir fyrir fjelögin sem nú eru á landi hjer, þar sem þeir enn sem komið er, eru kunnugastir og færastir til síldarveiðanna og til að standa

fyrir innkaupum til fjelagsins og sölu á aflanum. Jeg leyfi mjer því fastlega að skora á þm. að hafna brt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er hjer í vanda staddur. Mjer þykir að nokkru leyti brt. betri, en að öðru leyti ekki eins góð. Brt. þeirra 3 manna er fólgin í viðauka við 1. gr. N. segir: «ef að meir en helmingur fjelagsfjárins er eign danskra þegna og stjórn fjelagsins hefur aðsetur sitt á Íslandi». Brt. bætir þar við: «og er skipuð Íslendingum hjer búsettum eða þeim einum mönnum, er hjerlendis hafa verið heimilisfastir í 5 ár undanfarin að minnsta kosti». Þetta er viðauki. (*Tr. G.:* Til skaða). Nú er spurningin um það, hvort þessi viðauki sje ónauðsynlegur, skaðlegur, eða gagnlegur? Það hefur vakað fyrir ustm. að fjelagið gæti verið búsett á Íslandi þó að enda enginn í stjórninni væri á Íslandi. Gránufjelagið er t. m. búsett á Akureyri, en engin ákvörðun er um að stjórnendur þess sje á Islandi. Það er ekki nóg að fjelagið að nafninu til sje innlent, heldur að þeir sem framkvæmdarvaldið hafa í fjelaginu sjeu skyldir að búa í landinu. Það mætti gjarnan færa niður árafjöldann og binda það ekki við 5 ár, en viðaukinn, að stjórnendur fjelagsins sjeu sannarlega heimilisfastir, álít jeg að sje nauðsynlegur.

Aptur á móti hefur n. sett viðauka við 1. gr. frv., sem brt. hefur ekki, en er þó með öllu nauðsynlegur, og góður, þó að hann sje samhljóða tilskipuninni 13. júní 1787 II. kap. 5. gr. Það er ákvörðunin sem n. hefur bætt aptan við greinina um fiskiveiðar á opnum bátum. Jeg þakka n. fyrir þennan viðauka. Jeg vildi þó óska að n. breytti einu orði í þessum viðauka sínum og setti «heimilisfastir» í stað orðsins «búsettir». Það er nokkuð annað að vera heimilisfastur en búsettur. *Heimilisfastur* er maður á einhverjum vissum stað, þó að hann bregði sjer af heimilinu um lengri eða skemri tíma, ef hann sjálfur eða altjend kona hans og börn búa á þeim stað lengstan tíma ársins, en *búsettur* á þeim og þeim stað gæti sá heitið, er hjeldi eldstó og þjónustufólk á einum stað, þótt hann dveldi þar ekki sjálfur nema fáeinar vikur um árið. Framkvæmdarstjóri Gránufjelagsins getur ekki — svo að jeg taki dæmi — talizt heimilisfastur annarstaðar en í Danmörku. (*Tr. G.:* Nei, á Akureyri). Maðurinn er þá heimilisfastur á 2 stöðum um sama tíma. Niðurstaðan verður, að sumt er betra í brt., en sumt í nefndarálitinu, og væri því æskilegt að n. og höfundar brt. vildu koma sjer saman um þessi atriði og útvelja hið góða á undan 3. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer er það óskiljanlegt hvernig þm. Ef. (A. Ó.) getur komizt að þeirri niðurstöðu, að stjórnendur hlutafjelaga gætu allir verið í útlöndum, þrátt fyrir það, að í nefndarálitinu stendur að það er skilyrði fyrir heimild fjelaganna að reka fiskiveiðar í landhelgi «að stjórn fjelagsins hafi aðsetur sitt á Íslandi». Hvernig eiga stjórnendur fjelagsins að vera í útlöndum, ef stjórn fjelagsins er á Íslandi?

Jeg stend við það sem jeg sagði áðan um þýðingu aðalfundar. Það er hann sem ræður því hverjir verða stjórnendur fjelagsins. Er það líklegt eða hugsanlegt, að aðalfundur velji fjelaginu til óhags útlenda menn í stjórnina? þegar fundir og framkvæmdir fjelagsins eru á Islandi. Meðnefndarmenn mínir hafa sýnt fram á hið sama og jeg gjörði, hvað leiddi af þessari takmörkun brt., og skal því ekki orðlengja um hana. Sumir þm. hafa hreift því hvar jeg væri heimilisfastur eða búsettur, og þó að það komi þessu máli ekki við, skal jeg fræða þá á, að jeg tel mig heimilisfastan á Akureyri og geld þar öll gjöld bæði til lsj. og fátækra. (*A. Ó.:* Líka í Kaupmannahöfn). Já, að nokkru leyti, en að eins bæjargjald af því að jeg er þar meir en 3 mánuði á ári, og er þá undirgefinn dönskum lögum. I Danmörku er það lög, að ef maður flytur 3 mánaða tíma í næstu sveit, verður hann að greiða til fátækra og sveitarþarfa fyrir þann tíma.

Jakob Guðmundsson: Eptir því sem sem mjer heyrist á umræðum þm., þá eru hjer 2 atriði, er koma til greina, og sem þeim eigi kemur saman um. *Fyrst það*, hvort gjöra eigi nokkrar tálmanir á því, hvaðan fjeð kemur, hvort það sje heldur innlent eða útlent. Jeg álít, að engar skorður eigi að reisa við því, hvaðan fjeð kemur, það má á sama standa, ef það verður til þess að efla hag landsmanna yfir höfuð.

Í *öðru lagi* halda menn að það band, að stjórn fjelagsins sje bundin við það, að þeir menn, sem í henni eru, hafi verið lengur eða skemur búsettir í landinu, muni verða skaðlegt. Þeir, sem halda því fram að þetta sjeu hættuleg bönd og að þetta sje skaðlegt fyrir framkvæmdir fjelags-

ins, byggja skoðun sína, — að því er mjer skilst — á því, að þeir halda að útlendir menn muni síður leggja fje sitt til hlutafjelaga, ef þessi ákvörðun er tekin: en það skil jeg ekki. Jeg hygg það muni ekki tálma því að þeir ljái fje til fyrirtækisins eins fyrir það, því að þeir gjöra það í ábataskyni, og svo framarlega sem þeir treysta arði fyrirtækisins, þá munu þeir jafnfúsir á að gjöra það, hvort sem þeir, sem kjósa skal í fjelagsstjórnina, hafa átt að vera búsettir hjer lengur eða skemur. Jeg er engan veginn fastur á, að miða búsetuna við svo langan tíma sem ákveðinn er í brust., og þótt jeg standi undir brust., þá er jeg fús á að gefa atkvæði með því, að áratalan sje færð niður, en jeg vil þó hafa hann nokkurn. Hvað það snertir, sem 1. þm. Sm. (Tr. G.) sagði, að aðalfundur rjeði stjórn fjelagsins, þá er það öldungis satt, að hann velur fjelagsstjórana. En það er aðgætandi, að ef ekki eru lög fyrir því, að velja innlenda menn í stjórnina, þá er heldur engin trygging fyrir því, að það verði gjört.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Það eru einkum 2 ástæður, sem stjórnarfrv. stendur á: 1. að gjöra landsmönnum ljettara fyrir, að fá fje til nytsamra fyrirtækja, og 2. að girða fyrir það, að rjettindum landsmanna sje misboðið fyrir það. Þessari stefnu hefur og n. fylgt, og 1. þm. Sm. hefur að mjer virðist leitt ljós rök að því, að þegar —eins og stendur í ust. n. — «stjórn fjelagsins hefur aðsetur sitt á Íslandi», þá er og sjálfsagt að hún situr á Íslandi. *(Jón Ólafsson:* Nei). Við höfum ekki hugsað okkur að hún væri annarsstaðar eða farið væri kringum það. *(Arnlj. Ólafson:* Getur orðið). Hið hættulega við brust. þessara 3 þm. er það, að þau fjelög, sem nú eru hjer á landi og í gangi, yrðu að breyta öllu sínu fyrirkomulagi. Fjelagið, sem er á suðurlandi, stendur — eins og kunnugt er — í sambandi við norskan mann, Vattne. Það yrði að breyta fyrirkomulagi sínu, því Vattne gæti ekki verið í stjórninni, þegar hún á að vera alveg innlend, en það er partur úr fjelaginu, sem er fyrir austan og sem hann ræður fyrir.

Hinn h. þm. Eyfirðinga vildi — eins og hans er von og vísa og sem góður sáttasemjari — koma sáttum á milli n. og brust. og skipta rjett milli þeirra. Það getur verið, að jeg hafi ekki skilið röksemdaleiðslu hans, því jeg skil ekki hvaða munur er — frá lagalegu sjónarmiði — á *„búsettur“* og *„heimilisfastur“*. Tilskipun frá 1787 segir að hver sá maður, sem leyst hefur borgarabrjef, sje «búsettur», og jeg vil skjóta því til hins h. meðnefndarmanns míns, 2. þm. Nm., hvort þeir dómararnir kveði eigi svo á, að hver, sem er *búsettur*, verði álitinn *heimilisfastur*. Við, nefndarmenn, vildum fara sem skemmst í þessu og víkja sem minnst frá gildandi lögum, svo hin h. stjórn sp. frv. með þeim breytingum, er n. hefur gjört. Jeg sje ekki heldur, þegar jeg ber saman nál. og brust. — ef menn ekki vilja halda þessari hörðu 5 ára ákvörðun — muninn á till. ustm. og nefndarinnar. Nefndin segir að stjórn fjelagsins skuli hafa aðsetur sitt á Íslandi, en brustm. heimta að þeir sjeu búsettir hjer, eða hafi verið hjer heimilfastir í 5 ár: en eptir gildandi lögum þarf ekki svo langan tíma til að heita *„búsettur“*: eitt ár er nóg. Maður er búsettur þegar hann hefur haft hjer fast heimili í eitt ár. Mig furðar á, að þm. skuli nú allt í einu vera orðnir vandlátari með þetta, en stjórnin. Því hvað segir stjórnin um þetta? Í aths. við frv. stendur: «En nákvæmari ákvörðun um þetta mundi, ef ekki ætti að sleppa hugsuninni í þeirri reglu, er nú gildir, að öllum líkindum að eins leiða til þess ar *kröfurnar* í þessu tilliti *yrðu strangari* en nú á sjer stað». Og enn fremur: «En þótt nú, ef sett yrði föst tímatakmörk fyrir dvöl þeirri, er skyldi vera skilyrði fyrir aðgangi til fiskiveiða, við það ynnist, að þá yrði hægra um að dæma, hvort útlendur maður í raun og veru hafi eignazt fast heimili, þá hefur stjórnarráðinu þó ekki þótt ráð að koma fram með uppástungu um slík tímatakmörk, er takmarka mundi svo aðgang þann, sem nú er svo hægur fyrir útlendinga, er ná vilja þessum rjettindum, að það mundi *aptra mörgum frá að búsetja sig á Íslandi;* og þar sem erfitt veitir, að gefa neina aðra reglu, er skeri úr um, hvort fast heimili sje fengið eður eigi, hefur þótt bezt henta að halda óbreyttri ákvörðun þeirri er nú gildir».

Þetta segir stjórnin: þess vegna skil jeg ekki hvað til þess kemur, að þm. eru nú strangari en hún, þar sem þó einum af ustm. og mörgum öðrum þótti hún fara of langt í sakirnar áður. Ef vjer tökum stefnu frv. og álítum að aðalstefna þess sje, að útvega fje, og hitt næst að tryggja rjett landsmanna, þá virðist mjer, að allir geti með

góðri samvizku greitt atkv. með frv. nefndarinnar og breytingum hennar. En við 3. umr. má laga það enn með breytingum ef þurfa þykir.

Holgeir Clausen: Jeg ætla þá ekki að segja meir, en óska einungis, að málið gangi til 3. umr.

Benidikt Sveinsson: Eins og sjá má á nefndarálitinu hefur mig ekki greint á við mína heiðruðu meðnefndarmenn í neinum aðalatriðum. Það eru að eins 2 bendingaratriði, er jeg hef tekið fram, eða rjettara lagt meiri áherzla á. Fyrst *að* «tveir þriðju hlutir» fjelagsfjárins komi í staðinn fyrir «meira en helmingur«; og 2. *að* fá fastari, eða eins og sýnilegri lögákveðna hugmynd um, hvað er *fast heimili eða búseta í landinu* með tilliti til fiskiveiða útlendra manna. Jeg sje ekki annað á umræðunum, sem eru orðnar bæði langar og á víð og dreif, en að þær einmitt gefi mjer ástæðu til að koma með formlegt bratkv. í þessa átt við 3. umr. Það hefur verið tekið fram að aðaltilgangurinn sje að draga fje erlendra manna að landinu eða með öðrum orðum, að laða útlenda menn til þess að nota sem mest auðsuppsprettur landsins, sem liggja í sjónum umhverfis: það en við hliðina á því ætti og að vera sá annar að minni ætlun æðri og einlægri tilgangur, að laða Íslendinga *sjálfa* til þess, að verja fje og afla sjer þekkingu, dugnaðar og reynslu til þess að nota þessar auðsuppsprettur fyrir *sjálfa sig*. Það er því ekki mín meining að bola útlenda menn frá að koma hingað og ausa auðnum upp úr sjónum svo miljónum króna skiptir, heldur hitt að laða Íslendinga sjálfa til þess að gjöra það líka, og *meðalið* til þess er frá mínu sjónarmiði að gefa útlendingum kost á að koma hingað og leggja *saman* við Íslendinga fje og framkvæmdir, þekkingu, kunnáttu og dugnað. Frá þessu sjónarmiði virðist mjer sjálfu sjer samkvæmara, að «tveir þriðju hlutar» fjelagsfjárins væru eign danskra þegna.

Hinn 1. þm. Sm. sagði, að aðalfundur væri lífið, sálin og aðalgrundvöllur undir framkvæmdum hvers fjelags. Má vera að svo sje. En ef svo er, þá er sannarlega hæpið að setja — eins og hann setti — 21 á móti 19 eða það hlutfall, þar sem atkvæðarjettur sá, sem er samfara einum fertugasta hluta fjelagsfjárins, ræður úrslitum. Mjer þykir nógu frjálslegt, að setja tvo þriðju hluti sem takmark fyrir hlutdeild hinna erlendu manna.

Viðvíkjandi breytingaruppástungu þriggja þingmanna, þá get jeg ekki betur sjeð, en það sje mjög íhugunarvert, sem 1. þm. Ef. tók fram. Jeg get ekki betur sjeð, en það megi segja, að stjórn fjelagsins sje á Íslandi, enda þó að stjórnendurnir sjeu ekki allir búsettir á Íslandi. En að binda stjórnarforstöðuna við 5 ára búsetu, finnst mjer aptur vera of langt farið. Jeg ætla að reyna að koma mjer saman við ustm. með breytingar á þessu atriði við 3. umræðu.

Atkgr.: 1. gr. nefndarinnar (C 154) sþ. með 15 atkv. gegn 2; 1. gr. frv. og brust. 3 þm. (C 145) þar með fallnar; 2. gr. n. sþ. með 19 atkv.; 2. gr. frv. þar með fallin; br. n. við 3. gr. sþ. með 11 atkv. gegn 7; 3. gr. frv. þannig breytt sþ. með 16 atkv.: br. 3 þm. við fyrirsögn frv. felld með 14 : 2.

Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Frumvarp til laga um, að eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsa greiðist eigi af jafnaðarsjóðum amtanna nje af bæjarsjóði Reykjavíkur (C 146); 2. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Við 1. umr. þessa máls kom að eins ein aths. fram — mig minnir frá þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) — er hnje að því, að bæta þyrfti við frv. þetta ákvörðun viðvíkjandi lögum 22. sept. 1882 um sölu fangelsisins í Húsavík. Jeg gat þess þá, að þegar jeg hefði athugað þessi lög, þá skyldi jeg gjöra breytingu eða viðauka, ef hún væri nauðsynleg. Nú eru lögin þannig orðuð: «Fangelsið á Húsavík skal lagt niður og selt við opinbert uppboð og andvirði þess varið til afborgunar á skuld norður- og austuramtsins til viðlagasjóðsins út af byggingu fangelsa». En frumvarp þetta ákveður eingöngu, að það, sem ólokið verður 31. desbr. 1883 af kostnaði þeim, er o. s. frv., skuli ekki teljast jafnaðarsjóðunum til skuldar nje greiðast úr þeim.

Aðalákvarðanir þessa frumvarps eru þá, *að* skuldin við árslokin 1883 skuli ekki framar teljast jafnaðarsjóðum amtanna til skuldar heldur lsj. Nú veit jeg til þess, að ekki var farið að selja fangelsið á Húsavík, þegar við fórum til þings, en uppboðin eru 3 og svo er eptir að samþykkja söluna. Þannig er ekki um það að ræða, að einn eyrir af andvirði þess komi inn fyrir árslok 1883. Jeg tek þetta fram til að sýna fram á, að það er ekki að ætlast til að það komi einn

eyrir inn til afdráttar þeirrar skuldar er á að vera lokið 31. desbr. 1883. Þess vegna ætla jeg ekki nauðsynlegt að bæta neinni ákvörðun við um þetta.

Að öðru leyti vona jeg frv. fái sömu góðu viðtökur sem við 1. umr.

Grímur Thomsen: Þótt það væri að óttast, að þetta frv. kæmi í bága við lögin 22. sept 1882, þá er það nú eigi eptir þessa ræðu flm.. þar eð eigi þarf að óttast, að andvirði fangelsisins á Húsavík renni annað en í landssjóð.

Halldór Kr. Friðriksson: Það má vera. að þetta sje tilgangur flm., en jeg get ekki sjeð, að það liggi í orðum frv. Hjer er að eins talað um eptirstöðvar kostnaðarins. en ekki um það, hvert andvirðið á að ganga.

Það er lítil fyrirhöfn, að taka það fram með berum orðum, en getur annars orðið vafasamt hvert verðið á að renna. Ef fangelsið hefði verið fyrr selt án þessara laga, eða hefði nú verið búið að selja það, hvert hefði þá andvirði þess runnið annað en í jafnaðarsjóð? það er engan veginn sýnt með þessu, hvert það eigi að ganga. Rjettur jafnaðarsjóðsins er ekki horfinn við þessi lög. Hver á fangelsið? Nú á jafnaðarsjóðurinn það. Það er búið að ákveða sölu þess, með lögunum frá 1882, og það mætti því alveg eins skoða svo. að andvirðið ætti að ganga upp í þegar borgaðan kostnað, eða þann kostnað, sem borga skal þetta árið, eins og að það eigi að ganga í lsj.

Jakob Guðmundsson: Jeg heyrði ekki betur en flm. læsi upp, að það væri lögákveðið, að fangelsið yrði selt upp í óborgaða skuld. Þá finnst mjer leiða af sjálfu sjer, að þegar lsj. tekur að sjer þessa skuld, þá gangi einnig andvirðið þangað.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Mjer finnst óþarfi að gjöra nokkurn viðauka við frv.. sökum l. $^{22}/_{9}$ 1882, því fyrst og fremst er það, að eigi verður búið að borga einn eyri fyrir fangelsið í Húsavík fyrir 1. janúar 1884, og í *öðru lagi* segir í l. $^{22}/_{9}$ 1882, að andvirði þess skuli varið til *afborgunar á skuld.* En hvaða skuld verður eptir 31. desbr. 1883, ef þingið sþ. frv. og konungur staðfestir lögin? Engin. Því frv. fer fram á, að það sem eptir verði af skuldinni við árslok, eður 31. desbr. þ. á.. verði ekki framar talið jafnaðarsjóðunum til skuldar. Nú kemur ekkert inn fyrir fangelsið fyrir árslok og andvirðinu skal varið til afborgunar á skuld, en skuldin er þá ekki framar til og þá rennur það í lsj. Þegar afborgunin kemur er skuldin engin. Að öðru leyti mun jeg ekki hafa á móti því, að bæta þessari ákvörðun við frv. við 3. umr., en mjer finnst það þó óþarfi og henni vera alveg ofaukið.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er þó ekki hægt að sjá annað en lögin $^{22}/_{9}$ 1882 ákveði, að andvirðið skuli vera til afdráttar þeirri skuld, sem var 1881, en ekki þeirri sem verður 1884. Þess vegna er sannarlega spurning um, hvort það sje ekki alveg nauðsynlegt, að útiloka allan ágreining um þetta atriði.

Frv. sþ. í e. h. Vísað til 3. umr. í e. h.

Frv. til laga um að afnema gjöld af fasteignarsölum til landssjóðs (C 155); 1. umr.

Lárus Blöndal: Jeg þarf ekki að vera langorður um þetta mál. Eins og kunnugt er, þá er boðið í tilsk. 8. febr. 1810, að þegar fasteignir ganga kaupum og sölum, skal greiða $^{1}/_{2}$ % gjald til ljs. Þetta gjald er að vísu ekki hátt eða tilfinnanlegt, en hitt er þó víst, að það hefur orðið til þess að kaupendur fasteigna hafa kynokað sjer við, að láta þinglýsa heimildarskjölum að eignum sínum, og þar af hefur leitt hina mestu óreglu og óvissu um rjettarheimild manna fyrir fasteignum. Menn sjá, hversu óheppileg slík rjettaróvissa er í sjálfu sjer, en einkum verður hún hvumleið á þessum tímum, þegar heldur er að glæðast viðleitni manna með, að fá lán út á fasteignir. Þegar þess er gætt, að gjald þetta er leitt í lög eingöngu til þess, að fá tekjuauka (sbr. ástæðurnar fyrir tilskip. 8. febr. 1810) og þegar svo þetta er heimfært upp á lsj., þá verður ekki annað sagt en að tekjumissirinn sje mjög lítill fyrir hann, þar sem setja má, að næstu undanfarin ár hefur gjald þetta aldrei farið upp úr 700 kr. um árið, en vanalega leikið á 500—700 kr. Jeg fæ því ekki betur sjeð en að lsj. muni ekkert um, þó að hann verði af þessum tekjuauka, og að fullgild ástæða sje til þess að afnema hann, svo komizt verði hjá því óhagræði og rjettaróvissu, sem leiðir af því, að eignarheimildarskjöl fyrir fasteignum manna eru ekki þinglesin

Af þessum ástæðum hefur fjárlaganefndinni hugkvæmzt að koma fram með þetta frv. og væntir hún þess, að hin háttvirta þd. gefi því góðan róm.

Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Uppástunga til þingsályktunar um hafnamælingar (C 155): ein umr.

Tryggvi Gunnarsson: Það er mörgum kunnugt, hversu mælingarnar á mörgum stöðum við strendur Íslands eru ófullkomnar. Það er sumstaðar svo, að ókunnugir skipstjórar þora ekki að leggja inn á hafnir, vegna þess hvað sjókortin eru ónýt og óglögg. Þetta hefur einkum orðið tilfinnanlegt síðan gufuskipin fóru að ganga kringum landið. Á þrjú þing eða síðan 1879 hafa komið bænarskrár bæði úr Strandasýslu og Húnav.sýslu um, að gufuskipin kæmi á Borðeyri, en ómögulegt hefur verið að fá því framgengt, einkum vegna þess, að gufuskipafjelagið hefur verið ófáanlegt til að senda skip sín þangað, fyrri en búið væri að mæla upp Húnaflóa; er þó auðsjeð, hversu æskilegt það væri, að skip kæmi á Borðeyri, þar sem svo margar sveitir liggja vel fyrir að hafa not af því, bæði fyrir kaupafólk og varning. Af þessum ástæðum hefur fjárlaganefndin komið fram með þessa uppástungu til þingsályktunar að skora á ráðgjafann að hann reyni að gjöra sitt til, að fá fje og skip til hafnamælinga hjer við land, einkum á Húnaflóa. Fyrir 3 árum þegar «Fylla» var hjer til strandgæzlu, mældi skipstjóri við Flatey dálítinn part á Breiðafirði og Siglufjörð fyrir norðan, svo yfir þessa staði er komið glöggt kort; um sama leyti var lítill partur á Húnaflóa meðfram Vatnsnesi mældur, en það er allt of mikið verk fyrir skip, sem um leið á að hafa annan starfa, að mæla upp svo stóran flóa; þess vegna er álit margra, að nauðsynlegt væri að hafa til þess sjerstakt skip. En fjárlaganefndin áleit ekki eiga við, að leggja ráðin á hvernig bezt færi að haga þessum mælingum, heldur vildi hún að eins að skorað væri á ráðgjafann, að hann reyni að koma þessu nauðsynjaverki svo fljótt og vel til framkvæmda, sem honum væri framast unnt.

Jeg álít að jeg þurfi ekki að tala langt fyrir þessu máli, því jeg vona öll þd. sje á einu máli um það, að óska að þetta mál fái framgang. Jeg get gjört mjer von um að þessi ósk fái góðar undirtektir hjá ráðgjafanum og enda hjá öðrum er hjer eiga hlut að máli, þó ef til vill verði örðugt að fá þessu máli framgengt svo bráðlega.

Benidikt Sveinsson: Jeg vildi leyfa mjer, að gjöra þá fyrirspurn til hins h. flm.: á hvers kostnað á að gjöra hafnarmælingarnar sem uppást. ræðir um? Á að gjöra þær á kostnað lsj. eða á kostnað ríkissjóðsins eður hvorutveggja sjóðanna?

Tryggvi Gunnarsson: Því mun svarað þegar fjárlaganefndarfrv. kemur fram; þá mun það sýna sig, að þar er ekkert fje ætlað til þessa. Meiningin er, að ríkisþingið danska veiti fje til þessa

Benidikt Sveinsson: Jeg skil ekki í, að stjórnarráðið danska geti komið til að bera kostnað þenna. Það verður að minni hyggju að gjörast á kostnað lsj. eða ríkissjóðs eða þá þeirra beggja.

Holgeir Clausen: Jeg er alveg viss um, að ef við sendum ráðgjafanum bænarskrá, þá mun þetta verða gjört. Þetta er ekki svo stórt fyrirtæki og ekki svo mikill kostnaður. Það þarf ekki annað, en að herskipið Fylla eða Ingólfur. eða hvað það heitir, sje að eins nokkrum dögum færra hjer á höfninni í Reykjavík og við það, að mæla skerin hjerna. Það fer svo lítið upp á skerin hjer og hjer eru engin kórallarif. Jeg held ráðgjafinn hafi ekkert á móti því að gjöra þetta (fyrir okkur).

Grímur Thomsen: Jeg er samdóma 1. þm. Sm. (Tr. G.) um hversu æskilegt þetta er. En hjer eru vandkvæði á forminu. Þetta þing er ekki ráðgjafarþing, það ræður ekki stjórninni neitt og það biður hana ekki um neitt. Við getum ekki talað til ráðgjafans í þessu formi, sem ust. er sniðin í. Hvað koma okkur við viðskipti ráðgjafa Íslands við stjórnarráðið danska? (*Jón Ól.*: Heyr!). Stjórnin er allt of fús á að leitast við, að gjöra okkur að ráðgjafaþingi, en við eigum ekki að leitast við, að gjöra það sjálfir. Jeg álít betra, að hinn h. þm. sem stundum er í Höfn, fari þennan bænarveg að ráðgjafanum, en að þingið sem ráðgjafaþing fari þennan veg. Þingið getur í mesta lagi skorað á ráðgjafann að gjöra ráðstafanir til þess að koma þessu á stað, en hitt getur það ekki, að leggja ráð á í því efni.

Eiríkur Kuld: Jeg er á sama máli og þm. Bf. (Gr. Th.); en jeg held það mundi nægja, að herskip, sem liggur hjer við land á sumrum, verði þeim tíma, er nú gengur til þess að mæla Breiðafjarðarflóa upp aptur og aptur, til þessara mælinga, og það því heldur, sem koma herskipsins er Breiðfirð-

ingum enginn kærkominn gestur, að minnsta kosti á stundum nálægt varpeyjum.

Tryggvi Gunnarsson: Hefðu verið 2 umræður um málið, þá hefði mátt koma með bratkv. til 2. umr. þess efnis að fella úr orðin: «hjá hinu danska stjórnarráði», en þessu verður ekki við komið nema með því, að fresta umræðunni. En jeg sje ekkert á móti því, að þessi orð standi eins og þau eru, og ekki sje jeg heldur að þingið gjöri sig að ráðgjafaþingi fyrir það, þó að það fari þess á leit við ráðgjafann að hann hlutist um þetta mál við hið danska stjórnarráð. Meiningin er að hinn íslenzki ráðgjafi hefur ekki ráð á nokkru fje eða skipi til þessara strandamælinga. Það er «Marineministeriet» sem hefur umráð yfir skipunum, sem mundi verða höfð til þessa starfa. Ráðgjafi Íslands verður því að eiga við það danska stjórnarráð og ríkisþingið, ef hann á að geta fengið þessu framgengt. Ef þm. kunn illa við þessi orð, þá hef jeg ekkert á móti að umræðunni sje frestað, svo breytingaratkv. komist að; en jeg álít að þingsályktunin, eins og hún nú liggur fyrir, sje engan veginn neitt niðurlægjandi fyrir þingið, og óhætt sje að hafa hana alveg óbreytta.

Jón Ólafsson: Ef á að fresta umræðunni, þá sting jeg uppá því, að það sje sett 3 manna n. til þess að orða ust. svo, að hún verði frambærileg, því mjer finnst hún sannarlega þurfa þess með og mjer finnst flm. eiga svo bágt með að skilja, hvað að henni er, að örvænt sje að hún batni, þótt hún fari til nefndarinnar aptur.

Grímur Thomsen: Jeg treysti fjárlaganefndinni til að gjöra það. En sjeu engar breytingar gjörðar á till. þá verð jeg að brúka svo hörð orð, *að ust. má ekki koma svona orðuð — eins og hún er nú — frá löggjafarþingi.*

Lárus Blöndal: Jeg er viss um, að fjárlaganefndin mun þiggja þakksamlega hvern þann ljetti í störfum hennar, sem henni verður boðinn, og það ekki sízt frá hinum fyrv. fjárlnm. 2. þm. Sm.; en verði það ekki ofan á að kjósa 3 manna nefnd til þess að «orða» ust., þá skal jeg hugsvala honum með því, að jeg fús á að koma inn á *ritstofu Þjóðólfs*, til að læra, hvernig eigi að rita, því þar má í sannleika læra það !!

Jón Ólafsson gat þess, að ritstofa Þjóðólfs hefði engin þingstörf á hendi, en fjell frá því að setja sjerstaka n. í málið.

Sþ. m. 15 atkv. að fresta umræðunni.

Tillaga til þingsályktunar um fjárveiting til 4 aukalækna (C 145): ein umr.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Svoleiðis er ástatt, að það hafa komið til þingsins 4 bænarskrár um að stofna ný læknishjeruð, nefnil. frá Borgarfjarðarsýslu, Barðastrandarsýslu, Dalasýslu og Norðurmúlasýslu. Nú erum við allir 4 flutningsmenn samdóma um, að fyllsta nauðsyn sje til að fjölga aukalæknum, en við höfum þó ekki þorað og ekki viljað vegna ástandsins, sem nú er, stinga upp á föstum embættum, heldur fá nokkurt fje, sem sýslunefndirnar gætu haft undir höndum og útvegað svo lækna fyrir það, eins og átti sjer stað á Siglufirði áður, að þeir fengu efnilegan mann til að gegna læknisstörfum, áður en þar var skipaður læknir. Það gæti einnig verið gott, að þessir læknar sýndu sig, hvað duglegir væru, og svo gætu þeir fengið embætti á föstum stöðum, eða komizt að þar sem þeir eru. Þess vegna höfum við komið með þessa tillögu, af varfærni og til sparnaðar, og til þess, að fylgja stefnu þessa þings, að fjölga ekki föstum embættum. Jeg vil óska að tillögunni sje vísað til fjárln.; henni er kunnugast um hvort fært er að veita þetta fje eður eigi.

Halldór Kr. Friðriksson: Ef deildin ályktar að veita þetta fje, hvað á þá fjárln. að gjöra? Jeg get ekki sjeð eins og jeg sagði um daginn, að ust. svona löguð geti formlega gengið til fjárlaganefndarinnar.

Flm. (Grímur Thomsen): Jeg afhenti forseta tillöguna að útstrykuðu «til þingsályktunar», og höfum við afhent honum allar bænarskrárnar 4, þá hefði þeim sjálfsagt verið vísað til fjárlagan., og það hefði þó ekki verið hægra. Mjer þykir undarlegt, að það skuli þurfa að gjöra langan rekstur úr þessu og gjöra okkur svo erfitt fyrir að koma málinu þangað, sem það á heima, og þess konar er sannarlega ekki til þess að flýta fyrir málunum.

Forseti: Mjer finnst ekki þurfa lengri umræður um þetta mál. Skilningur þm. Rvík. (H. Kr. Fr.)væri rjettur, ef hjer væri spurningin um, hvort þingdeildin vilji samþykkja þessar 4000 kr. nú þegar. En það er ekki meiningin, heldur er ætlazt til eptir því sem jeg skil ust., að fjárlagan. segi álit sitt um það, og þd. mun þá seinna meir gefast tækifæri til að greiða atkvæði um til-

löguna, og mun jeg því bera hana þegar undir atkvæði eins og hún nú liggur fyrir.

Tillagan samþ. með 18 atkv.

Þrettándi fundur, þriðjudag 17. júlí. Allir á fundi nema Magnús Andrjesson sem hafði tilkynnt forseta forföll sín (veikindi).

Forseti tilkynnti d., að hann hefði bætt við 2 innanþingsskrifurum, er nú væru teknir til starfa, og væru þeir cand. jur. Páll Briem og stúdent Valtýr Guðmundsson.

Fyrirspurn til landshöfðingja viðvíkjandi lestagjaldi af póstgufuskipunum (C 155); ein umræða.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Jeg skal með fáum orðum leyfa mjer að skýra upptök þessa máls, sem er að finna í stöðulögunum af 2. janúar 1871, þar stendur í 6. gr.

«Gjöldin til hinnar æðstu stjórnar hinna íslenzku málefna í Kaupmannahöfn og sömuleiðis til póstferða milli Danmerkur og Íslands skulu greidd úr ríkissjóðnum.

Ef nokkurt gjald verður lagt á þessar póstferðir til hins sjerstaklega sjóðs Íslands, verður jafnmikið dregið af árstillagi því, sem ákveðið er handa Íslandi í 5. grein».

Málið kom fyrir á þingi 1877, og 1879, og endurtók þingið þá kröfu sína, að lestagjaldið yrði ekki dregið frá tillaginu úr ríkissjóðnum, og styður það sig við orðatiltækið *póstferðir*, þar sem lestagjaldið er heimtað af póstskipunum, ekki sem póstskipum, heldur vöruflutningaskipum. Og var 1879 þgsál. sþ. í báðum d., að skora á rg., að innheimta þetta gjald, alls 34,302 kr., ef þörf gjörðist með lögsókn gegn fjármálastjórn Danmerkur.

Þegar jeg leyfi mjer að koma með þessa fsp., þá þykir mjer það fyrst mjög leiðinlegt, að sá maður, sem eiginlega ætti að svara henni, nl. rg., skuli eigi vera hjer við staddur; því næst þykir mjer leitt, að þurfa að beina henni að hinum hæstv. lh., sem jeg þykist vita, að muni hafa greitt atkv. með þeirri ákvörðun, sem sþ. var í e. d. í e. h.; það er rg., sem ætti að svara henni, en hann er nú eigi hjer, og því verður að taka því, sem er. Það væri þó mjög æskilegt, að hann væri hjer við staddur, því þingið hefur mátt venjast því, að fá áminningar og góð ráð frá honum í Stj.tíðindunum, þegar frv. hefur verið synjað samþykkis sem sjálfsagt hafa verið góð, en ekki svarað tilganginum. Sama er að segja um þgsál., að hann hefur ekki álitið nauðsynl. að sþ. þær. En þær 2 þgsál. sem þingið felldi í hitt eð fyrra, leizt honum svo vel á, að hann tók þær, og kvað það auðsjeð af umr. að mismunandi skoðanir hefðu verið um þær. Þetta gaf einum kgk. þm. í e. d. tækifæri til að lýsa yfir forundrun sinni yfir því, að tekið skyldi meira tillit til umr. en atkvæðagreiðslunnar. Annar h. þm. í sömu d. gaf það ráð, að fella einhverja ályktun, ef menn vildu að hún fengi framgang, því að þá mundi hún fá framgang. Hjer gat ekki verið umr. að kenna, því að enginn þm. mælti á móti, heldur var það sþ. í e. h. Þó hefur maður ekki enn haft þá ánægju að lesa í Stj.tíðindunum neitt svar enn þá, og vil jeg því nú biðja hinn hæstv. lh. að skýra frá, hvað hefur verið gjört í þessu efni, og hvenær það hefur verið, ef nokkuð er.

Landshöfðingi: Það er ekki löng skýrsla, er jeg hefi tilefni til að gefa og get gefið í máli þessu, en jeg vona að hún nægi þó til að sýna hinni h. þd. að málinu hefur verið sinnt, og að því hefur verið sinnt á þann hátt sem því hefir orðið sinnt eptir því stigi, sem það enn er á. Rg. hefur í brjefi 25. maí skýrt frá, að þetta mál hafi verið borið upp fyrir fjármálastjórninni, þ. e. að segja krafa þingsins um að hið umrædda gjald yrði greitt úr ríkissjóði, hefir verið borin upp fyrir fjármálastjórn ríkisins. En jafnframt hefir ráðgjafinn skýrt frá, að hann enn ekki hafi í höndum svar fjármálastjórnarinnar. Áskorun alþ. fór fram á, *að* ef krafa þingsins eigi yrði uppfyllt, þá skyldi höfða málssókn. Nú var ekkert svar um þetta komið enn frá fjármálastjórninni, en *meðan málið ekki var útkljáð var ekkert tilefni* til fyrir rg. að gjöra ákvörðun um málsókn. Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) spurði, hvenær málinu hefði verið sinnt, en það get jeg ekki sagt honum, en það er fyrir nokkrum tíma; svarið frá fjármálastjórninni var, eins og jeg þegar hef tekið fram, enn þá ókomið, og því hefur stj. ekki enn getað tekið áskorun alþ. til greina á annan hátt en skeð er á þessu stigi málsins. Þetta er nú hið fyrsta stig málsins og jeg vonast til að jeg á þessu þingi ef til vill geti gefið skýrslu um hið næsta stig málsins. Jeg verð að álíta að

það sje eigi ástæða fyrir þd. að svo vöxnu máli að fara lengra út í þetta mál, en skal geta þess, að eins og stjórnin hefir byrjað, að sinna málinu eins mun hún framvegis láta sjer annt um það við fyrsta tækifæri. Jeg mun skýra stj. frá því sem fram fer í málinu í dag og ef tillögur mínar ná að hafa nokkur áhrif á málið, mun jeg styðja að því, að það fái sem beztan framgang samkvæmt vilja þingsins. Jeg þykist nú hafa svarað fsp. eins og hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) og þd. getur búizt við að svo vöxnu máli. Hinn h. þm. Bf. sýnist eigi vera ánægður með, hvernig rg. tekur undir þgsál., en stj. hefur haft ástæður fyrir sjer, þegar hún hefur synjað þeim. Þar sem hann tók það fram, að stj. hefði þvert á móti framkvæmt þær 2 þgsál., sem þingið hefði fellt, þá skil jeg þetta öðruvísi en hinn háttvirti þingmaður. Stj. hefur eigi gjört neitt gagnstætt ályktun þingsins, heldur hefir hún gjört þær ráðstafanir sem þingmaðurinn mun eiga við án þess, að þingið hafi beðið um það, og þetta er verulegur munur. Að endingu lýsi jeg því yfir að jeg ímynda mjer að hin h. þd. finni ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál að sinni.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Jeg þakka hinum hæstv. lh. fyrir svarið, sem sýnir, að stj. hefur þó gjört nokkuð, en jeg verð þó að geta þess, að mjer skilst ekki betur, en að stj. hafi fyrst byrjað á þessum framkvæmdum í maí eða síðast í apríl. Þegar jeg sem sje lít á snarræði stj. í öðru máli til þess að útvega lsj. nokkur þúsund krónur, úr vösum Íslendinga og Norðmanna, þá verð jeg jafnframt að dást að gætni og stillingu stj. í þessu máli, þar sem var um fjárheimtu til ríkissjóðsins að ræða, að skrifa ekki fjármálastjórninni fyr en 1½ ári síðar, en áskorunin kom frá þinginu. Ef góð samvinna á að haldast, þá ætti rg. að láta sjer meira annt um að framkvæma vilja þingsins, og láta það sitja í fyrirrúmi fyrir því, að breyta nýútkomnum lögum. Honum ætti þó að geta skilizt að vjer mundum vita betur, hvað hjer hagaði, en hann, sem aldrei hefur stigið fæti sínum hjer á land, og sem hefur í svo mörg önnur horn að líta. Það væri rjettara fyrir hann að gefa þingsályktunum meiri gaum en hann hefur gjört hingað til, enda mundi þetta ekki geta lengi gengið svo, ef stjórnarfyrirkomulag vort væri öðruvísi. Hinn hæstv. lh. lofaði að skýra frá því sem hjer hefur fram farið í dag, en jeg er ekki viss um hvaða áherzlu rg. kann að leggja á það, ef hann hefur ekkert skriflegt í höndunum frá þinginu, og því skal jeg leyfa mjer að koma fram með dagskrá með ástæðum, ógnarlega milda og þýða, því að jeg er hræddur um, að ef rg. sjer engan vott um málið frá þinginu, þá verði brjefaskriptirnar bleksúthellingar einar.

Dagskráin hljóðar þannig: „Í þeirri von, að ráðherra Íslands með aðið framkvæmi ályktun þingsins frá 1881 um heimtu á 34,372 kr. (lestagjaldi af póstgufuskipunum) úr ríkissjóði, ef þörf gjörist með lögsókn gegn fjármálastjórn Dana, tekur þd. næsta mál á dagskránni til umr.

Arnljótur Ólafsson. Grímur Thomsen."

Landshöfðingi: Eins og hinum h. þm. Bf. (Gr. Th.) er kunnugt, er mikið varið í að sumum málum sje sinnt í dag, en þetta ekki látið bíða morguns, en aptur er sumum málum svo varið, að það skiptir eigi miklu, hvort afgreiðsla þeirra dregst nokkrum mánuðum lengur eður skemur. Þessu máli er nú svo farið, að þótt það hafi sína þýðingu, þá er það ekki aðalatriðið, hvort það er útkljáð mánuði fyr eða mánuði síðar, heldur er hitt aðalatriðið, að málinu sje sinnt, og það hefur verið gjört og mun verða gjört framvegis. Þar sem hinn h. þm. bar þetta mál saman við aðgjörðir stj. í öðru máli, þá var það mál öðru vísi vaxið; þar þurfti skjótra ráða við, því að annaðhvort var að gjöra eitthvað þegar í stað, eða þá alls ekki. Hjer er allt öðru máli að gegna, því hjer stendur á sama hvort málið er útkljáð nokkrum mánuðum fyr eða síðar. Þar sem hinn h. þm. hefur stungið upp á dagskrá með ástæðum, þá er jeg honum samdóma um það, að full ástæða sje til að treysta á aðgjörðir stj í þessu máli; en mjer finnst dagskráin ónauðsynleg, meðan málið er á þessu stigi, því það getur verið, að nú sje annaðhvort búið að hefja málsókn eða útkljá málið á annan hátt. Þar sem nú stj. einu sinni hefur sinnt málinu, þá er engin ástæða til að halda að hún hætti við það, og því virðist engin ástæða til þessarar dagskrár og eiga betur við, að þd. ljeti þessu máli lokið að svo komnu. Dagskráin segir heldur ekkert annað en það, sem bæði jeg þm. Bf. og þd. treystir að verði gjört.

Holger Clausen: Jeg skil þetta mál kannske ekki alveg rjett, en jeg vil þó leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd. Ef við

höfum átt heimting á 34,302 kr. 1881 og ekki fengið það 1883, þá eigum við heimting á að fá þetta fje með rentum. Það er sjálfsagt að þingið biðji um upplýsingar og heimti þegar okkar fje er haldið til baka. Það er því meining mín að skora á ráðgjafann að við fáum það borgað með rentum.

Síðan bar forseti undir atkv. dagskráin með ástæðum og var hún sþ. í e. h.

Frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (frá efri d., C 163); 1. umr.

Þórður Magnússon: Það er nú orðið ofan á að selja þjóðjarðir. Þingið samþykkti í hitt eð fyrra að selja þær, og þó að þau lög, sem það samþykkti, eigi næðu staðfestingu konungs, þá hefur stjórnin þó lagt þetta lagafrumvarp um þjóðjarðasölu fyrir efri deild, sem hefur fallizt á það. Jeg skal nú eigi fara út í það, hvort þetta er hentugt eða ekki; en þó jeg nú eigi segi, að þetta sje hentugt eða heppilegt, þá vil jeg þó, úr því sem komið er, láta breyta nokkru í þessu efni. Jeg vil koma með brust. í þá átt, að *þjóðjarðirnar mætti selja, hre nær sem um er beðið og eins milli þinga*, og að það væri *ábúandinn einn* sem mætti kaupa, og ekki aðeins þjóðjarðir heldur líka kirkjujarðir, þegar ábúandi falar þær. Það er eigi heppilegt að bíða þess, að þingið komi saman til þess að gjöra út um, hvort selja megi þessa eða hina jörð þeim, er óska. Þeir geta verið hættir við að kaupa, þegar leyfið til að selja loksins kemur: það er eigi einu sinni víst að þessar jarðir, sem í frumvarpi þessu eru nefndar, verði nú keyptar. Það getur verið að þeir sem í hitt eð fyrra vildu kaupa, sjeu nú hættir við. Og hvaða þýðingu hafa þá þessar umræður? Og er þá tímanum til þeirra eigi illa varið? Jeg vil því við 2. umr. leggja það til, að þjóðjarðirnar mætti selja hvenær sem um er beðið, úr því það að mestu leyti sýnist að vera samhuga hjá stjórn og þingi að selja þær.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hef áður talað um þetta mál og látið skoðun mína á því í ljósi; og jeg er enn alveg á sömu skoðun og jeg hef verið. Jeg ætla mjer því eigi nú að tala um, hvort þjóðjarðarsalan sje heppileg eða ráðleg eða óheppileg og óráðleg. Jeg álít hana óheppilega fyrir landssjóð: svo framarlega sem landið á nokkra framfaravon, þá munu þær jarðir, sem nú eru seldar, að nokkrum ára tugum liðnum enn þykja betur óseldar, en oss þykja nú stólsjarðirnar, er seldar voru um aldamótin. En menn segja að salan sje heppileg fyrir landsbúa: sjálfseignarbændur fjölgi og jarða bætur verði meiri o. s. frv. En er það á nægum rökum byggt? Jeg held að þetta sje ímyndun ein, og reynslan hefur sýnt það. Auk þess, sem hægt er að fara í kringum það, að ábúandinn kaupi í raun og veru, þar sem hægt er fyrir þann, sem jörð vill eignast, að láta hann kaupa og kaupa svo af honum, þá ganga jarðirnar að erfðum og skiptast sundur og það venjulega er, að einstakir fasteignarmenn kaupa slíka jarðaparta. Nú bætist það við, að hart er í ári, og í harðærum hefur það ávallt orðið, að einstakir menn hafa eignazt mikið af fasteignum landsins og sjálfseignarbændur fækkað. Þetta er hægt að sanna; því að saga landsins sýnir, hvernig þetta hefur gengið til. Og er þá slíkt ástand betra en það sem nú er? Jeg held að þessir einstöku menn verði eigi betri lánardrottnar en landið. Jeg skal ekki fara fleiri orðum um þetta. Það sýnist að þing og stjórn hafi komið sjer saman um að selja jarðirnar, og jeg játa, að tilgangurinn er góður, þó jeg ætli, að hann náist ekki.

En það er annað sem jeg vil tala um. Jeg veit eigi til að liggi fyrir þinginu neinar óskir um að fá þessar jarðir keyptar. Að vísu getur það verið að kaupendur sjeu til að sumum þessara jarða, en ekki eru þeir til að þeim öllum. Getur verið og er ekkert ólíklegt, að þeir sem vildu kaupa þær 1881, hvorki vilji nje geti keypt þær nú. Og það þykir mjer undarlegt, og jeg sje ekki til hvers gagns það er, að vera að semja lagafrumvarp um sölu á jörðum, þegar enginn er kaupandi að þeim. En enn þá undarlegra þykir mjer þó, að neita þegar kaupandi er vís. Að eins ein af þeim jörðum, sem hafa verið bornar upp í efri deildinni, hefur verið föluð, en þessi sala á þessari einu var felld, eða umræðurnar urðu svo flutningsmaðurinn sá þann kost beztan, að taka tillöguna aptur og stinga henni í vasann. En hvað sem nú þessu líður, ætla jeg mjer eigi að halda því fram að þessu frumvarpi verði vísað á burt, en hitt vil jeg, fyrst menn vilja selja allar þessar jarðir, sem eru einar af hinum beztu landsins jörðum, þá vil jeg, segi jeg, bæta við þessari einu jörð, sem jeg veit kaupanda að.

Jeg ætla annars ekki að fara lengra út í þetta mál, en jeg ætla að eins að geta þess, að í þessu frv. er ekki farið fram á að selja eina einustu af þeim lakari, og það kalla jeg ekki góða ráðsmennsku, að selja einungis landsins beztu jarðir

Jakob Guðmundsson: Jeg er nokkurn veginn samdóma 2. þm. Ísf. (Þ. M.) Jeg er á þeirri skoðun að það eigi að selja sem flestar jarðir landssjóðsins fyrir sanngjarnt verð. Það eiga að verða sem flestir sjálfseignarbændur, því að það er heppilegast fyrir land og lýð og allar framfarir bæði viðvíkjandi ábúð og endurbótum. Það getur verið að landssjóður missti nokkurs í við söluna fyrst í stað, en menn verða að gá að afleiðingunum af sölunni, við það fjölgar sjálfseignarbændum og lausafjeð eykst sem goldið er af til landssjóðs, og það er því öldungis víst að lsj. vinnur sitt upp á eptir. Þjóðjarðasalan verður því bæði hagur fyrir þjóðina og fyrir landssjóð. En hvers fer landssjóður nú eigi á mis með því fyrirkomulagi sem nú er? Hann fer á mis við einn sjötta part af eptirgjaldi jarðanna. Skyldi þetta vera hentugur búskapur? Etli nokkur bóndi vildi gefa ráðsmanni sínum sjötta part af afrakstri búsins? Vjer skulum nú enn fremur líta í kring um okkur. Hverjir eiga þær jarðir, sem mest eru að ganga úr sjer? Hverjar eru þær jarðir, sem helzt eru að fara í eyði? Eru það eigi einmitt jarðir landssjóðsins, opinber eign þjóðarinnar? *(Halldór Kr. Friðriksson:* Nei). Jú það eru einmitt jarðir landssjóðsins. *(Margir:* Nei. *Margir:* Jú).

Ólafur Pálsson: Jeg er enn þá á sömu skoðun og jeg var 1881. Jeg hygg að sumar af jörðunum sjeu settar langt um of hátt t. a. m. Vík og Þverá, enda er verðlagið á þeim sett eptir áliti miður kunnugra manna, en eptir mínum skýringum var ekkert farið. Jörðin Þverá er ágangsjörð; og þó nú einhver vildi kaupa sumar af þessum jörðum 1881, þá hafa þær þó rýrnað síðan og ekki er víst að ábúendurnir nú vilji kaupa þær og allra sízt fyrir þetta okurverð, jeg kalla það svo, verðið sem á þær er sett. Það getur verið ástæða til, að þeir kaupi þær, þó þeim þyki þær of hátt verðsettar; því bygging á þjóðjörðum er nú í því formi, að menn af vissum ástæðum neyðast til að kaupa, svo börn þeirra verði ekki rekin út á kaldan klaka. Jeg ætla mjer að koma með brt. við 2. umr. ef til vill, því að jeg vil eigi að menn þurfi að sæta slíkum ókjörum.

Jón Ólafsson: Það er leiðinlegt að tala um mál, þegar maður veit, að orðin mæta lokuðum eyrum. Og svo er nú. Eptir því sem skoðun hinnar h. deildar var í hittið fyrra, og hún mun víst ekki hafa breytzt mikið síðan, þá hef jeg litla ástæðu til þess að ímynda mjer að orð mín muni falla í góða jörð. Sumarið 1881 eyddi þingið miklum tíma og miklu fje til þessa lagafrumvarps, sem stjórnin svo neitaði. En nú leggur stjórnin samt þetta frv. fyrir þingið, en þá liggur ekki fyrir að neinn vilji kaupa. Er þetta að fara vel með tíma þingsins og fje landsins? Og þegar nú enginn æskir að kaupa þessar jarðir, hví eru *þær* þá fremur teknar en aðrar þjóðjarðir. Þm. Vsk. (Ó. P.) talaði um okurverð, en hjer er slíkt ástæðulaust, því að ef verðið er ósanngjarnt, þá eru menn alls eigi neyddir til að sæta því, þeir geta þá að eins látið vera að kaupa jarðirnar. Þm. D. (J. G.) talaði um, að jarðirnar væru orðnar lítilsvirði; sumar lægju enda í eyði og byggðust ekki; en er það þá heppilegur tími fyrir landssjóð, að selja jarðirnar þegar svo á stendur? Nei, þá er jeg einmitt á skoðun. þm. G.K. (Þ. B.), að harðæristími er hinn versti tími til að selja jarðir. Það er viðkvæðið að sjálfseignarbændum mundi fjölga. En hvar er trygging fyrir því, að jarðirnar verði sjálfseign? Þó að það eigi að heita, að ábúandinn *óski* að kaupa, þá getur hann vel verið »skilt» fyrir einhvern ríkiskarl. Að minnsta kosti var því hreyft í hitt ið fyrra hjer í deildinni að ábúandinn á einni af þessum jörðum myndi kaupa fyrir annan. Og þó að nú ábúandinn kaupi, hvar er þá trygging fyrir að jörðin *haldist* í sjálfseign? Ef sú trygging væri í lögum vorum, þá væri annað mál, en nú er hún engin, og þess vegna er jeg á móti þjóðjarðasölu, því að jeg álít menn betur farna sem leiguliða landsins, heldur en sem leiguliða einhverra einstakra maurapúka, sem svældu jarðirnar undir sig. Þar sem jeg bezt þekki til, þá eru engar leigujarðir sanngjarnlegar leigðar og betur setnar, en einmitt þjóðjarðirnar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hef jafnan hjer á þingi verið því meðmæltur að selja þjóðjarðir, en að því leyti er jeg nú ósamþykkur mínum sessunaut, 2. þm. Ísf. (Þ. M.), að þjóðjarðirnar á ekki að selja út í bláinn. Menn eru að tala um, að enginn

óski að kaupa þjóðjarðir; en á því furða jeg mig ekkert; þó nú hafi ekki komið bæn til þingsins, er engin furða, þar sem árferðið hefur verið hið harðasta og stjórnin þar að auki feldi lagafrv. frá þinginu 1881. En nú hefur stjórnin lagt hjer fyrir okkur frv. að nýju, sem er í mörgu aðgengilegt, það mundi enginn efi á, því að þar sem þetta eru sömu jarðirnar og í hitt eð fyrra, og sem þá flestar voru falaðar af ábúendum munu þær enn verða keyptar; en ef þær ekki seldust, er ekki neitt í hættu; landssjóður á þær eptir sem áður: það getur ef til vill komið fyrir. Og það veit jeg nú t. a. m um Kaldaðarnes. Ábúandinn þar er fátækur og getur alls eigi keypt þá jörð; og sýslumaðurinn í Árnessýslu, sem vildi ná í jörðina í hitt eð fyrra, vill nú að líkindum ekki kaupa hana sem ábúandi, því að hann hefur sett sig niður á kot, sem hann hefur keypt. En þetta gat stj. ekki vitað. Sjálfsábúðin er það, sem jeg álít heppilegast, en menn eru hræddir við, að hún muni eigi aukast, því að einstakir menn muni safna jörðunum, en jeg þori að fullyrða, að slík hugsun er að hverfa, því að nú geta menn ávaxtað fje sitt á annan hátt en með því að kaupa jarðir; og svo er nú og trygging nokkur í frv. sjálfu. Yfir höfuð álít jeg borgunarskilmálana góða, og ber engan kvíðboga fyrir því, þó að góðar jarðir sjeu nú seldar í harðærinu, því að ef skilmálar eru góðir, þá geta mögru jarðirnar selst á góðu árunum. Það að hinar lakari jarðir ekki seljast eða ekki eru falaðar, er af því, að þetta hefir allt staðið fast til þessa, en hefðu þær almennt verið falar, meðan árferðið var tilbærilegt, mundu þær líka hafa verið falaðar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil leyfa mjer að gjöra stutta aths. við ræðu hins h. þm. D. (J. G.). Það getur verið að hann sje svo lukkulegur, að í hans hjeraði sjeu flestar jarðir bændaeign; þó er hjerað hans ekki stórum betur farið nú en önnur hjeruð, og má af því sjá, að sjálfseign er ekki einhlít, að minnsta kosti hefur það sýnt sig með Dalasýslu Þar sem hann tók fram, að peningur mundi vaxa, ef sjálfseign ykist, þá held jeg að hið gagnstæða mundi einmitt eiga sjer stað, jeg held að honum mundi einmitt fækka. Þess eru svo mörg dæmi, að bóndi, sem hefur keypt ábýlisjörð sína, hefur ekki getað setið hana á eptir: honum hefir verið svo um megn að kaupa hana. Önnur ástæða hans var sú, að jarðir legðust í eyði, þegar í ári harðnaði *(Jakob Guðmundsson:* Jeg sagði opinberar jarðir); en jeg veit eigi, að það eigi sjer fremur stað með opinberar jarðir en einstakra manna eign. *(J. G.:* það eru nóg dæmi). Og leggist jarðirnar í eyði þá skil jeg ekki, að sú ástæða hans standi, að tíundin af þeim hækki.

Eiríkur Kúld: Jeg er samdóma hinum h. þm. G.K.; jeg held, að nú sje mjög óhentugur tími til að selja þjóðjarðir, og mjög varasamt að gjöra það svona út í bláinn. Hinn h. 2. þm. Isf. vildi jafnvel fara feti lengra og líka selja kirkjujarðir, og þá væri bezt að selja allt, og því skyldi jeg vera meðmæltur, ef það fylgdi með að prestar yrðu settir á föst laun úr lsj. Þeirri ástæðu hefur verið hreyft að við þjóðjarðasöluna ykist sjálfseign í landinu; þetta er fögur en hál ástæða. En saga landsins frá fyrri tímum sýnir þetta í öðru ljósi. Þegar harðnar í ári geta efnalitlir ábúendur ekki keypt ábýli sitt, enda þrátt fyrir það, þó söluskilmálar frumv. sjeu mjög rúmir; en þá er að gjöra ráð fyrir því ef til vill að ríkismennirnir komi og kaupi jarðirnar, undir nafni ábúandans, sem þá verður landseti einstaks manns og verður eptir á að búa við enn harðari kjör, en hann hafði áður af landsjóðnum; þar sem menn segja að nú leggist svo margar jarðir í eyði, þá er það hvorki hagur fyrir lsj. sem seljanda nje kaupanda að kaupa eyðijarðir. Mjer þykir undarlegt að menn skuli vera svo fastir á þessari þjóðjarðasölu, þar sem ekki liggur ein einasta bón fyrir þinginu um að fá þessar jarðir keyptar. En þar sem jeg heyri að svo margar raddir og margra vilji er fyrir þessu hjer í d., þá býst jeg við að jeg mundi eigi komast langt með það að vísa frv. á bug, í þetta sinn, þótt jeg eins og hinn h. þm. G.K. vildi það helzt. Jeg játa það, að betra sje að eiga peninga á rentu í þessu harðæri, og get því þó ekki álitið þjóðjarðasöluna heppilega nú sem stendur; þó skal jeg ekki halda því fast fram að frv. sje vísað frá.

Þórður Magnússon: Jeg ætla að eins að reyna að lagfæra meiningu þá, sem 1. þm. Á. (Þ. G.) lagði í orð mín. Hann sagði «jeg vildi selja þjóðjarðirnar reglulaust». En er það þá engin regla, sem stendur í frv., að lh. ákveði kaupverðið og 2 dómkvaddir menn virði hverja jörð fyrir sig. Hitt verð jeg að játa, að mjer sýnist það undarlegt, að bjóða

fram þessar jarðir, sem standa í frv.: en að þm. hjer, sem biðja um eina og eina jörð, fái hana ekki. Þess vegna álít jeg heppilegt, að selja megi og hinar aðrar þjóðjarðir innan tímatakmarks þess sem stendur í frumvarpinu.

Arnljótur Ólafsson: Mjer finnst frv. svo úr garði gjört, að bæði þeir, sem eru á móti þjóðjarðasölunni, og þeir, sem eru henni hlynntir, megi vera ánægðir með frv. Fyrst og fremst er það, að breyting sú, er þetta frv. gjörir — ef jeg man rjett — á þingsfrumv. 1881, er í því fólgin að nú skal selja jarðirnar ábúendunum einum, í stað þess að selja þær hæstbjóðanda. Þessa breytingu held jeg einmitt allir vilji, og það hefur æfinlega verið tekið fram, sem aðalkostur á þjóðjarða sölunni, að sem flestir yrðu sjálfseignarbændur. Þeir, sem nú mæla mest fram með þjóðjarðasölunni, vilja einnig fá jarðirnar með sem minnstu verði, og kalla það verð sem á þær er sett í frv. mikils til of hátt, og að það sje ótækt að okra svona með eignir landssjóðsins. Það hefur einnig verið tekið fram, og það að líkindum með rökum, að sumar jarðirnar væru svo hátt virtar, að ábúendum mundi ekki detta í hug að kaupa þær. En hjer er fyrst að athuga, að það gengur venjulega svo til, að seljandi vill selja fyrir meira, en kaupandi vill kaupa, eður með öðrum orðum, seljandi vill selja sem dýrast og kaupandi kaupa sem ódýrast. En hjer er og annað atriði, er vjer verðum vel að athuga, og það er að þá er talað er um þjóðjarðasöluna þá hefur reynslan sýnt, að sú jörð er þótti fulldýr þá er hún var seld, hún er nú orðin þeim mun dýrari, að það verð má nú heita gjafverð. Vjer verðum því að segja, að svo framarlega, sem vjer vonum og treystum því, að Ísland eigi nokkra framtíð fyrir höndum, þá muni ugglaust það verð, er nú þykir ofhátt, eptir lengri eður skemmri tíma verða næstum gjafverð. Saga landsins sýnir þetta ljóslega. Jeg veit ekki betur en að flestallar jarðir Hólastóls og Skálholts hafi verið seldar svo, að það verð, er þær voru seldar fyrir í öndverðu, sje sem gjafverð móti því verði er þær nú hafa eða seljast fyrir. Jeg skal eigi vitna til Bjelkesjarðanna, og skal benda aðeins til þeirra jarða, er seldar hafa verið á þessari öld og fyrir tæpum 100 árum síðan. Jeg vona að vjer Íslendingar eigum eigi minni framför eður lakari framtíð fyrir höndum, en vjer átt höfum síðan eptir aldamótin síðustu, því um líkamlegar og andlegar framfarir þjóðarinnar getum vjer varla talað fyr en eptir 1820. Áður var að ræða eingöngu um tilþrif einstakra manna: en um þjóðarframför var ekki að tala.

Nú skulum vjer skoða annað atriði þjóðjarðasölunnar. Menn segja, og það með sanni, að það verð, sem hjer er sett sem minnsta verð, sje hærra en svari afgjaldi jarðanna nú, eður að vextir af andvirði jarðanna nemi enda talsvert meiri upphæð en landskuld og kúgildaleigur, og svo segja menn, að þess vegna muni ábúendum ekki detta í hug að kaupa, því það sje auðsjenn skaði fyrir hann, að svara hærri vöxtum af andvirði jarðarinnar, en nemur landskuld og leigum. Ályktun þessi er sönn *að eins* við fyrsta álit, svo sem nú skal sýna. Það er satt að sá sem ekki ætlar sjer að bæta ábúðarjörð sína, honum er betra að sitja við sinn leigumála en að kaupa. En aptur á móti segja hinir, sem hafa í hyggju að bæta leiguból sitt: »Mjer er hugur á að kaupa leigujörð mína, þótt jeg verði að borga meiri vexti af andvirðinu en landskuld og leigum nemur«. Og vegna hvers? Vegna þess að hafi ábúandinn bætt jörðina og gangi hún síðan til annara út í frá, þá fær hann vanalega lítið eður ekkert endurgjald fyrir sínar endurbætur, hvort sem það eru húsabætur eða jarðabætur. Vjer þekkjum úttektarvenju vora, hvernig hún er. (*Þór. Jóhannsson:* Landbúnaðarlögin nýju). Þau eru ekki komin í kring enn. Hitt vitum við, að jarðabætur eru aldrei teknar út, það er ekki einu sinni litið á þær. Eins er um þann ábúanda, er ætlar sjer að bæta leiguból sitt, hann segir: »Þó að landssjóður heimti 5000 kr. fyrir jörðina, en eftirgjaldið samsvari vöxtum af 4000 kr., og þó jeg hafi æfiábúð fyrir mig og konu mína, þá vil jeg samt kaupa, því jeg sje að með hægu móti má bæta hana svo, að hún verði 6000 kr. virði, eptir svo sem 20 ár, og þá hafa niðjar mínir ábatann og árangurinn, en eigi óviðkomandi menn.«

Hvað leiðir af þessu, er jeg nú hef sagt? Það, að þeir er ekki hafa bætt eður ekki ætla sjer að bæta ábýli sín, þeir kaupa ekki jarðirnar, heldur búa á þeim eptir sem áður. En aptur á móti *þeir einir*, er *hafa bætt* eður *ætla* sjer að bæta, þeir *kaupa*. Er nú þetta meðmæli með eður mótmæli gegn þjóðjarðasölunni? Einmitt hin rjettu meðmæli með

því að þeir er bætt hafa eður bæta vilja leigujarðir sínar, þeir einir eru verðugir þess að fá þær keyptar, og þeir einir *vilja* fá þær, og gefa fyrir þær hið háa verð. En þeir, sem vilja kaupa ódýrt, og vilja eingöngu græða á kaupunum með því að svara minni vöxtum en eptirgjaldinu nemur, þeir fá ekki að kaupa og eiga ekki að fá að kaupa. Svona finnst mjer í málinu liggja.

Holger Clausen: Jeg þarf ekki að tala mikið; jeg talaði 1881 og ljet þá skoðun mína í ljósi; jeg er ánægður með frv. Það er auðvitað að skaðlaust er að selja þjóðjarðirnar, svo lengi sem fyrir þær fæst það andvirði, að 4% af því samsvari landskuld og leigum. Hvað hefur stjórnin metið þjóðjarðirnar, eða hvað hefur hún að gjöra með þær? Þegar maður er orðinn gamall, þá vill maður helzt eiga jörðina sjálfur, og jeg skil ekki hvers vegna við fáum það eigi þegar við borgum þær hærra en þær renta sig. Og jeg álít það víst, að þegar jeg bý á annara jörð í dag eða á morgun, þá hugsa jeg mig um að fleygja peningum mínum út í það að bæta hana, en jeg gjöri meira þegar jeg á hana sjálfur og með meiri ánægju, og þegar jeg stend á vellinum á morgnana, þá þykir mjer gott að jeg get sagt: «Þetta er mitt». En það er líka önnur hvöt fyrir oss til að selja þjóðjarðirnar. Með því að selja þær, bindur maður margan mann hjer á Íslandi, sem ekki mundi þá hugsa eins mikið um að fara til Ameríku eins og nú, af því þeir fá hvergi bólfestu hjer. Enn fremur er það, að þeir, sem kaupa jarðir og gjöra jarðabætur á þeim, gefa vinnufólki og ýmsum öðrum erfiði og atvinnu. Allar jarðir, sem í eyði eru í Snæfellsnessýslu, eru þjóðjarðir og allar eru þær þar í meir eða minna slæmu ástandi. En þó að stj. gengi svo vítt, að setja þessar jarðir niður í verði, þá held jeg hún geti staðið sig við það, það mun koma inn aptur. Fyrir alla muni þingið á að selja allt! *allt!* allt! Við getum það, það er fyrir okkur sjálfa.

Landshöfðingi: Það eru að eins fáar aths. er jeg vil gjöra (við frv.). Jeg er á því máli, að það væri æskilegt yfir höfuð, að ábúendurnir eignuðust sjálfir jarðirnar, og jeg held það sje stigið verulegt fet í þá stefnu með þessu frv. En jafnframt þessu að greitt er fyrir því að jarðirnar fáist keyptar, þá verður að gæta þess, að lsj. líði ekki skaða við söluna. Lsj. verður að fá fulla borgun eða fyllstu borgun fyrir sína eign: þess vegna er jeg ekki á máli þeirra þm. sem eru svo viðkvæmir með tilliti til þess hversu jarðirnar eru hátt settar.

Það er annað atriði, sem greiðir meira fyrir þjóðjarðasölunni en verðupphæðin, og það eru borgunarskilmálarnir. Þeir eru svo vægir og aðgengilegir sem mest má verða. (B. Sv.: Einmitt.). Það er hægra fyrir hvern ábúanda, að fá ábúðarjörð sína keypta með þessum skilmálum, heldur er fyrir miklu lægra verð, ef borgunarskilmálarnir eru eins og almennt gjörist manna á milli. Hinn h. þm. Ef. (A. Ó.) tók margt fram viðvíkjandi jarðasölunni er mjer sýndist mikið skýra og styðja málið, og sem jeg fellst á. Sú skoðun hefur komið fram hjá sumum h. þm., hvort eigi væri ástæða til að binda eigi sölu hverrar einstakrar jarðar við sjerstakt samþykki alþingis. Jeg held það sje vissulega skoðunarmál, hvort ekki sje ástæða til að fá almenna ákvörðun um, að selja megi ábúendunum þjóðjarðirnar svo framarlega sem svo vel er búið um hnútana, að fullt verð fáist fyrir þær. Þetta væri yfirgripsmeiri máti til þess, að gefa ábúendunum aðgang til að eignast jarðirnar. Þetta þykir þó sumum ekki tiltækilegt, gæti þótt of langt farið og vegna þess, að alþingi geti þá ekki haft eins gott eptirlit með sölunni á hverri einstakri jörð, eins og þegar frv. er borið upp um það á líkan hátt og nú hefur verið gjört í hvert skipti. Ef þær óskir og skoðanir kæmu fram á þinginu, nú, þá álít jeg það svo mikils um vert, að jeg tel líklegt að frá stjórnarinnar sjónarmiði væri ekki svo mikið á móti því, að fallast á þá ust. En jeg álít það skyldu bæði þingsins og stjórnarinuar, að sjá um það, að lsj. fái fulla borgun fyrir jarðir sínar. Það má einnig á annan hátt — eins og gjört er hjer í frv. — gjöra söluna að gengilega fyrir kaupendur, nfl. með því að gjöra borgunarskilmálana svo aðgengilega.

Þar sem það hefur komið fram sem aths. á móti frv., að það liggi nú engar óskir fyrir um það, að fá þessar jarðir keyptar, þá er sú mótbára ekki þýðingarmikil, því það eru öll líkindi til, að þeir, sem vildu kaupa jarðinar fyrir 2 árum, muni einnig enn fúsir á að kaupa þær.

Jeg vona hin h. þd. fylgi málinu vel og veiti því framgang.

Eiríkur Briem: Jeg skal fara nokkrum orðum um mótmæli þau er fram hafa komið móti þjóðjarðasölu yfir höfuð og sjerstaklega

móti þessu frv. — Móti þessu frv hefur það komið fram, að í þetta sinn sje engin ósk komin fyrir þingið að fá þessar jarðir keyptar. Til þess er að svara sem hinn hæstv. lh. gjörði, að þessar óskir voru fram bornar fyrir þingið 1881, og jeg veit með vissu um suma, er þá vildu kaupa, að þeir eiga von á því að beiðni þeirra verði tekin til greina á þinginn í sumar Annað mál er það að lægsta verð jarðanna kann að verða sett svo hátt, að þeir hætti nú við að kaupa, og kringumstæður þeirra kunna og, ef til vill, að vera breyttar síðan, svo að þeir geti ekki keypt jarðirnar, en þetta getur eins átt sjer stað, þótt jarðirnar hefðu verið falaðar fyrir styttri tíma, en hjer ræðir um.

Annar þm. Sm. (J. Ó.) kom fram með aðra ástæðu móti þjóðjarðasölu, og hún var sú, að hinn góði tilgangur að auka sjálfseign í landinu næðist alls eigi með þjóðjarðasölum, en á því hafa allir, sem móti frumvarpinn hafa mælt, byggt, að það væri landinu til framfara að sjálfseignarábúð ykist í landinu. En það getur varla verið mótbára á móti þessu frumvarpi, því nú er svo á kveðið, sem ekki hefur verið áður, að jarðirnar skuli seldar ábúendum einum, og það er engin ástæða til þess að ætla að það væri nema hrein undanteking að farið yrði í kring um þá ákvörðun. Á hinn bóginn er að vísu engin trygging fyrir því, að ábúandinn haldi lengi jörðinni í sinni eigu; en því fleiri jarðir sem verða bændaeign, því fleiri eru þær jarðir, sem *geta verið* í sjálfseignarábúð og meiri líkur eru til að fleiri ábúendur geti orðið sjálfseiguarbændur.

Að því skapi sem framfarirnar aukast í landinu munu menn sjá æ betur og betur eins og hinn h. sessunautur minn, þm. Ef. tók fram, að jörðin er meira virði fyrir þann sem á henni býr og annaðhvort hefur bætt jörðina t. d. að húsum eða ætlar að bæta hana, en þann sem fær eptirgjaldið, svo að hann getur opt staðið sig við að bjóða fyrir jörðina meira verð en eptirgjaldinu svarar, og jafnframt sjer hinn, sem á að fá eptirgjaldið, að honum er meiri hagur að selja ábúandanum jörðina, er hann fær það verð fyrir hana er gefur af sjer meiri rentur en landsskuldin er, metin í peninga.

Það er því hagur fyrir ábúandann að kaupa jörðina og eigandann að selja ábúandanum hana.

Enn er sú mótbára, að eigi sje nægileg reynsla um undarfarna tíð, sem mæli með þjóðjarðasölu. Jeg vitna til þess sem þm. Ef. sagði áðan, að það er fyrst eptir 1820, að verulegar endurbætur hófust á jörðum, og í annan stað er sú reynsla liðinna tíma, að jarðirnar lentu hjá einstökum auðmönnum, engin ástæða framvegis mót þjóðjarðasölu, því að á þeim tímum var það eini vegurinn til þess að gjöra peninga sína arðberandi að koma þeim í jarðir, en nú eru margir og margvíslegir útvegir til þess að koma fje sínu á jafngóða vöxtu á annan hátt. Enn fremur er það og mikil breyting, hvað ábúendunum, og það alls eigi efnuðum mönnum, nú er orðið ljettara að kaupa jarðirnar sem þeir búa á, þar sem þeir nú geta tekið fje að láni móti veði í jörðinni. Hin eldri reynsla í þessu efni getur þess vegna eigi komið til greina, enda fer reynsla hinna síðustu tíma í gagnstæða átt.

Þá kemur sú mótbára að beztu jarðirnar verði seldar með þessu móti. Jeg sje ekkert á móti því, að góðu jarðirnar sjeu seldar, þegar lsj. að eins fær þeim mun meira verð fyrir þær, sem gæði þeirra og hlunnindi eru meiri.

Jeg veit eigi hvort það var mótbára hjá hinum h. þm. Ef. (A. Ó.), er hann sagði að þó að jarðirnar væru seldar hátt nú, þá mundi það síðar verða gjafverð, vegna þess hve mikið jarðirnar mundu hækka í verði. Þm. Ef. var þó yfir höfuð frv. meðmæltur, en honum leizt þetta nokkuð ísjárvert. Jeg tel sjálfsagt að jarðir hækki í verði, og að því leyti væri salan ísjárverð, ef lsj. fengi eigi meira verð fyrir þær en afgjaldinu svarar. En nú stendur eigi svo á, því að söluverð jarðanna hefur yfir höfuð verið sett töluvert hærra, heldur en sú upphæð, er samsvarar eptirgjaldinu sem nú er. Renturnar af þessu hærra verði jyku og margföldu síðan kaupverðið ef til vill langt fram yfir það, er svaraði verðhækkun jarðarinnar, og þó því fje yrði eigi safnað í sjóð heldur varið landinu til framfara, þá verður eigi skoðað að hagurinn væri minni fyrir þá ráðstöfun, sem fjárveitingarvaldið gjörði á fjenu.

Jeg tel sjálfsagt að málið gangi til 2. umr. og þd. gefi því góðan byr. Verði því eigi sinnt af þinginu í þetta sinn, mundi það hafa í för með sjer það mikla tjón, að ábúendur þjóðjarða misstu allan hug og viðleitni til þess að gjörast sjálfseignarbændur

og yrðu vonlausir um, að þeim nokkurn tíma yrði gefinn kostur á því.

Jakob Guðmundsson: Það er tvennt, sem jeg vil leyfa mjer að brýna fyrir hinni h. þd.. Í fyrsta lagi er það, að það er ástæðulaust að kvíða því, að fáeinir ríkir menn hrúguðu saman jörðunum, þó að lagaleyfi væri gefið til þess að selja allar þjóðjarðirnar. Að því skapi sem atvinnuvegunum fer fram, koma upp alls konar fjelög til að stunda fiskiveiðar, síldarveiðar eða eitthvað annað gagnlegt og fjárvænlegt, og komist nú, sem vonandi er, landsbankinn upp, þá verða öll slík fyrirtæki miklu ágóðameiri, en að safna saman mörgum jörðum. Reynslan mun og kenna hverjum búhyggnum manni að það borgar sig ekki að leggja fje sitt til þess, að bæta jarðir undir ábúð annara, heldur til þess að bæta þá eignarjörð, er maður býr sjálfur á: þetta mun leiða til þess, að áhuginn á jarðabótum vex í landinu, þegar að sjálfseignir munu fjölga.

Hitt atriðið, sem jeg vil taka fram, er það, að jeg tel hyggilegast að setja þá aðalreglu, að selja allar jarðir með því verði er kæmi fram við það að telja svo til, að afgjaldið í meðalári sje 4% af jarðarverðinu. Frá þessu ætti eigi að breyta nema þegar svo stendur á, að það verður sannað að jörðin hafi nýlega orðið fyrir stórum áföllum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hygg að 2. þm. Ísf. (Þ. M.) hafi misskilið mig og líka frv. Frv. fer ekki fram á sölu annara þjóðjarða en þeirra sem þar eru nefndar, og mat hinna tveggja dómkvöddu manna, er lh. tilnefnir, fer að eins fram á þessum jörðum, en ekki á öðrum þjóðjörðum, er kunna að verða falaðar af ábúendum.

Hafi jarðir verið bættar og hækkað í verði, þá er það ekki nema rjett að nokkru leyti að sá hagur lendi hjá þeim, er að bótunum unnu, ef þeir kaupa, því að landsins börn eiga að fá að njóta sveitadropa sinna, ef jarðirnar eru bættar: er það alls landsins gagn, og að jarðirnar þá hækki í verði, er eðlilegt.

Verði nú þetta frv. fellt af þinginu, þá verður stóllinn settur fyrir dyrnar hvað þjóðjarðarsölu snertir, um lengri tíma. Það verður fyrsta sporið til þess að reka menn af landi burtu vestur um haf *(Ben. Sv.:* Heyr!), því það er sjálfsagt auðsjeð apturhald.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal játa það, að jeg hef aldrei verið mikill vinur þjóðjarðasölunnar. Það hefur verið tekið mjög svo fram af þm., að hún miðaði til þess, að sjálfseignarbændur fjölguðu í landinu, og jeg skal gjarnan játa það með 2. þm. Hv.: en getur hann sagt mjer í hvaða hlutfalli við hundraðatöluna? Hvað yrðu margir sjálfseignarbændur af þeim 7,500 hndr. í jörðum, sem landssjóðurinn á?! Það má sannlega eigi telja það víst að ábúendurnir allir kaupi jarðirnar, þeim verður þá fyrst að fara fram, annars kaupa þeir ekki. Það er heldur eigi rjett að það verði til að efla framfarirnar í landinu, að sjálfseignarbændur verði sem flestir; en það er sönnunin fyrir framförum ef allir bændur búa allir á sjálfseign. Ef þm. vill sýna mjer, að það er enginn leiguliði á landinu nema á þjóðjörðum, þá skal jeg játa, að það sje rjett, að selja þjóðjarðirnar. Vjer sjáum að efnaðir sjálfseignarbændur selja nú jarðir sínar fyrir gjafverð og þeir fækka sem búa á sjálfseign. Til þess að sýna þetta þá er það líklega þess vegna að Dalasýsla stendur sig svo ágætlega núna eptir skýrslum þm. D. (J. G.) sjálfs. *(Lárus Blöndal:* Snæfellsnessýsla! *Benid. Sveinsson:* Skaptafellssýsla!). En hvernig er það með Dalasýslu? Þar er engin þjóðjörð, svo þetta er ekki mikil sönnun fyrir því, að rjett sje að selja. Það var og annað atriði, er 1. þm. Ef. (A. Ó.), 2. þm. Hv. (E. Br.) og lh. tóku fram með rjettu: að setja það verð á jarðirnar, að það verði ekk lsj. í óhag. En hvert er það verð, sem ekki verði lsj. í óhag með tímanum? Hver getur sagt það nú? Jarðirnar hækka í verði, og það verður samfara framförunum í landinu. Það er alls eigi auðið að segja, hvað ætti að selja jarðirnar nú, svo það verði ekki lsj. í óhag. En jeg vil spyrja hvað það er *leiguliðanum í óhag* að sitja á jörðinni ef hún batnar, þegar allur hagurinn lendir í vasa leiguliða? *(Lárus Blöndal:* Ekki allur!). Leiguliðinn getur tekið þá peninga, sem hann ætlar að kaupa jörðina fyrir og sett þá á vöxtu annarstaðar, og fengið þannig fullar rentur af þeim, og meiri eptir skoðun sumra þingmanna, en að kaupa jarðir, og svo hagurinn að ábúðinni. Jeg tala um þjóðjarðasöluna yfir höfuð, og jeg get ekki með neinu móti sjeð annað, en að það eigi að fara mjög varlega í að selja þjóðjarðirnar, einkum á þessum tímum, meðan vjer erum á þessu — ef jeg mætti svo segi — yfirgangsstigi. Vjer vonum allir, að landið muni taka

framförum, en vjer getum ekki gjört oss neinar ljósar hugmyndir um, hvernig framfarir þessar muni verða.

Jeg er samdóma þm. Ísf. um það, að ef á að fara að selja þjóðjarðirnar út í bláinn, þá er bezt að selja þær allar. Hví á að selja fremur þessar en aðrar? það er bezt að selja þær allar, því annars verða beztu jarðirnar seldar, en landssjóður situr með þær vestu.

Gunnlaugur Briem: Það er líklegt að búið sje að tala svo mikið um málið að þm. sjeu búnir að átta sig á því hvort þeir sjeu með þjóðjarðasölu eða eigi. Hjer liggur fyrir frv. um nokkrar jarðir, sem spurt er um hvort selja megi eða eigi. Verði það ofan á, að selja skuli, þá kemur það næst hvort menn verða ásáttir um verðið. Ýmislegt mælir með því og ræður sumra hafa hnigið að því, að einkum eigi að líta á kringumstæður þeirra er kaupa, aðrir hugsa meir um lsj. Rjett er að líta á hvorttveggja; en sjerstaklega verður þó þingið að taka tillit til þess, hvað lsj. er fyrir beztu.

Jeg er eindreginn með þjóðjarðasölu. Mjer er kunnugt um jarðir þær í Skagafirði, sem standa hjer á frv. með lægsta söluverði, og get fullvissað menn um, að þetta lægsta söluverð er svo hátt, að ómögulegt er að byggja þessar jarðir fyrir það eptirgjald, er samsvarar þessu verði. Þess vegna er engin ástæða fyrir hönd lsj. að vera á móti sölunni, og hvað leiguliðana eða hina núverandi ábúendur snertir, þá verður maður að ætla þeim sjálfum að sjá um sig, að þeir hlaupi ekki á sig og standi sig við kaupin. Það er vonandi að þeir geti það, vegna þess að borgunarskilmálarnir eru svo vægir, og að þeir muni sjá sinn hag við að gjöra sjer jarðirnar sem arðmestar þegar þeir eiga þær sjálfir.

Jeg get eigi ætlað að lengri umræður skýri málið, hvort selja skuli eða eigi, og sömuleiðis hygg jeg að menn geti fljótt áttað sig á því, hvort þetta verð, sem sett er á jarðirnar, sje hæfilegt eða eigi.

Málinu vísað til 2. umr. m. 16 : 4.

Frv. til l. um bæjarstjórn á Akureyri (frá efri d., C 149); 1. umr.

Málinu vísað umræðulaust til 2. umr. í e. h.

Frv. til laga um eptirlaun prestsekkna (frá efri deild, C 165); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg varð mjög glaður við að sjá þetta frv. vegna prestsekknanna, og er því stj. þakklátur fyrir það; en jeg hefði orðið enn þá glaðari, ef það hefði ekki gengið of mikið út á prestastjettina. Það virtist vera tilætlun þingsins 1881, að 1200 kr. tekjur á brauðum ekki skyldu skerðast, og jeg fyrir mitt leyti vil halda fast við þá grundvallarreglu. Stjórnin virðist og hafa samþykkt þessa grundvallarreglu með lögunum um eptirlaun presta. Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um málið að sinni, en mun koma m. brt. v. 2. umr. í þessa átt.

H. Kr. Friðriksson: Jeg hef ávallt viljað ljetta á útgjöldum presta, þótt jeg eigi hafi viljað skjóta fje til brauða úr lsj. Jeg hef æfinlega skilið þd. svo, að það væri tilgangur þingsins, að ekkert brauð ætti að vera minna en upp á 1000 kr., og þessu til styrks skal jeg geta þess, að svo er ákveðið að ekkert brauð sem væri minna en 1200 kr. skyldi gjalda neitt til eptirlauna uppgjafaprestum. Þetta er þá orðið «princip», að draga sem minnst frá brauðum, og að þau ekki skyldu gjalda frá sjer, ef þau væru minni en upp á 1200 kr. Nú sje jeg, að þessari grundvallarreglu er breytt, og að hjer er farið fram á, að ekki einungis þau brauð, sem eru upp á 1200 kr., heldur einnig þau, sem eru aðeins upp á 1000 kr., gjaldi frá sjer. Jeg get því ekki fallizt á þessa ákvörðun um $^1/_{10}$, og vildi helzt óska að brauðin væru með öllu laus við eptirlaun til prestsekkna. Jeg áskil mjer bratkv. til 2. umr., og vil setja $^1/_{12}$ í staðinn fyrir $^1/_{10}$.

Síðan var frv. vísað til 2. umr. m 20 atkv.

Frv. til laga um breyting á opnu brjefi 27. maí 1859 um, að ráða útlenda menn á dönsk skip, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi (C 155); 2. umr.

Frumvarpið samþykkt orðalaust í e. h. og vísað til 3. umr. í e. h.

Fjórtándi fundur, miðvikudag 18. júlí. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um uppgjöf á eptirstöðvum á byggingakostnaði fangelsa (C 147); 3. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson):

Það er ekki annað hjer að athuga, en að jeg með öðrum fleirum hefi gjört viðauka aptan við frv. þess efnis, að andvirði fangelsisins á Húsavík renni í landssjóð. Þó að jeg sjálfur álíti þennan viðauka ónauðsynlegan, þá er þó enginn skaði að bæta honum við, til þess að taka af öll tvímæli. Jeg vona því að hin heiðraða þd. taki vtill. eins vel og frv.

Atkvgr.: Vtill. sþ. í e. h.

Frv. þannig orðað sþ. í e. h.

Málið sent e. d.

Frumvarp til l. um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland (C 175); 3. umr.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Jeg hef hjer fyrir mjer brt.[1] frá 6 þm. (C 176) og aðra frá 7 þm. (C 176), en áður en jeg vil tala um þær, vil jeg heyra röksemdafærslu ustm. fyrir þessum brt.

Jón Ólafsson: Þar eð enginn af meðustm. mínum, sem eigum brt. 7 mannanna, tekur til máls að færa ástæður fyrir henni, skal jeg verða til þess. Jeg skal drepa á hin einstöku atriði hvert fyrir sig.

Við 1. gr. höfum vjer gjört orðabr. til þess að leiðrjetta málleysu: til þess að fá rjett mál þarf ekki nema að sleppa »að« á eptir »ef«, en »ef að« er ekki íslenzkt mál.

Næsta brt. við 1. gr. fer í sömu átt og brt. vor 3 manna við 2. umr., sem þá var helzta ágreiningsefnið. Þessi brt. á að koma í veg fyrir, að stjórn hlutafjelaga sje að eins að nafninu í landinu: en allir stjórnendurnir erlendis. Það hefur verið bent á svo skýrt dæmi: hjer á landi er stórt fjelag, það hefur verið nefnt á nafn, svo að jeg hef leyfi til þess eigi síður en aðrir, það er Gránufjelagið, sem jeg á við, *stjórn* þess er búsett á Akureyri, en það er faktiskt, að *enginn* af *stjórnendum* þess situr á Akureyri. Svona gæti farið hjer: fjelagið gæti haft skrifstofu á Íslandi, en stjórnendurnir sjálfir verið í Noregi eða einhverstaðar í útlöndum. Komi það svo fyrir, sem vel getur orðið, að hið opinbera eða einstakir menn eigi sökótt við fjelagið, þá er stjórnendunum, sem þó eiga að hafa ábyrgðina og allir eiga að hafa aðganginn að, innan handar að skjóta sjer undan og komast úr öllum vanda, þegar heir eru lengst úti í löndum.

Enn verð jeg að geta lítillar brt. við þessa sömu gr., að í staðinn fyrir «fiska» viljum vjer setja «reka fiskiveiðar» og þykir oss það betur orðað á þann hátt.

Brt. vor við 3. gr. að, í stað «100—2000 kr.» komi «20—2000 kr.» þarf víst engra meðmæla, þar eð jeg sje að n. sjálf hefur komið með sömu ust.

Brt. vor við fyrirsögnina er meir en tóm orðabr.: því að hún er alveg nauðsynleg. Þessi viðbót «og einstakra manna» á eptir «hlutafjelaga» átti ekki við stj.frv., en í frv. nefndarinnar hafa verið teknar upp ákvarðanir um einstaka menn, sem eiginlega var frv. óviðkomandi, en þessi br. á innihaldi frv. hlýtur að hafa í för með sjer br. á fyrirsögninni.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Það væri sjálfsögð skylda n. að taka þessum brt. með þökkum, ef henni fyndist að frv. batnaði við þær.

Jeg skal taka fyrir þessar einstöku brt. hinna 7 þm. N. getur fúslega gengið að 2 brt. þeirra. Það er ónauðsynlegt að halda í «að» á eptir «ef», og n. tekur fegins hendi við brt. um að færa 100 kr. niður í 20 kr. í 3. gr., því að n. hefur sjálf stungið upp á því.

Þá er aðalbr. við 1. gr. (*J. Ó.*: Viðbót en eigi br.). Í enda gr. vilja þessir 7 menn breyta orðinu «fiska» í að «reka fiskiveiðar», og skal jeg kannast við að það er fallegra mál og vil jeg eigi mæla á móti því. Mergurinn málsins er viðbótin í brt. aptan við orð frv. að stjórn fjelagsins skuli hafa «aðsetur sitt á Íslandi». Brt. þessi er víst sprottin af því, að ustm. hafa viljað búa svo um hnútana, að ekki einungis stjórnin, heldur og allir stjórnendurnir væru heimilisfastir á Íslandi. En nú stendur eigi að eins í frv. að stjórnin eigi að hafa aðsetur á Íslandi, heldur er og sjeð um það í frv., að stjórnendurnir geta eigi haldið fundi með fjelagsmönnum annarstaðar en á Íslandi, t. d. í Noregi, með því, að þessi ákvörðun er í frv. um hlutabrjefin, að meir en helmingur þeirra sje eign danskra þegna. Þegar fjármagnið er bundið við landið, þá geta fundir eigi orðið haldnir annarstaðar en á Íslandi og af Íslendingum, eða þeim sem á Íslandi eru handhafar hlutabrjefanna. Af þessum ástæðum fæ jeg eigi skilið, að þessi viðbót eða br. sje til nokkurra bóta, og get því eigi aðhyllzt hana.

Orðið «heimilisfastur« hjá ustm. er að þeirra dómi eigi að eins heppilegra, heldur og annarar merkingar en «búsettur». Jeg

verð að segja að lagalega er enginn munur á því, jeg þekki ekki mun á þeim orðum nema að því leyti að búsettur er haft í vissum skilningi og öðrum en heimilisfastur, þegar sagt er að húsbóndinn sje «búsettur» á bænum, en hjúin «heimilisföst». Jeg skora á hina lögfróðu menn í deildinni, að skýra oss frá því, hver munur geti verið á þeim orðum nema í þessu eina atriði. Orðið búsettur er og gamalt í málinu.

Ustm. vilja gjöra 1 árs dvöl í landinu að skilyrði fyrir því að geta komizt í fjelagsstjórn. En það má fara í kring um slíka ákvörðun margvíslega. Jeg treysti 2. þm. Sm. (J. Ó.) til þess að vera búsettum á 2 eða 3 stöðum sama árið, án þess að nokkur gæti sagt hvar helzt hann væri búsettur, hann gæti t. d. haft eldstó á einum, 2 eða 3 stöðum. En ákvörðun Jóns Eiríkssonar, að hver útlendur maður, sem sezt að í landinu með 6000 kr., fái jafnskjótt fyrir sig og börn sín rjett innfæddra manna, er bæði frjálsleg og í þá stefnu, er vjer allir kjósum, það er að segja að fá inn í landið afl þeirra hluta er gjöra skal.

Ustm. hljóta að vita að hægt er að fara í kringum þessa ákvörðun, að hafa verið heimilisfastur árið á undan á Íslandi. Jeg er viss um að hver af oss þm. gæti verið heimilisfastur bæði á Íslandi og í Danmörku. Jeg set að kaupmenn vorir hefðu ekki verzlunarstjóra hjer, eins og nú tíðkast, en færu á milli landa eins og forfeður vorir gjörðu, er voru í kaupförum, þá gætu þeir heitið að vera búsettir eða heimilisfastir bæði hjer á landi og erlendis. Þessi ákvörðun er því þýðingarlaus, og eins og hún er strangari en tilskipunin 13. júní 1787, eins hygg jeg að hún sje eigi til neinna bóta.

Um brt. við fyrirsögnina skal jeg sem fæst tala, jeg hygg að n. geti fallizt á hana

Þá er hin brt. frá 6 mönnum, að í staðinn fyrir »meir en helmingur« í 1. gr. frv. komi: »þrír fimmtu hlutar«. Jeg get vitnað til þess, sem áður hefur verið sagt, að það er nóg til þess að hag fjelagsins sje borgið, að fullur helmingur fjármagnsins sje í landinu; en þessi ákvörðun gjörði útlendingum, t. d. Norðmönnum, erfiðara og ófýsilegra að ganga í fjelögin, en vjer þurfum enn þá að njóta góðs af kunnáttu þeirra og fje. Jeg get og sýnt ustm. með dæmi, hvað br. þeirra er óveruleg. Ef hlutabrjefin eru 20, þá eiga 11 af þeim að vera innlend eptir frv., en 12 eptir ust. þessara 6 manna. Hvaða ástæða er þá að gjöra þessa br. Væri jeg eins sáttgjarn, og jeg ætti að vera, þá kynni jeg að slaka til: en get eigi fengið mig til þess, þar sem jeg sje að hvorki verður unnið nje tapað við það.

Jón Ólafsson: Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) sagði að enginn mismunur væri á heimilfastur og búsettur. Þessi mismunur kemur þó víða fram. Jeg vil benda honum á hvernig orðið «búsettur» er brúkað í reglugjörð fyrir skattanefndir, sem nú er í gildi. Þar stendur að sá sem er búsettur á fleirum stöðum, skal segja sjálfur til hvar hann vill greiða skatta. 1. þm. Sm. (Tr. G.) kvaðst vera og verið hafa um mörg ár *búsettur* á Akureyri, en hann er, sem allir vita, *heimilisfastur* í Kaupmannahöfn. Það sýnir að þetta tvennt fellur ekki saman.

Jeg skal játa það að brt. væri óþörf, ef það væri nóg trygging að meginhluti fjárins væri hjer á landi og fundir haldnir á Íslandi, en jeg get ekki skilið að það sje nægileg trygging. Jeg set að 1 stjórnandinn sje í Mandal, 2. í Arendal og 3. í Björgvin. Hvaða gagn er í því að þessir menn komi til Íslands einu sinni á ári þegar aðalfundur fjelagsins er haldinn, ef þarf að koma einhverri ábyrgð á hendur þeim þess á milli? Stjórn fjelagsins er að nafninu til í Reykjavík, varnarþing þess í Reykjavík, dómurinn fellur í Reykjavík, en þessir 3 sem í ábyrgðinni, standa sitja erlendis. Sje þeir nú dómfelldir fyrir lögbrot, og ekkert til á skrifstofu fjelagsins í Reykjavík, þá geta orðið umsvif í að ná í þá einstöku stjórnendur í Arendal, Mandal og Björgvin. Þetta sýnir að eina úrræðið til þess að fá trygging í þessu efni er að fallast á vora ust.

Jeg játa því eigi, að þessi brt. vor sje óþörf, nema því að eins að oss sje sýnt og sannað, að ljettar sje og rjettara að halda sjer til hlutabrjefaeigandanna, hvers í sínu lagi, en að eiga aðganginn að stjórninni.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal stuttlega gjöra grein fyrir brt. vorum, að svo miklu leyti sem það er eigi þegar gjört.

Jeg sný mjer fyrst að þeirri brt., er síðast stendur, um fyrirsögnina. Fyrirsögn nefndarálitsins er tekin eptir stjfrv. Þar var fyrirsögnin rjett orðuð, en n. hefur aptan við 1. gr. bætt við ákvörðun um búsetta menn á Íslandi og þannig sett l. um fiskiveiðar einstakra manna, og er því þessi viðbót við fyrirsögnina ómissandi.

Enn fremur vil jeg minnast á þá brt., að orðin «að reka fiskiveiðar» komi í stað orðanna «að fiska». Þessi brt. er ekki til þess að fegra málið, heldur vegna þess að merkingin er nokkuð önnur. Í frv. n. stendur, að að eins búsettir menn og innlend hlutafjelög hafi rjett til þess að fiska á opnum bátum í landhelgi. Að fiska á opnum bátum er einungis haft um að draga fisk úr sjó eða innbyrða fisk, hvort heldur sem það er úr netum, af lóðum eða með færi. Nú vitum vjer að útlendir fara eigi svona að, heldur hafa þeir bátana til þess að fara í kring um vörpuna, varpan stendur síðan með síldinni í þangað til ausið er úr henni. Af þessu má sjá, að það er yfirgripsmeira að «reka fiskiveiðar» en að «fiska», því að reka fiskiveiðar á opnum bátum er hið sama sem yfir höfuð að nota opna báta við fiskveiðar, en hitt nær eigi lengra en að innbyrða fiskinn á tiltekinn hátt.

Jeg skal ekki tala mikið um mismuninn á heimilisfastur og búsettur, en að eins geta þess, að eptir málvenju þá er auk annars gjörður sá munur, að sami maðurinn getur haft mörg útibú, en er ekki heimilisfastur nema á heimabúinu. Það mun hinum h. þm. Bf. vera fullkunnugt frá tíundarlögunum nýju. Jeg veit ekki betur en að fastar reglur sjeu fyrir því hvernig maður öðlast lögheimili eða sleppir því, og fyrir því eru fastari reglur en hinu, hvar maður hafi búsetu eða aðsetur sitt. Í frv. er talað um aðsetur fjelagsstjórnarinnar, en eigi hvar hún eigi að vera búsett og því síður hvar hún eigi að vera heimilisföst: en með því er eigi ákveðið, hvar stjórnendur sjálfir eigi að vera heimilisfastir, því að þar sem maður er heimilisfastur á maður lögheimili, er eigi þarf að fara saman við búsetu stjórnarinnar Jeg skal eigi fara lengra út í þetta og því síður, þar eð jeg veit að von er á frv. frá e. d., er tiltekur hvað liggi í því að vera búsettur. Væri það frumvarp hjer, þá væri jeg kannske tilleiðanlegur til að taka aptur viðaukann við 1. gr., þar eð hann kynni að koma í bága við frv., þar eð í viðaukanum eða brt. vorri stendur 1 ár, en í frv. þykir mjer líklegt að standi, að útlendur maður þurfi að dvelja 3 ár í landinu til þess að gjörast þegn, eins og l. eru á Englandi, eða þá ef til vill 5 ár.

Jeg enda þessi fáu orð með þeirri ósk, að n. vilji fallast á brt. vorar. Jeg skal taka það upp um fyrirsögnina, að annaðhvort verður að sleppa úr frv. þessari ákvörðun um hlutafjelög og einstaka menn, eða þá að láta það sjást á fyrirsögninni, að l. nái til fleiri en hlutafjelaganna einna.

Tryggvi Gunnarsson: Því má nærri geta að jeg muni fús á að aðhyllast hverja þá till., sem tryggja rjettindi Íslendinga viðvíkjandi fiskiveiðum, þar sem jeg jafnan hef fylgt því að landsmenn skyldu vera varasamir að gefa frá sjer til útlendra rjett sinn til veiða í landhelgi: en jeg vil þó ekki láta spenna bogann svo hátt, að hann bresti, þ. e. a. s. að gjörð sjeu þau ákvæði, er gætu orðið því til hindrunar, að málið næði staðfestingu; jeg álít að nefndin hafi gengið svo langt í því efni sem ráðlegt var; og verð því að vera á móti þeim brtill. sem ganga lengra en nefndin. Jeg skal leyfa mjer að lesa upp 1. gr. frv.: hún hljóðar svo:

«Fiskiveiðar í landhelgi skulu aðeins vera heimilar dönskum þegnum: þó er hlutafjelögum heimilt að reka fiskiveiðar þessar o. s. frv.: stjórn fjelagsins hefur aðsetur sitt á Íslandi».

Í byrjun gr. er tekið fram hverjum sje heimilt að fiska í landhelgi og í enda hennar á hvern hátt, eður með hvaða áhöldum: jeg veit til að nú sem stendur eru fjelög í Danmörku, sem stunda síldairveiði hjer við land, náttúrlega á opnum bátum. Nú er auðsjeð ef bratkv. verður samþ., þá geta þessi fjelög ekki fiskað hjer nema allir í stjórn fjel. hafi verið heimilisfastir hjer heilt ár áður; þetta mun sumum þykja hart, en þó læt jeg það vera, ef slík tilfelli ekki spilltu fyrir framgangi laganna. Jeg held n. hafi gengið svo langt sem fært er og að það sje til að eyða málinu, ef lengra er gengið: þetta verð jeg að biðja þm. athuga áður gengið er til atkv. Það hefur komið fram brt. um að setja «$^3/_5$ hlutar» í staðinn fyrir orð nefndarinnar «meir en helmingur», en hvaða munur er á þessu? Jeg set að fjelagið skyldi vera upp á 20 aktíur, þá verða samkvæmt till. n. að vera að minnsta kosti 11 á móti 9, en eptir brt. yrðu það að vera 12 á móti 8; til hvers er nú að vera að breyta þegar munar svona litlu? mjer stendur raunar alveg á sama, hvor upphæðin er tekin, ef ekki væri sá galli á brt., að með henni á að vera $^3/_5$ fast á kveðið. svo ef það er 1 aktíu fleiri eða færri en 12 af 20, þá er fjelagið ólöglegt; tillaga nefndarinnar er formlega orðuð, og vildi því helzt óska, að hún yrði samþykkt, en brt. felld.

Jakob Guðmundsson: Jeg vildi leyfa mjer að gjöra eina aths. við þessi orð: heimilisfastir og búsettir. Jeg sje ekki betur en ef stjórnendurnir brjóta eitthvað af sjer, svo lögsókn þarf að hefja, þá þurfi menn að vita, hvar þeir eru heimilisfastir til þess að geta stefnt þeim á lögheimili þeirra; þetta getur maður ekki vitað, ef sami maðurinn er búsettur á þrem eða fjórum stöðum. Mjer finnst því þetta orð, búsettur, ekki nægja, þar sem sami maðurinn getur haft fleiri en 1 bú.

Th. Thorsteinsen: Hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.). talaði um, að það mætti ekki spenna bogann of hátt: þetta finnst mjer óeðlileg ástæða. Mjer finnst það sje að gjöra rg. gersakir, að við ekki fengjum að ráða hverjum væri leyft að fiska í landhelgi hjá okkur. Nú eru það Norðmenn, sem hjer að frátöldum landsmönnum fiska mest í landhelgi, og þeim finnst jafnvel þau rjettindi, sem þeir njóta hjer, næstum aðhlátursleg ljettfengin; þeir sjálfir leyfa einu sinni ekki bræðraþjóð sinni Svíum að njóta jafnmikilla rjettinda hjá sjer og þeir njóta hjer á Íslandi. Jeg efast stórlega um, að hjá neinni menntaðri þjóð sje svo hægt að fá leyfi til að fiska í landhelgi eða rjettara sagt við landssteinana, sem það er hjá okkur. Þó jeg játi að þetta sje ekki allt lögunum að kenna, heldur líka af því að yfirvöldin gefi þeim of gleiða þýðingu ástundum, eða það maður nærri getur kallað að sjá gegnum greipar sjer; jeg skal taka það fram, af því jeg held að öllum hafi ekki skilizt það hjá hinum h. þm. Ef að við föllum frá þessum orðum í brt.: «og hafa verið það að minnsta kosti næsta ár á undan, ef þeir eru eigi Íslendingar», af því við vitum að frá e. d. kemur frv. sem ákveður nánara hverjir geti talizt búsettir, og sem jeg vona að gangi enn lengra og setji fastari skorður en þessar breytingartill. hjá okkur. Jeg skil annars eigi hvað getur verið því til fyrirstöðu að brúka orðið heimilisfastir, og er ekki hræddur við að frv. verði synjað fyrir þá sök, eða af því þó stjórnendurnir eigi að hafa verið hjer 1 ár.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Hinn h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) tók það fram að ef einn af stjórnendunum væri í Mandal en annar í Stavanger, en stjórnin hefði aðsetur sitt í Reykjavík, þá veitti þeim erfitt eða gætu ekki komið saman. Jeg skal hjer taka fram það sem stendur í skattalögunum 3. kap. 10. gr.: «Nú dvelur maður um stundarsakir í öðru landi, en bregður eigi heimili sínu á Íslandi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann væri í landinu. Nú er maður eigi búsettur á Íslandi, en hefur tekjur af jarðeign eða atvinnu eða sýslu, sem þar er rekin, og skal hann þá greiða skatt af tekjum þessum, og tilnefna fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta mann þar í sýslunni eða kaupstaðnum, sem greiði skattgjald hans. Sömuleiðis skal sá, sem eigi hefur *aðsetur* sitt á Íslandi, en hefur laun, eptirlaun, biðlaun eða styrk úr landssjóði Íslands, greiða skatt af þessum tekjum, og skal rg. fyrir Ísland sjá um að tekjuskattinum af þessu sje haldið aptur. Lh. sker úr því, hvort útlendir menn, er *dvelja um stundarsakir* á Íslandi og ekki reka þar neina atvinnu, sjeu stattskyldir».

Nú stendur í frv. að stjórnin eigi að hafa aðsetur sitt á Íslandi, og skal jeg þá minna á skattalög hlutafjelaga, að þau skuli skattskrifuð í því hjeraði, sem stjórnin hefur aðsetur sitt í, og þar sem hjer stendur að stjórnin eigi að hafa aðsetur sitt á Íslandi, þá er það fullkomlega samhljóða ákvörðun skattalaganna, þar sem aðsetur er skoðað annað en stutt dvöl. Jeg get ekki skilið að orðið heimilisfastur hafi aðra þýðingu en búsettur. Þar sem sumir eru að skírskota til laga sem ekki eru enn þá komin almennilega á prjónana, þá get jeg ekki tekið tillit til þeirra. Jeg heyri að sumir vilja skipta atkvgreiðslunni, og fella nokkuð aptan af brt.: það álít jeg vera til bóta, en það er á valdi hins h. forseta, hvort það verður gjört. Sjer í lagi skal jeg aðhyllast brt. við fyrirsögnina, en álít að öðru leyti að óhætt sje að taka málið eins og það er.

Benidikt Sveinsson: Jeg heyrði eigi glöggt spurning hins h. þm. Bf., hver munur væri á *búsetu* og *heimilisfestu*. Það þýðir ýmist hið sama, en ýmist nokkuð annað. Búseta er rjett skilið þrengra orð, en heimilisfesta. Í þessum lögum á það auðsjáanlega að þýða alveg hið sama. Búseta manns er þar, sem miðpunktur allra eigna hans er; öll starfsemi mannsins gengur eins konar hringrás í kringum þennan miðpunkt, sem og út frá honum og til hans aptur, t. d. búseta dáins manns er, að jeg nefni glöggt einkenni, þar sem bú hans er tekið til skipta, en það er einmitt þar sem miðpunktur eignar hans og starfsemi er, er hann deyr. Þótt hann hafi mörg bú, þá

hefur hann ekki margar búsetur. heldur *útibú*, því hann hefur eigi *búsetu* nema á *einum* stað þar sem hann hefur dúk og disk, þar sem hann hefur aðseturstaðinn fyrir sig og hyski sitt, konu börn og heimamenn. Ef maður á útibú í annari sýslu t. d., þá er það dregið til þess staðar, er maðurinn dó á, ef hann deyr heima hjá sjer, en ella til þess staðar, þar er hann átti *búsetu* á banastundinni; það var t. d. byggt á *sjerstökum lögum*. að maður, sem átti fyr meir bú bæði í hertogadæmunum og Danmörku, að þá fram fóru tvö aðal eður sjálfstæð skipti, sitt á hvorum staðnum. Aðalatriðið í þessum lögum er það, að þau ekki *geti* orðið misskilin, svo að þau um leið geti orðið skilin, og teygð oss Islendingum til tjóns. Jeg er n. í öllum aðalatriðum samdóma, en jeg vildi að eins taka skarpara fram eður einskorða nákvæmar skilyrðin eða takmörkin fyrir þessum *hálf*-íslenzku hlutafjelögum, svo að við yrðum ekki *undirlægjur erlendra auðmanna*, sem ysu upp auðsuppsprettum vorum til þess að flytja auðinn í önnur lönd, og jeg er hverjum þeim þakklátur, sem vill bæta frv. í *þessa* stefnu. Mjer þætti æskilegt að brt. væri borin upp í tvennu lagi, þannig að seinni hlutinn: «og hafa verið það að minnsta kosti eitt ár á undan» o. s. frv. fjelli burt. En þar sem menn segja að frv. ekki muni verða staðfest, ef í nokkru verður vikið þá nefndinni, þá vildi jeg heldur heyra það frá *rg. sjálfum*, en ekki frá þjóðkjörnum spámönnum hjer í d.; slík orð vil jeg fyrir mitt leyti ekki heyra á löggefandi þingi; ef allt ætti að miða við geðþekkni, náð og miskunn ráðgjafans í Danmörku, þá værum við ordnir andlegir og líkamlegir þrælar hans, í staðinn fyrir frjálsir löggefandi fulltrúar þjóðarinnar, og til hvers værum vjer þá, má jeg spyrja, hjer saman komnir? Hinn h. 1. þm. Sm. hafði á móti brt. um $^3/_5$ í staðinn fyrir «meir en helmingur», munurinn er að vísu eigi mikill og því síður hefur hann ástæðu til að vera á móti honum, en hlutfallið $^3/_5$ er bæði eðlilegra og ákveðnara, enda er þó strax nokkur munur á 12 á móti 8 og 11 á móti 9, eins og hann tók til dæmis. *Svo* mikið get eg þó líklega látið hann skilja. Það er gamall málsháttur: «hætt er *einu* auganu nema vel fari». En hefur þingmaðurinn nokkurn tíma heyrt: hætt er *tveimur* augunum nema vel fari? Jeg hef reynslu fyrir því að Norðmenn hafa sýnt landsmönnum ójöfnuð og yfirgang lagalaust; jeg vil alls ekki bægja þeim alveg burt, en jeg vil sjá svo um og búa svo um hnútana að þeir *ekki* beri oss *ofurliði*. Það er sá aðaltilgangur, sem jeg vil ná, og sem er skylda vor allra að missa ekki sjónar af.

H. Kr. Friðriksson: Jeg hef ekki verið í n. og stendur mjer því ekki á neinu um brt., en jeg vil aldrei breyta einungis til að *breyta*. Ef fara má í kringum orðið «búsettur», þá má eins fara í kringum orðið «heimilisfastur», og draga það sundur og saman eins og hrátt skinn. Einn segir að maðurinn sje «búsettur», annar segir, að hann sje það ekki, og eins verður með «heimilisfastur». Annars álít jeg að «heimilisfesta» hafi alls enga aðra þýðing en «aðsetur», en það getur verið spurning um, *hversu lengi* maðurinn sje heimilisfastur og hvað lengi hann hafi aðsetur þar eða þar. Breytingin hefur því enga þýðingu og gjörir ekkert að verkum. Hinn h. 2. þm. Nm. sagði, að $^3/_5$ væri ákveðnara en meir en helmingur; hver er munurinn? hvorttveggja er takmark fyrir hinni minnstu eign til þess fjelagið megi stunda fiskiveiðar í landhelgi. Jeg verð að fallast á ákvörðun n. um rúman helming. Mjer sýnist það ófrjálslegt eptir því sem sem nú stendur, að útiloka þjóð vora frá að nota krapta annara, ef þeir geta, sjer í hag, það er ekki til þess að gefa öðrum meiri rjettindi, heldur einmitt sjálfum oss. Hafi Norðmenn viðhaft yfirgang við landsmenn, geta þeir það eins, þótt fjelagsfje Íslendinga sje $^3/_5$. Jeg held jeg hafi skilið hinn h. 2. þm. Ísf. öðruvísi en 2. þm. Nm., þar sem hann talaði um að spenna ekki bogann of hátt. Jeg skildi það svo, að við ekki gjörðum sjálfum oss tjón. Jeg verð að álíta skoðun hins h. þm. Ef. um þýðingu orðanna «að fiska» og «reka fiskiveiðar» skakka. Að «fiska» er að ná fiski úr sjó á hvern hátt sem er, hvort hann er tekinn í nót eða innbyrgður af öngli eða úr netum. Þar á mót að «reka fiskiveiðar» er að veiða opt og lengri tíma í senn. Það er t. a. m. ekki að «reka fiskiveiðar», þótt þm. á kaupstaðarferð renni færi og veiði einn fisk, en það er þó að fiska. Jeg sje því eigi að það sje nein bót að þessari breytingu. Jeg hefði bezt kunnað við, að það hefði staðið «til fiskiveiða». Það hefur ekki getað verið tilgangurinn að leyfa að veiða nokkra fiska í landhelgi.

Landshöfðingi: Menn hafa glöggt fundið það, að hin eldri lög um fiskiveiðarnar væru ófullkomin og þess vegna á þetta

frv. að bæta úr þeim annmörkum, sem hafa þótt vera á einu atriði laganna í þessu tilliti. Það er viðurkennt af þd. að frumvarp þetta gefi rjettarbót, sem allir óska að fá sem bezta, og er því áríðandi að engu því verði við hnýtt, sem geti orðið því til fyrirstöðu, að málið fái framgang. Jeg álít að n. hafi heppnazt vel með frv. og vil því mæla með till. hennar, þegar jeg undantek sektarfjárupphæðina, sem n. nú einnig síðar hefur komið með brt. við. Skal jeg einkum minnast á breytingu n. við 1. gr., sem jeg álít að fullkomlega nægi til þess að rjetti og hagsmunum Íslendinga sje borgið, svo vel sem unnt er. Viðaukatill. um að tryggja betur búsetu stjórnarfjelagsins fer ekki í aðra stefnu en n., en segir meira og er nokkuð ísjárverð; þó er jeg ekki á móti því að bætt sje við orðunum: «og er skipuð mönnum, sem hjer á landi eru heimilisfastir», en seinni hlutinn: «og hafa verið það o. s. frv.» (*J. Ó.:* hann er tekinn aptur), hann þótti mjer nokkuð viðsjálli, en þessi fyrnefnda viðbót álít jeg ekki að geti gjört neitt mein. Jeg er fullkomlega á því að nauðsynlegt sje að breyta fyrirsögninni eptir því sem frv. nú er orðið.

Atkvgr.: Brt. frá 7. þm. (C 176) v. 1. gr. að orðið «að» á eptir «ef» falli burt, sp. án atkv.; brt. 6 þm. við 1. gr., að f. «meira en helmingur» k. «þrír fimmtu hlutar» felld m. 13: 8; brt. við 1. gr. frá 7 þm., að á eptir orðunum: «aðsetur sitt á Íslandi« bætist við: «og er skipað» o. s. frv. borin undir atkv. í tvennu lagi, og var fyrri parturinn aptur að «heimilisfastur» sp. m. 18 atkv, en síðari hlutinn var tekinn aptur: brt. 7 þm. við 1. gr. («reka fiskiveiðar») fellt með 11:10; brt. 7 þm. við 3. gr. sp. í e. h.; brt. við fyrirsögninu sp. í e. h.

Frv. í heild sinni sp. í e. h. Síðan sent e. d.

Frumvarp til laga um að afnema gjald af fasteignarsölum til landssjóðs (C 155); 2. umr.

Landshöfðingi: Það mun vera viðurkennt sem almenn regla, að nauðsynlegt sje að fara varlega í að afnema þá skatta, sem einu sinni eru komnir á, nema þeir sjeu á einhvern hátt mjög tilfinnanlegir eða einhverjir óhagfeldir annmarkar sjeu við inntheimtuna, eða það standi eitthvað sjerstaklega á, og ennfremur það, að lsj. megi vera án þess tekjuauka, er þeir gefa. Hvað gjald þetta snertir, sem hjer ræðir um, þá er að vísu óhætt að segja, að það sje ekki mjög tilfinnanlegur missir fyrir lsj., þar sem hjer venjulega ekki er um meira að gjöra en 600—800 kr. á ári, og á hinn bóginn má einnig segja, að þeir annmarkar fylgi þessu gjaldi, að það aptri mönnum frá að láta þinglýsa heimildarskjölum fyrir fasteignum sínum, og þetta getur aptur haft skaðlegar afleiðingar. En jeg held þessi annmarki á gjaldinu sje ekki svo mikill, að hann eigi að ráða úrslitum málsins, og jeg hygg það ætti heldur á annan og beinari hátt að leitast við að koma því á, að eigendur yrðu fúsari á að þinglýsa heimildarskjölum, en þeir hafa verið, og þannig útvega þessum skjölun þá þýðingu er þau ekki hafa án þinglýsingarinnar. En það sem menn líta á við þetta gjald, mun vera það, að það nemur mjög litlu; það nemur eins og jeg gat um, vanalega c. 600 kr. árlega og stundum lítið eitt meir eða minna. En þó að gjald þetta sje venjulega lítið, þá er það þó ekki þýðingarlaust. Það hefur einmitt komið fyrir á þessu ári: við eina fasteignarsölu hafa tilfallið landssjóði 2700 kr. (*B. L.:* Krísuvík). Það er auðvitað, að þetta kemur ekki opt fyrir, en þetta dæmi sýnir að það getur þó komið fyrir, að gjaldið verði svo mikið að landssjóðinn muni um það; þótt því þessi tekjuliður sje lítilsvirði, þá er hann þó ekki þýðingarlaus. Þegar einnig þess er gætt, hversu hægt er að innheimta þetta gjald og að það er eigi tilfinnanlegt fyrir þá, sem greiða það, þá álít jeg athugavert að afnema það. Jeg held frv. sje ekki nauðsynlegt og ekki ástæða til að breyta hinum gildandi lögum í þessu efni og vil því fremur mæla móti því, að það nái fram að ganga.

Lárus Blöndal: Jeg skal, eins og við 1. umr. þessa máls, fúslega játa það, að þetta gjald er ekki tilfinnanlegt og ekki mikið, hvorki fyrir greiðendur nje fyrir lsj. En það, sem vakti fyrir fjárlaganefndinni og sem knúði hana til þess að koma fram með frv. þetta, er það, að það er reynsla og vissa fyrir því, að þetta gjald á mikinn og mestan þátt í því hirðuleysi, sem við gengst viðvíkjandi því, að láta þinglýsa eignar-heimildarskjölum, og það þótt vjer höfum svo gömul lög, eins og tilskipun 24. aprílmánaðar 1833, um afsals og veðskuldabæk-

ur. Í lögum þessum er mikil áherzla lögð á það, að það sje áríðandi fyrir rjettarvissuna, að afsals og veðskuldabækur sjeu í góðu lagi, og í því skyni er tilskipun þessi leidd í lög. En allt um það munu þó afsals og veðskuldabækur hverrar sýslu um land allt bera það með sjer, að þessu hefur verið lítill gaumur gefinn. Jeg skal játa það, sem hinn hæstv. lh. sagði, að það sje ísjárvert, að afnema þau gjöld, sem ekki eru tilfinnanleg fyrir greiðendur og sem auðvelt er að innheimta. Hinn hæstvirti landshöfðingi tók fram eitt dæmi upp á það, að gjald þetta gæti þó verið álitlegur tekjuauki fyrir landssjóð, en þetta eina dæmi vegur ekki á móti reynslunni frá því 1833, þar sem gjald þetta mun lengi framan af hafa numið sára lítilli upphæð, og það er fyrst á þessum síðari árum, að það hefur náð 600 kr. um árið; því síður vegur þetta eina dæmi upp á móti hinu, að þetta gjald verkar — sem sagt — svo á huga manna, að þeir láta ekki þinglýsa heimildarskjölum sínum.

Af þessum ástæðum vona jeg að þd. veiti þessu máli fylgi sitt, og leyfi því að fá framgang. Annars held jeg að óhætt sje að fullyrða, að þessar góðu aukatekjur sjeu orðnar úreltar og á eptir tímanum; það virðist nokkuð kynlegt, að vera að halda í þær dauðahaldi. Það má segja um þessar aukatekjur allflestar, að það er eins og verið sje að stinga almenning með títuprjónum. *(B. Sv.:* Heyr!). Ef t. a. m. sjómaður fer hingað suður úr Húnavatnssýslu og vill fá sjer »passa«, þá verður hann að borga 16 aura til landssjóðs.

Jeg held yfirhöfuð, að það sje kominn tími til að endurskoða þessa aukatekjureglugjörð vora. og þess vegna ætla jeg að það sje góð byrjun til þess, að afnema þetta gjald til lsj. af fasteignarsölum.

Atkvgr.: Frv. sþ. m. 17. atkv., og vísað til 3. umr. m. 18.

Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla, (frá efri d., C 167); 1. umr.

Jón Ólafsson: Jeg er ekki skyggn maður, en mjer virðist þó sem jeg sjái fyrir bregða feigðarsvip á enni þessa frv., og ef það liggur fyrir því, að það skyldi deyja hjer í deildinni, þá vildi jeg óska, að það fengi að deyja þegar við 1. umr. Því sú aðferð mun verða ódýrust landssjóði, sem á að kosta umr. Af þeim 10 gr., sem eru í þessu frv., þá er 8 að minnsta kosti of aukið, því þær kasta allar töluverðum útgjöldum á lsj. Ein gr. gjörir hvorki til nje frá, og ein gefur lsj. 200 kr. í tekjur.

Hinar 8 gr. til samans heimta 2700 kr. úr landssjóði, og svo þegar frá eru dregnar þessar 200 kr., þá verða eptir 2500 kr. sem kastað er upp á lsj. Ef hjer hefði verið um eldri lög að ræða og mjög langt hefði verið liðið síðan skipað hefði verið fyrir um prestaköll, þá skyldi jeg ekki hafa mælt eitt orð á móti því, að taka málið til álita. En þar sem þessi lög, sem hjer á að breyta, eru ekki eldri en frá 27. febr. 1880, þá get jeg ekki sjeð neina þörf á því. Það eru ekki það jeg veit, nema einn eða 2 prestar, sem hafa komið fram með bænir um þennan tekjubæti, og frá náttúrunnar hendi hefur fátt eður ekkert fram komið, sem gjört hafi breyting á ástandi kallanna síðan lögin komu út, aðeins að frá dregnum 2 brauðum. Það eru að eins 2 prestaköll, sem hafa liðið nokkuð tjón og sem skoðuð hafa verið af tilkvöddum mönnum; en jeg man ekki betur, en að álit þeirra, sem skoðuðu Oddabrauð, fari fjarri því, að tjónið hafi verið svo mikið, að færa þurfi gjaldið af þessum brauðum eins stórkostlega niður og hjer er farið fram á. Presturinn, sem í hlut á, hefir ekki einu sinni farið fram á það. Jeg veit ekki á hverju e. d. hefur byggt það, að setja afgjald af þessu brauði svona niður, því jeg veit með vissu um suma prestana, sem hjer eiga hlut að máli, að þeir hafa ekki sjálfir farið fram á svo mikið, sem hjer, auk þess allir prestar ganga vakandi að því, hvað þeir fá, þegar þeim eru veitt brauðin.

Jeg vona, sem sagt, að frv. fái skjótan og hægan dauðdaga nú þegar við þessa 1. umr., svo ekki sje vert að eyða mörgum orðum að því.

Þórarinn Böðvarsson: Nefnd sú, sem skipuð var milli þinga (1877—79) til að íhuga umbætur á prestaköllunum á Íslandi, hafði það fyrir stöðuga reglu, að fara sem næst eptir tillögum þeim, sem komu frá fundum þeim, sem hvervetna voru haldnir í hjeruðum til að ræða skipun prestakalla. Þingið 1879 eða að minnsta kosti nefndin gætti sömu reglu. Eptir þessu að dæma, hefði mátt ætla, að frá hjeruðum kæmu ekki margar breytingar bráðlega. En þingið sá það þegar fyrir, að breytingar mundu koma fram með tímanum á lögum þessum, því

málið átti örðugt uppdráttar og það varð einstöku sinnum ofan á, er margir ætluðu sízt.

Nefndin, sem þá hafði málið til meðferðar, þóttist sjá fyrir, að breytingar mundu koma fram á lögunum, og þess vegna gjörir 4. gr. prestak.laganna 27. febr. 1880 ráð fyrir hvernig þá eigi að að fara. Vegurinn er næsta auðveldur. Breyt.till. á að koma frá sóknafundum og ganga til hjeraðafunda, síðan til biskups, og að lyktum til lh., er hefur vald til að staðfesta breyt., og ef hann sþ. br., þá verður það fullnaðarbreyting. Málið kemur þess vegna ekki þinginu við nema að því leyti sem um fjárspursmál er að ræða. Jeg álít þess vegna frv. stj. á mjög góðum rökum byggt. Þar er farin sú leið, sem þingið vísaði á og sem lögin gjöra ráð fyrir. Hvað snertir breytingar þær sem e. d. hefur gjört á frv., þá er mjer ekki kunnugt um hvort þar hefur verið farin hin sama leið, nfl. frá söfnuði til hjeraðsfundar og svo til biskups og lh., og að því leyti mun jeg skoða huga minn um frv. eins og það kemur nú frá e. d., en allt um það vil jeg mæla fastlega með því, og álít það jafnvel skylt að það gangi til 2. umr.

Ólafur Pálsson: Jeg ætla ekki að orðlengja um þetta mál; en einungis segja það að jeg get ekki verið sþ. 2. þm. Sm. Jeg mun einnig leyfa mjer, að koma með bratkv. og viðaukatillögu við 2. gr. frv. til 2. umr., er lítur að því, að bæta Þykkvabæjarklaustur upp með 200 kr., Meðallandsþing með 400 kr. og Kálfafell með 300 kr., og held jeg 2. þm. Sm. batni lítið fyrir brjóstinu fyrir það.

Holger Clausen: Jeg er á sömu skoðun og 2. þm. Sm. að því leyti, að þetta frv. kom fram á óhentugum tíma. Það hefur verið talað um að fólk er að drepast niður. Þeir taka lán og þiggja gjafir frá öllum þjóðum, en jeg hef aldrei heyrt talað um nokkurn prest kominn á sveitina. Jeg held ekki prestastjettin sje svo illa stödd að hún ekki geti beðið með þetta. Við hugsum nú meira um magann en sálina í okkur, þegar við erum að deyja úr hor og hungri, og það held jeg prestarnir gjöri líka.

Jeg vil því láta fella þetta frv.

Friðrik Stefánsson: Þótt jeg hefði þá æru á þingi 1879, að vera í nefnd þeirri, sem þá var sett í þessu presta- og brauðaskipunarmáli, og þó við sumir af nefndarmönnum vildum jafna brauðin meira eða tekjur þeirra en gjört var, komum við því ekki fram fyrir meðnefndarmönnum vorum, og þingdeildin ljet gjörðir nefndarinnar halda sjer, svo þær voru að miklu leyti samþykktar óbreyttar; því er eg sízt á því að velta svo miklum gjöldum á lsj., eins og frv. þetta gjörir ráð fyrir. 1879 áttu að verða 141 brauð á landinu, og hefði öllum tekjum þeirra verið jafnað svo, að þau hefðu öll fengið jafnt, þá hefði hvert þeirra orðið upp á fullar 1300 kr. og má það heita lífvænlegt fyrir presta, sem flestir búa á beztu jörðum. Jeg er þeim mun fremur á móti því, að bæta þessi nýgjörvings-brauð upp af landssjóði, sem harðara er í ári, svo mjög þrengir nú að mönnum, eins og bezt sýnir sig á hinum mörgu bænarskrám, sem komnar eru til þingsins um að fá hallærislán, úr ýmsum kjördæmum landsins. Ef þessi brauð fá þessar 2500 kr. úr landssjóði, þá koma jafnmörg brauð eða fleiri til sögunnar á næsta þingi, og þá er ekki víst, að þinginu þykji meiri ástæða til að synja þeim áheyrnar fremur en þessum nú. En hitt álít jeg rjett, að láta hjeraðsnefndir jafna brauðin, eptir því, sem þær álíta hagfeldast, án þess að slengja nýjum kostnaði upp á landssjóðinn, eins og þetta frv. fer fram á. Og af þeirri ástæðu er jeg mjög á móti því, að frv. þetta nái fram að ganga, og greiði þess vegna atkvæði móti því.

Þorkell Bjarnason: Jeg verð að álíta að sumar af br. e. d. við frv. sjeu á góðum rökum byggðar. Jeg skal taka til dæmis Sandfell í Austur-Skaptafellsýslu; jeg get ekki annað sjeð, en það sje hin mesta nauðsyn á að bæta það brauð upp. Brauðið er mjög afskekkt, liggur á millum tveggja sanda, og það munu vera 2—3 þm.leiðir frá því til hinna næstu brauða; þetta fátæka brauð sýnist mjer óaðgengilegt. En jeg ætla svo ekki að tala meir um þessar br. nú við 1. umr., heldur að eins svara þm. Snf. nokkrum orðum. Hann hjelt að harðindin mundu engin áhrif hafa á prestastjettina og hún mundi ekki fátæk vera. En jeg held aptur á móti að prestar fari ekki varhluta af harðindunum. Það eru víst margir meðal alþýðunnar, sem ekki geta goldið gjöld sín í þessu árferði, og jeg held einnig, að margir prestar eigi það orð skilið, að þeir gangi ekki fast að þeim mönnum með fjárheimtuna sem sjálfir þurfa skort að líða. Þm. Snf. (H. C.) mun kunnugt, að prestar vestra eru ekki allir svo auðugir; því jeg hef heyrt að kaupmaður hafi stefnt presti einum í Snf.

sýslu nýlega fyrir skuldir; en hvort kaupmaðurinn hefur hugsað meir «um sálina í sjer en líkamann» í því efni, eins og þingmaðurinn komst áðan að orði, um það er mjer ekki kunnugt.

Grímur Thomsen: Það er langt frá því, að jeg lái prestunum það, þótt þeir óski eptir betri kjörum. En jeg ætla að skoða sögu þessa máls. Fyrir nokkrum árum var nefnd sett til að íhuga þetta mál og hún komst að þeirri niðurstöðu að skipta rjett á milli brauðanna, síðan, á þingi 1879 var unnið að þessu sama með mæðu og fyrirhöfn og síðan komust lögin á. Nú hafa á hverju þingi síðan komið ust. og br. sem margar hverjar fara fram á að koma öllu í sama horfið og var áður en lögin komu út. Og þegar jeg nú enn fremur sje að stjórnin kemur fram með frv. og e. d. gjörir breyt. á því og bætir ýmsum brauðum við og svo er von á fleiri brauðabreytingum á næsta þingi, þá held jeg sje hagfeldast að taka málið fyrir í heild sinni á síðari þingum eða þá að skora á stjórnina að setja nýja nefnd til þess að rannsaka það. Jeg er sannfærður um, að þegar farið verður að lesa þingtíðindinn um þetta mál, þá segir margur eins og *Axel Oxenstjerne* sagði: «Ordinant, *reordinant*, sed tamen sine ordine vivunt». (Þeir skipa og skipa upp aptur, og lifa þó skipunarlaust).

Jeg vil því helzt að frv. gangi ekki einu sinni til 2. umr.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get ekki verið þm. Bf. samdóma um það, að leyfa ekki frv. að ganga til 2. umr. En það er satt, er hann sagði, að það er búið að bæta við frv. stj. «allrahanda». En þetta «allrahanda» verður ekki að greint fyr en við 2. umr. Efni stjfrv. kemur fram í 7., 8. og 9. gr. þessa frv., og af því mjer eru kunnar þessar greinir, þá ætla jeg að leyfa mjer að skýra þær, til þess að gefa ástæðu fyrir því að frv. gangi til 2. umr. Og skýringin er sú, að með þessum gr. er ekki þyngt á lsj. einum eyri. *(Gr. Th.*: Jú!). Glæsibæjarprestakall var lagt niður í e. d., en það hafði verið tekið upp í stj.frv. Með öðrum orðum, stjórnin leggur frv. fyrir e. d., sem tekur upp aptur Glæsibæjarprestakall og leggur Svalbarðssókn til þess, þótt hún sje nú sameinuð og veitt með Laufási, og þessu brauði á að leggja 200 kr. úr lsj. Þetta er fellt úr frv. í e. d., og þar með fyrirgirtur sá kostnaður, sem stjórnarfrv. hafði í för með sjer út af Glæsibæjarbrauði.

Jeg ræð þess vegna til, að frv. gangi til 2. umr., svo þm. gefist kostur á að rannsaka hvort í sínu lagi og einkum það, hvort br. e. d. sjeu ekki á rökum byggðar. Mjer finnst það skylda n. d. að kasta ekki svona rannsóknarlaust frv. stjórnarinnar, og það því frv. sem er síðan komið frá hinni h. e. d.

Landshöfðingi: Jeg vona að spádómarnir um, að þetta frv. eigi sjer stuttan aldur, muni eigi rætast, heldur vona jeg að því muni verða vísað til 2. umr., eins og þm. Ef. lagði til. Á þessu stigi málsins er eigi tilefni til að fara út í hinar sjerstöku greinar frv.; en þó vil jeg geta þess, að þær eigi eru gripnar úr lausu lopti, heldur er í þeim farið eptir uppástungum frá hjeraðafundum og yfirvöldunum. Jeg vil eigi nú fara út í hin einstöku atriði; en við 2. umr. eða ef nefnd skyldi verða sett í málið, er jeg fús á að gefa skýringar og þær upplýsingar, sem sýna hvað liggur til grundvallar fyrir frumvarpi stjórnarinnar; en jeg vil þó nú þegar gera þá athugasemd, að þó að prestakallalögin frá 27. febr. 1880 eigi sjeu gömul, og þó að vel hafi verið vandað til þeirra, þá getur þó reynslan hafa sýnt og hefir sýnt, að menn hafi eigi alstaðar hitt hið heppilegasta í þessu mikla vandamáli. Jeg hef því þá von, að hin h. þd. haldi áfram þessu máli, og láti það ná að ganga fram og vísi því fyrst um sinn til 2. umr. Efri deild hefur sýnt, að hún álítur málið þess vert, að það fái framgang, þar sem hún eigi að eins hefur fallizt á frv. stjórnarinnar, heldur og bætt við nýjum uppástungum.

Jakob Guðmundsson: Jeg ætla að eins að gjöra stutta aths. og láta í ljósi þá ósk mína, sem jeg er viss um að er ósk flestra landsmanna, sem sje, að alþingi gjöri ráðstafanir til þess að söfnuðir fái sem mest umráð og sem mesta hlutdeild í prestamálum, kirkjumálum og brauðamálum, og yfirhöfuð í allri kirkjustjórn. Fái söfnuðurnir þetta og auðnist þeim að fá meira frelsi í þessum málum, þá er auðvitað að þau verða meiri áhugamál fyrir söfnuðina, og þá verður betra að byggja ofan á þann grundvöll sem söfnuðir og sóknarnefndir leggja. Ef þessu er haldið föstu, þá er auðvitað að fjárspursmálin eiga líka að koma fyrir sóknarnefndir, söfnuði og alla alþýðu; því að það er hún, sem verður að leggja fjeð fram til prest-

anna. Og það þó að prestarnir komist á föst laun, er það þó eigi alþýðan, sem launar þá? þó að fjeð fari í gegnum landsjóðinn. Er það þá ekki eðlilegra, að uppástungurnar komi frá alþýðunni og að þær hafi meiri áhrif á þingið, en ef þær koma frá prestunum sjálfum eða kirkjustjórninni? Jeg er ókunnugur þessu frumvarpi; en ef svo reynist, að það er byggt á uppástungum frá söknarnefndum og hjeraðafundum, þá held jeg miklu meiri ástæða væri til þess að fallast á það, heldur en ef það væri komið beinlínis frá hinni efstu kirkjustjórn. Mjer þykir þetta svo merkilegt mál, að jeg óska, að nú yrði sett fjölmenn nefnd til þess að íhuga þetta mál og margt sem að því lýtur.

Þá bar forseti undir atkvæði deildarinnar, hvort nefnd skyldi kjósa eða ekki, og var það fellt með 14 atkv. gegn 4.

Eiríkur Kúld: Jeg verð að játa að jeg er ókunnugur þeim brauðum, sem um er talað í frv.; en jeg skal nú heldur eigi fara út í það, en ætla að eins að minnast á eitt atriði í ræðu hins h. þm. Snf (H. Cl.). Það vita allir, hvað hann er glöggur og skynugur; en mjer fannst hann þó núna fremur misskilja sjálfan sig. Hann hjelt að það væri engin þörf að líta á hag prestastjettarinnar, þó hart væri í ári, því að hann vissi ekkert dæmi til þess að prestar færu á sveit. En gáum nú að, hvaðan prestar fá tekjur sínar; þeir fá þær frá bændum og þegar bæudur fella fjenað sinn, og jarðir fara í eyði, þá minnka tíundir, og ekki lifa prestar af afgjöldum kirkjujarða sem eigi fást byggðar og fara í eyði. Jeg er viss um það, að harðærið í þeim hjeruðum sem fellirinn hefur orðið mestur, hefur verið tilfinnanlegt fyrir prestastjettina. Bændur hafa fengið styrk af gjafa og samskotafje, en prestar ekki. Jeg þekki allt of vel mannúð hins h. þm. Snf. til þess að ímynda mjer, að honum hafi verið í hug nje hjarta, að dæma svo ósanngjarut um hag prestastjettarinnar, því að prestar eru nú sem stendur sannarlega ekki öfundsverðir í sumum prestaköllum. Nokkrir hafa talað í þá átt, að óheppilegt væri að hringla með þetta mál á hverju þingi, og þessum mönnum er jeg samdóma, þó að jeg álíti að nauðsynlegt sje, að gjöra margar breytingar á þessu máli og helzt einkum í þá átt, að prestar kæmust á föst laun; því sú breyting á kjörum þeirra er eitthvað veruleg og sjálfsagt rjett. En þetta liggur nú eigi fyrir og þess vegna er eigi tími kominn til að setja nefnd í málið, þó jeg hins vegar játi, að ef á að fara að bíða eptir söknarnefndum með þetta mál, þá yrði lengi að bíða; jeg ætla svo að endingu að ráða til að frv. fái að ganga til 2. umræðu, því að mjer þykir óviðkunnanlegt að leyfa hana ekki, úr því að frv. hefur verið samþ. í e. d.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að eins að svara með fáeinum orðum þm. Bst., þar sem hann sagði, að prestasjettin yrði harðast úti af öllum sjettum. Þetta er eigi rjett, og það sjáum vjer af því, hvernig ástatt er. Á unga aldri fer presturinn að læra undir skóla, og þegar hann er kominn í skólann, fær hann þar kauplaust hús, ljós, eldivið; kennslu þarf hann heldur eigi að borga, meira að segja, ef hann er fátækur og ekki tiltakanlega mikill slóði, fær hann «premíu», hann fær alt að 200 kr. ölmusu og þar að auki ef til vill nokkuð af «bræðrasjóði». Ef hann fer á prestaskólann, fær hann sömu hlunnindin; ef hann fer á háskólann, fær han engu minni styrk. Og svo þegar þetta allt er búið, er hann viss um embættið; hann fær góða bújörð og viðunanleg laun, að meðaltali þetta 12—1300 kr. Störfin eru heldur lítil og eigi öllu meiri í meðalbrauði heldur en umfangsmestu störf, sem sumir bændur mega reka í almennings þarfir alveg kauplaust, svo sem oddvitastörf í stærstu hreppum, ekki sízt ef þeim er samtíða hlaðið á sama mann sem t. d. sýslunefndarstörfum o. fl. Og svo þegar hann er hættur að starfa, af því hann er orðinn ófær sakir heilsu eða óreglu, þá er hann settur upp á eptirlaun til æfiloka. Hefur nokkur bóndi, nokkur iðnaðarmaður, ekki að tala um vinnumenn, svo góð kjör? og hver getur nú sagt að prestasjettin verði harðast úti af öllum stjettum? Jeg vil ímynda mjer, að hinn háttv. þingm. hafi *ætlað* að segja eða *viljað* segja, að prestastjettin yrði harðast úti af embættismannastjettum: en það er þó fjarska mikið vafamál, hvort svo er. Presturinn hjá oss er ekki og á ekki að vera eingöngu eða einu sinni mestmegnis *embættismaður*; hann er engu síður *bóndi*, og ætti að vera einn bezti bóndinn í hverri sveit, enda er prestinum venjulega úthlutuð ein bezta bújörðin. Að því er snertir það, er þm. Bstr. hafði eptir þm. Snæf., þá hygg jeg hann hafi misskilið orð hans. Jeg álít að meining þm. Snæf. hafi verið þess efnis, að þegar svo hart væri í

ári, sem nú er, þegar fjenaður bænda væri að falla og allur gjaldstofn þeirra væri að minnka, að þá væri óþarfi að fara að auka laun prestanna, enda er viðurkvæmilegt, að þegar hjörðin líður, þá líði hirðirinn með. En svo er nú líka annað atriði, sem er viðsjárvert og sem jeg verð alvarlega að leggja hinni heiðr. deild á hjarta. Þegar á að greiða prestum eitthvað úr landssjóði, þá hefur aldrei heyrzt um annað en þeir heimtuðu allt, en þegar eitthvað á að renna inn í landssjóð frá prestinum, þá gengur miður. Síðastl. fjárhagstímabil heimtuðu allir þeir prestar, er tillag eiga að fá *úr* landssjóði, þessa peninga sína: enginn þeirra gleymdi *því!* En hvað margir af þeim, sem áttu að greiða fje *í* landssjóð, stóðu í skilum? Jú, ef jeg mætti svo að orði kveða: einn og einn þriðji partur úr presti. Það er að segja: *einn* prestur galt allt gjaldið — allsendis *einn*! — og annar galt um ⅓ af því, er honum bar; allir hinir til samans — ekki einn eyri! Ef það á að ganga svona, þá er betra að fara varlega í það að vótera fje út úr lsj. Ef 600 kr. á ári ættu að greiðast úr landsjóði til einhvers prests, þá getið þjer verið vissir um, að þær mundu verða hirtar; en ef prestur ætti að gjalda þær til lsj., þá er jeg hræddur um, að hann aldrei sjái neitt af þeim.

Þórarinn Böðvarsson: Það hafa komið fram í þessu máli sjerstaklega 2 mótbárur og skal jeg reyna til að svara þeim. Önnur mótbáran er sú, að meiningin með frv. sje að bæta úr kjörum prestanna; en þetta er misskilningur. Tilgangurinn með frv. er sá að bæta úr þörfum safnaðanna og fara eptir vilja þeirra í þessu efni. Jeg bið hina h. þd. vel að athuga, að þetta er aðalaugnamið stjfrv.; en hins vegar verð jeg að játa, að nokkru öðru máli er að gegna með viðauka þann, sem gjörður hefur verið í efri deild. Hin mótbáran var sú, að ekki væri rjett að taka þetta mál fyrir í smápörtum: en jeg held rjett vera að taka málið fyrir í smápörtum, því að þegar jafnstórt mál er tekið fyrir í heild sinni, og það þó að sett væri í það fjölskipuð nefnd, þá held jeg að geti orðið á því líkir gallar, eins og 79. Það er því einmitt rjett að gjöra br. smátt og smátt, sem tíminn og reynslan sýnir að sjeu nauðsynlegar og hagfeldastar.

Holger Clausen: Mjer gengur mikið til hjarta, þegar jeg heyri að presti sje stefnt, en jeg vissi það eigi fyrri. Og svo hef jeg líka heyrt að einn prestur sje settur af fyrir fyllirí og annar fyrir að prjedika hempulaust; og þetta er mikið leiðinlegt fyrir prestana. Jeg ætla að biðja þá h. þd. að trúa því eigi, að jeg sje prestahatari, þvert á móti, jeg held af prestunum þegar þeir halda sjer innan vissra takmarka. Og jeg gleð mig yfir því, að mörg prestaköll hafa selveiði, dúntekju og egg, og annað þess konar, og það er ekki svo slæmt; og prestastjettin hefur það ekki lakara en bændastjettin, og þegar þeir ekki þurfa styrk eins og bændur, þá sýnir það, að hún hefur það betra en bændastjettin, sem borgar til þessara herra presta.

Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv. gegn 6.

Frv. til l., er breyta tilsk. 5. sept. 1794, 5. gr. (frá e. d., C 165); 1. umr.

Þorkell Bjarnason: Jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg kann miklu betur við þetta frv. eins og það kemur frá e. d., heldur en frv. stjórninnar, því að hjer er ákveðið að hegna þeim einum, sem gjöra það sem saknæmt er, og þetta mun alstaðar vera almenn regla. Lækningar ólærðra manna geta á stundum verið alveg nauðsynlegar eptir því sem hagar til hjer á landi. Hjer á landi eru svo miklar torfærur og vegalengdin og strjálbyggðin svo mikil, að ómögulegt er opt og tíðum að ná í lærðu læknana, enda læknahjeruðin svo stór, að hinum skipuðu læknum verður opt ómögulegt að hjálpa öllum sem hjálpar þurfa, t. d. í sóttum. Ólærðu læknarnir hafa vanalega náttúru til að lækna og löngun til að hjálpa bágstöddum bræðrum sínum. Þeir eru margir vel gáfaðir og hafa aflað sjer töluverðrar þekkingar af bókum. Jeg hygg líka, að lögin frá 1794 eigi alls ekki við þá menn hjer á landi, sem þótt ólærðir sjeu veita læknishjálp; þau eiga við svo kallaða «kloge Mænd» og «kloge Koner», sem látast lækna fólk með alls konar bábyljum; en slíkt þekkist eigi hjer á landi. Jeg álít það mjög ósanngjarnt að hegna mönnum, sem hjálpa sjúklingum, þegar ómögulegt er að ná í lærða lækna, og því skoða jeg þetta frumv. eins og það kemur frá e. d. sem mjög eðlilegt, skynsamlegt og gott.

Benidikt Sveinsson: Jeg er alveg samdóma hinum h. 2. þm. G.K. (Þork. Bj.) í því, að þetta frv. er betra en frv. stj., en

jeg skil ekki, að þetta frumv. veiti ólærðum mönnum *heimild til að lækna,* því að það veitir þeim einmitt ekki neina «pósitíva» heimild til þess; þvert á móti hótar það þeim *hegningu,* sem gjörir öðrum *skaða*, og hlýtur því að setja hik á skottulækna. Ef slíkt væri meiningin, sem þingmaðurinn benti til, þá mundi stj. ekki leita staðfestingar konungs á frv., því að það hefur ávallt verið á móti vilja stjórnar og ráðgjafa, að veita ólöggiltum læknum *leyfi* til að lækna. Og þetta er heldur eigi hjer meiningin, því að hjer er einungis sagt, að eigi skuli hegna fyrir lækningar þeirra, sem eru ólöggiltir til læknisstarfa, nema því að eins að *sannað* verði að þeir hafi gjört *skaða* með lækninga-tilraunum sínum. En þetta er þó mikil rjettarbót, því að með því er útilokað það árgvítuga hneyxli, að þeir menn sjeu dómfelldir, eins og hingað til, sem með lögfullri sönnun hafa orðið *uppvísir* að því, að hafa *hjálpað* sjúklingum og *læknað* þá, þó ólöggiltir sjeu. Jeg er því mjög þakklátur við efri deildina fyrir þetta frv., þó jeg eigi geti fellt mig við seinustu ákvörðunina: *Hegningarákvarðanir* 5. gr. í tilsk. um skottulækningar 5. sept. 1794 eru *úr lögum numdar;* því að þessi tilskipun frá 1794 hefur fyrst og fremst aldrei verið lög á Íslandi. Því að þó að fyrir því sje einn landsyfirrjettardómur, *(Arnljótur Ólafsson:* þeir eru tveir), þó þeir sjeu tveir, þá sannar það ekkert. Til þess þarf dóm, já meira að segja fleiri dóma frá æðsta dómstól landsins. En hvað sem þessari spurningu líður, þá er það sannarlega nóg, að gefa það til kynna með *fyrirsögn* frumvarpsins, að tilskipunin sje gildandi hjer á landi. Tilskipunin sýnir og að öðru leyti eptir öllu innihaldi sínu, að hún eigi gildir á Íslandi. Að vísu var hún auglýst á alþinginu forna; en það var að eins til athugunar eða öllu heldur til fróðleiks, eins og um svo mörg önnur dönsk lög; það sýnir ekki að hún gildi hjer sem lög; en það, einmitt það, segir hin tilvitnaða seinasta málsgrein í frumarpinu óbeinlínis, þrátt fyrir gagnstæðar ákvarðanir sínar um, að þeim skuli að eins hegnt, sem gjöri *skaða.* Jeg vil því fella þessi orð burtu, og áskil mjer að koma með breytingaratkv. í þessa stefnu við 2. umr.

Eiríkur Kúld: Jeg held að 2. þm. G.K. (Þork. Bj.) hafi eigi rjettan skilning á þessu frv. frá e. d., er hjer liggur fyrir. Hann hyggur að nú sjeu lækningar ólærðra manna eða skottulækningar leyfðar; en það er eigi rjett. En þó að þær sjeu eigi leyfðar, þá hugga jeg mig þó við annað: *þær eru eigi bannaðar.* Ef þetta frv. nær fram að ganga hjer í deildinni — og um það er jeg vongóður — og ef það nær staðfesting konungs, þá er það huggun mín, að þá linnir ofsóknum gegn þeim, sem opt hafa hjálpað sjúkum mönnum, þegar ómögulegt hefur verið að ná í lækni. Jeg sætti mig því vel við þetta frv., þó að jeg geti eigi lagt í það eins rúman skilning eins og 2. þm. G.K. (Þork. Bj.).

Þorkell Bjarnason: Jeg ætla að leyfa mjer að leiðrjetta það, sem komið hefur fram í ræðum þeirra þm., sem síðast hafa talað. Það var ekki meining mín, að lækningar ólærðra manna yrðu lögheimilaðar, þó frumvarp þetta næði lagagildi. En þar sem jeg er viss um, að lækningar ólærðra manna mundu haldast við meira og minna eins og áður, þótt háar sektir væri lagðar við, þá þótti mjer það stór rjettarbót, að ólærðu læknarnir að eins sæti hegningu þegar þeir gjöra skaða.

Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frv. t. l. um horfelli á skepnum (frá nefndinni í horfellismálinu, C 187); 1. umr.

Þorlákur Guðmundsson lýsti því yfir, að hann tæki aptur *frumvarp til laga um heyjaásetning og eptirlit á meðferð húsdýra* (C 147).

Þorkell Bjarnason lýsti því yfir, að þeir þingmenn Gullbringu- og Kjósarsýslu tækju aptur frv. til l. *um horfelli á skepnum*, það er þeir höfðu komi fram með (C 119).

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg ætla að leyfa mjer að gjöra grein fyrir aðgjörðum nefndarinnar í þessu máli. Það hefur verið tilgangur hennar að reyna að koma í veg horfelli á skepnum, sem svo opt kemur fyrir hjer á landi, með áminningum, eptirliti og aðvörunum. En spurningin var um: hverjir ættu að áminna, líta eptir og aðvara? Og þá þótti nefndinni eðlilegast, að það yrðu hreppsnefndirnar, með því að þetta væri svo mikið hagsmunamál fyrir hreppinn. Það var að vísu ágreiningur í nefndinni um, hvort skoða skyldi málið sem fjelagsmál, mál fyrir hreppinn, eða almenningsmál; en hitt varð þó ofan á, og því var hreppsnefndunum falinn þessi starfi á hendur. Enn fremur þótti nefndinni nauðsynlegt að skerpa lögin gegn þeim, sem fella

úr hor. Frv. frá 1. þm. Á. fer nokkuð í aðra átt; það er um heyásetningar; en þann grundvöll gat nefndin ekki aðhyllzt. Það er nú tekið aptur, og þarf því eigi að fjölyrða um það. Jeg ætla að eins að geta þess, að þó að nefndin eigi gæti aðhyllzt þann grundvöll, sem það er byggt á, þá er það samt skipulega samið og skynsamlegt, það er að segja eptir þeim grundvelli sem hann hefur haft.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal leyfa mjer að gjöra stutta aths. Mjer þykir nógu miklu kastað upp á hreppsnefndirnar, þótt vitanlegt sje, að þær hafi nóg að gera fyrir enga borgun. Það er þó talsvert ómak sem á þær er lagt hjer fyrir alls ekki neitt. Þær þurfa iðulega að ferðast um hreppinn, ef nokkur hætta er á ferðum og þær vilja vera árvakrar, og þurfa þær þess að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Annað er það sem jeg verð að spyrja um: Er þessi starfi 1. og 2. gr. í samkvæmni við 3. gr? Þar stendur, að sá sem felli fjenað úr hor og sje um að kenna vísvitandi hirðuleysi eða harðýðgi, þá sje hann sekur samkv. 299 gr. hegningarlaganna. Hver á að hafa eptirlit með, að hegningarlögunum fje framfylgt? er það hreppsnefndin, er það oddvitinn, er það eigi einhver annar maður? jú, það er hreppstjórinn; en hjer er það hreppsnefndin, sem á að skoða fjenaðinn. Væri nú settur hreppstjóri og hreppsnefnarmenn í 1. gr., og hreppstjóri í stað «hreppsnefndar» og «hreppsnefndarmanna» í 2. gr., þá væru lögin sjálfum sjer samkvæm. Þá hefði sá hinn sami eptirlitið sem á að sjá um að lögunum verði framfylgt. Að öðru leyti vil eg styðja að því að frv. fái að ganga til 2. umr., þótt jeg ætli að það hafi mjög litla þýðingu, að minnsta kosti á norðurlandi.

Þórður Magnússon: Ef mig minnir rjett, þá var jeg á síðasta þingi mótfallinn frv. um heyásetning og eins er jeg enn á móti þeim reglum nú, sem þetta frv. fer þar fram á. Jeg er hinni heiðruðu n. mjög þakklátur fyrir það, að hún hefur vísað hinu frv. veginn; en jeg hefði verið henni enn þakklátari ef hún hefði vísað þessu frv. sama veginn. Jeg sje ekki að þetta frv. muni gjöra nokkurt gagn; því jeg sje ekki hvernig hreppsnefndir geta á hverjum mánuði gengið um hreppinn til þess að líta eptir fjenaði og fóðurbirgðum. Jeg þekki svo til á Vesturlandi, að þar er það víða ómögulegt. Jeg sje ekki heldur hverjum sektum hreppsnefndirnar eiga sæta, ef þær vanrækja skyldu sína í þessu efni. Jeg held þetta frumvarp verði aldrei nema á pappírnum. Frv. sjálft er svo magurt, að það er varla á sumar setjandi og því síður á vetur.

Þorkell Bjarnason: Nefndarálitið hefur fengið nokkuð þungan dóm hjá 2. þm. Ísf. Hann álítur, að það mundi ekki gjöra neitt gagn, þó að það yrði að lögum, og það sem hann byggði þetta álit sitt á var það, að hreppsnefndirnar mundi ekki geta gengið um hreppana á hverjum mánuði, til þess að líta eptir fjenaði og fóðurbirgðum. Jeg sje ekki á þessu frv., að það eigi að gjöra þetta á hverjum mánuði, heldur er það komið undir því, hvað opt þeim þykir þess við þurfa. Og jeg ætla hreppsnefndunum það sem eiga að vaka yfir velferð sveitarinnar, að þær hafi þann áhuga á þessu mesta velferðarmáli sveitarinnar, að þær kynni sjer eins og þeim þykir þurfa hvernig farið er með skepnurnar og í hvaða standi þær eru, og sömuleiðis að þær gái að því, að hver og einn fari sem bezt með fjenað sinn, og til þess að gjöra það, held jeg að þær þurfi ekki að fara um hreppinn á hverjum mánuði, jeg held það sje nóg þær gjöri það 3 sinnum á vetri, og stundum jafnvel ekki nema einu sinni, ef það er gjört þegar helzt er þörf á, nfl. á útmánuðum. Þar sem einn h. þm. bar n. það á brýn, að hún hefði blandað saman starfa hreppsnefnda og hreppstjóra, þá held jeg það sje ekki rjett. Hún ætlaðist til, að hreppsn. hefði málið með höndum svo lengi sem það er sveitamál; en þegar málið er komið á það stig, að menn drepa úr hor, þá heyrir málið undir sakalögin, og þá tekur lögregluþjónninn — hreppstjórinn — það sjer í hönd.

Jeg vona menn líti á hvernig ástatt er í landinu bæði fyr og nú; hirðuleysi og kæruleysi um meðferð á skepnum hefur verið og er eitt af okkar mestu meinum, og því vona jeg að allir leggist á eitt með að koma í veg fyrir þetta okkar þjóðarmein og þjóðarhneysu. Þótt margar hreppsnefndir kunni að vera hirðulitlar, þá er jeg aptur viss um að margar hreppsnefndir mundu verða fegnar að fá þau lög, sem gefa þeim heimild til að áminna og ráðleggja og hafa allt það aðhald, sem mögulegt er á áminningar og ráðleggingarvegi sveitinni til heilla.

Jakob Guðmundsson: Aðalatriðið í þessu máli er í raun og veru það, að koma því atriði inn undir hegningarlögin, þegar

skepnur eru drepnar úr hor, eða þegar peningur sætir illri meðferð. Fyrri partur frv. inniheldur ráðleggingar og bendingar til þess að koma í veg fyrir að menn gjöri sig seka í þessu. Menn hafa verið mjög gramir um allt land þegar stjórnin og lagamenn segja, að *það heyri ekki* undir hegningarlögin, *að drepa úr hor*. (*Fleiri:* Hver segir það?). En alþýða álítur, að það mundi verða aðhald fyrir marga, ef lögin tæku þetta skýrt fram.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg ætla að svara 1. þm. Ef. nokkrum orðum, sem að öðru leyti tók vel í málið. En jeg get ekki verið á sömu skoðun og hann um það, að starfi hreppsnefndanna eptir frumvarpinu standi í ósamkvæmni við 3. gr. Nefndin játar fúslega að það sje mesta vandhæfi á, að setja reglur um þetta efni. Hún vildi að öðru leytinu gjöra það sem mest að sveitarmálefni og koma mönnum til að skoða góða meðferð á skepnum sem velferðarmál hreppsins og undir eins landsins alls. Að þessu leytinu þótti henni rjettast að hreppanefndirnar, sem eiga að sjá um hag hreppsins, hefðu mest um málið að fjalla. Það getur hver og einn sjeð, að hægt er að fara illa með skepnur, þótt þær sjeu ekki drepnar úr hor, og þótti n. eðlilegast að hreppsn. annaðist um að reyna koma í veg fyrir það. Að öðru leyti er jeg fús á, að bera mig saman við hann um br. á þessu til 2. umr. Tillögum 2. þm. Ísf. er þegar að mestu svarað. Ræða hans sýndi, að hann vildi ekkert með frv. hafa, og hann var að bera það saman við heyásetning, en hjer er ekki um það að ræða. Vilji menn ekki gjöra neinar tilraunir til að koma í veg fyrir vanhirðingu og illa meðferð á skepnum og horfelli, þá held jeg megi búa til margar grýlur, eins og t. a. m. það, að það sje örðugt að ferðast um vesturland. Jeg vil segja, að ferðirnar þurfi ekki eins margar og hann til tók, því það veit hvorki hann nje jeg, hvað margar ferðir og hvað mörg tækifæri hægt er að nota til þessa, án þess að fara aukaferðir. Jeg held að hann ekki síður en aðrir, ætti fremur að fylgja málinu, heldur en reyna til að eyða því. Jeg hef verið í Ísafjarðarsýslu og þekki, að hordauði hefur átt sjer þar stað eigi síður en annarstaðar, og það svo, að einstaka bændur hafa misst 100 fjár eða þar yfir og það ekki í sjerlegum harðindum, og þá held jeg þeir (Ísfirðingar) hefðu mátt þakka fyrir, ef einhverjar ráðstafanir hefðu verið til þess að koma í veg fyrir það tjón.

Jeg vona frv. fái að ganga til 2. umr.

Holger Clausen: Jeg ætla ekki að segja mikið. Jeg er á móti frv. í flestu tilliti. Fyrst er það ekki búið svo til, að það gjöri nokkurt lifandi gagn, ekki minnsta gagn. Jeg vil engan mann á mitt heimili til að skoða það. Það er mitt heimili á meðan jeg á það. Það er nóg þegar það verður sannað að jeg *drep skepnur úr hor*. En hver á að sanna það? Er hjer nokkur dýralæknir, sem geti sannað það? Yfir höfuð er þetta frv. landinu til skaða, það gjörir ekkert gagn. Það er opt að bændur setja ríflega á og meira en ættu að gjöra, en þeir komast þó af og geta klarað sig, annars drepast skepnurnar.

Jeg vil ekki að þetta frv. gangi lengra, því það gjörir ekkert gagn.

Þorlákur Guðmundsson: Þetta mál virðist að vera prætuepli. Það var fyrir þinginu 1881, og átti þá allerfitt uppdráttar og komst með hrakning í gegn; en efri deild felldi málið. Jeg hygg að við hefðum mátt þakka fyrir, ef ásetningslög hefðu verið hjer í landi fyrir veturinn 1882; þá væru mörg kúgildi enn þá í landinu, sem nú eru felld og landið væri mörgum þúsundum króna auðugra. (*H. Kr. Fr.:* Ætti ekki einni krónu meira). Jú, og það er engin ástæða til þess að vera búinn að gleyma harðindavetrinum 1881—82 og hinum voðalegu afleiðingum hans.

Það hefur verið sagt, að með þessum l. sje gengið of nærri eignarrjetti manna, já að ómögulegt sje að setja lög í þessu efni; en má jeg þá spyrja: hver gengur nær eignarrjettinum en trassinn og letinginn og hirðuleysinginn sem fellir úr hor og eyðileggur allan sinn fjárstofn! Hann gengur nærri eignarrjetti sjálfs sín, sveitarfjelagsins og þjóðfjelagsins. Hvernig líta þeir menn á landbúnaðinn, sem standa í gegn þessum l.? Þingið friðar lax, fugla o. sv. fr. og þorskinn í Faxaflóa; það er einmitt að efla og tryggja sjávarútveginn. En vjer eigum ekki að láta oss á sama standa, hvernig fer með landbúnaðinn, heldur gera það sem í voru valdi stendur til viðreisnar þeim aðalatvimuvegi landsins, sem meiri partur þjóðarinnar hefir lifað á. Jeg játa, að nefndin hefir gert sitt bezta í þessu máli, enda þó jeg ekki geti fellt mig við nefndarálitið, en vona að hin heiðraða þd.

lagi málið, og gefi þá efri deild enn eptir að fella málið, ef henni svo sýnist.

Arnljótur Ólafsson: Af því að jeg vil málinu vel, þá vil jeg benda n. á athugasemdir mínar, sem jeg vona að hún kannist við að sjeu á rökum byggðar. Jeg sje að tvennt hefur vakað fyrir n. Hún hefur ætlazt til að hreppsnefndirnar hefðu hið siðferðislega eptirlit, en hreppstjórarnir hið lagalega. En hvernig fer um samtenginguna á þessu tvennu? Hún er ekki sem heppilegust. Í 2. gr. nefndarfrumvarpsins stendur: «Nú eru skepnur að áliti heppsnefndarmanns og skoðunarmanna fóðurlausar eða illa meðfarnar.» Þessir menn, hreppsnefndarmaðurinn og skoðunarmennirnir, eiga þá að bera vitni um það, hvort bóndinn hefur farið svo illa með fje sitt að um sje að kenna vísvitandi hirðuleysi eða harðýðgi. (*B. Sv.:* Nei!). Jú, eptir 3. gr., því að eptir henni á hreppstjórinn tafarlaust að tilkynna sýslumanni, ef svo fer að fjenaður fellur úr hor og um er að kenna «vísvitandi hirðuleysi eða harðýðgi»; annars á hann ekki að gjöra það. Hvaða gögn og vitni getur hreppstjórinn haft til þess að sanna kæru sína? Er það maðurinn sjálfur sem fellir, eða þá fjármaðurinn, eða önnur hjú hans? Ekkert af þessu er hugsanlegt. Þeir einir geta um það borið, sem hafa álitið að skepnurnar væru fóðurlausar eða illa meðfarnar. En til þess að hreppsnefndarmaður og skoðunarmenn geti samvizkusamlega haft álit um það, hvort kindin er fóðurlaus eða illa meðfarin, þá verður, segi jeg, að skoða hana á hverri viku. Hreppsnefndarmaðurinn segir við bóndann: «Þú ert heylaus, góðurinn minn.» Bóndinn játar það, en kveðst hafa fengið loforð um hey. «Þá slarkast það af», segir hreppsnefndarmaður, «jeg gef þjer þriggja daga frest». Á þá hreppsnefndarmaður ekki að njósna um það, hvort heyið fæst eða ekki, og fáist það ekki, þá að komast fyrir, hvert það er hirðuleysi bóndans að kenna, eða öðrum orsökum? Viðvíkjandi hinu, hvort illa sje farið með skepnurnar, þá veitir eigi af að rannsaka það daglega. Í nefndarálitinu stendur, «svo opt sem hreppsnefnd álítur nauðsynlegt»; en það er nauðsynlegt ef ekki daglega, þá vikulega, annars lendir allt í gamla sóðaskapnum, húsin of lítil, illa umgengin og loptill, brynningar ónógar, og allt í ólagi; fjenaðurinn drepst, en aldrei sannaðist, að um sje að kenna vísvitandi hirðuleysi og harðýðgi.

Það er því tillaga mín, að n. setji í 2. gr., að þessi skoðunargjörð eigi að fara fram að minnsta kosti 4 sinnum á vetri og að hún í þremur málsgreinum 2. gr. setji hreppstjóra í stað hreppsnefndar eða eða hreppsnefndarmanns, og í 1. gr. komi «hreppstjóri» í staðinn fyrir hreppsnefnd, en þar gæti n. ef hún vildi bætt aptan við orðunum «hreppsnefnd», til þess að það væri hverjum ljóst að hreppsnefndirnar hefðu hið siðferðislega eptirlit, en hreppstjórarnir alla löggæzluna.

Jeg vona að hin heiðraða n. kannist við að orð mín hafa verið töluð til þess fremur að bæta fyrir þessu frv., en að vinna því mein.

Þá var að ósk 8 nafngreindra þingmanna samþykkt með 11 atkv., að umræðunum skyldi hætt.

Málinu því næst vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Fimmtándi fundur, fimmtudag 19. júlí kl. 12—3. Allir á fundi.

Frv. til laga um breyting á opnu bréfi 27. maí 1859 (C 155); 3. um.

Frv. sþ. orðalaust í e. h.

Síðan afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C 163); 2. umr.

Ólafur Pálsson: Jeg gat þess við 1. umr. að jeg mundi koma með brt. við þetta frv., en jeg hef fallið frá því, af þeirri ástæðu, að jeg vil ekki standa öðrum í vegi, sem kynnu að vilja fá jarðir sínar keyptar, en jeg er hræddur um, að ef breytingar yrðu gjörðar við frv., þá gæti það orðið til þess, að málið næði ekki fram að ganga.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að jeg mundi koma með brt. og jeg hef gjört það (C 179). Jeg gat þess að úr því farið væri að selja hinar betri jarðir lsj. eða jafnvel hinar beztu, þá vildi jeg líka láta selja eitthvað af hinum lakari. Jörð sú sem brt. fer fram á að bætt sje við er heldur lítilfjörleg. Að fornu mati er hún 6¼ að hundraða tali, og að nýju mati 6. 9.

Eptir skýrslu sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu þá hefur afgjald jarðarinnar um 5 undanfarin ár verið að meðaltali 46 kr. 26 a.; minnst 41 kr. 1 ey.; hæst 52 kr. 45 a. Það er því ljóst, að það er lsj. í hag að selja jörðina, þar sem rentan af þeirri upphæð, sem stungið er upp á að selja jörðina fyrir, er töluvert hærri en eptirgjaldið hins núverandi ábúanda, en hann hefur rjett til að búa á jörðinni meðan hann lifir og ekkja hans eptir hans dag, en hann ungur maður, svo eigi lítur út fyrir að breytt verði um leigumála svo fljótt. Þessi v.till. kom fram í e. d. við 3. umr., en var tekin aptur, og nú hef jeg komið fram með hana í þessari d., og vonast til þess, að hin h. d. bæti þessari jörð við á frv.

E. Kúld: Jeg skal játa það, að mig vantar kunnugleika til að geta sagt um, hvort þessi vust. sje heppileg. Hinn h. þm. (Þór. B.) gat þess, að jörð þessi væri fremur lítilfjörleg; en jeg vildi spyrja, hvort ekki sje svo, sem mjer hefur borizt til eyrna, að þar sje góð lending, og liggi vel við sjávarafla? Jeg hef heyrt að menn hjer syðra færu þangað suður í «túra», og yrði að því ekki all-lítill tekjuauki fyrir bændur þar suður frá, sem ljeðu þeim uppsátur o. fl. Jeg er hræddur um, að ef slíkar jarðir landssjóðsins yrðu einstakra manna eign, myndi fara með þær, eins jeg veit dæmi til með sumar jarðir í vesturamtinu, að menn mundu nota sjer þetta og ekki leyfa uppsátur nema með óaðgengilegum afarkostum, og gæti að því orðið mikill hnekkir fyrir marga. Jeg er líka hræddur um að það sje vafamál hvort þetta sje nógu hátt verð sem vust. stingur upp á; jeg hef heyrt að þegar stungið hafi verið upp á í e. d. að selja jörðina fyrir 1200 kr., þá hafi einn sagt, að hann mundi vilja gefa 1600 kr. og þótt hitt af lágt. Meðan þetta er þannig óljóst, þá finn jeg ekki ástæðu til að greiða atkv. með þessari vust.

Fr. S. Stefánsson: Stj. hefur nú lagt frv. um þjóðjarðasöluna fyrir þingið, og er það ekki í neinu betra en frv. það sem þingið sp. 1881, nema borgunarskilmálarnir eru betri. En aptur hefur stjórnin fært upp verð margra jarðra, þvert á móti till. sveitastj., sýslun. og meiri hluta þingsins, og skil jeg ekki hvers vegna hún hefur gjört það. En jeg minnist nú þess, að hinn fyrv. lh. kom með breytingartillögu á síðasta þingi þar em verð sumra jarðanna var fært upp eptir till. umboðsmannanna, en þingið felldi þá breytingartillögu landshöfðingja. Jeg get ekki tekið þessa aðferð stjórnarinnar fyrir góða og gilda vöru, að fara meir eptir till. umboðsm., sem dæma þar jafnframt, um sinn eigin hagnað, en skeyta eigi um till. sýslun. og meiri hluta þingsins. Nokkrir segja að eptir 40 ár verði jarðirnar orðnar fjarska-mikils virði. Nú sem stendur eru hreinar tekjur lsj. af þjóðjörðunum um 30 þús. og þessutan ganga af afgjöldum jarðanna til umboðsmanna 5884 kr., til prestsmötu 2960 kr. og til annara gjalda 914 kr., sem að nokkru leyti er innifalið í tíundum, sem á sumum stöðum er dregið frá afgjaldi jarðanna, en að sumu leyti í uppgjöf á eptirgjaldi þeirra; þetta verður alls 9758 kr. sem landssjóður tapar árlega við að eiga jarðirnar, og leigja þær út með þessu fyrirkomulagi, í samanburði við það, að selja þær, og til þess þarf eigi að selja jarðirnir fyrir meira en svarar þeirri upphæð, sem þær nú renta sig fyrir, til þess að það sje sýnn hagur fyrir lsj., þar sem árs árlega er um næstum 10 þús. kr. að ræða. Eptir næstu 36 ár yrðu þessar 10 þús. kr. orðnar 40 þús. kr.; eg tek þennan tíma til, því 1. þm. Eyfirðinga sagði að eptir rúm 40 ár eða eptir 1920 færu framfarirnar fyrst að koma í ljós, og þjóðjarðirnar yrðu þá svo mikils virði, en yfir allan þennan 40 ára tíma hefði landssjóður að mínu áliti í hreinan ágóða hjerum 12000 kr. á ári hverju, því búast má við að söluverð þeirra yrði svo lítið hærra, en svarar til leigumála á þeim nú, þó hóf verið á söluverðinu, og mætti þá framförin vera mikil, gæti hún vegið á móti þessum hagnaði; en því miður eru engar líkur til þess. Aptur voru sumir, sem töluðu um, að einstakir ríkismenn mundu kaupa jarðirnar, og þær safnast saman í þeirra hendur; en mjer þykir merkilegt að heyra að þingmenn komi fram með slíkt, bæði þegar litið er á sögu landsins og erfðalög vor, því mjer þætti eptir því að dæma mikið ef allir niðjar nokkurs ríkismanns hjer gætu búið á sjálfseign í 4. lið. Hvað snertir sjerstaklega jarðirnar í Skagafirði, þá hefur stj. sett þær sumar upp eptir breytingartillögu lh., en hann aptur, farið eptir áliti umboðsmannsins. Landsskuld af jörðunni Heiði og hjál. Breiðstöðum er ekki nema sem svarar vöxtum af 3450 kr.; en alþingi 1881 ákvað verð hennar 4500 kr. En í frv. þessu hefur stjórnin

fært verð jarðarinnar upp í 5000 kr., líklega eptir tillögu amtsráðsins, sem áleit að hæfilegt væri að færa landskuld jarðarinnar upp um 90 ál, og er mjer óhætt að segja að amtsráðið þekkir mjög lítið jarðir í Skagafirði. Mjer þykir það hart að taka umboðsmanninn fram yfir sýslun. og meiri hluta alþ. Landskuld af Hjaltastöðum svarar vöxtum af 4750 kr. upphæð; sýslun. lagði til að þeir væru seldir fyrir 6000 kr., en umboðsmaður, lh. og rg. færa verðið upp í 6200 kr. Páfastaðir hafa verið færðir upp um 200 kr. og Litla-Gröf um 50 kr. Þetta kaupverð er nú orðið svo hátt, að jeg er næstum viss um að enginn af ábúendum þessara jarðar getur gengið að því, því þetta er því síður sanngjarnt kaupverð, að það er ráni næst; en jeg vil samt ekki vera á móti frv. í heild sinn, því eins og jeg hef áður tekið fram, eru borgunarskilmálarnir góðir, og svo getur þetta orðið undirstaða til þess, að þjóðjarðasalan komist á, sem mörgum landsmönnum er mjög mikið áhugamál.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vildi gefa þm. Bstr. (E. K.) dálitla upplýsingu viðvíkjandi spurningu hans, en jeg skal fyrst geta þess, að jeg hefði sízt vænt mótmæla frá þeim, sem þó eru hlynntir þjóðjarðasölunni. Þm. spurði, hvort jörðin ekki væri útvegsjörð; jeg ímynda mjer, að hún sje það líkt og aðrar í því hjeraði, en sje að öðru leyti ekki neitt framúrskarandi í því tilliti. Þar sem þm. spurði hvort menn sem færu «túra» suður hefðu þar ekki aðsetur, þá veit jeg ekki til að það hafi verið til þessa; jeg gæti vel nefnt þær jarðir þar sem það helzt á sjer stað, en þess gjörist ekki þörf. Þótt menn hafi farið suður hef jeg aldrei heyrt menn geta þess að menn hafi lent á Brekku í Inngarði, og veit jeg því ekki til að þar sje nein fyrirtakslending. Þar sem hann kom með þá ástæðu, að ef jörðin væri útvegsjörð, þá væri ábúandanum hægra að bægja mönnum þaðan, ef jörðin yrði einstakra manna eign, en ef hún væri þjóðjörð, þá verð jeg að játa að jeg skil ekki þessa ástæðu, því að þótt ábúandinn á Brekku sje leiguliði, þá ímynda jeg mjer að honum standi frjálst fyrir að banna hús sín, ef hann svo vill. En sem sagt þá er þessi jörð engan veginn sú, sem optast er lent á. Hvað það snertir, að hann kvað óvíst, hvort verðið væri sett nógu hátt, og hjelt að skeð gæti að einhver kynni vilja bjóða meira, þá má segja hið sama um allar hinar jarðirnar, að minnsta kosti veit jeg það um Kaldaðarnes, að mjög líklegt er að meira verði boðið í það höfuðból. En það er minni von um þessa jörð að nokkur bjóði meira, og ábúandinn hefur aldrei opinberlega boðið meir en 1300 kr; og jeg tel mjög óvíst hvort hann gangi að því að kaupa jörðina fyrir þetta verð, 1600 kr., en það er, eins og jeg hef sýnt, hagur fyrir lsj. að selja hana fyrir þetta. Jeg vona því að d. samþykki að selja þessa jörð eigi síður en hinar, sem enginn kaupandi hefur boðizt að, þar sem það er töluverður hagur fyrir lsj. meðan þessi leigumáli stendur sem nú er, og hann stendur meðan þessi ábúandi lifir, og hann er ungur.

H. Kr. Friðriksson: Jeg skal ekki dæma um það, hvort verð jarðarinnar sje fullhátt sett, eða ekki, en jeg verð að líta svo á mál þetta, að deildin geti alls eigi gefið vust. atkv. sitt. þar sem málið ekki er svo undirbúið, sem vera ber, ekkert mat, og engar skýringar, og í engu fylgt reglum þeim, sem skipaðar eru um undirbúning til sölu þjóðjarða, en út af þeim getur þingið þó ekki farið að breyta að raunalausu. Jeg ímynda mjer, að þd. þurfi því ekki lengi að hugsa sig um, hvað gjöra skuli við þessa vust.; það liggur beint við að fella hana.

Þorlákur Guðmundsson: Þótt jeg sje meðmæltur þjóðjarðasölunni yfir höfuð, þá get jeg þó ekki verið með þessari vust. Jeg skal játa það, að jeg er ókunnugur þessari jörð eins og fleiri, en jeg álít að málið sje ó-undir-búið. Það hefur ekki verið lagt fyrir sýslun. og líklega ekki fyrir hreppsn. heldur. Ef ábúandanum er það mikið kappsmál að fá jörðina keypta, getur hann lagt málið betur undirbúið fyrir næsta þing.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að mótmæla orðum hins h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.), þar sem hann sagði að ekkert mat lægi fyrir; bæði mat og skýrsla frá sýslumanninum liggur fyrir þinginu.

Eiríkur Briem: Jeg skal taka það fram, að sumar af þessum jörðum, að minnsta kosti í Húnavatnssýslu, eru settar langt of hátt, og meira en sanngjarnt er, og skal jeg sjerstaklega til nefna Miðhóp, sem jeg tel mjög óvíst að nokkur vilji kaupa með svo háu verði. En af sömu ástæðu og þm. Vsk. (Ó. P.) hef jeg ekki komið með bratkv., því jeg vildi ekki gjöra neina þá breytingu, sem gæti orðið því til nokkurrar

fyrirstöðu að málið næði fram að ganga. Meðal annars af sömu ástæðu verð jeg að vera á móti þessari vust., sem hjer liggur fyrir, og að öðru leyti álít jeg, að málið sje eigi svo undirbúið, sem vera ætti, því að þótt það sje satt, að skýrsla liggi fyrir þinginu, er málið þó ekki undirbúið samkvæmt þeim reglum, sem þingið 1879 setti.

Jakob Guðmundsson: Þótt verðið á á hinum umræddu jörðum sje í rauninni sett allt of hátt, vil jeg þó engan veginn ráða þd. til að fella frv. þessa vegna. Ef batnar í ári, þá getur þó skeð, að einhver ráðist í að kaupa þær. Þótt málið sje ekki svo undirbúið, sem þingið 1879 tók til, þá verð jeg þó að álíta að það sje nægilega undirbúið og formlega. (*H. Kr. Fr.*: Nei!). Eptir mínum kunnugleika, og jeg er töluvert kunnugur þar syðra, þá er er jörðin í vust. virt mikils til of hátt, eins og flestar hinar, t. d. jarðirnar í Skagafirði, þar sem jeg einnig þekki vel til, þær eru allt of hátt virtar, eða söluverð þeirra sett of hátt.

Gunnlaugur Briem: Þótt þm. D. (J. G.) álíti að málið sje nógu vel undirbúið, þá hefur það þó eigi fengið hinn skipaða undirbúning, og það er ólíklegt að stj. víkji frá reglum þeim sem við teknar hafa verið um undirbúning til sölu þjóðjarða, svo ef þessi vust. kemst að, þá gæti það orðið því til fyrirstöðu að málið fengi framgang, en að því vil jeg ekki stýðja og því verð jeg að vera á móti vust.; það getur vel verið að verð jarðarinnar sje sett nógu hátt, en undirbúningurinn er þó ekki í rjettu formi; og þótt nú málið bíði, þá er ekki víst, að maður missi neins, því að það er hægt að koma fram með málið á næsta þingi.

Atkvgr.: Fyrsti töluliður 1. greinar samþykktur með 12 atkv. gegn 1; 2. tl. 1. gr. samþ. með 13:1;

3.	tl.	sþ.	14:2;	8. tl. sþ.	14:2;
4.	—	—	14:3;	9. — —	13:1;
5.	—	—	14:2;	10. — —	13:1;
6.	—	—	14:2;	11. — —	14:1;
7.	—	—	13:3;	12. — —	12:10

að viðhöfðu nafnakalli, þannig að

já sögðu:	en *nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	Halldór Kr. Friðrikss.
Arnljótur Ólafsson,	Egill Egilsson,
Benidikt Sveinsson,	Eiríkur Kúld,
Eiríkur Briem,	Grímur Thomsen,
Friðrik Stefánsson,	Jón Ólafsson,
Gunnlaugur Briem,	Ólafur Pálsson,
Holger Clausen,	Tryggvi Gunnarsson,
Jakob Guðmundsson,	Þórarinn Böðvarsson,
Lárus Blöndal,	Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,	Th. Thorsteinson.
Þorlákur Guðmundss.	
Þorsteinn Jónsson.	

13. tl. sþ. 14:3; vust. (C. 179) felld 14:7;
14. — — 15:3; 1. gr. (öll) sþ. 14:4;
15. — — 14; 2. — — 16:1;
16. — — 13:1; 3. — — 15;
17. — — 14:1; 4. — — 17.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 atkv. gegn 5.

Frumvarp til laga um bæjarstjórn á Akureyri (C 149); 2. umr.

Enginn tók til máls.

Atkvgr.: 1. gr. sþ. með 18 atkv.; 2. og 3. gr. sþ. hvor um sig með 15 atkv.; 4. til 31. gr. sþ. hvor um sig í e. h.

Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Frumvarp til laga um eptirlaun prestsekkna (C 165); 2. umr.

Þórarinn Böðvarsson. Jeg á með nokkrum h. þm. br. (C 176), sem ekki er mikil í sjálfu sjer: við 2. gr., að í staðinn fyrir 1000 kr. komi 1200 kr. Hverjum, sem þekkir prestaköllin hjer á landi, verður að virðast að frv. þetta fari fram á miklar álögur á prestastjettina fram yfir það, sem áður var. Áður var þrenns konar mælikvarði, sem farið var eptir, að gjalda $^1/_9$, $^1/_{10}$ og $^1/_{12}$ af tekjum brauðsins. Hjer er tekið meðaltalið af þessu, $^1/_{10}$. En það er vel að merkja, að eptir þessu frv. á að greiða $^1/_{10}$ af *öllum* tekjum, en áður átti presturinn að eins að greiða $^1/_{10}$ af *föstum* tekjum brauðsins. Í þessu liggur mikil íþynging fyrir prestana, og jeg get ekki betur skilið en að þennan hluta af tekjunum eigi að greiða eins og brauðið er metið og hvað svo sem prestakallið hefur af sjer gengið, og hvað lítið sem fæst af tekjunum, þá á samt að greiða þennan $^1/_{10}$ hluta af tekjunum. Jeg skal vera manna fúsastur á að játa, að það væri æskilegt, að prestsekkjunum líði vel, en jeg held það væri eigi síður æskilegt, að prestinum líði eigi illa, og að þeim yrði eigi svo íþyngt, að þeir geti ekki staðizt kostnaðinn, svo þeir geti naumlega gegnt embættum sínum. Jeg vildi þó ekki gjöra verulegri br. við frv., en þessa, að eptirlaun til prests-

ekkna greiðist að eins af þeim brauðum, sem metin eru yfir 1200 kr. Þetta er sem næst grundvallarreglu þingsins og stjórnarinnar í eptirlaunalögunum 27. febrúar 1880, þar sem svo var tilætlazt, að ekkert brauð yrði með minni tekjum en 1200 kr.

Mjer finnst því vera ástæða til að sþ. þessa br., enda vona jeg þd. taki vel undir hana og verði henni samþykk.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal ekki vera langorður um brtill. minar (C 176). Hin síðari þeirra er samhljóða br.till. hinna 4 þm., og þarf því eigi um hann að ræða. En um fyrri tillöguna stendur mjer á sama, hvort hún er sþ. eða ekki. Úr því þingið hefur ætlað það rjett, að ekki sje tekið af tekjum þeirra brauða, sem eru metin minna en 1200 kr., til eptirlauna uppgjafa prestum, og ef það vill vera sjálfu sjer samkvæmt, þá virðist mjer, að ekki eigi heldur að greiða gjald af þessum brauðum til prestsekkna. Enda mundi sá kostnaður aldrei verða mjög mikill, er lenti á lsj. við þessa breytingu, þegar eigi er um önnur brauð að ræða en þau sem eru á milli 1000 og 1200 kr. Eptir því sem mig minnir eru það að eins 30 brauð, svo lsj. munar eigi mikið um það, þótt hann greiði hverri ekkju á brauðum þessum 100 kr.; því að þær ekkjur geta aldrei orðið margar.

Arnljótur Ólafsson: Sú eina mótbára, er fram flutt verður gegn brtill. 4 þm. við 2. gr. frv., er fólgin í því, að brtill. hafi í för með sjer talsverðan kostnaðarauka fyrir lsj., og er auðsjeð á aths. stjórnarinnar við 2. gr. frv. hennar, að kostnaðurinn er ástæða þess, að prestsekkjurnar skuli sitja á hakanum. Hún telur svo til, að ef 1200 kr. eru settar sem takmark fyrir eptirlaun prestsekkna (á lsj.), þá hvíli 77 ekkjur á lsj., en ef 1000 kr. er teknar sem takmark, þá verði ekkjurnar ekki nema 42, eða að það muni um 35 ekkjur, ef 1000 kr. takmarkið er tekið en ekki 1200 kr. En jeg vil þó gjöra þá aths. við þennan reikning stjórnarinnar, að hún byggir á brauðamatinu 1870, en nú eru síðan komin lögin 27. febr. 1880 um nýja brauðaskipun, svo brauðamatið frá 1870 er orðið alveg óáreiðanlegt. Menn vita að eptir brauðaskipunarlögunum er um 30 brauðum fækkað og þeim skipt upp milli annara brauða. Við þessa skiptingu er orðin hin mesta br. á brauðamati frá 1870, svo þessi reikningur stj. er að öllu óáreiðanlegur. Jeg er samdóma þm. Rvík. í því, að þegar rjett er að gáð, þá muni landssjóð þetta mjög litlu, og eins er jeg honum samdóma um það, að miða eptirlaun prestsekkna eins og presta við 1200 kr. brauð, en eigi við 1000 kr. brauðin. Þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) hefur komið með brtill. við 1. gr., að í staðinn fyrir «$^1/_{10}$» komi «$^1/_{12}$», eða með öðrum orðum, að prestsekkjan hafi $^1/_{12}$ af tekjum brauðsins í staðinn fyrir $^1/_{10}$. Mjer finnst það ekki sanngjarnt. Nú hafa prestsekkjur $^1/_8$, $^1/_{10}$ og $^1/_{12}$, eptir gæðaflokkum brauðanna, samkvæmt brauðalögum 1865, svo meðaltal af því verður $^1/_{10}$. Hins vegar er þm. Rvík. það kunnugt, að eptirlaun embættismannaekkna eru $^1/_8$ af tekjum embættismannsins. Ef það á að eins að vera $^1/_{12}$ fyrir prestsekkjur, þá eru þær þriðjungi verr farnar en nokkurra annara embættismanna ekkjur á landinu, og það er mjer óskiljanlegt að þm. Rvík. skuli vilja að svo sje. Jeg læt vera, að það sje $^1/_{10}$, eins og er í frv. stj., þótt samkvæmara væri í raun rjettri að hafa það $^1/_8$ samkvæmt eptirlaunalögunum. En jeg læt mjer lynda að það sje $^1/_{10}$, vegna þess að það miðast við allar tekjur brauðsins, svo og fyrir þá sök, að eptirlaun prestanna eru svo langt um minni en annara embættismanna, svo ekkjunum er ekki vandara um en sjálfum þeim.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er með öllu rjett, sem þm. Ef. (A. Ó.) segir, að þegar litið er til þess, sem áður var — $^1/_8$, $^1/_{10}$ og $^1/_{12}$ — þá verður meðaltalið $^1/_{10}$. En jeg geng út frá því, að rýra ekki brauðin ofmikið. En þm. gleymdi því, að til er prestsekknasjóður, sem prestsekkjur geta fengið styrk úr, en það veit jeg ekki að sje til fyrir nokkrar aðrar embm.ekkjur. En með styrk prestsekknasjóðsins sýnist mjer að þessi skakki geti hæglega jafnazt og bæzt upp.

Holger Clausen: Jeg sje ekki hvers vegna ekkjan á að hafa minni eptirlaun fyrir það, þó að maðurinn hafi borgað í ekkjusjóð. Það getur verið rjett, en jeg sje það ekki. *(H. Kr. Fr.:* Það er gjafasjóður).

Atkvgr.: Brt. við 1. gr. frá H. Kr. Fr. (C 176) felld með 16:1; frv. 1. gr. sþ. með 16 atkv.; brt. við 2. gr. frá H. Kr. Friðr. og frá 4 þm. öðrum (C 176) sþ. með 12 atkv., 2. gr. þannig breytt sþ. með 13; 3. gr. sþ. með 16 atkv.; 4. og 5. gr. sþ. hvor um sig með 13 atkv.; 6. og 7. gr. sþ. með 14 atkv.; 8. gr. sþ. með 15 atkv.; 9. gr. sþ. með 14.

Frumvarpið allt í einu lagi sþ. með 13:2.

Málinu vísað til 3. umr. með 14:1.

Tillaga til þingsályktunar um að kjósa nefnd til semja ávarp til konungs (C 148); ein umr.

Flutningsmaður (Eiríkur Kúld): Það sem einkum knúði oss mig og meðustm. mína (A. Ó. og Tr. G.) til þess að koma fram með þessa ust., var þörf vor og löngun að votta H. H. Konunginum þakklæti þings og þjóðar fyrir hina föðurlegu umhyggju hans, er bezt má sjá af boðskapnum til þingsins, þegar hin mesta neyð og bágindi vofðu yfir landinu. En það er og ástæða til þakka öðrum göfugum velgjörðarmönnum landsins, og er það tilgangur vor, að þessi n. skuli jafnframt og hún ber þakkir vorar fram fyrir H. H. Konunginn, færa öðrum höfðinglunduðum velgjörðamönnum þessa lands verðugt þakklæti fyrir stórgjafir sínar svo sem samskotanefndunum í Kaupmannahöfn, Englandi og víðar.

Jeg vona þd. taki málinu vel og leyfi mjer að stinga upp á 3 manna n.

N. sþ. m. 20 atkv., og kosnir í hana Eiríkur Kúld með 17 atkv., Grímur Thomsen með 17, Eiríkur Briem 12.

Tillaga til þingsályktunar um að skora á stjórnina að taka til greina fyrirmæli 3. gr. í lögum 27. febr. 1880 (C 166); ein umr.

Landshöfðingi: Jeg ætla að leyfa mjer að benda hinni h. þingdeild á, að það er eigi svo hægt fyrir stjórnina að fara eptir þessari þingsályktun, ef hún verður samþykkt. Það er eigi hægt fyrir stjórnina að taka fyrirmæli 3. gr. í lögum 27. febrúar 1880 til greina á þennan hátt, því að það tilfelli, sem hjer er haft fyrir augum, að gjald eigi að greiðast frá einu brauði til annars á sjer eigi stað. Það er nefnilega *hvergi fyrirskipað í lögunum 27. febr. 1880 að gjald skuli greitt frá einu prestakalli til annars*, heldur greiðast árgjöldin frá brauðunum í landsjóð, og til brauðanna úr landsjóði. En það er hægt að sjá hvernig á því stendur að 5. grein laganna er orðuð eins og hún er orðuð; það stafar frá frumvarpi því er utanþingsnefndin samdi, því þar var ákveðin greiðsla frá einu brauði til annars; en þessu var svo breytt og í lögunum frá 27. febr. 1880 er gjört ráð fyrir að gjaldið skuli greiða úr landssjóði til brauðanna og til landssjóðs frá brauðunum. Þess vegna er eigi hægt fyrir stjórnina að taka fyrirmæli 3. gr. í lögum 27. febr. 1880 bókstaflega til greina á þennan hátt. Hins vegar verð jeg að játa, að það eru töluverðar ástæður, sem eru fyrir þessari tillögu, því að reynslan hefur sýnt, hvílíkum erfiðleikum, það er bundið að greiða gjaldið til landssjóðs frá brauðunum í peningum, og þess vegna eru vanskilin mikil og meiri en á að vera, en erfiðleikarnir og jafnvel ómögulegleikarnir á því að gjalda peninga eiga mikinn þátt í þessu. En þó að þetta sje óheppilegt, þá bið jeg hina h. þd. að athuga, að það tilfelli, sem hjer er gjört ráð fyrir, á sjer eigi stað, og því verður ómögulegt að beita 3. gr. í l. 27. febr. 1880 þannig, sem tillagan fer fram á, en til þess að koma í veg fyrir, að vanskilin framar eigi sje stað, væri betra, að breyta l. frá 27. febr. 1880, og koma með ný lög viðvíkjandi þessu máli.

Grímur Thomsen: Þegar jeg sje 3. og 5. gr. í prestakallalögunum, þá er mjer óskiljanleg þau vanskil á gjöldum frá brauðum sem, hinn h. landshöfðingi talar um, því að í 3. grein stendur: Gjald það, sem greiða skal frá einu prestakalli til annars, skal sem mest greiða *með fasteignum eða afgjaldi fasteigna*. Hjer er sagt að gjaldið skuli greiða með fasteignum eða afgjaldi fasteigna, og ef þessum fyrirmælum væri hlýtt, er mjer óskiljanlegt, að á gjaldgreiðslunni verði vanskil. Oddabrauð hefur margar jarðir og fasteignir, og má þá ávallt taka þær upp í gjaldið. En jeg hef ávallt skilið ákvörðunina svo, að upp í gjaldið mætti taka afgjald fasteigna, en aldrei að taka skyldi kirkjujarðirnar frá brauðunum, því að það væri að umturna því ástandi, sem nú er, og gjöra mörg beztu brauðin lítilfjörleg: en eigi að greiða gjaldið með fasteignum, þá skil jeg eigi hvaða erfiðleikar eru á að fá það greitt, að minnsta kosti meðan nokkrar kirkjujarðir eru til

Landshöfðingi: 3. gr. ræðir eptir orðanna hljóðan um það tilfelli, að gjald skuli greiða frá einu prestakalli til annars. En ef ætti að beita ákvörðuninni þannig, að taka afgjald af kirkjujörðum upp í gjaldið, og leggja það til annara brauða, þá sje jeg eigi að það sje hægra, og sýnist mjer að það geti verið sömu erfiðleikum undirorpið sem hitt.

Grímur Thomsen: Ef sú venja kæm-

ist á, að greiða gjaldið af brauðinu með fasteignum þess, þá er jeg viss um, að með tímanum yrði ómögulegt að greiða lsj. þetta gjald frá brauðunum. Ef Oddaprestakall lætur á hverju ári fasteign upp í þessar 700 kr., sem það á að greiða til lsj., þá fer það svo, að það verður eitt af hinum minni brauðum. Jeg set sem svo, ef 10—12 kirkjujarðir ganga þannig frá brauðinu, þá verður þetta brauð, sem kallað er gott brauð, næsta lítið. Jeg tel því mikla nauðsyn að fella þetta mál og taka til íhugunar, hvernig 3. grein verður breytt til batnaðar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að reyna að skýra þetta mál. 3. gr. er þannig til orðin, að nefndin, sem alþing setti í málið 1879, hugsaði sjer að jarðir mætti leggja frá einu prestakalli til annars, þar sem því yrði við komið. En þar sem því yrði ekki við komið, ætlaðist nefndin til, að gjaldið væri greitt í peningum. Sams konar tilfelli hafa komið fyrir fyrri, svo sem t. a m. þegar jarðir voru lagðar til Reykjavíkur prestakallsins. En nú voru lögin skilin svo, og þau gefa tilefni til þess, að í staðinn fyrir að greiða gjaldið frá einu brauði til annars, ætti að greiða það í landssjóð, og þegar svo er komið, er ófært að taka jarðir frá brauðum, og leggja þær til landssjóðsins; það var aldrei meining nefndarinnar nje þingsins og að minni ætlun ekki heldur stjórnarinnar. Ef það er meining þessarar þingsályktunar, þá ræð jeg fastlega til að fella hana.

Eiríkur Kúld: Jeg sje hjer engin úrræði önnur en að fella þessa þingsályktun, því að eini vegurinn er, eins og hinn h. landshöfðingi sagði, að breyta lögunum. Ef meiningin hefur verið, eins og hinn h. þm. G.K. (Þórar. B.) sagði, að kirkjujarðirnar mætti þar sem svo á stæði, leggja frá einu prestakalli til annars, þá vil jeg spyrja: hver á þá að hafa «administrationina» með þeim jörðum? Á það að vera presturinn á því brauði, sem jörðin hefur tilheyrt, eða presturinn á hinu brauðinu? Þar sem var talað um vanskil, þá eru þau sprottin af peningaeklunni, því að það er erfitt og næstum ómögulegt fyrir presta að fá peninga, enda er minnst af tekjum presta greitt í peningum, einkum þegar árferðið er eins og nú. Yfir höfuð er mjög á móti þessari tilhögun, að rýra beztu brauðin. Því að endirinn á því verður, að þau verða eigi minnstu ögn eptirsókt. Og nú sje jeg eigi annað vænna en fella þessa þingsályktun.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get eigi að því gjört, að jeg hef annan skilning á fyrirmælunum í prestakallalögunum, en hinn h. landshöfðingi. Hann hyggur, að gjaldið frá brauðunum skuli gjaldast í landssjóð; en þetta, held jeg, að eigi sje rjett. Og það byggi jeg á því: í 1. gr. laganna stendur: «frá þessu brauði greiðast», en þar stendur ekkert hvert greiðast skuli, hvort það skuli vera í landssjóð eða til annars prestakalls. Eins stendur þar: «þessu brauði leggjast», en þar stendur ekki *hvaðan*. Hjer er auðsætt að nokkuð vantar í, en nú er í þessum lögum fleiri greinir, og þar á meðal hin 3. gr.; þar fyllir löggjafinn eyðuna eða gættina í 1. gr.; þar segir bæði, *hvert* og *hvaðan;* þar segir: «*frá einu prestakalli til annars*". Ef í 1. gr. stæði: úr landssjóði eða í landssjóð, þá væri mótsögn í lögunum, en nú stendur það ekki, og það sem vantar í 1. gr. fyllir 3. gr. upp En nú liggur sú spurning fyrir: Er það villa hjá stjórninni, að greiða gjaldið til brauðanna úr landssjóði og heimta gjaldið frá brauðunum inn í landssjóð. Til þess svara jeg: Nei; því að vjer höfum 5. gr., er segir, að „*á meðan* hin nýja brauðaskipun er að komast á, þá skal tillagið greiðast úr landssjóði», en í raun rjettri er eigi gjört ráð fyrir þessu í 5. gr. við önnur brauð, en þau ein, sem eru laus og þau, sem losna, þangað til hin nýja brauðaskipun er komin í kring. Jeg verð því að skilja 1., 3. og 5. gr. í sambandi hverja við aðra þannig: gjöldin skulu greiðast frá brauði til brauðs eptir nákvæmari ráðstöfun stjórnarinnar; en á meðan tillagið til lakari brauðanna er meira en gjöldin frá hinum betri brauðum, þá skal mismunurinn greiðast úr landsjóði.

3. gr. segir, að gjaldið skuli greiðast sem mest með fasteignum eða afgjöldum fasteigna. Þessi fyrirmæli eru sett vegna hins almenna peningaskorts, en þó skal gjalda í peningum, þar sem hinu eigi verður við komið, t. a. m. ef brauðið, sem fær tillagið, liggur langt frá. Gjaldgreiðslan með fasteignum er því eðlilegust, ef næsta brauði er lagt frá brauði, en annars skal goldið í peningum. Enn fremur álít jeg, að ef goldið er með afgjöldum fasteigna, þá skal sá hafa ráðin yfir henni, er tekur afgjaldið. Jeg fyrir mitt leyti er eigi neitt sjerlega áfram um að þessi þingsályktun verði samþykkt, en jeg vil þó bera undir hinn h. landshöfðingja og

aðra menn hjer í deildinni, hvort þessi skilningur muni eigi vera rjettur.

Landshöfðingi: Þessi lög hafa frá upphafi verið skilin svo, að eigi einungis mismunurinn hafi átt að greiðast úr landssjóði, heldur að allt gjaldið frá brauðunum hafi átt að ganga í lsj. og að allt tillagið til brauðanna hafi átt að greiðast úr lsj. Þannig hafa lögin verið framkvæmd og þannig hefur stjórnin skilið þau, og fyrir sama er líka gjört ráð í fjárlögum þeim er þingið samþykkti 1881.

Arnljótur Ólafsson: Að því er það snertir, sem h. landshöfðingi sagði um alþingi 1881, þá ætla jeg að geta þess, að jeg hygg að alþingi muni hafa farið eptir því sem stjórnin lagði fyrir án þess nákvæmlega að athuga þetta atriði, en mjer finnst að skoðun framkvæmdarvaldsins sje eigi samkvæm rjettum skilningi á 1. og 3. gr. laga þessara, og nú er þá tilgangur þessarar þingsályktunar, að sýna stjórninni, hvernig alþing 1883 skilji þessi lög.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er samdóma hinum h. landshöfðingja. Þar sem lögin ákveða að frá brauðunum skuli greiða, þá á að greiða það tillag í lsj., og þar sem sem segir að brauð eigi að fá tillag, þá á lsj. að greiða það án tillits til, hvort til hans sje goldið frá brauðunum meira eða minna en hann á að greiða til brauðanna. Lsj. á að verða og verður að vera milliliðurinn, í hann og úr honum á að greiða. (*Margir*: Nei! nei!). Jú, því að brauðið verður að fá sitt tillag og hver á þá að greiða? Landssjóðurinn að sjálfsögðu. Og þegar sagt er: «Frá þessu brauði greiðast». Hvert á það þá að greiðast? Í landssjóð. Í lögunum er hvergi talað um, að einungis mismunurinn skuli greiðast úr landssjóði; það er hvergi sagt hvert á að greiða tillagið frá brauðunum, og hvaðan á að greiða viðbótina til brauðanna, og þá leggur það sig sjálft, að landssjóðurinn á að vera milliliður, og verð jeg því að mótmæla þeim skilningi, er 1. þm. Ef. (A. Ó.) leggur í þessi lög.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal tala sem stytzt og láta í ljósi með sem fæstum orðum þá skoðun, sem jeg hef fengið á málinu, við að renna augum yfir þessar greinir prestakallal., sem um er verið að ræða. Jeg get eigi verið annað en samdóma hinum h. þm. Ef. um það, að í 1. gr laganna er ekki tiltekið hvert eða hverjum tillagið skuli greitt frá góðu brauðunum og hvaðan eða frá hverjum tillagið eigi aptur að greiða lágu brauðuuum. En 3. og 5. gr. laganna eru að minni hyggju nægilga útskýrandi í þessu efni. Í 3. gr. l. stendur, að gjaldið frá einu prestakalli til annars skal greiða með fasteignum eða afgjaldi fasteigna og sje það ekki hægt, þá peningum. Svona minnir mig, að í lögunum standi. Það á þá altsvo enganveginn að greiða allt í peningum. En af þessu sjest aptur, að hjer geta lögin eigi haft fyrir augum gjald, er eigi að renna í landsjóð, því ef það hefði átt að ganga í lsj., hlyti þar með að vera meint að lsj. skyldi taka við gjaldinu in natura? En þetta kemur þó víst engum til hugar. Nú segir 5 *gr.*, að *meðan* hið nýja skipulag er að komast á, nefnilega þangað til tillagið er fengið við lausn eða prestaskipti á *öllum* brauðum landsis, frá hinum einstöku góðu brauðum til allra hinna einstöku brauða, er leggja skal til, þá greiðist *tillagið úr* lsj. til lausu brauðanna. En að öðru leyti stendur hjer líka skýrt, *að greiða skuli frá einstökum brauðum til annara* eins og hver höndin rjettir annari. (*H. Kr. Fr*: Greiðist úr lsj.). Já, lsj. er þessi blessaður milliliður, að hann rjettir brauðunum tillögin, *þangað til hin nýja brauðaskipun* er að fullu komin í kring. Jeg get eigi í fljótu bragði sjeð, að annar skilningur en þessi, sje rjettar á hinum umræddu lögum.

Tryggvi Gunnarsson: Hið helzta hefur verið tekið fram um það hvernig skilja eigi þessi prestakallal. frá 27. febr. 1880. Minn skilningur á þeim fer í þá átt, að jeg er samdóma þm. Ef. (A. Ó.) um það, að það sje tilgangur laganna að gjaldið greiðist frá einu brauðinu til annars, en eigi að það skuli greitt vera í lsj., og úr honum aptur, þegar jöfnuður brauðanna er komin í kring. Nú er tilgangur þessarar þgsál. að stuðla að því, að vilji alþ. 1879 og andi laganna verði framkvæmdur af stjórninni, og get jeg því eigi betur sjeð en að þessi þgsál. sje á góðum rökum byggð, einkum vegna þess, að stj. hefur eptir orðum hins hæstv. lh. skilið l. og framkvæmt þau á annan hátt. Ef hin heiðraða þd. þykist eigi fyllilega hafa áttað sig á skilningi þessara umtöluðu greina í l., þá væri ástæða til að fresta umr., en verði það eigi gjört, þá legg jeg það til að þgsál. verði samþykkt.

Benidikt Sveinsson: Jeg vil bæta því við, er jeg sagði áðan um skilning minn á 3. gr., að það hefur verið leyft að greiða

sýslumönnum í landaurum eða «in natura», en eigi mundi þeim hafa dugað að koma með smjör og gemlinga til lsj. Þess vegna hefur hinn fyrv. lh. úrskurðað, að sýslumenn hafi rjett til að selja við uppboð, á sjálfu manntalsþinginu, það sem þeim er goldið í landaurum. Við þetta bíða gjaldendur mikinn og óákveðinn halla, sem sjálfsagt hefur ekki verið *ætlaður* aflagsfæru brauðunum, alveg að nauðsynjalausu. Þetta styrkir þá og minn skilning á 3. gr., að l. ætlist eigi til að lsj., nema rjett í bráðina, eigi að taka við gjaldinu, enda er það í 3. gr. sett sem *undantekning*, þegar öðru vísi verði eigi viðkomið, þá fyrst eigi að greiða gjaldið í peningum; en landssjóðurinn getur aldrei tekið á móti *öðru* en peningum. Jeg er hræddur um lsj. ljeti brýrnar síga, ef farið væri kasta í hann tólgarskjöldum og prjónlesi.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hef áður lýst yfir skilningi mínum á l., hvað þetta snertir, og álít jeg mjög óráðlegt að þd. samþykki þessa þgsál., og það enn frekar af þeirri ástæðu, að hin fyrirhugaða brauðaskipun á enn þá langt í land til þess fyllilega að vera komin í kring. Það mundi því vera mjög óheppilegt enn sem komið er að leggja jarðir út í gjaldið til annara brauða. Jeg verð því fastlega að mæla á móti þessari þgsál.

Atkvgr.: þingsályktunartillagan felld með 17 atkv. gegn 2.

Till. til þgsál. um hafnamælingar (C 155); framh. einnar umr.

Grímur Thomsen: Þar eð jeg fyrir skemmstu gjörði aths. við þessa ust. eins og hún þá var orðuð, finn jeg mjer skylt að lýsa því yfir að jeg er vel ánægður með till. í því formi sem hún nú hefur (C 169).

Tryggvi Gunnarsson: Þegar fjárl.n. um daginn kom fram með ust. sína um hafnamælingar, virtist mjer að allir þm. væru málinu hlynntir, að eins geðjast eigi öllum hvernig ust. væri orðuð. Nú er þessi ust. vor eða till. nokkuð öðruvísi orðuð en síðast, og hinn h. þm., er þá talaði mest á móti ust., kveður sig nú vera vel ánægðan með form hennar. Það er því engin ástæða til að ætla annað, en að hinni heiðruðu þd. geðjist nú bæði vel að málinu í heild sinni og að hinu nýja sniði, er þgsál. hefur fengið. Jeg hygg þess vegna að lengri umr. gjöri ekki annað en tefja tímann.

Atkvgr.: Brt. fjárlaganefndarinnar (C 169) sþ. í e. h. Þar með var aðaluppástungan (C 155) fallin.

Forseti gat þess, að þingsályktun þessi yrði send landshöfðingja.

Sextándi fundur, föstudag 20. júlí kl. 12—3. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um að afnema gjöld af fasteignarsölum til landssjóðs (C 155); 3. umr.

Gunnlaugur Briem: Þegar frv. þetta kom til 1. umr., mælti 1. þm. Hv. (L. B.) með því, og benti á annmarka þá, sem gjald það hefur í för með sjer, er frv. þetta fer fram á að afnema. Hann tók það sjerstaklega fram, að sú óregla sem almennt er með þinglýsingar á heimildarskjölum manna, sje einkum vegna þess, að þeir kynoki sjer við að láta þinglýsa þeim, sökum gjalds þessa. Hann tók það einnig fram, að þessi gjaldliður væri lítilsverður fyrir lsj. og hitt væri meira vert, ef breyttist til batnaðar með rjettarvissu á heimildarskjölum með því að afnema hann. Lh. tók mjög vægilega í málið, en lagði það þó til, að menn skyldu gjalda varhuga við að nema úr lögum gamlar ákvarðanir um þau gjöld, sem eitt sinn væru á komin. Hann tók það einnig fram, að þótt gjald þetta væri ekki mikið að jafnaði, þá hefði þó við eitt fasteignarkaup þetta ár runnið inn í lsj. 2700 kr.; en slíkt er nú hrein undantekning. Hann gat þess einnig, að það mundi mega á annan hátt koma því til vegar, að menn yrðu fúsari á en áður að láta þinglýsa heimildarskjölum sínum, Upphaflega var gjald þetta lögleitt í því skyni, að það yrði tekjuauki fyrir ríkissjóðinn, sem þá var. Frá stjórnarinnar hálfu var eðlilegt að ætla að svo yrði, því í Danm. er það alvenja að láta þinglýsa heimildarskjölum og kaupmálum; en hjer á landi hefur það ekki þótt eins mikið nauðsynjamál. Gjald þetta er sannarlega óeðlilegt og hefur líka reynzt lítill tekjuauki fyrir landssjóð; en hinn einstaka munar það nokkru, og einmitt þess vegna hafa menn almennt reynt að koma sjer hjá því að láta þinglýsa afsals og kaupbrjefum, en sú óregla getur samt haft skaðlegar afleiðingar og kemur mörgum í koll, er þeir vilja fá veðmála-vottorð frá sýslumönnum og þá jafnframt fyrir eignarheimild sinni.

Jeg er því frv. þessu meðmæltur, og

það því fremur, sem þetta gjald eykur lsj. lítt tekjur, en það mundi verða mjög óvinsælt ef það yrði í lög leitt að skylda menn til þinglýsinga.

Atkvgr.: Frv. sþ. með 17 atkv. Síðan sent efri deild.

Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880, um skipun prestakalla (C 167); 2. umr.

Ólafur Pálsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með 2 brust. (C 184). og var tvennt, sem knúði mig til þess. Fyrst er það, að frá Kálfafellsprestakalli kom bænarskrá til þingsins 1881. Hún var þá lögð fram á lestrarsalinn og enn er hún lögð þar til sýnis. Til þessa lýtur viðaukaust. mín. Hin brt. er sprottin af beinni og brýnni nauðsyn og beiðni sóknarmanna skriflegri og áliti hjeraðsfunda næstliðið ár, sem hlut eiga að máli, og væri æskilegt að þm. vildu kynna sjer ástæður þeirra og óskir í í þessu efni.

Eptir stjórnarfrv. er ákveðið, að Meðallandsþing og Þykkvabæjarklaustur væru sundurskilin, sem áður voru sameinuð; en mjer sýnist það ómögulegt að þau sjeu sameinuð; reynslan hefur sýnt, að duglegustu prestar hafa uppgefizt á, að þjóna þeim í sameiningu. Hinn síðasti prestur þar var ungur og öðrum fremur hraustur, og þó var hann orðinn þreyttur, og gott ef hið afarstóra vatnsfall, sem rennur á milli sóknanna, nefnilega Kúðafljót, hefur ekki dregið hann til dauða.

En sje nú þessu brauði skipt í 2 brauð, eins og stjórnin gefur eptir, sem mjer sýnist sjálfsagt og gjört er hjer í frv., þá get jeg ekki sjeð, að nokkur verði til þess að sækja um þau án uppbótar meiri en stjórnarfrumvarpið tiltekur. Þau eru ekki á marga fiska núna sem stendur, en jeg vona að úr því bætist. Jeg skal leyfa mjer að skýra frá tekjum þeirra hvors um sig í fám orðum.

Þykkvabæjarklaustur hefur eptir gjaldaurum nú gildandi verðlagsskrár 473 kr. 11. aur. í fastar tekjur og Meðallandsþing eptir sama mælikvarða einar 286 kr. 2 aur. Þess vegna held jeg það sje naumast farið fram á ofmikið, þó að Þykkvab.kl. sje bætt upp með 200 kr. og Meðall.þing með 400 kr., því hvorugt þeirra nær þó fullum 700 kr. Aukatekjur eru reyndar ekki taldar hjer með, en þær geta varla verið mjög miklar. Þess verður að geta, að bújörð er engin í Meðallandsþingum, því hún er úti í Rangárvallasýslu, nl. Eystri-Skógar; en fyrir þá jörð gæti fengizt ein sú bezta aptur innan Meðallandssóknar, svo ekki þyrfti það að fæla menn frá því brauði, að minnsta kosti Þykkvabæ.kl., því þar eru einir 15 búendur. Vera má að tekjurnar hafi verið nokkru meiri fyrir 2 árum, en það verður að taka það, sem mest er, og nú eru þær ekki meiri en jeg hef skýrt frá, eptir því sem jeg kemst næst.

Hvað bújörðina á Mýrum snertir, þá er hún snotur, og get jeg ekki vorkennt neinum presti að lifa þar, því það er þó altjend sá hagur að því, að vera í Skaptafellssýslu, því þar þarf ekki frekar en hver vill að lifa kaupstaðarlífi, því kaupstaðir eru þar ekki á næstunni, sem verður mun kostnaðarminna og farsælla fyrir hvern að stunda búskapinn á þægilegri jörð, heldur en einblína á; krónutalið sjálft. Í þeirri von að batni í ári, þá sýnist mjer ekkert óráðlegt fyrir einhvern ungan prest að byrja á þessu brauði, en jeg vona jafnframt, að allir sjái, að þetta er sú minnsta viðbót, sem jeg get farið fram á því ekki vil jeg vera fundinn að því að ausa fje úr landssjóði án þarfa. Um Kálfafell er mjer ekki eins kunnugt; því jeg hefi ekki eins mikið þar saman að sælda, en jeg veit það, að tekjurnar eru að eins 218 kr. 40 aur., og er það ekki hátt. Í þessu brauði eru vatnsföll innan sóknar, sem opt og tíðum eru ófær; brauðið er og hefur verið sameinað Kirkjubæjarklaustursbrauði, sem er svo víðlent, að það verður vart riðið á einum degi enda á milli í sóknunum. Það er óhugsandi og ómögulegt að sameina þetta brauð við Kirkjubæjarklausturbrauð vegna vatnsfalls. Bænarskrár þær og vitnisburðir sem þaðan hafa komið, sýna, hvernig prestar, yfirsetukonur og læknar hafa komizt í kröggur, að komast þar á milli, vegna vatnanna. Þótt þessu brauði bætist 300 kr., verður það þó lægst af þessum 3 brauðum; en bújörðin er snotrari þar en í hinum. Þar eru einungis 13 búendur, svo ekki er að búast við miklum aukatekjum, en sóknin er hæg þegar vötnin er fær. Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta meira, en skírskota til 2. þm. Nm., sem er borinn og barnfæddur í Skaptafellssýslu og kunnugastur þm., hvort skýringar þær, sem jeg nú hef gefið, eru rjettar.

Benidikt Sveinsson: Af því þm. Vsk. (Ó. P.) skírskotaði til mín viðvíkjandi upp-

lýsingum um brauð þau, er hann skýrði frá þá skal jeg geta þess, að jeg tók nákvæmlega eptir því, sem þingmaðurinn sagði um vegalengd og vatnsföll í Vesturskaptafellssýslu, og get staðhæft það að allar skýrslur þingmannsins um það efni voru alveg rjettar. Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál, því jeg er einn af þeim mönnum, sem álít lögin frá 17. feb. 1880 svo illa úr garði gjörð, að þau verði bætt með smábreytingum, svo viðunandi sje. Jeg segi enn eins og jeg hef áður sagt, að þau sjeu á sandi byggð og vona þau standi feigum fótum.

Arnljótur Ólafsson: Frv. þetta er, eins og þm. er kunnugt, ekki nema viðauki við stj.frv.. sem tók að eins yfir 7., 8. og 9. gr. þessa frv., og af því þessar gr. eru um brauðaskipun í mínu kjördæmi, finn eg mjer sjer í lagi skylt að fara um þær nokkrum orðum. Hvað brauðaskipun þessa snertir, þá er þessi tilhögun öllu betri og haganlegri en sú, sem nú er. Þá er að hverfa að þeirri spurning: kosta þessi brauð, er talin eru í 7., 8. og 9. gr., lsj. nokkuð? Er þessi brauðaskipun dýrari en sú er nú er? Þá vil jeg segja *nei*. Að vísu skal Akureyrarbrauði leggjast 400 kr. úr lsj. eptir 8. gr., þar sem því brauði á ekkert að leggja eptir brauðalögunum 27. febr. 1880. En aptur segir í 9. gr.: «Frá þessu prestakalli *greiðast lsj.* 200 kr.». Jeg tek þetta fram, að hjer er sagt «*lsj. greiðast*» «og leggist *úr lsj.*», sem er gagnstætt skilningi mínum á lögunum 27. febr. 1880.

Nú lítur svo út eins og lsj. sje íþyngt með 200 kr. En jeg bið menn vel að gá að því, að Möðruvöllum er ánafnaður Glæsibær í lögunum 27. febr. 1880 og frá því brauði eiga þá að greiðast 200 kr.; en ef það er án Glæsibæjar, þá greiðist ekkert frá því. En þessi athugasemd á við stjórnfrv., en eigi við frv. efri d., sem hjer um ræðir. Jeg hefði ekkert á móti, að þetta tillag til Akureyrar færðist niður í 200 kr., ef málinu væri þá borgið, því að þá yrði unnin hentugri brauðaskipun án nokkurs gjalds fyrir lsj. Jeg hefi því síður á móti þessari niðurfærslu, sem prestskyldin af Munkaþverá nemur miklu fje. Hún er 300 pd. smjörs og 150 pör eingirnissokka, eða 600 áln. sem prestur getur fengið sjer greiddar eptir meðalalin. En aptur á móti missir Akureyri Kaupang og 11 fremstu bæina, er leggjast til Grundarbrauðsins. Að öðru leyti er mjer ekki annt um hinar greinir frv., og jeg verð að álíta, að sumar af þessum greinum sjeu ekki á rjettum rökum byggðar. Svoleiðis er um 10. gr., að færa 1700 kr. tillagið frá Grenjaðarstað niður í 1300 kr. Eptir umr. í e. d. er það byggt á því, að Múlasókn gefi af sjer tæplega 1300 kr. En þessar 1700 kr. eru ekki eingöngu miðaðar við Múlasókn, heldur við gæði Grenjaðarstaða brauðsins sjálfs. Grenjaðarstaðabrauð verður allt um það eitt af tekjumestu og beztu brauðum á norðurlandi, að undanskildum hlunnindabrauðunum; svo ástæður þær, er rjeðu úrslitum þessum í e. d., eru eptir mínum skilningi — ekki fullnægjandi.

Um þessa miklu viðauka hjer að framan vil jeg geta þess, að jeg hef ekki haft nægan tíma til að kynna mjer skjöl þau, er þeir á byggjast, svo mjer er ekki fullljóst hvort þeir hafa við gild rök að styðjast. En jeg álít nauðsynlegt, og í því efni undirirskrifa jeg það, sem 2. þm. Nm. sagði, að það kæmi tillögur frá fleiri söfnuðum í einu, en ekki svona einlægur tíningur og smábreytingar á hverju þingi. En jeg get ekki undirskrifað dóm hans um lögin 27. febr. 1880, fyrir því að það mun engri nefnd unnt, hvort sem hún er utan þings eður innan, að taka svo umfangsmikið mál fyrir, og gjöra það svo úr garði, að það þurfi eigi breytinga við.

Til þess þarf sannkunnugleika, sem engin nefnd getur haft hvorki utan þings nje innan. Því þótt hún taki til greina öll vötn og ár, fjöll og firrnindi og allar aðrar torfærur, sem tálmað geta ferðum á sumrin. þá þekkir hún samt engan veginn til hlýtar veðráttuna og torfærunar *á returna*, nema hún hafi verið á staðnum. Ísrek og blindhríðar eru verri en stór vatnsföll, sem þó eru ferjandi. Þetta þekkir enginn, nema sá, er dvelur á staðnum. (*H. Kr. Fr.*: Söfnuðurinn sjálfur). Það er enginn maður til, hvorki á þingi nje utan þings, að hann hafi nokkurn áreiðanlegan kunnugleika um þetta alstaðar á Íslandi. Hjer er og annað atriði, er gjörði brauðaskipunina 1880 óáreiðilega, það er að skýrslur vantaði og vantar enn um hinar sönnu tekjur brauðanna. Það hafa komið svo mörg lög út, er breytt hafa tekjum brauðanna, svo sem l. um ábúðarskatt og lausafjárskatt, og svo vantar allar skýrslur um hvað hver sókn gefur af sjer, og það þarf maður þó að vita, því annars er ekki unnt að bæta brauðin upp að jöfnuði.

Í þriðja lagi kynoka jeg mjer við, að

leggja stór gjöld á lsj. nema það sjeu yfirgnæfandi ástæður, og þessar yfirgnæfandi ástæður get jeg ekki fundið hjer; að því er snerti meginhluta frumv. jeg játa og að jeg þekki ekki þessar torfærur þarna í Skaptafellssýslunni, hvort þær eru svo, að ekki verði við þær ráðið. Hitt getur mjer ekki dulizt að sóknarmenn eru víða um land nú orðnir miklu viðkvæmari með ferðalög en áður. Sóknarmönnum þykir ókleyft að sækja til þeirrar kirkju nú, sem þó er miklu ljettara að sæka til en áður var til ýmsra kirkna. Nú á tímum myndi enginn söfnuður taka í mál ef steypa ætti brauðum saman að þurfa að sækja prest yfir aðra eins torfæru, eins og frá Svalbarði yfir að Glæsibæ. Jeg skal láta ósagt hvort þessi viðkvæmni standi í rjettu hlutfalli við kirkjurækni manna, og eins hitt hvort hún kemur vel heim við ferðafærni prestanna.

Jakob Guðmundsson: Jeg er svo ókunnugur þarna eystra, að jeg treysti mjer varla að gefa atkv. með þessum bratkv. En jeg ætla jafnframt að taka það fram, að jeg hef von um og sannfæring um, að þetta þing muni gjöra einhverjar þarfar og skynsamlegar skipanir og ráðstafanir til þess, að ástand brauðanna, prestanna og kirkjunnar verði tekið fyrir yfir höfuð til almennrar og ýtarlegrar athugunar, og af þessum ástæðum vil jeg alvarlega ráða þd. frá, að gjöra miklar smábreytingar gagnstætt þeim lögum, sem nú eru komin út (Heyr!). Ef sú von mín rættist, að málið yrði allt tekið fyrir, hvað er þá líklegra en að sumar af þessum breytingum verði apturkallaðar að fám árum liðnum. Þótt jeg leggji þetta til, og mjer finnst jeg leggja það til með skynsamlegum ástæðum, þá vil jeg eigi að síður leggja það til, þar sem harðærið hefur gjört einstökum prestum ómögulegt að svara afgjöldum brauða sinna til lsj. að slík afgjöld sjeu færð niður í bráð og það sjerstaklega þar sem það verður byggt á tillögum sóknarnefnda og hjeraðsfunda; en þó legg jeg það til, að slík niðurfærsla verði einungis bundin við næsta fjárhagstímabil. Því þótt harðindin og afleiðingar þeirra kreppi nú að mörgum, þá er vonandi að árferði batni innan skamms, og þá verða ekki þessar afleiðingar harðindanna endalausar og þess vegna álít jeg það alls ekki ráðlegt, að fara að setja fastan mælikvarða um styrk til brauða eða uppgjöf á afgjaldi þeirra og láta þann mælikvarða síðan gilda um aldur og æfi.

Benidikt Sveinsson: Jeg held vinur minn hinn h. þm. Ef. (A. Ó.) hafi misskilið mig. En eg talaði stutt og því máske ekki svo greinilega sem skyldi. Því jeg vil ganga sem næst sparnaðarnefndinni og auka ekki kostnað lsj. með óþörfum orðum hjer á þinginu. Þegar jeg sagði, að lögin frá 27. febr. 1880 stæðu feigum fótum, þá meinti jeg að lögin væru á svo röngum grundvelli, byggð og það er sannarlega búið að sýna sig, að þau eru svo ófullkomin og ósamsvarandi þörfum landsins — að það er ómögulegt að byggja á þeim *viðunandi* skipun prestakallanna; en hitt datt mjer ekki í hug, að n. á þessu þingi mundi geta ráðið bót á þessu máli, eða lagað það frá rótum. Í lögunum 27. febr. 1880 er, eins og eg sagði í hitt eð fyrra, að eins hugsað um *krónubandið* eða peningabandið, og alls ekki um annað.

Jón Ólafsson: Eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, þá er það einkum «principið», sem jeg er á móti, en síður einstök atriði, enda er jeg þeim lítt kunnugur. Þegar um laun embættismanna er að ræða, þá koma vanalega fram tvær skoðanir. Sumir vilja spara sem mest og færa öll laun niður sem mest án tillits til starfaumfangs embættisins. Jeg vil eigi sýna neinn kotungsskap í launa-ákvörðunum, heldur launa *sómasamlega*, en jafnframt *rjettlátlega*, þ. e. jeg vil láta launin samsvara vinnunni. En þá vil jeg líka, að þess sje gætt, að sá, sem fær góð laun fái líka nóg að gjöra; en það er ómögulegt, að prestarnir hafi nóg að gjöra, því svo hagar til hjer á landi, að alstaðar verða að vera fólksfá og fremur smá og heldur hæg prestaköll. Prestar eru allir að mestu bændur, sem hafa dálítil embættisstörf til viðauka. Vjer megum ekki ætla að embættið eða embættisannirnar taki upp allan tíma þeirra. Þess vegna eiga þeir líka að lifa á báðum sínum atvinnuvegum, búskapnum og embættinu, og embættislaun þeirra þurfa því alls ekki að vera svo há, að *þau ein* nægi prestinum til viðurhalds. Ef mjer ekki skeikar, þá hafa margir sveitaprestar á Frakklandi ekki meiri laun en prestar hjer og — jafnvel minni sumstaðar! — og er það þó ríkara land og þjettbýlla, og vill fara vel með presta sína, enda sýnist mjer prestum vorum fulllaunað fyrir starfa sinn, og megum sízt í þessu harðæri kasta þungum byrðum á lsj. þeirra vegna. Þótt þeir kynnu að missa einhvers

í af tekjum sínum vegna harðindanna og og bágindanna, þá álít jeg það miskunnarlaust og miður sæmilegt fyrir prestana að fara og stinga hendinni niður í lsj. til þess að fá skaða sinn bættan. (*B. Sv.:* Vinur er sá sem í raun reynist!). «Vinur er sá sem í raun reynist», segir hinn heiðraði sessunautur minn. Það er einmitt það. Nú gefst prestinum kostur á að reynast vinur safnaðarins og bera böli ð og byrðina með gjaldþegnum sínum. Það er einmitt það, sem jeg vil, að hirðirinn gangi út í hríðina með sauðunum.

Þm. Vsk. (Ó. P.) mælti á móti sameiningu Langholts og Þykkvabæjar vegna þess, að þar fellur mikið fljót á milli sóknanna, sem sje eitt með hinum lakari vatnsföllum. En hvað mörg fljót eru það, sem renna rjett hjá preststssetrum og kljúfa sóknina? Jeg skal nefna til dæmi, sem þm. er kunnugt. Í Stafafellssókn í Lóni rennur Lónsá rjett fyrir neðan bæinn og skilur prestinn frá hálfri sókninni. (*B. Sv.:* Hún er sjaldan ófær!). Þvert á móti! þar er jeg eins kunnugur og minn heiðraði sessunautur. Jeg hef optar hitt Lónsá ófæra en Kúðafljót og hefi jeg farið jafnopt yfir bæði þau vatnsföll. En jeg skal taka annað dæmi, sem þm. mun og kunnugt; það er Þingmúli. þar er bróðir hans prestur ef jeg man rjett. Þar rennur Múlaá rjett fyrir neðan bæinn í túninu hún verður opt ófær að öllu, og þegar hún er ófær þá liggur ekki einungis *hálf* sóknin heldur *meiri hluti sóknarinnar* fyrir utan prestinn. Ef við eigum að fara og skipta niður sóknum og brauðum eptir hverri lækjarsprænu, sem getur einhvern tíma á árinu orðið ófær, þá held jeg það verði ærið þung byrði fyrir lsj., sem sú skipting hefur í för með sjer.

Það hefur verið talað, að þegar brauð eru sameinuð, þá verði allt svo miklu örðugra fyrir sóknarmenn og þó einkum fyrir prestinn; það sje jeg ekki. Ef kirkjurnar standa, þá er ekki lengra fyrir sóknarmenn, að sækja þangað guðsþjónustu eptir en áður, og sjeu kirkjurnar ekki fleiri en nú gjörist í mörgum öðrum brauðum, þá er ekki að mun örðugra fyrir prestinn að þjóna þeim. svo munurinn er þá einungis fólginn í aukaverkunum. En jeg hygg, að ef menn almennt hlýddu því boði, að færa börnin til kirkju til skírnar, þá yrðu aukaverkaferðir prestanna ekki meiri, jafnvel ekki eins miklar, eins og ferðir þær, sem sýslumenn þurfa einatt að bregða sjer að heiman til þess að rannsaka þjófnaðarmál. Mjer finnst lítið gjört úr prestunum, geti þeir ekki brugðið sjer stöku sinnum nokkrar bæjarleiðir til þess að þjónusta kerlingu eða skíra krakka, ef á liggur.

Hjer í frv. er farið fram á að bæta upp Sandfells prestakall með 200 kr., auk þess, sem áður var, svo það fái nú 700 kr. Áður en það var bætt neitt upp, var það tekjurýrasta brauð á landinu; en allt um það stóð það eigi laust, og jeg veit ekki til að nokkur prestur hafi búið þar við sjerlega fátækt. Þar er góð bújörð, söknir tvær eigi afarvíðlendar, en engar torfærur, góðir vegir og prestunum hefur vanalega vegnað þar vel. Vill hinn h. þm. Vsk. telja upp, hve margir prestar hafa lifað þar við örbirgð áður en það var bætt upp að nokkru? Hafi öllum vegnað þar vel, meðan brauðið var alveg óuppbætt, þá ætti brauðið ekki að vera orðið svo ólífvænlegt við þá 500 kr. uppbót, sem það *nú hefur* fengið, að þörf sje nú á nýrri viðbót.

Viðvíkjandi Odda og Keldnasóknum, þá er þess að gæta, að þar er 3. söknin skilin út úr. En presturinn hefur ekki beðið um það og ekki heldur kvartað um, að hann gæti ekki þjónað brauðinu eins og það nú er, svo jeg veit ekki af hvaða ástæðum þessi breyting er gjörð. Hann hefur einungis beðið um eptirgjöf á gjaldinu, sem á að greiðast frá brauðinu, eða að það væri sett úr 700 kr. ofan í 400 kr. En hjer er nú stungið upp á að það færist niður í 100 kr. og ein söknin sje tekin burtu. Jeg hygg að þessi breyting sje eigi á ástæðum byggð, og þá get jeg ímyndað mjer að hinar aðrar gr. frv. hafi við eigi betri rök að styðjast. Það sýnist undarlegt, að gjöra þessa br. á Oddabrauðinu, þegar engin bón kemur um það. Þingið ætti þó ekki að setja sig upp yfir söknarprestinn og þykjast kunnugra en hann. Það er einnig vonandi, að þingið fari eigi að gjöra breytingar að ástæðulausu til kostnaðar fyrir lsj. En ef br. fylgir enginn kostnaður fyrir lsj. þá getur hjeraðsfundur komið henni heppilega fyrir og hún fengið staðfestingu, án þess að leggjast fyrir þing. En úr því að svona er háttað með þetta frv., þá vona jeg það hreppi þau afdrif, sem jeg spáði því um daginn, að það fái að deyja hjer í deildinni, og þá vona jeg hinir háttv. þingmenn lengi ekki dauðastríð þess að óþörfu.

Þórarinn Böðvarsson: Þeir þingmenn,

sem hingað til hafa talað, hafa talað um málið almennt eða í heild sinni, en ekki um hinar einstöku brt. Hinn h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) sagði að prestakallalögin 27. febr. 1880 væru byggð á röngum grundvelli, og mundu því innan skamms verða tekin fyrir í heild sinni; það er hægt að segja svo, en það er erfiðara að sanna það. Hinn h. þm. D. (J. G.) kvaðst vona, að það yrði gjörð algjör breyting á skipulagi kirkjunnar og prestastjettarinnar; en má þá ekki leiðrjetta það, sem hægt er fyrst? á allt endilega að standa í stað eins og það er nú, þangað til spár hins h. 2. þm. Nm. og vonir hins h. þm. D. rætast og uppfyllast? Hinn h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) tók málið meira frá hálfu prestanna en frá hálfu safnaðanna, en jeg bið þm. vel að athuga, að þetta er ekki gjört fyrir prestana, heldur einmitt fyrir söfnuðina, það er fyrir almenning, og það ætti þó ekki að vera sök að gjöra eptir almennings vilja og bæta úr þörfum almennings. Það var grundvallarregla prestakallalaganna 27. febr. 1880, að fækka brauðunum sem mest að mögulegt væri, en bæta aptur upp hin rýrari brauðin eins og nauðsynlegt væri til þess, að prestar gætu haft sómasamlegt uppeldi. Sje þetta rangur grundvöllur, þá væri fróðlegt að heyra, hver væri hinn rjetti grundvöllur. Með þessari ástæðu fellur sú ástæða, að prestar hafi svo lítið að gjöra, þar sem söfnuðunum þykir þeir ekki mega vera færri en þeir eru. Hvað snertir brt. þm. Skaptf. (Ó. P.) þá get jeg ekki annað sjeð, að þær uppástungur, er hann gjörir, sjeu mjög hóflegar og sanngjarnar, þótt sumir kunni að álíta þær óþarfar, þá virðist mjer eptir ástæðum þeim, sem fram hafa komið, að eigi sje svo. Þar sem í 3. gr. er farið fram á að Teigs og Eyvindarmúlasóknir, er nú eru sameinaðar Breiðabólstaðarprestakalli, skuli eins og áður hefur verið, vera prestakall út af fyrir sig, þá er þetta gjört eptir vilja sóknarnefndanna, eptir vilja hjeraðsfundar, eptir vilja almennings, og vil jeg því fyllilega mæla með því. Eptir frv. leggst nokkurt gjald á lsj. en jeg álít að það ætti ekki að vera til fyrirstöðu, ef breytingin sýndi að hún væri nauðsynleg. Þetta gjald lsj. leiðir mest af breytingunni á Oddaprestakalli; en þetta brauð hefur liðið svo mikið næstliðið ár, að allar líkur eru til, að það nái sjer ekki aptur um langan tíma, og verð jeg því að mæla með því að þingið einnig sþ. þá breyting. Linun sú á árgjaldi þess prestakalls, sem farið er fram á, er nokkurn veginn nákvæmlega reiknað eptir rýrnun þeirri sem brauðið hefur fengið og fær, ef breytingin nái fram að ganga. Um 7.—9. gr. talaði hinn h. þm. Ef., og er jeg honum alveg samþykkur, og mæli mjög með þeim, því að það leggur engin gjöld á lsj. 10. gr. held jeg sje sízt ástæða til að sþ., þar sem hitt brauðið er allt að einu gott og Grenjaðarstaður.

Grímur Thomsen: Af því að jeg var í n. þeirri, sem kosin var til að athuga prestakallalögin frá 27. febr. 1880, þá skal jeg geta þess, að nefndin byggði ust. sínar á skýrslum presta um tekjur brauðanna, á skýrslum prófasta og loksins ust. hjeraðsfunda; en jeg get þó ekki verið neitt hróðugur af því að hafa verið í þessari nefnd; því að það er auðsjeð, að verk hennar hefur verið miklum breyzkleika bundið; það eru ekki mörg ár síðan að n. gjörði ust. sínar og síðan lögin komu út, en þó hefur á hverju þingi síðan komið nýjar ust. — og munu framvegis koma — frá prófastum og hjeraðsfundum, sem ganga þvert á móti ust. þeirra 1879. Þetta sýnir, að þessir menn hafa breytt skoðun, og að prestakallalögin frá 27. febr. 1880 eru á sandi byggð. Það er því viðurhlutamikið að vera að gera allt einar smábreytingar, þar sem full ástæða virðist til að endurskoða öll lögin í heild sinni; það væri því nær að safna skýrslum og reyna að endurskoða öll lögin í einu. Hjer er í 3. gr. farið fram á að Teigs og Eyvindarmúlasóknir, sem nú sjeu sameinaðar Breiðabólstaðar prestakalli, skuli vera prestakall útaf fyrir sig, en Stórólfshvolssókn er tekin frá Odda og hnýtt við Breiðabólstað, sem er lítið nær en Oddi, þótt prestur eða prófastur hafi ekki með einu orði óskað þessarar breytingar, heldur að eins hjeraðsfundir. Við þessa breyting missir lsj. 200 kr., án þess það sje til góðs fyrir nokkurn, þar sem þær á að gjalda til Teigs-og Eyvindarmúlasókna og þar við bætist að Oddabrauð á nú að eins að greiða 100 kr. í staðinn fyrir áður 700 kr., og missir þá lsj. þar 600 kr., svo að hann tapar 800 kr. við breytinguna, þótt enginn hafi í rauninni gott af henni. Jeg er ekki eins kunnugur hversu til hagar annarstaðar, en eptir því, sem þm. Skaptf. (Ó. P.) tók fram, virtist mjer brt. hans á góðum rökum byggð. Þar sem í 6. gr. stendur að Stóruvalla prestakalli skuli leggjast *í viðbót* 300 kr. úr lsj., þá get jeg ekki sjeð hvaða mein-

ing sje í því; í viðbót við hvað? Jeg sje því ekki að þessi grein geti staðizt, og leyfi mjer að skora á þd. að eyða ekki tíma og fje þingsins til að gjöra ust., sem ganga beint á móti ust. n.; en jeg skal manna fúsastur greiða atkv. fyrir því, að skipuð yrði n. manna til að endurskoða prestakallalögin í heild sinni, svo að þau yrðu lögð fyrir næsta þing.

Holger Clausen: Eins og hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) tók fram, þá er það mjög leiðinlegt, að hafa á hverju ári bænarskrá frá prestum; jeg skil eigi að prestar þurfi að vera svo miklu tekjumeiri en bændur, þó þeir gangi 2 ár á prestaskólann upp *á kostnað bænda;* margir bændur mega erfiða lengur en 2 ár til að geta orðið bændur. Prestarnir fá líka vanalega góða bújörð, og þeir eru eins bændur eins og prestar. Maður getur ekki brúkað meiri peninga, en maður fær inn, við hjer erum fátækir og getum ekki launað eins og prestarnir vilja hafa, því að bændurnir þola ekki meiri álögur, enda hafa gjaldþyngsli rekið margan bónda af landi burt, og ef þau yrðu meiri, er hætt við, að fleiri færu. Í frv. stendur að eigi að borga úr lsj.; en það þýðir ekkert, því hver borgar í lsj.? það eru bændurnir og enginn annar, embættismennirnir borga ekkert. *(L. B.:* Tekjuskatt). Nei, það er líka frá bændum, það eru bændurnir sem greiða embættismönnum þau laun, sem *þeir* aptur greiða tekjuskatt af; bændurnir einir framleiða afraksturinn af sjó og landi, sem allar aðrar stjettir lifa á. *(L. Blöndal:* Kaupmennirnir?) Kaupmennirnir reka atvinnu og borga af henni. Jeg álít að það sje ekki rjett að spenna bogann of hátt, eins og sagt var hjerna um daginn, með því að leggja of þungar álögur á bændur, og kannske neyða þá þannig til að fara af landi burt.

Arnljótur Ólafsson: 7. og 8. gr. hefur ekki nema 200 kr. útgjöld fyrir lsj. í för með sjer, og því vildi jeg óska að þær næðu fram að ganga. Annars er jeg fús á að laga þessar greinir frv., svo að þær hafi ekki 1 eyris útgjald í för með sjer fyrir lsj. Grundarprestakall stendur enn óveitt, af því að búizt hefur verið við að það þyrfti að gjöra aðra skipun á Grundar og Akureyrar brauði en þá sem nú er. Í þriðja lagi skal jeg geta þess, að enginn þm. ætti að gefa atkv. fyrir því að meina mönnum að koma á hentugri brauðaskipun, þegar hún hefur engan kostnað í för með sjer fyrir lsj. og verð jeg því að biðja menn að sþ., að 7. 8. og 9. gr. gangi til 3. umr., hvað sem öðru líður, enda mundi það verða mjög óvinsælt að fella þær, þegar það kostar lsj. ekki einn eyrir. Breyting sú, sem hinn h. þm. Bf. skýrði frá, að ekki væri komin fram eptir ust. prests eða prófasts, heldur frá hjeraðsfundi, er enn kostnaðarmeiri fyrir landssjóð en hann tók fram; það er 1200 kr. í staðinn fyrir 800 kr. Þetta háttalag líkist bænarskráarollu þeirr bæði frá fjelögum og einstökum mönnum, sem nú á síðari árum sækir að fjárlaganefndinni. Það virðist vera orðin stefna tímans, að allir fari í lsj., ef þeir ætla eitthvað að gjöra og biðji um styrk til hvers sem er. Jeg álít að það sje því full ástæða til að setja einhvern slagbrand eða stoppara fyrir slíkar fjárbeiðslur; því það er satt, sem þm. Snf. tók fram, að lsj. er enginn dalakútur nje uppgönguauga, heldur er fje hans einungis runnið frá bændum.

Eiríkur Kúld: Eptir því sem umr. hafa fallið um þetta mál, þá verð jeg að halda mjer að því, að gefa ekki atkv. með frv. Þar sem hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) tók það fram, að það hefði sýnt sig að ust. n. fornu í prestakallamálinu væru með miklum göllum, en taldi þeim það aptur til gildis, að þær hefðu verið byggðar á skýrslum heima úr hverju hjeraði fyrir sig, þá verð jeg að lýsa því yfir, að n. breytti frá því sem stóð í þessum skýrslum, og það stundum ekki til bóta, að minnsta kosti veit jeg það í mínu prófastsdæmi, og þessar bænarskrár sýna, að sumar aðgjörðir n. hafa verið á sandi byggðar. Jeg er ekki svo kunnugur, að jeg geti gefið atkv. með hverju einstöku prestakalli, sem hjer ræðir um; því það er fleira sem þarf að taka til greina, en tekjuupphæðin, því það geta verið ýmsir erfiðleikar, sem geta komið til greina, en jeg er ekki svo kunnugur alstaðar, því hvar á maður að leita? því þótt maður hafi landafræði og segði eins og haft er eptir lærisveininum: «svo segir Halldór», þá er það athugandi að lýsingin á Íslandi í landafræði Halldórs Friðrikssonar lýsir ekki svo hverju prestakalli, að eptir henni verði dæmt um erfiðleika þeirra, og því held jeg að jeg verði að svo komnu að hallast að því að fella málið. 2. þm. Sm. (J. Ó.) sagði að prestar gætu nú lifað við sömu kjör og að undanförnu; en þekkir hann ekki að *tempora mutantur* o. s. srv., tímarnir breytast, og vjer með þeim; ímyndar þm. sjer, að prestar geti lifað nú við sömu kjör og prestar á 16. eða

17. öld? Jeg skal þó ekki gefa atkv. með frv. í þetta sinn; en jeg skal verða manna fúsastur á að sþ. það, að prestakallalögin frá 27. febr. 1880 verði endurskoðuð í heild sinni. Úr því jeg stóð upp á annað borð, þá skal jeg leyfa mjer að svara hinum h. þm. Snf. (H. C.) fáeinum orðum. Hann hjelt að það væru bændur einir, sem borguðu til lsj.; er hann þá sjálfur bóndi? Nei! þó mun hann þykjast gjalda til lsj.; allir embættismenn gjalda einnig til lsj. Þar sem hann tók það fram, að það mætti ekki þyngja um of gjöldum á bændum, því það væri til þess að fæla menn burt af landinu, þá get jeg sagt honum það, að þar sem 50 kr. skattur kemur á menn í öðrum löndum, þar koma aðeins 5 kr. á menn hjer. Það eru ekki gjöldin til lsj., sem liggja svo þungt á mönnum, heldur eru það gjöldin til fátækra, sveitarútsvör og þess konar.

Jón Ólafsson: Satt var það sem þm. Bst. sagði að tímarnir breytast. En hvernig hafa þeir breytzt? Hefur breytingin eigi verið prestunum í hag? Hefur eigi öll landbúnaðarvara stigið í verði á síðari tímum? Sýna eigi verðlagsskrárnar, hvernig smjörið, gemlingar o. fl. stígur í verði, og er þetta eigi einmitt prestastjettinni í hag? Er henni eigi meira virði nú að fá smjörpundið, heldur en áður? Jeg ætla nú eigi, að fara fleirum orðum um þetta, en að eins benda á viðaukaust. þm. Vsk. Þar segir, að Kálfafellsprestakall skuli fá *minnst* 300 kr. úr landssjóði. Stjórnin skal gjalda til brauðsins *minnst* 300 kr. En hvað má hún greiða *mest?* Hvar eru takmörkin. Hvergi. Stjórnin má gefa *takmarkalausa* uppbót, helmingi meira, þrefalt meira, margfalt meira. Þó hún vildi gefa 30,000 kr., þá mætti hún það, þm. Vsk. segir: 300 kr. er hið minnsta, en það sem þar er fram yfir er gott; en jeg segi: 300 kr. er hið mesta og það, sem þar er fram yfir er vont. Með því að þessi ust. fer fram á að veita stjórninni *takmarkalaust* vald til þess, að gefa prestinum á Kálfafelli svo mikið, sem henni þóknast, en hann vill þiggja, þá sjá allir góðir menn, að formsins vegna er alveg *ótækt*, að samþykkja ust.

Þorkell Bjarnason: Það er gamall málsháttur, sem segir: «sá veit bezt hvar skórinn kreppir, sem að skóinn ber». Þegar jeg sá þetta frv. og vissi, að um það höfðu fjallað kunnugir menn og að bændur í þessum prestaköllum, sem hjer ræðir um, voru áfram um þessar breytingar, þá var jeg þessu frumv. heldur hlynntur, því að jeg álít þá söfnuði sannarlega illa farna, sem ekki geta haft viðunanlega prestsþjónustu og svo hugsaði eg að hjer kynni á sumum stöðum að vera. Margir prestar eru, jeg hika mjer eigi við að segja það, einhverjir hinir þörfustu embættismenn, og alþingi á að gjöra það, sem í þess valdi stendur til þess, að söfnuðir geti haft prestsþjónustu. En jeg hef þó sannfærzt um það af umræðunum, að rjettast muni vera í þetta sinn að fella þessi lög, því að það er eigi til neins að taka prestakallalögin fyrir í smápörtum; jeg er nú orðinn sannfærður um, að þurfa muni að taka prestakallalögin frá 27. febr. 1880 fyrir í heild sinni og gjöra á þeim algjörða endurbót. Jeg segi þetta eigi til þess að hallmæla nefndinni, sem sett var í það mál, því að það mál er svo stórt og vandasamt, að fá eru eins; en með því að jeg nú vona að þetta mál muni koma fyrir á næsta þingi, og jeg hins vegar sje eigi, að það geti verið svo ákaflega tilfinnanlegt fyrir þá, sem hlut eiga að máli, þó að þetta bíði til næsta þings, þá mun jeg greiða atkv. mitt á móti þessu frv. En ef svo er að ástandið er mjög bágt í einhverju af þeim prestaköllum, er hjer ræðir um, þá treysti jeg fjárveitingarvaldinu fullvel til þess, að bæta þar úr skák, sem brýnust er þörfin af aukatillagi því, sem brauðunum verður lagt.

Holger Clausen: Þm. Barðstrendinga (E. K.) veit víst ekki almennilega, hvað erfiði er: það eru ekki prestar sem erfiða, en það eru bændurnir; það er að minnsta kosti ekki erfiði prestanna, sem kastar peningum inn í lsj.; það eru einungis bændur og handverksmenn sem kasta peningum inn í lsj. Og þó embættismenn borgi tekjuskatt til lsj., þá þýðir það ekkert, því launin eru þá bara dálítið minni. Það eru einungis bændur, sem borga í lsj. og lsj. borgar embættismönnum, en bændurnir borga allt, allt það heila, sem er borgað í lsj.

Landshöfðingi: Eptir umræðunum um þetta frv., þá sýnist mjer forlög þess sjeu farin að verða tvísýn, en jeg vona þó að eigi fari jafnilla fyrir öllum ákvörðunum í þessu frv., og jeg vona að ástæðurnar í móti frumvarpinu verði eigi látnar hafa yfirgripsmeiri áhrif á úrslit málsins en þær eptir efni sínu geta haft. Það er helzt haft í móti þessu frumvarpi, að það leggi töluverða byrði á lsj. Þessu verð jeg að vísu

að játa: en jeg verð að biðja h. h. þd.menn að athuga, að þetta frv. er nokkuð frábrugðið frv. stj., og þær breytingar, sem á eru orðnar, baka lsj. mestan kostnaðarauka: en þetta leiðir þá að eins til þess, að fella frv. að nokkru leyti; en jeg get ekkert sjeð á móti að samþykkja frv. að nokkru leyti, nefnilega þær greinar frv., sem eru teknar upp úr stjórnarfrumv., enda eru þessar greinar, sem eru í síðari hluta frv., bezt undirbúnar, og því vona jeg að h. h. þd. eigi finni ástæðu til þess að fella þær gr. og það því síður, sem þær eigi baka landssjóði nein gjöld, er teljandi sjeu. Það hefur verið farið mörgum orðum um, hversu prestakallal. frá 27.febr. 1880 sje ábótavant; en jeg held að þetta sje eigi fullkomlega rjett, og hygg jeg að hjer sje gjört meira úr, en vert er; en þó að svo væri, þá eru þessar mótbárur því eigi til fyrirstöðu, heldur þvert á móti tala fyrir því að breyta nú þegar til batnaðar, einkum því er breyta má án nokkurs verulegs kostnaðar fyrir lsj. og án þess að leggja nokkuð í sölurnar. Það hefur verið talið æskilegt, að endurskoða prestakallalögin í heild sinni; en þó að nú sjeu gjörðar þarfar endurbætur, sem engum erfiðleikum eru bundnar, þá sje jeg eigi að þetta geti neitt verið því til fyrirstöðu að endurskoða lögin og nú þar sem þetta frv. hefur verið rætt svo mjög, þá þykir mjer illa farið, ef sá tími skyldi verða árangurslaus, sem verða mundi, ef mál þetta nú yrði fellt.

Atkvgr.: Fyrsta gr. felld með 17 atkv gegn 2; brust. við 2. gr. (C 184) felld með 15: 1; 2. gr. felld með 13: 2;
3. gr. felld m. 16; 6. gr. felld m. 14;
4. — — — 15; 7. — sþ. — 12: 5;
5. — — — 15; 8. — felld — 11: 11
að viðhöfðu nafnakalli, vegna óglöggrar atkvgr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson.	Halldór Kr. Friðrikss.,
Arnljótur Ólafsson,	Benidikt Sveinsson,
Eiríkur Briem,	Egil Egilsson,
Eiríkur Kúld,	Friðrik Stefánsson,
Lárus Blöndal,	Grímur Thomsen,
Tryggvi Gunnarsson,	Gunnlaugur Briem,
Þórarinn Böðvarsson,	Holger Clausen,
Þórður Magnússon.	Jakob Guðmundsson.
Þorlákur Guðmundss.,	Jón Ólafsson,
Þorsteinn Jónsson,	Ólafur Pálsson,
Þorst. Thorsteinsen.	Þorkell Bjarnason.

9. gr. felld m. 11: 8; 10. gr. felld m. 18.; vust. felld með 12: 1.

Málið síðan fellt frá 3. umr. með 13. atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 þingmanna.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Arnljótur Ólafsson,	Halldór Kr. Friðrikss.,
Eiríkur Briem,	Magnús Andrjesson,
Eiríkur Kuld,	Benedikt Sveinsson,
Lárus Blöndal,	Egill Egilsson,
Ólafur Pálsson,	Friðrik Stefánsson,
Þórarinn Böðvarsson,	Grímur Thomsen,
Þorður Magnússon,	Gunnlaugur Briem,
ÞorlákurGudmundss.,	Holger Clausen,
Þorst. Thorsteinsen.	Jakob Guðmundsson
	Jón Ólafsson,
	Tryggvi Gunnarsson,
	Þorkell Bjarnason,
	Þorsteinn Jónsson.

Frumvarp til l. um breyting á 5. gr. í tilskipun 5. sept. 1794 (C 165); 2. umr.

Benidikt Sveinsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með dálitla brt. við þetta frv. (C 193), er mjer virðist fara betur á því að síðasta málsgreinin í frv. falli burtu, en hún er um það að *hegningarákvarðanirnar* í 5. gr. tilskipunarinnar frá 5. sept. 1794 sjeu úr lögum numdar. Það fer betur á þessu, í fyrsta lagi af þeirri ástæðu, að það stendur í fyrirsögn l.frv., að það breyti 5. gr. í tilskipun frá 5. sept. 1794, og þá er það enn fremur auðvitað mál, að þessi grein í tilskipuninni og hún yfir höfuð er breytt og upphafin að því leyti sem hún ekki getur komizt í samhljóðun við þetta frv., sem er samþykkt af e. d. og liggur nú hjer fyrir. En af þessu flýtur þá, að seinasta málsgreinin, sem bendir á, að *að eins hegningarákvarðanirnar* í 5. gr. sje úr lögum numdar, kemur í bága við þingsfrumvarpið, sem breytir meiru en hegningarákvörðununum.

Þessi brt. er engan veginn kappsmál fyrir mjer, og skal jeg eigi tefja hinn dýrmæta tíma þingsins með því að halda henni fram til streitu, enda geta allir sjeð, að hún er málinu til bóta.

Landshöfðingi: Það er hinni h. þd. ljóst að þetta frv. er að efninu til talsvert breytt frá stj.frv., og vil jeg leyfa mjer að taka fram hin helztu atriði þar að lútandi.

Eptir frv. stj. áttu skilyrðin fyrir því, að hegningu væri beitt fyrir skottulækning-

ar, að vera hin sömu og þau, er áttu sjer stað eptir eldri lögum. Tilgangur stj. með frv. því, er lagt hefur verið fyrir þingið, var sá að breyta hegningarákvörðunum 5. gr. tilsk. í þá átt, að í staðinn kæmi aðrar hegningarákvarðanir, er samsvöruðu meir brotinu, er hegningin er sett fyrir, og væru lagaðar eptir skoðun manna nú á tímum á þessum brotum og saknæmi þeirra.

En eptir frv. þessu frá e. d. er sett nýtt skilyrði fyrir því, að hegningarákvörðunum sje beitt, og þetta nýja skilyrði er það, að menn verði uppvísir að því, að hafa skaðað með lækningatilraunum sínum; annars verður ekki gripið til sektanna. Eptir eldri löggjöf var það saknæmt, að menn, sem ekki voru löggiltir læknar, gjörðu sig seka í hættulegum tilverknaði, þar eð það var álitið að vera eigi hættulaust fyrir líf manna og heilsu, að slíkir menn, sem ekki var sönnun fyrir að hefði aflað sjer þekkingar í læknisfræði, fengjust við lækningar. Það var því eigi heimtað í hinum einstöku málum að það væri sannað að þeir hefðu gjört skaða með lækingatilraunum sínum; það var hegningarvert, ef tilverknaðurinn að eins var framinn.

Mönnum er kunnugt að 1881 voru samþykkt l. hjer á þinginu, sem fóru í líka stefnu og þetta frv. frá e. d.; þessi l. náðu eigi samþykki kgs, og má sjá ástæðurnar fyrir því í brjefi rg. 23. maí 1882 (Stj.tíð. 1882, B., 96—97), hvers vegna var synjað um að staðfesta l. Þær ástæður eiga einnig að nokkru leyti við það frv., sem hjer liggur fyrir. Stj. þótti ísjárvert að leyfa lækningar eins og hverja aðra frjálsa atvinnu, og það er sú skoðun, sem hefur ráðið úrslitum málsins hjá stj. síðast.

Jeg vildi vekja athygli hinnar h. þd. á þessu; en jafnframt vil jeg geta þess, að þetta frv. er að nokkru leyti aðgengilegra, skoðað frá sjónarmiði stj., en l. frá þinginu 1881. Þetta frv. með hegningarákvörðunum sínum kemur þó fram sem nokkurs konar bann móti skottulæknum, þó að þannig sje ákveðið, að hegningu eða sektum verði eigi beitt nema með því vissa skilyrði, að skaði hafi hlotizt af tilraunum þeirra. Hin l. frá 1881 komu þar á móti fram sem almennt leyfi til að viðhafa lækningar, og ákváðu að eins í vissum tilfellum ábyrgð á hendur skottulæknum.

Þessi mismunur sýnist ef til vill öllu meir að vera formlegur, en hann hefur þó þá þýðingu, að þetta frv. er frá sjónarmiði þeirrar skoðunar, er stj. hefur haft á málinu, aðgengilegra, en l. frá 1881.

Á þetta hef jeg viljað benda hinni h. þd., til þess að gjöra henni ljósara, hafi þess annars verið þörf, hvaða breyting þetta lagafrv. gjörir á hinni núgildandi löggjöf, og í hverju mismunurinn er fólginn á þessu frv. og l. 1881, er þingið samþykkti en stj. synjaði staðfestingar.

Benidikt Sveinsson: Jeg er alveg samdóma hinum hæstv. lh. viðvíkjandi þeim mismun, sem er á þessu frv. og frumvarpinu frá síðasta þingi, og kemur það heim við ummæli mín við 1. umr. þessa máls gagnvart orðum hins h. 2. þm. Kjósar- og Gullbringusýslu. Munurinn er sá, að í þessu frumvarpi er alls ekki gefið leyfi til skottulækninga eða smáskammtalækninga; en að eins ákveðið undir hvaða *skilyrðum* þær varði hegningu, nefnil. þegar það *sannist*, að þær hafi gjört *skaða*. Þetta lagafrv. kemur því alls eigi í bága við skoðun stj. En einmitt þess vegna er nauðsynlegt að fella burtu hina síðustu málsgrein frv.; því að þar í liggur, að eigi eru úr lögum umdar nema *hegningarákvarðanir 5. gr.* í tilskipuninni, en að öðru leyti eigi innihaldið í þessu frv. að skiljast samkvæmt þessari tilskipun. Jeg fæ eigi betur sjeð, þegar frv. með þessari málsgrein aptan í er tekið «ad Fortolkningsvejen», það er að segja, þegar það er skilið og skýrt eptir grundvallareglunum um útlistun laga, að þá óheimili *þessi* málsgrein að leggja *aðra* þýðingu í frv., en að það breyti *að eins hegningunni*, en heimili *eigi* breytingu viðvíkjandi *skilyrðunum* fyrir henni. Innihald frv. og þessi málsgrein eru þess vegna hvort á móti öðru, þar eð frv., sjálft hefur og á að hafa víðtækari ákvarðanir, sem einnig ná til *skilyrðanna*.

Lárus Blöndal: Jeg verð þrátt fyrir ræðu 2. þm. Nm. (B. Sv.) að vera á því, að rjett sje að halda síðustu málsgrein frv. um það að hegningarákvarðanir 5. gr. tilskipunarinnar sjeu úr lögum numdar. Því að í 5. gr. stendur, að það, að skottulæknar «tage Syge under Behandling», það, er að segja, gjöri lækningatilraunir við sjúklinga, sje saknæmt og hegningarvert. En eptir frv. stendur, að hver sá, sem hefur um hönd lækningar, án þess að vera löggiltur til læknisstarfa, *og* verður uppvís að því að hafa gjört skaða, hann á að sæta hegningu. Áherzlan liggur á því, að lækningatilraunin

sje *líka* skaðleg. (*B. Sv.:* Sannar einmitt mitt mál!). Já við höfum sömu «Præmisser» eða dómsástæður, en niðurstaðan verður önnur. Jeg vil að það sje tekið skýrt fram í frv. að engar hegningarákvarðanir liggi við því að skottulæknar hafi um hönd meinlaust kák — þeir um það, sem hlaupa til þeirra og trúa á þá —; hegningu á að eins að beita er það sannast með prófi, að þeir hafi gjört skaða.

Það kynni að mega hafa það á móti síðustu málsgreininni, að það væru deildar meiningar um það, hvort tilskipun frá 5. sept. 1794 væri gild hjer á landi. Væri svo, þá ætti fyrirsögn frv. heldur ekki við. En hvað um það; hæstarjettardómur er eigi til fyrir gildi eða ógildi tilskipunarinnar, en eins og lh. benti á við 1. umr., eru 2 landsyfirrjettardómar til fyrir því, að hún sje gild hjer á landi, og þá má búast við því, að undirdómarar mundu hallast að sömu skoðun á því. Beinast er að ganga út frá því, að tilskipunin sje gild og þess vegna rjettast að taka af öll tvímælin með þessari málsgrein, er nemur úr lögum hegningarákvarðanir 5. gr.

Jeg vona fastlega, að þd. samþykki þetta frv., svo að alþ. þurfi eigi optar að mæða sig á því að eiga við þetta mál; það fjekk nóg af því 1881. Samþykki þingið það eigi núna, þá kemur það fyrir á næstu þingum; því að áhugi landsmanna á er mjög á því sterkur. Má því segja um þetta hið fornkveðna: Heimurinn vill svíkjast og látum hann þá verða svikinn.

Atkvgr.: Brt. (C 193) felld m. 16: 4; frv. sþ. í e. h. Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Frv. til l. um brú á Ölfusá (C 159); 1. umr.

Flutningsmaður (Magnús Andrjesson): Jeg vil leyfa mjer með fáum orðum að skýra frá gangi þessa máls. Fyrir einum 10—20 árum síðan fóru menn í Árnes- og Rangárvallasýslum að hugsa um að brúa Þjórsá og Ölfusá og málinu var opinberlega hreift á fundum og í blöðunum. Það komst svo langt, að menn skutu fje saman og fengu stjórnina til að senda hingað upp stórsmíðafræðing danskan til landsins til þess að skoða árnar og sjá út brúarstæði. Hann hjet Windfeld Hansen, og þetta gjörðist sumarið 1873. Hann gjörði sem honum var fyrir lagt og má lesa skýrslu hans í alþt. 1877, en hún er rituð 1874. Í þessari skýrslu lýsir hann brúarstæðunum, er hann álítur heppilegust, og gjörir áætlun um kostnað brúnna. Hann ætlar á að til brúarinnar yfir Þjórsá gangi 88,000; en til brúarinnar yfir Ölfusá 80,000 kr.

Til alþ. komu fyrst bænarskrár um þetta mál 1877. Bænaskrárnar voru úr báðum sýslunum og fóru fram á að alþ. veitti 168,000 kr. úr lsj. til þess að brúa báðar árnar. Málið var þá fellt af þinginu, af því að það þótti eigi vera nógu vel undirbúið. Málinu þokaði meira fram 1879; þá komu líka bænaskrár til þingsins, og þingið samþykkti lagafrv. þess efnis, að veita 100,000 kr. til að byggja brýrnar á árnar og skyldi fjeð veitast sem vaxtalaust lán, en endurborgast á 40 árum; en stj. átti að koma þessu í verk ef l. næðu staðfestingu kgs. Stj. var eigi aðgjörðalaus, en spurði sig fyrir í Skotlandi, Danmörku og Svíþjóð, og fjekk mikið af tilboðum og áætlunum, og voru þau skjöl lögð fram til sýnis á þingi 1881, en nú munu þau vera send aptur til Kaupmannahafnar. Stj. þótti sitt að hverri áætlaninni; hún var hrædd um að smíðið eptir sumum tilboðunum yrði ekki nógu traust, en í sumum var meira verð sett upp á brýrnar en 100000 kr., er stj. hafði til umráða. Það gat því eigi neitt orðið úr framkvæmdum og lögin náðu eigi staðfestingu.

Nú eru að nýju komnar bænaskrár til þessa þings frá sýslubúum, er í hlut eiga, og til þeirra á þetta frv. rót sína að rekja.

Þetta frv. er ólíkt frv. 1879, því að nú er ekki farið fram á annað en brú á Ölfusá. Bæði er það fyrir þá sök, að kostnaðurinn er ærinn, þó eigi sje farið fram á meira, og í annan stað mun það fullsannað, að brúarstæðið á Þjórsá, sem Windfeld Hansen vísaði á, er eigi sem tryggast, og er því óráðlegt að hugsa þar til brúargjörðar fyr en það er vandlega skoðað. Í þetta sinn er því eigi farið fram á að fá meir en 80,000 úr lsj.; en það er núna beðið um það sem gjöf, en ekki sem lán.

Hvað málið sjálft snertir, þá hagar svo til, eins og allir vita, að Þjórsá og Ölfusá eru einhverjar hinar mikilfenglegustu ár á landinu, og um leið hinar erfiðustu yfirferðar. Á þeim er hvergi vað 12—15 mílur frá sjó, svo að eigi verður yfir þær komizt nema á ferju. Sveitirnar milli ánna og fyrir austan árnar sækja verzlun til kaupstaðanna við Faxaflóa, en auk þess sækir fjöldi út-

róðrarmanna til verstöðva vestur yfir ár í Þorlákshöfn, Selvog, Grindavík, Hafnir og hingað til Faxaflóa. Og fleiri torfærur eru á þessari leið en árnar; vegurinn er langur og vondur, flóar, hraun og heiðar. Stuðlar þetta allt saman til þess, að gjöra aðflutninga frá Faxaflóa mjög svo erfiða, þó að ekki væru 2 stórar og vondar ferjuár á leiðinni. Úr þessum örðugleikum bætir stjórnin ekki hið minnsta, eins og víða annarstaðar hjer á landi. Þessi hjeruð liggja fyrir opnu hafi, sjórinn optast brimsollinn og engar hafnir með ströndum; þess vegna hafa og þessi hjeruð engin veruleg eða bein not af gufuskipaferðum umhverfis landið. Að öllu þessu athuguðu mun það eigi ofsagt, að engar sveitir á landinu eiga eins erfitt til allra aðdrátta og þessar.

Þessar sveitir, sem eiga við þessi kjör að búa, eru fjölmennar.

Í Rangárvallas. eru	640	býli með	5653 manns
Í þeim hluta Árnessýslu er liggur milli Þjórsár og Ölvesár .	506	— —	3898 —
Í Vesturskaptafellssýslu	285	— —	2147 —

Þar að auki þarf mikill fjöldi ferðamanna úr öðrum hjeruðum að fara yfir árnar; en þessi 1431 býli með 11698 manns (þegar reiknað er eptir seinustu manntals skýrslum) verða að sækja mestalla aðdrætti ýmist yfir báðar árnar, eða aðra.

Allir hljóta að sjá, hve erfitt og hve kostnaðarsamt það er, að sækja yfir þessi stóru og illu vatnsföll. Brúaleysið aptrar öllum samgöngum og kyrkir allt fjelagslíf í þessum hjeruðum. Stundum getur staðið á mannslífi. Á vesturbakka Ölfusár getur kona legið í barnsnauð; læknirinn verið á eystri bakkanum, en þó ekki náðzt í læknir nær en í Reykjavík. Þegar bezt lætur, um sumartímann, er tímatöfin þó ærið mikil auk annars kostnaðar fyrir alla þá, er yfir fara. Hugsum oss mann á leið að sunnan austur í Rangárvallasýslu með 7 hesta í taumi. Hann kemur fyrst að Ölfusá, verður að spretta af öllum hestunum, binda saman reiðingana; bera svo 14 punga bagga, og 7 reiðinga út á ferjuskipið og er það 21 ferð, sem hann verður opt á tíðum að vaða djúpt út í ána út að bátnum, og aðra 21 ferð verður hann að fara við austurlandið við að afferma ferjubátinn. Þetta hið sama ítrekast svo aptur nokkrum kl.tímum seinna við Þjórsá.

Svona gengur þegar bezt lætur, en opt eru árnar lítt færar, svo að ferðamenn sem leggja yfir þær, missa opt og einatt hest í þær, og stundum verða þær ófærar, einkum á haustin, þegar tíð spillist og ísskrið kemur til muna í þær; þá leggur enginn hesta sína í árnar, og þá er eigi annað fyrir hendi en að kyrsetjast.

Það er auðvitað stórkostlegt að taka svo mikið fje til eins fyrirtækis úr lsj.; en hin heiðraða þd. verður að gá að því, til hvers því er varið. Það er þýðingarmikið fyrir landið allt að greiða fyrir samgöngunum með öllu móti og gjöra þær sem líflegastar og haganlegastar fyrir landið, og að því marki væri verulegt spor stigið, ef alþ. veitti þennan styrk. Það er eigi einungis brú yfir Ölfusá, sem þá fengist; á eptir og samfara brúnni kæmu góðir vegir yfir þessi hjeruð. Allir, sem hlut eiga að máli, segja einum munni, að þeir vilji allt fram leggja til þess að bæta vegina þegar tekið sje að brúa árnar; en fyr vilji þeir eigi gjöra það, sem heldur ekki er vonlegt, þar eð vegirnir verða að liggja þar að, sem brýrnar eru; en það fer eigi saman við vegina til ferjustaðanna.

Jeg vona því að þinginu vaxi eigi í augum þessi mikli kostnaður, þegar litið er til hins ósegjanlega gagns, sem af fyrirtækinu mundi leiða. Jeg bið menn og að gæta þess, að það er sjeð fyrir endann á þessum kostnaði, þar eð fjárveitingin er í eitt skipti fyrir öll.

Jeg vona því að málið fái að ganga til 2. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Flm. þessa máls hefur ljóst og skýrt tekið fram hinn sögulega gang þessa máls, og talað um erfiðleikana við að ferðast yfir þessa á og nauðsynina á að brúa hana. Það eru sumir, sem tilfæra það sem ástæður fyrir því, að brúin væri byggð á alþjóðlegan kostnað, að þessi hjeruð ættu heimting á að fá þetta þar sem þau nytu svo lítils góðs af gufuskipaferðunum kringum landið, og er þetta tekið fram í bænarskrám þeim frá hjeraðsbúum, er hjer liggja á lestrarsalnum. Jeg skoða þetta mál nokkuð öðruvísi: jeg álít að *öll þjóðin eigi heimting á að samgöngurnar verði bættar.* Og þetta er mesta lífsspursmál fyrir framförum þjóðarinnar, að vegir verði lagðir svo góðir og greiðir um land allt, sem mest má verða. Hjer dugar eigi að vera að fara í neinn metning og tala

um að þessi hjeruð eða hin hafi sjerstaklega gagn af þessu. Ef menn hefðu verið að metast um það, að gufuskipaferðirnar væru þessum eða hinum landsfjórðung sjer í lagi til hagsmuna, þá er jeg hræddur um, að þær hefði seint komizt í það sem þær eru nú komnar í, enda er sannleikurinn að þær eru öllu landinu til gags og hagsmuna, ef ekki beinlínis þá óbeinlínis; því að þegar samgöngurnar greiðast, þá eflist velmegun landsins. Þegar einum parti líkamans líður vel, þá hefur það áhrif á allan líkamann. Hjer er nú að ræða um ½ part landsmanna, sem meir eða minna sækja yfir þessi vatnsföll, auk langferðamanna, og það gefur að skilja, að ef velmegun þeirra eflist, þá er velmegun alls lands þar við aukin. Jeg ætla nú og að geta þess, að mjer líkar eigi sú stefna, sem er á öllum vegabótum og jeg álít að því þurfi að breyta hið bráðasta, og að allir sjái að það getur ekki komið að verulegum notum, ef landið á að eiga nokkra framfaratíð fyrir höndum. *Það verður að leggja aðalvegi um landið.* Það verður t. a. m. að mínu áliti að leggja hjeðan frá Reykjavík einn aðalveg norður um land, og einn aðalveg vestur um land, og hinn 3. austur, og þar með brýr yfir þessi tvö stórkostlegu vatnsföll, er hjer ræðir um. Og það verður óumflýjanlegt að lstj. leggi til þessara vegabóta meira eða minna fje af landssjóði og jeg held betra að taka stefnuna nú strax heldur en þetta kák, sem nú við gengst. Ef menn yrðu nú á þetta sáttir, þá þarf líka að leggja brýr yfir þær ár sem verða á aðalveginum. Það eru nú um 11 ár síðan menn fóru að finna til nauðsynjarinnar, að brúa stórárnar fyrir austan, og það er engin furða, þó að þessi hjeruð voni nú að þingið sýni áhuga í þessu máli, þar sem menn voru farnir að hreyfa þessu áður en vjer fengum stjórnarskrána og þar með löggjafarvald og fjárforræði. Jeg álít það einhverja hina mestu nauðsyn og óumflýjanlegt *að efla* landbúnaðinn og til þessa álít jeg bezta meðalið að efla vegina og samgöngurnar, til þess að landvörurnar verði sem auðfluttastar til verzlunarstaðanna og sem minnstur kostnaður leggist á þær. Ef vegirnir um landið verða eigi bættir, þá smáhrörnar landbúnaðurinn upp til sveita og svo getur farið, að á endanum byggist lítið nema strendur landsins og nærsveitir við kaupstaði, og þá má álíta að landið væri illa farið. Eitt er það, sem nærsveitunum er nauðsynlegt, og það er að koma á búnaðarskólum, og þeim eru nú Norðlingar að koma upp, og er það merkilegt, á eigin kostnað, í þessu harða ári. Og það er skoðun mín, að þegar landið á nú nærri því 1 miljón kr. í sjóði eða yfir 800,000 kr., þá geti það lagt fram fje til þeirra fyrirtækja, sem eru auðsjáanlega til verulegra framfara. Það hefur verið lánað út stórfje til þess að reisa kirkjur, byggja upp stein- og stórhýsi í Rvk.; en fleira er nauðsynlegt en það, og þykir mjer það sannarlega undarlegt, að vjer skulum koma hjer saman hvað eptir annað, án þess að gjöra nokkuð verulegt fyrir mesta nauðsynjamál landsins, samgöngurnar; og eins og maðurinn lifir eigi af einu saman brauði, eins þrífst landið ekki án þess að það fái góðar samgöngur og verklega menntun. Að endingu skora jeg á h. h. þd. að sýna máli þessu svo mikla virðingu að það nái að ganga til 2. umr.

Grímur Thomsen: Þó að þm. þessir er mælt hafa fram með máli þessu, sjeu báðir úr kjördæmi því, þar sem brúin á að smíðast, þá játa jeg þó, að þeir eigi hafi talað frá sjerstaklegu eða hjeraðalegu sjónarmiði. Annar skýrði mjög vel frá hinum sögulega gangi þessa brúamáls, en hinn sýndi fram á, hversu samgöngur og menntun eru nauðsynlegar fyrir þjóðfjelagið; báðir hafa þeir talað svo fagurlega fyrir þessu máli, sem verða má; en jeg held þó að hjer sjeu tveir agnúar á. sem þessir h. þm. eigi hafi aðgætt. Fyrst og fremst verð jeg að taka það fram, að fyr hefur verið ráðgjört að leggja 2 brýr, og þá var farið fram á, að fá fje að láni; en nú er að eins talað um eina brú og farið fram á að fá fje til hennar að gjöf. Hjer held jeg að h. þm. hafi eitthvað bak við eyrað; ef fjeð verður nú veitt, þá er búið að segja *a*, og þegar búið er að segja *a*. þá verður að segja *b*. Ef nú verður veitt fje til að brúa Ölfusá, þá verður bráðum að veita enn hærri upphæð til þess að brúa Þjórsá; því annars held jeg, og er jafnvel öldungis viss um það, að eigi verður nema ¼ parts gagn af brú á Ölfusá, nema því að eins að brú verði einnig á Þjórsá. Ustm. hafa hugsað sjer, vjer skulum fyrst fá brú á Ölfusá, og síðan fara á næsta þingi fram á nýja fjárveiting til að brúa Þjórsá. En fremur vildi jeg skjóta því til hins h. 1. þm. Á. (Þ. G.), sem er í fjárlaganefndinni og er miklu kunnugri öllum fjárhag landsins en jeg, hvort hann eptir að

hafa kynnt sjer fjárhaginn, sje viss um að lsj. sje fær um að verða við hinum mörgu fjárbænum, sem komið hafa til þingsins; hvort hann sje sannfærður um, að nú megi veita svo mikið fje. Jeg hygg að það muni verða erfitt, einkanlega þegar menn þar að auki mega búast við, að verða að veita ef til vill á næsta fjárhagstímabili enn meira fje, að líkindum yfir 100.000 kr. til þess, að brúa Þjórsá. Það verð jeg að játa, að það er gott að efla samgöngurnar, en tíminn til þess er eigi ávallt jafn hentugur. Jeg hygg rjettara, fyrst lánið fórst fyrir, að bíða þetta fjárhagstímabil, og þegar það er liðið, að koma með ust. um 2 brýr. Jeg verð líka að geta þess, að vjer höfum enga reynslu með brúabyggingu. Fyrir norðan eru menn nú að byggja brú á Skjálfandafljót, og væri gott að bíða og sjá, hvernig sú brú reynist, og vil jeg því skjóta því til h. þm., hvort þeir eigi vilji taka þetta frv. aptur, í því trausti, að vjer allir munum styðja þetta mál á næsta þingi; en ef þeir eigi fallast á það, vil jeg stinga upp á 3 manna nefnd.

Nefndarkosning og frestun á umr. sþ. með 14 atkv.; kosnir í nefndina: Magnús Andrjesson með 15, H. Kr. Friðriksson með 12 og Grímur Thomsen með 11 atkv.

Seytjándi fundur, laugardag 21. júlí kl. 12—3½. Allir á fundi nema Þorkell Bjarnason er hafði tilkynnt forföll sín.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynning um, að í nefndinni um frv. til laga um brú á Ölfusá væri kosinn formaður Magnús Andrjesson og skrifari Grímur Thomsen.

Frv. til l. um bæjarstjórn á Akureyri (C 149); 3. umr.

Frv. orðalaust sþ. í e. h., og afgreitt síðan til lh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til l. um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C 163); 3. umr.

Þórður Magnússon: Við 2. umr. þessa máls ljet jeg í ljósi, að jeg mundi koma með brtill. við þetta frv. En eptir að jeg kynnti mjer hugi þingmanna, þá er jeg fallinn frá því, enda vil jeg eigi tefja tímann eða spilla fyrir skjótum framgangi þessa máls.

Frv. sþ. með 13 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, eptir beiðni 6 þm.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Aandrjesson,	H. Kr. Friðriksson,
Arnljótur Ólafsson,	Egill Egilsson,
Benidikt Sveinsson,	Eiríkur Kuld,
Eiríkur Briem,	Grímur Thomsen,
Friðrik Stefánsson,	Holger Clausen,
Gunnlaugur Briem,	Jón Ólafsson,
Jakob Guðmundsson,	Tryggvi Gunnarsson,
Lárus Blöndal,	Þórarinn Böðvarsson.
Ólafur Pálsson,	
Þórður Magnússon,	
Þorl. Guðmundsson,	
Þorsteinn Jónsson,	
Þorst. Thorsteinsen.	

Frumvarpið síðan afgreittt til lh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til l. um eptirlaun prestsekkna (C 165); 3. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Hjer er ein brtill. við þetta lagafrv. sem nafn mitt stendur á (C 194) og vil jeg því, fyrst aðrir eigi taka til máls, leyfa mjer að skýra frá ástæðunum fyrir því, að brtill. þessi er fram komin. Jeg játa að hjer er ekki um stórfje að ræða, hvort heldur sett verður 1000 kr. eða 1200 kr., en jeg vildi koma í veg fyrir að málið þyrfti að fara aptur upp í efri deild, þegar eigi var um meira að ræða. Í annan stað er mjer kunnugt um þann misskilning, sem kom fram í atkvæðagreiðslunni við 2. umr. Menn álíta að þetta væri fyrir prestsekkjurnar, að 1000 kr. væri breytt í 1200 kr.; en nú er svo ástatt í þessu efni, að þær eptir lögum missa einkis í, hvor af þessum upphæðum sem verða samþykktar; munurinn er að eins sá, að eptir frumvarpinu eins og það er nú fær ekkja, sem er í brauði undir 1200 kr., eptirlaun sín úr landssjóði; en sje brauðið yfir 1200 kr., þá tekur hún sín eptirlaun hjá viðkomandi presti; menn sjá því, að það er eigi prestsekkjunni í hag, heldur einungis prestunum; það er til að fría prestana sem hafa minna en 1200 kr. laun, frá útgjöldum; en breytingartill. fer fram á, að fría þá presta, sem fá minni laun er 1000 kr. Það er auðvitað að þegar um þessar tölur, 1000 eða 1200 kr., er að ræða, getur það verið

álitamál, hvort rjettara er; en það er skoðun mín, að þegar presturinn hefur 1000 kr. eða þar yfir, þá geti hann og þá eigi hann að greiða eptirlaun til ekkjunnar fremur en landssjóður sje látin gjöra það.

Arnljótur Ólafsson: Jeg held, að það hafi eigi verið misskilningur, þegar h. h. þd. setti 1200 kr. brauð í st. f. 1000 kr. brauð. Þm. Sm. (Tr. G.) sagði, að prestsekkjurnar væru eigi ver farnar, þótt þær ættu að fá eptirlaun sín frá brauðum með 1000 en með 1200 kr. launum. Þetta er, eg veit það, sannfæring hans; en jeg skal þó reyna að sýna honum, að þessi skoðun hans er eigi hin sanna sannfæring hans, því skoðun þessi er eigi rjett. Fyrst er nú það, að það er konunni eigi hið sama, hvort maður hennar á að greiða eptirlaun af 1000 kr. brauði eða hann er laus við það; með því að það er prestskonunni alls ekki óviðkomandi, hvort maður hennar hefur tekjur litlar eða háar; því hafi maður hennar meiri tekjur, er það líklegra að kjör hennar verði betri, þegar hann deyr. En þar að auki vil jeg spyrja hann, hvort hann heldur að það sje munur á því fyrir prestsekkjuna, hvort hún fær eptirlaun sín frá presti á fátæku brauði eða í peningum úr lsj. Hefur eigi reynslan sýnt, hvílíkur munur hlýtur að vera á þessu fyrir hana? Jeg ætla að taka dæmi, sem vjer allir þekkjum. Oddabrauð hefur meiri enn 1000 kr. tekjur. Og hvernig gengur þó prestinum þar að greiða peninga í lsj? Það er almenn umkvörtun að prestar geti eigi borgað tillögin af brauðunum í peningum, og það sýnir sig í því, að einungis eitt einasta brauð, eða í mesta lagi tvö hafa greitt tillögin til lsj.; en hjer er þó farið fram á, að það sje nógu gott handa prestsekkjum, að taka eptirlaun sín af prestum, sem ekki einu sinni geta borgað tillagið frá brauðunum til lsj. En aðalatriðið í þessu máli er, að vjer viljum eigi, að ekkjan sje ver farin en uppgjafapresturinn; hann á eigi að taka eptirlaun sín frá brauðum, sem hafa minni tekjur en 1200 kr. Og hvaða ástæða er þá til að láta ef til vill örfátæka ekkju með mörg föðurlaus börn verða að taka eptirlaun sín af fátækari brauðum en uppgjafaprestana? Jeg veit að hinn h. þm. (Tr. G.) hefur eigi athugað þetta jafnrjetti, eða öllu heldur ójafnrjetti ekknanna við uppgjafaprestana. Og jeg veit að hann, jafnkvennhollur maður, unnir kvennfólki eigi síður en karlmönnum jafnrjettis.

Hvað hina síðari br. snertir, þá vil jeg geta þess að hún er eigi orðabreyting ein. Orðið «svívirðilegt» er miklu harðara orð en «ósæmilegt»; það er sama sem á dönsku «vanærende» en ósæmilegt er miklu rýrara orð. (*H. Kr. Fr.:* Og getur miskilizt). Já, það getur misskilizt. Það eru svo misjafnir dómar um það, hvað er ósæmilegt. Og svo er orðið svo afarvíðtækt, og hver verður þá afleiðingin? Ekkjan á ávallt að missa eptirlaun sín, þegar hún er dæmd sek í einhverju ósæmilegu, hversu lítilfjörlegt sem þetta ósæmilega kann að vera, þótt það sje eigi nema orð, er varðar 5 kr. sekt. Jeg vil því skjóta því til h. h. þm. og biðja hann vel að yfirvega, hvort hann vilji fara fram á þessar br. við h. h. þd., og hvort hann eigi vilji taka þessar brust. aptur, því þær eru sannarlega til þess að raska jafnrjetti milli manns og konu.

Eiríkur Kúld: Jeg er samdóma h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.); en get eigi verið með brust. sem hjer liggur fyrir. Satt að segja furða jeg mig á, að menn skuli koma með þessa brust., en sjer í lagi þykja mjer þó undarlegar þær ástæður, sem fyrir eru bornar. Það er sagt, að það sje til þess að stytta tímann, af því að brt. sem gjörð var við 2. umr., valdi því, að málið þurfi að ganga aptur til efri deildar; en jeg held að það þurfi ekki að tefja mikið fyrir, þó að svo færi. En svo ætla jeg mjer nú einnig að taka það fram, að í sjálfu sjer má ekkjunni standa á sama, hvaðan hún fær eptirlaunin, *ef hún að eins fær þau;* svo getur farið, að ekkjan fái eigi full skil á eptirlaunum sínum. Jeg veit dæmi um eina ekkju, sem ár eptir ár varð vegna fátæktar sóknarprestsins að fara til prófasts til þess að fá eptirlaun sín, sem voru eigi nema rúml. 60 kr. Það er því munur fyrir ekkjuna að taka laun sín úr lsj. í peningum, heldur en frá prestum, sem opt ekki geta greitt þau, af því innheimtan er svo erfið og tekjugreiðslan frá gjaldendum svo rýr og óviss, ekki sízt þegar harðæri er og örbyrgð sú er þar af leiðir. Reynslan sýnir oss líka bezt á uppást. til þingsins um uppgjöf á því, sem þeir eiga að greiða til lsj., að öll greiðsla í peningum verður þeim lítt kleyf, sem eðlilegt er vegna peningaeklunnar, sem er meðal gjaldendanna. Jeg furðaði mig því á því, að hinn h. varaforseti (Tr. G.) skyldi segja, að þetta gerði ekkjunum ekkert til, og að honum stendur á sama um prestana; en þá

vil jeg spyrja hann, hvort honum finnast kjör presta svo glæsileg, borin saman við kjör annara embættismanna hjer á landi og presta í öðrum löndum? Prestsekkjuna munar mikið um, hvort hún fær eptirlaun sín úr lsj. eða frá prestum; en hins vegar munar lsj. lítið um, þó hann borgi þessi litlu eptirlaun. og vona jeg því að þessi brtill. eigi nái fram að ganga, og að deildin eigi fari að breyta því, sem hún hefur nýlega samþykkt. Enn fremur verð jeg að álíta að orðið «svívirðilegt» sje betra, heldur en orðið «ósæmilegt»; því að það getur verið svo miklum misskilningi undirorpið. Það má teygja það og sveigja eins og maður vill. Einn fær þessa þýðingu út úr orðinu og annar hina.

Jakob Guðmundsson: Þingm. Ef. (A. Ó). færði svo ljósar og glöggar ástæður gegn þessari brtill., að jeg held, að þó að einhver hafi verið í vafa áður, þá geti honum nú eigi blandast hugur um, að fella hana, og álít jeg að það sje eigi til annars, en vera að teygja tímann að vera að ræða þetta mál frekar.

Þórður Magnússon: Jeg ætla að eins að taka fram lítið atriði. Það hafa nú 3 klerkar talað í röð, og þykir mjer undarlegt, að *þeir allir* álíta prestastjettina svo óáreiðanlega, að ekki megi treysta því, að þeir borgi fátækum prestsekkjum það, sem þeim beri. Þetta þykir mjer hart af prestunum sjálfum, og hefði jeg betur trúað 2 þm. Sm. (J. Ó.) til að segja þetta.

Vel getur verið að orðið «ósæmilegt» geti verið misskilningi undirorpið, en jeg sje eigi betur en að orðið «svívirðilegt» geti verið það líka. (*H. Kr. Fr.:* Nei). Jæja, jeg skal þá eigi fara út í það: það getur verið betra fyrir málfræðinga að skýra þetta. Að endingu ætla jeg að geta þess, að mjer þykir þetta næsta undarlegt, að klerkarnir sjálfir telji sig mjög óáreiðanlega, og vona jeg að hin h. þd. sýni þeim meira traust og sampykki brust. þessa.

Tryggvi Gunnarsson: Hjer er eigi spurning um skilvísi prestanna eða óskilvísi; því að maður verður að ganga út frá því, að þeir borgi ekkjunum, það sem þeim ber; en hjer er spurningin um, hvort þd. vill losa presta á 1000—1200 kr. brauðum frá því, að borga prestsekkjum eptirlaun. Þetta hefur hvílt á þeim hingað til og sje jeg enga ástæðu til þess, að taka af slíkum prestum byrðina og leggja hana á landssjóð. Og sízt hefði jeg haldið að þm. Ef. (A. Ó.) væri á móti þessari brust., og miklu heldur hefði jeg trúað, að hann mundi hlynna að því, sem miðar til að firra landssjóð gjöldum. En hin h. þd. sker nú úr, hvort hún telur rjettara. Hvað orðið «svívirðilegt» snertir, þá þótti mjer það óviðkunnanlegt; en orðið «ósæmilegt» þótti mjer betur við eiga, en held því þó ekkert fast fram. Aptur á móti verð jeg að halda hinu fast fram, að spara lsj. gjöldum og bið því hina h. þd. að greiða atkv. með brtill.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla eigi að vera langorður; jeg ætla að eins að geta þess, að þar sem 2. þm. Nm. (B. Sv.) sagði, að orðið *svívirðilegt* væri óákveðið, þá er það víst, að það er fyllilega ákveðið. Svo lengi sem ekki er dómur fyrir því, að einn hafi gjört það, sem er svívirðilegt, eða það sem skerðir «æru» hans, svo lengi heldur sá öllum sínum rjettindum, hvaða verk svo sem hann hefur unnið. Þjófnaður er svívirðilegur, en svo lengi, sem maðurinn er ekki dæmdur þjófur, svo lengi heldur hann öllum sínum rjettindum. Hjer eru það dómstólarnir, sem eiga að skera úr. En hver á að dæma um, hvað er ósæmilegt; einn segir: þetta er ósæmilegt, annar segir: það er ekki ósæmilegt. T. a. m. ef prestsekkja úthýsir manni. Er það ósæmilegt eða ekki? (*Sumir:* Nei. *Aðrir:* Jú). Hjer geta engin lög náð yfir; hversu ósæmilegt sem það kann að þykja, þá hefur það þó engin áhrif á rjettindi hennar. Þm. Ísf. (Þ. M.) talaði um, að menn segðu, að engin skil væri að hafa hjá prestum. Þetta held jeg sje nokkuð ofhermt. En ef svo er, þá vil jeg spyrja: Hvernig eiga þeir að standa í skilum, þegar þeir fá eigi nein skil? Það eru sannarlega nógar kvartanir yfir því, hvað prestarnir eigi örðugt með að fá tekjur sínar inn; og jeg held að gjaldþegnarnir þurfi vissulega ekki að kvarta meira yfir óskilsemi prestanna, en prestarnir yfir óskilum gjaldþegnanna. Jeg ætla að nefna Oddabrauðið; hvernig getur presturinn þar borgað til lsj. þær 700 kr., sem hann á að greiða, þegar hann sjálfur fær ekkert borgað?

Viðvíkjandi þeim brauðum, þar sem tekjurnar eru milli 1100 og 1200 kr., þá er sannlega ekki vert að vera að telja eptir þau útgjöld, sem af því leiddi fyrir landssjóðinn, þótt hann ætti að gjalda prestsekkjunum á þeim brauðum; um það munaði landssjóðinn ekkert. Það eru að eins

mjög fáar ekkjur, sem munu þurfa að fá eptirlaun sín fyrir það úr lsj., en bæði er það, að brauð undir 1200 kr. ættu eigi að rýrast og að jafnrjettið við uppgjafaprestana á eigi að skerðast, einungis til þess að spara lsj. fyrir þessum litlu útgjöldum.

Arnljótur Ólafsson: Þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) tók það fram að miklu leyti, sem jeg vildi segja. 1. þm. Sm. (T. G.) sagði, að jeg mundi vilja spara fyrir landssjóðinn. Þetta er satt. Jeg vil fylgja honum í sparnaði fyrir lsj., en eigi lengra en svo að jafnrjetti manna sje eigi brotið. En þegar á að fara að brjóta jafnrjettið á lítilmagnanum, og það finnst mjer hjer vera gjört, þegar á að setja prestsekkjur 2 skörum lægra en uppgjafapresta, þá segi jeg: hingað og ekki lengra. Þm. Isf. dró það út orðum mínum mínum, að prestarnir væru vanskilamenn. Þetta er egi rjett ályktun; en hitt var skoðun mín, að prestar væru svo staddir, að þeir gætu eigi borgað, og kæmi það af peningaskorti, en eigi af óáreiðanleik þeirra. Þegar prestar eigi borga í lsj., halda menn þá að það komi af óáreiðanleik þeirra? Nei, það kemur af peningaeklunni, en hún kemur af því að engin peningauppspretta er í landinu sjálfu, og hver peningur, sem inn er fluttur, hefur hjer að eins stutta dvöl. Ef nú ekkjan fær eptirlaun sín úr lsj., þá fær hún þau í peningum. Peningar eru dýrir. Og er það því miklu betra fyrir hana að fá peninga, heldur en landaura, virta til peninga. Að endingu bið jeg menn sjer í lagi að gæta þess, að hjer sje eigi brotið jafnrjettið gegn hinum fagra hluta mannkynsins.

Friðrik Stefánsson: Jeg ætla í fám orðum að gjöra grein fyrir því, að jeg stend undir brtill. þessari. Jeg er nú yfirhöfuð mjög á móti öllum eptirlaunum, því að það er skoðun mín, að hafi embættismönnum verið borgað sómasamlega, meðan þeir þjónuðu í embætti, þá sje engin ástæða til þess að veita þeim eða ekkjum þeirra eptirlaun þegar þeir eru frá embætti og gjöra alls enga þjónustu fyrir ríkið nje kirkjuna. Af tvennu illu skal taka hið skárra. Helzt hefði jeg auðvitað viljað halda tilskip. 15. des. 1865 og fella þetta frv. alveg. En það er nú eigi útlit fyrir, að það verði, og því vil jeg heldur af tvennu illu gefa atkv. mitt breytingartillögunni, en frv., þessu eins og það var útleikið af prestum og öðrum embættismönnum við 2. umr. Menn hafa sagt, að lsj. muni eigi mikið um að greiða eptirlaun til prestsekkna í brauðum sem hafa í tekjur frá 1000—1200 kr.; en það munar þó um 35 brauð sem eru á milli 1000—1200 kr. Þessari byrði þykir stjórninni ekki rjett að dyngja upp á lsj. *Þetta þykir henni of vaxið lsj.* En prestunum? Nei þeim þykir lsj. þetta ekkert ofvaxið, enda er það ekkert undarlegt: *þeir eru að mæla með stjettarbræðrum sínum.* (*L. B.*: Misskilningur). Þeir segja að þetta sje fyrir ekkjurnar. En það er eigi til neins fyrir þá að slá þessu fram. Vjer sjáum vel hvar fiskur liggur undir steini. Þetta er beinlínis fyrir prestana og til þess, *að losa við byrði sem stjórnin sjálf telur með öllu óhætt að leggja á þá.* Ekkjurnar áttu að fá sín eptirlaun frá prestunum eptir stjfrv. á þeim brauðum, sem eru frá 1000 til 1200 kr. að tekjuhæð og kalla jeg það næga tryggingu fyrir þær, og tæplega trúi jeg því, að prestar sjeu svo samvizkulausir, að þeir haldi því fje fyrir fátækum prestaekkjum með föðurlaus börn, sem þær með rjettu eiga að hafa. Þm. Ef. (A. Ó.) segist vera að berjast fyrir jafnrjetti. En hvar er hjer jafnrjetti? Er það jafnrjetti, að taka þetta fje frá fátækum bændum og fátækum bændaekkjum með föðurlaus börn, og stinga því í vasa prestanna? Jeg hygg, að þm. sje nú farinn að berjast fyrir því, sem hann áður hefur kallað ójafnrjetti eða vanrjetti. Þm. Snf., Bst., vildi jeg segja, spurði, hvort mönnum fyndust kjör presta sjerlega glæsi eg. En jeg vil þá spyrja hann hvort honum finnst kjör bænda svo glæsileg, að á þá sje bætandi útgjöldum ár eptir ár. Hann vill ef til vill hafa embættismannaaðal hjer á landi; en það vil jeg eigi; enda hefur embættisaðall ekki gengið að erfðum mann frá manni á landi hjer, og svo mun enn, þó þeir reyni að hlaða undir embættismenn. Að breyta orðinu «svívirðilegt» í «ósæmilegt» gjöri jeg að engu kappsmáli, en jeg álít það *beina skyldu við kjósendur* mína og skyldu hvers þjóðkjörins þm. við kjósendur sína, *að ganga eigi framar í því að hlaða þess konar byrðum á lsj. en stjórnin sjálf.*

Jón Ólafsson: Þessi brtill. hefur mætt töluverðum andmælum frá prestunum. Það var alveg eins og við var að búast. Þm. Ef. (A. Ó.) kvað, að prestsekkjur myndu eigi ná jafnrjetti við uppgjafapresta, ef þessi brtill. næði fram að ganga. En jeg held að jafnrjetti hans sje byggt á skökkum

grundvelli. Ekkjurnar hafa aldrei þjónað sem prestar. (*A. Ó.:* En þær hafa þjónað prestunum). Já, þær hafa þjónað prestunum, en það er engin beinlínis landsins þjónusta. Jeg tek upp orð hins háttv. 1. þingm. Ef.: þær hafa þjónað prestunum! Gott og vel; látum þá prestana eptirlauna þeim. Þar að auki er nú munurinn eigi stór fyrir prestsekkjuna, því að hún fær eigi minna, hvort heldur hún á að fá sömu upphæð úr lsj. eða frá prestum. Það er einungis, að hún á við verri menn, sem hætt er við að muni, að sögn prestanna hjer á þingi, svíkja hana um það, sem hún á með rjettu. En getur ekkjan þá eigi rekið rjettar síns? Jú. Jeg hef sjálfur tekið að mjer að reka rjettar prestsekkju, sem eigi fjekk eptirlaun þau, sem henni bar að fá af brauðinu, skilvíslega greidd. Jeg fór til prófasts og fjekk landskuldir og leigur af kirkjujörðum útlagðar upp í skuldina. Slíkt hið sama geta aðrar ekkjur gjört og tel jeg það eigi meiri vanda fyrir þær að fá skil hjá prestum, heldur en fyrir lsj. Annars þykir mjer merkilegt hvað prestar nú vilja vera örlátir við prestsekkjur. Það er af því að lsj. á að borga. Ef maður aptur lítur á reikninga prestsekknasjóðsins, þá ber minna á örlæti þeirra. Það eru enda efnaðir prestar, sem að eins reyta úr sjer 1 og 2 kr. á ári ár eptir ár. Alls nema tillög þau, sem prestar árlega leggja í þennan sjóð, einum 50 til 60 kr. Þar þætti mjer fallegra að sjá hjá þeim örlætið, þegar það sem ekkjurnar fá, er frá þeim sjálfum, heldur en þegar það er úr lsj. eða úr vösum annara. Að setja «ósæmilegt» í st. f. «svívirðilegt» er mjer ekkert kappsmál. En það get jeg eigi sjeð, að orðið «ósæmilegt» sje nokkru óákveðnara en hitt, því að hjer stendur: «að almennings áliti». Hjer er því ekki að ræða um, hvað dómstólar áður hafi dæmt, heldur hvað almenningur álíti. En meðan vjer höfum enga kviðdóma, er reyndar örðugt að sjá hvernig úr því á að skera, hvað *almenningsálit* sje í þessu tilfelli eða hinu, nema menn vilji fara að kalla saman í hvert sinn almennt kirkjuþing!!

Holger Clausen: Jeg ætla ekki að lengja þingræðurnar í þessu máli, en að eins biðja hinn h. 1. þm. Skg. (Fr. St.) að bera það ekki upp á mig, sem jeg aldrei hef sagt.

Þórarinn Böðvarsson: Hinn h. 1. þm. Sm., (Tr. G.), sem er fremstur á blaði undir brt., kvaðst vera í sparnaðarn., en jeg vil leyfa mjer að benda honum á brt. hans, og umræðurnar sem spinnast út úr henni verða ekki til þess að spara þingkostnaðinn. Hann gat þess að það væri ein aðalástæða sín fyrir þessari brt., að láta frv. fá hina sömu mynd og það hafði frá e. d., svo það þyrfti ekki að ganga þangað aptur þinginu til kostnaðar og tímatafar; en þá víkur undarlega við, að hann fer líka fram á að breyta einu orði í frv., þar sem hann vill setja «ósæmilegt» fyrir «svívirðilegt»: en orðið ósæmilegt er óhafandi og fæ jeg því ekki skilið í þeirri aðalástæðu hans, því að með þeirri breytingu yrði málið aptur að ganga til e. d., þó að hann og meðustm. geti fært 1200 niður í 1000, eins og upphaflega stóð.

Hinn h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) hefur svo ljóslega fært ástæður móti brt., að jeg hef engu orði við það að auka, en jeg álít mjer skylt að bera það af honum, sem sagt hefur verið í þessu máli, að hann hafi litið meira á hag stjettarbræðra sinna, en góðu hófi gegndi, og væri eigi sjálfum sjer sem samkvæmastur. Þm. hefur talað með hinu mesta rjettsýni og með fullri samkvæmni við sjálfan sig og undanfarnar gjörðir þingsins, er hann nú heldur því fram, að brauð sem eigi nái 1200 kr., skuli eigi rýrast með eptirlaunagjaldi. Þingið hefur áður samþykkt að brauð undir 1200 kr. skuli eigi standa straum af uppgjafaprestum, heldur lsj., og þá er rjettlæti og samkvæmni í því, að láta hina sömu reglu gilda um eptirlaun prestsekkna.

Þorsteinn Jónsson: Þar eð jeg er einn af þeim sem er undir brt. að færa 1200 niður í 1000, þá vil jeg stuttlega gjöra grein fyrir þeirri ástæðu, er meðal annars knúði mig til þess, og hún var sú, að það vakti fyrir mjer að prestur á 1000 kr. brauði opt á tíðum væri eigi ver staddur, en hinn sem sæti á 1200 kr. brauði, þar eð hinn síðari á eptir l. um eptirlaun presta frá 27. febr. 1880 að greiða eptirlaun til uppgjafaprests, sem kann að vera í brauðinu, en hinn fyrri er laus við þær kvaðir, og er því færari til að borga af brauðinu eptirlaun til prestsekkju. Mjer finnst þetta vera töluverð ástæða til þess að taka heldur lægri töluna.

Atkvgr.: Um brt. 7 þm. v. 2. gr. (C 194) var sakir ónógrar atkvgr. haft nafnakall.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Friðrik Stefánsson,	H. Kr. Friðriksson,
Gunnlaugur Briem,	Magnús Andrjesson,
Jón Ólafsson,	Arnljótur Ólafsson,
Ólafur Pálsson,	Benidikt Sveinsson,
Tryggvi Gunnarsson,	Egill Egilsson.
Þórður Magnússon,	Eiríkur Kúld,
Þorl. Guðmundsson,	Grímur Thomsen,
Þorsteinn Jónsson,	Holger Clausen,
Þorst. Thorsteinsen.	Jakob Guðmundsson,
	Lárus Blöndal,
	Þórarinn Böðvarsson.

2. þm. Hv. greiddi eigi atkv., var því atkv. hans talið með meiri hlutanum, var þannig brt. felld með 12 atkv. móti 9; brt. sömu þm. v. 7. gr. tekin aptur. Frv. í heild sinni sp. m. 12:5.

Sakir áorðinnar br. var málið sent aptur til e. d.

Lfrv. um löggilding nokkurra verzlunarstaða (C 176); 1. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Af því að jeg veit með vissu, að von er á ýmsum vust. við þetta frv. og allar þær ástæður sem færa má fyrir löggildingu þessara 5 verzlunarstaða, er nefndar eru hjer í frv., hljóta auðvitað líka að eiga við hina staðina, sem vust. fara fram á löggilda, frá almennu sjónarmiði skoðað, þá álít jeg það eigi vera nema tímatöf að ræða mikið um málið á þessu stigi áður en þm. hefur gefizt kostur á að koma með vust. sínar, svo að hafa megi fyrir sjer alla verzlunarstaðina eða málið í heild sinni í einu. Þess vegna óska jeg að málið fái að ganga nú þegar til 2. umr., án þess að frekar sje um það rætt að sinni.

Þorlákur Guðmundsson: Af því að við þm. Á. höfum meðferðis bænaskrá frá kjósendum vorum um löggilding Stokkseyrar, þá höfum við hugsað til að koma fram með vust. við 2. umr. og vildi jeg geta þess nú þegar til þess að þm. sem hafa samkyns mál að flytja en ekki hafa þegar komið þeim inn á þingið vilji slá sjer saman við okkur.

Jakob Guðmundsson: Jeg vona að þd. fallist á, að vísa þessu máli til 2. umr., án þess að tefja tímann með löngum umræðum. Jeg vona að nú sje það orðið yfir höfuð skoðun flestra þm., að alþ. erfiði ekki lengur móti frelsi manna hvað atvinnu og bjargræðisútvegi snertir og vilji lofa landsmönnum að flytja vörur sínar á þá staði og sækja þær þangað og verzla með þær þar, er kunnugir menn segja að sjeu hagkvæmastir og bezt í sveit komnir, bæði fyrir kaupendur og seljendur.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að koma fram með dálitla hugvekju fyrir hina heiðruðu ustm. Það væri ekki úr vegi að þeir læsu betur 3. og 5. gr. l. 7. nóvbr. 1879 um breyting á eldri l. um siglingar og verzlun á Íslandi. Í 3. gr. segir svo, að heimilt skal kaupmönnum, er reka fasta verzlun hjer á landi, að verzla á skipum hvar sem þeir vilja án alls tímatakmarks, og selja hvað sem þeir vilja á þessum ólöggiltu stöðum nema vínföng og áfenga drykki. En 5. gr. l. gefur hverjum búandi manni rjett til að verzla með allan varning á heimili sínu, nema áfenga drykki og vínföng, ef hann að eins fær leyfi sýslunefndar og leysir borgarabrjef fyrir 50 kr. — Hvort er það nú tilætlan ustm. að þessir staðir löggildist til þeirrar verzlunar sem 3. og 5. gr. l. 7. nóv. 1879 heimilar (Nei! Nei!), eða þá á vanalegan hátt, svo að útlendir kaupmenu megi flytja þangað og reisa verzlunarhús og að allt megi selja þar afdráttarlaust? Hið síðara mun sjálfsagt vera tilætlan hinna heiðruðu ustm.; en þar sem nýsamin l. heimila innlendum kaupmönnum að verzla á skipum, hvar sem þeir vilja, og bændum að hafa fasta verzlun á heimilum sínum, að áfengum drykkjum fráskildum, þá finnst mjer það vera athugavert að gefa l. út sem mundu gjöra þetta frelsi hinnar innlendu verzlunar þýðingarminna, í stað þess að hlynna að því á allan hátt.

Finnst ustm. það eigi heldur vera athugavert að opna hverja vík og hvern vog fyrir útlendum kaupmönnum, t. d. við Lagarfljótsós, þar sem enginn veit um hvort inn verður siglt, eða nokkur höfn er fyrir? Er það eigi ísjárvert að opna hvern vog, þegar litið er til l. um sóttvarnir og tollgreiðslu? Það er hætt við að eigi yrði ljett að hafa eptirlit með öllum þessum útskæklum. En jafnframt því að þessar mörgu löggildingar nýrra kauptúna væru hættulegar fyrir sóttvarnir og tollgreiðslu, þá yrðu þær og til hnekkis fyrir innlenda kaupmenn. Jeg er hræddur um að hinir föstu innlendu kaupmenn hugsuðu síður um að byrgja sig með nægum vörubirgðum af

öllu tagi, en yrðu smákaupmenn með einokrun hver í sinni holu.

Jeg vil engan veginn meina mönnum að gjöra sjer svo hægt um flutninga, sem auðið verður, til og frá kauptúnunum; en þess geta menn fyllilega aflað sjer eptir l. 7. nóv. 1879; en á hitt verða menn og að líta, sem jeg þegar hef nefnt, sóttvarnir og tollgæzlu, og hvort vjer eigum að hlynna að innlendri verzlun, eða opna oss — að jeg mætti svo segja — að ofan og neðan til þess að lofa útlendum að smjúga inn í oss. Gáum að því, að sú setning haggast ekki, að verðlagið verði þeim mun betra, því meiri sem samkeppnin er. Heptum eigi samkeppnina, rýrum eigi hið góða verð með þessari sífeldu dreifing kaupstaðanna. Höfum það hugfast, að samkeppnin getur ekki átt sjer stað, þegar hinir innlendu verzlunarstaðir eru orðnir að einstökum og eintómum einokrunarholum.

Jón Ólafsson: Mig furðar að heyra andmæli frá 1. þm. Ef. móti frv. (*A. Ó.:* Athugasemd). Það er þá athugasemd sem ekki er á rökum byggð. Þm. sagði að hafnir vantaði á þessum stöðum, en þar sem jeg þekki bezt til, og það er á Austurlandi, þá veit jeg um báða þá staði sem jeg hef bætt við í v.till. minni, að þeir eru vel fallnir til kauptúna, því að á öðrum staðnum hefur lengi verið kaupstaður, og á hinum er góð höfn, og þangað hefur verið siglt, og jeg vil enda ekki fortaka að þar hafi verið verzlað undanfarið í lagaleysi, því að Norðmenn hafa komið þangað með timbur, og hefur sú verzlun verið mjög hagkvæm fyrir hjeraðsbúa. Það er því varla vafamál, að þar yrði verzlunarstaður, ef löggildingin fæst, og yrði til góðs fyrir næstu hjeruð.

Jeg skil ekki að verzlunarsamkeppnin minnki við það að verzlunarstaðir verði fleiri, og heldur ekki að hættara sje við einokun fyrir þá sök, að nýr staður kemur upp milli tveggja einokunarstaða; fjarlægðin til gömlu kaupstaðanna vex þó eigi við það, að nýr kaupstaður kemst á fót á milli þeirra, svo að mönnum verður jafnljett eptir sem áður að sækja til gömlu kaupstaðanna fram hjá þeim nýju, ef þeir vilja það heldur. Því fleiri sem eru um boðið, því meiri verður samkeppnin. Hinum h. þm. Ef. þætti það víst ekkert þjóðráð að setja það í skilmálana, er uppboðsþing skal halda, að eigi megi það sækja nema viss tala manna, til þess að samkeppnin yrði sem mest!! (*A. Ó.:* Misskilningur). Annars get jeg ekki hugsað mjer annað, en að þingið taki vel í þetta mál; sú stefna hefur rutt sjer til rúms í báðum deildum að löggilda verzlunarstaði þegar um er beðið, og þó að miklu minni ástæða hafi verið til þess en nú, t. d. með Jökulsá á Sólheimasandi. Það er nú komið svo langt, að mönnum hefur skilizt, að það eru sveitirnar sjálfar, sem bezt vita hvað til þeirra friðar heyrir. Sá finnur bezt hvar skórinn kreppir sem hefur hann á fæti. (*A. Ó.:* Við líka). Auðvitað; en sveitirnar vita það þó betur

Th. Thorsteinson: Jeg er alveg samdóma 1. þm. Ef. (A. Ó) í þessu máli, þó að það þyki ef til vill undarlegt, af því jeg kom með frv. á síðasta þingi um að löggilda Hesteyri, sem og varð að lögum. En eins og jeg sagði þá, þá fylgdi jeg því fram einungis vegna þess að þar er svo afarlangt til aðdrátta frá kaupstöðum. Af því þetta er 1. umr. málsins, má eigi tala um hina einstöku staði, en jeg skal þó leyfa mjer að geta þess um einn þeirra, sem jeg þekki, Sveinseyri við Tálknafjörð, að þar held jeg þyrfti að setja í frv., að kaupmenn frá næstu verzlunarstöðum ættu að verzla við kaupmanninn á Sveinseyri; því á báðar hliðar má segja að þeir sjeu næstir, og sinn kaupstaður á hverja hlið. Ef þingið kemst að þeirri niðurstöðu, að löggilda allar þessar hafnir, sem hjer er farið fram á, þá held jeg væri rjettast og umsvifaminnst, að leyfa óbundna verzlun alstaðar. Hitt er ekki nema tímatöf, að vera að káka við þetta á hverju ári. Þótt við þykjumst gjöra þetta til að efla samgöngurnar, þá held jeg og að hitt sje satt, sem þm. Ef. sagði, að það verði ekki til þess að auka samkeppnina, heldur til þess að minnka hana, því með lögum 7. nóv. 1879 er innlendum kaupm. gefið fullt leyfi til þess að verzla alstaðar, og með leyfi sýslunefndar má hver bóndi eða búsettur maður höndla með allt nema áfenga drykki. Til hvers er þá verið að löggilda verzlunarstaði nú nema til þess, að hægt sje að selja þar brennivín? (*Margir:* Nei). Máske það sje þá til þess að komast undan brv.-tollinum. Það lítur út sem eigi að gjöra það ómögulegt að tillögunum verði framfylgt, því með þessum ótal aukaverzlunarstöðum verður mjög erfitt að hafa eptirlit með þeim. (*J. Ó.:* Sýslumenn eða umboðsmenn). Hinn 2. þm. Sm. talaði um að farið væri í kringum lögin á sumum stöðum og verzlað

á útlendum skipum; en það þarf ekki að fara í kringum lögin til þess, því það má leigja útlend skip til flutninga og verzlunar. (*J. Ó.*: nei). Reynslan hefur sannað, að þessir litlu verzlunarstaðir gjöra ógagn; en verði það sannað að þeir gjöri gagn, þá vil jeg löggilda allar mögulegar hafnir eitt skipti fyrir öll.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Það lítur svo út sem h. h. þm. vilji tala mikið og margt um málið áður en það liggur fyrir í heild sinni, og er mjer þá nauðugur einn kostur, að fjölyrða meira um það en jeg ætlaði mjer að sinni. Viðvíkjandi því, sem 1. þm. Ef. (A. Ó.) sagði um Lagarfljótsós, þá skal jeg leyfa mjer að áskilja mjer rjett til þess að koma með upplýsingar um það á síðara stigi málsins.

En viðvíkjandi *hinni almennu* hlið þessa máls, skal jeg geta þess, að það eru tvær *aðalstefnur*, sem hafa komið fram frá því alþingi hófst 1845 og til þessa þings 1883, og sem að vísu koma í bága hvor við aðra, að því leyti sem þær eru á gagnstæðum grundvelli byggðar. Önnur af þessum stefnum er arfgeng og eptirstæða frá einveldis- og einokunartímunum, og gengur út frá því, að *löggjafarvaldið* eigi að skipa fyrir um, hvar verzlunarstaðirnir og vörumagnið skuli vera og *hvert landsbúar skuli* flytja vörur sínar, án þess í minnsta máta að taka tillit til þess hvað það kostar og hve miklum örðugleikum það kann að vera bundið, að flytja innlendar vörur á verzlunarstaðinn og útlendu vörurnar aptur heim til sín.

Hin aðalstefnan er hið *unga princip* eða aðalstefna. Hún er komin til sögunnar fyrst fyrir alvöru með hinu löggjefandi alþingi og gengur út frá því, að *láta náttúruna, sem menn segja, ráða.* Hún segir ekki við landsbúa: "*Hingað sem kaupmaðurinn* er, *skaltu* flytja vörur þínar, og hingað *skaltu* sækja nauðsynjar þínar». Það eru einmitt hinir rjettu hlutaðeigendur málsins, kaupmenn, ábyrgðarfjelögin *og* landsbúar sjálfir, sem eiga að skera úr í þessu máli og segja: „*Hjer skal* myndast verzlunarstaður». Með öðrum orðum, það eru einmitt *landshættirnir* og hinar eðlilegu samgöngur, og viðskipti við kaupmanninn, eins og þau vilja myndast af sjálfu sjer, sem eiga að mynda verzlunarstaðinn, og draga saman vörumagnið.

Þessi nýja grundvallarregla sem jeg svo kalla gengur að vísu huldu höfði í gegn um hvert þing síðan ráðgjafarþingin byrjuðu 1845, en með löggjafarþinginu fór henni fyrst að vaxa fiskur um hrygg. Á hinu fyrsta löggjafarþingi 1875 var sþ. lagafrv. um nýjan verzlunarstað á Vestdalseyri og annan á Blönduós. Það ár kom einnig fyrir ust. um að löggilda Þorlákshöfn og leyfa uppsiglingu á Fjallahöfn, en hvorutveggja var fellt í það sinn. Því þá var hið háttvirta löggjafarþing ekki orðið svo þroskað í frelsishugmyndum sínum, að það hefði andlegan og siðferðislegan kjark og krapta til þess, að bregða hnífnum yfir þvert á hina fornu hnappheldu einokunar- og einveldistímanna! En allt um það það, Þorlákshöfn var löggilt 1877 og Kópasker, Jökulsá á Sólheimasandi og Hornafjarðarós 1879, Hesteyri 1881 og ennfremur Geirseyri við Patreksfjörð, ef mig minnir rjett. En hvað sem því líður þá hafa öll þessi löggjafarþing, frá 1875—1881, löggilt 9 nýja verzlunarstaði, og suma þá, sem það hefur ekki löggilt á hinum fyrrum þingum, þá hefur það löggilt á hinum síðari. Hjer hefur því fullkomlega rætzt hin gamla og gilda regla: «Naturam furca pellas tamen usque recurret», eða eins og danska skáldið kvað: «Naturam furca pellas *ex*, den kommer nok igjen den *Hex*». (Þó náttúran sje lamin með lurk, leitar hún heim um síðir). Menn geta af þessu dregið þann áríðandi og huggunarfulla lærdóm, að þó einveldis-, og einokunurprincipið geti haldið sjer lengi uppi, þá hnígur það til jarðar um síðir fyrir staðháttum lands vors.

1. þm. Ef. (A. Ó.) tók það fram, að þessi löggilding á hinum mörgu verzlunarstöðum mundi verða hættuleg vegna þess, að þar af mundi leiða tollsvik er tollgæzlan yrði svo margbrotin og erfið En jeg sje ekki þessa hættu eða þessa erfiðleika, því að sýslumenn verða nú þegar að hafa fleiri umboðsmenn, og hvort þeir verða að hafa 1 eða tveimur fleira, gjörir lítið til og vegalengdin verður sú hin sama, eins og 2. þm. Sm. (J. Ó.) sagði. Ef t. a. m. Fjallahöfn væri löggilt, þá eykur það ekkert vegalengd og lítið sem ekkert erfiðleika með tolltekju fyrir sýslumanninn í Þingeyjarsýslu, því Fjallahöfn er nær en Kópasker, en Kópasker er aptur nær en Raufarhöfn, og Raufarhöfn nær en Þórshöfn. En hitt munar *bændur* í Keldhverfi *ósegjanlega miklu*, að þurfa ekki að flytja vörur sínar nema í Fjallahöfn í staðinu fyrir að flytja þær annaðhvort inn á Húsavík eða norður á Kópa-

sker, enda getur komið fyrir, að það sje alveg ómögulegt. Í fyrra þegar ísinn lukti allan Skjálfanda, var Keldhverfingum ómögulegt að ná nauðsynjum sínum frá Húsavík. Tunguheiði, sem er afar-há og ærið brött, var alveg ófær, ísinn lá umhverfis allt Tjörnnes, og að fara á hestum í kringum nesið mátti einnig heita ófært; því það er mjög svo langur, ógreiður og illur vegur. Vegaleysið og allir erviðleikar á aðdráttum og aðflutningum fyrir landsbúa eiga sannarlega að ráða meiru í þessu máli, en erfiðis- og ábyrgðarauki sá er kynni að falla á sýslumenn fyrir þessar sakir, þó að jeg á hinn bóginn þakki vini mínum, hinum h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) fyrir það, að hann allt í einu er farinn að vera svo vorkunnsamur við sýslumennina, af hverju sem það kemur; því hingað til hafa þeir ekki átt því láni að fagna hjá honum.

Jeg vona að þd. leyfi málinu að ganga til 2. umr., því það er nauðsynlegt að þm. fái sem bezta þekkingu á þessum fyrirhuguðu verzlunarstöðum, svo þeir því geti gjört við þá aths. sínar og gefið upplýsingar sínar um þá áður en felldur er endilegur dómur í málinu.

Eiríkur Kúld: Sumum kann að virðast það undarlegt að hitta mitt nafn undir þessu frv., því að mörgum af hinum heiðruðu þm. mun vera kunnugt, að jeg hef aldrei verið sjerlega skotinn í þessum smáu verzlunarstöðum, sem alþ. hefur smátt og smátt verið að búa til hvert árið eptir annað. Það stendur svo á mínu nafni undir frv., að bein áskorun kom til mín frá kjósendum mínum að fylgja þessu máli um löggildingu Sveinseyrar fram á þingi. Jeg skal ekki fara út í ræðu hins h. 1. þm. Ísf., honum leizt eigi sem bezt á Sveinseyri, en jeg get sagt honum og hinni heiðruðu þd., að það er vart betri höfn til á öllum Vestfjörðum en Sveinseyri. Tollgæzlan verður auðvitað töluvert erfiðari við fjölgun löggiltra verzlunarstaða, en sýslumenn geta eins og hinn h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) tók fram, haft umboðsmenn sína, þar sem þess gjörist þörf. — En á eitt vildi jeg leyfa mjer að benda hinni heiðruðu deild, sem ekki hefur komið fram í umræðunum, og það er að reynslan hefur sýnt það og sannað, að þessir smáu kaupstaðir hafa eigi orðið til siðabóta í kring um sig, og fólk stendur sig sjaldan betur á næstu bæjum við kaupstaði; það eru nl. mörg smákaupin og margar óþarfa kaupstaðarferðir, sem verða útdráttarsamar.

Á þetta og annað, sem þegar hefur verið tekið fram, verður maður að líta: en jeg segi fyrir mig að jeg er orðinn svo þreyttur og leiður á þessum bænarskrám, sem koma ár frá ári um löggildingu nýrra verzlunarstaða, að jeg vil heldur sleppa öllu lausu og láta reynsluna færa mönnum sanninn heim um það, hvað af þessari fjölgun leiðir; það verður betra, en að láta þetta mál stöðugt tefja tíma þingsins.

Jakob Guðmundsson: Þó að sumir ræðumenn hafi nú þegar farið út í einstök atriði þessa máls, þá skal jeg eigi láta það henda mig, enda þótt nafn mitt standi undir frv. Jeg vil að eins minna hina heiðruðu þd. á aðalstefnu þá er hún hefur; því fer betur að það hefur verið stefna þingsins nú á hinum síðustu árum, að rýmka í öllum greinum atvinnufrelsi manna, þar sem ekki verður sýnt fram á að af því leiði neitt siðferðislegt illt. Jeg get því ekki skilið að það sje komið slíkt apturhald í þingið nú 1883, að það vilji aptra framförum er miða til að gjöra atvinnu manna sem frjálslegasta, og láta reynsluna vera eina um það að sýna hvað sje heppilegt og hvað eigi í þeim efnum. Jeg skal játa að þegar rýmra frelsi er gefið, þá kann það að hafa í för með sjer einhvern skaða í bráðina, en það er nauðsynlegur skóli, eins og fyrir börnin að detta þegar þau eru að læra að ganga. En halda hinir heiðruðu þm., að nokkurt þing eða nokkur stjórn vilji taka upp á sig að segja hverri sveit, hvernig hún eigi haganlegast að reka atvinnuvegi sína, eða stunda gagn sitt, að þessu einu fráskildu, að því fylgi eigi neitt, sem er siðferðislega illt. Slíka ábyrgð tekur engin stjórn og ekkert þing sjer á herðar.

Jeg vona að meiri hluti þm. yfirgefi ekki þessa aðalstefnu, sem nú ætti að hafa unnið fullan sigur á voru landi, og sýni það í verkinu með því að taka vel í þetta mál.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg hafði eigi hugsað mjer að taka til máls við þessa 1. umr., en hef fundið ástæðu til þess út af orðum hins 2. þm. Nm. (B Sv.). Jeg vil biðja hann og alla þd. vandlega að gæta þess, hver munurinn er á því sem nú er farið fram á með löggildingu allra þessara verzlunarstaða, og heimildar þeirrar, er l.

frá 7. nóv. 1879 veita mönnum. I 3. gr. þessara l. fá allir fastir kaupmenn hjer á landi rjett til að verzla á skipum hvar sem þeir vilja án alls tímatakmarks, ef þeir að eins gæta l. um tollgreiðslu og sóttvarnir. Það sem því ávinnst við löggildingu allra þessara smáhafna, ef hafnir skyldi kalla, er það, að í fyrsta lagi er útlendum lansakaupmönnum hleypt inn á alla þessa staði, og í öðru lagi er öllum, er reka verzlun á þessum stöðum, leyft að selja brennivín eða vínföng. Jeg átti sízt von á slíkri ívilnun frá 2. þm. Nm., því að jeg man vel eptir því, að hann á þingunum 1877 og 1879 barðist fyrir því með hnúum og hnefum, að eigi skyldi öðrum leyft að verzla hjer á landi, en búsettum mönnum í landinu sjálfu; en nú vill þessi sami þm. hleypa útlendum lausakaupmönnum inn í landið á hverja vík. Og ekki er því að fagna, að von sje á að þessir menn komi með annan eða betri varning, en l. 7. nóv. 1879 heimila íslenzkum kaupmönnum að færa á alla staði, að fráskildu þessu eina, áfengu drykkjunum, og eru mjer víst flestir samdóma um það að lítið er unnið við að dreifa þeirri vöru sem mest um landið. — Þess vegna virðist mjer að þetta frv. með öllum sínum vtill., er komnar eru og von er á, sje ekki nema til að brjóta það niður sem byggt var upp með l. 7. nóv. og halda öllu í stefnuleysi og innleiða óþarfakaup í landinu.

Jeg vil biðja menn að hugleiða vandlega, hvort þeir vilji heldur styðja innlenda verzlun, eða útlenda verzlun, þá síðari með því að hleypa útlendingum inn í landið. I annan stað vil jeg biðja menn að hugleiða, hvort þeir telji happasælla og auðtækara fyrir landið að fá sem mest í beinum tekjum, eða óbeinum. Sje það vilji þjóðar og þings að minnka hinar beinu tekjur, en fá sem mest af gjaldi til lsj. í tollum bæði af aðfluttri og útfluttri vöru, þá er það hverjum ljóst, hversu óheppilegt það er, að fjölga stöðum, sem útlendir kaupmenn mega sigla rakleiðis til og verzla á, því að sama skapi margfaldast örðugleikarnir við tollgæzluna, ekki sízt ef það skyldi ná fram að ganga að leggja útflutningstoll á landvarning.

Þingið verður að vera sjálfu sjer samkvæmt og hafa fasta stefnu. Nú er stefnan sú, að afla landinu fjár með óbeinum tekjum, og þá kalla jeg það stefnuleysi að gefa um leið út l., sem gjörir það illmögulegt að ná þessu fje í lsj. Það er því sannfæring mín að þingið gjöri rjettast í að fella þetta frv. með öllum sínum v.till. Menn geta í bráðina látið sjer nægja með l. 7. nóv. 1879; þau l. hafa þann mikla kost, að þau ljetta landsmönnum aðflutninga og laða einmitt innlenda verzlunarmenn, til að reyna fyrir sjer hvar nýtilegar og hagkvæmar hafnir sjeu, til verzlunar á skipum; þykji þeim ástæða til að byggja þar og verzla á landi, þá geta þeir útvegað sjer í bráðina leyfi til þess hjá sýslunefndinni. Verði sú raunin á, að staðurinn sje góður og bændur vilji reka verzlun þar, þá má leita til alþ., og þá skyldi jeg vera manna fúsastur til að greiða atkvæði mitt með fullri löggildingu á slíkum stað. Þá samþykkir alþ. ekki út í bláinn, og meiri líkur eru þá til að löggildingin verði notuð og verzlunin lendi í höndum innlendra manna. Verði l. frá 7. nóv. 1879 notuð svona, þá ná þau tilgangi sínum; en hann var einmitt sá, að koma í veg fyrir allar þessar ástæðulitlu eða ástæðulausu bænaskrár um einhverja óreynda eða ómögulega verzlunarstaði.

Benidikt Sveinsson: Það fer alls ekki líkt fyrir mjer og 1. þm. Sm. (Tr. G.), jeg átti einmitt von á að hann mundi tala svona eins og hann gjörði, því hann er, eins og eg, æfinlega sjálfum sjer líkur. Hann reyndi að sýna fram á, að jeg væri í mótsögn við sjálfan mig, eptir því sem jeg hafði fyr talað á þingum og viljað láta alla kaupmenn vera *búsetta* í landinu sjálfu. En það er engin mótsögn í orðum mínum nú og þá, enda ræðir hjer alls ekki um *búsetu* kaupmanna, heldur um löggildingu verzlunarstaða. En má eg spyrja? Hvað gjörði 1. þm. Sm. þá, þegar rætt var um það, að allir fastir kaupmenn skyldu vera *búsettir* á Íslandi, já, hvað gjörði hann í *þessu* velferðarmáli landsins? Hann barðist móti lögum um búsetu-skyldu kaupmanna hjer á landi með hnúum og hnefum og vildi að gamla faktóraverzlunin hjeldist; hann vildi allt svo að allt fjármegnið eða verzlunarágóðinn drægist til annara landa og að eigendur verzlananna sætu þar, en hjeldu að eins verkamenn sína eða umboðsmenn hjer á landi, einmitt til þess og einkis annars en að draga allt fjeð út úr landinu sjálfu til annara landa. Þm. og þeir sem honum fylgdu, vildu ekki sleppa gamla súrdeiginu, heldur láta fósturjörðina enn þá um langan

aldur vera selstöðu frá Danmörku. *Þá* vildi jeg og vil það *enn* að þessir *útlendu* kaupmenn, því að annað get jeg ekki kallað þá, hvað «fastir» sem þeir kunna að vera, hefðu engin einkarjettindi hjer á landi, eins og mjer á hinn bóginn hefur aldrei blandazt hugur um það, að þeir kaupmenn sem í *raun og veru* eru *búsettir í landinu* og flytja auð og velmegun inn í landið, að þeir, segi jeg, eigi eðlilega heimtingu á mörgum og miklum einkarjettindum móts við hina.

Getur nú hinn h. 1. þm. Sm. sagt með sanni að þetta sje mótsögn hjá mjer? jeg get eigi ætlað það; og gái jeg betur að, þá skal jeg einnig játa að hann sje heldur ekki í mótsögn við sjálfan sig er hann heldur enn hinu sama fram sem áður! jeg þrái og hef alltaf þráð innlenda verzlun í þessa orðs sönnum skilningi og þessa verzlun vil jeg láta skapast og myndast í skjóli frelsisins á þann hátt, að hin nátturlegu öfl fái að ráða, og þessi öfl sem verða samtaka til þess að mynda og skapa verzlunarstað, eru vilji kaupmanna, vilji landsmanna, vilji ábyrgðarfjelaganna, en ekki blint atkvæði og ráðríki laggjafarvaldsins.

Allt öðru máli er að gegna um það, ef lögreglustjórn landsins, sem nú er, yrði máske ónóg til þess að hafa gætur á sóttvörnum og tollgreiðslu; reynist það þá getur þingið ráðið bót á því; það er ekki fyrir utan verkahring þingsins, heldur beinlínis skylda þess; en hitt er með öllu fyrir utan verkahring þingsins að einskorða með lögum, *hvar* verzla skuli og *hvort* landsmenn eigi að flytja og sækja sínar vörur. Alþ. á ekki ráð yfir sveitadropum, fje og fjöri Íslendinga á *þennan* hátt; það má ekki halda að landshættirnir á sjó eða landi hagi sjer eptir því, heldur verður það að haga sjer eptir þeim. Alþ. getur ekki skipað bóndanum: þú skalt leggja út í ófært veður, fara yfir ókleifa fjallvegu og leggja í ófær vatnsföll, eins og það heldur ekki getur fært fjöllin úr stað. Nei! Slíkar skipanir heyra sanarlegar ekki hinu löggefandi þingi til!

Jeg vona að hinn h. 1. þm. Sm. *verði* mjer samdóma um allt þetta *á endanum* og jeg vona þess einnig, að við getum mætzt á miðri leið, ef hann að eins vill vera hlynntur þeirri aðalhugsun minni, að íslenzkir kaupmenn, það er að segja eigendur hinna íslenzku verzlana, eigi að vera búsettir í sjálfu landinu. Þegar hann kemur fram með lfrv. í þá átt, skal enginn fylgja honum kappsamlegar að því máli en jeg eða neinu því máli, sem miðar til að hlynna að og efla slíka kaupmenn, slíkar verzlanir. Jeg vona að öðru leyti að málið fái góðan framgang hjer í þd. og því verði án frekari mótstöðu vísað til 2. um.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg ætla mjer eigi að tefja tímann lengi; jeg ætla að eins að leiðrjetta hinn h. 2. þm. Nm. (B. Sv.). Jeg hef aldrei barizt á móti því að búsettir kaupmenn fengju eigi meiri rjettindi, en útlendir. Þvert á móti hef jeg ávallt viljað hlynna að hinni innlendu verzlun. Þess vegna hef jeg ávallt verið á móti hinni útlendu lausaverzlun og þess vegna hef jeg aldrei viljað leyfa útlendum «spekúlöntum», að verzla hvar sem vera skal, því að þá binda engin bönd við landið og þeir skjótast að eins inn á eina eður aðra höfn, án þess að gjalda nokkur gjöld til landsins þarfa nema tollinn, þar sem aptur á móti hinir búsettu kaupmenn mega greiða til allra stjetta. Hinn h. þm. sagði, að hann vildi láta reynsluna ráða; en tíminn hefur einmitt sýnt, hvert gagn hefur verið af því, að löggilda hafnir, því að af 9 verzlunarstöðum, er löggiltir hafa verið hin síðustu ár, er að eins búið að byggja hús á tveimur Á 7 stöðum hefur löggildingin því enga þýðingu haft. Og hvað það snertir, er hinn h. þm. sagði um samgöngurnar, þá er búið að bæta úr þeim vandræðum, sem áður hafa verið, því að eptir 3. gr. í lögum 7. nóv. 1879 «skal heimilt kaupmönnum þeim, er reka fasta verzlun hjer á landi, að verzla á skipum *hvar sem þeir vilja*, án alls tímatakmarks». Þessir kaupmenn geta því flutt allar vörur til manna á hvern fjörð og hverja vík, sem þeir vilja; munurinn er þessi: þingmaðurinn vill með þessum mörgu löggildingum láta útlenda og landinu óviðkomandi menn framkvæma þennan flutning á hvern vog og vík, en jeg vil að búsettir menn í landinu gjöri það eingöngu. Jeg hygg að betra sje að þm. reyndi til þess að koma búsettum kaupmönnum til að nota sjer lögin 7. nóv. 1879, heldur en að vera berjast fyrir því, sem verður hinni innlendu verzlun til niðurdreps og landsmönnum til lítils gagns.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að leiðrjetta það, sem hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) sagði að mönnum væri frjálst að flytja allar vörur á allar hafnir, þótt eigi væru þær löggiltar. Hvaðan er timbur flutt? frá Noregi! Þessir selstöðukaupmenn, eins og hann og

hans líkar, geta ekki selt timbur eins ódýrt og Norðmenn, en Norðmaðurinn hefur ef til vill ekki fasta verzlun, og má því eigi selja timbur sitt nema á löggiltum verzlunarstöðum, og þó heil sveit kaupi á verzlunarstaðnum farminn, þá *má ekki Norðmaðurinn flytja heim til kaupendanna hið selda timbur*, nema þeir hafi löggiltan verzlunarstað í sveitinni, þar sem þeir megi veita farminum viðtöku. Þó að hann hafi selt og selji á öðrum stöðum, þá hefur það verið í óleyfi. Menn geta þá sagt, að Norðmaðurinn geti selt sitt timbur kaupmanninum; en þá setur kaupmaðurinn það upp; eða að bændur geti fengið kaupmanninn til að taka það til flutnings, en halda menn þá að kaupmaðurinn muni fara að hjálpa «konkúrrentum» sínum? Hann sem ef til vill situr uppi með leifar af gömlu timbri, er hann vill selja með uppskrúfuðu verði. Nei! nú sem stendur er mönnum í mörgum sveitum bannað að hafa hagkvæm timburkaup á löglegan hátt.

Benidikt Sveinsson: Jeg ætla að eins að gjöra þá örstuttu athugasemd að 1. þm. Sm. hefði átt að bæta við *faktora*-verzlun, því það er henni, sem jeg hef barizt á móti.

Málinu vísað til 2. umr með 16 atkv.

Frumvarp til laga um kosningu presta (C 186); 1. umr.

Grímur Thomsen: Með því að jeg var hinn fyrsti sem kom fram með frv. í þessa stefnu á þinginu 1881, þá verð jeg að þakka hinni h. e. d. fyrir þetta frv. sem mjer virðist í mörgum greinum gott og ákjósanlegt; en aptur eru önnur atriði í því, sem jeg álít óhafandi; að því leyti sem söfnuðunum er veitt heimild til að kjósa presta sína, álít jeg frv. gott, en þar sem úrslit málsins eru komin undir biskupi, og ef hann synjar kosningu safnaðanna staðfestingar, þá gæti svo farið, að ýmsir söfnuðir yrðu um ótakmarðaðan tíma prestlausir, en þessu mætti nú kippa í lag, og held jeg, að það væri heppilegt, að stæla í því minna eptir einni grein í stjórnarskrá Norðmanna nefnilega þeirra að konungur geti ekki synjað lögum staðfestingar, sem koma frá þinginu ef þingið hefur þrisvar sp. þau, og eins væri hjer gjörð sú ákvörðun, að biskup gæti eigi synjað um staðfesting á kjöri safnaðanna optar en tvisvar og sje neyddur til að staðfesta það í þriðja sinn. Það virðist og vera trygging fyrir því, að sá prestur sje vel hæfur, er söfnuðurinn kýs þrisvar í röð hvað eptir annað. Jeg skal að svo komnu ekki fara fleirum orðum um málið, en ætla mjer að undirbúa bratkv. til 2. umr.

Jakob Guðmundsson: Það er satt sem hinn h. þm. Bf. (G. Th.) tók fram, að það er hugsanlegt að svo gæti farið, að sumir söfnuðir yrðu prestlausir, ef biskup synjaði kosningu þeirra staðfestingar, þótt það reyndar ekki mundi koma opt fyrir, en mjer virðist ust. hans mjög liðleg og eðlileg, því að ef söfnuðurnir kjósa þrisvar sama prestinn, en biskup neitar, þá þykir mjer líklegt, að þingið sje svo frjálslynt, að það vilji ekki láta neyða upp á söfnuðina þeim presti, sem þeir ómögulega vilja hafa; mjer þykir ólíklegt að þingið vilji taka ábyrgð á öllu því illa, sem af því gæti leitt, á herðar sjer. Jeg verð því að vera þessari ust. meðmæltur eða einhverri þeirri takmörkun, sem komið gæti í veg fyrir þetta kirkjulega og andlega ófrelsi.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla fyrst að taka til íhugunar, hvað á að koma í veg fyrir með þessu frv. Mjer hefur skilizt, að það ætti að koma í veg fyrir að söfnuðirnir fengju óhæfa presta, þessa hneykslispresta, slarkarapresta og svo framvegis, sem sumir tala um. En er þá komið í veg fyrir það með þessu frv.? Lstj. og kirkjustj. hefur opt fengið áminningu fyrir það, að hún veitti slíkum mönnum embætti, en það verður þó ekki mögulegt, að taka annað en það, sem til er, og það geta söfnuðirnir ekki fremur. En hver gæði eru það þá, sem frv. veitir? Það skyldu vera þau, að söfnuðirnir yrðu ánægðari með þann prest, sem þeir hefðu sjálfir kosið, en þann sem lsj. hefur veitt embætti að þeim fornspurðum. Eptir því sem jeg þekki frekast til, þá eru söfnuðir nú yfir höfuð ekkert óánægðir yfir prestum sínum. Hitt þykir mjer mikilli furðu sæta, að söfnuðirnir skuli eigi afbiðja presta sína, ef þeir væru eins og þeim er lýst bæði í sumum blöðum og annarstaðar. Þar sem þess hefur gjörzt þörf hefur verið tekið í taumana, og sá eini prestur, sem kærður hefur verið, var viðstöðulaust settur af. (*J. Ó.:* En hversu opt var búið að kæra hann?). Hversu opt það hefur verið, það veit jeg ekki, en hitt veit jeg, að eptir að hann var kærður í síðasta sinn, báðu söfnuðirnir um, að mega halda honum. Yfir höfuð álít jeg að það sje gott samkomulag

milli presta og safnaða, og helzt of gott í þeim tilfellum, sem jeg hefi nefnt. Jeg skal bæta því við, að jeg veit dæmi til þess, að einmitt þegar söfnuður hefur fengið þann prest sem hann ekki vildi fá, en orðið að missa af þeim presti, sem hann vildi sjálfur kjósa, þá hefur söfnuðurinn eptir á verið lstj. mjög þakklátur fyrir, að hann fjekk ekki að ráða. Í 3. lagi vil jeg spyrja, er þetta frv. samkvæmt því fyrirkomulagi kirkjunnar sem nú er á sambandinu á milli ríkis og kirkju? Ef ríki og kirkja væru að skilin, þá væri frv. á góðum grundvelli byggt, en nú er það að mínum skilningi byggt á röngum grundvelli.

Jeg skal fúslega játa það, að það væri mjög æskilegt, að söfnuðirnir fengju sem mesta hlutdeild í ráðum um það, hvaða prest þeir hljóti, en heppilegar ust. um það hafa enn þá ekki komið fram og heppilegar uppástungur er ekki hægt að koma með. Þetta frv. álít jeg óhafandi eins og nú er statt, og skal jeg við 2. umr. málsins sýna betur fram á það. Það eru einmitt þessir erfiðleikar á því, að setja þær reglur um þetta mál, sem geta átt við það fyrirkomulag, sem nú er á kirkjulegum málum og sambandi ríkis og kirkju, sem gjörir það, að jeg sje eigi fært að halda út í þetta mál að svo stöddu.

Jón Ólafsson: Þótt jeg sje óvanur því að standa upp sem forsvarsmaður presta, verð jeg þó nú að gera það að nokkru leyti. Vinur minn hinn h. 1. þm. G.K. (Þór. Böðv.) sagði, að lítil bót væri að þessu frv., því söfnuðirnir væru bundnir við þá presta og prestaefni, sem til væru, og þau væru ekki betri, en reynslan sýndi; jeg vona þó að hann álíti þó ekki prestaskólann þá spillingarstofnun, að enginn sleppi frá honum óspilltur maður! nei, því fer betur að þaðan koma þó innan um dável hæf prestaefni, þótt helzt til margir sjeu hinir, sem ættu aldrei að komast í embætti. En væri nú svo, að engan hæfan prest væri að fá, ímynda jeg mjer að betra væri autt rúm en illa skipað, eins og hið fornkveðna segir, og betra væri að söfnuðirnir væru prestlausir en að hafa einhverja óhæfa presta. Þar sem hann talaði um, að lítil trygging mundi fyrir því að söfnuðirnir mundu kjósa vel, þar sem söfnuðir væru víða ekki svo vandlátir með presta sína, ef það væri satt sem sum blöð og fleiri segðu um hneykslispresta, þá skal jeg játa það, að söfnuðirnir eru opt helzt til polinmóðir við þá. En af hverju kemur þessi þolinmæði? — af vana: þessi hugsunarháttur hefur alizt upp hjá þeim, þegar veitingarvaldið hefur ekki tekið til greina kvartanir þeirra, og þá er öll von að tilfinning þeirra sljófgist. Það reyndist mjög örðugt að fá þennan eina prest dæmdan frá kjóli og kalli, sem þó loks var gjört, og einmitt af því að veitingarvaldið hafði svo lengi daufheyrzt við kvörtunum safnaðanna, þá var annar söfnuðurinn orðinn svo sljór, að hann beiddi um, að fá að halda honum og una við sorpið. Slíkur hugsunarháttur er ávöxtur af margra alda uppeldi kirkjustjórnar vorrar. En setjum nú svo, að sumir söfnuðir væru svo sljófir, að þeir kysu óhæfa presta, þá væri skaðinn ekki svo stór, þótt hneykslisprestarnir lendi hjá þeim söfnuðum, sem orðnir eru tilfinningarlausir fyrir slíku; en það er ekki hætt við, að svo fari með þá söfnuði, þar sem tilfinningin er óspillt. En einmitt þeir söfnuðir eiga nú á hættu, að veitingarvaldið sendi þeim einhvern draslarann, sem demóralísjerar allan söfnuðinn. Þar sem þm. lýsti furðu sinni yfir, að söfnuðir þyldu hneykslispresta, ef þeir væru til, þá get jeg sagt honum það, að þeir hafa verið nafngreindir á sýnodus, en hvað gjörði synodus? ekki neitt; málið fjell niður orðalaust með það sama, og prestar þeir, sem nefndir voru, sitja enn í embætti.

Benidikt Sveinsson: Mjer virðist ræðurnar um þetta mál hafa gengið í nokkuð öfuga átt. Mjer virtust ræður hins h. 1. þm. G.K. og 2. þm. Sm. stefna að því að rannsaka, hvort prestarnir væru englar eða menn, hvort þeir væru fullkomnir eða breyzkir; en jeg verð að segja að þær umr. sem hæglega geta spunnizt út úr þessu, geta eins og í hitt eð fyrra, orðið ósæmilegar á alþingi og slíkar ræður um prestana sem eru fjærverandi meiða tilfinning mína. Mjer finnst hjer vera aðalspursmálið, hvort söfnuðurnir eigi eðlilega og á rjettum grundvelli byggða heimtingu á því, að kjósa presta sína, í stað þess að biskup eða kirkjustjórnin veiti þeim embætti án tillits til vilja safnaðanna. Jeg fyrir mitt leyti er nú í engum vafa um það, að það sje í alla staði eðlilegt að *söfnuðirnir* eigi einmitt að kjósa prestana. Þar sem menn segja gegn þessu, að söfnuðir sjeu nú yfir höfuð ánægðir með presta þá, sem veitingarvaldið hefur skipað í embætti, þá er þetta ofur ljettvæg mótbára, því jeg ímynda mjer að allir verði mjer samdóma

um það, að þeir væru því heldur ánægðir með þá. sem þeir hefðu sjálfir kosið. Þegar prestum er *neytt* upp á söfnuðina, þá er á hinn bóginn eðlilegt, að þeir líti of hörðum augum á galla þeirra, en ef þeir kysu þá sjálfir mundu þeir þvert á móti sýna þeim umburðarlyndi, svo lengi sem unnt væri. Jeg veit jafnvel dæmi til að sómasamlegur prestur hefir verið rægður svo við söfnuð, áður en hann hefur fengið að sjá hann og heyra, að söfnuðurinn fyrir fram hefur fengið ástæðulaust ógeð á honum, af því honum hefur svo að segja verið neytt upp á hann. Ef nú söfnuðurinn sjálfur má kjósa prest sinn, þá má ganga að því vísu að hann kjósi ekki nema þann prest, sem hann þekkir og sem hann treystir sjer til að virða og elska. Það er líka eitt atriði, sem jeg vil taka fram, að það er líklegt — reynslan bendir líka til þess — að söfnuðirnir mundu helzt kjósa einmitt þá presta, sem eru uppaldir frá barnæsku í sömu sveit eða í nágrenninu, og mundi presturinn þá koma að öllu kunnugur, og geta haft miklu meiri og betri áhrif á söfnuðinn í öllu tilliti en ella. Jeg álít það að eins til að spilla tímanum, að ræða þetta mál lengur. Hvað snertir ust. hins h. þm. Bf., þá skal jeg geta þess, að mjer finnst hún mjög frjálsleg, og get að líkindum fallizt á hana.

Málinu vísað til 2. umr. m. 18 atkv.

Lfrv. um stofnun frjálsra safnaða innan þjóðkirkjunnar (C 178); 1. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal leyfa mjer að fara fám orðum um meðferð n. á þessu máli. N. kom saman um að ástæða væri til að leyfa þeim söfnuðum, sem væru óánægðir með presta sína og vildu taka sig út úr, að gjöra það, og taka sjer annan prest, og kom því fram með frv. í þá sömu stefnu, sem liggur til grundvallar fyrir lögunum um leysing á sóknarbandi. En hjer er að eins gengið svo langt að partur af söfnuðinum, þó ekki færri en 20, gætu kosið sjer annan prest Greinir frv. eru að nokkru leyti samhljóða lögum í Danmörku um kjörsöfnuði og kjörpresta. Jeg skal geta þess, að þetta *að* hefur enn slæðzt inn í frv. á eptir *ef*, en það er ekki meiningin, að það eigi að vera í tekstanum, og áskilur n. sjer að gjöra brt. í þá stefu, að það yrði burt numið.

Þórður Magnússon: Jeg álít að n. hafi lagað frv. mikið vel og gef því nú næstum óhikað atkv. mitt, en jeg vil þó gjöra þá aths., að jeg kann ekki vel við, að það lendi á lsj. að borga sóknarprestinum tekjumissi sinn, þótt söfnuðirnir kynnu að snúast frá honum, ef það kynni að vera sjálfum prestinum að kenna.

Benidikt Sveinsson: Þetta sem 2. þm. Ísf. (Þ. M.) tók fram vakti einnig fyrir mjer, nefnil. að það princip gæti orðið hættulegt að láta lsj. ávallt bæta prestinum tekjumissirinn, er menn gengju úr söfnuði hans, sjerílagi ef það yrði ofaná, að söfnuðir ekki fengju að kjósa sjer presta. Ef nú t. d. einhver söfnuður einmitt vill hafa einhvern sjerstakan prest, en fær hann ekki, en svo er öðrum presti neytt upp á hann, sem ef til vill er einhverjum breyzkleikum undirorpinn, þá liggur það í augum uppi, að ekkert liggur nær, en að söfnuðurinn mundi stofna lausasöfnuð og kjósa þá einmitt þann prest, sem hann vildi fá, og þá yrði lsj. ávallt að borga hinum prestinum tekjumissirinn, hvað illa sem hann hagaði sjer, bara hann lafi við embættið. Þetta gæti því orðið sú hætta og bakað lsj. stórmikil, svo mikil útgjöld með tímanum, að enginn þingmaður mundi greiða atkvæði sitt með slíkum lögum, ef hann athugaði það fyrir fram, hvílík afleiðing þau geta haft fyrir landsjóðinn. Jeg vil því skora á n. að koma með brt. um þetta atriði til 2. umr.

Jón Ólafsson: Þm. þeir, sem síðast hafa talað, hafa talað mjög um háska þann, sem lsj. stæði af þessu frv.; en þeir hafa ekki hermt alveg rjett það, sem stendur í frv. Lsj. á ekki að bæta prestinum *allan* tekjumissi sinn; því í frv. stendur að eins fastar tekjur, og það er mikill munur. Það sem vakti fyrir n., er hún setti þessa ákvörðun, var það, að ef það væri vilji þingsins, að gefa söfnuðum leyfi til að stofna frjálsan söfnuð, þá væri annaðhvort að gera, að gefa alveg leyfi til þess og ekki horfa í örfáar krónur (því um meira er ekki að ræða!) eða þá hreint ekki. En aptur þótti henni ósanngjarnt — og það vona jeg að flestum finnist — að láta hinn frjálsa söfnuð gjalda til tveggja presta í einu. N. áleit að það væri ekki unnt að svipta prestinn hinum föstu tekjum, en ef það er hægt þá skal jeg ekkert hafa á móti því að þessi ákvörðun falli burt. Ákvörðunin er heldur ekki svo hættuleg sem menn halda, því það er að eins ætlazt til að lsj. bæti þeim presti

upp tekjumissinn, sem er í brauðinu, þegar söfnuðurinn gengur út, að eins hans tíð, en það gjald úr lsj. fjelli burt við næstu prestaskipti. Ef annars er lögheimild fyrir því, að svipta presta þannig föstum tekjum og löggjafarþingið vill svo vera láta, þá er jeg fús á að ganga inn á það, en jeg hef álitið, að ef hann missti nokkuð af þeim föstum tekjum, sem fylgdu brauðinu, er hann fjekk veitinguna fyrir því, þá ætti hann heimting á, að fá það endurgoldið einhversstaðar frá.

Jakob Guðmundsson: N. áleit að hjer væri um einstakt tilfelli að ræða, nefnilega söfnuðinn í Reyðarfirði, og gekk þess vegna út frá því, að fara ekki lengra en að fullnægja þessum söfnuði, en það er satt að það geta með tímanum myndazt fleiri slíkir söfnuðir. Þetta frv. stendur í nánu sambandi við frv. um kosningu presta, og ef söfnuðunum ekki verður leyft að kjósa presta sína, þá er mjög sennilegt, að margir söfnuðir verði til þess, að taka sig út úr og stofna kjörsöfnuð, og þá gæti þetta orðið hættulegt; en svo framarlega sem frv. um kosningu presta nær fram að ganga, þá get jeg ekki sjeð að nein hætta sje búin, og jeg vona, að neðri deild alþingis sje svo langt á veg komin í frjálsum skoðunum að hún standi ekki e. d. langt á baki í því efni; en hún hefir nú og á undanförnum þingum sýnt sig mjög frjálslynda, og er það mjög gleðilegt að sjá það, þar sem þar sitja svo margir menntaðir og hátt standandi embættismenn og þar á ofan helmingur d. konungkjörnir menn. Jeg get eigi sjeð, að þetta frv. geti orðið til skaða, ef kosning presta kemst á, en jeg álít, að annaðhvort sje að gera fyrir þingið að taka bæði frv. eða hafna báðum. En ef menn vilja rígbinda kirkjuna enn meir við ríkið og halda öllu föstu, þá efast jeg um, að hún hefði hag af því; jeg held miklu fremur að það mundi verða til þess, að hún mundi splundrast í þá mola, sem ómögulegt væri að tína saman aptur, því andinn mundi ávalt verða frjáls, hvernig sem líkaminn yrði hnepptur og fjötraður, og hvernig sem menn rígnegldu kirkjuna við ríkið, mundi það þó sannast, að fjötrendur hennar mundu aldrei vinna bug á tíðarandanum, eða «den stille Magt», sem Monrad biskup kallar hann.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er samdóma n. um það, að aðalstefna frv. fer í rjetta átt. En það eru þó 2 atriði, er jeg vil leyfa mjer að athuga. 1., er málið mjög óíslenzkulegt. I fyrirsögninni stendur: «Frv. til laga um stofnun *frjálsra* safnaða». Þetta er mjög óeðlilegt, það er eins og allir aðrir söfnuðir skyldu vera ófrjálsir. (*Jón Ólafss.:* Þeir eru það!). Frjáls söfnuður er ekki vel valið orð. Jeg vildi heldur kalla það *lausa*söfnuði. Í öðru lagi er það, að í 2. gr. er talað um það, að slíkir söfnuðir skuli vera lausir við öll *bein* gjöld til annara presta, en kjörprests síns, og að þjóðkirkjupresturinn skuli fá skaða sinn bættan úr lsj. fyrir það er hann missir í af hinum föstu tekjum brauðsins. Jeg held þessi meginákvörðun frv. sje ekki rjett. Ekki fyrir það, að jeg vilji hindra menn um of frá að ganga í þessa lausasöfnuði, heldur hitt, að jeg vil þeir hafi dálítið fyrir því sjálfir, og að lsj. sje laus við alla byrði er af því leiðir. Það er rjett, sem þm. D. tók fram, að þetta frv. stendur í sambandi við frv. til laga um kosningu presta. Það frv. veitir ekki söfnuðunum neinn beinan rjett til, að fá þann prest kosinn, sem hann vill hafa, því eptir 8. gr. þess frv. þarf biskup að staðfesta kosninguna, og ef hann synjar staðfestingar þá dugir ekki þótt söfnuðurinn megi kjósa að nýju, því að biskup má alltaf synja, og þar af getur leitt að söfnuðurinn fái má ske aldrei þann prest sem hann óskar eptir. Veitingarvaldið getur sett prest til að þjóna brauðinu um stundarsakir eður þá prest úr næsta brauði og þannig getur brauðið staðið óveitt alla tíð. Hvað leiðir af því? Það, að söfnuðurinn kýs sjer prest eða óvígðan guðfræðing til að þjóna brauðinu, og afleiðingin af því verður sú, að allar fastar tekjur brauðsins lenda á lsj. Jeg skal taka annað dæmi. Nú er kosið í einum söfnuði. Það er kapp um kosninguna og það munar að eins 1 eður 2 atkv.. að meiri hlutinn verður ofan á. Hvað gjörir minni hlutinn? Hann segir: «Jeg geng úr safnaðarfjelaginu og tek mjer þann prest, sem jeg vildi kjósa; jeg læt ekki kúga mig með 1 eður 2 atkvæðarolum». Hver verður afleiðingin af þessu? Jú! afleiðingin verður sú, að helmingurinn af öllum föstum tekjum lendir einnig á lsj. Þetta sýnist mjer hættulegt. Þess vegna vil jeg, að þeir verði að vinna það til, að þeir gjaldi hinum fasta presti í brauðinu allar fastar tekjur alla hans tíð. Ef þeir vilja ekki vinna svo mikið til þess að fá kirkjulegt frelsi, þá eru þeir ekki verðugir fyrir að fá það.

Tökum 3. dæmið. Brauðið er gott, og

það kemur guðfræðingur eður lausaprestur til sóknarmanna og segir við þá: «Jeg skal þjóna ykkur fyrir minna en þessi gamli karl, sem er orðinn seinfær og uppgefinn». Hvað verður úr? Þeir taka þennan unga og fjöruga prest, og við þetta tilfelli kemur þriðja byrðin á lsj. Jeg veit að þetta dæmi hefur komið fyrir — og það ekki svo langt frá — þótt sóknarmenn gengju ekki undan prestinum.

Að öðru leyti er jeg eigi á móti frv. nema í þessum 2 atriðum, og jeg vil gjarnan að það gangi til 2. umr.

Jón Ólafsson: Þessar ræður virðast fremur eiga við 2. en 1. umræðu málsins; en úr því þær eru komnar fram, skal jeg leyfa mjer að svara þeim nokkrum orðum. Jeg vil spyrja þingmann Eyf. að einu: Ef jeg á að gjalda þjóðkirkjuprestinum allar fastar tekjur, þótt jeg sje ekki í þjóðkirkjunni og hafi fengið mjer á minn kostnað guðshús og annan prest, hvað er þá unnið við þetta frv.? Jeg þarf ekki að biðja um leyfi alþingis eða fá lög frá því til þess að hafa sjerstakan prest á minn eigin kostnað, ef jeg á að gjalda þjóðkirkjuprestinum eptir sem áður. Hvorki hið h. alþingi nje nokkur annar getur bannað mjer, að slá mjer saman við 10—20 aðra um að halda annan prest en þjóðkirkjuprestinn, ef við viljum gjöra það upp á okkar kostnað. Þetta getur enginn lifandi meður bannað okkur, svo lengi sem hjer er ekki hrein og bein Tyrkjastjórn. Þar sem þm. Eyf. (A. Ó.) var að tala um, að söfnuðurinn mundi taka annan prest þegar færi gæfist, ef hann gæti fengið hann fyrir minna en gamla prestinn sinn, þá er það alveg gripið úr lausu lopti. Þó þm. hafi þekkt þessa dæmi, þá er brauð var laust fyrir norðan í þjóðkirkjunni, þá verður hann að gæta þess. að það er allt öðru máli að gegna um frísöfnuðinn. Hann getur aldrei gjört það, aldrei af sparnaðarástæðum, að segja sig úr þjóðkirkjunni og fá sjer nýjan prest. Því þótt hann fengi *prest* með vægari kjörum, en þann sem hann fer frá, þá verður *kostnaðurinn meiri* samt fyrir frísöfnuðinn við það að byggja kirkju og fl. því um líkt. Þess konar sparnaður kemur því ekki til um frísöfnuðinn. Jeg veit um þennan eina frísöfnuð, sem til er, að hann hefur viljað leggja á sig jafnvel *miklu þyngri* gjöld fyrir það að hann stendur fyfir utan kirkjuna, til þess að geta fengið sjer prest. Hitt er annað mál að jeg skal vera fús á — og jeg held hinir h. meðn.-menn mínir muni fylgja mjer í því, að koma með br. til 2. umr. i þá átt að þessi rjettur um uppbót á tekjumissinum úr lsj. gildi *einungis fyrir þá*, sem *eru* í embættum *þegar þessi lög koma út*, þá getur vart orðið um stóran fjemissi að ræða fyrir lsj. — að eins fáeinar krónur. En síðan mætti veita brauðin með þeim fyrirvara, að prestar sjeu við því búnir, að missa þessa í án alls endurgjalds úr lsj.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Þeim mótbárum, sem komið hafa gegn þessu frv., hefur þegar verið svarað, svo jeg þarf þar litlu við að bæta. Það hefur verið tekið fram, að þetta frv. stæði í nánu sambandi við frv. næst á undan um presta kosningar. Jeg skal játa, að það er svo í nokkru tilliti, en jeg verð þó að álíta að þetta frv. fari fram á töluvert meira. Setjum svo að hitt frv. yrði ekki að lögum, þá er hvað helzt nauðsyn á slíku frv. sem þessu. Og þó að jeg setji svo, að það yrði að lögum, sem jeg ætla að ekki verði, þá mun þó langur tími líða þangað til allir söfnuðir eru búnir að kjósa sjer prest, svo að þessi lög hefðu mikla þýðingu meðan á því stæði, og jeg verð að lýsa yfir mínu áliti um það, að ef kosningar presta komast á þá gætu þeir sem undir yrðu í kosningunum, gripið til þessara laga og fengið sjer sjálfir presta. Lögin eru jafnnauðsynleg fyrir því þó að nauðsyn þeirra hafi ekki komið fram nema hjá einum söfnuði, sem ekki hefur viljað þýðast þann prest, sem skipaður var yfir hann. Ástæður þær, sem þar eru, eru vandræða ástæður og jeg álít þinginu skylt að greiða úr þeim, ef mögulegt er. Þm. Ef. gjörði mikið úr kostnaðinum á lsj. Jeg held nú kostnaðurinn verði miklu minni en honum sýndist; því fyrst og fremst hygg jeg að þessi tilfelli verði fá, og í öðru lagi eru það að eins fastar tekjur, sem lsj. á að endurgreiða. Þó skal jeg játa það, að jeg álít mikið hæft í þessum mótmælum og er fús á að bera upp í n. að þessari ákvörðun verði breytt. Sú ust. hefur komið fram, að þessi ákvörðun gildi ekki nema fyrir þá presta, sem sitja í embættum þegar þessi lög koma út, því síðan megi veita brauðin með þeim fyrirvara að þau geti rýrnað á þennan hátt. Um þessa ust. vil jeg segja það, að þessi fyrirvari er óvanalegur, en hann gæti þó haft verulega þýðingu til þess að halda við góðu samkomulagi

milli prests og safnaðar, ef presturinn gæti búizt við því, að missa tekjur sínar án nokkurs endurgjalds úr lsj. svo framarlega sem söfnuðurinn gengi frá honum og fengi sjer annan prest.

Eiríkur Kúld: Jeg veit ekki hvort jeg hef skilið 2. þm. Sm. rjett, en mjer virtist sem hann gjörði svo lítið úr bótum þessa frv., ef lausa söfnuðurinn væri ekki laus við að gjalda sóknarprestinum. En jeg vil vekja athygli hins h. þm. á því, að söfnuðinum er ómögulegt að hafa þetta frelsi. að vera laus við lögboðin gjöld til sóknarprestsins, nema með lögum. *(J. Ó.:* Jú). Nei! það er þá í lagaleysi. Það er alveg rjett. sem þm. Ef. sagði um ákvarðinir 2. gr. frumv., þær eru viðsjárverðar og geta orðið lsj. þungar í skauti En hjer er og annað atriði. Jeg vil biðja hina h. n., að skýra frá því, hvað hún hefur hugsað sjer um kirkjuna, þar sem söfnuðurinn segir skilið við hana. Eptir lögum 12. maí 1882 á sá, sem velur kjörprest, ekki einungis að borga allar föstu tekjurnar til prestsins, heldur og til kirkjunnar.

Nú get jeg hugsað mjer um þennan eina lausasöfnuð, að það sjeu fáir menn í Reyðarfirði, sem sæki til kirkju sinnar. Eiga nú þessir 4—5 menn, sem eptir eru af hinum upprunalega söfnuði, einir að annast um kirkjuna? Á að leggjast á þá eina sú skylda, að halda við þeirri kirkju, sem þeir að lögum eiga heimting á að standi og sje haldið við? Það getur ekki verið skylda þeirra einna; en aptur er það ekki sanngjarnt, að lausasöfnuður, ef hann byggir sjer kirkju, eins og nefndarfrv. ráðgjörir, borgi bæði til sinnar kirkju og sóknarkirkju þeirrar er þeir hafa sagt skilið við; hver á þá að bæta sóknarkirkjunni skaðann? ætli að þetta lendi þá eigi á landssjóði? Eg tel það víst; því sem sagt má kirkjan ekki missa neins í af sínum tekjum, og þær verða að koma á lsj. Jeg fæ ekki betur sjeð, og jeg vildi óska, að hinn h. frsm. skýrði hvernig n. hefur hugsað sjer þetta atriði.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal ekki deila við þm. Bstr. (E. K.) um það, hvaða rjett einn söfnuður hafi til þess að nota þann prest, sem þó ekki er sóknarprestur þeirra; en eptir mínum skilningi verður það ekki bannað. Hvað hitt atriðið snertir, er hann beindi spurningum til n. um, nfl. hvort kirkjan ætti að missa tekjur sínar eða fá þær endurborgaðar úr lsj. þá er sjálfsagt, að um það stendur ekkert í frv. N. þótti hart fyrir slíkan söfnuð, ef hann ætti að gjalda til þeirrar kirkju, er hann hafði áður sótt, allt um það þó að hann hefði byggt nýja kirkju, og það gjald yrði hann þá að greiða um aldur og æfi, því rjettur kirkjunnar hverfur ekki af sjálfu sjer.

Nú ímynda jeg mjer, að það geti vel verið, að þessi söfnuður fái að nota sömu kirkjuna, og þá er hann sjálfsagt skyldur til að gjalda henni. *(E. K.:* Það er ekki í frv.). Jú! það er í frv., að hann gjaldi kirkju þeirri sem hann notar, og það yrði líklega optast sóknarkirkjan. Getur ekki þm. Bst. þótt það sama sem að synja söfnuðinum með öllu um öll rjettindi, að skylda hann til að gjalda bæði presti og kirkju um aldur og æfi; eða heldur þm. að það sje sanngjarnt?

Eiríkur Kúld: Jeg er samdóma frsm. um það, að það sje engin sanngirni að sami söfnuðurinn gjaldi 2 kirkjum; en jeg verð jafnframt að vekja athygli hins h. frsm. á lögunum 12. maí 1882. Þau lög gjöra það að beinni skyldu fyrir hvern þann, sem velur sjer kjörprest, að gjalda til sóknarkirkjunnar; en ef hann ásamt fleirum hefur byggt sjer kirkju, þá skal jeg játa að þetta er ekki sanngjarnt.

Aptur á móti vona jeg, að n. og frsm. verði að játa það, að þegar jeg er nú einn af 4—5 mönnum, sem ekki geng úr þjóðkirkjunni, þá á jeg heimting á, að minni sóknarkirkju sje haldið við, og þá vona jeg þeir einnig verði að játa það, að það er ósanngjarnt, að þessir örfáu menn beri allan þungan af því, að halda henni við. og það verði því að gjörast á lsj. kostnað, því þessir menn, sem ekki hafa farið inn í þennan lausasöfnuð, eru í þessu efni vissulega rjetthæir og jeg skil svo stjórnarskrána, að það sje skylda landsstjórnarinnar, að vernda einnig þennan rjett þeirra.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Hinn h. þm. Bst. (E. K.) vitnar í lögin 12. maí 1882. En hjer stendur allt öðruvísi á. Þar er talað um einn einstakan búanda. sem ekki á von á neinni kirkju nema sinni eigin, og þá er það eðlileg ákvörðun að hann gjaldi til hennar eins fyrir því, þótt hann hafi kosið sjer annan prest. Hjer er gjört ráð fyrir heilum söfnuði, sem byggi sjer nýja kirkju, og þá virðist það eitt vera sanngjarnt að hann losist við, að greiða til fyrri kirkjunnar. En noti hann sína gömlu kirkju

þá er rjett hann gjaldi henni, því þá er það hans kirkja, enda ætla jeg að þetta muni verða niðurstaðan víðast hvar. En þó nú þeir, sem eptir eru, eigi að halda kirkjunni við um fá ár eða áratugi, þá er sá söfnuður ólíkt betur farinn, þar sem hann heldur hjá sjer og undir kirkjuna öllum fasteignum kirkjunnar. Skyldi það verða útlit fyrir að hann yrði að halda kirkjunni við til langframa, þá koma ný ráð, og þá sýnist ekkert á móti því að minnka kirkjuna.

Landshöfðingi: Jeg er ekki eins sannfærður um nauðsyn þessa frv. og sumir hinna h. þm. Jeg skal játa það, að aðgjörðir n. hafa beint málinu í svo gott horf sem búizt varð við, en jeg verð að halda því fram að nauðsynin á slíku lagaboði sje ekki mikil eða almenn, eins og líka jafnvel einn af hinum h. nefndarmönnum hefur tekið fram að frv. þetta kæmi fram með tilliti til einnar sóknar og eins safnaðar. Hjer virðist þetta talandi vottur um það, að n. hafi ekki álitið þessa nauðsyn svo sjerlega almenna.

Jeg skal enn fremur taka það fram, að þær athugasemdir, sem fram hafa komið viðvíkjandi þeirri byrði, sem þetta frv. getur haft í för með sjer fyrir lsj., þær virðast mjer vera á fullum rökum byggðar, og jeg held þessar aths. sjeu enn þýðingarmeiri og yfirgripsmeiri en enn þá er komið fram.

Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að það gæti orðið töluverð byrði fyrir lsj. að bæta upp þeim prestum, sem nú eru í brauðum, allar fastar tekjur, þegar meðlimir safnaðarins ganga úr honum og mynda lausasöfnuð. En jeg er einnig mjög hræddur um, að þessi byrði mundi ekki taka enda við næstu prestaskipti, því brauðið rýrnar við lausasöfnuðinn. Hafi brauðið verið svo stórt áður, að það hafi mátt taka af tekjunum, þá mun það hafa verið gjört með brauðaskipunarlögunum 27. febr. 1880, en nú mun svo fara, að í staðinn fyrir að greiða frá brauðinu þá mun verða óskað uppbótar bæði fyrir það og önnur brauð, þar sem lausasöfnuðir myndast. Það er óútreiknanlegt, hvað þessi byrði getur orðið þung fyrir lsj., eins og það er ekki heldur unnt að hafa greinilega hugmynd um hitt atriðið, hvaða þýðingu þetta geti haft fyrir þá presta, sem þjóna brauðum, þegar lausasöfnuðirnir myndast Jeg hygg að þetta atriði ætti að koma til alvarlegrar íhugunar þegar menn annars — eins og full nauðsyn er til — eru að hugsa um að takmarka sem mest gjöld ljs. — Jeg held einnig að umræðurnar sýni ljóslega, að ýmislegt sje athugavert við frv. og að þær innihaldi fulla ástæðu til þess, að n. yrði sett í málinu. Jeg hef ekki rjett til þess, að stinga upp á n, en jeg vil leyfa mjer að benda hinum h. þm. á, að það kynni að vera ráðlegt.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á að n. sje sett í málið. (*Ýmsir þingmenn:* já! já!)

Jón Ólafsson: Þá er drengilegra að drepa frv. strax, því þetta er ekki gjört til annars; það sýnir meðal annars það, að þeir styðja þessa tillögu, sem frá upphafi hafa verið móti þessu máli.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Hinn hv. lh. taldi ýmsa agnúa á frv. og meðal annars, að nauðsynin til þessara laga væri ekki almenn. Jeg skal játa það að hún er ekki almenn nú sem stendur. En viðvíkjandi þeim agnúa, að brauðin mundu rýrna, þá vil jeg geta þess, að hjer er máske gjört ráð fyrir því, sem ekki verður. Að minnsta kosti ætla jeg, að tilfellin verði fá um langan tíma. En jeg set svo, að allir söfnuðir vilji vera fríkirkjusöfnuðir, og þá eru allir þessir agnúar horfnir.

Hvað það snertir að setja n. í málið, þá munu það eins dæmi hjer á þinginu, að setja nýja n. í það mál, sem kemur frá n., enda held jeg það hafi ekki verið alvara.

Tryggvi Gunnarsson: Jú, jeg sting uppá 5 manna nefnd.

Forseti: Það má auka nefndina eða vísa málinu til hinnar sömu n. aptur; en eptir þingsköpunum er ekki hægt að setja nefnd ofan í nefnd.

Arnljótur Ólafsson: Það er mín tillaga að nefndin sje aukin 4 mönnum.

Forseti bar þá ust. undir atkv. og var hún samþ. m. 11: 9.

Jón Ólafsson: Jeg verð að krefjast þess eptir þingsköpunum, að nafnakall sje viðhaft, eins og við 6 þingmenn höfum beðið um; á því þykist jeg eiga rjett, að þjóðin fái öll að sjá nöfn þeirra þingmanna, sem veita máli þessu banatilræði.

Þá var að beiðni 6 þm. við haft nafnakall og ust. þá felld með 11 atkv. gegn 10.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
H. Kr. Friðriksson,	Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,	Benidikt Sveinsson,
Eiríkur Kúld,	Egill Egilson,
Grímur Thomsen,	Eiríkur Briem,

Holger Clausen, Friðrik Stefánsson,
Lárus Blöndal, Gunnlaugur Briem,
Tryggvi Gunnarsson, Jakob Guðmundsson,
Þórður Magnússon, Jón Ólafsson,
Þorl. Guðmundsson, Ólafur Pálsson,
Th. Thorsteinsen. Þórarinn Böðvarsson.
Þorsteinn Jónsson,

Síðan var frv. nefndarinnar (C 178) vísað til 2. umr. með 12 atkv. gegn 6.

Frv. til laga um vjettindi og skyldur einstakra manna og kirkjufjelaga, sem eru ekki í þjóðkirkjunni (C 156); 2. umr. Frv. tekið aptur af flutningsm. (J. Ó.).

Átjándi fundur, mánudag 23. júlí kl. 12 — 3½. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um horfelli á skepnum (C 187); 2. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Það hafa komið fram alls þrennar br.till. við þetta mál, en jeg vil leiða athygli 1. þm. Ef., (A. Ó.) að því, að brtill. hans (C 198) getur ekki átt við þetta frv., sem nú liggur fyrir, heldur verður hún að eiga annaðhvort við hið upphaflega frv. eða þá við brtill. 2 þm. (C 193).

Hvað tillögur nefndarinnar (C 191) snertir, þá skal jeg geta þess, að n. var í nokkrum vafa um hvað gjöra skyldi. Hún hefur viljað hlynna að því, að eitthvað endilegt yrði afráðið og ákveðið um þetta mál og hefur því slakað til svo sem frekast var fært. Brt. meiri hluta n. er hjer um bil samkvæmur reglugjörð fyrir hreppsjóra 29. apríl 1880. Í 26. gr. segir svo: «Eins og hreppsnefndin á að hvetja menn til að setja ekki fleiri skepnur á vetur, en þeir hafa nægilegt fóður fyrir». Þetta er alveg sama stefna og hjá n. Og gr. bætir við: «og einkum sjá um, að þeir, er þiggja af sveit gjöri sig ekki seka í slíku fyrirhyggjuleysi; þannig á hreppstjóri að hafa vakandi auga á að enginn felli skepnur úr hor, ef hann á fóður handa þeim». Þetta er og samkvæmt því, sem n. hefur lagt til. Og síðast í greininni segir; «Verði hann (o. hreppsstj.) áskynja um þess konar brot, á hann að senda sýslumanni um það skýrslu sína, sbr. 299. gr. hegningarlaganna». Það má nú segja, að frv. n. er alveg í samkvæmni við þessa grein. Að 26. gr. reglugj. 29. apr. 1880 sje byggð á gildandi lögum, eða í samræmi við þau, efast jeg ekki um. Viðvíkjandi því, að nýjum störfum og nýju ómaki sje bætt á hreppstjórann með þessu frv., þá ætlast jeg til að sú ástæða falli við þetta, sem jeg hef þegar tekið fram; en sú eina verulega br., sem n. hefur gjört, er að slá því föstu, að *horfellir* fyrir vísvitandi hirðuleysi og harðýðgi sje saknæmt brot, ekki einungis siðferðislega, heldur slíkt brot, að hegning liggi við því eptir hinun almennu hegningarlögum. Nefndin getur því engan veginn skilið, að aðferð hennar í þessu máli sje óheppileg eða röng.

Hvað snertir brt. 2 þm. (C 193) þá skal n. fúslega játa, að þær eru vel meintar og gjörðar til þess að koma málinu í sem bezt horf, og jeg efast ekki um að n. muni reyna að hafa allt mögulegt samkomulag við ustm., en að svo stöddu sjer hún ekki fulla ástæðu til að fallast á brt. þeirra, þótt vera megi hún gjöri það til 3. umr. Brt. fara í sömu átt og hið upphaflega frv. og þess vegna situr ekki á sumum í n. að hafa móti þeim, en fullu samkomulagi frá hennar hálfu þori jeg ekki að lofa fyr en við 3. umr.

Þórður Magnússon: Jeg ætla einungis að geta um það, að það voru sumir þm., sem misskildu meiningu mína við hina fyrri umr. málsins á þann hátt, að jeg vildi, að þeir, sem sekir yrðu um horfelli, kæmust undan sektum. En það var alls ekki meining mín, heldur hitt, að eptirlitið með hirðing og meðferð manna á skepnum mundi verða ófullkomið og þess vegna mundi lögunum lítt verða hlýtt og þau verða kraptlítil. Jeg skal játa það, að hjer eru komin svo mörg blöð og br. — 1., hið uppfl. frv. (C 119); 2., frv. n. (C 187); brt. n. (C 191); 4., brt. 2 þm. (C 193) — að jeg er ekki viss um að átta mig á þessu moði þegar til atkvæða kemur. Þó held jeg fallist helzt á brt. 2 þm., því þar sje jeg ekki betur en tilganginum sje náð, að þeir verði sekir, sem sektir eiga skilið. Jeg hefði reyndar kunnað bezt að þeir 2 ustm. hefðu ekki haft nema sína síðari grein, því jeg þekki svo marga af þessum hreppstjórum og hreppsnefndarm., að jeg veit þeir eru varla sjerlega miklir ræðumenn, svo jeg ímynda mjer bændur fari lítið að tillögum þeirra. Þó er jeg ekki sjerlega á móti þessu og mun greiða atkv. með þessum brt. 2 þm.

Eiríkur Briem: Af því jeg hef ritað

hjer undir brt. (C 193), þá ætla jeg að taka það fram, að jeg fellst á þá brt., sem komin er fram við brt. okkar frá þm. Ef. (A. Ó.) og sem lýtur til þess, að orðin: «eða auðsætt þyki að hann falli», falli burt. Jeg vil fallast á þetta, fyrst og fremst vegna þess, að það gæti orðið erfitt að fara eptir þessum orðum í einstökum tilfellum, og svo ætla jeg einnig að með því vinnist fleiri atkv. fyrir brt. En hvað brt. sjálfa snertir, þá fer hún í líka stefnu og n. og þó nær hinu upphaflega frv. í þessu máli, enda ímynda jeg mjer að meiri hluti þd. sje þeirri stefnu hlynntur Brt. okkar við 1. gr. er meir orðamunur en efnismunur. Jeg kann betur við, að orða 1. gr. svona. Aptur á móti er brt. okkar við 2. gr. sú, að hún falli í burtu. Það fer í þá átt, að engar nánari ákvarðanir sjeu settar um það, hvernig hreppsn. fer að koma ráðleggingum sínum og áminningum fram, því að það verður yfir höfuð að eiga í því efni undir hverri hreppsn., hvað skyldurækin hún er. Vera má að það þyki þá líka þýðingarlítið að gefa lög um það, að hreppsnefnd eigi að *„hvetja“* hreppsbúa sína til að fara vel með skepnur, þegar margar ákvarðanir sjeu settar um það, hvenær eða hvað opt hún eigi að gjöra það, en það getur ekki verið til skaða og það er þó áminning fyrir hreppsnefndirnar, sem engin skyldurækin hreppsnefnd mun leiða hjá sjer að taka til greina.

Eiríkur Kúld: Jeg skal viðurkenna það, að frv. þetta fer í góða átt og að það væri nauðsynlegt — eins og fleiri þm. hafa tekið fram, að hitta einhver heppileg ráð til þess, að bændur settu gætilega á hey og hefðu heldur færri skepnur. En áður en jeg aðhyllist frv. eins og það nú er, verð jeg að leita upplýsingar hjá n. og skora á hana að bæta galla þess. Það er ætíð varasamt að takmarka frelsi manna og hjer er það sannarlega talsvert takmarkað. Það er sjerstaklega galli á 2. gr. frv.; þar er ætlast til að hreppstjórar eða hreppsn. kveðji með sjer 2 bændur, þá er næstir fást því heimili, þar sem skoðunargjörðin á fram að fara. Þetta getur sjálfsagt verið gott; en jeg verð að biðja hina h. þm., að gá að því, að hjer er lögð byrði á menn án alls endurgjalds. Þessir «2 næstu bændur» geta verið þeir þverhöfðar, að þeir fari ekki kauplaust. Og hvar lendir þá? Nefndin segir sjálfsagt með frv., að enginn megi án löglegra forfalla skorast undan förinni. En ef þeir nú gjöra það engu síður, þá vantar inn í lögin hvað við því liggur. Það er að líkindum meining hinnar h. n., að það skuli varða sektum, en þá vantar algjörlega ákvörðun um það í lögin. Seinasti kaflinn í greininni er stirðlega orðaður, og jeg kann sjerstaklega illa við að hreppsn. eigi að áminna um, að *„drepa“* þær skepnur, sem ekki getur fengizt fóður fyrir. Með þessum orðum er takmarkað frelsi eigandans, því hjer er ekki um annað að gjöra, en að taka af skepnunni höfuðið, þar sem eigandi kynni þó að að geta selt hana öðrum sjer í hag. Hjer þyrfti að gjöra þá orðabreytingu, að eigandi megi selja skepnur sínar eða farga þeim eptir vild sinni, þegar hann er fóðurlaus fyrir þær.

Þá kemur 3. gr. Hún er hál og það má teygja hana svo langt sem vera vill. «Nú fellur fjenaður úr hor, og er um að kenna *vísvitandi* hirðuleysi eða harðýðgi», o. s. frv. Hvað er nú *„vísvitandi hirðuleysi eða harðýðgi“?* Er það lagt í dóm 2 eða 3 manna? Jeg vil leyfa mjer að spyrja hina h. n., er það vísvitandi, sem í einstökum tilfellum verður ómögulega við gjört? Jeg skal taka til dæmi. Á Breiðafirði er eyjaganga góð, fjenaður getur gengið þar sumstaðar sjálfala úti í eyjum mikið af vetrinum ef góð er tíð, og verða þær skepnur vanalega feitar og vænar til frálags á haustin, ef þær annars lifa af. En þar eru engin hús, engin smalamennska, það er lagt á hættu, að eiga fjenaðinn þarna út í eyjunum og vitja að eins um hann endrum og eins. En nú geta komið ísalög á fjörðinn, svo að það sje ómögulegt fyrir eigendur að nálgast skepnur sínar svo vikum skipti, og þá getur eitthvað af þeim fallið eða farizt. Og ef svo er, er það þá *vísvitandi?* Hver á að dæma um það? Eiga þessir 2 eða 3 «næstu menn» að gjöra það? Jeg er hræddur um sá dómur verði stundum skrítinn og einn segir þetta en annar hitt. Hversu vel sem þessi lög eru meint frá n., þá held jeg þau verði hál og athugaverð í framkvæmdinni. Jeg skal játa það, að jeg er ekki fær um að bæta úr öllum þeim göllum, sem eru á frv. og annmörkum þeim, sem verða á framkvæmd slíkra laga; jeg sje ekki heldur, að nokkuð geti orðið að gagni í þessu máli nema holl ráð frá hreppsnefndum. Þeir, sem ekki vilja hlýða, munu fara allra sinna ferða fyrir þessum lögum.

Þorkell Bjarnason: Jeg veit ekki hvort mjer tekst að svara þeim mótbárum,

sem þm. Bstr. (E. K.) kom með, eða gefa honum þær upplýsingar, sem honum nægi. Í 2. lið 2. gr. fannst honum það ófrelsi, að hreppsn.m. eða hreppstjóra, væri heimilt að kveðja með sjer 2 búendur til skoðunarferða. En jeg held þetta sje ekki nærri eins mikið ófrelsi eins og að heimilt skuli að kjósa mann í hreppsn. til 6 ára, og meiri hlutann af þeim tíma má ef til vill sami maður vera oddviti og gjöra öll þau störf, sem þar til heyra fyrir ekki neitt; þetta kalla jeg ófrelsi. Sama er að segja um sóknar- og hjeraðsn., svo þetta er mjög lítil skylda móti hinu; enda liggja margar fjelagskvaðir á mönnum; það eru og hljóta að vera í okkar fátæka landi margar og umfangsmeiri fjelagsskyldur en það sem hjer ræðir um, sem ekki eru borgaðar. Hann spyr hvernig eigi að fara að, ef þessir skoðunarmenn vilji ekki fara. Jeg held það sje svo um fleira, að hegningin sje eigi ákveðin, þó að óhlýðnast sje. Svo er um margt í sveitarstjórnarl., t. a. m., þegar bóndi vill ekki fara í göngur; en þá er að kæra hann fyrir sýslumanni, er ákveður hverjum sektum hann skuli sæta. Eins má fara með þetta. Að áminna menn um að «drepa» fóðurlausan eða dauðvona fjenað álítur þm. ófrelsi. Jeg skil ekki, að það sje nokkur ófrelsishugmynd í því, þótt jeg *áminni* einhvern um að drepa dauðvona skepnur eða bjargarlausar. Hreppsn.m. eða hreppstj. á að skoða og áminna um að drepa, ef ekkert er fóður, eða skepnur ólífvænar; en það er auðvitað að eiganda er einnig heimilt að selja fjenað sinn ef hann vill og getur. En þegar skepnan er orðin svo dregin, að henni er ekki lengur lífvænt, þá er hart ef það er kallað ófrelsi, þó hreppsn.menn eða hreppst. segi við eiganda: «Þessi skepna er dauðvona, og jeg skora á mannúð þína og kærleikann í þínu hjarta, að láta hana ekki kveljast lengur. Viltu ekki drepa hana».

Viðvíkjandi 3. gr. vildi þm. gjarnan vita hver ætti að dæma um það hvort það væri fyrir «vísvitandi hirðuleysi eða harðýðgi að fjenaður fjelli úr hor». Það er sjálfsagt að þeir, sem skoða, eiga að kæra fyrir sýslum. ef þeim þykir sýnt að einhver hafi fellt úr hor. Þegar það því næst verður upplýst með löglegum gögnum að harðýðgi eða vísvitandi hirðuleysi hafi valdið fellinum, þá fyrst verður hann seki fyrir sektum að sýslumannsdómi. En hlaupi skoðunarm. á sig og kæri einhvern fyrir það að hann hafi drepið úr hor, en það sannast að hann hefur ekki gjört það af vísvitandi hirðuleysi nje harðýðgi þá bera þeir kinnroða fyrir. En jeg sje ekkert harðýðgislegt í því, að hegna þeim mönnum sem verða sannir að sök um, að hafa fellt vísvitandi úr hor.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið að sinni, en að eins geta þess, að jeg felli mig vel við brt. 2 þm., og þó að jeg geti þeim ekki atkv. í þetta sinn, þá mun jeg bera mig saman við þá til 2. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Þessar brt. okkar 2 þm. eru meir orðamunur en efnismunur og nálgast 1. frv. mest. Það er einungis af áhuga á málinu að við höfum komið fram með þær, því við ætluðum að það mundi máske verða til þess að bjarga því. Þó að þetta mál sje nú komið í annað horf og orðið frábrugðið því, sem mitt upphaflega frv. var, þá vil jeg ganga inn á allt til þess að styrkja það og bjarga því; því þetta er sannarlega nauðsynjamál. Nefndarfrv. og brt. okkar fara mest eptir 26. gr. hreppstjórareglugjörðarinnar frá 29. apr. 1880, eins og frms. tók fram. Þar er hreppsnefndum gjört að skyldu, að hafa eptirlit með, að menn setji vel og gætilega á. En jeg held það hafi máske ekki við bein lög að styðjast eins og fleira í þeirri reglugjörð; hreppstjórar eru skyldir að hafa eptirlit með illri meðferð á skepnum, eptir sömu gr. reglugjörðar fyrir hreppstjóra, og þarf ekki nýa ákvörðun um það; það liggur í þeirra verkahring. Okkur þótti hegningarstigið í 299. gr. hegningarlaganna nokkuð hátt, og getur naumast átt við nema í hinum stærstu til fellum, og því höfum við sett það niður í 20 kr.; því með því móti er hægra að laga sig eptir kringumstæðunum. (*Gr. Th.*: Það er oflítið). Mjer virtist þm. Bst. vera svo mjög á móti sumum greinum frv. alveg eins og það ætti að fara að taka launin af prestunum; hann fann það að þeim, að það mætti teygja þær svo langt; en jeg held það sje ekki fremur um þær en annað. Það má æfinlega teygja orðin meira eða minna, og jeg held það sje ómögulegt að finna nokkurt það orð í nokkru frv., að ekki sje hægt að teygja það. En mjer heyrðist yfir höfuð á ræðu þm., sem hann væri ekki málinu sjerlega hlynntur. Það getur verið það standi sjerstaklega á á Breiðafirði; en þótt búendur þar eigi fjenað út í eyjum og eitthvað af honum falli í harðindum vegna þess ómögulegt er að komast út í eyjarnar fyrir vindum eða þá ísalögum, þá held jeg engum detti í hug að kæra fyrir

það; það verður þó aldrei dæmt nema eptir sönnunum, og það eru ekki dæmi til að óprófuð mál sjeu dæmd nú á vorum dögum; það getur því síður orðið hættulegt fyrir þann einstaka sem sektastigið er lágt.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla mjer nú í fám orðum að svara þeim mótbárum, sem fram eru komnar. Jeg held að enginn hafi fyr nefnt en 2. þm. Ísfirð. (Þ. M.) sem ástæða í móti þessu frv. að eptirlitið yrði ófullkomið, af því að lögum þessum ekki yrði hlýtt; en þetta er eigi næg ástæða, því að löggjafarvaldið má eigi láta það í vegi standa fyrir því, að gefa góð og gagnleg lög. Það eru aðrir, sem eiga að sjá um að lögunum sje hlýtt, og löggjafarvaldið verður að ganga út frá því sem vísu, að menn hlýði landslögum og rjetti, enda vona jeg og jeg er alveg sannfærður um, að menn munu fara eptir þessum lögum og þau munu stuðla mikið til þess að kenna mönnum að setja vel á hey og fara vel með skepnur.

Þm. Bst. (E. K.) fannst mjer leiða það út af ákvörðuninni um, að þær skepnur skuli drepa, er ólífvænt er og ekki getur fengizt fóður fyrir, að þessar skepnur yrði að drepa þó að þær mætti selja, en þetta þykir mjer eigi góður skilningur, því að sú skepna sem getur selzt til annars, getur þá einmitt fengið fóður hjá þeim er kaupir, og þá þarf ekki að drepa hana. Þetta er samkvæmt beinum laganna orðum og geta þau eigi orðið neinum misskilningi undirorpin. Að því er snertir það, sem hann sagði um «vísvitandi hirðuleysi», þá finnst mjer það eigi þurfi að misskiljast. Ef presturinn á fje úti og nú kemur óvænt hríð, sem fjeð ferst í, þá getur það með engu móti kallast «vísvitandi hirðuleysi»; en ef hann á fje út í eyju, horað og illa til reika, og veit að þar er jarðbann og hirðir þó ekki um og lætur það veslast upp, þá er það «vísvitandi hirðuleysi». Og þar sem hann talaði um ófrelsi, er nefndin vildi innleiða, þá er ekkert eins rangt og það, því nefndin hefur ekkert varast eins og það, því að hún vildi eigi svipta nokkurn mann rjetti sínum. Hitt getur eigi kallast *ófrelsi*, þó að á herðar manni sje lagðar borgaralegar kvaðir og skyldur, sem nauðsynlegar eru því mannfjelagi, er maður lifir í.

Báðir ustm. brtill. hafa talað fyrir henni. Jeg álít hana að ýmsu leyti góða, en þó get jeg eigi verið á því að samþykkja hana að svo stöddu. Þm. Eyf. tók það alveg rjett fram, að orðin «eða auðsætt þyki að hann falli» eru ófær. (*E. Br.:* Þau eru ekkert kappsmál). Það sem jeg þá hef helzt á móti brtill., er að hegningarákvarðanirnar eru allt of linar. Jeg get eigi sjeð að þær fari í nokkru fram úr ákvörðununum í reglugjörð fyrir hreppstjóra, og sje enda linari. Þá hafa menn spurt um, hvort lög skuli setja í þessu efni. Nefndin svarar: já. Hún álítur að það sje hin brýnasta nauðsyn, að koma í veg fyrir horfelli, sem sje landi og lýð jafnt til skaða sem vansæmdar. Hún álítur, að löggjafarvaldinu sje skylt, að brýna fyrir almenningi að horfellirinn sje siðferðislegt brot og skaðlegur fyrir hvern og einn. Við þessu hefur brtill. of lágar sektir og óhæfilega lágar sektir. (*A. Ó.:* Þar stendur: «nema þyngri hegning liggi við því að lögum»). Hvar eru þau lög? (*A. Ó.:* § 299). Það dugir eigi, því að þótt margir hafi fellt úr hor, þá hefur þeim eigi verið hegnt, af því að sýslumenn hafa eigi sjeð sjer fært eptir núgildandi lögum að dæma þá seka.

Jakob Guðmundsson: Þm. Bst (E. K.) sagði að eigi ætti að takmarka meir frelsi manna en nauðsyn bæri til, og er jeg á sama máli, því það er mjög skammt síðan að jeg sagði að frelsið ætti ekki að takmarka, nema það leiddi til hins siðferðislega illa, og vona jeg að menn muni sjá að jeg er mjer alveg samkvæmur, því að hjer eru tvö atriði, sem menn þurfa að gá vel að. Annað er búmannlegt og búhyggilegt og að því leyti vilja menn með ráðleggingum og áminningum koma í veg fyrir að menn gjöri sjer eða mannfjelaginu skaða. Hitt er siðferðislegt; hjer er að ræða um siðferðislegt brot, og hjer vilja menn koma ábyrgð á hendur þeim, sem sýna harðýðgi gegn skepnum, sem guð hefur skapað og vill að líði vel. Þm. Bst. (E. K.) talaði um, hvernig færi ef menn neituðu kvöðinni, sem þeim er lögð á herðar, og hver ætti þá að dæma um skepnumeðferðina. Um neitun á þessari lögkvöð yrði að fara eins og um neitanir annara lögkvaða. Skoðunarnefndin segir fyrst álit sitt um allt það er snertir meðferðina á skepnunum. Sýslumanni er sagt til og síðan rannsakar hann málið og dæmir svo eptir upplýsingum sem fram hafa komið við rannsóknina, og þurfa menn þá eigi að kvíða því að hann dæmi menn að ósekju.

Þorsteinn Thorsteinsen: Jeg felli mig töluvert betur við brtill. hinna tvegga ustm., því að mjer virðist að 2. gr. í frv. nefndarinnar hafi í för með sjer mikla erfið-

leika og ennfremur sje að nokkrum mun skert frelsi manna. Einnig álít jeg óþarft að skylda menn með lögum til þess, að hvetja bændur til þess að setja vel á hey og fara vel með fjenað, af því að þetta er tekið fram í reglugjörð fyrir hreppstjóra frá 29. apr. 1880; ef nú ætti að fara að gefa ný lög hjer um, þá finnst mjer væri hæfilegra að gjöra prestunum að skyldu, að áminna fólk í þessu efni; því hverjir eru betur fallnir til þess en þeir? Satt er það að vísu, að þeir eru opt í hreppsnefndinni, en stundum eru þeir þar þó eigi, og er þá máske skaði, ef þeir eigi eru skyldir til þess að áminna úr því farið er að gjöra slíkt að lagaskyldu. Sumir hafa sagt að hegningin væri of lítil, en ef menn lesa vandlega, þá geta menn sjeð að hjer er talað um minnsta brot, en einnig er ætlað til hærri sektar eptir nú gildandi lögum, því að hjer stendur í brtill. nema þyngri hegning liggi við eptir öðrum lögum og verður það hlutverk dómarans að dæma um, hvort þessar sektir skuli heimfærast.

Benidikt Sveinsson: Það þykist jeg vita, að breytingartill. sú er hjer liggur fyrir sje gjörð í góðu skyni og til þess að bjarga málinu, en jeg hygg þó eigi að hún sje til bóta. Jeg álít að nefndinni hafi heppnazt, að setja svo vel hlutfallið milli hreppstjóra og hreppsnefndar, sem verða má, og að verksvið þeirra sje ljóst og greinilega afmarkað. Ákvörðunin um að hvetja til þess að setja vel á hey og hafa nægilegt húsrúm, er að vísu æskileg, en jeg held að hún sje eigi og geti ekki verið *lögreglumál* að svo stöddu. Á Norðurlandi er þetta að vísu eigi nauðsynlegt, því að þar hafa menn húsrúm fyrir fjenað sinn, en þessu er öðruvísi varið á Suðurlandi, og þar verður að minni hyggju mjög örðugt að framfylgja þessu fyrst um sinn, og þess vegna get jeg eigi verið meira hluta nefndarinnar samdóma um að beita því aðhaldi, sem væri samboðið því, að hreppstjórinn ætti að hafa afskipti af því.

1. brtill. er eigi annað en orðabreyting við 1. gr. frv. og get jeg eigi betur sjeð, en hún sje að eins framkomin til þess að breyta, því jeg fæ eigi sjeð, að efnið verði skýrara, glöggara eða greinilegra. Ekki þykir mjer heldur ráðlegt að önnur grein falli burtu. Þykir mjer og sannarlega óheppilegt, að hafa orðin «að haustlagi» eigi í ákvörðuninni, því að hvenær er eðlilegra að hvetja menn til þess að setja vel á, en einmitt á þessum tíma? Brtill. við 3. gr. er að minni hyggju óhafandi, og virðist mjer undarlegt að nokkrum heilskyggnum manni skuli detta í hug að setja orðin «eða auðsætt þyki að hann falli fyrir fóðurskort» sem skilyrði fyrir hegningu. Ef yfirdynja fjarskaleg harðindi, t. a. m. seinni hluta vetrar, svo að allir í landinu komast í fóðurskort, hvaða vit er þá í því að þvinga alla til að skera fjenað sinn, svo að engin skepna geti fallið fyrir fóðurskort, að viðlagðri lögsókn og hegniugu. Þetta er of strangt. «Hirðuleysi» eða «harðýðgi»; þetta er sitt hvað; harðýðgi er það, þegar menn annaðhvort ekki bjarga eða ekki svipta þær skepnur lífi sem eru dauðvona af hor, heldur láta þær kveljast til dauða. En «hirðuleysi» má þenja eins og hrátt kálfskinn, og það verður þó að vera eitthvað ákveðið, sem byggja skal á áfellisdóm til hegningar, eða er ekki svo? Jeg vil biðja h. h. ustm. að gjöra slík orð eigi að kappsmáli, heldur athuga þau grandgæfilega. Nú kemur: þá varðar sektum til hlutaðeigandi sveitarsjóðs allt að 20 kr. nema þyngri hegning geti legið við eptir öðrum lögum. Hvaða lög? (*Þorl. Guðm.:* Hegningarlögin). Hegningarlögin. Nei, þau geta eigi átt hjer við.

Enn fremur stinga þessir menn upp á að farið sje með málin sem opinber lögreglumál. En í hegningarlögunum er ill meðferð á skepnum skoðuð sem sakamál og þykir mjer undarlegt að búa til úr þessum málum annan flokk mála. Þetta er mjög óheppilegt. Rjettast er sjálfsagt að láta þessi mál vera sakamál eins og þau í eðli sínu eru, en binda hegninguna eigi eins ströngum skilyrðum eins og í hegningarlögunum er gjört, svo þau nái til þeirra, sem horfella skepnur sínar af harðýðgi eður með vísvitandi skeytingarleysi. Af öllum þessum ástæðum finnst mjer brtill. vera varhugaverð og vil jeg heldur halda mjer að frv. nefndarinnar alveg óbreyttu.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer virðist að öll þessi frv., þau eru nú orðið 4 — sýni, að þetta efni sje svo lagað, að löggjöfin geti eigi náð til þess, og að ekki sje til neins að setja lög um það. Mjer sýnast þessi frv. að eins lýsa löngun til þess að semja lög, en sú löngun þykir mjer dýrkeypt; þykir mjer það nærri því sorglegt, að þingmenn skuli vera að eyða tímanum til að semja og ræða slík lög, sem þeir hljóta að sjá, ef þeir hugsa nokkuð um það, að ekkert gagn geta gjört,

og eyða þannig tímanum til slíks, en sinna eigi öðrum nauðsynlegum málum. Og hvernig er nú þetta nefndarfrv.? Jeg fæ eigi sjeð, að í því sje nein positiv ákvörðun. Það er einungis farið fram á, að hreppsnefndirnar skuli halda ofurlítinn ræðustúf til bænda, og ef ræður skal halda fyrir bændum um þetta efni, þá er jeg samþykkur 1. þm. Ísf. í því, að þennan ræðustúf ættu helzt prestar að halda, því að hjer er að eins að ræða um siðferðislega skyldu, sem engin lög geta náð til. Mönnum er boðið að gjöra þetta eða hitt, án þess nokkrar sektir liggi við, þótt þeir eigi gjöri það; þeim er hjer um bil í sjálfs vald sett hvort þeir vilja hlýðnast lögum þessum eða eigi. Í 2. gr. eru 2 búendur skyldir til að fara að skoða fjenað og fóðurbyrgðir hjá öðrum borgunarlaust. En jeg vil nú spyrja: Mælir nokkur sanngirni með, að leggja þessa skyldu á menn? Eiga 2 einyrkjar í Aðalvík þá t. a. m. að vera skyldir til að fara norður á Horn eða úr Grunnavík norður í Furufjörð, Reykjarfjörð, Bolungarvík, til þess að skoða þar fjenað, og drepa svo ef til vill sitt eigið fje á meðan? Þetta mundi engum bónda detta í hug að gjöra, enda liggur eigi mikið við, því að ekki eru sektirnar. Jeg sje hjer yfir höfuð ekkert, sem nokkuð hefur að þýða, nema þar sem vísað er til 299. gr. í hegningarlögunum. En það er skýr og ljós grein sem beita má, þegar menn drepa úr hor, því að hvað er miskunarlaus og harðýðgisleg meðferð á skepnum ef það er eigi að sárkvelja skepnurnar með fóðurleysi, og drepa þær svo úr hor á endanum? Þm. Nm. hafði öldungis rangt fyrir sjer, þá er hann hjelt að 299. gr. næði hjer eigi til. Eptir þeirri ákvörðun hafa dómstólarnir dæmt menn, sem hafa látið fjenað sinn horfalla. (*B. Sv.*: Það þekki jeg ekki). Það get jeg eigi gjört við. Þeir dómar eru til, og þeir eru öldungis rjettir. Þar sem þm. Eyfirðinga og var að fetta fingur útí orðin: «eða auðsætt þyki að hann falli», þá var það eigi rjett; þau orð geta engum misskilningi orðið bundin, því að þegar búið er að fara svo með skepnuna, að auðsætt þykir að hún falli, og hún ekki getur lifað lengur, þá er sannarlega beitt miskunarlausri og harðýðgislegri meðferð. Þetta hefur einnig komið fyrir dómstólana, og verið dæmt af þeim. Annars gjörði h. h. þd. rjettast í að fella þetta mál sem skjótast, því að hjer er ekkert sem eigi má heimfæra undir eldri lög, og frv. miðar að eins til þess, að auka fjölda laganna en eigi gagn þeirra. Jeg vona því að hjer verði gott samkomulag í deildinni eigi við 3. umræðu, heldur nú þegar í því, að fella málið þegar og láta það eigi spilla tíma þingsins lengur.

Holger Clausen: Jeg stend að eins upp til þess að láta vita, að það er alveg það sama, þó þessi lög gangi fram, jeg held minni skoðun að ekkert mál er eins «ópopulært», og það er ekki $^1/_{10}$ hluti, sem vill hafa þau. Menn halda ef til vill að þessi lög sje praktisk, en það er ekki, því að í hreppsnefndinni eru beztu bændur og ríkustu bændur og þeir hanga saman, og þeir eru ekki svo vitlausir að drepa skepnurnar, og eru það einungis þeir fátæku sem líða við þetta. Svo hafa menn hegningarlögin 299. gr., svo þessi lög hafa ekkert að þýða.

Þórarinn Böðvarsson: Þm. Ísf. talaði um, að menn legðu bönd á frelsið. En þessu verð jeg alveg að mótmæla. Hjer er eigi verið að tala um að hepta frelsi manna, heldur einungis að leggja kvaðir á menn sem meðlimi mannfjelagsins. Hin ástæða hans var, að það væri óþarft, að leggja slíka skyldu á menn. En heldur hann þá að þetta sje hjegómi einn fyrir mönnum? Heldur hann að landinu megi alveg standa á sama, þó að allir búendur felldu fjenað sinn? Nei hjer er um sannarlegt velferðarmál að ræða. Það er heill landsins og heiður, sem liggur við, ef menn eigi reyna að koma í veg fyrir horfelli á skepnum, sem allir verða að játa að er allt of almennur. Enn fremur gat hann þess, að lög þessi mundi vera óþörf af því að þau væru samkvæm reglugjörð fyrir hreppsjóra frá 29. apríl 1880. En hvaða skaði er í því, þó að þessi lög sjeu samkvæm reglugjörðinni? Auk þess er og reglugjörðin eptir mínum skilningi ekki alveg sama og lög. Og vil jeg spyrja hann hvaða sekt við liggi, ef hreppstjóri gleymir að fara eptir 26. gr. reglugjörðarinnar. Það sem hann sagði um prestana skoða jeg sem findni. Það getur verið að sumum hafi þótt hún góð, en mjer þykir hún hvorki góð eða heppileg, því að það er skylda prestsins að áminna til góðs siðferðis bæði í þessu sem öðru, og þarf engin ný lög um það að setja. Hafi það verið alvara hans, þá skil jeg eigi, hvernig hann getur fremur fallizt á brtill. hinna tveggja ustm., því að þegar málið á að meðhöndlast sem opinbert lögreglumál, verður prestur meira laus við þessa skyldu.

En jeg held að þetta hafi eigi verið meining hans, heldur hafi það verið gaman, en slíkt gaman er næsta óheppilegt, og oss í nefndinni hefur sannarlega eigi verið neitt gaman í hug, því að þetta mál er alvarlegra en svo, og meir mikilsvarðandi fyrir fósturjörðu vora. Þm. Rvk. (H. K. Fr.) sagði, að það væri eigi til neins að setja lög um þetta efní, en það var skaði að hann færði alls engin rök fyrir orðum sínum, en þetta mun ein- og eðlilegt er koma af því, að hann eigi hefur getað fært neina ástæðu fyrir orðum sínum. Hann sagði og að þessi lög væru framkomin af löngun til þess að setja lög; en þessi orð eru allsendis röng og ósönn, og jeg álít að það sje eigi honum sæmandi og engum heiðvirðum þingmanni sæmandi að tala slík orð og segja að lög sje framkomin af hjegómlegum hvötum. Það sem hann talaði um að skylda menn til að fara frá Aðalvík og norður til Horns var og rangt, því að Aðalvík er eigi næsti bær við Horn. Enn fremur sagði hann, að í þessum lögum væri engin «positív» ákvörðun; en jeg get eigi betur sjeð en að það sje veruleg og mikilsvarðandi ákvörðun að heimfæra horfelli undir hegningarlög og refsa mönnum fyrir hann. Og þar sem hann sagði að engum bónda myndi detta í hug að hlýða þessum lögum, þá er það sannarlega hart að beyra nokkurn og allra helzt þingmann segja slíka óhæfu. Þm. Snf. (H. C.) kvað lög þessi mundu verða «ópopulær»; þetta veit jeg eigi, en það veit jeg, að það er allt of popúlert að drepa skepnur úr hor, og sú stefna að reyna að koma í veg fyrir hann er samkvæm vilja og áliti hinna beztu manna á landinu.

Þorsteinn Thorsteinsen: Þar sem þm. G. K. hugði orð mín um prestana vera findni þá var það þvert á móti tiltrú til prestanna og í virðingar skyni, en eigi til þess að gjöra gis að þeim eða málinu. (*Þór. Böðv.:* Jeg sagði eigi gis).

Síðan var eptir beiðni 8 þm. sþ. að umræðunum skyldi hætt, og höfðu þá enn 3 þm. beðið sjer hljóðs.

Atkvgr.: Brt. frá 2 þm. við 1. gr. (C 193) felld með 11 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Halldór Friðriksson,	Arnljótur Ólafsson,
Magnús Andrjesson,	Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,	Eiríkur Kúld,
Firíkur Briem,	Friðrik Stefánsson,
Gunnlaugur Briem,	Grímur Thomsen,
Ólafur Pálsson,	Holger Clausen,
Tryggvi Gunnarsson,	Jakob Guðmundsson,
Þórður Magnússon,	Jón Ólafsson,
Þorl. Guðmundsson,	Lárus Blöndal,
Þorsteinn Jónsson,	Þórarinn Böðvarsson,
Þorst. Thorsteinsen,	Þorkell Bjarnason.

Brt. frá meiri hluta nefndarinnar, sem var tekin aptur af nefndinni, en tekin upp af Eiríki Kúld og Arnl. Ólafssyni, var sþ. með 13 atkv. gegn 7.

Fyrsta gr. frv. sþ. með 14 atkv. gegn 8. að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu,

og sögðu *já:*	en *nei:*
Magnús Andrjesson,	Halldór Eriðriksson,
Arnljótur Ólafsson,	Eiríkur Kúld,
Eiríkur Briem,	Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,	Grímur Thomsen,
Gunnlaugur Briem,	Holger Clausen,
Jakob Guðmundsson,	Þórður Magnússon,
Jón Ólafsson,	Þorsteinn Jónsson,
Lárus Blöndal,	Þorst. Thorsteinsen;
Ólafur Pálsson,	
Tryggvi Gunnarsson,	
Þórarinn Böðvarsson,	
Þorkell Bjarnason,	
Þorl. Guðmundson;	

atkvæði Benidikts Sveinssonar er eigi vildi greiða atkv. var talið með meiri hlutanum.

Annar liður í brt. 2 þm. (C 193) sþ. með 14 atkv., var 2. gr. frv. þar með fallin.

Brt. Arnlj. Ó. (C 198) sþ. með 12 atkv.

Þriðji liður í brt. 2 þm. (C 193) felldur með 11:11.

Frv. 3. gr. sþ. með 13.

Fjórði liður í brt. 2 þm. (C 193) tekinn aptur.

Frv. 4. gr. sþ. með 12 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 12:3.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaða (C 176); 2. umr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Það urðu þegar talsverðar umræður um þetta mál við 1. umr. og lágu þó ekki þá

fyrir nema 5 fyrirhugaðir verzlunarstaðir, en nú hafa bætzt við aðrir 5, svo þeir eru orðnir 10; það má því búast við að umræðurnar verði nokkuð langar. Jeg skal samt fyrir mitt leyti vera svo stuttorður. Fyrst og fremst ætla jeg þá að taka fram málsins *almennu* hlið, þær *almennu grundvallarreglur* og *röksemdir*, sem eiga jafnt við *alla* þessa verzlunarstaði, og því næst gefa skýringar viðvíkjandi einstökum af þeim, sem jeg er sjerstaklega kunnugur, en jeg vona að hinir aðrir þm. láti ekki sitt eptirliggja að gefa upplýsingar um þá staðina, sem þeir eru og hljóta að vera kunnugir.

Jeg gat þess þá um daginn að sú stefna og meginregla væri orðin föst og viðurkennd á þessu þingi, að löggjafarvaldið eigi *ekki* að dæma um það eða semja lög um það, *hvar* löggiltir verzlunarstaðir *skuli* vera á landinu, heldur sje það og eigi að vera komið undir atkvæðum hinna rjettu hlutaðeigenda, en þeir eru *kaupmenn, ábyrgðarfjelög* og *bændur*. Jeg held líka, að öllum megi liggja það í augum uppi, að auk þess sem þessi stefna er hin eina frjálslega, þá sje hún einnig mjög þýðingarmikil og gagnleg fyrir land og lýð. Þessi vegur er líka eðlilegur, og það sýnir reynslan bezt; því hvað skeður síðan 1875? Það að mikið verzlunarmagn hefur dregizt einmitt að þeim stöðum, sem áður var álitið *ómögulegt* að stofna verzlunarstaði á og allir því hjeldu að aldrei yrði að gagni. Jeg skal nefna til dæmis Sauðárkrók. Á árunum átti það að vera svo fjarskalega fjarstætt og hrein og bein *óhæfa* að nefna það á nafn að þar gæti orðið verzlunarstaður, og þó hefur verzlun þrifizt þar svo vel, að gamlir verzlunarstaðir hafa orðið að lúta í lægra haldi, t. a. m. *Grafarós*. Nú! nú! þetta er eindæmi segja menn. Nei! nei! Þá skal jeg nefna *Blöndnós*, það átti líka að vera mesta óhæfa að nefna þar verzlunarstað. Þá *Borðeyri*; ómögulega mátti nefna hana; en nú er þar þó komin á blómleg verzlun. Meira að segja það yrði of langt mál, að telja upp alla þá staði, sem áður þóttu alveg óhæfir, en nú eru orðnir fjölsóktir og blómlegir verzlunarstaði eptir því, sem vænta má í þessu bláfátæka landi, og vil jeg minna á Akranes og Brákarpoll sjerstaklega, af því þeir eru svo nærri aðalverzlunarstað landsins, sjálfri Reykjavík. Löggjafarþingið getur þannig *ekki*, reynslan sýnir það og sannar, með sínum bezta vilja sagt fyrir fram, hvar skuli myndast blómlegur og gagnlegur verzlunarstaður og hvar ekki. Jeg held það sje því öllum í augum uppi, að þessar gömlu og herfilegu bollaleggingar frá *einveldistímunum* eru ekkert annað en baneitraðir angar hinnar gömlu verzlunareinokunar, sem eptir hlutarins eðli og framrás frjálsari tíma er ómögulegt að eigi lengur að ráða. En með því að innleiða frelsið, þá sker reynslan úr því, hvar verzlunarmagnið geti helzt dregizt saman. Auk þess er þetta frelsi fjarska mikill hagur fyrir landsmenn, því það sparar þeim allt það fje, sem þarf til þess að flytja útlenda og innlenda vöru alla þá leið, sem hinn eldri verzlunarstaður liggur lengra frá heimili hlutaðeiganda, en hið nýja löggilta kauptún, og yrði það opt og víða stórfje. Allir þekkja hvað flutningarnir eru örðugir og kostnaðarsamir hjer á landi, svo ekki þarf að útlista þetta atriði nákvæmar. En ef það er víst, að þetta *frelsi* sparar fje og flutningskostnað, þá er *það líka víst*, að það eykur þjóðmegunina, eflir dáð og dugnað og gefur afl þeirra hluta sem gjöra skal, með því að auka hagnað og hagsæld landsmanna. Sá kostnaður, sem með því sparast, er geymdur, og því fje má verja til gagnlegra fyrirtækja. En það er enn nú eitt atriði. Vjer tölum um að samgöngur sjeu nauðsynlegar og til þess að efla þær og auka sje nauðsynlegt að leggja góða vegi, en verzlunarstaðirnir eru betri en nokkur vegur, því það kostar þó nokkuð að fara langan veg, þótt hann sje góður, en það *kostar ekkert* að fara *engan veg*. Ef t. a. m. Fjallahöfn er löggilt, þá þurfa ekki Keldhverfingar að fara neinar kaupstaðarferðir að heita má, en ella verða þeir að sækja annaðhvort inn á Húsavík eða norður á Kópasker, og þær ferðir eru mjög dýrar og geta þegar svo ber undir, verið alveg ómögulegar. Svona hagar nú sjálfsagt til meira og minna annarstaðar. En nú segja menn, þetta megi ekki eiga sjer stað, það eyðileggi hina svo nefndu innlendu verzlun, og opni lausakaupmönnum ótakmarkaðan aðgang, en boli frá hina svonefndu búsettu kaupmenn, er hafi heimili í landinu. En hver er þessi innlenda verzlun og hverjir eru þessir kaupmenn? Væru þeir *búsettir* kaupmenn eptir mínum skilningi eður í orðsins sönnu þýðingu, já, þá skyldi jeg verða manna fúsastur til að hlynna að þeim; en þeir eru það *ekki*, og þeir kaupmenn, sem eru hjer reglulega „*búsettir*“ og innlendir

eru eins og dropinn í hafinu á móti hinum. *Hinum* segi jeg, sem hafa hjer faktoraverzlun eður selstöðu og útibú, og flytja allt fjeð og allan ágóðann út úr landinu til þess að auka auðsæld erlendra manna. Það er einmitt þetta, sem er mergurinn málsins, og sem gjörir það ómögulegt fyrir mig, að hlynna að þessum mönnum; því þeir eru og verða útlendir kaupmenn, þó þeir kalli sig innlenda. Hvar á þá staðar að nema? Eigum vjer að rótfesta og vernda það verzlunarástand um aldur og æfi, sem gjörir landið að selstöðu útlendra kaupmanna, og sýgur úr því allt blóð og allan merg, mörg hundruð þúsund króna á ári. Sá skaði, sem landið hefur haft, hefur enn og mundi hafa af þessu verzlunarástandi um ókomnar aldir beinlínis og óbeinlínis, yrði hvorki talinn í krónutali nje mældur með mæli; það væri þá næstum eins gjörlegt og greitt að ganga fram að sjónum og telja smákornin á sjávarbotninum eða dropana í hafinu, eður ef mælir skyldi við hafa kúffylla hrip með vatni, eða mæla himingeiminn með alinmáli eða kvarða. Nei! þessi voðalegi gullstraumur ber alla vora þjóðmegun, alla vora sveitadropa í endalausu krónutali, öll meðulin til þjóðmenningar vorrar til annara landa. Nei, slíkar og þvílíkar blóðfórnir vil jeg ekki að fósturjörð mín leggi lengur á altari Baals.

Jeg vildi helzt, að það ásigkomulag kæmist á eptir því verzlunarástandi, sem *nú* er, að *lausakaupmenn verzluðu sem* mest beinlínis við bændur, og að hver hreppur hefði sitt forðabúr þar sem bændur borguðu 1 eða 2 sinnum á ári allt sem þeir kaupa út í hönd. Kaupstaðarskuldirnar eru mest eða eingöngu sprottnar af föstu kaupmönnunum sem nú eru. Landslýðurinn er því miður svoleiðis gjörður, að hann leiðist til að nota sjer kaupstaðarlánið meira en hann fær til klofið þegar að skuldadögunum rekur, og þetta er eðlileg afleiðing af peningaeklunni og hinu hryggilega ástandi í landinu yfir höfuð. Jeg vona hin h. þd. veiti fullt athygli þessum ástæðum og rannsaki rækilega hvort þær sjeu ekki rjettar og á rökum byggðar.

Jeg þykist vita að 1. þm. Sm. (Tr. G.) líkar þetta ekki, það er nátturlegt frá hans sjónarmiði, en jeg vona að mjer gefist kostur á að svara honum þegar hann er búinn að tala.

Hvað sjerstaklega viðvíkur hinum einstöku kaupstöðum, þá er það Fjallahöfn sem jeg bezt þekki. Kelduhverfi, er þangað sækir, er allstór sveit sem á mjög erfitt að ná til hinna löggiltu verzlunarstaða; að vestanverðu er Tunguheiði erfið og ill yfirferðar, svo að Keldhverfingar eiga opt illt með að ná til Húsavíkur, og vilji þeir leita norður til Kópaskersvogs, þá er Jökulsá í Axarfirði slæmur þröskuldur; því hún er opt ófær vikunum saman. Það er því auðsjáanleg skylda þingsins að gjöra bændum í þessari sveit það til geðs, að lofa þeim að flytja vörur sínar og sækja á þann stað, sem þeim kemur bezt, og spara við það tíma og peninga. Þá kemur Grímsey, hún liggur 6 mílur undan landi. (*Jak. Guðm.:* Miklu lengra frá kaupstað). Eyjarskeggjar sækja ár frá ári með mesta lífsháska björg handa sjer til meginlands og eru opt burtu vikum saman beztu tíma ársins. Er það ekki sárgrætilegt ranglæti að meina þeim að fá nauðsynjar sínar hvort heldur það er frá innlendum eða útlendum, föstum eða lausum kaupmönnum, eptir því, sem þeim bezt hagar. (*Tr. G.:* Lögin 7. nóv. 1879). Já, hvað hjálpa þau; jeg veit að Grímseyingar hafa farið þess á leit við ónefnt innlent verzlunarfjelag, sem þingmaðurinn má manna bezt þekkja, að senda skip út til sín, en fengu eigi; en því brýnni er nauðsynin til, að löggilda þennan stað, og þetta hlýtur þingmaðurinn að játa, hvort sem honum er það ljúft eða leitt. Til hvers á að vera spenna og hvaða heimild hefir þingið til að spenna járngreipum atvinnufrelsi manna?

Hvað Lagarfljótsós snertir, þá hef jeg verið svo heppinn að fá í hendur einmitt í gær skýrslu frá 1. þm. Nm., samþingismanni mínum, sem því miður ekki er viðstaddur hjer sjálfur. Mjer heyrðist á hinum hæstv. forseta, að jeg mætti lesa hana upp hjer á fundinum og vil jeg því leyfa mjer að gjöra það. Skýrslan er svo hljóðandi:

«Af því að fjölda margir bændur á Fljótsdalshjeraði hafa beðið mig að skrifa yður, herra alþingsmaður, nokkuð ýtarlegar um löggilding verzlunarstaðarins við Lagarfljótsós, en gjört var síðast, leyfi jeg mjer nu, þótt seint kunni að vera orðið, að færa til helztu atriðin í þessu máli.

Ósinn liggur fyrir miðju Hjeraði (á miðjum Hjeraðssandi) og er um fjöru c. 8 fet á dýpt, og því að líkindum um flæði 12—13 fet; sama dýpi hefir og Lagarfljót innaf ósnum c. 1½ mílu, og flæðir alla þá leið, svo, eptir því, mætti hæglega draga

með gufubáti skip, er eigi rista mjög djúpt þenna veg allan. Breiddin á ósnum og fljótinu er á þessari leið frá 50—80 faðmar, og má heita jafndýpi í því landa á milli. Í ósnum sjálfum, eins og fyrir öllum Hjeraðssöndum, er sjerlega smágjörr vikursandur, og er því ómögulegt, enda hefir það enn aldrei borið við, að ósinn geti lokazt í langvinnri hafátt, eins og títt er í Skaptafellssýslum, þar sem sandarnir eru myndaðir af nokkuð stórgjörðu grjóti og leir, sem ætíð verður mjög þjett í sjer. Á þeim stað, er hættir að flæða í Lagarfljóti, er dálítið klettþrep aflíðandi, er kallað er Steinbogi, og verður eigi farið með hafskip lengra en að bogannm, en vel má draga báta upp hann, því að straumurinn er jafn, þó hann sje nokkuð þungur; fyrir ofan bogann breikkar fljótið talsvert, en heldur hjer um bil sama dýpi, nema þegar vöxtur er í því, allt upp að svo kölluðum Lagarfljótsfossi fyrir ofan Kirkjubæ í Hróarstungu, og verður eigi lengra farið með báta; yrði því að hafa aðra báta fyrir ofan Foss, ef flytja skal vatnsleið eptir öllu Hjeraði; á allri leiðinni fyrir ofan fossinn er mikið misdýpi og misbreidd á fljótinu allt upp til miðs Hjeraðs, en langt er það þó yfir bátgengt, hversu stórir sem bátarnir væru hafðir; hjer fyrir ofan er Fljótið fært hverju hafskipi, frá 600—1300 faðma breitt og 20—60 faðma djúpt, allt upp að Brekku í Fljótsdal, en bátgengt er það enn frá Brekku og upp fyrir Hrafnkelsstaði í Fljótsdal; öll þessi vatnsleið yrði þannig rúmum 2 mílum lengri en allur Eyjafjörður, eða rúmar 10 mílur.

Að vestanverðu við Hjeraðsflóa er svokölluð Múlahöfn lukt hömrum og skerjum 2 vegu og nestanga á einn; höfnin er rúmgóð og djúp, og innsiglingin sömuleiðis, og aldrei nær þar stórsjór inn líkt og á Djúpavogi við Berufjörð; gætu skip legið þar óhult þangað til gufubáturinn sækti þau og drægi þau inn um ósinn á Lagarfljóti, eða ef skipin væru stór og menn því þyrði eigi að leggja þeim inn vegna grynnis, þá vörurnar úr þeim á stórum flutningsbátum; milli Múlahafnar og Lagarfljótsóss mun vera nærfellt $1^1/_2$ míla.

Vörumagn á Hjeraði og Jökuldal, því svæði, er sækja myndi kaupstað við Lagarfljótsós, mun nær 300,000 kr. en 200,000 kr., og má af því sjá hversu fækka mætti hestum á þessu sviði, ef kaupverzlun fengist hjer, þar sem sækja verður hvern hestburð og flytja yfir háar, vegillar og snjósælar heiðar, en hver hestur nemur svo miklum árlegum kostnaði að meðaltali, að það mun nær 20 kinda afrakstri (fóður hestsins jafnt og 20 kinda) auk annars tilkostnaðar, svo sem vinnumissis duglegustu mannanna meðan kaupstaðarferðir standa. Auk þessa má geta þess, að ef kol yrði flutt hingað, mundi túnrækt fara mikið fram í þessum sveitum, þar sem brenna verður öllu sauðataði og hrökkur þó naumast, en það er álitinn jafngóður áburður og kúatað, ef eigi betra.

Þótt ofanskrifuð lýsing sje eigi svo ýtarleg sem vera mætti, þá hygg jeg þó hana svo greinilega að þingið geti áttað sig á höfuðatriðunum, og að því muni af þeim geta orðið ljóst, að eigi sje síður þörf á kaupstað við Lagarfljótsós en í öðrum meginhjeruðum landsins, svo sem Skagafirði og Húnavatnssýslu, þar sem þó eflaust eru ótryggari og hættumeiri hafnarlegur en í ósnum eða á Múlahöfn.

Jeg fel þá mál þetta, fyrir hönd Hjeraðsbúa og Jökuldælinga, þingmanninum til öruggs flutnings og þinginu til góðra úrslita, vonandi þess að löggildingin nái fram að ganga á þessu þingi, þó sumir þingmanna kunni að geta fundið einhverjar mótbárur eða formgalla á því.

Ormarsstöðum 1. júlí 1883.

Þorvarður Kjerulf.

Til 2. þingmanns Norðurmálasýslu».

Eg skal bæta því við, að blöðin hafa minnzt á þetta mál og sýnt fram á að löggilding Lagarfljótsóss sje hið mesta velferðarmál alls Austurlands. Jeg skil eigi hvers vegna nokkur þm. vill drepa þessu áhugamáli og velferðarmáli Austfirðinga niður. Þessi kaupstaður yrði eigi að eins allra kaupstaða beztur á Austurlandi, heldur höfuðprýði alls landsins, þar sem flytja mætti innlenda og útlenda vöru langa leið inn í landið og þaðan aptur til sjávar, eptir rennandi vatni, sem eigi er dæmi til á Íslandi.

Jeg vil nú biðja hinn h. þm. Sm. (Tr. G.) að koma nú með dýrtíðina, að renna augum sínum ásamt mjer inn í bæinn til einhvers aumingjans og einvirkjans með hungraðan barnahóp, og konuna sem á ekkert eða lítið til næsta máls. Þessi einvirki þarf að ná sjer matbjörg, en hver á þá að gæta búss og barna; á þessu heimili má ekki missa eina hönd, eina hönd eitt augnablik. Er það nú á sanngirni, mannúð og rjettlæti byggt að segja við þennan mann: «Þú hef-

ur nógan tíma, góðurinn minn, og nóga hesta til þess að leggja í langferð til að sækja þjer, konu þinni og börnum nokkra málsverði». Svona fer þá tíminn og svona fara peningarnir fyrir bóndanum, en hvar lendir svo það fje sem hann leggur út beinlínis og óbeinlínis til þess að ná sjer matbjörg úr þessum góða kaupstað, sem, ef til vill, liggur langar leiðir burtu? Það lendir þó *ekki* í vasa kaupmannsins og heldur ekki hjá bóndanum sjálfum, heldur eru það *eyddir peningar,* þeim er kastað á glæ, og jeg bæti því við, að svo framarlega sem það er á *valdi* þingsins að ráða bót á þessu, þá er þessum peningum kastað *vísvitandi* í sjóinn. Jeg vil biðja hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) að minnast þess að hann situr í hinni nafnkunnu *sparnaðarnefnd,* sem er að reyna til að kría út krónu og krónu frá landsins eigin sonum, frá embættismönnum landsins. Já! Setjum svo, að sumir embættismenn landsins hafi óþarflega há laun, en peningarnir, sem til þeirra ganga, lenda þó í landinu sjálfu, en þessi kostnaður til að ná í fjarlæga kaupstaði hann kemur *engum* að haldi.

Jeg enda mál mitt með þeirri bæn og áskorun til hins h. 1. þm. Sm., að hann sem manna bezt kann til verzlunarmála, og á að kunna til þeirra, styðji að því að þetta velferðarmál komizt í rjett horf. Vilji þjóðarinnar á fram að ganga, því það eitt getur orðið til heilla og blessunar öldum og óbornum.

Þórður Magnússon: Jeg vil leyfa mjer að lýsa skoðun minni yfir í þessu máli og hún er sú, að jeg er flm. (B. Sv.) yfir höfuð samdóma í aðalstefnunni. Það er lang-eðlilegast að þingið leyfi landsmönnum að fá þar verzlunarstaði, er þeir ætla sjálfir að þeir sjeu hentugastir. Nýir verzlunarstaðir hljóta að verða þeim sem næst búa þó hentugir og þarfir. Jeg er of ókunnugur flestum þeim stöðum, sem hjer er farið fram á að löggilda til þess að geta gefið vottorð um þá; mjer er þó kunnugt um Gilsfjörð að hann liggur vel við til verzlunar, eigi að eins fyrir sveitir í Dalasýslu, heldur mundi og og verða leitað þangað norðan úr sýslum ekki sízt þegar skipagöngur væru hindraðar þangað af ís. Jeg sje eigi hvers vegna þingið í sumar ætti að víkja frá stefnu sinni í þessu máli að taka vel undir bænaskrár um þetta efni frá hjeruðunum og taka trúanlegt það sem þessum stöðum er fært til gildis. Það er auðvitað að sumir af þessum stöðum verða kannske ekki notaðir í bráð til þess að byggja á þeim, en þá er ekki hundrað í hættunni, þeir standa þá bara í eyði eins og áður. Þeir sem mæla á móti þessu frv. verða að gá að því, að landsmenn verða optar að sækja nauðsynjar sínar en einu sinni á ári, þess vegna hafa þeir ekki fullt gagn af því þó að hinir innlendu kaupmenn, eða föstu kaupmennirnir, sendi skip sín viku og viku upp á hvern vog og hverja vík; af því hafa menn eigi fullt gagn, segi jeg, þó að kaupmenn gjörðu það sem þeir nú reyndar aldrei gjöra, því að margt kemur fyrir á árinu sem gjörir nauðsynlegt að bregða sjer í kaupstað, og þess vegna eru föst verzlunarhús nauðsynleg, og það vilja landsmenn fá með löggildingunni. Jeg greiði því atkv. mitt með frv. þessu og vtill. og vona að málið fái að ganga til 3. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Við hina 1. umr. þessa máls lofaði jeg að gefa nokkrar upplýsingar um þessa tilvonandi verzunarstaði er þá lágu fyrir, eða minnzt hafði verið á; þeir hafa nú fjölgað síðan og er því eigi minni ástæða nú, en áður, að skoða þetta mál vandlega bæði frá almennu sjónarmiði og líka í einstökum greinum.

Jeg vona að þd. hafi þolinmæði þó að jeg taki málið ögn fram fyrir sig og renni augum yfir sögu málsins um næst liðinn tíma.

Frá því er löggjafarþingið hófst, hefur það stöðugt haft til meðferðar löggilding fleiri eða færri verzlunarstaða. Á hinu fyrsta löggefandi þingi 1875 voru 2 nýir verzlunarstaðir löggiltir, annar þeirra var Blönduós en hinn Vestdalseyri. Um löggilding þessara tveggja staða er ekki annað en gott að segja, það hefur verið byggt á báðum, á öðrum þerra er talsverð verzlun þó að höfnin sje ekki góð, á hinum er bæði mikil verzlun og góð höfn. — Svo kom næsta þing 1877 og þá má segja að farið hafi í þingið þessi ákefð að löggilda út í bláinn alla staði, sem upp á hefur verið stungið. Síðan hafa alls verið löggiltir 7 verzlunarstaðir, sem flestir eru þann dag í dag að kalla ónotaðir. Fyrst komu Þorlákshöfn og Geirseyri 1877. A Þorlákshöfn er ekki komin nein verzlun sem heita má, fyrir skömmu var þar engin bygging og Geirseyri er sem kunnugt er þýðingarlítil, þar sem hún liggur fast hjá öðrum eldri verzlunarstað. 1879 bættust Jökulsá á Sólheimasandi og Horna-

fjarðarós við. Á fyrra staðnum er engin, og getur engin verzlun verið, skip sem hefur lagzt þar hefur orðið að flýja þaðan eptir örfáa daga. Á Hornafirði hefur gengið dálítið betur; þar hefur legið skip 3 undanfarin sumur frá innlendu verzlunarfjelagi. Norðmaður sem kom þangað með timbur fór á grynnsli, lá þar fáa daga, og hjelt svo burtu með mestallan framinn óseldan. Höfnin er þó allgóð en innsigling mjög varasöm. Reyndar vil jeg eigi lá alþ. þó það samþykkti þessa 2 staði, vegna þess að aðliggjandi sveitir eiga svo fjarska örðugt með aðflutninga. Á sama þingi, 1879, var Kópaskersvogur einnig löggildur, en þess verður víst langt að bíða að þar verði byggt verzlunarhús. Nokkur skip hafa farið þangað, en höfnin er mjög ótrygg ef sjógangur er og allt of litlar vörur þar í kring til þess að föst verzlun þrífist þar. Á síðasta þingi bættust Hesteyri og Kolbeinsárós við, og er á hvorugum þeim stað byggt enn þá, og mjög litlar líkur til þess að það verði gjört. Þannig hefur alþ. gefið út 7 lagaboð á stuttum tíma sem ekki hafa komið að tilætuðum notum enn þá, eigi heldur líklegt að það verði svo bráðlega. Ætli alþ. vilji lengi halda áfram að búa til lög, sem ekki koma landsmönnum að tilætluðum notum?

Jeg skal því næst leyfa mjer að drepa lauslega á hina einstöku staði, sem farið er fram á að löggilda í þetta skipti. Frv. sjálft byrjar með 3 stöðum á Vesturlandi; jeg skal sem minnst um þá segja, þar eð jeg er lítið kunnugur þessum stöðum. Mjer þykir reyndar sennilegt það sem jeg hef heyrt, af kunnugum mönnum, að þessir staðir sjeu eigi líklegir til að verða að miklum notum, þó að þeir verði löggiltir. Taki jeg næsta stað á frv., þá er það Bakkafjörður á Langanesströndum; þar er jeg svo kunnugur að jeg veit, að það er að eins ein sókn sem ætti ljettara að sækja þangað en í hina núverandi kaupstaði; er því auðsjeð að þar getur ekki kaupstaður þrifizt. Þar hefur nokkur ár verið verzlað frá skipi samkvæmt l. 7. nóv. 1879. Bakkafjörður nýtur eins og fleiri staðir góðs af þeim lögum, en þó að hann verði löggiltur 4 sinnum, er jeg viss um að þar kemur aldrei kaupstaður.

Seinasti staðurinn í frv. er Lagarfljótsós. Jeg játa það, að af öllum þeim stöðum sem farið er fram á að gjöra að föstum verzlunarstöðum, bæði í frv. og í vtill., þá er við Lagarfljótsós sá eini staður, sem æskilegt væri að löggilda, og sem margra hluta vegna ætti og gæti orðið góður verzlunarstaður, og til mikilla bóta með aðflutninga fyrir stórt hjerað. Jeg skyldi manna mest fagna því vegna viðkomandi sveita, ef það reyndist svo, að þar mætti komast hættulaust inn í fljótsmynnið, því þá er sjálfsagt gott skipalægi þegar inn kemur; en enn sem stendur er þetta allt saman órannsakað. Að því er jeg bezt veit hefur 1 maður í ½ dag rannsakað þar dýpið við Lagarfljótsós, og engin veruleg skýrsla er fram komin um innsiglinguna þar, ekki einu sinni hvernig hún er í logni og því síður hvernig hún muni vera í brimi. Allir þekkja af kortinu Hjeraðsflóa, sem er fyrir utan, og vita að á honum er ekkert afdrep í stormum, nema Múlahöfn; en hún er svo lítið rannsökuð, að valla má treysta því að hún sje óhult. Þess ber og að gæta, að sjálfan Lagarfljótsós er ekki til neins að löggilda; því þar yrði naumast byggður kaupstaður, en nauðsynlegt að byggja hann miklu ofar, ef hægt væri að komast inn í fljótið, og þá þyrfti hvort sem væri aptur að leita til alþ. og fá þann stað löggiltan.

Efst á blaði í vtill. standa 2 staðir báðir í mínu kjördæmi. Mjer er það ógeðfellt að mæla móti löggildingu þeirra, en álít mjer skylt að segja hið sanna eins um þá og hina. Frá Selnesbót í Breiðdal er ekki nema nálægt 6 tíma ferð á landi og 4—5 tíma ferð á sjó til Djúpavogs og það yrðu að eins Breiðdalur og Stöðvarfjörður, sem ættu fullt svo ljett að sækja til Selnesbótar og til Djúpavogs, en þá er líka upp talið. Hvað hinn staðinn, Hrúteyri við Reyðarfjörð snertir, þá kynni sá staður að liggja dálítið betur fyrir Skriðdælinga, og nokkra uppsveitarmenn, en Eskifjörður liggur betur fyrir fjarðarmenn eða sjóarbændur alla, svo ólíklegt er að sá kaupstaður legðist niður þó nýr kæmi. Vegalengdin er svo lítil milli Hrúteyrar og Eskifjarðar, að lítið yrði áunnið við, að fá annan kaupstað upp við sama fjörðinn. Báðir þessir staðir í Suðurmúlasýslu eru því að minni hyggju ekki mjög nauðsynlegir, sízt sá fyrri.

Þá kemur Fjallahöfn. Hinn h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) hefur sjerstaklega tekið hana að sjer. Það er eins og hann kannist ekki við að til sjeu lög frá 7. nóv. 1879, því að svo mikið get jeg sagt honum, að Fjallahöfn hefur aldrei gagn af öðrum lögum en

þeim, eins og hinir aðrir staðir, sem jeg þegar hef talað um.

Um Stokkseyri, sem næst kemur á vtill., skal jeg eptirláta öðrum að tala, sem eru henni kunnugri en jeg; en um seinasta staðinn, sem rekur lestina, get jeg talað eins vel og aðrir. Það er Grímsey. Jeg vil ekki ætla það hinum virðulegu þm., 2. þm. Nm. (B. Sv.) og 1. þm. A. (Þ. G.), að þeir hafi viljað henda gaman að þinginu með því að koma Grímsey inn í vtill. sína, en hitt er er víst að þeir með því hafa sýnt þinginu, á hvaða veg það er komið með allar þessar löggildingar, þegar Grímsey er látin fljóta með. Jeg get frætt ustm. á því, að 4 verzlanir við Eyjafjörð hafa verið beðnir að senda eina ferð skútu út í Grímsey til að verzla, en engri hefur þótt það vera tilvinnandi sakir vörufæðar. Þessi ust. um Grímsey vona jeg að sje eigi sett til gamans, en hún sýnir mjög vel, í hvaða ógöngur þingið er komið.

Með þessum orðum hygg jeg að geti verið fullrætt um hina einstöku staði. Sje það meiningin að löggilda þessa 10 staði, þá vil jeg heldur hafa það heilt en hálft, og aðhyllast skoðun hins h. 1. þm. Ísf. (Þ. Th.), að betra sje hreinlega eitt skipti fyrir öll að löggilda hverja vík á landinu og gefa allt laust í einu, ef eigi er hægt að setja slagbrand fyrir þessa villigötu, sem þinginu er svo hætt við að villast inn á. Sjeu lögin frá 7. nóv. 1879, sem þá þóttu góð, nú 4 árum eptir orðin ónóg landinu, þá er ekki annað fyrir en að gefa út nýtt lagaboð: að lofa hverjum sem vera skal að verzla hvar sem hann vill og með hvað helzt sem hann vil.

En áður en þetta lagaboð nær samþykki þingsins, vil jeg biðja menn að skoða vandlega lögin 7. nóv. 1879, og við það munu þeir komast að raun um, að innihald þeirra laga er eigi annað en það, að búsettir kaupmenn hjer á landi mega verzla með allt nema með vínföng hvar sem þeir vilja á sjó eða frá skipum, en vilji þeir eða aðrir verzla á landi eða byggja, þá fái þeir leyfi til þess hjá sýslumanni, ef sýslunefndin álítur staðinn hentugan og verzlunina sveitinni þarfa; það þarf eigi að bæta við, að þessir hinir síðarnefndu, sem eigi eru úr tölu innlendra kaupmanna, þurfa að vera búandi á staðnum og hafa leyst borgarabrjef áður en þeir geta byrjað sveitaverzlun.

Í hverju eru þá l. 7. nóv. ónóg og hverju á við að bæta, nema því, að selja megi vínföng alstaðar og af hverjum sem vill. Alþ. ætti þá að semja viðaukalög við l. 7. nóv., og hlyti þá inntak þeirra að vera það er nú skal greina: *Öllum skal heimilt að verzla á sjó og landi hvar sem þeir vilja og með hvað sem þeir vilja.* En vill þingið þá athuga hvað í þessum orðum liggur, og hvernig hinar einstöku greinir þessara laga mundu líta út, til þess að þessari meginsetningu gæti orðið fylgt? 1. gr. í þessum l. mundi hljóða á þá leið: Öllum skal leyft að verzla og byggja hvar sem þeir vilja, til þess að selja brennivín og vínföng á hverri vík og vog á Íslandi. 2. gr.: Allir útlendir og utanríkismenn hafa sama rjett og innlendir kaupmenn til að verzla af skipi með allan varning á hverri vík landsins. 3. gr.: Hjer með gefst hverjum kostur á að svíkja lsj. um tollgjald, sem hann hefur bezt vit á. 4. gr.: Samkvæmt öðrum gildandi lögum á Íslandi, hafa útlendir kaupmenn fyllri rjett, eða minni skyldur, en innlendir, útlendir kaupmenn lúka eigi öðru en tollgjaldi, en innlendir greiða auk tollgjaldsins til sveitar, lsj. og allra stjetta. *(B. Sv.:* Frá hvaða dató eru þessi lög?). Þau eru ekki komin út enn þá, en hver veit hvað kann að verða. Vilji hinn h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) koma fram með lfrv. í þessa átt, þá vil jeg biðja hann að gjöra mjer og öðrum það til ánægju, að bera það saman við lfrv., sem hann hafði á prjónunum 1879, og sem var á þá leið, að enginn mætti stofna eða reka verzlun á Íslandi, nema búsettur maður. Jeg vil spyrja hann, hversu vel það kemur heim við þær 4 greinir hins væntanlega lfrv., sem jeg benti á; því að það verður 2. þm. Nm. að játa, að vilji hann brjóta til mergjar meginsetningu þá, sem hann og fleiri nú berjast fyrir, að öllum sje heimilt að verzla á sjó eða landi alstaðar og með allt, þá eru allar þessar 4 greinir fólgnar í þessum fáu orðum, eða þessari einu línu.

En jeg skal enn betur setja mig inn í röksemdafærslu hins h. þm. Hann álítur ásamt öðrum fleiri að verzlunin á Íslandi sje nú sem stendur rekin af útlendingum. Það er stór misskilningur að ætla að verzlunin sje öll í höndum útlendinga og sje »faktóraverzlun«. Vilji hann gjöra sjer það ómak að telja á fingrum sínum um leið og hann rennir augum yfir verzlanirnar hjer á landi, þá mun hann komast að raun um,

að 30 verzlanir eru í höndum útlendra manna, eða faktóra þeirra, en aptur á móti eru 23 verzlanir eign íslenzkra manna. Eiga því ekki þessir vesalings innlendu kaupmenn að njóta neinnar verndar hjá hinu löggefandi þingi? Jeg vil og minna hann á það, að af þessum 23, eða liðugt $^2/_5$ hlutum allra verzlana á landinu, eru tvær þeirra með þeim stærstu, sem reknar eru hjer á landi. Hvað verður nú úr hinum fögru orðum þm. 1879 að vernda hina innlendu verzlun, og að veita innlendum kaupmönnum einkarjettindi?

Jeg skal þá að lokum líta á gagn landsins í heild sinni. Nú er stefnan sú að minnka hin beinu gjöld, en auðga lsj. með óbeinum tekjum, það er að segja með tollum á aðfluttri og útlendri vöru. Mjer virðist auðsjeð hve miklum mun innheimtan verður óvissari, óhægri og líkast til miklu dýrari, því að búast má við að sjerstakrar tollgæzlu þurfi með, þegar allir þessir verzlunarstaðir hafa náð löggildingu. (*B. Sv.*: Nei). Verður ekki þeim mun hættara við sjúkdómum og drepsóttum, því fleiri sem hafnirnar verða, og því minna sem eptirlitið hlýtur að verða með útlendum skipum? Þm. kvað nei við hinum vaxandi örðugleikum á tollgæzlu og tollgreiðslu, en jeg segi já. Sýslumaðurinn getur ekki verið alstaðar í einu á 3 til 6 höfnum í sýslunni, og hlýtur því að skoða tollskrár og skipaskjöl með annara augum. Menn geta átt það víst að kaupmenn komist upp á það hjer eins og annarsstaðar að fara í kring um tolllögin. Hingað til hefur kaupmannastjett vor, að því er jeg bezt veit, gætt þeirra laga með mikilli samvizkusemi sjer til heiðurs og sóma, en hinu er hætt við, að það breyttist, þegar útlendingum fjölgaði og freistingin yxi við það, hvað ljett væri á þessum mörgu löggiltu smáverzlunarstöðum að hafa undanbrögð með framtalið.

Eina ráðið fyrir þingið er að fella þetta frv. með öllum dilkunum, og setja slagbrand fyrir þessari villigötu, en láta sjer nægja l. frá 7. nóv. 1879; með því verndar þingið hina innlendu kaupmenn, afstýrir skaða þeim, er landsmenn fá af öllum þessum smáholum, og í þriðja lagi hlífir það lsj. við kostnaðinn sem hlýzt af tollgæzlunni, og þeirri hættu sem annars er óumflýjanleg, að hálfur tollurinn ætist upp við tollsvik eða kostnað við tollstjórn.

Það er vitnað til bænarskráa og áskoranа um löggildingu þessara staða. En er það ætíð full trygging? Menn þekkja á hvern hátt fundasamþykktir tíðum gjörast hjer á landi, þar sem fáeinir menn eru samankomnir og einhver verður svo til að stinga upp á hinu eða þessu. Nei, til þess að hægt sje að tala um að það sje almennur vilji einhverra hjeraða eða sýslufjelaga að nauðsynlegt sje að gjöra einhvern stað rjetthærri, en l. um siglingar og verzlan hjer á landi, frá 7. nóv. 1879, þegar hafa gjört, þá ætti að við hafa sömu reglu og við jarðasöluna, til þess að þingið eigi ekki á hættu að hent verði gaman að því, fyrir að löggilda staði sem aldrei verða notaðir. Reglan ætti að vera sem líkust fyrirmælum þeim er þingið setti við jarðasöluna, að fyrst ætti einhver að láta í ljósi ósk sína að byggja á viðkomandi stað, og síðan ætti sýslunefndin að segja álit sitt um það, hvort slíkt yrði til gagns fyrir sveitir þar í grennd, að ný verzlun væri stofnuð þar. Sú aðferð væri í góðu samræmi við aðrar gjörðir þingsins, mjög hyggileg og um leið frjálsleg. Ef þeirri aðferð verður beitt, þá mun eigi heldur standa á 1. þm. Sm. að samþykkja nýjan verzlunarstað, sem hefði slík meðmæli og vissu fyrir að verða notaður.

Þegar 2. þm. Nm. (B. Sv.) talaði um dýrtíðina og fátæktina, einvirkjann og börnin, þá hefir hann ætlað að koma við hinar viðkæmu tilfinningar manna, en jeg verð að álíta að geti ekki þessir fátæklingar notið góðs af l. 7. nóv. 1879, þá verður þeim eigi betur borgið við löggildingu einhvers staðar sem aldrei verður byggt á eða nokkur föst verzlun rekin. Jeg er engan veginn á móti að löggiltir sjeu staðir, sem vissa er fyrir að geti orðið að fullu gagni, og þegar nægar upplýsingar liggja fyrir um höfn og sveitir er liggja þar að, frá sýslunefndum og þeim er byggja vilja: en að löggilda út í bláinn get jeg ekki verið með.

Jón Ólafsson: Jeg vona að hinn mikli lestur hins h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) hafi ekki meiri áhrif nú en á undanförnum þingum; jeg hef fyr heyrt þennan lestur hans svo að jeg heyrði ekki neitt nýtt í þetta skipti. Mjer þykir það merkileg tilhneiging að vilja hafa vit fyrir öllum mönnum á landinu; ef þingið á að hafa vit fyrir hverju manns barni á þennan hátt, þá veit jeg ekki hvaða takmörk á að setja, þá veit jeg ekki, hví menn vilja ekki hafa eins vit fyrir þeim og ráða hverjar og hve miklar vörur lands-

menn kaupi, það væri þá konsekvent að meina mönnum alla frjálsa verzlun og láta lsj. hafa einokun. Það hefur komið fram sú mótbára, að þegar verzlunarstaðir fjölgi, þá minnki samkeppnin, og verði því verðlag verra; látum svo vera að verðið yrði nokkrum aurum hærra á sumum vörutegundum, það getur unnið sig upp á móti flutningskostnaðinum. Nú, ef verðið á hinum nýju verzlunarstöðum yrði miklum mun verra, þá væri þó altjend hægt að leita til hins eldra kauptúns, því vegalengdin þangað breyttist þó eigi við það, þótt nýtt kauptún sje stofnað í nánd, og ef mönnum er ekki vorkunn nú að leita þangað, þá yrði þeim það ekki erfiðara fyrir því. Það eru einkum 2 af þessum stöðum, sem jeg ætla að minnast á, það eru Selnesbót, og Hrúteyri við Reyðarfjörð. Hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) tók það fram, að það væri að eins 1 af þessum stöðum öllum, sem byggt yrði á, og jeg ímynda mjer, að það hafi verið hvorugur þessara, eptir því sem mjer skildist á ræðu hans. Jeg skal minna þm. á, að það er ekki langt síðan Gránufjelagið bauðst til að byggja verzlunarhús á Hrúteyri við Reyðarfjörð, ef Reyðfirðingar vildu taka svo og svo margar aktíur í fjelaginu; jeg var sjálfur á þeim fundi, er tilboðið kom fram, og veit því að þetta er satt. Þar sem hann tók það fram að 2 kaupstaðir gætu ekki þrifizt á einum og sama firði, þá var hann ekki á sömu skoðun með Vestdalseyri, þegar hann vildi fá þann stað löggiltan, þótt önnur verzlun væri þar fyrir á sama firðinum, enda ber ekki á öðru, en verzlunin á Vestdalseyri hafi vel getað þrifizt. Nú er á Eskifirði ómögulegt að fá lóð undir verzlunarhús, og menn, sem hafa viljað setja sig niður þar, hafa ekki getað fengið þar lóð, nema utan kaupstaðar. Mjer þykir merkilegt að heyra þessa mótbáru, að tveir verzlunarstaðir geti ekki þrifizt á einum og sama firði, einmitt frá þeim manni, sem sjálfur hefur byggt kaupstað þar sem annar var fyrir á sama firðinum. Þar sem hann sagði, að það væri að eins 2 sveitir sem hefðu gagn af verzlunarstað við Selnesbót, nefnilega Breiðdalur og Stöðvarfjörður, þá verð jeg að segja, að miklu fleirum gæti orðið gagn af því. En þótt nú ekki væru nema þessar tvær sveitir, sem hefðu skemmri veg að sækja þangað, er það þá nokkur ástæða? sækja menn ætíð þangað sem næst er? Er það af því að það sje skemmra fyrir íbúa Skaptafells- og Rangárvallasýslu, að þeir koma opt hingað til Reykjavíkur, og reka verzlun sína hjer, en fara fram hjá Eyrarbakka, sem liggur miklu nær? Nei, það er af því að þeim bjóðast hjer betri kostir. — Sama er að segja um Breiðdælinga að þeir reka ekki fjenað sinn á haustum á Djúpavog, þar sem þeir fá 6 aurum minna fyrir hvert kjötpund, heldur reka þeir hann til Eskifjarðar, þótt hann sje lengra burtu. Jeg held að það yrði heldur ekki sjerlega örðugt fyrir menn úr Skriðdal að sækja verzlun við Selnesbót, og svo mundu fleiri verða fegnir að sækja þangað, ef góð verzlun kæmi þar. Það er ekki til neins að vera að koma með slíkar sögur til að villa sjónir fyrir mönnum, sem er byggðar hreint og beint á ósannindum; því hver sem vill hafa fyrir að líta á kortið, getur sjeð, hvað sannast er í þessu máli. Þar sem þm. spurði, hvar bænarskrárnar væru um þessa verzlunarstaði, þá skal jeg svara honum því, að engar bænarskrár þótti þurfa, þegar var verið að ræða um þjóðjarðasöluna, enda hafa bænarskrár um flesta þessa staði legið áður fyrir þinginu. Hinn h. þm. gjörði lítið úr fundahöldum manna heima í hjeraði og beiðni þeirra, en jeg vona að að hann tortryggi ekki fundargjörðir viðvíkjandi þessum tveim stöðum, þar sem hann sjálfur hefur undirskrifað þær sem fundarstjóri. Þar sem hann áleit, að það væri að gjöra gabb að þinginu, að biðja um að fá Grímsey löggilta, þá þarf hann ekki annað en líta til Vestmannaeyja, til þess að sannfærast um, að verzlanir geta þrifizt í ekki mjög fjölmennum sveitum. Á Vestmannaeyjum eru um 500 manna, og þar eru þó einar 2 eða 3 verzlanir, og þegar svo margar verzlanir geta þrifizt þar, þá get jg ekki annað skilið en að ein verzlun geti þrifizt í Grímsey; það er líka kunnugt að mörg hákarlaskip koma opt til Grímseyjar og mundu eiga þar töluverð verzlunarviðskipti, ef þar væri verzlun. Hinn h. þm. talaði um að margir og flestir af þessum stöðum mundu ekki verða notaðir, þótt þeir væru löggiltir, en hver er þá skaðinn af því að löggilda þá? Það verður líka fyrst hægt að sjá hver reyndin verður á með slíkt, þegar búið er að löggilda staðina, en ef þeir nú skyldu verða notaðir og mikið hagræði leiddi af því fyrir landsbúa, sem sannarlega mundi verða með marga þeirra, væri þá ekki illa varið þeim tíma, sem gengi til þess, að berjast fyrir að drepa löggilding

slíkra staða? Það var ein mótbára hjá hinum h. þm., að það mundi verða erfitt, að krefja inn tolla af svo mörgum stöðum. En sýslumenn hafa vissar prócentur í innheimtulaun, og mundu ekki fá þær hærri, þótt þeir þyrftu að hafa fleiri umboðsmenn, svo að það er lsj. alveg óviðkomandi. Hann gat þess og að það gæti verið hættulegt að löggilda svo marga staði sökum erfiðleika með sóttvarnir. Allt má nú til tína! — Jeg held að það sje sjaldnast, að sjúkdómar flytjist inn í landið með kaupskipum; nei, það eru fiskiskipin, sem helzt flytja þá hingað, og þau sigla hjer upp í hverja vík og vog, þrátt á móti öllum lögum, því þeim er aldrei hlýtt. Hinn h. þm. sagði að annaðhvort væri að gjöra, að neita að löggilda fleiri verzlunarstaði eða að leyfa að verzla alstaðar. Jeg verð að segja um þetta, að það er ýmist í ökla eða tá, og aldrei svo sem vera á. Hinn rjetti vegur er, að meina mönnum ekki að verzla, þar sem menn almennt vilja, og álíta, að menn hafi hagræði af því. Þar sem helmingur sýslumanna nú býr í kaupstöðum, þá get jeg ekki sjeð, að það væri óvinnandi verk fyrir þá, að bæta á sig að heimta tolla af svo sem 3 eða 4 stöðum í viðbót, en ef allir staðir eru óhafandi sökum þess, að þar mundu verða höfð tollsvik í frammi, þá væri ekki ólíklegt að sigla mætti inn á sumar víkur án þess að greiða tolla, þótt þar ekki væru fastar verzlanir. Hinn h. þm. sagði að lögin frá 1879 væru nægileg, því væru þessar löggildingar alveg óþarfar. Eptir þeim verða landverzlanir að kaupa varning sinn hjá faktoraverzlunum hjer, og verða svo eins konar undirtyllur eða undirprangarar þeirra, því að þeir mega ekki taka skip á leigu og flytja varning sinn frá útlöndum. Svo lengi sem verzlunarstjett sú, sem nú er, ekki er búsett hjer, er engin ástæða til að hlynna að henni og loka öllum höfnum fyrir öðrum. Þar sem þm. vildi sanna, að það væri ekki til neins að löggilda Grímsey, með að því Grímseyingar hefðu beðið Akureyrarkaupmenn að senda þangað skip til verzlunar, en þeir engir viljað gjöra það, þá sýnir þetta einmitt þörf Grímseyinga til að fá verzlun á eynni, og sýnir aptur á hinn bóginn hversu kaupmenn nota sjer neyð þeirra, er þeir eru neyddir til að sækja verzlun til Akureyrar, er þeir ekkert skip fá, og svo mundi víðar verða, að kaupmenn senda ekki skip á þær hafnir, sem hjeraðsbúum er hagkvæmara að sækja verzlun til, á meðan þeir sjá, að þeir eiga ekki annars úrkosta, en að sækja verzlun til þeirra, hversu löng leið sem er og hversu mikinn kostnað sem það kann að hafa í för með sjer.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hef bætt við einum staflið um, að fá Stokkseyri í Árnessýslu löggilta, og er það gjört eptir ósk fundarmanna í Árnessýslu. Eptir lýsingu á þeirri höfn er hún ekki ótiltækilegri en á Eyrarbakka, þar sem hefur verið verzlunarstaður nú um langan tíma. Það er satt að Stokkseyri liggur ekki langt frá Eyrarbakka; en það væri miklu haganlegra fyrir austurbúa Árnessýslu og Rangvellinga að sækja þangað verzlun en á Eyrarbakka, enda mundi það og auka samkeppnina, að fá verzlunarstað svo nærri, því síðan annar kaupmaður settist að á Eyrarbakka og hóf að verzla þar, hefur hann bætt mjög verðlag þar, og það svo margra hundraða, enda jafnvel þúsunda ágóða nemur fyrir hjeraðsbúa, sem eiga þangað verzlun að sækja, og sýnir það, að samkeppnin er nauðsynleg og getur haft heillaríkar afleiðingar fyrir landsbúa í för með sjer. Viðvíkjandi því sem h. 1. þm. Sm. sagði, að sumir verzlunarstaðir, sem löggiltir væru, væru ekki notaðir, þá hefur það ekki verið svo með Þorlákshöfn, þangað hefur verið flutt bæði salt og timbur, og hefur mönnum verið að því mikið hagræði, og nú er farið að byggja þar og á að stofna þar verzlun, svo að sú ástæða fellur burt. Enda er og sjerstök orsök til þess, að ekki er fyrir löngu búið að stofna þar verzlun, þar sem sýslumaðurinn í Árnessýslu úrskurðaði það þvert á móti lögunum, að hjer væri ekki löggiltur verzlunarstaður til þess að þar mætti byggja, og er það annars einhver sá merkilegasti úrskurður, sem jeg hef heyrt. Mig furðar á því að sumir menn skuli nú vilja takmarka frelsi manna, með því að vilja banna þeim, að ná að sjer vörum með hægasta móti, og sem kostnaðarminnst, og það einmitt sömu mennirnir, sem sögðu að ekki mætti takmarka svo frelsi manna, að áminna þá um að fara vel með skynlausar skepnur, og fella þær ekki úr hor. Og þegar menn líta til þess, hvað sumir menn höfðu fyrir að ná 1 eða 2 skeppum af gjafakorni í vetur er leið og urðu að sækja það hingað suður til Reykjavíkur, með því að vera hálfan mánuð og lengur á leiðinni, flestir með illum aðbúnaði, nærfellt svo á þeim sá, og allslausir, ekki einungis úr Ár-

ness- og Rangárvallasýslum, heldur úr Skaptafellssýslu, þá er það furða, að þingmenn ekki skuli vilja gjöra allt sitt til að ljetta þessa erfiðleika manna til að draga björg að sjer, því að það er sannarleg takmörkun á frelsi manna að þeir ekki fái að gera sjer aðflutninga svo hæga sem unnt er. Þar sem menn segja þessir verzlunarstaðir sje til þess að auka drykkjuskap í kringum þá, þá má svo segja um alla verzlunarstaði, ef svo ber undir. Hvað tollheimtu snertir, þá er mjög hægt með hana á Stokkseyri, því að sýslumaðurinn situr vanalega þar mjög nærri. Hvað sóttvörnum viðvíkur, þá geta sóttir opt eins flutzt til gamalla kauptúna eins og nýrra, svo að það er engin ástæða á móti löggildingunni. Ekki var Rvík nýr verzlunarstaður og fluttust þó mislingarnir í fyrra fyrst þangað, eins og kunnugt er orðið. Ef nú ætti að fara að takmarka með fjölgun verzlunarstaða, væri það auðsjeð afturhald, frá því er verið hefur á síðustu þingum.

Jakob Guðmundsson: Hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) tók það fram, að hjer lægju ekki fyrir neinar bænarskrár um, að fá þessa verzlunarstaði löggilta, en ef hann hefur sjeð fundargjörðirnar úr Dalasýslu, þá get jeg sagt honum, að sú ósk, sem sá fundur ljet í ljósi, var almenn ósk sýslubúa allra, því að til þess fundur voru kosnir menn úr öllum hreppum sýslunnar. Og þegar menn aðgæta, hve Hvammsfjörður er langur, og hversu erfitt muni að sækja alla sína verzlun vestur í Stykkishólm, þá geta menn fljótt gengið úr skugga um, að hjer sje brýn nauðsyn á að fá nýjan verzlunarstað löggiltan. Nú sem stendur gengur til flutningskostnaðar í Dalasýslu ekki minna en frá 22,000 til 26,000 kr. Í sýslunni er frá 22 til 23 hundruð manns, og það má ætla á, að ekki sje flutt minna úr kaupstað af öllu tagi en á 2 hestum fyrir hvern mann; kostnaðurinn við flutninginn er hjer um bil 5—6 kr. á hvern hest, en ef verzlunarstaður fengist við Hvammsfjörð, mundi kostnaðurinn ekki verða meiri en sem svaraði svo sem ¼ af því sem hann er nú. Í fyrra, þegar útlent skip kom í fyrsta sinn á Hvammsfjörð með viðarfarm, þá máttu menn semja um kaupin fyrir fram og kaupa allan farminn að miklu leyti ósjeðan úti í Stykkishólmi, og það þó menn í bráðina ekki hefðu þörf fyrir hann nærri allan. Jeg hef sjálfur reynt hversu mikið það kostar, að flytja við vestan úr Stykkishólmi, og jeg get staðhæft það, að 100 kr. virði í Stykkishólmi af viði hefur kostað mig 150—160 kr. heimflutt, hvort heldur er á sjó eða á landi. Þessi staður við Hvammsfjörð er og hentugur bæði fyrir Dalasýslu, Strandasýslu og Húnavatnssýslu í ísaárum, þegar engin skip komast að norðurlandi, því þá er það grátlegt að vita til þess, að þeir skuli þurfa að vera að senda mann kannske með 1 og 1 hest norðan úr Húnavatnssýslu og vestur í Stykkishólm. Af þessu má sjá að staðurinn liggur mjög vel við verzlun fyrir fleiri sýslur og getur mönnum verið stór mikið hagræði og nauðsyn á að fá hann löggiltan. Það er nú stefna þingsins að viðhafa svo mikinn sparnað, sem unnt er á fje landsins, en þingið ætti sannarlega ekki að viðhafa þann sparnað á frelsinu, heldur veita allt það frelsi, sem að gagni getur komið. Það er sagt að kurteysi kosti ekkert, jeg álít að þetta sje að eins hófleg kurteysi, að leyfa verzlun, þar sem vilji manna og þörf krefur. Jeg álít að þingið gjörði rjettast í því, að gefa alla staði frjálsa til verzlunar; en þó með þeirri takmörkun, að alstaðar þar mætti hefja verzlun, sem hlutaðeigandi sýslunefnd samþykkti, og ef þetta takmark væri sett, þá væri það þó nokkur trygging; því sýslumaðurinn er þó oddviti í sýslunefndinni og hann á að hafa tollheimtuna á hendi og gæta sóttvarna, og því gæti hann bezt um það borið, hvar tiltækilegt væri að leyfa verzlun með tilliti til þessa. Jeg vona að fáir verði til þess að leggja hönd á að telgja til þann slagbrand, sem 1. þm. Sm. (Tr. G.) var að tala um, móti verzlunarfrelsinu, að minnsta kosti vildi jeg fá að sjá og heyra nöfn þeirra manna, sem vilja slíkt.

Þorsteinn Thorsteinson: Við 1. umræðu þessa máls lýsti jeg skoðun minni á löggilding á Sveinseyri. Jeg álít rjett að leyfa verzlun, þar sem full ástæða er til þess, en að öðrum kosti álít jeg það ekki rjett að fjölga um of eða þar sem svo er stutt til kauptúna eins og hjer stendur á. Jeg þekki tvo af þeim stöðum, sem hjer ræðir um, nefnilega Sveinseyri og Hvammsfjörð. Hvammsfjörð álít jeg gott og nauðsynlegt að löggilda, en ónauðsynlegt með Sveinseyri, og veit jeg að enginn af þeim, sem hjer eru, þekkir þar betur til en jeg, og ef svo langt yrði gengið, að löggilda þennan stað, þá vil jeg fyrir mitt leyti eins vel gefa alla

verzlun lausa til þess að spara ómak með mörg lög.

Þar sem hinn h. þm. D. (J. G.) vildi gefa alla verzlun frjálsa, þannig að að eins þyrfti samþykki sýslunefndar til að hefja verzlun, þá er búið að gefa þetta leyfi til að verzla með allt, nema með brennivín og áfenga drykki, en jeg álít, að enginn missir sje í þeim. Jeg er á sömu skoðun eins og hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.), að jeg álít ekki gagnlegt að löggilda verzlunarstaði, þar sem stutt er til eldri kauptúna; mjer finnst að annaðhvort verði að vera nokkur takmörk eða engin. Mjer sýnist rjett að löggilda kauptún þar sem langt er og örðugt að sækja til eldri kauptúna, en þessu er ekki svo varið með Sveinseyri, og ef þar kæmi upp verzlunarstaður, þá yrði það ekki nema eintómt vertshús.

Eiríkur Kúld: Jeg gat skrifað undir margt af því sem hinn h. þm. Ísf. (Th. Th.) tók fram. Jeg hefi alltaf verið óvinveittur þessum smákaupstöðum, sem innleiða óþarfakaup á ýmsu, og þegar menn hafa lögin frá 1879, þá skil ekki hvers vegna mönnum er það svo mikið kappsmál, að fjölga verzlunarstöðum svo mjög, og jeg játa það, að þá vil jeg heldur gefa allt laust hverja vík á landinu, hvar sem vera skal, en eyða tíma þingsins hvort þingið eptir annað til að löggilda þessa smákaupstaði, sem reynzlan sýnir að fæstir eru, þegar til kemur, einu sinni notaðir. Jeg verð líka að vera hinum h. 1. þm. Sm. samdóma um það, að bænarskrárnar um þessa staði eru ekki svo úr garði gjörðar sumar hverjar, sem vera ætti. Jeg hef nú fyrir mjer eina af þessum bænarskrám og skýrslu um Lagarfljótsós, og er þar tekið fram, að þar mundi verða brúkanleg höfn, ef menn hefðu gufubát, en hvar er þessi gufubátur, er hann kannske upp í tunglinu? (*J. Ó.* Það er engin ástæða til að kaupa hann fyr en höfnin er orðin löggilt). Jeg skal taka það fram um Sveinseyri, að nú sem stendur gengur til flutningskostnaðar til að sækja vörur í næstu kaupstaði (einkum salt, því þar í Tálknafirði er útræði) fyrir Tálknfirðinga um 1200 kr. og þess vegna vil jeg mæla mikið með, að sá staður verði löggiltur, svo að þeir að minnsta kosti yrðu ekki útundan eða ver settir, en aðrir, ef það er stefna þingsins að vilja gefa allt laust og löggilda hvern stað, sem um er beðið, en sem sagt er mjer þetta að öðru leyti ekki neitt kappsmál.

Alþt. 1883 B.

Atkvgr.:	Töluliðurinn		
a. sþ. með	13: 2;	f. sþ. með	12;
b. — —	18;	g. — —	12;
c. — —	14;	h. — —	13;
d. — —	13;	i. — —	16;
e. — —	15;	k. — —	14;

Málinu vísað til 3. umr. með 19 atkv. gegn 3, að viðhöfðu nafnakalli, eptir beiðni 6 nafngreinda þingmanna.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Audrjesson,	H. Kr. Friðriksson,
Arnlj. Ólafsson,	Egill Egilsson,
Benidikt Sveinsson,	Tryggvi Gunnarsson.
Eiríkur Briem,	
Eiríkur Kúld,	
Friðrik Stefánsson,	
Grímur Thomsen,	
Gunnlaugur Briem,	
Holger Clausen,	
Jakob Guðmundsson,	
Jón Ólafsson,	
Lárus Blöndal,	
Ólafur Pálsson,	
Þórarinn Böðvarsson,	
Þórður Magnússon,	
Þorkell Bjarnason,	
Þorl. Guðmundsson,	
Þorsteinn Jónsson,	
Th. Thorsteinson.	

Nítjándi fundur, þriðjudag 24. júlí. Allir á fundi.

Lagafrumvarp um útflutningstoll af landvarningi (C 160); 1. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Frv. þetta, sem jeg og 1. þm. Skg. (Fr. St.) höfum komið fram, með hljóðar um, að afnema ábúðar- og lausafjárskatt, og setja í í staðinn útflutningstoll á landvarning. Ef að er gáð, hvað þetta gjald muni gefa af sjer, þá mun reynast, að hjer er settur tollur, sem jafngildir að eins helmingnum af þeirri upphæð, sem nú er goldin í ábúðar- og lausafjárskatt tilsamans, og byggðum við það á því, að ábúðarskatturinn og lausafjárskattinn eru til samans teknir tvöfaldur skattur eins og viðurkennt er bæði af stj.

19 (11. sept).

og öllum, sem á hann hafa minnzt. Það er auðsætt, að ábúðarskatturinn er skattur af verkfærum þeim er maður þarf nauðsynlega til atvinnu sinnar, landbúnaðarins, og lausafjárskatturinn er annaðhvort eignarskattur eða atvinnutekjuskattur, en sem þó er miklu hærri en tekjuskattur af allri annari atvinnu í landinn. Þannig er greiddur skattur af sama hlutnum, jörðunni, bæði sem eign, og af því að nota hana handa fjenaðinum, sem lausafjárskatturinn er af greiddur, og verður því skatturinn tvöfaldur á einni og sömu atvinnunni. Ábúðarskatturinn er auk allra annara skatta lagður á hvern þann, sem nota þarf jörð hjer á landi. Þetta atriði er því undarlegra, þar sem í öllum búnaðarlögum, og einnig í vorum, er heldur hlynnt að þeim er hefur afnot af jörðum.

En nú munu menn segja: til þess að aftaka þennan ójöfnuð í skattinum þurfti ekki að setja toll í staðinn fyrir hann, heldur að eins að færa skattinn niður um helming. En þar til svara jeg: tilgangur frv. er ekki eingöngu sá að af taka þennan ójöfnuð, heldur og hinn að setja í staðinn miklu hentugri gjaldgreiðslu. Lausafjárskatturinn er lagður á hlutinn, á gemlinginn, á ána, á bátinn, áður en hlutinn er búinn að kasta nokkrum arði af sjer. Hið gagnstæða á sjer stað um tekjuskatt af atvinnu. En tollurinn er lagður á ávöxtinn, á arðinn, þegar hann er fenginn, og nálgast því mjög rjettum atvinnuskatti. Það er sitt hvað að leggja skatt á ullarpundið, þegar búið er að leggja það inn í kaupstaðinn, eða hitt að leggja hann á gemlinginn, sem engan ávöxt hefur af sjer gefið, og kannske drepst úr hor. (*Gr. Th.*: Það er vonin, heiðruðu landar). Maður lifir ekki á eintómri von, heldur á ávexti atvinnu sinnar. Útflutningsgjaldið er hnitmiðað við ávöxtinn, og er ekki lagt á fyrir en hann er uppskorinn. Þessir eru einmitt hinir miklu yfirburðir, sem tollurinn hefur fram yfir ábúðar- og lausafjárskattinn. Jeg skal taka hjer eitt dæmi, sem jeg vona að minnsta kosti sumir skilji vel. Hver munur er á að leggja toll á brennivín og tóbak, þegar það kemur í land, eða þegar búið er að selja það? Það er sá munur að þá er borgaður skattur af því, áður en maður veit, hvort nokkuð muni seljast af því eða ekki, áður en nokkur ávöxtur er fenginn, og það er einmitt hið vonda við innflutningsgjaldið af brennivíni og tóbaki. Það er munur að borga af bátnum, áður en maður veit hvort menn muni hafa nokkurn arð af honum, eða afla nokkuð á hann, eða greiða gjald af fiskinum, eptir að hann er fenginn. (*H. Kr. Fr.*: Þetta er skökk ástæða). Það kemur upp á hvort höfuðin eru skökk, sem eiga að skilja skoðunina.

Það er líka annað atriði sem jeg vil taka fram. Hver munur er á því, að þurfa að biðja, annaðhvort um peninga eða innskript, til þess að geta borgað sýslumanni skattinn, eins og nú er, og fá það með mestu ummælum, því, eins og menn vita, gengur það opt mjög erfitt að fá peninga og innskript hjá kaupmönnum; þeir segja: »Jeg get ekki gjört það fyr en jeg sje vöruna þína». Hver munur er á þessu, spyr jeg, og á hinu að þurfa þess alls ekki, heldur láta kaupmanninn greiða tollinn af vörunni, þegar hún er komin til hans. Þá er og mikill kostnaður sem það hefir í för með sjer, að fara þessar betliferðir til kaupmannanna, að jeg eigi nefni allar þessar lögtaksstefnur og ýmisleg óþægindi fleiri, ef menn ekki geta fengið peninga eða innskript hjá kaupmönnum til að borga með. Þegar maður nú gáir að hver hægðarmunur er á tollinum og skattinum fyrir gjaldendur, og svo að hinu leytinu, að það er líka stór munur á, hvað gjaldheimtan verður hægri, þar sem sýslumenn geta að eins haldið sjer til auðmannanna, kaupmannanna, og þeir annaðhvort borga tollinn í peningum eða víxlum. Það er því jafnt í hag gjaldendum og gjaldheimtumönnum, að breyta skattinum í toll. Flestir eða allir auðfræðingar taka það og skýrt fram, að það sje einhver hinn óhentugasti skattur, að greiða af þeirri eign, sem er nauðsynleg og óumflýjanleg til þess að bjarga lífinu og auka velmegun sína. Það er og leiðinlegt, að sýslumaðurinn skuli þurfa að brúka hreppstjórann til þess að elta uppi hverja kind, sem maður kann að eignast, og hvenær sem hann eignast einni kind fleira, er hann orðinn sekur; því meir sem hann eflir atvinnuveg sinn, því sekari verður hann við lsj. Útflutningsgjaldið er eðlilegt, því að það kemur á manninn — jeg geng að því sem vísu, að það sjeu landbændur sem borgi það, — eptir að uppskeran er fengin. Allur rekstur við greiðsluna og gjaldheimtuna, lögtök og þess konar hverfur. Jeg veit að menn muni sjá hvílíkur munur er á að gjalda með þessu móti, og hver sem

hefur kynnt sjer reikninga landsins veit bezt, hve hentugt þetta fyrirkomulag einnig mundi verða fyrir þá.

Jeg skal eigi tala um einstök atriði á þessu stigi málsins, að eins skal jeg geta þess, að 3.—8. gr. er sniðin eptir lögunum frá 4. nóv. 1882 um útflutningsgjald af fiski og lýsi að því leyti, að það er sama hugsun sem kemur þar fram. Úr því að þingið þá áleit hentugt að setja útflutningsgjald í staðinn fyrir spítalagjaldið, þá væri það ósamkvæmni, ef það vildi nú ekki fallast á þetta frv. Sú ull og það kjöt, sem notað er í landinu sjálfu, sleppur við gjaldið, og það er ekki svo lítið hagræði fyrir landsbúa, að þurfa ekki að gjalda af því, sem þeir eyða sjálfir, heldur einungis af hinu, sem þeir hafa umfram þessar lífsþarfir sínar.

Landshöfðingi: Hinn h. þm. Ef. (A. Ó.) gjörði ljósa grein fyrir því, hvers vegna hann hefði komið fram með þetta frv. og jeg er í mörgum greinum á sama máli og hann. Það er þó sumt, sem jeg get ekki fallizt á, og álít að sje ekki fullkomlega á rökum byggt. Jeg skal því leyfa mjer að fara nokkrum orðum um frv., ekki af því að jeg sje á móti frv. í heild sinni, heldur til þess að skýra málið betur, og til þess að koma í veg fyrir að þm. gjöri sjer glæsilegri hugmynd um yfirburði þessa frv. fram yfir hin núgildandi lög, en það á skilið. Hinn h. þm. tók það fram, að ábúðar- og lausafjárskatturinn væri tvöfaldur skattur; þetta er rjett að því leyti, að þar sem jörð framfleytir gjaldskyldu lausafje, þá eru tveir skattar í rauninni lagðir á sömu atvinnuna. En þetta er í sjálfu sjer ekkert rangt; ef skattarnir eru ekki of háir samanlagðir, þá er ekkert á móti því, að tveir skattar hvíli á sama gjaldstofni En jeg játa, að tollurinn komi jafnara niður og sje sanngjarnari að því leyti sem hann kemur á ávöxtinn, og í betra hlutfalli við hæfilegleika til að að greiða gjaldið, enda haganlegri gjaldgreiðsla. En það er ein aths. sem jeg vildi gjöra, og það er sú, að upphæð tolltekjunnar mun ekki jafnast við upphæð ábúðar- og lausafjárskatts; jeg held að þessi fyrirhugaði nýji skattur sje eigi lítið minni, en held hins vegar, að það sje ísjárvert að breyta skattalögum, nema menn sjái lsj. borgið, að hann eigi missi neitt af tekjum sínum. Jeg held að ábúðar- og lausafjárskatturinn sje eigi mjög tilfinnanlegur skattur, en jeg skal þó játa, að hann hefur sína galla. Abúðarskatturinn nær yfir öll afnot jarða, ekki einungis þau afnot sem koma fram í tíundarbærum gjaldstofni, heldur og hlunnindi jarðanna, því það er einnig tekið tillit til þeirra í dýrleika jarðanna. Abúðarskatturinn getur ekki kallast hár skattur, þar sem hann er að eins $^2/_5$ úr alin af hverju jarðarhundraði. Í flestum löndum er einhver beinn skattur af fasteign; og er það vottur um það, að hann er ekki álitinn óhagfelld álaga, þegar hann er ekki of hár. Lausafjárskatturinn er óhentugur að því leyti, að hann leiðir menn í freistni til undandráttar á tíund, sem ekkert leyndarmál er, að mun vera of almenn hjer á landi. Þar sem hinn h. þm. Ef. kom með þá ástæðu á móti lausafjárskattinum, að hann væri greiddur fyrirfram, áður en nokkur arður væri fenginn af þeim skepnum, sem greitt væri af, þá skal jeg geta þess, að skatturinn er ekki krafinn fyr en eptir á, þannig að að bóndinn er ekki krafinn fyrr en í fardögum 1883 af þeirri fjáreign, sem hann átti haustið 1882. — Jeg get ekki sjeð, að samanburður hins h. þm. á þessum tolli við aðflutningstoll af brennivíni og tóbaki sje rjettur. Hann sagði, að það væri gallinn á brennivíns og tóbakstollinum, að hann væri goldinn, áður en varan væri seld, og það er satt. En einmitt hið sama mundi eiga sjer stað með útflutningsgjald af þessum vörum, sem hjer ræðir um. Það er ekki bóndinn sem greiðir af hendi tollinn. Það er kaupmaðurinn, sem þetta gjörir, og hann er eigi búinn að selja vörurnar, er hann greiðir hann af höndum. Þar sem hinn h. þm. tók það fram, að það væri ósanngjarnt að bóndinn þyrfti að borga meira, ef hann eignaðist skepnunni fleira, þá á hið sama sjer stað með tollinn, því þess fleiri ullarpund sem kaupmaður á, því meiri toll verður hann að greiða. Jeg hef ekki tekið þetta fram, af því að jeg sje á móti frv. í heild sinni, heldur til þess að skýra málið, til þess menn ekki skuli hafa betra eða lakara álit á því, en vert er að hafa á því. Jeg er ekki á móti því að málið fái framgang, en jeg skal taka það aptur fram, að jeg álít nauðsynlegt að koma því svo fyrir, að lsj. bíði enginn skaða við það. En slíkt má nú laga síðar við aðra umr. málsins og breyta upphæð gjaldsins. Mjer sýnist, að enginn af gjaldstofnunum hjer sje svo lítill, að það þyrfti að viðhafa brot úr eyri, jeg álít að

það mætti tvöfalda og jafnvel fimmfalda sumt.

Tryggvi Gunnarsson: Hinn h. þm. Ef. (A. Ó.) tók það fram, að það væri samkvæmni milli þessa frv. og laganna um útflutningsgjald af fiski og lýsi. Þetta má nú að vissu leyti segja, en það var ekki af því, að þingið 1881 áliti útflutningstollinn eðlilegan, að hann var sþ., heldur af því, að erfitt var og jafnvel ómögulegt að ná inn spítalagjaldinu, á annan hátt en snúa því upp í útflutningstoll. Jeg verð að vera á móti útflutningsgjaldi yfir höfuð, og þekki ekki, að það sje í nokkru landi lagt á, nema svo sje, að skaði sje fyrir landið, að sú vara flytjist út úr landinu, sem gjaldið er lagt á, eigi heldur að aðflutningsgjald sje lagt á, nema það sje álitinn skaði, að sú vara flytjist inn í landið, eða fje vanti til nauðsynlegra útgjalda. Norðmenn leggja útflutngjald á timbur, af því að þeir álíta, að það sje skaði að því, að höggva skógana um of, og flytja svo trjáviðinn út úr landinu. En er þetta tollgjald betra eða meira jafnaðargjald en þeir föstu skattar, sem nú eru? jeg segi nei, það kemur miklu ójafnara niður, og mig furðar á því, að þm. Ef. (A. Ó.) sem er svo mikill auðfræðingur, skuli geta komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta tollgjald sje meira jafnaðargjald. Nú sem stendur þurfa sjávarbændur að eins að greiða ábúðarskatt, en eru að mestu lausir við lausafjárskatt, að því leyti sem þeir hafa lítinn landbúskap, en landbændur þurfa að greiða hvorttveggja, lausafjár og ábúðarskatt. En eptir þessu frv. sleppur sjávarbóndinn við allt gjald til lsj. Að sönnu sleppa landbændur við allt fast gjald líka, en í stað þess kemur á þá útflutningstollur, og sem verst er, hvergi nærri á alla, heldur að eins nokkra, þá að eins sem eru svo óheppnir að þurfa að verzla þar, sem afrakstri fjárins er ekki eytt í landinu sjálfu, heldur þarf að flytjast utan; auk þessa lifa margir af kúm að miklu leyti, en með því að fastir skattar eru afteknir og útflutningstollur settur í staðinn, þá sleppa allir við gjald af þeim atvinnuvegi sínum, því langt mun líða þar til nautpeningur eykst svo í landinu að nautakjöt verði flutt út. Gjaldið flytzt á norður- og austurland, þar sem sauðfjárræktin er mest, og mest útflutt af ull, kjöti og tólg, en suðurland og vesturland sleppur því nær undan að greiða til landssjóðs, af því þeir hafa eigi meira af kjöti og tólg, en landsmenn sjálfir þurfa að brúka. Ef ábúðar- og lausafjárskattur er af tekinn, vil jeg að gjald komi í staðinn sem leggist jafnt á alla búendur landsins, á hverju sem þeir lifa. hvort sem þeir eru sjávarbændur eða sveitabændur og hvort heldur þeir búa á hlunnindajörðum eða við kúabú; en því fullnægir þessi útflutningstollur engan veginn. Þeir sem búa á hlunnindajörðum sleppa að mestu við gjaldið til landssjóðs, t. d. bóndinn á Laxamýri í Þingeyjarsýslu, sem jeg veit að geldur mikið í ábúðarskatt, því jörðin er mjög hundraðahá; hann þarf því nær ekkert að gjalda til landssjóðs, nema af æðardún: hafi hann 100 pnd. æðardúns, svarar hann að eins 15 kr. En annar landbóndi sem hefir 1000 pnd. af ull, hann verður að greiða 10 kr. í toll, og þar að auki útflutningsgjald af tólg og kjöti á næsta hausti af sömu skepnunni, sje þetta flutt út úr landinu, annars ekki. Þetta er enginn jöfnuður, auk þess, sem það er óeðlilegt að taka toll af þeirri vöru sem menn þurfa nauðsynlega að selja og landið hefir engan skaða af að útflutt sje. Menn kunna að ímynda sjer, að tollurinn komi jafnt niður á alla, með því að kaupmenn leggi þess meira á vörur þær, er þeir selja, eða jafni því á alla verzlunina; en ef á að fara að dyngja þessum tolli á þá, þá munu þeir hafa vit fyrir sjer og setja jafna upphæð, sem tollurinn er, útgjaldamegin í viðskiptabækur bænda, þeirra sem leggja inn hina tollskyldu vöru, og kemur svo gjaldið að eins niður á þá fáu menn, sem þannig þurfa að verzla. Þar sem hinn h. þm. Ef. talaði um að það væri óeðlilegt að heimta tollgjaldið fyrirfram, þá er það alveg nauðsynlegt, einkum hjá öllum lausakaupmönnum sem koma hjer til lands eins og farfuglar, og sem nú er verið að skapa með hinum mörgu löggildingum, enda verður svo með þennan toll að hann verður heimtur miklu meira fyrirfram en ábúðar- og lausafjárskatturinn, sem ekki er tekinn fyrri en í næstu fardögum eptir framtalið. Jeg skal játa að eptir nú gildandi skattalögum, er það ekki fullkominn jöfnuður að gjalda jafnt af kindinni. hvort sem hún gefur mikið af sjer eða lítið, hvort hún er í feitu eða mögru hjeraði, en við tollgjaldið kemur fram sami ójöfnuður; eptir því á að gjalda jafnt 1 eyri af ullarpundinu á norðurlandi, sem kostar t. d. 80 aura, og af ullarpundinu á suðurlandi, sem kostar 73 aur. Þar sem hinn h. þm. Ef. og h. hv. lands-

höfðingi talaði um, að það væri leiðinlegt að sýslumaðurinn skyldi þurfa að brúka hreppstjórana til þess að elta upp hverja kind, sem bændur kynnu að eignast, þá kemur þetta frv. ekki í veg fyrir það, því tíundin er þó ekki upphafin með því, meðan þarf að gjalda til prests. kirkju og sveitar. Það er því eigi nóg að afnema gjaldið til landssjóðs, til þess að koma í veg fyrir undanbrögð við framtal og tíund, heldur þarf þá að afnema hinar þrjár tíundirnar líka.

Nú kemur innheimtan. Jeg get ekki sjeð að hún sje í nokkru vissari með þessu móti, en gjald greitt eptir framtali bænda, nema menn hafi svo fullkomna tiltrú til kaupmanna, að menn reiði sig á að þeir sjeu englar og segi ætíð rjett til þess varnings sem þeir hafa. Það er ekki álitið ráðlegt í öðrum löndum að reiða sig á framsögn kaupmanna að öllu leyti; þess vegna er það að tollstjórn er sett, í hverju landi, og mundi það ekki vera gjört ef ekki væri álitið óhjásneiðanlegt að gjöra það, svo kostnaðarsöm er tollstjórn, auk þess sem hún er svo leiðinleg stofnun fyrir alla hlutaðeigendur, sem jeg get framast hugsað mjer. Ef á að fara bylta öllum gjöldum landins upp á kaupmenn, þá vil jeg ekki ráða til að treysta framsögu þeirra, — þeirra má freista svo sem allra annara manna, þegar ofmikið er að gjört, og þá yrði tollstjórn nauðsynleg, en það vildi jeg sízt af öllu, og vona að enginn sje sá, sem til þekkir, er vilji innleiða þann óvætt hjer í landið. Innheimtan á gjaldinu verður því ekki tryggilegri, auk þess sem hún verður dýrari. Nú heimta sýslumenn gjaldið inn, lausafjár og ábúðarskatt, landinu kostnaðarlaust; en af tollinum mundu þeir verða að fá 2 %. Nú er ábúðar- og lausafjárskatturinn um 50000 kr. á ári, og gengi þá 1000 kr. í innheimtulaun til þess að heimta inn tilsvarandi upphæð af tollgjaldi. Mjer sýnist ekki ábúðar- og lausafjárskattur vera hátt gjald, þar sem það er að eins ¼ á móts við tolla þá sem nú eru greiddir í landsjóð, sem eru um 200000 kr. á ári. Ef ekki á að borga neitt af fasteign, þegar ábúðarskatturinn er af numinn, þá sje jeg ekki fremur ástæðu til að goldið sje af húsum. Það ætti þá líka að afnema húsaskatt. Jeg get ekki verið hinum hæstv. lh. samdóma um að þetta frv. sje hentugt og get því ekki fallizt á, að það ætti að ná fram að ganga. Það getur þó ekki verið meining þd. að gjöra hvortteggja í einu, að leggja að mun meiri tolla á vörur hjá kaupmönnum án tollstjórnar og löggilda 10 nýja verzlunarstaði ofan á þá sem fyrir eru, sem gjörir eptirlitið með tollgreiðslunni svo langt um örðugra, en hingað til hefur verið; í það minnsta get jeg ekki skilið að nokkurt annað þing í heiminum gjörði slíkt.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal játa það, að jeg er enginn sjerlegur vinur óbeinna skatta yfir höfuð, því að það liggur í augum uppi, að þeir verða landsbúum töluvert *dýrari* en hinir beinu skattarnir. Því síður get jeg verið hlynntur útflutningsgjaldi, því að það verður til tálma atvinnuvegunum, og það má skoða svo, að það sje eins konar hvöt til þess. að efla þá alls ekki, þegar menn sjá, að dregið er af þeim fyrir tollinum. Þeir hugsa sem svo: Ef jeg hef meira en það, sem jeg þarf til lífsins viðurværis, þá er það sannarlega ekki hvöt fyrir til þess að efla og auka þann atvinnuveg, er jeg stunda. Jeg get ekki heldur sjeð þann hægðarauka við gjaldheimtuna, sem 1. þm. Ef. þóttist sjá, einkum þegar streizt er við að koma kaupstöðum upp á hverri vík og hverjum vog, því að þá ætla jeg fari að verða næsta örðugt fyrir gjaldheimtumenn, að hafa nokkurt eptirlit með því, að greiðendur borgi þann toll af útfluttri vöru, sem þeim bæri að gjalda. Það mun sú reynd verða á, að því fleiri óbeinir skattar, sem eru lagðir á, því örðugra mun verða að ná þeim inn og því meiri mun freistingin verða til þess að draga undan. Ef það er satt, sem hinn h. lh. drap á, að undandráttur sje hjá bændum með framtalið til tíundar, þá er hætt við, að hin sama freisting hvarfli í huga kaupmannanna, því að þegar þeir eiga að fara að gjalda toll af hverjum hlut, sem þeir flytja til landsins, þá munu þeir ekki telja fram meira en nauðsyn krefur, og það er því meiri freisting fyrir þá að gjöra það, sem skattheimtumaðurinn er hvergi í nánd, og getur því ekki haft nokkurt eptirlit með tollgreiðslunni. Það getur verið, að bændur eigi örðugt með að fá peninga í skattinn; en það er jafnörðugt fyrir kaupmanninn eða jafnvel örðugra, því að hann verður þó ætíð að greiða peningana út í hönd. (*A. Ó.*: Gefa víxlbrjef). Hinn 1. þm. Ef. (A. Ó.) tók það fram, að skatturinn væri greiddur fyrir fram. Það er alveg eins um kaupmanninn, eða öllu heldur; hann geldur ekki að eins fyrir fram, heldur alveg í óvissu,

því að hann hefur ekki hugmynd um, hvaða verð hann muni fá fyrir vöruna. Þegar hann verður að greiða 1 eyri af ullarpundinu, hvað veit hann þá nema hann verði fyrir sama ójöfnuðinum, og þm. þykir yfir ganga með lausafjárskattinn. Þegar hann t. a. m. gefur 70 aura fyrir pundið, hvað veit hann þá hvað hann muni fá fyrir það í öðrum löndum? Hann verður ef til vill að selja það aptur 10—20 aurum minna, eins og árið sem leið. Hann verðu því ekki einungis að greiða tollinn fyrir fram, heldur og með þeirri meðvitund, að hann muni ekki fá fullt verð fyrir vöruna og því síður tollinn að auki. Hvað leiðir af þessu? Kaupmaðurinn, sem eðlilega hugsar um sinn eiginn hag, dregur ekki einungis frá þennan toll, heldur líka meira Þess vegna verða allir þessir tollar miklu dýrari fyrir bændur en beinir skatttar. Það var heldur ekki rjett hjá þm. Ef., að hann yrði að gjalda beinan skatt af gemlingum, áður en hann vissi, hvort hann myndi hafa gagn af honum. Hann geldur t. a. m. skatt vorið 1883 af framgengnum gemlingum vorið 1882, og getur auk þess talið þá frá, sem hann hafði eigi gagn af um haustið 1882. *(A. Ó:* Hann getur drepizt um veturinn!). Hann hefur þá haft notin af gemlingnum; en veturinn. eptir er það orðin fullorðin kind. Það hefur líka verið tekið fram, að það væri nauðsynlegt, að lsj. fengi af tollunum hjer um bil jafnmikið og hann fær nú af ábúðar- og lausafjárskatti. Árið 1881 var það fje 49,000 kr. og 1880 var það 51,000 kr. og nokkur hundruð, og vjer erum að vonast eptir að lausafjárskatturinn muni aukast aptur. En hvað gefa nú þessir tollar af sjer í meðalári? Jeg hef ekki lagt það beinlínis niður, en jeg ætla það sje fullvel í lagt, ef þeir verða helmingur á móti lausafjárskattinum. Hvar á að taka hinn helminginn? Þá er að leggja á nýja skatta. *(A. Ó.:* Nei). Jú, vjer erum ekki komnir svo langt, að við megum missa af tekjum landssjóðsins sem eru. Ef vjer gætum sagt að vjer værum komnir svo langt, að við mættum missa þessar 25000 kr., þá væri það álitamál; en jeg held að þm. Ef. (A. Ó.) verði mjer samdóma um, að vjer sjeum ekki komnir svo langt. *(A. Ó. og J. Ó.: Jú).* Það sæist bezt, ef eitt harðindaárið bættist enn við; þá mundi varla veita af sköttunum og hætt við, að viðlagasjóður skertist ekki svo lítið. Það verður einnig að gá að því, að tillagið úr ríkissj. Dana fer æ minnkandi ár frá ári. Það er þess vegna ekki rjett að ganga að því vísvitandi, að lsj. tapi $^1/_2$ af ábúðar- og lausafjárskattinum, og það því síður sem öll líkindi eru til, að þótt batni í ári, þá munum vjer samt þurfa að leggja á oss nýja skatta. Jeg held það sje varhugavert fyrir þd. að eiga við þetta mál, að minnsta kosti í þetta skipti. Þó að þetta kunni að vera hægðarauki fyrir gjaldendur, þá kemur þó þessi skattur á landsbúa engu að síður og það meiri, því kaupmaðurinn verður að taka tollinn einhverstaðar og þá töluvert meira en fyrir þá peninga, er hann hefur lagt út í tollinn, því hann verður einnig að fá bættan þann halla, sem hann beinlínir og óbeinlínis hefur beðið við það, að leggja peninga út fyrir fram.

Jón Ólafsson: Hinum virðul. 1. þm. Sm. (Tr. G.) og virðul. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) er illa við útflutningsgjald yfir höfuð. Jeg skal gjarnan játa, ef ásigkomnlag og ástand landsins væri svo lagað sem eðlilegt væri, þá eru óbeinir skattar ekki sem rjettlátastur gjaldmáti í «principinu», en hjer dugir ekki um það að fást, það verður að miða við það praktiska. Þó að margir eins glöggskyggnir menn og 1. þm. Sm. (Tr. G.) hafi fundið þetta, þá hafa þó flestallar þjóðir hallast að óbeinum sköttum, það er tollum, af praktiskum ástæðum.

Að svo mæltu skal jeg minnast á andmæli þau, sem hafa komið fram gegn einstökum ákvörðunum frv. Bæði 1. þm. Sm. (Tr. G.) og hinum hæstv. lh. töldu það galla á útflutningstolli þeim, er frv. fer fram á, að tollurinn yrði greiddur af hendi *fyrir fram* áður en varan væri seld. En mundi ekki mega líta á þetta mál öðruvísi? Jeg má ekki líta svo á, sem bóndinn eiginlega greiði tollinn um leið og hann selur vöru sína, með því að hann fær lægra fyrir hana. Hjer verður stór munur á brennvínstollinum og þessum útfl.tolli. Landsmenn eru þeir, sem í raun og veru *bera* báða tollana, en kaupmaðurinn *innir þá af hendi* fyrir landsmenn, brennivíns (og tóbaks) tollinn *fyrir* fram og verður því að vinna hann aptur upp í verði vínsins, er hann selur það; útflutningstollinn lætur hann þar á móti bóndann borga um leið og hann kaupir vöruna, því hann dregur hann af verðinu. Kaupmaðurinn leggur því *ekki* fyrir fram út fje það, sem fer í útflutningstollinn, eins og hann gjörir við aðflutningstollana. Hinn 1. þm. Sm. (Tr. G.)

sagði að það yrði álaga, sem kæmi ójafnara niður; útflutningsgjald kæmi í staðinn fyrir lausafjárskattinn, því að allir sjóarbændur myndu sleppa við gjaldið. En hinn h. þm. hefur gleymt því, að við sátum hjer á síðasta þingi við það, að semja lög um útfl.-gjald af fiski og lýsi og fl. er kemur á sjóarbóndann. *(Tr. G.:* Nei). Jú, hann hlýtur að hafa gleymt því; annars gat hann ekki sagt það sem hann sagði. Jeg veit ekki hvort jeg hef skilið hann rjett þegar hann var að tala um kýrnar. Mjer skildist á honum, að þeir sem hefðu kúabú mundu sleppa við útfl.gjald, því að mjólkin og osturinn yrði jetinn upp heima, en ekki flutt út, og taldist honum svo til að norður- og austurland mundi komast ljettara af við það en suðurland. *(Tr. G.:* Misskilningur). En ef svo er, þá er það óvanaleg óhlutdrægni hjá þm. við sinn fjórðung, því hann er þó vanur að hlynna að honum.

Hvað gjaldhæðina snertir, þá skal jeg ekki fást um hana nú við 1. umr. málsins. Þó skal jeg geta þess, að mjer finnst óeðlilegt að leggja á $^1/_5$ úr eyri, af því við höfum ekki þá mynt. Ef 1 eyrir þykir of hátt þá held jeg mætti koma því þannig fyrir, að leggja 1 eyri á hver 5 hndr., því það er viðkunnanlegra í lögum, að hafa þá mynt, sem er til, heldur en þá mynt, sem ekki er til. *(A. Ó.:* Brot er til).

Hinn 1. þm. Sm. (Tr. G.) tók enn fremur fram, að gjaldið væri órjettlátt, vegna þess að varan væri í meira verði á einum stað en öðrum, ullin væri í hærra verði á norðurlandi en suðurlandi, og þess vegna yrðu sunnlendingar harðara úti er þeir gyldu jafnmarga aura af pundinu. Í fljótu bragði sýnist þetta rjett; en það er heldur ekki nema í fljótu bragði. Því það er vitanlegt og þm. kunnugt, að kostnaðurinn við að framleiða hvert ullarpund er meiri á Norðurl. en Suðurl., svo þótt gjaldið sýnist hærra á Suðurlandi, þá er það þó ekki nema að nafninu til, því þar er vörunnar aflað á ljettari hátt. Það hneykslaði einnig 1. þm. Sm. að menn skyldu telja það þessu frv. til gildis að innheimtan yrði vissari; hann hjelt það væri sprottið af því, að menn bæru yfirnáttúrlega tiltrú til ráðvendni kaupmannanna. En jeg held það megi treysta kaupmönnum, þó að það sje ekki manndyggð þeirra einni að þakka. Þeir eiga mikið í húfi ef þeir svíkja toll. Þeir eiga ekki einungis á hættu að verða fyrir sektum, heldur má vafalaust líka svipta þá borgararjetti. *(Tr. G.:* Tíundareiður bænda). Það er einmitt hægra eptirlit með fáeinum mönnum (kaupmönnum) heldur en með öllum framteljendum fjár. 1. þm. Sm. þótti ómaklega órjettlátt, að velta allri skattabyrðinni yfir á kaupmannastjettina. En þetta gjöra öll þau lönd, sem hafa tolla; það liggur í tollanna eðli. Það er annars gleðilegt að þessi stjett á þó þennan mikilsverða talsmann á þingi; hún verður þá æfinlega heyrð; hennar ástæður verða vegnar. Að eins er jeg hræddur um að í *þessu* máli verði þær vegnar og — fundnar *ljettar!* *Það er ekki* ósanngjarnara hjer, að velta þessari byrði yfir á kaupmannastjettina, heldur en í öllum öðrum löndum, þar sem hún verður að bera alla óbeina skatta. Hvers vegna eigum við að gjöra okkar kaupmannastjett hærra undir höfði en aðrir? Hinum sama þm. þótti það enn fremur einn aðalgalli á frv., að sýslumenn fengju prósentur af innheimtunni, en nú heimtu þeir inn ábúðar- og lausafjárskatt fyrir enga borgun. Sá kostnaður vona jeg borgi sig vel og jeg held hann jafnist upp með því, að innheimtan verður meiri og vissari en ella, því að eins og nú hagar til, hafa sýslum. litla hvöt til að gá að framtalssvikum — þeir fá ekkert fyrir það — en ef þeir fá prósenturnar, þá hafa þeir meiri hvöt til þess, að gá að undandrætti eða svikum.

Hann sagði einnig, að ef ábúðarskatturinn væri afnuminn, þá væri nauðsynlegt að afnema húsaskattinn líka; því báðir væru fasteignarskattar. En þetta er ekki rjett, því ef ábúðarskatturinn væri fasteignarskattur þá ætti hann að vera goldinn af eigendum, en ekki ábúendum. Hinn háttv. þm. veit auðsjáanlega ekki, hvað fasteignarskattur er. Þm. Rvk. var aumur út af því, að þessir skattar yrðu töluvert lægri en lausafjárskatturinn. Jeg skil ekki í hvaða löngun er til þess hjá honum og öðrum, að vera allt af að hrúga í vetlinginn og það eins í þessu harða ári. Allar aðrar þjóðir láta sje lynda að taka lán og binda þannig viðjum sínum byrðar, en við erum á hverju ári að streitast við að hrúga í þumalinn, í hornið á lsj., streitast við að leggja upp vaxtalaust fje, sem ekki einu sinni verður að notum í landinu sjálfu, nei, það gengur til útlanda og liggur þar. Við gætum ekki að því, að við látum allt ógjört landinu til framfara, ekki að tala um að leggja fje til þess að

brúa ár eða útvega gufubát, til þess að efla og ljetta samgöngurnar, nei, það verður að tína krónurnar saman og geyma þær; þetta er kotungshugsun, sem er of rótgróin þjóð vorri.

Jeg sje ekki annað en landssjóður þoli það vel, þó hann missi nokkur þúsund kr., og jeg held ástandið nú bendi okkur fremur á að ljetta byrðarnar á landsmönnum heldur en að vera leggja upp. Það þótti þm. Rvk. einnig íhugunarvert, að kaupmenn mundu leggja ekki einungis tollinn á vörur, heldur einnig kostnaðinn við tollinn. Jú, það er sjálfsagt og eðlilegt. En má jeg spyrja: um hvaða æðar renna peningarnir inn í landið? Eru það ekki kaupmennirnir, og þeir eingöngu, sem koma með þá? (*L. Bl.:* Coghill). Hann er kaupmaður! Og skyldu kaupmenn gjöra það fyrir ekki neitt? Þeir fara þó varla að gjöra sjer það í skaða. Nei, víst ekki. Hver kaupmaður verður að taka kostnaðinn fyrirfram fyrir að flytja peninga inn í landið; þeir verða að vinna upp flutningsgjald, ábyrgðargjald, vaxtamissi fyrir tíma þann, sem peningarnir liggja arðlausir. Þess vegna er því meiri ástæða til að ætla að kostnaðurinn verði *minni* og kaupmaðurinn þurfi minna að leggja á, þegar hann á að borga gjaldið svona sjálfur, heldur en þegar hann verður að fá bóndanum peningana til að gjöra það, því tollana borga flestir kaupm. með ávísunum til útlanda; þannig spara þeir sjer alveg að flytja peningana fram og aptur, og peningarnir geta þar staðið í bankanum og borið vöxtu allan þann tíma, sem þeir annars hefðu þurft til að verða selfluttir fram og aptur. Þannig verður kostnaðurinn miklu minni við óbein gjöld en bein gjöld, eða alveg öfugt við það, sem þm. Rvk. sagði.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg ætla að eins að gefa þær skýringar, er hinn hv. lh. mæltist til, það er að segja, á hverju jeg byggði tollinn og hve mikið hann myndi af sjer gefa. Jeg byggi tollinn á landshagsskýrslunum á 5 ára meðaltali af útfluttum landvarningi árin 1873—1877. Jeg skal geta þess, að þessar skýrslur eru ekki að öllu áreiðanlegar. Um útflutning á sauðfje og hrossum eru ekki til prentaðar skýrslur nema um fáein ár, því útflutningur á sauðfje byrjar eiginlega ekki fyr en eptir 1877. Skýrslan verður þá þannig:

Tollur af landvarningi, eptir meðalupphæð 5 ára tímabilið 1873—1877, gjörir:

af hverju ullarpundi	1 eyri	15,850 kr.
— — kjötpundi	1/5 eyris	2,884 —
— — tólgarpundi	2/5 eyris	1,695 —
— hverjum 2 gærum	5 aurar	805 —
— hverju dúnpundi	15 aurar	1,104 —
— — fiðurpundi	1 eyri	192 —

Aptur á móti er útflutningstollur á sauðfje áætlaður. Jeg ætla einungis á 5000 kindur að meðaltali ár hvert. Jeg sleppi árinu sem leið, þá var það miklu meira, en það var alveg sjerstaklegt. 20 aurar af hverri kind gjöra 1000 kr. En jeg færi útflutningstollinn af hrossum niður í 1000 kr. til þess að hann sje alveg óyggjandi. Tollur þessi gefur þá samtals með þessum tegundum 24,530 kr., eða tæpan helming af því, er ábúðar- og lausafjárskatturinn gefur í betri árum.

Jeg og hinn h. meðustm. minn, 1. þm. Skg., byggðum á því, að ábúðar- og lausafjárskatturinn væri ekki einungis tvöfaldur skattur, heldur og að hann væri tvöfaldur í roðinu eða með öðrum orðum, tvöfalt hærri en aðrir skattar. En þetta verður eigi sannað fyr en annari spurningu er svarað, og hún er sú: Hvað er ábúðar- og lausafjárskattur? Eptir hverri skattálögureglu er hann lagður á? Til að svara þessari spurningu, er þess fyrst að gæta, að hjer er ekki um aðra skatta að tala til samanburðar en annaðhvort um eignartekjuskatt eða atvinnuskatt. Fyrir því er hann annaðhvort lagður á eptir engri reglu eður þá eptir þeim reglum, er gilda um eignartekjuskatt eða atvinnuskatt. Aðrir skattar eru ekki til. (*J. Ó.:* Eyðsluskattar). Eyðsluskattar eru tollar, eða skattar á nautn, en eigi skattar á eign nje atvinnu. (*B. Sv.:* Rjett). Er nú ábúðarskatturinn eignartekjuskattur? Nei. Það getur ekki verið. Það er ekki eignartekjuskattur fyrir leiguliðann, að búa á jörð, er hann ekki á, og heldur ekki fyrir landeigandann. Lausafjárskatturinn er heldur eigi eignarskattur, nema frá sjeu dregnar skuldir þær, er lausafjeð er í veði fyrir.

I lögum um tekjuskatt 14. desbr. 1877 stendur í 1. gr.: «Af öllum árstekjum af jarðeign, hvort heldur era landskuld, leigur af innstæðukúgildum, arður af hlunnindum eða annað, skal *eigandi* greiða *tekjuskatt*» Hjer er ekki talið annað en jarðir og önnur hlunnindi, svo ekki getur lausafjárskatturinn verið *tekjuskattur*. Ábúðar og lausafjárskatturinn getur því eigi verið eignartekjuskattur. En hann er heldur eigi at-

vinnuskattur. Að minnsta kosti er atvinnuskatturinn lagður allt öðruvísi á. Þegar vjer leggjum atvinnuskatt á kaupmenn, lyfjasala og ýmsa aðra atvinnumenn, þá er ekki farið eptir því, hversu miklar vörur kaupmaðurinn hefur í búð sinni eður lyfsalinn í lyfjabúðinni, heldur er lagt á atvinnuarðinn sjálfan, hvort sem maðurinn á meira eður minna af vörunum sjálfur. Látum nú sjá hvort sveitabændur njóta jafnaðar við aðra atvinnumenn. Í 4. gr. l. 14. desbr. 1877 um eignar- og tekjuskatt stendur: «Af allri atvinnu skal tekjuskatt greiða þannig: af hinum fyrstu 1000 krónum, sem tekjurnar nema, skal skatt greiða». En hve mikinn skatt? *Engan skatt.* Hve margir bændur, jeg vil spyrja hinn h. 1. þm. Sm., heldur hann nú að hafi meira en 1000 krónur í tekjur af búi sínu? *(Tr. G.:* Brutto). Mjer er kunnugt að einn með beztu og vitrustu bændum bjó á Hallgilsstöðnm um nokkur ár fyrir skömmu síðan, en jeg er viss um hann hefur ekki haft 1000 kr. í tekjur á ári af búi sínu. *(Tr. G.:* Jú). Hitt getur verið, að hann hafi haft það af smíðum. Jeg held þm. verði mjer samdóma um það, einkum ef lesin er ágæt ritgjörð eptir sjálfan hann í Nýjum Fjelagsritum frá þeim tíma.

Enn fremur stendur í 4. gr.: «af því, sem tekjurnar nema yfir 1000 krónur og að 2000 fullum, skal greiða *1 af hundraði* í tekjuskatt». En hvað borgar nú bóndinn? Hann greiðir eina alin af lausafjárhundraðinu upp og ofan, og lausafjárhundraðið er að meðaltali 100 kr. eður rúmt það. En svo bætist ábúðarskatturinn ofan á lausafjárskattinn, ofan á hvert lausafjárhundrað. Hve miklu nemur nú ábúðar- og lausafjárskatturinn samantekinn? Ein alin af lausafjárhundraðinu og — eins og lh. sagði — $^2/_5$ al. af ábúðarhundraðinu.. En nú kemur það til greina, að ábúðarhundruðin eru talsvert fleiri en lausafjárhundruðin. Ábúðarhundruðin eru meira en 86,000, en lausafjárhundruðin voru, áður en versnaði í ári að meðaltali 57,000, svo það lætur nærri, að fyrir hver 3 hundruð í jörðu komi 2 lausarfjárhundruð. Þess vegna verðum vjer að bæta $1\,^1/_2$ í ábúð jarðar ofan á hvert lausafjárhundrað. Gjörum nú, að meðalalin sje 55 aura. Fyrst eru þá 55 aurar af landssjóðshundraðinu, síðan $^3/_5$ al. á $1\,^1/_2$ ábúðarhundraði, það er 33 aurar, eður til samans 88 aurar, eður nálega $^9/_{10}$ af 100. Ábúðar- og lausafjárskatturinn væri þá, eptir þessu, mjög svo jafn atvinnuskattinum, ef sveitabændur þyrftu eigi að greiða neitt af fyrstu 1000 krónum arðsins af búi sínu. En það er nú eigi því að heilsa. Svo er og aðgætandi, að skattur þessi kemur mjög misjafnt niður. Einmitt fátæki bóndinn hefur minni áhöfn og hann hefur varla meira en 1 lausafjárhundrað á móti hverjum 3 ábúðarhundruðum, og þó skal knýa hann til þess að gjalda ábúðarskatt. Þessi lausafjár og ábúðarskattur er eigi lagður á eptir nokkurri skattreglu eður neinum skattgjaldslögum, og alveg ranglátur. *(B. Sv.:* Hann er lagður á 0). Hann kemur einmitt þyngst niður á fátæklingunum og aumingjunum. En það er gagnstætt öllum skattgjaldsreglnm, gagnstætt öllu rjettlæti, að leggja mest á fátæklinginn. Hver geldur mest til sveitar? Er það fátæklingurinn? *Nei,* það er auðmaðurinn. Sama á reglan að vera með landsjóðsgjöldin. Þess vegna vil *jeg leggja þm. á hjarta,* að þetta eru órjett lög, sem hinn fjárveitandi þd. er skyldug að láta sjer mjög annt um. En það er ekki allt búið enn. 1. þm Sm. hafði það enn fremur á móti frv., að það gæfi oflítið í lsj. En hann hafði jafnframt það á móti því, og er það merkilegt, að tollurinn væri of þungur og kæmi það einkum niður á Norðlendingum. Já, það er satt, tollurinn er ofþungur þegar hann er borinn saman við útflutningsgjald af fiski og lýsi, því sá tollur er ekki meira en $^1/_2$ af 100; en útflutningstollur þessi af landvarningi er meira en 1 af 100. En hvað sýnir nú þetta? Vjer færum ábúðarskattinn niður um helming og þó verður hann samt meir en helmingi þyngri en útfl.gjald af fiski og lýsi. Það sýnir að hann er nær því *ferfaldur* við þau gjöld, er hvíla á öðrum atvinnuvegum landsins en landbúnaðinum. Jeg vil biðja hinn h. þm., að líta á þessa rökleiðslu mína. Jeg hefi hugsað um þessa setningu og jeg skal vera þakklátur hverjum þeim, er getur sýnt og sannað, að hún sje eigi rjett.

En nú kemur stór mótbára, og hún er sú, að lsj. má einkis í missa. Já, jeg er ekki vel settur að svara því, einkum þegar það kemur frá 1. þm. Sm. og þm. Rvk., er báðir sitja svo hátt í fjárlaganefndinni. En jeg skal þó leyfa mjer að gjöra eina aths., og hún er sú: Hvort ætla þessir h. þm. og öll hin h. fjárlaganefnd sje betra að kría og kreysta með rjettu og órjettu út úr ríkum og fátækum *hvern eyri,* sem unnt

er *í lsj.*, og *fá svo* þessar þúsund bænir og beiðslur um *tillag úr lsj?* Jeg held í einfeldni minni, að það sje langtum betra, að *sýna jafnrjetti í sköttum,* og að leggja enga skatta á bændur til lsj., eins og Norðmenn gjöra, og heldur ekki á atvinnuvegina. Þá getum vjer sagt við þessa bónamenn og við bændur: «Viljir þú fá þjer gufubát eða byggja þjer brú, þá kostaðu það sjálfur. Þú geldur ekki til landsjóðs, og þú átt eigi að lifa á landsjóði, hugsaða sjálfur um þig og þín auðsællegu fyrirtæki. Það er báðum betra. Þú lærir að verða framkvæmdarsamur fjelagsmaður, og fyrirtækin verða hyggilegri og ódýrri. Hjer í landi er gott að vera, hjer eru litlir skattar; viljir þú fara til Vesturheims, þá máttu það; en þú átt þar varla betra hvað skattana snertir». Jeg held það sje betra og heilladrýgra, að vera ekki að kúga þetta og kreysta og sjá svo fjárln. sitja kófsveitta yfir því, hvort hún eigi að *veita* eður *neita* þessum mýmörgu bænum; að heyra þm. leggja fagurlega út af ósjerplægni og fjelagsást, einmitt þá er þeir eru að draga úr lsj. sem mest fje handa sínum og í sinn vasa. Ef jeg skil þjóðarandann rjett, þá held jeg hann sje ekki of framgjarn. Jeg held það þurfi að lypta hugum manna upp, það veitir eigi af að segja við þá: «Þú mátt eiga skatta þína sjálfur, en kostaðu þá og sjálfur þínar brýr, þína gufubáta». Það held jeg væri heppilegra og heilladrýgra fyrir land og lýð, en að venja menn á að snúa þessum grátbænum sínum til fjárln., og sjá hana svo vera að vega salt milli miskunnseminnar annarsvegar en rjettlætistilfinningarinnar hinsvegar.

Jeg skal geta þess enn fremur, að hinn h. sessunautur minn (1. þm. Sm.) sagði, að þetta væri að fleygja útflutningstollinum upp á Norður- og Austurland. En jeg skal leyfa mjer við þetta þá aths., að eptir Landsh.skýrslunum er útflutningur af ull fullt eins mikill frá höfnunum í Sunnlendingafjórðungi eins og frá Norður- og Austurlandi, þó að framtalið sje svo, að þegar Vesturumdæmið er lagt ofaná Suðrumdæmið, þá eru lansafjárhundruðin naumlega eins mörg í báðum þessum umdæmum sem á Norður- og Austurlandi, og þó eru talsvert fleiri nautgripir fyrir sunnan en norðan. Má jeg nú spyrja hinn h. 1. þm. Sm., sem er svo reikningsfróður og hagsýnn: af hverju kemur þetta? Annaðhvort er fje á Norðurlandi ver ullað, eða hjer er eitthvað það til staðar, er lh. á benti: okkar á milli sagt *tíundarsvik.* (*J. Ó.*: Heyr!). Þetta er ekki að kasta útflutningstollinum af ull yfir á Norðlendinga, og útfl.tollur af ull er hjerum 16,000 kr. eður $^2/_3$ af öllum tollinum. Það er satt, að kjöt er minna útflutt hjeðan af Suðurlandi, bæði af því Sunnlendingar eiga svo stóran og auðugan kaupstað, sem Reykjavík er, og svo stunda Sunnlendingar meira fiskiveiðar en Norðlendingar og Austfirðingar. En hvorttveggja þetta er að fara í vöxt fyrir norðan, enda sje jeg ekki ástæður til að hlífa Norðlendingum fyrir þessar sakir. Enn vil jeg spyrja þm.: Hvort er jetið meira af landsins kjöti eður *landsins* fiski? Hann veit að það er enginn tollur greiddur af fiski, sem jetinn er í landinu, og það þykir honum ekki undarlegt; en hvernig stendur þá á því, að honum þykir svo kynlegt, að enginn tollur skuli greiddur af kjöti, sem eytt er í landinu?

Jeg skal geta þess, að jeg áleit ekki að ábúðar- og lausafjárskattur væri greiddur fyrir fram, heldur hitt, að hann væri miðaður við eignina og fjáraflann fyrir fram, en ekki við arðinn eða ávöxtinn af þessari eign og fjárafla. Lausafjárskatturinn er miðaður við gemlinginn minn eða gemlinginn sem 1. þm. Sm. á um vorið eða haustið á undan, að skatturinn er krafinn á manntalsþingi vorið eptir; en hann er ekki miðaður við arðinn af ullinni eða kjötinu, ef það er lagt inn í kaupstaðinn. Jeg vissi það vel áður, að lausafjárskatturinn er ekki krafinn fyr en árið eptir framtalið til tíundar.

Jeg tek það enn fram, að bezt er að heimta skattinn þegar gjaldþegnar eru færastir um að greiða hann, og það eru þeir þegar þeir hafa tekið við arðinum af eign sinni. Gjalddagi á vorin, á manntalsþingi, er næsta óhentugur; þá skulda bændur kaupmönnum, og eiga engan varning til; hann er miklu hentugri á haustin þegar þeir hafa lagt inn vörur sínar.

Það er því allt sem þessum útflutningstolli er til ágætis, rjettsýni og jafnrjetti allra gjaldþegna, hlutarins eðli, hægðin og auðveldleikin, bæði til að greiða gjaldið og heimta það inn. Allt þetta hefur útflutningstollurinn á landvarningi fram yfir ábúðar- og lausafjárskattinn. Jeg bið að lokum hinn h. 1. þm. Sunnmýlinga að halda mjer til góða, hafi jeg gleymt einhverjum af mótgögnum hans, og sje svo, vona jeg að 2. þm. Sm. hafi svarað þeim nægilega.

Benidikt Sveinsson: Þetta er þýðingarmikið frv., er hjer liggur fyrir, og leggur það auðsjáanlega þá spurning fyrir oss: hvort er betra, að landið hafi tekjurnar beinar eða óbeinar; eða með öðrum orðum: hvort er betra og rjettara, að hafa tolla eða skatta? Á úrlausn þessarar spurningar hafa spreytt sig hinir mestu vísindalegu garpar og spekingar hinna menntuðu stórþjóða. Þeir hafa brotið heila sinn um það ár eptir ár og öld eptir öld, en eptir minni þekking, þá er það svo enn í dag, að ekkert algilt svar hefur verið gefið upp á spurningu þessa, engin almenn og undantekningarlaus regla um þetta vandamál gefin. Og þetta er eðlilegt, því það er *ómögulegt* að gefa nokkra almenna algilda reglu um það, hvort rjettara sje að hafa tolla eða skatta, heldur er það komið nndir atvikum, ástandi og ásigkomulagi þjóðanna á hinum ýmsu tímum.

Hjer mætir oss þá eiginlega sú spurning: Er það rjett, eins og tilhagar nú hjá oss, að breyta hinum beinu gjöldum í óbein gjöld? Er það rjett eptir öllu ástandi og ásigkomulagi þessa lands? Í rjettri úrlausn *þessarar* spurningar liggur vandinn. Bæði ræður hins h. lh. og hinna h. þm. er talað hafa, sýna ljóslega að þetta er stórkostleg vandaspurning. 1. þm. Sm. sagði, að það væri almenn regla, að leggja að eins útflutningstoll á þá vöru, sem væri of mikið útflutt, og aðflutningsgjald á þá, sem væri ofmikið aðflutt. Þetta er yfir höfuð að tala, eður undir öllum almennum kringumstæðum rjett og satt, og má því vekja sterka mótbáru frá þessu sjónarmiði gegn þeim útflutningstolli, sem hjer ræðir um. Enn nefndi hann aðra sterka mótbáru. Á búðar- og lausafjárskatturinn lendir á næstum öllum; en ef útflutningstollurinn er borinn saman við þessa tvo skatta, þá lendir hann á tiltölulega fám mönnum. Þessi tollur kemur enn fremur mjög misjafnt niður; því eins og hann einungis hittir þann, sem lætur vöru til útflutnings, þannig lendir hann lítið eða mikið á bændum eptir því, sem þeir láta lítið eða mikið af hinum tollskyldu varningstegundum til útflutnings. Þetta er í fljótu bragði mjög þýðingarmikil mótbára. En eru nú þessar mótbárur svo miklar og mikilvægar, að ekkert geti í móti þeim vegið? Þar til verð jeg að segja: Nei. Það er nokkuð sem vegur fullkomlega móti þeim báðum og meira en það. Og hvað skyldi vera hjá oss nú, sem gjörir þessi hlutföll, sem í sjálfu sjer eru þýðingarmikil, svo ljettvæg? Það er dýrtíðin, harðærið, það er ástandið, sem er. Gætum *nú* að því, hver munur er á milli hins *fátæka* og hins ríka. Hver flytur nú mest út, sá fátæki eður hinn efnaði? Getur nokkrum dulizt, að það muni vera sá efnaði? Hinn efnaði bóndi flytur mikið út; en fátæklingurinn flytur lítið út; og er það þá eigi rjett, að hinn efnaði hlaupi undir bagga með hinum efnalitla í þessu harðæri? Enn fremur verð jeg að geta þess, að einmitt þessir tollar munu leiða til þess, að minna verður keypt af munaðarvörunni og glingrinu; og það er einmitt munaðarvaran og glingrið, sem fleygt hefur verið út fyrir þúsundum, tugum og hundruðum þúsunda króna. Og þessu ætti þó einhvern tíma að linna. En þegar menn sjá að þeir verða að greiða toll af vörunni, sem þeir láta fyrir glingrið, þá munu þeir hægja á sjer. 1. þm. Sm. sagði, að löggilding á hinum 10 verzlunarstöðum sýndi berlega, að þingið mundi eigi vilja hafa tolla, því að þá yrði eptirlitið með tollgreiðslunni svo erfitt; en eins og jeg hef tekið fram áður, þá er þetta tómur misskilningur, því að það munar eigi svo mikið um það þó að verzlunarstöðunum fjölgi. Sýslumenn þurfa nú þegar að hafa umboðsmenn á ýmsum verzlunarstöðunum í lögsagnarumdæmum sínum, en hvort þeir eru einum eða tveimur fleiri eða færri, gjörir mjög lítið til, úr því þeir geta ekki alstaðar sjeð með sínum eigin augum. Og ef þingmaðurinn hyggur þetta svo erfitt, þá er mjer óskiljanlegt, hvers vegna hann hefur talið eptir sýslumönnum innheimtulaun þeirra; því að verður er þó verkamaðurinn launanna. Enn vil jeg nefna eina ástæðu, sem er eigi hin þýðingarminnsta. Með því að leggja útflutningstoll á vöru, verður innheimtan bæði hægari og ljettbærari, því að þá þarf eigi að taka frá fátæklingnum hans síðasta penning, muni, er hann eigi getur án verið, að jeg eigi segi bitann frá munninum á honum; þá verður ljett af tollheimtumanninum þessu harmabrauði, því að þetta er sannarlegt harmabrauð fyrir hvern þann, sem hefur mannlegt hjarta og mannlegar tilfinningar í brjósti sjer. Þess konar skattheimtu verður, segi jeg, alveg ljett af honum; því að tollinn hefur hann að eins að krefja af kaupmanninum. Eins og jeg sagði í upphafi, þá álít jeg þetta mál hið mesta vandamál, og tel jeg hinni h. þd. eigi sam-

boðið að flana að því, og sting jeg því upp á að nefnd verði sett í málið.

Samþykkt 5 manna nefnd að og umræðunni skyldi fresta. Í nefndina voru kosnir: Arnljótur Ólafsson með 17 atkv., Benidikt Sveinsson og Tryggvi Gunnarsson með 13 atkv. hvor, en þá hafði enginn nógu mörg atkvæði, og var kosið annað sinn og hlutu þá kosningu Grímur Thomsen með 10 atkv. og Jón Ólafsson m. 8 atkv.

Lfrv. um breyting á tilskipun 5. sept. 1794, 5. gr. (C 165); 3. umr.

Lárus Blöndal: Jeg hef verið einn meðal annara, sem komið hafa með brtill. við lfrv. það, er hjer er um að ræða (C 200). Hún er fremur lítilvæg og leiðir svo að segja af sjálfu sjer. Hið fyrra atriði miðar til þess að breyta fyrirsögninni, og hin önnur fer fram á, að eigi einungis hegningarákvarðanir 5. gr. falli burtu, heldur falli greinin brott í heild sinni. Það hefði ef til vill verið rjettara að breyta fyrirsögninni algjörlega svo að þar hefði staðið frv. til laga um að af nema tilskipun 5. sept. 1794, en vjer vildum þó eigi fara fram á það, af því að eptir 6. gr. getur orðið spurning um að veita mönnum, sem eigi hafa tekið próf, veniam practicandi eða leyfi til þess að hafa um hönd lækningar eptir að hann hetur fengið vottorð frá hlutaðeigandi amtmanni og landlækni um að hann hafi kunnáttu og æfingu til þess, að lækna sjúklinga. Vjer vildum því eigi fara lengra; en jeg vona, að hin h. þd. sjái, að brtill. þessi sje eðlileg og miði til þess að taka af öll tvímæli, og koma í veg fyrir þann misskilning, að 5. gr. í tilskipun frá 5. sept. 1794 stæði að því leyti í fullu gildi, að eptir sem áður segðist á því að fást við skottulækningar, sem þó kemur í bága við ákvarðanir þessa frumvarps; vona jeg því, að h. h. þd. samþ. brtill. þessa og að hún einnig nái fram að ganga í efri deild.

Benidikt Sveinsson: Jeg vil mæla mjög mikið með því að brtill. þessi verði samþ. Eins og jeg gat um við 2. umr., þá er hrein og bein mótsögn milli sjálfrar megingreinarinnar í frv. og endingarákvæðisins, er segir að eins að hegningarákvarðanir 5. gr. í tilsk. 1794 skuli úr lögum numdar, en þessi brtill. þó hún sje engan veginn, sem menn segja «correkt», samsvarar að *mestu* tilganginum með því breytingaratkvæði, sem jeg kom áður með, en sem þingdeildin af misskilningi ekki samþykkti.

Jakob Guðmundsson: Jeg er á sömu skoðun og þingmaður sá, er seinast talaði og ætla, að brtill. bæti mjög mikið.

Atkvgr.: 1. atriði brtill. (C 200) sþ. í e. h.; 2. atr. brtill. sþ. í e. h. Frv. þannig orðað sþ. í e. h. Síðan gat forseti þess, að hann mundi senda forseta í e. d. frv.

Frumvarp til laga um kosningu presta (C 186); 2. umr.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að leyfa mjer að tala fáein orð, með því að jeg og tveir aðrir h. þm. hafa komið með brtill. við frv. þetta (C 203). Önnur brtill. er við 2. málsgrein í 8. gr., er við breytinguna kemur til að hljóða þannig: «Nú synjar biskup um staðfestingu á kosningu, og hafa sóknarmenn rjett á að kjósa af nýju. Synji biskup í annað sinn um staðfestingu, kjósa þeir enn á ný; en synji hann í þriðja sinn og hafi sami maður hlotið kosning, skal hún gild allt að einu». Hin br. er ný gr., er hljóðar svo: «Lausn frá prestsembættum veitist eptir sömu reglum og hingað til».

Fyrri br. er hin sama og jeg gjörði ráð fyrir við 1. umræðu og hafa tveir h. þm. orðið mjer samhuga í því að bera hana fram. Hin br. er nauðsynleg viðbót við lögin. Jeg ætla að geta þess, að br. þessar fara í nokkuð mismunandi stefnu. Hin fyrri br. er frjálsleg og er gjörð til þess að tryggja í því verklega, að nokkuð verði úr kosningarrjetti safnaðarins, og að úrslit geti orðið á kosningu prests. Eptir hinni ákvörðuninni gat svo farið, að enginn endi yrði á kosningunni; og ef maður hugsaði sjer að ráðríkur og drottnunargjarn biskup risi upp sem Staða-Árni, þá gat rjettur leikmanna orðið fyrir borð borinn. En fyrir þetta er byggt með brtill. Hin br. er aptur á móti, að jeg svo segi, í apturhaldsstefnu, með því hún gefur hinu núverandi veitingarvaldi rjett til að ráða lausn presta frá embættum; og þótti oss hún nauðsynleg, því að ef hin væri reglan, þá gæti svo farið, að menn færu að vekja æsingar móti prestinum í söfnuði þeim, sem hefði kosið hann, í þeirri vissu von að geta haft hann á brott.

Eiríkur Kúld: Við brtill. þessa sætti jeg mig vel, og vildi gjarnan óska að hún næði fram að ganga í d. En jeg verð þó að láta í ljósi, að jeg get eigi gefið frv. í heild sinni mitt atkvæði, þótt brtill. bæti

úr tveimur aðalgöllum á frv. Annar var sá, að brauð gat staðið óveitt svo árum skipti, og er það eigi heppilegt fyrir söfnuðinn; og hinn var sá, að í frv. vantaði ákvörðun um, hvernig ætti að setja presta af. En þó að nú þessir tveir stórgallar verði bættir, get jeg samt eigi fellt mig við frv., því að jeg er á þeirri skoðun að maður breyti eigi til batnaðar, við það að taka veitingarvaldið frá yfirvöldunum og fá það söfnuðunum í hendur. Jeg held að frv. sje eigi eins saklaust og menn ímynda sjer í fljótu bragði. Jeg get ímyndað mjer að í einhverjum söfnuði væri mikill maður, sem ætti prestsvígðan son. Ætli að þá gæti eigi farið svo að þessi mikli maður gæti komið syni sínum að, þótt hann væri drykkjumaður, og hinn sem byðist væri miklu hæfari? Enn fremur ætla jeg að nefna það til, að minni hlutinn í söfnuðinum, sem undir verður við kosninguna, kann að verða óánægður, segja sig úr söfnuðinum og mynda lausasöfnuð. Enn fremur vil jeg spyrja að, hvers vegna á fremur að kjósa presta en sýslumenn og aðra embættismenn? Menn ættu þá líka að gefa sýslubúum leyfi til þess að kjósa sýslumanninn. Að endingu ætla jeg að láta það í ljósi, að jeg tel frv. frjálslegt, og að jeg er á þeirri skoðun, að söfnuðurinn ættu að fá nokkra hlutdeild og nokkur ráð á því, hver yrði prestur hans, en af ástæðum þeim, er jeg að framan hef getið um, get jeg þó eigi gefið frv. atkvæði mitt.

Jakob Guðmundsson: Við fyrstu umræðu gat jeg þess, að mjer væri mjög umhugað um, að mál þetta fengi framgang í aðalatriðum. Og sami er vilji kjósanda minna, eins og sjest á fundarskýrslunni úr Dalasýslu. Þm. Bst. (E. K.) hjelt að kosningarjettur safnaðanna mundi verða til þess að sundra þeim, en jeg er alveg viss um hið gagnstæða, því að ef hið núverandi ástand helzt við, er jeg viss um að margir söfnuðir muni nota rjett þann sem stjórnarskráin gefur, og segja sig lausa úr kirkjunni, og jeg er alveg sannfærður um, að ef menn vilja veita kirkjunni stuðning og ef menn vilja halda henni saman, þá er ekkert stig betra og happasælla, sem stjórn og þing getur stigið, heldur en að veita söfnuðunum rjett til að kjósa presta sína með skynsamlegum takmörkunum. Þingið hefur nú sýnt, að það vill sannarlega velferð kirkjunnar, og vjer óskum og vonum, að stjórnin láti undan bænum vorum, og gjöri kirkjunni hjer á Íslandi þá ógleymanlegu velgjörð, að staðfesta þetta heppilega og eins og vjer vonum blessunarríka frv. Jeg vona að stjórnin muni staðfesta það svo að neitunin eigi verði til þess að vekja ósamlyndi milli þings og þjóðar öðrumeginn og stjórnarinnar hinumeginn. Þar sem þm. Bst. talaði um ríkan mann í söfnuðinum, er kæmi sjer vel við hann og fengi því framkomið, að hann kysi son sinn, þótt óverðugur væri, þá er þetta hugsanlegt, því að menn geta hugsað sjer svo margt, en getur hann þá eigi hugsað sjer, að þessi ríki maður geti undir nú verandi fyrirkomulagi komið sjer vel við biskup — jeg er eigi að tala um þann sem er — og fengið hann til þess, að veita syni sínum brauðið, þótt óverðugur væri? Um hitt er jeg aptur á móti honum samdóma, að brtill. bætir mikið, því að eptir hinu frv. getur liðið mjög langur tími þangað til söfnuðurinn getur fengið prest, og svo álít jeg ósanngjarnt, ef söfnuðurinn eigi getur fengið þann prest, sem hann biður um hvað eptir annað. Það getur heldur eigi komið það fyrir, að söfnuðurinn velji þann til prests, sem eigi hefur lögboðna hæfilegleika. Það getur eigi komið fyrir með þjóðkirkjupresta, sem hafa embætti á hendi, og það er þá helzt ef það væri óvígðir kandidatar eða prestar, sem hefði verið settir af. En við þessu er ekki hætt, því biskupinn skal nefnilega eptir 3. gr. skýra frá því, ef einhver umsækjanda eigi hefur lögboðna hæfilegleika; ef nú biskup telur slíka menn frá, þá sje jeg eigi, að það tilfelli geti komið fyrir, að biskup þurfi að neita að staðfesta prestskosningu. En hitt getur verið, að stjórnin mundi taka sjer það nærri, ef brtill. við 8. gr. yrði samþykkt, og þó að hún hafi eigi svo mjög mikið að þýða, eigi samþykkja lögin; og með því að mjer er mjög annt um að málið fái framgang, þá vildi jeg heldur sleppa brtill., þó hún sje mikið til bóta, en ef stjórnin hennar vegna eigi vildi samþykkja lögin.

Jón Ólafsson: Mjer þykir brtill. við 8. gr. að nokkru leyti of rúm og að nokkru leyti of þröng. Hún er of þröng að því leyti, að ef sá er fungerandi prestur í þjóðkirkjunni, sem er kosinn, þá finnst mjer enginn ástæða til að gefa biskupi *nokkurt* neitunarvald, því að maðurinn hefur lögboðna hæfilegleika úr því að hann er ekki af settur. En ef presturinn aptur á móti eigi er þjóðkirkjuprestur, og biskup ef til

vill álítur hann óhæfilegan til prestskapar, þá finnst mjer eigi hæfa, að neyða biskup til þess að staðfesta kosningu slíks manns. Jeg vil því skora á hinn h. ustm. að íhuga, hvort þeir eigi vilji koma með brtill. við 3. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg talaði fá orð um frv. þetta við fyrstu umr. og ætla jeg mjer nú eigi að tala meira um misbrúkun þá, sem orðið getur, ef frv. yrði sþ. Hins vegar er jeg samdóma h. h. þm. Bst. (E. K.) að söfnuðirnir ættu að fá svo mikla hlutdeild í vali presta, sem mögulegt er. Einn h. þm. (J. G.) sagði, að ef þessi lög næðu eigi fram að ganga, þá myndi það leiða til þess að söfnuðirnir myndu sundrast og menn ganga úr þjóðkirkjunni af óánægju yfir hinu núverandi ásigkomulagi með veitingar. Jeg veit enga ástæðu til þessa. En hvernig mundi fara, ef frv. þetta yrði að lögum? Eptir 6. gr. er kjörfundur lögmætur ef tveir hlutir þeirra, sem kosningarrjett hafa, mæta á fundi og greiða atkvæði, og eptir 7. gr. er sá rjett kosinn, sem fær meiri hlut atkvæða. Jeg get því hugsað mjer, að einungis rúmur þriðjungur þeirra manna í söfnuðinum, er atkvæði hafa, ráði kosningu, og þykir mjer þetta eigi heppilegt og hefði jeg gjarnan viljað að reglurnar um þetta hefði verið á allan hátt öðruvísi. Það verð jeg að játa að brtill. bætir mikið, því að hún gjörir enda á kosningunni; en ætli hún þá eigi gjöri líka enda á frv.? Veitingin er beinlínis fengin í hendur söfnuðinum, og enginn hefur þar atkvæði nema söfnuðurinn einn, hvorki biskup, lh. eða konungur. Þjóðin ákveður, konungur framkvæmir, sögðu Frakkar í stjórnarbyltingunni áður en þeir tóku sjer frí frá að hafa konung; en hjer er gengið lengra því að söfnuðurinn ákveður og framkvæmir líka, og sje jeg eigi betur, en að biskup fríist alveg við að gefa prestinum köllunarbrjef, ef brtill. verður samþ. og staðfest. Enn fremur fæ jeg eigi betur sjeð, en ef frv. verður að lögum, þá verði presturinn alveg laus við að hlýða, eða vera undirgefinn öðrum en söfnuðinum, og laus við að vinna margt, sem hann nú verður að vinna sem embættismaður þjóðkirkjunnar.

2. töluliður brtill. er nauðsynleg viðbót við frv. eins og það er nú, því að annars hefði maður freistazt til þess að ímynda sjer, að söfnuðurinn hefði vald til þess, að segja prestinum upp; en þá hefði vantað fyrirvarann. Ekki get jeg þó neitað því, að mjer þykir töluverð ósamkvæmni í því að söfnuðurinn veitir embættið, en að aðrir, sem sje hinir sömu og hingaðtil, skuli veita lausn frá embættinu. Mjer þykir það merkileg aðferð, t. d. að sækja til konungs um lausn frá því embætti, sem söfnuður hefur veitt, svo að aldrei hefir til konungs komið, heldsem búið er að gefa hann alveg lausan við. Jeg tek þetta fram eigi af því, að jeg sje á móti því, að söfnuðir fái þá hlutdeild í veitingu á prestakalli, sem möguleg er, heldur til þess að menn skyldu líta á málið frá ýmsum hliðum, og til skýringar og til að sýna, að þetta frumvarp er ekki hafandi.

Þorkell Bjarnason: Jeg vil fyrir fram segja það álit mitt um þetta frv., að það fer fram á það, sem er rjettur safnaðarins og helgur rjettur hans, að mega kjósa sjer prest. En jeg er jafnframt á þeirri skoðun, að sá rjettur eigi að nokkru leyti að takmarkast af veitingarvaldinu. Jeg skal leyfa mjer að koma fram með nokkrar spurningar eða leyta upplýsinga um það, hvort þetta frv. að öllu eða nokkra leyti taki veitingarvaldið frá þeim, sem hingað til hafa haft það. Er það meining þessa frv., að þegar svo stendur á að ekki nema einn sækir um brauð, að söfnuðurinn sje skyldur til þess að kjósa þennan eina prest og brauðið verði veitt honum rjett eins og áður hefur gengið til? Önnur spurning getur og komið upp í huga manns þegar maður les frv., og það er sú, hvernig fara skuli, ef enginn sækir um brauðið; eiga þá söfnuðirnir sjálfir að hafa fyrir því að útvega sjer prest, eða á hið fyrverandi veitingarvald að hafa «initíatívið» eða upptökin til þess? Enn vil jeg geta þess að jeg kann eigi sem bezt við 1. gr.; þar stendur að sóknarmenn skuli «kjósa sjer prest af þeim sem um brauðið sækja». Nú getur svo farið, að þeir einir sæki um brauðið, sem söfnuðurinn alls ekki vill hafa, og á hann þá að vera skyldur til að kjósa einhvern þeirra? Það væri óskandi að jeg gæti komið með breytingar við 3. umr., sem gætu skýrt þessi atriði. Á 6. gr. þykir mjer og vera dálítill galli. Þar segir að kjörfundur sje ekki lögmætur nema $^2/_3$ þeirra sem kosningarrjett hafa, mæti á fundinum og gefi atkvæði. Jeg get vel hugsað mjer að langur tími geti í mörgum prestaköllum liðið áður en því verður komið í verk að $^2/_3$ kosningarbærra manna mæti á fundi; bæði mun hamla strjálbyggð, torfærur, vegalengd

og jafnvel áhugaleysi; þess vegna þykir mjer vanta þá ákvörðun í lfrv., hvað langur tími megi líða þangað til sóknarmenn eiga að vera búnir að kjósa. Ef jeg get þá skal jeg koma mjer saman við einhverja aðra þm. til þess að koma með brt. við 3. umr., sem gætu ráðið bót á þessu.

Af því að jeg er frv. hlynntur og til þess að það verði meira en nafnið tómt, þá hef jeg skrifað undir brt., því að 8. gr. frv. er þannig orðuð nú, að biskup getur, ef hann vill svo, gjört þessi lög alveg þýðingarlaus. En jafnframt því gæti og 8. gr. frv. orðið til þess að samkomulagið yrði allt annað en gott milli biskups og sumra safnaðanna, einmitt af því að engin ákvörðun er um það hvað gjöra skuli þegar biskup vill eigi samþykkja kosningu safnaðar og hvorugur málspartur vill láta undan. Mönnum er kunnugt að megn óánægja hefur orðið í einum söfnuði hjer á landi út úr því, að honum þótti veitingarvaldið eigi taka nógu mikið tillit til 7. gr. í l. um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. Hvernig halda menn þá að söfnuðir mundu taka því, ef biskup neitaði að staðfesta kosningu prests t. d. 6 eða 7 sinnum eptir að þessi l. eru komin út? *(B. Sv.:* Biskup gjörir það ekki). Jeg tala alls eigi um neinn einstakan, heldur að eins um það, er biskup getur gjört og má gjöra eptir því sem frv. nú er orðað. Þessi galli á l. mundi sundra kirkjulífinu víða á landi hjer, auk þess sem hann yrði mjög óvinsæll.

Hinn heiðraði 2. þm. Sm. (J. Ó) vildi með öllu taka af biskupi synjunarvaldið þegar prestur með embætti í þjóðkirkjunni yrði fyrir kosningu. Þetta finnst mjer ekki vera rjett, því að það getur staðið svo á að biskup vilji ógjarnan staðfesta kosningu prests, þó hann sje þá sem stendur prestur þjóðkirkjunnar, og þá á biskup að hafa leyfi til að reyna að afstýra kosningu hans með því að leiða söfnuðinum fyrir sjónir, af hvaða ástæðum hann álíti óheppilegt að þessi prestur verði fyrir kosningu, og því verður hann að geta synjað tvisvar. Hinn sami h. þm. (J. Ó.) vildi aptur á móti að biskup hefði algjört synjunarvald þegar aðrir sæktu en þjónandi prestar í þjóðkirkjunni. Jeg fæ heldur eigi skilið að það sje rjett, og þess gjörist eigi heldur fremur þörf en við þjónandi presta, því að 1. gr. frv. segir skýrt, að engan megi kjósa, nema þann sem hafi hinu lögboðnu hæfilegleika, það kemur því eigi til skoðunar að söfuuður geti kosið aðra. *(J. Ó.:* Óreglumenn!) Það verður þó seinast talið með lögboðnum hæfilegleikum að vera óreglumaður. Þm. Bf. (Gr. Th.) tók ljóslega fram hve nauðsynlegt það væri að bæta þeirri ákvörðun við lfrv., sem eptir ust. vorri á að verða 10. gr., þess efnis að lausn frá prestaembættum veitist á sama hátt og hingað til. Menn geta vel hugsað sjer, og jeg veit enda dæmi til þess, að heiðvirðustu prestar hafa orðið fyrir óvild sóknarmanna sinna án þess að þeir hafi unnið til þeirrar óvildar með óreglu eða á einhvern annan hátt; til þess þarf eigi nema 1 eða 2 menn í sókninni sem óvinguðust við prestinn og mættu sín svo mikils að þeir fengju marga af hinum með sjer. Þessi óvingan gæti orðið svo mikil án allra saka að söfnuðurinn ræki prestinn burtu ef hann ætti vald á því. Um þetta þyrfti að búa, svo að trygging væri fyrir því að prestur sem þjónaði embætti sínu með alúð og skyldurækni væri eigi eins og strá fyrir straumi, og yrði að lúta söfnuðinum, því að svo illa gæti farið að presturinn kæmist undir vilja og yfirráð þeirra manna í söfnuðinum, er sízt skyldi, ef söfnuðurinn mætti reka hann burtu án fullra saka. Þess vegna er þessi nýja gr. alveg nauðsynleg í lögin. Jeg vona því að frv. í heild sinni með brt. fái framgang.

Landshöfðingi: Það eru, sem kunnugt er, misjafnar skoðanir um það, hversu mikils það sje vert og hvað gott leiði af því, að söfnuðir fái að kjósa presta sína. Jeg fyrir mitt leyti hygg að þetta sje mikið efamál, og þótt jeg vilji eigi neita því, að kostir kunni að fylgja kosningu presta, þá tel jeg hitt jafnvíst, að þeim kostum sjeu samfara þeir anmarkar, er fyllilega vega upp kostina. Það er sjálfsagt tilgangur þessa frv. að efla trúarlíf og kirkjulíf í landinu, en jeg hygg að það sje mikið efamál hvort sá tilgangur náist, og hvort þessi lög ekki miklu fremur mundu verða til þess að vekja ósamlyndi og flokkadrátt í söfnuðunum. Það má telja það sjálfsagt að allir verða ekki á eitt sáttir þegar kjósa skal nýjan prest, það er svo eðlilegt. Nú getur staðið svo á, að sá flokkurinn, sem undir verður við kosninguna, sje ekki að neinu ráði fámennari en hinn, og að honumn sje mjög ógeðfellt að fá prestinn, sem kosinn, er. Þegar svona fer, sem opt getur orðið þá er ekkert líklegra en að þetta verði til þess að ala flokkadrátt

og óánægju í söfnuðinum. Þetta er almenn athugasemd móti prestakosningum yfir höfuð, sem jeg vil biðja hina h. þm. að taka til nákvæmari íhugunar, þegar um þetta frumvarp er að ræða.

Ef nú ætti að fara að innleiða þessa miklu breytingu hjer á landi, þá þyrftu eptir mínu áliti að vera mjög ríkar ástæður fyrir því og hin brýnasta nauðsyn til þess, sem ætti rót sína í almennum vilja þjóðarinnar. En jeg er eigi sannfærður um, að þessi skilyrði sjeu fyrir hendi, og jeg hygg meira að segja, að það sje mjög efasamt að svo sje. Þetta mál var fyrir á hinu síðasta þingi 1881, og átti þá erfitt uppdráttar; það komst þó í gegnum þingið, en með mjög litlum atkvæðamun. Það bendir á að málið hafði ekki neinn sjerlegan byr á þinginu og að það mundi heldur eigi hafa rót sína í almennum vilja og áhuga þjóðarinnar; því að jeg álít að ætíð ætti að mega gjöra ráð fyrir því, að eindregin skoðun þingsins sje hin sanna skoðun þjóðarinnar, byggð á góðum rökum. (*B. Sv.*: Heyr!). En eins og jeg gat um áðan, náði þetta frv. um kosningu presta þó samþykki þingsins 1881, en lengra komst það ekki, því að stj. synjaði um staðfestingu sína á lögunum, og mun hinum h. þm. vera kunnugt um ástæður stj. fyrir því af brjefi rg., sem prentað er í stj.tíð. Þessar hinar sömu ástæður hygg jeg eins vel megi heimfæra upp á þessi lög og lögin frá 1881. Ef maður skoðar málið frá stj. sjónarmiði, þá er þess vegna eigi líklegt að hún staðfesti þessi lög. Frá því á síðasta þingi hefur eigi neitt verulegt eða nýtt komið fram í málinu, er geti orðið til þess að hægt sje að sýna fram á að meiri ástæða sje að staðfesta lögin nú en 1881.

Jeg skal játa, að við brtill. hinna 3 h. þm. er frv. nú ekki eins endasleppt og það var áður; en þetta bratkv. er aptur þess eðlis, að fari svo að það nái samþykki þingsins, þá er það slíkt nýmæli, eigi að eins hjer á landi, heldur og annarstaðar þar sem farið hefur verið fram á slíkt, að það getur með engu móti greitt veg fyrir frv., heldur yrði það þvert á móti steinn í vegi fyrir framgöngu þess, þó að annað hefði ekki verið, og lögin ella kunnað að ná staðfestingu.

Bæði vegna þess, að þessi stórkostlega breyting, er þetta frv. fer fram á, er ekki nauðsynleg, og að áhuginn á þessu máli ekki getur heitið almennur í landinu, og að síðustu sakir þess, að mjög lítil von er til þess, að l., sem eru samkvæm þessu frv., er hjer liggur fyrir, nái staðfestingu konungs, þá ætla jeg að það sje til mjög lítils fyrir þingið að samþykkja þetta frv. sem l., og vil jeg því eindregið ráða hinni h. þd. frá því.

Umræðurnar og afdrif málsins hjer í deildinni munu nú sýna, hversu eindregnar óskir þingsins eru í þessu tilliti, og að hve miklu leyti skoðanir þess hafa breytzt síðan 1881.

Arnljótur Ólafsson: Tilgangur þessa frv. er auðvitað sá að söfnuðirnir fái að kjósa prest sinn og að veitingarvaldið eða biskup geti ekki neitað um að staðfesta kosningu á presti eða guðfræðing, sem söfnuðurinn alvarlega vill. Þó að það standi í 8. gr., að biskup megi synja um staðfestingu, eða verja söfnuðinum kosninguna lýritti, þá er auðsjeð að biskup er settur í þær siðferðislegu ógöngur, að hann með synjan sinni annaðhvort verður að hafa söfnuðinn stöðugt á móti sjer, eða þá að staðfesta endurkosningu safnaðarins móti sinni sannfæringu, því að víðast hvar má búast við að söfnuðurinn láti sig ekki. (Heyr!).

Hver er nú ástæðan til þess að söfnuðurinn fái að hafa slík áhrif á kosningu prests síns? Ástæðan er sjálfsagt sú, að þá fái söfnuðurinn þann mann — það er að segja þegar hann þekkir umsækendur — sem er honum kærari en aðrir; en það er ósagt hvort hann fær betri prest. Söfnuðurinn fær prest, sem hann þekkir og ber traust til; en ef brauðið er gott og samkeppnin mikil, þá verða sjálfsagt æði margir umsækjendur, einkum óvígðir guðfræðingar, sem söfnuðurinn ekki þekkir til, svo það er ekki sjeð að söfnuðurinn fengi hinn bezta prest af þeim er í vali voru. Auðvitað er að segja má, að allt er gott sem sjálfum líkar; sje söfnuðurinn ánægður þá ætti það að vera nóg.

En jeg verð enn að spyrja að því: Hvort ætli söfnuðir yfir land allt — jeg tala ekki um þá uppfræddu söfnuði — sjeu vandlátari að prestum sínum en veitingarvaldið er? (*J. Ó.*: Söfnuðirnir). 2. þm. Sm. svarar spurningunni á þá leið; en spyrjum reynzluna. Fyrir skömmu hefur eitt mál verið útkljáð í Eyjafirði, sem mönnum mun vera fullkunnugt án frekari skýringar. Hvernig kom söfnuðurinn þar fram? Söfnuðurinn bað — ef ekki grátbændi — að mega halda þessum

presti, sem mjög hentum og kærkomnum sálusorgara. Þetta er ekki sjerlega góður vottur fyrir vandlæti safnaðanna. Hvers vegna eru líka þessir óreglu- og drykkjuprestar í embættunum, því að eigi verður því neitað að þeir eru til, eins og búast má við í fjölmennri stjett? Er það að kenna því að kirkjustjórnin vilji ekki hafa þá frá? (*J. Ó.:* Já). Jeg verð að efast um það, heldur er ástæðan öllu heldur sú, að þeir eru ekki kærðir af söfnuðinum. Söfnuðurinn segir: Hann drekkur nú reyndar, karlskepnan, en hann er góður og umliðunarsamur. Mjer er nær að halda að kirkjustjórninni sje, án þess að jeg vilji gylla hana, fullt svo annt að prestar ræki vel köllun sína, sem sumum hverjum söfnuðum á landi hjer. Hinn h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) þekkir víst til þess, að einn ónefndur óreglupresturvar eigi fyrir löngu skipaður í kaupstaðarbrauð, og var þar illa vært, og honum var síðan veitt brauð þar sem hann gæti síður náð í tunnuna. Hvað gjörði söfnuðurinn þar sem mest kvað að óreglu þessa prests? (*J. Ó.:* Klagaði). Nei, hann klagaði ekki á reglulegan hátt, það kom heldur engin kæra fram um drykkjuskap við embættisverk.

Því miður mun vera linka í skyldurækni og siðvendni hjá prestum sem og öðrum embættismönnum, af því að þeir sem þiggja embættisverkin, bera sig ekki rjettilega upp og hafa ekki nóg eptirlit með embættismönnum sínum, og fyrir þá sök framkvæma þeir eigi skyldur sínar jafnrækilega sem ella. Það fer svo í hverju landi, að því linari sem þjóðin verður í kröfum sínum, því latari verða embættismennirnir. Það er látið illa yfir embættismönnum í Rússlandi, og varla um skör fram, en ef menn bera saman sögur frá Rússlandi og öðrum velmenntuðum löndum, þá verður niðurstaðan sú, að embættismennirnir eru ekki lakari en þjóðin sjálf, sem þiggur og gjörir sig ánægða með slíka menn. Þessi aths. er eiginlega ekki á móti frv.; en jeg hef aðra aths., sem heldur er á móti því í þessari mynd sem það nú er í. Mjer þykir nokkuð nýmæli vera í sjálfri kosningaraðferðinni, sem eigi geti vel samrýmzt við hina núverandi stjórnarreglu landstjórnarinnar. Jeg vil taka til dæmis hreppstjórakosningar, sem eru hinar þjóðlegustu kosningar hjer á landi. Sýslunefnd kýs 3 menn úr hreppnum, og í sýslunefndinni sitja, sem menn vita, útvaldir menn af hreppunum; þessir menn hafa uppástungurjett, því að amtmaður á síðan að taka 1 af þeim 3, sem upp á er stungið. Í Svíþjóð er farið nokkuð líkt að við sumar prestakosningar, og gæti það kannske verið bending fyrir oss. Jeg er hræddur um að þetta þyki svo mikið nýmæli og svo frábrugðið allri núgildandi stjórnarreglu, að það verði til þess að málið nái ekki fram að ganga. Það væri nokkuð annað, ef söknarnefndin ætti ein að hafa kosningarrjett eða uppástungurjett.

Þessar athugasemdir mínar eiga ekki að vera málinu til hnekkis; jeg kannast fúslega við, að aðalhugsun frv. sje rjett og eðlileg. Það er aðalstefnan nú á tímum og í voru landi, að gefa almenningi meiri og meiri hluttekningu í stjórn almennra mála; til þess eru allar þessar nefndir settar: hreppsnefndir og sýslunefndir og söknar- og hjeraðsnefndir og hverju nafni sem þær nefnast, það er kannske ekki vert að minnast á aumingja amtsráðin sem stendur, ef þau skyldu eiga skammt ólifað, en þá er samkvæmt þeirri stefnu að auka og rýmka rjett safnaðanna til að kjósa sjer presta; en spurningin er hvort eigi sje of geist farið í þessu frumvarpi.

Grímur Thomsen: Hinn h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) talaði fagurlega um frv., en jeg ímynda mjer, að enginn hafi getað orðið á því hreina með það, hvort hann er með því eða móti. Hinn h. sessunautur minn (E. K.) minntist einmitt á það sem mest mælir með þessu frv., og það eru safnaðalögin, sem gefa söfnuðunum rjett til að mæla með þeim presti, sem þeir vilja fá. Nú vil jeg spyrja, hvaða þýðing hefur það, að gefa mönnum þennan rjett, þegar veitingarvaldið þarf ekki að taka neitt tillit til þessara meðmæla? Hinn h. þm. D. var brt. hlynntur, en hann gjörði þá aths., að það gæti komið fyrir, að söfnuðirnir kysu þann prest, sem ekki hefði lögboðna hæfileika; væri þá biskup þó skyldur til að staðfesta kosninguna í 3. sinn, eptir því sem brt. nú er orðuð; en þennan galla á brt. má laga til 3. umr. Mjer virðist hinum h. 1. þm. G. K. þykja brt. við 8. gr. fara of langt, því að eptir henni væru það söfnuðirnir sem veittu brauðin, en ekki biskup. Þetta er ekki rjett; frv. veitir biskupi tölurt vald, ef hann brúkar það skynsamlega og synjar eigi mjög opt um staðfesting á kosningum safnaðanna, og enginn biskup mun vilja gefa það vald frá sjer sem frv.

veitir honum. Hinn hæstv. lh. sagði, að það mundi ekki vera almennur áhugi á þessu máli; en ef hann skoðar bænarskrár þær og fundargjörðir, sem sendar hafa verið til þingsins og liggja á lestrarsalnum, þá mun hann ganga úr skugga um, að það er almennur vilji landsmanna, að söfnuðirnir fái að kjósa presta sína, þar sem flestar bænarskrárnar munu fara einmitt fram á, að þingið semji lög um það efni. Ef stj. synjar málinu staðfestingar sökum þess, með hve litlum atkvæðafjölda málið er samþykkt á þingi, þá er nú ráð við því, og sp. þetta frv. með fleirum atkvæðum en frv. 1881. En þótt stj. láti vera að sp. lög frá þinginu, þá segi jeg eins og Jón Loptsson sagði við Hvamms-Sturlu, að fleiri kynnu að vega menn en Sturla einn; fleiri kunna að hafna lögum en stj.; en við getum látið vera að sp. frv. þau sem stj. leggur fyrir þingið, og þá er sízt að metast um hvor þar hefur betur. Það er yfir höfuð úrelt skoðun og samkvæm ráðgefandi þingi, að vera að fást um, hvað stj. muni staðfesta eða ekki; jeg fyrir mitt leyti læt mjer slíkt liggja í ljettu rúmi og get ekki farið eptir því. Jeg hef sjeð, að stj. hefur staðfest sumt, sem hún hefði ekki átt að staðfesta, en aptur synjað um staðfesting á sumu, sem hún að mínu áliti hefði átt að staðfesta. Ráðgjafinn getur ekki í 300 mílna fjarlægð vitað eins vel og þingið, hvað haganlegast er fyrir landið. Við eigum að sp. það, sem er almenn ósk landsmanna, búa lögin svo vel út, sem vjer getum og láta svo drottinn ráða úrslitum.

Landshöfðingi: Mjer kom það mjög á óvart að hinum h. þm. Bf. (Gr. Th.) stendur á sama, hvort stj. muni staðfesta lfrv. þau, sem koma frá þinginu, eða ekki. En þar sem hann hafði í hótunum eða gjörði ráð fyrir að fella frv. þau, sem stj. legði fyrir þingið, þá skal jeg taka það fram, að stj. leggur ekki frv. fyrir sín vegna, heldur landsins vegna; hún leggur þau fyrir vegna þess, að hún álítur það landinu í hag, að þau eða þau lög komist á. Ef meining stj. er mismunandi frá skoðun þingsins, þá geta verið skiptar skoðanir um það, hvor hafi rjett. Hver góð stj. leggur þau frv. fyrir þingið og staðfestir þau lög, sem hún álítur að verði landinu að gagni. Jeg vil heldur ekki ímynda mjer, að þm. leggi mikla áherzlu á þessi ummæli sín, eða ætli framvegis að halda því fram að fella frv. stj., en það er víst, að stjórnin sjálf óskar ekki að önnur frv. verði að lögum en þau, sem koma að gagni; en það er auðvitað, að stj. getur stundum misheppnazt að sjá fyrir hvað gagnlegast er, eins og öðrum, en það getur þm. einnig orðið á og hinu h. þingi.

Grímur Thomsen: Mig furðar að hinn hæstv. lh. skuli segja, að stj. leggi aldrei frv. fyrir þingið sín vegna, heldur okkar vegna. Þegar stj. hefur brúkað meira fje en veitt hefur verið og leggur svo fjáraukalög fyrir þingið, er það þá okkar vegna? Í öðru lagi þegar stj. leggur reikningslögin fyrir þingið, sem eru kvittun fyrir, að hún hafi ekki brúkað meira fje en lög stóðu til, er það þá okkar vega, að hún leggur þau fyrir? Hvað stj. gjörir við frv., get jeg ekki tekið tillit til; jeg verð að fara eptir vilja þjóðarinnar og sannfæringu minni. Um þessi brjef í stj.tíð. hirði jeg lítið. Stj. mun líka leiðast að synja til lengdar, enda hefur það sýnt sig, að hún hefur þó loks staðfest frv., sem hún optlega hefur verið búin að synja staðfestingar, þegar þingið hefur haldið sínu máli til streytu og sp. frv. t. d. frv. um undirskript kgs á íslenzka texta laganna fleiri þing í röð, og svo mun enn verða, að henni mun leiðast að neita til lengdar. Knýið á og mun fyrir yður upp lokið verða.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að svara hinum h. þm. Bf. að eins fáum orðum. Þar sem hann vildi sanna, að stj. legði sum frv. fyrir þingið sín vegna, þá er þetta eigi svo. Þegar stjórnin leggur fjáraukalög fyrir, þá hefur hún ekki útborgað fjeð sín vegna, heldur landsins vegna, og þá ber samkvæmt stjórnarskránni að fá samþykki til fjárgreiðslunnar. Reikningslögin leggur stj. fyrir af því að það er skylda hennar, og það er landsins vegna, en eigi stjórnarinnar vegna, að það er ákveðið í stjórnarskránni að stjórnin gjöri reikningsskap fyrir meðferð sinni á fje landsins, og stj. uppfyllir hjer beinlínis ákvarðanir stjórnarskrárinnar. Þar sem hinn h. þm. vildi gjöra lítið úr brjefum stj. í stj.tíð., sem færa ástæður fyrir því, þegar synjað er um staðfestingu laga, þá verður þó hver maður að játa, að það er gott, að það verði kunnugt þinginu og þjóðinni, á hverjum ástæðum stj. byggir það, er hún synjar einhverjum lögum um staðfestingu.

Atkvgr.: Frv. 1. gr. sp. með 15 atkv.; 2.—5. gr. sp. hver um sig m. 14; 6. gr. sp.

m. 13; 7. gr. sþ. m. 14; brt. við 8. gr. (C 203) felld með 11: 10, að viðhöfðu nafnakalli sakir ónógrar atkv.gr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
H. Kr. Friðriksson,	Magnús Andrjesson,
Arnljótur Ólafsson,	Benidkt Sveinsson,
Eiríkur Kúld,	Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,	Eiríkur Briem,
Grímur Thomsen,	Gunnlaugur Briem,
Lárus Blöndal,	Jakob Guðmundsson,
Tryggvi Gunnarsson,	Jón Ólafsson,
Þórður Magnússon,	Ólafur Pálsson,
Þorkell Bjarnason,	Þórarinn Böðvarsson,
Þorl. Guðmundsson,	Þorsteinn Jónsson,
	Th. Thorsteinson,

8. gr. felld m. 11: 10; 9. gr. sþ. m. 13:3; vtill. (10. gr., ný gr.) sþ. m. 16. atkv. Málinu vísað til 3. umr. m. 18 atkv.

Tuttugasti fundur, miðvikudag 25. júlí. Allir á fundi.

Lagafrumvarp um breyting á lögum um laun íslenzkra embættismanna dags. 15. okt. 1875 (C 191); 1. umr.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Þó að hjer liggi einungis fyrir þetta lfrv. um br. á launal. 15. okt. 1875, þá vil jeg þó leyfa mjer að skýra frá þeirri aðalstefnu sem höfundur þessa frumvarps, hin svo kallaða sparnaðarn., hefur tekið í máli því er hún var sett til að íhuga. Þd. kaus þessa n. samkvæmt þingsályktun 9. júlí og verksvið n. var að íhuga, hvort eigi mætti í nokkrum greinum spara útgjöldin til hinnar núverandi landsstjórnar. Jeg hef þá æru að vera form. í þessari n., og þar eð hún í dag í fyrsta skipti lætur til sín heyra, er eðlilegt að jeg fari fáeinum orðum um stefnu n. og málið í heild sinni, sem hún hefur fjallað um.

Sparnaðarn. hefur alls komið fram með 5 frv.: um laun embættismanna, laun lækna, laun landlæknis, eptirlaun embættismanna, og afnám amtmannaembættanna. Það kann að vera að sumstaðar sje stigið feti lengra, en sumum þm. þyki fært, en n. hefur haft þá skoðun, að hún ætti að fara eins langt og tiltækilegt væri, og tilnefna hina lægstu upphæð, líkt og endurskoðunarmennirnir við landsreikningana fara að; þeir fara eins langt og þeir sjá sjer fært til þess að verja lsj. fyrir tapi, og ætlar n. þá þinginu að færa upp launin og breyta, ef það álítur annað rjettara. Mönnum er það kunnugt að síðan launal. komu út 1875, hafa allmiklar umkvartanir verið út af því, hve hátt laun embættismannanna væru sett, bæði í blöðunum (*L. Bl.*: Norðlingur) og á mannfundum í hjeraði. Jeg hef jafnan svarað til þess, að það væri ekki rjett aðferð, og sízt af öllu ætti að liggja embættismönnum á hálsi fyrir að taka hin háu laun, sem þeim eru veitt samkvæmt lögum og með embættum þeirra; menn ættu ekki að kvarta og kveina út af þessu, heldur gjöra sitt til að fá lögunum breytt, ef þeir væru svo óánægðir með þau.

N. hefur nú íhugað, á hve miklum rökum þessar umkvartanir eru byggðar, og vilji hin heiðraða þd. verða n. dálítið samferða til þess að rannsaka þetta, þá liggur það beinast fyrir að líta á það, hve mikið gengur til embættismanna vorra, og mun flestum sýnast, að það sje býsna mikið. Við skulum líta í fjárl., og gá að, hvað mikið er borgað um næstliðið fjárhagstímabil. Jeg skal fara fljótt yfir sögu og draga saman tölurnar. Af embættismönnum landsins eru 21 sem löggæzlu hafa á hendi og ganga til þeirra undir það 109 þús. kr., jafnmargir læknar sem kosta undir 38,000 kr., biskup landsins kostar 8,600 kr., 3 embættismannaskólar, lærði skólinn er þá meðtalinn, því að þaðan og eigi annarsstaðar frá koma embættismannaefnin, kosta yfir 31 þús. kr., til kennaranna og annar kostnaður til þessara skóla er 21 þús. kr. Allur kostnaðurinn til embættismanna og skólanna verður þá um 208 þús. kr. árlega.

Mönnum er því vart láandi, þó að þeir spyrji sjálfa sig, hvort eigi mundi nú mega spara eitthvað af þessum miklu útgjöldum, og enginn getur láð þd. þó að hún skipi n. til þess að íhuga það mál. Þessar háu tölur, sem jeg hef nefnt, taka sig líka enn þá ver út þegar þær eru bornar saman við upphæðir þær sem árlega ganga til atvinnuvega landsins og framfara í landinu í ýmsum greinum. Sama árið er veittur styrkur til búnaðar sem nemur 20 þús. kr.; til vegabóta ganga aðrar 20 kr.; til gufuskipa 18 þús. kr., til pósta 19 þús kr., til alþýðuskóla og gagnfræðakennslu um 10 þús. kr., og til

kvennaskóla um 3 þús. kr. Allt þetta samanlagt er ekki nema 90 þús kr.: til að efla búnað, samgöngur á sjó og landi og kunnáttu og fróðleik meðal bændalýðsins, en 208 þús. kr. ganga til embættismannanna. Jeg tala hjer ekki um hvað þessi mikla fjárveiting er óhæfileg, heldur vil í þessu sambandi að eins sýna í hvaða hlutfalli hún standi við annan kostnað landsins, og það er ekki fagurt álitum. Þess vegna vil jeg segja að engum sje láandi, þó að kann hugsi um, hvort eigi megi spara eitthvað eða nokkuð af öllu þessu fje.

N. hefur, sem menn sjá, haft þá reglu að hreifa eigi við hinum lágu launum, en að eins farið fram á að færa niður háu launin eða «hálaunuðu» embættin. Það kann að vera að n. hafi í frv. sínu, sem hjer liggur fyrir, sett sum þeirra dálítið lægri en hún býst við að nái fram að ganga, og n. er sjálf fús til þess að kannast við, að á einstaka stað mætti færa upp áður en málinu er lokið.

Þá mætti spyrja hvers vegna n. hefði ekki sett þá tölu, er hún sjálf ætlaði hæfilegasta, en ætlaði þd. að hækka; en svo stendur á því, að n. hafði að nokkru leyti bundnar hendur, því að hún vildi ekki fara lengra, en þingið 1875. Jeg skal sýna það með því að tilnefna embættin við landsyfirrjettinn. Alþ. 1875 ætlaðist til að laun hinna tveggja meðdómanda væru 3200 kr., en laun háyfirdómarans 5000 kr., því að það er öllum þm. kunnugt, að 800 kr. var á þinginu 1875 bætt við hvern þeirra sem þóknun fyrir væntanlega lagakennslu, svo að laun þeirra eru nú 4000 kr. til hinna fyrnefndu, og 5800 til háyfirdómarans. Þessar 800 kr. heyra því alls eigi til launa þeirra, sem þingið 1875 áleit sanngjörn og hæfileg, heldur voru laun þau sem þeim voru ætluð sem dómendum án lagakennslu 3200 kr. til tveggja og 5000 kr. til háyfirdómarans. Frá þessu hefur nefndin eigi viljað víkja, þó að hún áliti að þessi laun væru kann ske heldur lág. Eins er um laun landlæknisins, þau eru sett hjer í frv. 3600 kr., sem kann að vera heldur lágt, en n. hefur eigi viljað fara upp fyrir það, sem samþykkt hefur verið bæði í e. og n. d. þingsins 1881 og sent sem lög frá þinginu til staðfestingar konungs. Jeg tók þessi dæmi til að sýna, að n. hefur í sumum atriðum haft bundnar hendur að ákveða töluupphæðir.

Jeg gat þess, að n. hefði ekki fært niður lágu launin, en það er ekki alveg rjett, því að n. hefur farið fram á að lækka laun læknanna, sem ekki heyra til hinna hálaunuðu. N. hefur sjeð það fyrir að læknahjeruðin munu heldur minnka og verða fleiri í landinu, enda liggur ust. fyrir þinginu í ár, að veita fje til aukalækna. N. álítur því fært að færa laun lækna nokkuð niður, en ætlazt til, að það sem þeir fái minna í föstum launum eigi þeir að fá meira í praxis, en n. hefur eigi stigið fullt sporið með því um leið að koma með ákvarðanir um það, að læknar mættu taka meira fyrir praxis. *(B. Sv:* Það eiga fátæklingarnir að borga). Nefndin sá, að á tvo vegu mátti spara fje; annar er sá að lækka launin eins og hún hefur gjört, hinn er sá, að aftaka öll eptirlaun; en hún tók meðalveginn, og hefur lækkað þau talsvert, því ef ætti alveg að taka eptirlaun af, þá þyrfti að hækka laun þeirra lágt launuðu embættismanna, en sparnaðarnefndinni þótti ekki vel við eiga að koma með tillögu um launahækkun. Jeg skal ekki, og má heldur ekki við þessa umr. tala um hinar einstöku gr. frv., en jeg vil þó að síðustu benda hinni heiðruðu þd. á það, hvernig þessi launalög urðu til 1875. Þau gengu með hinu mesta kappi og mjög litlum atkvæðamun gegnum þingið, og að lokum náðu lögin og flestar launaupphæðir samþykki þessarar þd. optast nær með 11 atkv. á móti 10 eða þar um bil.

Þannig er þessi gullkálfur til orðinn, engan veginn með samþykki þings nje þjóðar, og get jeg því ekki skilið að nokkur taki það illa upp fyrir nefndinni eða þinginu í sumar, þó það gái að því hvernig þessum gullkálfi líður, sem sumum emb.mönnum er svo annt um, og hvort vert sje að dýrka hann og trúa á hann óbreyttan í sömu mynd öllu lengur.

Landshöfðingi: Jeg álít að vísu ekki óeðlilegt að hin h. n., sem var kosin til að íhuga, hvernig takmarka mætti gjöld landssjóðs, hefur komið fram með tillögur, er snerta laun embættismanna. Það er eðlilegt að nefndin hafi ítarlega íhugað, hvort eigi væri gjörlegt að breyta lögum 15. okt. 1875. Það er eðlilegt, eins og hinn h. 1. þm. Sm. tók fram, að athuga hvort eigi megi spara yfir höfuð nokkuð af fje því, sem gengur til að launa embættismönnum. En allt þetta hefur sannarlega verið athugað og vandlega rannsakað af þinginu ekki fyrir löngu síðan.

Það eru ekki meira en 8 ár síðan þingið samþykkti þessi lög, og þingið hafði þá vissulega yfirvegað hvað há launin þyrftu að vera. Það er því nokkuð undarlegt á þessum tíma, að fara fram á miklar breytingar; til þess að ástæða væri til þessa, ættu tímarnir að vera mikið breyttir á þá leið, að nú væri orðið miklu ódýrra að lifa og hægra að komast af með jafnhá laun og fyrir 8 árum síðan. Þetta mun ekki eiga sjer stað, heldur öllu fremur hið gagnstæða.

Tilefnið til þessara sparnaðartilrauna er að minni ætlun eigi annað, en ástandið sem nú er í landinu, sem óneitanlega er heldur voðalegt. Jeg get því vel skilið að þessi ust. um launalækkun er komin fram, en hefði óskað að hin h. n. hefði tekið málið á nokkuð annan veg, og íhugað hvort eigi væri gjörlegt, ef annars væri tiltækilegt að koma fram sparnaði með launaniðurfærslu, að gjöra í þessa stefnu ákvarðanir um stundarsakir. Jeg hefði heldur skilið, að n. hefði stungið upp á, að embættismenn skyldu greiða hallærisskatt um næsta fjárhagstímabil; slík ust. lægi beinna fyrir sem afleiðing af tilefninu til þessa máls. (*L. Bl.* og *B. Sv.*: Heyr, heyr!). Þetta hefur n. ekki gjört, en komið fram með tillögu um að koma á viðvarandi ástandi, þó að ástæðurnar og orsakirnar til þess sjeu þess eðlis, að vjer vonum allir að þær hverfi innan skamms. Næði frv. n. fram að ganga, yrði það að eins til þess að farið væri aptur að káka við launalögin á næsta þingi eða innan skamms tíma, þegar batnaði í ári.

Jeg skal eigi tala um hinar einstöku greinir frv., sem heldur er ekki leyfilegt við þessa umr.; jeg skal heldur eigi hafa á móti því að málinu sje vísað til 2. umr.; það er ekki nema eðlilegt, að þd. vilji íhuga þetta mál vandlega, en jeg áleit það rjettast, að lýsa skoðun minni nú þegar á þessu stigi málsins.

Þorsteinn Jónsson: Mig langar til að tala nokkuð í þessu máli, þó að jeg kannske búist ekki við að verka mikið á hina h. þd., þar eð skoðun mín er ef til vill nokkuð sjerstök og fer í aðra átt en hjá hinni h. n. Jeg var einn í flokki þeirra manna, er stakk upp á að kjósa skyldi þessa sparnaðarn., en nú sje jeg að hún hefur farið í töluvert aðra stefnu en jeg hafði hugsað mjer. Skoðun mín hefur jafnan verið sú, að verður er verkamaðurinn launanna. Jeg þekki vel til þess, að sú hugsun er ríkjandi hjá bændalýðnum, að góð hjú eigi að fá góð og hæfileg laun; þess vegna vil jeg ekki lækka laun þeirra, sem vinna fyrir þeim, nema þau sjeu óhæfilega há. Allt annað mál er það að fækka óþörfum embættum, og það álít jeg vera hið rjetta sparnaðarmeðal; en þetta frv. fer ekki fram á það.

En jeg get ekki vel talað um þetta sjerstaka frv., án þess að drepa á hin nærskyldu atriði þessa máls í heild sinni, sem sparnaðarn. leggur fyrir þingið, og hefur hinn h. frms. (Tr. G.) þessa frv. gefið mjer djörfung til þess með ræðu sinni, þar sem hann bæði hefur sagt það og sýnt í verkinu, að eigi væri gott að tala um eitt atriði þessa máls án þess að minnast á hin um leið.

Mín aðalskoðun var, eins og jeg sagði, að verður er verkamaðurinn launanna. Af því leiðir tvennt, í fyrsta lagi að launa þeim vel, sem eru þarfir og nauðsynlegir, en í annan stað að þeir, sem eigi gætu heitið þarfir og nauðsynlegir verkamenn, ættu engin laun að fá, og þegar þetta er heimfært upp á embættismennina, þá á að launa þeim embættismönnum sómasamlega, sem þjóðin þarf á að halda, en leggja niður þau embætti, sem eigi er þörf fyrir; það er með öðrum orðum, að hafa gát á að embættin sjeu eigi of mörg. Enn fremur liggur í meginsetningu minni, að verkamaðurinn á að bera laun úr býtum meðan hann vinnur, en eigi lengur, og þá er rjett afleiðing af því, að embættismönnum skuli launa þannig, að þeir verði eptirleiðis færir um að sjá fyrir sjer án þess að þurfa eptirlauna með, þegar þeir leggja niður embættin. Þennan sama hugsunarhátt hafa góðir og rjettsýnir bændur gagnvart hjúum sínum, og jeg álít ekki hallað á embættismennina þó að þeir sjeu kallaðir hjú þjóðarinnar, því að embættin eru ekki stofnuð handa embættismönnunum, heldur í þarfir þjóðarinnar.

Embættismenn eiga því eins og hjúin og eins og bændur að búa sjer svo í haginn, meðan þeir starfa og taka laun sín fyrir starfa sinn, að þeir eptir á geti lifað af efnum sínum; þeir eiga að hafa safnað í sjóð eða keypt sjer lífsábyrgð eða því um líkt til þess að þeim sje borgið. Jeg hefði óskað að n. hefði tekið þessa stefnu í sparnaðarmálinu.

Það er og athugavert að þessi eptir-

laun hafa auk kostnaðarins annað verra í för með sjer. Alþýðan rekur augun hvað mest í eptirlaunin og þykir þeim illa varið og hneyxlast á þeim, en þó er það ekki hið versta, heldur hitt að eptirlaunin freista embættismannanna og koma þeim upp á að eyða launum sínum illa og óparflega meðan þeir þjóna embættinu og til þess að losast við þau fyr en þeir gjörðu ef þau væru ekki, þegar þeir vita að lsj. sjer þeim borgið hvernig svo sem þeir verja fje sínu; þetta er hinn skaðlegasti dilkur eptirlaunanna. Hugsum oss hið gagnstæða, að allir embættismenn hjeldu vel á fje sínu, eins og auðvitað sumir þeirra gjöra nú þrátt fyrir eptirlaunin, og verðu síðan fje sínu til gagnlegra og arðberandi fyrirtækja, hve miklu meira fengju þeir þá ekki afrekað en bændur, sem bæði brestur fje og kunnáttu til til móts við þá? Það er því mín skoðun að fækka eigi embættunum og aftaka eptirlaunin, en ekki færa niður hin núverandi laun. Þar eð jeg ekki hugsa til að tala optar í þessu máli, vil jeg nú þegar lýsa því yfir að jeg gef eigi atkv. mitt fyrir þessu frv., nema það taki miklum breytingum, þó að jeg ekki vilji meina því að fá að ganga til 2. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal eigi fara mörgum orðum um þetta frv. Hinn h. frms. þessa svo kallaða nefndarálits (Tr. G.) hefir gjört grein fyrir því, hvað sparnaðarnefndinni hefur gengið til að koma fram með þetta frv. Það er sjálfsagt rjett frá sjónarmiði sparnaðarnefndarinnar að finna upp einhver ráð í þá átt að spara, og ættu allir að vera því samþykkir, að spara landsins fje hæfilega. Jeg gat eigi betur skilið hinn h. frmsm. en að það hefði verið mark og mið sparnaðarn. að tiltaka þau allraminnstu laun, sem hún hefur getað upphugsað, en síður stungið upp á þeim launum sem hún álítur vera hæfileg og rjett, að eins reynt að finna út þau lægstu, sem henni var mögulegt. Þetta gat eigi verið verksvið n. þeirrar sem sett var að athuga útgjöldin til hinnar innlendu landstjórnar og jeg get því eigi álitið að hjer liggi fyrir nefndarálit frá henni, heldur hafa nefndarmennirnir slegið sjer saman um þetta frv., sem því er að eins hrein og bein ust.

Það er því alveg rjett að kjósa n. í þetta mál. því að æskilegt væri að fleiri vildu íhuga það vandlega, því að sjálfsagt eru nokkrir sem álíta sjer skylt að stinga eigi að eins upp á hinum allra lægstu launum, heldur íhuga hversu há þau eigi að vera til þess að vera hæfileg og rjettlát.

Jeg skal eigi tala um hin einstöku atriði frv. Jeg ætla að flestir sjeu samdóma hinum hæstv. lh. Ef laun embættismanna eru nú fyrir dýrtíðar sakir færð niður, þá væru það eðlilegar afleiðingar að semja ný launal. þegar betur lætur í ári, og væri það ekki heppileg aðferð. Embættismenn fengu áður, sem menn kannast við, á stundum dýrtíðaruppbót, og væri því eins og hinn hæstv. lh. drap á, ekki ótiltækilegt að leggja á þá dýrtíðarfrádrag eða dýrtíðarskatt; það væri ekki nema eðlileg afleiðing harðærisins.

Jeg skal þá eigi tala meira um þetta mál, en leyfi mjer að stinga upp á 5 manna n. til þess að íhuga þetta frv. hinna 5 h. þm. (*Gr. Th. o. fl. þm.*: Málið kemur frá n., og liggur hjer fyrir sem nefndarálit).

Forseti bar síðan undir þd., hvort n. skyldi kjósa, en sakir óglöggrar atkvgr. var nafnakall við haft og

sögðu *já*:	en *nei* sögðu:
H. Kr. Friðriksson,	Magnús Andrjesson,
Benidikt Sveinsson,	Arnljótur Ólafsson,
Egill Egilsson,	Eiríkur Briem,
Eiríkur Kúld,	Friðrik Stefánsson,
Holger Clausen,	Grímur Thomsen,
Jakob Guðmundsson,	Gunnlaugur Briem,
Jón Ólafsson,	Ólafur Pálsson,
Lárus Blöndal,	Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,	Þórður Magnússon,
Þorsteinn Jónsson,	Þorlákur Guðmundss.,
Th. Thorsteinson;	

Þorkell Bjarnason var eigi viðstaddur og var því þessi ust. sp. m. 11:10.

Fyrir kosningu urðu:

Tryggvi Gunnarsson	11	atkv.
Arnljótur Ólafsson	10	—
Friðrik Stefánsson	8	—
Þorlákur Guðmundsson	8	—

og eptir ítrekaða kosningu Þorkell Bjarnason 8.

Málinu vísað til 2. umr. með 14 atkv.

Frv. til l. um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra (C 184); 1. umr.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason). Jeg ætla að leyfa mjer með fám orðum að

skýra frá áliti nefndar þeirra, er samið hefur frv. þetta. Þegar maður lítur aptur í tímann, getur manni eigi dulizt, að það er skemmstur tíminn í sögu landsins að embættismenn hafa haft eptirlaun að mun. Á 18. öld voru eptirlaun opt alls engin, og ef þau voru nokkur, þá mjög lítil. Opt sömdu menn þá við eptirmanninn um að fá í eptlaun nokkurn tiltölulegan hluta af tekjum þeim, er embættinu fylgdi. Á þessari öld öndverðri voru og eptirlaun embættismanna mjög lítil. Jón Jakobsson sýslumaður, sem sleppti embætti 1807, fjekk 30 ríkisdali í eptirlaun eptir 38 ára þjónustu. Og Pjetur Ottesen sýslumaður, sem sagði af sjer embætti eptir 1830, fjekk aðeins 50 dala eptirlaun. Nú eru eptirlaun í samanburði við þetta orðin feykilega há, en þau eru svo til komin. 5. janúar 1851 voru í lög leidd hjá Dönum eptirlaun allhá. Þegar á eptir fór stjórnin að fara eptir þessum lögum hjer á landi og veita embættismönnum eptirlaun samkvæmt þeim. 1853 lagði dómsmálaráðgjafinn þessi lög fyrir alþing, og hafði fjárhagsráðgjafinn jafnframt sagt að þau mundu verða gjörð gildandi fyrir Ísland hvað sem þingið segði. Alþing fjellst að mestu leyti á lögin, en gjörði þó nokkrar breytingar. Þessar breytingar ljet stjórnin sig engu skipta, og komu lögin um eptirlaun út samhljóða eptirlaunalögum Dana, og voru hjer í lög leidd með tilskipun 31. maí 1855. Eptir þessari tilskipun eru eptirlaunin reiknuð, þannig, að miðað er við þann tíma, er maðurinn hefur þjónað embætti og meðaltal þeirra launa, sem hann hefur haft hin 5 síðustu ár, er hann hefur þjónað embætti sínu, en þegar embættismaðurinn hefur verið 29 ár í embætti, þá hefur hann rjett til fullra eptirlauna, en þau eru $^2/_3$ hlutir af launum þeim, er hann hefur haft hin 5 síðustu ár á hverju ári að meðaltali eins og áður er sagt. Full eptirlaun lækna t. d. er hafa lægst embættislaun, nefnilega 1500 kr., eru eptir því sem nú eru lög 1000 kr. eptir fulla 29 ára þjónustu og eptirlaun þeirra, er 3000 kr. hafa að árslaunum, 2000 kr., og þar sem launin eru hæst eins og hjá biskupi, þar verða eptirlaunin 4888 kr. eða nær 5000 kr. Þess konar eptirlaun þótti nefndinni of há og þótti henni að slík eptirlaun enda kynni að freista embættismanna til þess að fá lausn frá embætti áður en nauðsyn beinlínis krefur. Eptirlaun presta eru 10 kr. fyrir hvert þjónustuár, og þessari stefnu þótti nú nefndinni ráðlegast að fylgja: að leggja vissa fjárupphæð fyrir þjónustuár hvort, hefur hún því stungið upp á að hafa eptirlaunin 20 kr. fyrir hvert þjónustuár, ef embættislaunin eru 3000 kr., eða minni, en 40 kr. ef launin eru 5000 kr. eða minni, en þó yfir 3000 kr., og hafi embættismaðurinn hærri laun en 5000 fái hann 50 kr. fyrir hvert þjónustuár. Þegar menn nú bera þetta saman við eptirlaun presta, þá er munurinn talsverður. Presturinn fær eptir 30 ára þjónustu 300 kr., en hinir hver fyrir sig mikið meira, þeir sem fá 20 kr. fyrir árið, 600 kr., og þeir sem eiga að fá 40 kr. fyrir þjónustuár, fá 1200 kr. eptir 30 ára þjónustu í eptirlaun, og eru þetta eigi sjerlega lág eptirlaun og eigi sjerlega gengið nærri embættismönnum. En þó er þetta allmikil sparnaður hjá því, sem nú er. Sá sem t. a. m. hefur 3000 kr. í embættislaun fær eptir 30 ár 2000 kr. í eptirlaun samkvæmt lögum er nú gilda, en eptir þessu frv. fær hann 600 kr. Nefndin álítur að eptirlaun þau sem hjer er stungið upp á, sjeu nægileg. Eptir frv. þessu fá hinir verzlegu embættismenn, sumir helmingi meira, sumir fjórum sinnum meira en prestar í eptirlaun. Astæða til að hafa eptirlaunin eigi mjög há er sú, að þegar maðurinn er orðinn gamall hefir hann færri þarfir en meðan hann var á bezta skeiði og á þá optast uppkomin börn, sem með gleði munu styrkja öldruð foreldri, ef hann skyldi nokkuð vanta, og það er ekki óeðlilegra að embættismaðurinn þiggi af barni sínu en alþýðumaðurinn. En nefndin vildi þó eigi ganga lengra í sparnaðinum en hjer er gjört, því að hún vill sýna það, að henni sje hughaldið að fara svo með embættismenn, að þeir geti þó lifað sómasamlega, og álítur hún góða embættismenn einhverja hina þörfustu og nauðsynlegustu menn, ef framfarir og heill landsins eigi eiga að verða á sandi byggð.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á að máli þessu verði vísað til hinnar sömu nefndar aptur.

Sú uppástunga var felld með öllum atkvæðum gegn 1.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla nú eigi að tala langt í þessu máli, því að frsm. hefur tekið svo ljóslega og greinilega það fram, er þurfti. Hjer getur maður nú eigi sagt hið sama, sem í málinu, sem áður var rætt (um laun embættismanna), að lögin er

hreyfa ætti við, væru svo ung, því að þessi lög, eptirlaunalögin, eru nærri 30 ára gömul, og ekki getur maður heldur borið fyrir sig, að meiri hluti af fulltrúum þjóðarinnar hefði fallizt á þau, úr því að stjórnin sagði fyrirfram, að hún mundi gefa lögin hvað sem alþing segði og gjörði það líka, enda var alþing þá í barndómi. Launalögin frá 1875 eru margir óánægðir með, en það er jeg viss um, að enn meiri óánægja er hjá alþýðu manna með eptirlaunalögin. Það getur nú heldur enginn annað sagt, en að æfi embættismanna sje viðunanleg. Þeir eru menntaðir upp á landsins kostnað og fá svo allgóð laun meðan þeir eru í embætti. og síðan þegar þeir fara frá, þá fá þeir eptirlaun og það enda þó þeir fari frá fyr en þeir nauðsynlega þurfa. Hjá öllum öðrum stjettinn eiga börnin að forsorga foreldra sína ef þau þurfa þess með og börnin geta það. Það er lagaskylda sem á þeim hvílir, sú eina framfærsluskylda að landslögum hjer hjá oss, að foreldri annist börn sín, og börnin aptur foreldri sitt. *(L. Bl.:* Svo). Já, svo er það, jeg bið forláts, ef ekki er svo. Þessi lagaskylda hvílir jafnt á bóndanum, iðnaðarmanninum og öðrum stjettum, en með eptirlaunalögunum er þessi skylda óbeinlínis að meir eða minna leyti tekin af niðjum eða börnum hinna hátt eptirlaunuðu embættismanna, og meira en það; því mörg eru dæmi til þess að eptirlaunamaðurinn sparar upp ekki lítið af sínum háu eptirlaunum, og svo þannig fá börnin þá opt töluverðan arfahluta af þessum eptirlaunum.

Ekki get jeg neitað því, að jeg hefði helzt viljað aftaka öll eptirlaun, en það mun nú vera of stórt stig á þessum tímum; en hitt er víst að eigi er ótiltækilegt að breyta þessum lögum, og ef ákvarðanir þar að lútandi verða felldar hjer á þinginu, þá verður það eitt hið óvinsælasta verk er þingið gjörir og það þess fremur sem við höfum lifandi dæmi að þessi auðveldi aðgangur að eptirlaunum er hörmulega misbrúkaður. Það er líka ómögulegt að mótmæla því, að eptirlaun þau, sem eru nú, eru mjög óhagfelld og órjettlát, ef menn álíta að allir sjeu jafnbornir til almanna fjár bæði að þegnrjetti og fæðingarrjetti. En hvernig fer nú fyrir bændum og iðnaðarmönnum, ef þeir eigi hafa sparað neitt til elliáranna? Þeir fara beinlínis á sveitina, og það þó þeir hafi unnið baki brotnu alla sína æfi, jeg vildi nærri því heldur óska að almúginn væri með lögum skyldaður til að koma sjer upp styrktarsjóði. Það gæti verið gott á elliárum að hafa styrk úr honum. Jeg set t. a. m. ef vinnuhjú ljeti 4 aura af hverri krónu er þau fengi í kaup sitt. Ef slíkt hefði verið byrjað um síðustu aldamót, þá gæti þetta nú verið orðinn eigi svo lítill sjóður. Ef bændur og iðnaðarmenn hefðu gert slíkt hið sama, þá gæti það verið mörgum manni góð hjálp í elli sinni. Þetta gæti, þó eigi væri byrjað fyrri en nú, orðið fyrsta stig til þess að ljetta sveitarþyngslin, og forða mörgum góðum og ærlegum manni frá því að fara á hreppinn.

Jakob Guðmundsson: Frsm. hefur fært svo ljósar, skýrar og skilmerkilegar, góðar og gildar ástæður fyrir máli sínu, að jeg get eigi annað en fallizt á aðalstefnu hans og lagt henni mín liðsyrði og veitt henni mitt liðsinni, eptir því, því sem mjer er framast unnt. Jeg ætla nú og að vona, að þegar hin endurfædda nefnd í launalögunum er aptur tekin til starfa þá muni hún hafa tillit til úrslita á þessu frv., því að ef eptirlaunin eru tekin af, þá er sanngjarnt að launin verði eigi að miklum mun minni.

Jón Ólafsson: Mjer þykir það að þessu frv., að jeg skil ekki hvað nefndin hefur haft fyrir grundvöll. Jeg fæ ekki betur sjeð en að hjer sje farið af handahófi að, og tillögurnar alveg gripnar úr lausu lopti, því að annaðhvort er svo, að embættin eru vel og sómasamlega launuð, og embættismenn ættu þá að vera skyldir að sjá framtíð sinni borgið, eða laun embættismanna eru of lág, og þá eiga þeir að fá eptirlaun úr lsj. Hvorttveggja þetta gæti jeg skilið hvort út af fyrir sig. En í hinu virðist mjer mótsögn, að þessi sama nefnd hefir komið fram með frv. um að færa niður laun embættismanna, og þar með viðurkennt, að þau sje of há. En þá hefði hún átt að fara fram á, að *afnema* öll eptirlaun. Að borga embættismanninum vel fyrir starfa sinn, og láta hann svo engin eptirlaun fá, er sjálfsagt hið eina rjetta; því að fyrst er það ekki viturlegt nje sanngjarnt að láta mann fá laun fyrir ekki neitt, og svo er það að gjöra nokkuð lítið úr embættismönnunum, að landið þurfi að hafa fyrirhyggju fyrir þeim, og geyma handa þeim til elli þeirra, eins og þeir væru ómyndugir menn sem ekki hefðu vit eða hirðu á að gjöra þetta sjálfir. En þetta hefur nefndin ekki gjört, heldur er hún að

káka við hvorttveggja: launin og eptirlaunin, án þess að hafa mannrænu til að fylgja föstu principi.

Eina grundvallarreglu get jeg gryllt í tillögum nefndarinnar; hún er sú, að eptirlauna þeim hæst, sem hafa verið bezt launaðir og ættu því sízt að þurfa eptirlauna!! Á hverju er þetta byggt? Er þá sá launaminni færari um, að sjá elli sinni borgið? Sá sem hefur minnst af að taka til þess að geyma til elliáranna, á að fá minnst. Mjer finnst frv. vera alveg gagnstætt því, sem á að vera, og alveg byggt í lausu lopti.

Eigi get jeg verið samdóma 1. þm. Á. (Þ. G.) í því, að rjettast væri að skylda vinnuhjú og bændur til þess að leggja í sjóð og sjá svo elli sinni borgið. Þykir mjer slík skoðun nokkuð sósíalistisk. Ætli það sje eigi bezt að láta bændur og vinnuhjú og embættismenn hafa vit fyrir sjer, og gera hvorki sig sjálfan eða aðra að umráðamönnum þeirra.

Grímur Thomsen: Eigi þykir mjer undarlegt, þó að sú stjett, er kallar sig og er bústólpi, vilji ljetta byrðum á lsj. og gjöra nokkra br. á lögum um laun embættismanna; en jeg vil minna menn á umræðurnar á alþingi 1875, og minna menn á að eigi er óhæfa að taka dæmi eptir hinni vitrustu og fyrirhyggjusömustu þjóð, Englendingum. Þeir hafa engin eptirlaunalög, en það er lögboðið að halda eptir nokkrum hluta af launum embættismannsins; þetta fje fær hann svo útborgað, er hann fer frá, og eins ekkja hans, ef hann kann að deyja í embætti. Annað fá embættismenn eigi; en ef einhver embættismaður hefur sýnt einhvern sjerstakan dugnað, ef hann er einhver framúrskarandi afbragðsmaður, þá er það stundum að parlamentið veitir honum einhver árleg heiðurslaun eða fjárupphæð eitt skipti fyrir öll. En launin eru há, til þess að halda megi nokkru eptir af þeim. Hygg jeg því óskaráð að þannig stofnaður yrði eptirlaunasjóður. Þessi skoðun — að embættismaðurinn sjái sjer sjálfur fyrir eptirlaunum — kom fram hjá þm. V. (Þ. J.) og 1. þm. Á. (Þ. G.), og tel jeg hana eigi óhyggilega, með því að hún er ráðandi bæði hjá Englendingum og jeg held líka hjá Norðmönnum. Verið getur að óánægja sje með það, að hafa bæði laun og eptirlaun, en þó launin væru nú í hærra lagi, þá vil jeg minna menn á, að ef landið á nokkurra framfara von, þá verða allar nauðsynjar smásaman dýrri og þá þarf embættismaðurinn meira til þess að lifa með konu og börn heldur en nú. Jeg vil því skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún eigi vill breyta frv. þessu í þessa stefnu.

Tryggvi Gunnarsson: Það var reyndar óvænt fyrir mig að heyra þvílíkt sparnaðarhljóð, eins og það sem kom frá þm. Bf., því nú eru þær raddir komnar fram í þessu máli, sem ganga lengra en sparnaðarnefndin. N. kom til hugar að taka þá stefnu, sem þm. Bf. benti á, en hún þorði ekki að fara svo langt, því að þessi tillaga fer svo langt fram yfir það í sparnaði, sem n. hefur farið. Ef litið er í fjárlagafrv., þá má sjá, að sá embættismaður, sem hefur mest eptirlaun, hefur *2751 kr.*, og svo hafa aðrir rúmar 1887 kr., 1686 kr., 1200 kr. og þar niður eptir; því næst koma embættismannaekkjur með c. 680 kr., 600 kr., 500 kr., 360 kr. o. s. frv., en börn þeirra með 100 kr. og þar undir. Eptir 15. gr. fjárl. frv. stj., þá er ætlað embættismönnum og ekkjum þeirra til *eptirlauna og styrktarfjár 50,000 kr.* á fjárlagstímabilinu. Ef þd. vildi íhuga, hvað mörg þúsund krónur sparnaðarn. vill lækka laun embm., þá mun hún sjá, að það er ekki einu sinni $^1/_6$ partur, þegar amtm.emb. eru undan tekin, á við það, sem gengur til eptirlauna embættismanna. Eins og jeg gat um áður, kom nefndinni til hugar að taka stefnu þá er þm. Bf. (Gr. Th.) nefndi, en hún þorði eigi að treysta því, að þingdeildin og því síður stj. mundi aðhyllast það, svo að verk hennar yrðu þannig að engu.

Þar sem 2. þm. Sm. talaði um, að n. fylgdi engri fastri stefnu, *(J. Ó.:* reglu), er hún vildi minnka laun embm. og þó færa niður eptirlaunin, þá skal jeg geta þess, er jeg tók fram í fyrstu ræðu minni, að það eru margir embættismenn, sem n. hefur ekki fært niður laun þeirra, og sem, að hennar áliti hafa svo lág laun; að þeir verða mjög hart úti, ef eptirlaunin væru tekin af þeim, en ekki bætt við laun þeirra jafnframt; sparnaðarn. þótti ekki við eiga að færa launin upp. Sem sagt, n. mun fús á, að taka þetta atriði aptur til yfirvegunar og enda verða fús til að aftaka öll eptirlaun, ef hún þyrði að treysta því, að þingið og stjórnin vildi fallast á þannig lagað frv. og deildin vildi dálítið færa upp laun þeirra en minnst hafa.

Th. Thorsteinson: Jeg skal játa það,

að mjer er ekki fullkomlega ljóst, hvað n. hefur viljað í þessu máli; en þegar jeg heyrði að form. sagði í fyrstu ræðu sinni í dag, «að n. hefði verið bundin», þá get jeg skilið, að hún hefur ekki fullkomlega sett fram það, sem hún hefur viljað. En eitt hefur hún orðið ásátt um með sjálfri sjer og það er, að *spara* allt, sem hún gæti. Þar sem forseti talaði um að leika sjer ekki með tímann, þá skal jeg geta þess, að mjer fannst full ástæða til að hinu næsta máli var vísað til n., til þess að sýna, að það þyrfti að yfirvega það betur en sparnaðarn. hafði gjört; en kosningarnar í þessa n. hafa sýnt að það var ekki af vantrausti til nefndarinnar. Ræða frsm. staðfesti það einnig, að mál þetta sje of lítið íhugað, því ef á að fara spara allt mögulegt og ekkert að hugsa um annað en að spara, þá held jeg það væri vel til fallið fyrir sparnaðarn., að koma með ust. um það, að við förum og bjóðum embættin út og vita hver vill taka þau að sjer fyrir minnst verð. Það eru einmitt opt bændur eða þó optari þeir, sem sjálfir kalla sig bændavini, sem tala um launin, að þau sjeu um of há; jeg skal játa að þetta eptir minni meining er rjett um einstaka «hálaunaða», en þeir sem vilja spara allt hvað af tekur, má ske þeir treysti sjer svo til að taka að sjer embættin. *(B. Sv.:* Einmitt). En það getur ekki verið meining þessarar heiðruðu n. einungis að hugsa um sparnaðinn; hjer sýnist mjer hann hafa gengið um of, og jeg ímynda mjer og vona, að þegar hún hefur skoðað huga sinn rjett, þá muni hún sjá, að þessi skoðun mín sje rjett og að það geti verið hætta að lækka um of eða gjöra ofmiklar br., því annars held jeg það væri, eins og máltækið segir, «að fleygja dalnum en taka skildinginn»; jeg álít nefnilega mikið undir því komið, að hafa duglega embættismenn; en það get jeg ekki vonað að fá nema að þeir fái sómasamleg laun, og það get jeg ekki kallað þau sem hjer er um að ræða. Jeg vil einmitt hafa þá sparnaðarstefnu, sem er bundin við eitthvað skynsamlegt, t. d. að fækka embættismönnum. Það er ekki nóg, að sýna okkur hjer í salnum, að við eigum að „*spara*", og það eigi að «taka frá launununum». Nei, þá vil jeg heldur launa vel og heimta svo að embættismaðurinn standi vel í stöðu sinni. Jeg er ekkert á móti að þetta frv. gangi til annarar umræðu og vil biðja hina h. n. að hugsa ekki eingöngu um sparnaðinn, og þrátt fyrir þetta álít jeg mig eins mikinn vin bændastjettarinnar og þá sem tala mest um sparnaðinn og að það sjeu bændurnir sem borgi, og jeg vil lifa í þeirri von að n. yfirvegi frv. betur og breyti því til bóta; því annars get jeg ekki gefið því atkv. seinna meir.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): Jeg verð að svara 1. þm. Ísf. fáum orðum. Eptir því, sem mjer skildist, hjelt hann, að það hefði verið meining n. að «spara allt mögulegt», og það svo, að það yrði að «bjóða embættin upp». En jeg held, að enginn sá, sem lítur á þetta frv. eða hin frv, geti sagt slíkt. Þegar embættismennirnir eru bornir saman við alþýðumenn á Íslandi, þá held jeg allir verði að játa, að staða embættismannanna sje sú bezta staða á landinu; þegar maður gáir að eptirlaunum presta og að því að margur heiðvirður bóndi verður að fara á sveitina eptir strit lífsins, þá held jeg það verði ekki með sanngirni sagt, að sparnaðarn. hafi gengið hjer ofnærri embm. með þessu frv., og mjer þykir leiðinlegt að heyra þau orð frá 1. þm. Ísf. «að n. eigi að vera bundin við eitthvað skynsamlegt». Jeg veit ekki hvað honum finnst skynsamlegur sparnaður fyrst það er ekki það, að spara þjóðinni í hag.

Það er búið að svara 2. þm. Sm.; en jeg vil þó enn fremur benda honum á, að það var stefna n., að láta embm. hafa í eptirlaun 1%, svipað því, sem er um eptirl. presta, og þeim embm., sem hafa haft hin hærri embættislaun, hefur nefndin og ætlað hærri eptirlaun, af því þeir eru vanir við betra líf en hinir, og þess vegna má gjöra ráð fyrir, að þeir þurfi meira fyrir sig að leggja í ellinni en hinir, og það er ekki sannsýni, að þá bresti það, sem þeir þurfa til þess að geta lifað sómasamlega á gamals aldri. *(L. B.:* Venjulegt fangaviðurværi).

Jeg skildi ekki vel hinn h. þm. Bf.; en eptir því, sem honum sagðist, skildist mjer, að aðferð Englendinga væri ekkert annað en að eptirlauna undir öðru formi. Jeg fyrir mitt leyti hef verið á þeirri skoðun, að rjettast væri að hafa engin eptirlaun; en eg held að ómögulegt sje að koma því fram, að taka þau af; tíminn er varla til þess kominn, og þá þyrfti líka ef til vill að hækka laun embættismanna, einkum þeirra sem hafa lág laun, svo allt mundi vinna sig upp.

Þorsteinn Jónsson: Það gleður mig, að jeg stend ekki eins einn uppi með skoðun mína og jeg hjelt. Það er ekki rjett, sem

þm. Borgfirðinga hjelt, að bændur vildu hafa bæði launin og eptirlaunin sem minnst. Nei, bændur álíta, eins og jeg sagði áður, að «verður sje verkamaðurinn launanna». (*L. Bl.*: allir!). Þess vegna vilja þeir, að embm. hafi góð laun, ef hann rækir skyldu sína rjett og sómasamlega. En þar sem 1. þ. m. Á. hjelt að það væri ekki almennings álit, að taka af öll eptirlaun, þá er það þvert á móti, því jeg er viss um að ef leitað væri atkæða almennings um það, þá yrði það miklu meira en helmingur manna sem engin eptirlaun vildi hafa; en aptur á móti hitt, að embm. væru forsvaranlega launaðir, eða svo að þeir hver og einn hafi nóg fyrir sig og sína.

Jón Ólafsson: Það er sem betur fer, ekki opt, að menn heyra ræður hjer í salnum, sem fara *alveg* utan við efnið, en ganga út á það að ógna mönnum og ægja með orðum og nöfnum; það kom mjer næsta óvart, að heyra slíka ræðu frá jafn nærgætnum og sanngjörnum þm. sem 1. þm. Isf. Eptir því sem honum fórust orð, vildi hann skapa þá menn, sem hann sagði að kölluðu sig sjálfa «bændavini». Hann hefur heyrt hægrimanna blöð í Danmörku eigna þeim flokki, er þar nefnist «bændavinir», smásalaskap og svíðingsháttt, og nú á að ögra bændum hjer með því, að þeir verði sjer til minnkunar með því, að stríðala ekki embættismenn. Þessari *sömu* aðferð var beitt á þingi 1875; þá var verið að ögra bændunum með því, að þeir vildu svelta embættism. og láta þá hafa sem allra minnst, og þetta kæmi af andlegri sálarkreppu, fyrirlitning á andlegu atgjörfi og lærdómi. En það er hvorttveggja, að jeg held þess konar ámæli hafi litla þýðingu, enda eru þau því síður rjett, sem hjer liggur lítil orsök til, því jeg held það megi með sanni segja um bændur hjer á þinginu, að þeir sjeu hvorki nízkastir á fjenu nje örastir á frelsinu. En hins vegar er engin ástæða til að kalla þá *„bændavini“*, sem vilja launa embættin vel, en taka af eptirlaunin; jeg vil miklu fremur kalla þá embættismannavini. Þeir vilja einmitt launa embættin svo vel og sæmilega, að embm. sjeu frjálsir, og geti sjálfir borið skynsamlega fyrirhyggju fyrir því að sjá sjálfum sjer borgið þegar á dagana líður, eins og hver hygginn og hagsýnn bóndi gjörir; þessir menn eru einmitt embm.vinir, því þeir bera rjetta virðingu fyrir okkar embm. og rjetta tiltrú til sparnaðar þeirra, ráðdeildar og framsýni. Jeg hef aldrei heyrt nokkurn mann segja hjer í salnum, að «*allir* okkar embm. sjeu *of hátt* launaðir». Það er víst búið til, og þá ber enginn, hvorki bóndi nje bóndavinur, ábyrgðina fyrir því, sem hann ekki hefur sagt. Aðalatriðið er hjer ekki það að færa launin *upp* eða *niður*, heldur hitt, að launa *rjettlátlega*, og þá er spurningin um: er rjettlátara að launa embm. *á meðan* hann er að vinna eða þegar hann er hættur að vinna? Jeg held það sje miklu rjettlátara að launa honum *meðan* hann er að vinna, heldur en þegar hann er hættur að vinna.

Frms. tók fram, að n. hefði miðað ept, irlaunin við þá reglu, að þau yrðu 1% af launununum. Jeg skal játa það, að jeg sje nú, að þetta er svo; þetta er regla, en hitt er annað mál, hvort það er rjettlát regla. Við leggjum skatt á tekjur, og það hækkandi skatt, því meiri sem tekjurnar eru, því að þeim mun meir er gjaldþolið. En samkvæmt því ætti sá, sem hefir 2000 kr. laun, að fá t. d. 4% í eptirlaun, en sá, sem hefir 4000—5000 kr. laun, ekki meira en ½%. Að eptirlaun fari þannig eptir hækkandi og lækkandi prósentum, væri víst sanngjarnari regla, ef eptirlaun eiga að eiga sjer stað. Mjer skildist þm. Bf. vera samþykkur skoðun minni, að launa embm. hærra meðan þeir eru í embættum og láta þá svo engin eptirlaun hafa, en svo vildi hann bæta því við að skylda þá til — eins og gjört er á Englandi — að leggja upp víst fje árlega sjer til forsorgunar, þegar þeir sleppa embættum. En það verður svipað og eptirlaun, og í þeirri skoðun liggur einmitt það að embm. sje ekki sjálfum trúandi til þess, að sjá sjálfur fyrir frambúð sinni; hann verði að kaupa lífsábyrgð eða leggja í sjóð, og það verði að skylda hann til að gjöra það, með lögum, því ella fari hann á hreppinn þegar hann fái engin eptirlaun. En þetta finnst mjer lýsa vantrausti á embm., að vilja binda þá á hvern hátt þeir sjá fyrir sjer í elli sinni. Í Noregi er þetta ekki eins og á Englandi. Þar eru reyndar engin eptirlaun, en þar er allt frjálst og ekkert bundið á hvern hátt embm. vill sjá sjer borgið. Það er reyndar satt, að hver embm. má sækja til Stórþingsins um eptirlaun og þingið veitir þau opt. En það hefir frjálsar hendur í hvert sinn, bæði til að segja já og nei, og eins hvað upphæð snertir.

Það virðist því fremur vera full ástæða fyrir okkur til þess að taka af öll eptirlaun þegar farið er að veita full eptirlaun. þótt menn fari frá embætti án þess heilsubrestur eða gildar ástæður knýji til, þá er eðlilegt að menn fari að reyna að losa sig við embættin, þegar aðgangurinn að eptirlaunum er svona opinn, og getur það orðið töluverð freisting fyrir embm. að kasta sjer á bezta aldri upp á lsj. Það gæti hugsast, að einhver vildi nota sjer þau ráð að verða stj. dálítið óþægilegur, og þá fengi hann óbeðinn lausn í náð, náttúrlega með fullum eptirlaunum. Þess vegna held jeg þetta sje meðal annars full hvöt til þess að aftaka eptirlaunin alveg.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg held að hinn h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) hafi miskilið mig, þar sem hann áleit, að skoðun mín nálgaðist skoðanir sósíalista, eða heldur hann, að sú regla sem fylgt er á Englandi með eptirlaun sje lík kenningum sósialista? Við víkjandi því sem hinn h. þm. V. (Þ. J.), tók fram skal jeg geta þess, að við höfum enga tryggingu fyrir, að sá sem hefur hærri laun en sanngjart er vinni dyggilegar en sá sem minni laun hefur. Hæfileikar manna eru fyrst og fremst misjafnir og ekki eru menn síður misjafnir að samvizkusemi. Mjer þótti hinn h. 1. þm. Ísf. fara heldur hörðum orðum um n. Það geta verið deildar meiningar um, hvað sjeu nógu há laun, en n. hefur hreint ekki gengið svo langt að henni hafi komið til hugar að láta bjóða embættin upp; annars veit jeg ekki, hvað það á að þýða, að vera að koma með svoleiðis setningar, nema ef vera skyldi að hann sjálfur hefði viljað bjóða, ef þess hefði verið kostur. Hann talaði um, að þeir menn er ljetust vera bændavinir, gengju allt of langt með að vilja færa niður laun embættismanna, en það getur líka gengið of langt, að látast vera embættismannavinur. Jeg get ekki sjeð, að n. hafi gengið of langt, því launalögin frá 1875 urðu strax mjög óvinsæl, og jeg álít, að það sje því kominn tími til að breyta þeim. Jeg vil ekki draga svo af launum embættismanna, að þeir geti ekki vel við þau unað, þótt jeg vilji ekki hafa þau svo óþarflega há sem sumra embættismanna laun eru nú; það er aldeilis ekki tilgangur minn að vekja ríg á milli embættismanna og alþýðu; en þessir tímar krefja jafnrjetti á millum stjetta: hjer þarf hvort annars við, þjóðin og embættismennirnir; því fer bezt, að kröfurnar sjeu í hófi á báðar síður.

Landshöfðingi: Hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) lýsti því yfir, að n. hefði ef til vill sumstaðar stígið feti framar, en sumir þm. hefðu ætlazt til, en hann gat þess ekki, hvar það hefði verið; en jeg held, að það hafi verið sannarlega einmitt í þessu frv., sem hjer ræðir um. Hið fyrra frv. (um laun embættismanna) fór fram á, að færa niður laun ýmsra embættismanna; en þetta frv. fer fram á, að færa einnig niður eptirlaun þeirra um $^2/_3$; að minnsta kosti er það svo í mörgum tilfellum, þótt það sje kannske ekki fullkomlega nákvæmt. Ef þetta er sanngjarnt, þá held jeg, að svo mundi sýnast, sem embættismenn hefðu hingað til átt við mikils til of góð kjör að búa. Það er víst að kjör þeirra eru nokkurn veginn góð nú, í þessu tilliti: en þau eru ekki of góð. Jeg held að n. hafi hjer með þeirri miklu lækkun sem stungið hefur verið upp á gengið svo langt, að hún hafi stígið einu feti framar en hún hefði átt að gröra.

Sumir h. þm. hafa borið eptirlaun þau, sem hjer er farið fram á, saman við eptirlaun presta. Jeg verð nú að játa það, að mjer þykja eptirlaun presta of lág, en jeg verð þó að biðja menn að gæta þess, að þær ákvarðanir, sem þingið setti um eptirlaun þeirra, gengu í allt aðra stefnu, en þetta frv.; þær voru gjörðar til þess að bæta kjör prestastjettarinnar, ekki einungis uppgjafaprestanna, sem eptirlaunanna nytu, heldur og til þess, og það einkanlega til þess, að ljetta á fátækum brauðum eptirlaunabyrðinni, og bæta á þann hátt kjör prestastjettarinnar yfir höfuð. Þetta frv. gengur einmitt í gagnstæða átt við lögin um eptirlaun presta, því það fer fram á að gjöra kjör hlutaðeigandi embættismanna miklu lakari en þau eru. Hinn h. þm. Bf. hreyfði þeirri uppástungu, að breyta öllu fyrirkomulagi á eptirlaunum embættismanna; það eru mörg rök sem má tilfæra fyrir þeirri uppástungu, en það er ljóst, að ef draga á af launum embættismanna til að leggja í eptirlaunasjóð, þá verða launin að vera svo há, að þau þoli þennan afdrátt, og mundi þá ástæða til að hækka launin frá því sem nú er. Jeg held að það væri vert að íhuga þessa ust. og málið í heild sinni, og það jafnvel að annaðhvort yrði skipuð ný nefnd til þess, eður að málinu væri vísað til sömu n. aptur. Hvað snertir þá spurn-

ing, sem fram hefur komið, hvort ekki mætti taka af eptirlaunin án þess að setja nokkuð í staðinn, þá hefur það ekki þótt gjörlegt í öðrum löndum, þeim er næst oss liggja. Það er satt, að ekki virtist neitt á móti því, að embættismenn hefðu svo há laun, að þeir gætu sjeð fyrir sjer í elli sinni, en þá yrðu launin auðvitað að vera há. Jeg held að það gæti verið mjög ísjárvert að taka af öll eptirlaun, því að það gæti leitt til þess, að menn sýndu enn meiri tilhliðrunarsemi við mann, sem í rauninni væri heiðarlegur og virðingarverður maður, en þó fyrir aldurs sakir eða heilsubrests ekki orðinn fær um að þjóna embætti, og menn mundu hlífast við að víkja honum frá embætti hans, er menn vissu, að hann hefði þá ekkert fyrir sig að leggja. Jeg vona að menn sjái, að þessi ástæða er ekki gripin úr lausu lopti, heldur er mikil sanngirnisástæða eða mannúðarástæða, er gæti leitt til þess að víkja ekki manni, sem hefur þjónað lengi embætti sínu vel og dyggilega, frá embætti í elli hans fyr en í seinustu lög, er menn sæju eigi annað fyrir en að hann kæmist á vonarvöl, ef það væri gjört; en þegar hlutaðeigandi á von á eptirlaunum, er allt öðru máli að gegna. Jeg held því að frv. sje mjög athugavert einnig frá þeirra sjónarmiði, sem óska, að málið fái framgang, og jeg held, að það væri æskilegt, að það væri tekið til frekari íhugunar.

Jakob Guðmundsson: Það hefur komið fram sú skoðun hjá fleirum þm., að það væri óhægt að skoða hvort þetta frv. út af fyrir sig án þess að líta um leið til hins, með því þau standa í svo nánu sambandi hvort við annað. Jeg treysti mjer því ekki heldur til þess að tala um annað þeirra, nema að minnast um leið á hitt. Þegar jeg lít á tölurnar í báðum frv. og sje, að í hinu fyrra eru færð niður laun embættismanna, en að í hinu síðara eru færð niður eptirlaun þeirra, þá álít jeg, að ef slík niðurfærsla í báðum frv. fengi framgang, þá mundi hún verða ósanngjörn. Jeg tók það fram áður, að jeg, gæti fallizt á aðalstefnuna í þessu síðara frv., í því trausti, að hin endurfædda n. minnki niðurfærsluna í hinu fyrra frv. Jeg hef sagt að mjer þætti eðlilegast, að engin eptirlaun væru, en það, sem mælir á móti því, er það, að þá mundi nauðsynlegt, að færa upp laun sumra embættismanna, og það held jeg ekki væri heppilegt, og enda yrði ekki vinsælt af þinginu og þjóðinni, þegar svona lætur í ári og menn einmitt eru að tala um að spara sem mest. Það er og annað, sem mælir á móti því að hafa engin eptirlaun, og það er það, að það eru margir sem ekki leggja niður embætti sín fyrir elli sakir, heldur af því að þeir missa heilsuna, margir í embættisins þjónustu, jafnvel á unga aldri, þar sem þeir opt verða að vera á ferðum í vondri færð og í vondu veðri, og þá er ekki sanngjarnt, að þeir fari á mis við allan styrk og þurfi kannske að segja sig til sveitar, eins og komið hefur fyrir með einn prest fyrir vestan. Það er eigi hægt að ætlast til þess, að þeir menn, sem missa heilsuna snemma og þar af leiðandi embætti sitt, sjeu búnir að græða stórfje, og geti því verið án allra eptirlauna. Jeg álít að maður verði að líta á málið með skynsemi og sanngirni og beita einhverri hyggilegri aðferð.

Atkvgr.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Lagafrumvarp um breyting á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Rvík (C 192); 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg er hálfsmeikur að standa upp, því það lfrv. sem hjer er um að ræða er líkt hinu fyrra frv. er var vísað aptur til n. á óvanalegan hátt. En jeg hugga mig við það, að hjer er góð stoð, þar sem er lfrv. í sömu stefnu fram komið frá þm. Bf. (Gr. Th.), svo jeg vona þetta frv. fái meiri hylli hjá þd. en hið fyrsta. Jeg skal geta þess að hin almenna spurning er lögð var fyrir þessa n. var sú, að n. kæmi fram með tillögur um það, hvað mest mætti spara við útgjöld til hinnar innlendu lstj. Ust. sú er n. var fengin í hendur til íhugunar var svo hljóðandi: «Neðri deild alþingis ályktar að setja n. til þess að íhuga, að hve miklu leyti auðið kynni að vera að minnka útgjöld þau, sem samkvæmt núgildandi lögum ganga til hinnar innlendu umboðsstjórnar, dómgæzlu læknaskipunar, kirkju- og kennslumála, eptirlauna o. fl. «N. átti því að láta álit sitt í ljósi um hvað mest yrði sparað við þessa innlendu stjórn. Nú gekk n. að því vísu, að hún mundi ekki hitta skoðanir allra þd. manna, en hún gekk að því vísu, að álit hennar mundi þá verða sú spurning til þingmanna: Viljið þið *spara* svona mikið *minna* eður *enn meira?* Hún hallaðist yfir höfuð að því, að það væri rjettlát og sjálfsögð

skylda að launa embm. svo að þeir sjeu vel sæmdir af, og hún hafði fyrir augum þær tvær aðalreglur: 1., að meta launin í rjettu hlutfalli við þá erfiðleika er embættinu fylgja; og 2., við þann kostnað er embættismaðurinn þyrfti fram að leggja til þess að gjörast hæfur til embættisins. Á þessum tveim grundvallarreglum byggði n. embættistekjurnar. Þegar litið er yfir embættismannalaunin hjer á landi frá hinum æðstu til hinna lægstu niður, niður til prestanna, þá verður því ekki neitað að á ýmsum stöðum virðist vera nokkur ójöfnuður, sem ekki er byggður á því, að ekki sjeu nokkurn veginn sömu krðfur til hæfilegleika embættismanna og kostnaðurinn við að gegna embættinu. Það kostar t. d. nærri eins mikið að verða prestur eins og að verða læknir; munurinn er eigi meiri en svo, að læknisefnið þarf að lesa 2 árum lengur. En laun læknanna eru aptur á móti miklu meiri en prestanna. *(L. Bl.:* Þeir hafa minna að gjöra). Nei, alls ekki. Jeg vona að jeg sje jafnkunnugur í mínu kjördæmi eins og 1. þm. Hv. í sínu. Jeg get sagt, að ef maður leggur saman ferðalög lækna árið um í kring, þá held jeg mjer sje alveg óhætt að fullyrða, að læknirinn fari ekki lengra árið um kring en sá prestur, sem þjónar fremur víðlendu brauði og á langa leið á útkirkjur. En sá er munurinn, að læknirinn fær fulla borgun fyrir sjálfan sig og hesta sína hvert spor, sem hann fer, en presturinn sjaldnast nokkra borgun fyrir sjálfan sig og ekki *einn eyri* fyrir hestana. *(L. Bl.:* Hjer er um lækna að ræða). Það er satt, þetta mál, sem jeg er frsm. í, er um forstöðumann læknaskólans og fasta kennarans. N. áleit sjer skylt, af því að hún var sparnaðarnefnd, að setja ekki laun landlæknisins hærri en þingið gjörði 1881, það er 3600 á ári; en þó áleit hún, eða að minnsta kosti sumir n.menn, að hæfileg laun mundu vera 4000 kr. á ári, í samanburði við samsvarandi embættismenn í Reykjavík. En það er á þingsins valdi að gjöra br. við 1. gr., ef því sýnist. Aðrar almennar aths. hef jeg eigi að gjöra við frv.

Grímur Thomsen: Með því jeg hafði leyft mjer að koma fram með frv. á undan hinni h. sparnaðarnefnd, sem fer í sömu stefnu og þetta frv., er nú liggur fyrir, þá skal jeg þó geta þess, að þau eru ekki alveg samhljóða. Jeg hef farið fram á, að árslaun fasta kennarans (sbr. 2. gr. frv.) væru 2400 kr., en n. að eins 2200 kr. Að svo mæltu álít jeg mjer skylt, að fara nokkrum orðum sögu þessa máls. Á síðasta þ. var frv. líkt þessu fyrir þinginu; það var þá umfangsmeira þegar það fór frá n. d. til e. d., en hún breytti því, svo að það varð orðrjett eins og það er nú, nema þar var ljósmóðurkennsla að auki falin honum sem fasta kennara og þannig fór það sem lfrv. frá þinginu. Svo leið og beið, málið lá hjá hinni h. stj. þangað til *4. maí 1883*, þá er fyrst sagt hvers vegna það hafi ekki og geti ekki orðið staðfest. Hún segir sem svo: «Sá sem lh. var þá er þetta frv. var sent stj., ljet þá skoðun í ljósi», o. s. frv. (Af þeim orðum mætti má ske draga, að betra samkomulag yrði nú milli stj. og þingsins). Það var þrennt að athuga við frv.: 1., launin of lág; 2., galli á fyrirsögn frv., vantaði inn í að geta um br. á ljósmæðralögunum; og 3., ekki rjett að fela yngra og óreyndara lækni ljósmæðrakennsluna, því að hún myndi betur komin hjá forstöðumanni skólans. Af *þessum ástæðum* hefur hans excellence ráðgjafinn «allrapegnsamlegast» lagt það til, að frv. væri *synjað* staðfestingar. Nú er búið að breyta þessu frv., svo ljósmæðrakennslan er því ekki lengur til fyrirstöðu. Það er því einungis það hvað launin eru *"óhæfilega lág"*, sem getur orðið því til fyrirstöðu að frv. fái staðfestingu. En svo er mál með vexti, að tveir heiðraðir og lærðir menn sóttu um embættið á næstliðnu ári, og jeg efast ekki um, að þeir hafa báðir ætlað sjer að ganga að því, að taka embættið með þeim launum, er þingið hafði ákveðið, nefnilega 3600 kr. í st. f. 4800 kr., sem líklega var veitt með tilliti til hins góða og ötula ættjarðarvinar, er við söknum allir (Dr. Hjaltalíns). Hin h. stj. segir að launin sjeu ekki *nógu há* í samanburði við laun forstöðumanna prestaskólans og lærða skólans. En hjer er þess að gæta, að hvorki forstöðumaður prestaskólans nje hins lærða skóla hefur neina aukaatvinnu, en duglegur landlæknir getur haft mikla aukaatvinnu. Það er líka enn til 4. forstöðumaðurinn í líkri stöðu, við skólann á Möðruvöllum, en hann hefur ekki nema 3000 kr. um árið, svo þetta er þó 600 kr. meira. Því má einnig við bæta, að á læknaskólanum eru lærisveinar mjög fáir og færri tiltölulega en á prestaskólanum og á lærða skólanum. Þeir eru vanalega 3—4 á hverju ári á læknaskólanum og virðist því allmiklu til kostað, að

kennsla þessara pilta skuli kosta lsj. 1200 kr. á ári. Með því fyrirsögnin er lögð, þá sje jeg enga ástæðu til, að stj. synji því nú samþykkis. Jeg vona að deildin láti það fá framgang og vísi því til 2. umr.

Eiríkur Kúld: Jeg skal ekki vera margorður um þetta mál, en einungis lýsa því þegar yfir, að jeg mun hvorki greiða atkv. með þessu frv. nje tillögu þm. Bf. (Gr. Th.) nema einungis með 2. gr. í frv. hans. Jeg held að þó að við ættum að vera sparnaðarn. þakklátir fyrir það, að hún vill spara þá sje það ekki rjett að spara ofmikið við embm.; jeg held það sje betra að launa þeim vel, og heimta svo mikið af þeim. Jeg held það sje lítt heppilegt, að rýra laun lækna. *(Tr. G.:* Læknafrv. liggur ekki fyrir). Jæja, það er læknaskólinn og jeg á ekki gott með að tala svo um annað frv. að jeg ekki tali um hitt, þetta er svo skylt hvort öðru. En það sýnir hver nauðsyn er á læknaskólanum og læknaefnum, að það dynja bænir inn á hvert þing og einatt fleiri og fleiri um ný læknaembætti *(Tr. G.:* Það er annað mál). Nei, því það ríður á, að laun lækna sjeu svo aðgengileg að efnilegir og flinkir piltar vilji ganga á læknaskólann. Sú mótbára kom frá hinum h. þm. Bf., að lærisveinar á læknaskólanum væru svo fáir, en jeg get sagt honum það, að þeir eru miklu fleiri í samanburði við þá, sem eru á prestaskólanum í hlutfalli við fjölda prestakallanna; og af hverju er það? það er af því, að hinir áður ákveðnu læknar gjöra þau embætti eptirsóknarverðari en prestaköllin hjer á landi, sem eru svo aumlega aflögð í því tilliti. Ef þjóðin á heimting á að fá lækna og þá góða, þá er nauðsynlegt, að nóg læknaefni sjeu til; því þá en hægra að velja og fá góða lækna í embætti. Jeg get ekki stillt mig um að svara 1. þm. Á. einu orði til þess, sem hann sagði, að með því að hafa laun embm. há, þá rækjum við menn af landi burt. En hvað veit hinn h. þm. um það? Jeg hef áður tekið það fram hvað hver maður eptir fólkstali hjer á landi leggur til í landssjóð, nfl. 5 kr. á mann, þar sem í einu landi í Evrópu koma 50 kr. á mann, og af þessu gjaldi til landssjóðs láta embættismenn sjálfir sinn fulla skerf. Það ætti einnig að taka tillit til þess, þegar verið er að ákveða laun embm., hvað útheimtist til þess að reka embættið svo vel sje, og þá ekki sízt þegar um læknaembættin er að ræða, sem jafnan eru kostnaðarsöm og erfið. Þess vegna er alls ekki hentugt, að spara svo laun læknanna, að nógir og góðir læknar sjeu ekki ætíð til.

Jón Ólafsson: Í hitt eð fyrra samþykkti þingið lög í sömu stefnu, og tel jeg því líklegt að frv. fái framgang, því ástandið hefur ekkert breytzt síðan. Hvað landslæknislaunin snertir, þá er það alveg gagnstætt því sem tíðkazt hefur hingað til, að láta nokkurn mann missa af þeim launum, er hann þegar hefur; það er auðvitað, þingið *getur* gjört það, með því honum mun hafa verið veitt embættið með þeim fyrirvara, að launin kynnu að verða lækkuð, en mjer finnst að mannúðin bjóði það, að laun þau, er hinn núverandi landl. þegar hefur, sjeu ekki rýrð, heldur yrði ákvörðunin um launalækkunina fyrst látin fá gildi, þegar embættið losnaði næst. Hinn h. þm. Bstr., sem er svo glöggur á hagfræðilegan samanburð, *talaði* um hversu lítið gjald til embættismanna kæmi hjer á mann hvern í samanburði við það, sem tíðkaðist í öðrum löndum. En hann gáir ekki að því, að þar gengur ekki meiri hlutinn af ríkissjóðunum til launa handa *embættismönnum* eins og hjer, heldur er annað til, sem heitir *her*, og til hans ganga $^2/_3$ og sumstaðar meir af öllum tekjunum, en til hans eyðum við ekki einum eyri. Til þess að samanburðurinn sje rjettur verður að taka tillit til þessa. Annað er það að það dugar ekki að miða gjöldin við nefjatöluna eina, heldur við eignarhæð þjóðarinnar, og þá er ólíku saman að jafna eignum hinnar íslenzku þjóðar og annara þjóða. Nefjatalan er ekki ætíð einhlít til samanburðar. Enda vaxa ekki krónur á nefjum manna, og þegar þm. Bstr. (E. K.) fer að bera saman, má hann ekki líta eingöngu á nefið; hann verður að líta dálítið fram fyrir það.

H. Kr. Friðriksson: Það er nú búið að tala svo mikið í þessu máli, að það er líklega synd að bæta miklu við. Jeg vil þó leyfa mjer að fara fáum orðum um þetta frv. Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) sagði, að laun forstöðumanns læknaskólans í frv. þessu væru í samhljóðun við laun forstöðumanns prestaskólans og latínuskólans, og væru því laun forstöðumanns læknaskólans nógu hátt sett 3600 kr., sökum þess að fleiri gengju í prestaskólann og latínuskólann, en í læknaskólann. En jeg get sagt honum, það aðkennurunum við slíka skóla stendur á sama, hvort þeir eru fleiri eður færri, sem

skólann sækja; fyrirhöfnin við kennsluna verður lík, hvort sem er. Mjer stendur á sama, hvort jeg hef 5, 10 eða 20 pilta í þeim bekk, sem jeg kenni. (*H. Clausen*: væri þá sama, þótt þeir væru 2000). Forstöðumaður læknaskólans hlýtur líka að hafa fleiri tíma en hinir, því að það nægir ekki, að hann kenni lærisveinum sínum hið *theoretiska*: hann verður og að kenna þeim hið *praktiska*, og því opt að fara með þeim út um bæ að sæng sjúklinganna. Að svo fáir sæki skólann, getur hæglega breytzt, enda er svo nú, að eptir því sem vjer vitum bezt þá fara nú í ár 4 í læknaskólann, en annaðhvort einn eða enginn í prestaskólann, svo að í prestaskólanum verða eigi fleiri lærisveinar en í læknaskólanum næsta ár. Ef fáir sækja skólann og hann þykir of dýr, þá verður sú niðurstaðan, að það ætti að af taka skólann, en eigi nú að rýra laun kennaranna. Forstöðumaður læknaskólans er og jafnframt landlæknir, og það eykur ekki svo lítið á störf hans, og því væri miklu fremur ástæða til að hafa laun hans talsvert hærri en forstöðumanna hinna skólanna. Þar sem þm. Bf. (Gr. Th.) talaði um að forstöðumaður læknaskólans gæti haft aukavinnu, þá er það satt, að hann getur það, ef svo ber undir, en það er þó ekki víst, því að sami maðurinn getur verið góður kennari, þótt hann þyki ekki heppinn læknir. Auk þess er hann ekki skyldur til að hafa lækningar um hönd, nema hann sje svo gjörður, að hann sjálfur vilji vinna utanum, en það er satt, að hann getur það, ef hann vill, en forstöðumenn prestaskólans og latínuskólans geta líka haft ýms aukastörf sjer til hagnaðar, ef þeir vilja. Jeg verð því að álíta, að laun forstöðumanns læknaskólans ættu að vera hærri en forstöðumanna hinna skólanna, og sjeu alls eigi of há, eins og þau eru.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg held að þm. Bst. (E. K.) hafi misskilið mig. En jeg vildi að eins segja honum, að ef beztu menn færu af landi brott, þá er ósjeð að embættismenn hefðu betra af því, en þó að launin væru lægri, og að minnsta kosti er það víst að þá þyrfti færri guðfræðinga, lækna og lögvitringa, og ef jeg findi mig þurfa að fara vestur um haf fyrir harðindum eða óhagkvæmri stjórn, vildi jeg heldur vera bóndi en embættismaður þegar þar væri komið.

Grímur Thomsen: Þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) þótti lítið um vert tölu lærisveina í skólanum, en jeg vil þá spyrja hann að því, hvort hann myndi kunna við, að hafa 3 kennara alla með háum launum við skóla, þar sem að eins einn væri lærisveinn. Enn fremur vil jeg geta þess að landlæknir er sá eini embættismaður fyrir utan biskup og lh. sem fær allar ferðir borgaðar, og þetta getur orðið töluvert fje; enn ætla jeg að geta þess, að þegar maður sá, er nú er landlæknir, fór hingað, áður en hann hafði fengið nokkurt embætti, til þess að prófast í íslenzku, þá fjekk hann 600 kr. ferðastyrk, þó eigi væri sá sem reglulegastur, svo að með sanni má segja, að hann hafi eigi farið varhluta af landsins fje. Á þingi 1881 voru flestir með því, að hafa launin 3600. Og ætla jeg að geta þess að minn h. sessunautur sætti sig þá við frv. (*Eiríkur Kúld:* Nei). Jú, og man jeg eigi betur en hann væri frsm. í málinu í hitt eð fyrra, og þó hann sje nú á móti því, þá var hann enda svo ákafur í hitt eð fyrra, að honum þótti alveg óþarfi að hafa landlækni, sbr. alþ. II 188, bls. 487.

Eiríkur Kúld: Jeg ætla að biðja h. h. þm. Bf. (G. Th.) að gá að því, að hjer er allt öðru máli að gegna, því að þá var verið að tala um að stofna læknisráð.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla að geta þess, að mál það er hjer ræðir um, snertir það eigi að einu nje neinu, hvort skólinn hefur marga eða fáa lærisveina. Ef hann hefur mjög fáa lærisveina, þá getur það að eins vakið spurningu um, hvort rjett sje að hafa skólann. Enn fremur ætla jeg að geta þess, að hvort hinn núverandi landlæknir hefur fengið 600 kr. í ferðastyrk hingað, þá skiptir það heldur eigi þetta mál að nokkru; það er hlutverk yfirskoðunarmanna, að rannsaka það mál, en eigi þingsins nú. Í 3. lagi kannast jeg eigi við, að jeg hafi sp. þessar 3600 kr. 1881, og mótmæli jeg því með öllu.

Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Lagafrumvarp um breyting á lögum 15. okt. 1875 um aðra skipun á læknahjeruðunum (C 192); 1. umr.

Arnljótur Ólafsson: Jeg finn ekki ástæðu til að tala langt, því umræðurnar eru orðnar langar um þessi mál, og þm. eru orðnir þreyttir af að færa tölur upp og niður. N. áleit það væri köllun hennar, að sýna að hún var kosin til þess að *spara*. (*L. Bl.*: Amtmannaembættin!). Þau liggja ekki

fyrir, en þau hafa verið framlögð og 1. þm. Hv. (L. Bl.) hefur víst tekið eptir því.

Jeg skal geta þess, að það er nýmæli í 2. gr. frv. að enginn fastlaunaður læknir megi heimta hærri borgun en til er tekin í 4. gr. læknalaganna. Það er einkum til þess að sýna, að þeir læknar, er eigi sitja í föstum embættum, sje ekki bundnir við þessa ákvörðun. Svo skal jeg enn geta þess, að einn læknirinn, landlæknirinn, getur ekki heimfærzt undir læknalögin frá 15. okt. 1875. Annað hef jeg ekki að segja á þessu stigi málsins, jeg ætla ekki að fara út í neina smásálma nú, það má bíða 2. umr.

Grímur Thomsen: Af því málið gengur nú til annarar umr., þá vil jeg víkja þeim aths. að hinni h. n. — er það ekki sparnaðarnefnd? *(A. Ó.:* Jú) — að það stendur hjer í 1. gr. frv., að læknar í læknahjeruðunum, sem nefnd eru í 1. gr. læknalaganna 15. okt. 1875, skuli fá í árslaun 1300 kr. og svo kemur aptur: «En læknar þeir, er taldir eru í *2. gr. sömu* laga, skulu í árslaun hafa *1600 kr.*» Þá vil jeg spyrja: Eiga þeir fyrst að hafa 1300 kr. og svo aptur 1600 kr. = 2900 kr., eða eiga þeir að eins að hafa 1300 kr., eða þá 1600 kr., og þá hvort heldur? Því öll læknahjeruðin eru nefnd í 1. gr. læknalaganna frá 15. okt. 1875, og svo aptur 5 í 2. gr., sem einnig eru fólgin í þeim, sem talin eru í 1. gr. Nú segir n.: þeir eiga *allir* að hafa 1300 kr. og einnig þessir 5 aptur 1600 kr. Þetta held jeg n. þyrfti að laga til 2. umr.

Arnljótur Ólafsson: Jeg held þó hinum skarpskyggna þm. Bf. (Gr. Th.) hafi yfirsjezt, því að það stendur hjer, að þeir sem „*þjóna* læknahjeruðum þeim, er nefnd eru í 1. gr.», en um hina aptur: «læknar þeir, er *taldir* eru í 2. gr.», og er engin mótsögn í því. *(Gr. Th.:* Það er nauðsynlegt að laga). Þm. má laga það. Í 1. gr. læknalaganna eru að eins talin upp nöfnin á læknahjeruðunum, en síðan er talað um hverjir eigi að þjóna þeim 15, sem talað er um í 1. gr. *(Gr. Th.:* Tvíræðni). Jeg sje enga tvíræðni í því, en þar fyrir get jeg athugað það betur í sambandi við 3. gr. læknal., en ef ekki er annað að frv. að finna, þá er allt gott og blessað.

Málinu vísað til 2. umr. með 14 atkv. gegn 3.

Tuttugasti og fyrsti fundur,

fimmtudag 26. júlí kl. 12—3. Allir á fundi, nema Arnljótur Ólafsson.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883 (C 83); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Með því að þetta er framhald fyrstu umræðu, hygg jeg eigi að mikið þurfi að ræða um málið að sinni. Hjer er að eins til umræðu frv. frá stjórninni í heild sinni og stefna stj. í því, en hvorki einstakar greinir þess eða nefndarálitið (C 188). Þetta má að eins ræða við 2. umr. Jeg ætla því að eins að geta þess, að í mörgu hefur nefndin fellt sig við fjárveitingar stjórnarinnar, en aptur hefur henni í sumu þótt stjórnin nokkuð ríf með þær og eigi taka það tillit til lsj., sem virðist að hún hefði átt að taka; en fyrir þessu skal jeg gjöra nákvæmar grein við 2. umr. þessa máls.

Landshöfðingi: H. h. frsm. (H. Kr. Fr.) sagði, að stjórnin hefði verið nokkuð ríf í fjárveitingum sínum. Hvort þetta hafi verið, mun hægra að sjá og gjöra grein fyrir síðar, þá er rætt verður um hinar einstöku greinar. Jeg skal því geyma aths. við þetta til 2. umr. og eigi fara frekar út í mál þetta að sinni.

Málinu því næst vísað til 2. umr. í e. h.

Frv. til laga um kosningu presta (C 220); 3. umr.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að eins að tala um br.till. þá, sem fram er komin (C 224), fáein orð, til þess að gjöra mönnum ljósa þýðingu hennar. Hún fer eigi eins langt og br.till. sú, er felld var um daginn (C 203), því að hún takmarkar kosningarrjett safnaðanna að mun og eykur að sama skapi synjunarvald biskups. Satt er það, að biskup má eigi synja staðfestingar, ef sá, sem kosinn er, er þegar prestur í þjóðkirkjunni, enda má biskupi eigi standa á miklu, *hvar* prestur sá er, úr því hann á annað borð er þjónandi í kirkjunni. En ef prestur sá, sem kosning hlýtur, er ekki þjónandi prestur í þjóðkirkjunni, þá hefur biskup eilíft synjunarvald. Þetta er þýðingarmikið, af því að með því er spornað við því, að nokkur *verði* prestur mót vilja biskupsins.

Eiríkur Kúld: Jeg tel frv. þetta bæði óparft og enda skaðlegt. Hjer er tekinn að eins einn liður úr allri kirkjustjórninni, og það sá, sem eigi þarf helzt að taka, og þetta gjöra menn án þess nokkur röddi komi frá

landsbúum um þörfina á þessu. Enn verð jeg að geta þess, að með því fyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á með kosningar, þá geta útkjálkabrauð verið prestlaus um langan tíma. (*Gr. Th.*: Hafa verið og eru nú). Já, það er satt, en þingið ætti þó eigi að efla slíkt, því að útkjálkabrauð hafa sannarlega fulla heimting á, að fá prest eptir hæfilegan tíma. Ef menn hugsa sjer, hvað langur tími getur gengið til þess að senda ef til vill þrisvar til biskups frá Hornströndum, þá er söfnuðurinn sannarlega eigi fljótt búinn að fá sinn prest. Þar að auki getur þetta frv. vakið mikla sundrung og ríg í söfnuðunum. Jeg vil taka t. d. prestakall með 40 kjósendum; ef 21 maður í söfnuðinum kýs óreglulprest, og minni hlutinn, sem ef til vill er 20 manns, hefur betri prest á boðstólum, og verður í minni hluta með sinn betri prest, því eitt atkvæði ræður úrslitunum eptir frumvarpin, mun þá þessi minni hluti kjósenda eigi verða óánægður? og þá er ráðið fyrir hann að fara úr þjóðkirkjunni. Við það missir þjóðkirkjan sitt gjald, og nú þarf lítill söfnuður að launa tveimur prestum. Þar að auki er nú veitingarvaldið sem hjer ræðir um, hjá konungi, eða þeim sem hann hefur falið það á hendi, sem er æðsti embættismaður landsins, en eptir frumvarpinu er þetta veitingarvald — Prærogativ — konungs tekið af honum; það er gengið fram hjá konungi, landshöfðingja, biskupi og prófasti, og veitingin lögð í hendur nokkrum sveitabændum, og það enda þeim mönnum, er þiggja af sveit, því atkvæði einhvers þess manns getur ráðið úrslitunum á veitingunni. Enn verð jeg að nefna þá ósamkvæmni í frv., að einn veitir embættið og annar veitir lausn frá því; jeg held að menn eigi hafi dæmi til slíks í öðrum lögum. Þó að jeg vildi allt frelsi, þá get jeg samt eigi verið með til þess að samþykkja þessi lög. Svo verð jeg líka að minna á, að söfnuðirnir geta haft töluverð áhrif á veitinguna, ef safnaðalögunum væri rjettilega beitt, og því er frumvarpið óþarft.

Grímur Thomsen: H. h. þm. Bst. sagði, að sveitarómagar kynnu að ráða kosningu presta; en í 1. gr. stendur, að þeir einir skuli hafa kosningarrjett, sem gjalda til prests og kirkju; þetta held jeg eigi sje vanalegt um hreppsómaga, og að minnsta kosti held jeg að hreppsómagar muni ekki ráða lögum og lofum, nema ef vera kynni í hinu auðuga Helgafellsprestakalli.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að eins að minna þm. Bst. (E. K.) á, að færi svo einhverstaðar, að fáeinir hreppsómagar rjeði kosningu á presti, þá væri það ekkert órjettlátt gagnvart hinum, sem ekki þiggja af sveit, fyrst þeir ekki láta sig meiru skipta slíkt velferðarmál sem kosning á sínum andlega hirði.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg held þd. gjörði rjettast í, að fella mál þetta nú þegar, því að mjer sýnist 1. gr. sýna ljóslega, hve lítt hafandi frv. er; þeir sem þiggja af sveit hafa kosningarrjett, og geta því ráðið kosningu prestsins, því að eigi þarf að muna meiru en 1 atkv., og þetta atkvæði getur einmitt verið atkvæði hreppsómagans. Enn fremur getur einn kjarkmikill maður í sveit ráðið mjög miklu og einmitt mest við fátæklingana. Jeg tek t. a. m. prest, sem kemur sje vel við sóknarmenn sína; ætli hann geti eigi fengið menn í prestakallinu til þess, að kjósa son sinn, þótt 1 og jafnvel 2 hæfari byðu sig fram, og hvað meira er, þótt sonur hans væri talsverður óreglumaður? Í frv. er boðið, að svo margir skuli mæta, en hvaða sannsýni er nú þetta t. a. m. á Vesturlandi og annarstaðar, þar sem eru afarvíðlend prestaköll. Jeg ímynda mjer, að kosningarfundurinn verði að eins sóttur af fáum mönnum. Og getur staðið æðilengi á þessum kosningum, unz prestur sá er kosinn, sem biskup samþykkir. Í brtill. stendur: «og hafi sami maður hlotið kosning»; er nú tilætlunin, að sami maður hafi hlotið kosning í öll skiptin eða að eins næst áður? Þetta verður eigi sjeð á lögunum, og er það óheppilegt. En á hinn bóginn, úr því að menn vilja hafa svo frjálslegar kosningar, þá veit jeg eigi, því menn vilja leyfa biskupi að synja staðfestingar á kosningu kandídats heldur en prestsvígðs manns, ef hann hefur lögboðna hæfilegleika.

Jón Ólafsson: Þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) talaði um að eitt atkvæði geti ráðið kosningu, en sleppir hann þá öllum hinum atkvæðunum, sem með eru? En ef menn hafa slíkar ástæður gegn prestakosningum, hví hafa hinir sömu menn þá eigi hinar sömu ástæður gegn sveitarstjórnarkosningum, kosningum til alþingis og *öllum* frjálsum kosningum? Jeg held nú að hinn virðulegi þm. hafi sannað miklu meira en hann vildi sanna. En að því skal hann gá, að sá sem sannar of mikið, sannar ekki neitt („*Qui nimium*

probat, nil probat“). Enn fremur talaði hann um, að fáir mundu sækja fundinn. Þetta á hann eptir að sanna. En setjum svo. Gott og vel. Þá fáum vjer veitingarvaldið í hendur hinum fáu, sem sýna áhugann, en hinum eigi, sem engan áhuga hafa, enda sýna þeir með því, að þeir hafa enga þörf fyrir að fá hlutdeild í kosningarrjettinum. Þá hefur sami virðulegi þm. sagt, að brtill. mætti misskilja. Það sem hann gat um er svo langt frá því, að geta misskilizt. að það naumlega getur orðið hártogað. Í brtill. stendur: «og hafi sami maður hlotið kosning». Þetta á auðskiljanlega við þann sem kosinn hefur verið í bæði skiptin. Þetta liggur svo í augum uppi, að jeg gæti fáum trúað til slíkra hártogana nema þm. Rvík.

Jakob Guðmundsson: Það hefur verið sem aðalmótbára á móti frv. þessu, að ef það næði fram að ganga, þá myndu einstakir menn hafa of mikil áhrif á veitinguna og að brauðin myndu því eigi verða veitt að maklegleikum. Eigi neita jeg því, að slíkt geti borið við, en þá finnst mjer mestu skipta, hvort slíkir einstakir menn vilji söfnuðinum vel eða illa, og því skyldu menn álíta það gefið að vondir menn hafi meiri áhrif á söfnuðinn en þeir góðu? Það er nú jafnan svo, að ef fleiri menn vinna saman, þá hafa hinir helztu menn ætíð nokkur áhrif á samvinnumenn sína, og hljóta að hafa þau. Jeg tel það eigi ókost, þótt menn hafi áhrif á mig og jeg láti mig sannfæra með skynsömum ástæðum, og þá getur mjer eigi heldur þótt það lýti, þótt söfnuður láti sannfærast af skynsömum ástæðum. Enn fremur álít jeg að hinir fátæku megi eins vel kjósa sína presta eins og hinir ríku, ef þeir eru kristilega sinnaðir, rjetttrúaðir og dýrka guð með sönnum guðsótta og undirgefni undir hans vilja og eru ekki síður en hinir ríku í flestu tilliti sannkirkjulega og sannkristilega sinnaðir, góðir og guðræknir. Skyldi það og vera eins dæmi, að einstakir menn hafi áhrif á hið núverandi veitingarvald? En er biskupinum, hinu sýnilega höfði kirkjunnar í þessum heimi, ámælandi fyrir slíkt? Þó hann láti tillögur kunnugra, skynsamra og ráðvandra manna hafa nokkur áhrif á sig. Og er H. H. konunginum ámælandi fyrir slíkt? Þetta getur þó komið fyrir, því það munu dæmi til þess, að lh. og biskup hafi mælt sinn með hvorum til embættis, og svo hafi H. H. konunginum þóknazt að taka hvorugan af þessum, heldur hinn þriðja. En ætli það sje eigi betra að fara nokkuð eptir kunnugra manna sögn, heldur en einungis eptir karaktjer, embættisaldri og öðru þess konar? Jú, því að fara einungis eptir þessu ytra, það væri að líta á skelina og hirða eigi um kjarnann, það væri að taka hið ytra fyrir hið innra. Þá hafa menn sagt, að þessar prestakosningar myndu leiða til þess að söfnuðirnir mundu helzt kjósa þá presta, sem næstir væru og þeir þekktu bezt. En mundi það nú vera mikill skaði þótt flutningur presta frá einu landshorni á annað minnki? Jeg held það væri enginn skaði þótt söfnuðurinn kysi prest sem optast innan fjórðungs. Og hvað hitt snertir, þá er það gott en eigi illt, þótt söfnuðurinn þekki prest sinn, áður en hann kemur til brauðsins, og jeg er viss um, að því betur sem söfnuðurinn þekkir prestinn, með því betri von og með því betra trausti tekur hann á móti prestinum, og því innilegri og hjartanlegri verður þeirra innra og ytra samlíf, söfnuðunum til uppbyggingar og drottni til dýrðar. Jeg get eigi neitað því, að jeg kenni mjög í brjósti um þá presta, sem brauð er veitt þvert á móti vilja safnaðarins, því að jeg er sannfærður um, að eigi er meira en $^1/_{20}$ já $^1/_{40}$ hluti af prestum, sem hefur persónulega hæfilegleika til þess, að jafna og bæta úr þeim illu afleiðingum, sem leiða af þessu ytra valdboði, að neyða prestinum upp á söfnuðinn. Og æskilegt væri að prestum væri aldrei neytt upp á söfnuði, svo þar með yrði ekki sáð til fjandskapar og úlfúðar milli safnaðarins og þess manns, sem á að vera andlegur leiðtogi safnaðarins hjer á jörðu. Það hefur verið talað um, hvers vegna menn fremur skyldu velja presta en aðra embættismenn. Það getur verið að þjóðin á sínum tíma fái rjett til að kjósa alla sína embættismenn. Kusu eigi Rómverjar og Grikkir sína embættismenn? Og kjósa ekki Ameríkumenn og fleiri sína embættismenn nú á dögum? En þó vjer nú eigi förum svo langt, því má eigi byrja á því, sem er nauðsynlegast? Er eigi mest komið undir því að náið verði samband milli safnaðar og prests? er eigi mest komið undir því, að prestarnir sjeu elskaðir og virtir af sínum söfnuði? prestarnir sem eiga að prjedika guðsorð, fræða æskulýðinn og úthluta sakramentunum, sem yfir höfuð eiga að vera sálusorgarar safnaðanna. Jeg hefi þekkt bæði drykkjupresta

og drykkfellda sýslumenn. En þó að sýslumaðurinn hafi tekið sjer neðan í því, þá hafa menn eigi fundið eins sárt til, eins og þegar presturinn hefur drukkið um of, því það hefur orðið hjarta þeirra viðkvæmast. Því það er presturinn sem á að beina mönnum leiðina til alls góðs og kristilegs siðferðis. (*Holger Clausen*: Hærra!). Menn hafa mælt á móti því, að þeir sem þiggja af sveit, skyldu velja prest sinn; en því þá? Hafa menn lært það í ritningunni að fyrirlíta hinn fátæka? Þó sá, sem af sveit þiggur, missi nokkurs af borgaralegum rjettindum í fjármálum og stjórnarmálum, er það þar fyrir rjettlátt og eðlilegt að hann missi rjettinda sinna í kirkjulegum og kristilegum málum? Fátækum heyrir þó Guðsríki til.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal ekki svara 2. þm. Sm. (J. Ó.) mörgum orðum. Hann var að tala um sjálfstæði sóknarmanna og að menn ættu að vera jafnsjálfstæðir og hafa eins mikið frelsi við þessar kosningar og aðrar. Það er satt; en ætli landsbúar sjeu hver fyrir sig svo sjálfstæðir í kosningum sínum eða heppnir? En hjer er líka annars að gæta, að þegar hreppsbúar kjósa í hreppsn., þá er það ekki nema fyrir stuttan tíma. Þeir geta hrundið hreppsnefndarmanninum burtu aptur eptir nokkur fá ár, en hjer geta þeir það ekki; þeir verða að sitja með sinn prest alla hans æfi, nema gildar ástæður komi fram á móti honum. Þetta er sá mikli munur á kosningu presta og kosning hreppsn., svo þótt hreppsbúum hafi yfir sjezt í kosning hreppsn. eða hafi látið einn mann leiða sig meira en góðu hófi gegndi, þá geta þeir fengið leiðrjetting á því eptir fá ár; en það geta þeir ekki hjer með prestinn. Hann sagði einnig að ef bændur kæmu ekki á kjörfund, þá stæði þeim á sama, hvort þeir hefðu nokkurn prest eða engan. En hvernig getur þm. ímyndað sjer að þeir fari að leggja út í ófærð og illviður, sem verða að fara margar dagleiðir til þess að sækja fundinn? (*Jón Ól.*: Þeir geta farið til kirkju um leið). Ætli það verði ekki nokkuð margir, sem vilji heldur komast hjá slíku ferðalagi, og svo geti liðið langur tími, jafnvel svo árum skiptir, að enginn lögmætur kjörfundur verði haldinn og enginn prestur kosinn.

Ræða þm. D. (J. G.) fannst mjer vera meira í loptinu en á jörðunni. Það væri sannarlega gott og æskilegt, að söfnuðurinn tæki mest tillit til hæfilegleika prestsins, eins og þm. D. vill vera láta; en það er svo að sjá, sem þm. hafi enga reynzlu í heiminum. Það er eins og hann ímyndi sjer, að allir landsbúar sjeu hreinir englar. Það mundi sannarlega fara svo, að söfnuðirnir tækju til greina margt annað en eingöngu hæfilegleika prestsins. Í 1. gr. frv. stendur: „*Allir sóknarmenn* í því prestakalli *kjósa* sjer *prest*“. En ef $^1/_4$ eða $^1/_2$ af söfnuðinum er mormónar, eiga þeir þá líka að kjósa og ef til vill ráða kosningu prestsins? Sjálfsagt. Ætli þeir fræði ekki ungdóminn vel eptir hugmyndum þm. D? Það má heita skrítið, að þm. D. vill binda kosningarfrelsið við landsfjórðunga; því ekki við sýslurnar? þar þekkja sóknarmenn bezt til. Það getur vel verið, að þegar $^2/_3$ sóknarmanna eru komnir á fund, þá þekki $^1/_3$ fundarmanna einn prest fyrir utan fjórðunginn, sem er langhæfastur og langbezt að sjer, en þeir fá því ekki framgengt, að fá hann kosinn, heldur verða þeir að fara eptir hinum, sem þekkja bezt einhvern annan innanfjórðungs, og þó mest eptir fortölum einstakra manna. Viðvíkjandi því, að veitingarvaldið fari ekki ávallt eptir úrskurði biskups, þá getur verið að svo sje, en hann sagði sjálfur, að það færi eptir einhverjum skýrslum, sem það fengi, en það mundi víst optast vanta að þær væru svo greinilegar, að sóknarbændur höguðu kosningu sinni eptir þeim. Jeg sje sannarlega ekki meiri ástæðu til að landsbúar kjósi þessa embættismenn en hverja aðra, enda vilja Dalamenn — og þá sjálfsagt þm. líka — eptir því sem sagan segir, einnig kjósa sýslumenn sína.

Þorkell Bjarnason: Þm. Rv. (H. Kr. Fr.) þótti það fárlegt, að sveitarómagar skyldu mega kjósa prest sinn, af því þeir hefðu ekki kosningarrjett til hreppsn. og sýslun. En það, að þeir ekki hafa kosningarrjett til sýslun. og hreppsn., er af því, að þær n. hafa með höndum fjármál sveitar og sýslu, og af því að þeir leggja ekkert til landsins þarfa, þá taka lögin þennan rjett frá þeim. En presturinn er enginn fjármálamaður sveitarinnar eða prestakallsins. Hann er kallaður *sálusorgari*, af því hann á að styðja að sálarheill sóknarbarna sinna, og fátæklingurinn hefur eins fyrir sálu að sjá eins og hinir, sem auðugir eru. Jeg held einnig, að prestarnir verði að játa, að fátæklingarnir biðji eins opt Drottinn sinn og hinir ríku, og að hjá þeim megi finna guðsótta og góða siði. Jeg held það sje því sannarlega hart, að svipta fátæklinginn þeim

rjetti, að mega kjósa þann *sálusorgara*, sem hann treystir bezt, og það ekki sízt þegar hann borgar sálusorgaranum, prestinum; eptir mínu áliti á hver sá, sem notar prestinn, rjett á að kjósa hann. Þá minntist hinn sami h. þm. á það, að *mormónar* mundu geta ráðið prestakosningum; en jeg held að þeir, sem opinberlega eru mormónar, hvorki telji sig sjálfir til þjóðkirkjunnar nje aðrir telji þá það, enda held jeg þeir borgi ekki sóknarprestinum, svo það mundi varla koma fyrir, að presturinn yrði kosinn af þeim.

Jakob Guðmundsson: Það var svo meinlaust og lítilsvert, sem þm. Rv. sagði viðvíkjandi því, sem jeg sagði áður, að jeg hef ekki annað um það að segja en það, að hafi mín ræða verið «í loptinu», þá var hans ræða svo fyrir ofan allt lopt, að jeg vona hún komist ekki ofan í þingsalinn áður en gengið er til fullnaðaratkvæða í þessu máli.

Atkvgr.: Brt. (C 224) samþykkt með 14 atkv. Frv. allt með áorðinni breytingu samþ. með 15 atkv. Síðan sent aptur til e. d.

Lfrv. um löggilding nýrra verzlunarstaða (C 204); 3. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg efast ekki um að þd. muni ekki sleppa hendinni af þessu máli eptir undirtektum þeim, sem það fjekk við 1. og 2. umr. Jeg er viss um, að þd. hefur sannfærzt betur og betur um það, að það er rjett stefna sem hún hefur tekið í þessu máli og eigi að eins rjett, heldur og nauðsynleg og óumflýjanleg. Það er annað aðalatriðið í verzlunarmáli Íslands að gjöru alla flutninga sem kostnaðarminnsta, og spara allan óþarfa kostnað við ferðalög á verzlunarstaðina. Þetta mál er því náskylt öðru höfuðvelferðarmáli landsins, að auka samgöngurnar á sjó og landi. Gufubáturinn til ferðalaga eða flutninga hlýtur að kosta lsj. eða sýslufjelagið eitthvað töluvert og eins að ryðja vegi á landi, en það þarf engu til þess að kosta af almannafje þegar nýr verzlunarstaður kemur upp á einhverjum stað og gjörir ferðina óþarfa með gufubátnum eða eptir veginum; verzlunarstaðurinn bætir þannig betur úr örðugleikunum sem vegalengd og torfærur baka oss, en gufubátur, eða rudd braut. Jeg er því sannfærður um að þetta frv. nær samþykki deildarinnar.

En jeg veit að það er önnur hlið þessa máls, er hinn h. vinur minn 1. þm. Sm. (Tr. G.) hefur dregið fram, og það er hagur verzlunarstjettarinnar. Jeg er langt frá að vera móti verzlunarstjettinni, jeg vil miklu heldur lýsa yfir virðingu minni fyrir þessari stjett og jeg vildi fúslega geta eflt hana og styrkt í orði og verki. Veraldarsagan sýnir oss, að handiðnamenn og verzlunarstjett eru blessunarríkt fyrir hverja þjóð, og verzlunarstjettin fylgir framförunum hjá þjóðunum eins og skugginn líkamanum. En við hvaða verzlunarstjett á jeg, þegar jeg hef þessi orð um hana? Það getur eigi verið önnur en hin innlenda, sem er einn hluti af þjóðinni sjálfri, þar sem ekki aðrir teljast til en kaupmenn búsettir í landinu sjálfu. En því miður hagar eigi svo til hjer á landi. Nú er það sem jeg kemst í bága við 1. þm. Sm.; hann álítur að þessar mörgu löggildingar tvístri vörumagninu og skaði verzlunarstjettina; en þetta tók jeg ekki til greina, af því að hjer er ekki að tala um innlenda verzlunarstjett. Hann sagði $^2/_5$ hlutir verzlunarinnar væru í höndum innlendra manna. Þessi tala getur verið tvíræð, hún getur átt við tölu þeirra manna, sem verzlunina reka, eða þá við verzlunarmagnið, sem náttúrlega er það, sem til greina verður tekið. Setjum þá svo að þessir $^2/_5$ hlutir eigi við verzlunarmagnið og verzlunarágóðann. Nú er verzlunarmagnið 3—4 miljónir á ári, og verzlunarágóðinn var fyrir mörgum árum síðan eptir viðurkenningu stjórnarinnar 400,000 ríkisdalir, eða 800,000 kr. Látum það svara því, að ágóðinn sje hinn sami nú og þá, því að vörumagnið er orðið meira, um leið og prísarnir eru orðnir betri. Eigi nú innlendir menn $^2/_5$ hluti verzlunarágóðans, koma á þá 320,000 kr., en hitt gengur til útlanda, það er að segja 480,000 kr. Jeg bið hina heiðruðu þm. að athuga, að þessi straumur rennur *út úr* landinu, en ekki inn í landið, eða um landið; það er sami munurinn á því og hvort blóðið streymir *út úr* líkamanum eða um hann. Jeg vil biðja vin minn h. 1. þm. Sm., sem víst er lífið og sálin í hinni endurkosnu sparnaðarn., að athuga þetta vel og rækilega. Þó að sparnaðarn. geti fært niður um nokkur hundruð laun sumra embættismanna, þá verður það aldrei stórt og minna en ekki neitt í samanburði við þessi ósköp, sem landið og þjóðin tapar árs árlega. Það getur enginn

brugðið mjer um að jeg sje ofmikill vinur embættismannanna hjer í Reykjavík, en það get jeg sagt, að margir njóta góðs af launum þeirra, og framfarirnar hjer í Reykjavík styðjast að miklu leyti við þá peninga, sem ganga til embættismanna, en eru *ekki* að þakka að einu nje neinu *gullstraumnum*, sem rennur *út úr* landinu.

Jeg vona að hver maður sjái nú, að jeg er ekki móti verzlunarstjettinni í sjálfu sjer, heldur móti því herfilega og hryggilega verzlunarásigkomulagi, sem nú er, og sem hefur staðið, stendur og mun standa landi og lýð fyrir öllum þrifum, nema því sje hrundið í rjett horf.

En sje það nú satt að þetta verzlunarásigkomulag sje landinu til óbætanlegs skaða, á þá að bæta ofan á öllum kostnaðinum við flutninga á vörunum fram og aptur, eður til og frá fjarlægum kauptúnum? Þetta er þó að bæta gráu ofan á svart! Þm. D., tók jeg eptir, gat þess, að í hans *sýslu* einni saman mundi ganga um 26,000 kr. á ári til flutningskostnaðar á vörum í og úr kaupstað, en kæmust hagfeldir verzlunarstaðir á, þá mætti spara $^3/_4$ hluti af öllum þessum kostnaði, og er það ekki svo lítið fje í eina sýslu. sem má fá á hverju ári öllum kostnaðarlaust. Á alþ. Íslendinga að láta menn eyða þessu fje árlega, sem hvergi sjer staðar, og ekki kemur neinum að haldi nema ef vera skyldi kappi og geðþótta þeirra manna, sem halda dauðahaldi í eptirleifar einokunar og ófrelsis?

Dýrtíðin minnir oss þó sannarlega á, að gefa landsmönnum leyfi til að fá verzlunina sem frjálsasta og aðflutningana sem ódýrasta. En þegar *sá* dagur rennur, er jeg sje veðurmerki til þess að verzlunarfyrirkomulagið muni breytast og verzlunin gjörist innlend, í þessa orðs sönnu og rjettu þýðingu, já, þá skal jeg verða manna fyrstur til að hjálpa 1. þm. Sm. til þess að gefa hinum innlendu kaupmönnum forrjettindi, til þess að fjeð dragist ekki út úr landinu eins og hingað til.

Viðvíkjandi brt. (C 227) skal jeg vera fáorður. Jeg er að vísu ókunnugur þessum 2 stöðum, Sveinseyri vestra og Bakkafirði eystra, en jeg vil þó benda þd. á það, að allar hinar sömu almennu ástæður sem eru fyrir því að löggilda hina staðina eiga líka við þessa 2. Hefði ekki þessi brt. komið svo flatt upp á mig nú á sjálfum fundinum, þá hefði jeg betur getað kynnt mjer hvort nokkur sjerstakleg ástæða væri til að taka þessa 2 staði undan. Jeg verð að eins að byggja á skýrslum hlutaðeigandi manna. Undir bænarskránni um löggildingu Sveinseyrar standa sýslunefndarmaður, hreppsnefndin, oddviti hennar, hreppstjóri og fjöldi bænda, síðan er bænarskráin undirrituð og staðfest af sýslumanni, það er með öðrum orðum: skýrslan er lögteiknuð, sönnuð. Þessir menn segja að sparast muni fyrir sveitarfjelagið 1200 kr. árlega til flutninga, af því að flytja þarf mikið af salti þangað frá næsta kaupstað 2 mílur á sjó, sem reyndar er ekki svo langt en er hættuleg sjávarferð, því allir vita, að salt er einhver hinn versti flutningur og hættulegasti á sjó, á smáförum eður opnum skipum. Annað atriði, sem mikils er um vert, er það, að strandferðaskipið mundi koma við á Sveinseyri, ef hún yrði löggilt, til mikils gagns fyrir bændur. Jeg sje að fyrstur á blaði undir þessari brt. er einn þm. frá Vestfjörðum (Th. Th.), og kom mjer til hugar þegar jeg sá nafn hans, að ber er hver á baki sjer nema bróður eigi.

Viðvíkjandi Bakkafirði á Langanesströndum, þá er jeg ekki fullkunnugur þar, en það sjer hver maður af kortinu, að þaðan er löng og erfið leið í næstu kaupstaði. Bænarskráin um lögildingu þessa staðar er eins undirskrifuð af hreppsnefndarmönnum og mörgum bændum.

Jeg er því sannfærður um, að þingið finnur eigi næga ástæðu til þess að fella þessa 2 staði burtu úr frv., og muni þess vegna ekki láta brt. þessa fá á sig, einkum þar eð hún er komin í ótíma rjett undan atkvgr.: mjer kemur eigi til hugar að ætla hinum h. þm., sem undir hana hafa skrifað, að þeir hafi komið með hana svo seint til þess að menn gætu eigi áttað sig á henni, jeg vona einmitt að menn átti sig á henni þó að tíminn sje stuttur og sjái að það er engin ástæða til að aðhyllast hana.

Tryggvi Gunnarsson: Þar eð hinn h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) hefur enn sem fyr vikið orðum sínum til mín, þá vil jeg virða orð hans svo mikils og taka enn þá einu sinni til máls um þetta efni, þó að jeg álíti fullrætt um það við 2. umr., og engu nýju sje við að bæta. Jeg skal eigi rekja hvað «hann sagði» um þetta og hvað «hann sagði» um hitt. eins og vissir þingm. hjer í deildinni gjöra, heldur líta á málið í heild sinni. (*J. O.*: Til þess að komast hjá spurningum 2. þm. Nm.) Nei! til að svara honum

um leið. Jeg skal enn þá einu sinu sinni leggja á vogarskálarnar það sem jeg hygg að sje þungt á metum móti löggildingunni og ástæðum sem færðar hafa verið fyrir henni, af því mjer virðist, að þingm. ekki vilji skilja þetta. Jeg spyr enn: Vill þingið styrkja hina innlendu verzlun eða eigi? Þingið kveðst vilja gjöra það, og jeg veit að það er svo; en gjörir þingið það með því að gjöra að engu hin einu forrjettindi sem innlendir eða búsettir kaupmenn hafa haft samkvæmt lögunum af 7. nóv. 1879? Jeg skal taka dæmi sem verður að vera hverjum manni ljóst. Innlendur og búsettur maður hefur verzlun á einhverjum stað þar sem ekki geta fleiri sótt verzlan en svo, að hann rjett komist af, en svo einn góðan veðurdag löggildir þingið tvær víkur, sína á hvora hlið við hann; þangað streyma útlendir lausakaupmenn; þeir hafa minni kostnað en hann og taka frá honum mikið af sumarverzlun hans, en hann situr eptir með vetrarverzlunina þegar lítið er borgað út í hönd og mest er tekið til láns. Er þetta að styðja innlenda verzlan? Hugsar þingið sjer að styðja innlenda verzlun með því að fjölga sem mest útlendum lausakaupmönnum með því að gefa þeim ótakmarkaðan verzlunarrjett? Hugsar þingið sjer að eyða útlendri verzlun og fækka útlendum kaupmönnum með því að bæta við tölu þeirra? þann reikning skil jeg ekki. Er það rjettlátt af þinginu, að skipa þannig lög og rjett innlendra og útlendra kaupmanna, að útlendingar sem verzla af skipum hafi eigi að eins jafnrjetti, heldur og meiri rjett? því að hinir innlendu eða búsettu kaupmenn gjalda til allra stjetta, til sveitar og lsj., en hinir ekkert annað en toll.

Enn vil jeg spyrja menn, hvort þeir ætli eigi að meira gagn sje að einni kröptugri verzlun, en 4 smáum, sem eigi hafa efni á að byrgja sig undir veturinn af nauðsynjavörum hvað sem upp á kann að koma fyrir menn og skepnur?

Enn þá einu sinni skal jeg leggja á metaskálarnar þá spurningu, hvort eigi verði meiri umsvif og margfalt minni trygging að þurfa að ganga eptir tollum á mörgum stöðum en fáum, að þurfa að eiga það undir 3 til 6 umboðsmönnum sýslumanns í hverri sýslu? Ætti lsj. eigi ekki betri og vísari skuldastaði hjá búsettum mönnum og «heimilisföstum» í landinu sjálfu, en einhverjum farfuglum utan úr löndum? Jeg vona að þeir menn sjeu hjer í salnum, sem eru mjer samdóma um svar gegn þessu.

Enn verð jeg og að benda á það, að það er mjög efasamt, hve þungar þær eiga að vera á metunum þessar áskoranir og bænarskrár um nýja verzlunarstaði, því að eigi er fullsýnt með þeim, að þetta mál sje áhugamál þjóðarinnar, þó mjer komi eigi til hugar að gjöra lítið úr raustum þeim, sem berast til vor þm. utan úr landinu. Jeg skyldi kannast við, að það væri áhugamál, sem að gagni mætti verða, ef sýslunefnd þess hjeraðs mælti með löggildingunni og því væri samfara ósk einhvers að búsetja sig á staðnum; þá væri ástæða til að samþykkja löggildinguna.

Hinumegin á vogarskálunum sje jeg ekki neitt annað en það, að reyna að ljetta flutningum manna; en jeg segi að það sje gjört fullnægjandi með lögunum frá 1879, það er að segja á öllum þeim stöðum, sem auðsjeð er að fastur verzlunarstaður aldrei getur komizt á. Mjer fyrir mitt leyti þykir líklegast, að eptir 10 ár verði ekki komin föst verzlun nema á örfáa af þessum 10 stöðum.

Jeg þykist sjá hverju fram muni fara í þessu máli hjer í þd., og ætlaði því ekki að tala í þessu máli aptur, en þar eð formælendur þessa máls, eða höfuðflutningsmaður þess, beindi orðum sínum sjerstaklega til mín, þá áleit jeg mjer skylt að benda á þau mótgögn, sem ættu að takast til greina þegar mál þetta er vegið til síðustu úrslita.

Jón Ólafsson: Hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) heldur því fram, að með því að löggilda nýja verzlunarstaði væri skertur rjettur hinna búsettu kaupmanna. Hann sagði, að ef einn búsettur kaupmaður hefði að eins svo stórt svæði, sem hann hefði verzlunarviðskipti við, að hann gæti þrifizt, en svo væru löggiltir svo sem 3—4 verzlunarstaðir í kring um hann, þá hlyti hann að fara á höfuðið, og gæti ekki lifað. Á alþingi að vera forsorgunar-stofnun fyrir prangara og mangara? Hann gleymir því líka, að allir kaupmenn vorir eru ekki búsettir, heldur hafa hjer að eins faktora sína, en þingið hefur enga ástæðu til að hlynna sjerstaklega að þessum selstöðu-kaupmönnum. Nú keppa líka spekúlantarar við kaupmenn, og liggja fyrir framan verzlunarhús þeirra; ef þm. hefði verið búinn að hindra verzlun *þeirra,* þá fyrst hefðu orð hans haft við eitthvað að styðjast, en eins og nú er, við alls ekkert. Hann hefur sjálfur, þó

verzlun hans sje sú selstöðuverzlun, að hún á ekki einu sinni varnarþing hjer á landi, sent spekúlantaskip til að keppa við aðra kaupmenn, og ekki þá gjört sjer skrúflur út af því, sem kaupmaður, að keppa við *virkilega innlenda* kaupmenn, þó honum nú sem þm. þyki þetta svo illa gjört. Honum er það alls ekki láandi, þótt hann hafi svo gjört sem kaupmaður, því það gjörir hver kaupmaður að líta á *sinn hag*, en ekki keppinauta sinna. en það er þessi ósamkvæmni milli 1. þm. Sm. sem kaupmanns og þm. sem jeg vildi sýna. Það er ávallt leiðinlegt, að þurfa að endurtaka það, sem maður hefur nýlega sagt; en báðar hinar tvær aðrar ástæður þm. Sm. hafa þegar áður komið fram frá hans hendi og verið hraktar, en það er eins og að stökkva vatni á gæs; þær koma jafnharðan aptur, eins og þær hefðu aldrei verið hraktar, og þetta neyðir mig til að endurtaka andmæli mín. Hann sagði, að þegar sú stefna væri ríkjandi, að aftaka öll föst gjöld og breyta þeim í tolla, þá gæti það verið hættulegt að fjölga mjög verzlunarstöðum, með því þá mundi svo örðugt með innheimtu á tollunum. Nú sem stendur eru ekki margir sýslumenn búsettir í verzlunarstöðum, og hafa þeir sína umboðsmenn til þess að krefja inn tollinn; jeg get ekki sjeð, að það gjöri þeim stórt til, sem nú hafa tvo umboðsmenn, þótt þeir bæti hinum þriðja við. Viðvíkjandi því, sem hann talaði um sóttvarnirnar, skal jeg taka það fram aptur, sem jeg sagði um daginn, að það eru ekki kaupskipin, sem vanalega flytja sjúkdómana hingað til lands, heldur eru það fiskiskúturnar, sem takmarkalaust sigla upp á hverja vík og vog. Hinn háttv. þm. bað þingið að «yfirvega» vel orð sín og ástæður; jeg vona þær hafi verið vegnar og ljettar fundnar, enda virtist mjer hann sjálfur kannast við það að nokkru leyti.

Th. Thorsteinson: Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að jeg mundi koma með brt. við þetta frv. og skýrði um leið frá, hvers vegna jeg gjörði það. Jeg álít að það eigi ekki að löggilda þar verzlunarstaði, þar sem ómögulegt er að þeir komi að nokkru gagni, eða að nokkur mynd verði á þeim. Jeg held að skýrslan um Sveinseyri sje ekki svo áreiðanleg, sem hún ætti að vera. Hinn h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) sagði, að það væri kynlegt að maður af Vestfjörðum skyldi standa undir brt. Það virðist mjer ekki svo undarlegt, af því jeg sem Vestfirðingur þekki einmitt þar best til, og finn það skyldu mína, að gefa þinginu þær upplýsingar viðvíkjandi stöðum á Vestfjörðum, sem jeg get í tje látið. Jeg held að þessi 1000—1200 kr. kostnaður, sem skýrslan talur um, sje ímyndaður kostnaður, en alls ekki rjettur reikningur, eða rjett sem hun segir í því efni. Slíkir verzlunarstaðir sem Sveinseyri, ef hún yrði löggilt, þar sem ekkert vörumagn er, yrði að eins til þess, að auka brennivínssölu og yfir höfuð sölu áfengra drykkja; og að hægra yrði að brúka tollsvik, já, þessir mörgu smáverzlunarstaðir mundu verða til að dreifa höndlunarkeppninni, sem þó flestir munu játa að sje góð og nauðsynleg; eg gæti vel ímyndað mjer að þegar þessi sem jeg tel of frjálsa stofnun er komin á fót, þá verði í hverjum firði menn sem að vísu eru taldir kaupmenn en í raun og veru væru rjettarar kallaðir okrarar. Þar sem skýrslan talar um að Tálknfirðingar gætu fremur haft gagn af gufuskipaferðunum, ef þar yrði verzlunarstaður, þá held jeg það sje eins og fleira í henni gripið úr lausu lopti. Gufuskipin eru alls ekki bundin við kaupstaðarnafnið tómt, og jeg tel mjög óvíst að gagn yrði að löggildingunni í því tilliti. Hvað Bakkafjörð snertir, þá er jeg þar ekki eins kunnugur; en jeg hef þar farið eptir kortinu og þeim upplýsingum, sem jeg hef getað fengið, og mun þar vera líkt ástatt og með Sveinseyri. Yfir höfuð gjörir fólk sjer rangar hugmyndir um hvað það þýðir að löggilda og búa til svo mörg kauptún, að enginn kaupmaður getur fengið svo mikið af vörum, að það nemi fullum skipsfarmi.

Benidikt Sveinsson: Hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) blandaði saman búsettum kaupmönnum og faktorum, og fór eptir því sem mjer virtist kringum málið. Þar sem hann talaði um að betra væri að hafa fáar verzlanir öflugar, en margar meinlitlar, þá vil jeg heldur hafa veika einokunarverzlun en öfluga, og vildi helzt að þær gætu ekki lengi staðizt á Íslandi. Hvað eptirlitið með tollinum snertir, þá er það mest byggt á skýrslum, tollskrá skipanna og vottorðum faktora upp á æru og samvizku; það er sjaldan að farmur skipsins sje rannsakaður, þótt það geti komið fyrir. Þar sem hann talaði um að það væri óhæfilegt að bæta því ofan á tollbyrðina, að löggilda fjölda verzlunarstaða, þá virðist mjer það vera til þess að gjöra tollbyrðina enn ljettbærari, að ljetta mönnum aðflutninga. Hvað það snertir, hvort það sje almenn ósk að fá þessa staði löggilta,

þá er ekki náttúrlegt, að allir menn á landinu biðji um að fá hvern einstakan stað löggiltan, en alstaðar hafa þeir sem kunnugastir eru hverjum stað fyrir sig, óskað að fá þá löggilta, svo að þeim yrði ljettari vöruflutningarnir. Hinn 1. þm. Ísf. (Th. Th.) kvaðst hafa komið með brt. af því að hann væri svo kunnugur fyrir vestan og vissi að þar nefnil. á Sveinseyri væri engin þörf á nýjum verzlunarstað, en er hann þá svo kunnugur á Langanesi líka? það hygg jeg ekki muni vera, og jeg held að það hafi eitthvað verið fleira en kunnugleiki sem kom honum til þess að skrifa undir brt. um Bakkafjörð. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að jeg verð að taka meira tillit til skýrslu þeirrar um Sveinseyri, er hjer liggur fyrir, og sem er svo formleg í öllum greinum, en til framburðar 1. þm. Ísf., þótt jeg ekki efist um, að hann hafi vilja á að segja satt. Mjer þykir hörmulegt að heyra það á hinum h. þm., að hann skuli heldur vilja, að Tálknfirðingar, er þeir eiga erfitt með að ná salti, kaupi það ólöglega af Frökkum, en að þeim gefist kostur á að kaupa það löglega á löggiltum verzlunarstað. Það er alls ekki rjett að neyða menn til að gjöra það, sem ólöglegt er.

Forseti: Mjer finnst nú að þessar ræður sjeu farnar að verða heldur langar, og óþarfar. Jeg hef leyfi til þess eptir þingsköpunum að takmarka umræðurnar, ef mjer þykir þær ganga úr hófi, en jeg mun láta það dragast í lengstu lög, að taka af mönnum orðið, en nú þykir mjer umræðurnar sannarlega keyra úr hófi. Þetta mál hefur verið rætt hjer þing eptir þing, og nú seinast þegar málið var til annarar umræðu, gekk meira en hálfur annar tími til að ræða það. Allt, sem rætt hefur verið um það í dag, er tóm endurtekning frá því í fyrra dag við 2. umr. málsins. Jeg get sannarlega ekki annað álitið en að slíkt sje að eyða tíma og fje þingsins til einskis. Það hafa nokkrir þingmenn beðið um orðið og ætla jeg ekki að taka það af þeim í þetta skipti. 1. þm. Ísf. stendur næstur til að fá orðið. *(B. Sveinsson:* Hvað mig snertir, þá hefi sagt það eina, sem aldrei er um skör fram brýnt fyrir þingmönnum og tek ekkert orð mitt aptur)!

Th. Thorsteinson: Það var hreint ekki meiningin hjá mjer, að hvetja menn til þess að verzla ólöglega; það er mjer því óskiljanlegt hvernig hinn háttvirti 2. þm. Norðurm. (B. Sv.) hefur skilið orð mín svo; það var einasta þessi athugasemd sem jeg ætlaði að gjöra.

Atkvgr.: Brt. 8 þm. við fyrirsögn frv. (C 220) sþ. með 18 atkv.; brt. 6 þm. (C 227) við staflið *a* felld með 12:5; brt. við *d* felld með 13:5; frv. í heild sinni sþ. m. 15 atkv. móti 1. Síðan sent efri deild.

Lfrv. um horfelli á skepnum (C 203); 3. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarson): Jeg skal leyfa mjer að gjöra nokkra grein fyrir brt. þeim, sem n. hefur komið fram með (C 204.) N. vildi vinna allt til og gjöra alla þá tilhliðrun, sem hún framast mátti, til þess að málið fengi framgang. Þess vegna hefur n. stungið upp á nokkrum breytingum á frv., sem miða til þess að setja ákvörðunum, hvaða hegning skuli liggja við hinni of algengu illu meðferð á skepnum, hvað fóðurskort og húsleysi snertir, því að áður hefur engin ákvörðun verið um slíkt í lögum vorum. N. áleit tiltækilegast að hafa sektirnar lágar, því að þegar meðferðin er svo ill, að hún verður talin grimmdarfull meðferð, þá hefur hún ætlazt til að brotið heyrði undir 299. gr. hegningarlaganna, og hefur hún stungið upp á nýrri gr. um það efni. Mál þetta skiptir mjög miklu og jeg held, að ef frv. yrði lög, þá mundi það koma töluvert í veg fyrir það þjóðarmein vort, hinn allt of algenga horfelli á skepnum er.

Ólafur Pálsson: Jeg held að þetta frv. þurfi umbóta við. Jeg sje engan veg til þess, hvernig menn eiga að fara að setja á hey, þar sem engin hey eru til. Jeg þekki margar jarðir í Skaptafells- og Rangárvallasýslum, þar sem menn hafa ekki neina svo sem vikuforða að haustinu, en fjeð lifir að eins á útigangi. Eiga þeir menn, sem búa á slíkum jörðum, að sektast eptir sömu reglum og hinir, sem eru á heyskaparjörðunum? Jeg segi nei, því það er ómögulegt, og þeir sem eru á hagagöngujörðunum geta verið betur komnir með sitt fje í mörgum vetrum en hinir á heyskaparjörðunum, máske á vondu heyi, hröktu og illa verkuðu. Skepnur geta og opt horast af veikindum, og hver getur þá dæmt um, hvort skepnan hafi drepizt úr hor eða úr veikind-

um? Það þyrfti að hafa dýralækna til að dæma um slíkt, og mundi það þykja of mikil útlát ef þeir væru í hverjum hrepp landsins. Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett, að láta sektina ná jafnt til allra, og get því eigi gefið frv. atkvæði mitt eins og það nú er lagað.

Grímur Thomsen: Jeg vil leyfa mjer að beina einni spurning til hinna löglærðu hjer í salnum. 299. gr. hegningarlaganna hljóðar svo: «Hver sem verður brotlegur í þrælslegri misþyrmingu eða annari grimmdarfullri og miskunarlausri meðferð á skepnum, einkum húsdýrum, skal sæta sektum allt að 100 rd. (200 kr.) eða einföldu fangelsi allt að 4 mánuðum». Eptir þessari grein vill n. láta dæma þann mann, sem fellir fjenað úr hor, og er um að kenna vísvitandi hirðuleysi. Nú vil jeg spyrja: getur dómarinn, þótt þetta frv. yrði að lögum, með góðri samvizku beitt þessari hörðu 299. gr. hegningarlaganna, ef það sannast upp á mann að hann hafi fellt fjenað sinn úr hor, og ekki er öðru um að kenna en vísvitandi hirðuleysi? Mjer virðist það mjög vafasamt, hvort þessi 3. gr. n. geti staðizt eptir núgildandi lögum, og hvort hægt er að rýmka svo eina gr. í hinum almennu hegningarlögum, að hún nái hjer til. Fái jeg ekki fullnægjandi svar í þessu efni, get jeg ekki greitt atkvæði með frv.

Eiríkur Briem: Jafnvel þótt þm. Bf. (Gr. Th.) hafi beint spurningu sinni að sjerstökum mönnum í þd., þá vil jeg þó leyfa mjer að taka það fram, að hjer liggur fyrir brt. við frv. frá sjálfri nefndinni og fl., er gjörir glöggan og skýran greinarmun á því, að þegar fjenaður fellur svo að «grimmdarfull meðferð verður talin», þá *að eins* verði það brot heimfært undir 299. gr. hegningarlaganna, þá að eins er um sakamál að ræða, annars ekki.

Viðvíkjandi orðum þm. Vsk. (Ó. P.), er honum þótti ákvörðunin um sektirnar í brt. allt of hörð og ætlaði, að það mætti ekki nokkuð við því liggja, að láta fjenað falla fyrir fóðurskort og hirðuleysi, þá er auðvitað víða örðugt að geta haft nægilegt hey og húsrúm, en allt um það er ekki nauðsynlegt og ekki rjett, að setja fjenaðinn á útiganginn einan án allrar umhirðingar og eptirlits, og það er einmitt þessi aðferð, sem getur orðið svo háskaleg jafnvel fyrir heil hjerð, þegar eitthvað ber út af; að minnsta kosti sje jeg ekkert á móti því, að leggja sektir við því, þegar fjenaður er látinn dragast fram og drepast úr hor og hungri eða fyrir handvömm og hirðuleysi, því allt af má þó skera skepnurnar og það sjer að skaðlausu, þegar það er sýnilegt að þær geta eigi lifað. Hjer er ekki um það að ræða þó að einstaka skepna drepist úr meinsemd — það var misskilningur hjá þm. Vsk. — Það liggur enginn sekt við því, heldur einungis hinu, þá er það er fyrir «fóðurskort og hirðuleysi», og *þetta* verður að sannast að svo hafi verið, ef um sektir á að vera að ræða. Sektirnar eru ekki meiri en 20 kr., svo jeg held það sjeu lítil líkindi til, að það gæti orðið tilfinnanlegt ranglæti að því, hvernig þeim væri beitt; en á hinn bóginn gæti það þó haft töluverða þýðingu að hægt væri að láta menn sæta sektum, sem t. d. hefðu einkisvirt góðviljuð ráð hreppsnefnda um ásetning og meðferð á skepnum og fellt svo skepnur sínar fyrir fóðurskort eða hirðuleysi.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Annar þm. Hv. (E. Br.) hefur tekið af mjer ómakið, að svara þm. Vsk. (Ó. P.); en jeg skal þó bæta því við, að þar sem mjer skildist þm. Vsk. þykja rangt að sekta fyrir það, þótt fjenaður falli úr hor á útigangsjörðum, þá þarf jeg ekki að fara austur í Skaptaf.sýslu, því jeg þekki þau tilfelli nær mjer, þar sem einmitt er fyllsta þörf á þessum sektum og þessum lögum, því það er ekki rjett, heldur rangt, að setja fjenað á engin hey, þó að útigangur sje og láta hann svo ganga hirðalaust eða hirðulítið þangað til hann fellur. Flestir hafa þó á útigangsjörðunum einhver ráð á ef þeir vilja að afla sjer einhvers fóðurs, og að minnsta kosti er það skylda löggjafarvaldsins, að skylda þessa menn til annaðhvort að bjarga fjenaðinum eða farga honum eða þá að drepa hann áður en hann verður *sjálfdauður* úr hor.

Ræða þm. Bf. var um eitthvað annað en uppást. nefndarinnar. Jeg held að hann hafi haft hinar fyrri uppástungur fyrir sjer. Hann lagði spurningu fyrir lögfræðinga þingsins og skal jeg ekki banna þeim að svara henni.

Ólafur Pálsson: Jeg heyri það, að jeg hefi komið nærri þessum 2 þm., er síðast töluðu, einkum hinum h. frms. (Þórar. B.). En nú vil jeg spyrja, hvað á að gjöra við fjenaðinn þar sem engin eru hey til á haustin og engar aðrar fóðurbirgðir, en þar sem aptur ámóti er útigangur góður? Jeg þekki

til dæmis jörð þar sem bóndinn hefur haft 3—5 hundruð fjár og allt á útigangi. Hvað á hann svo að gjöra eptir þessum lögum? Á hann að skera allt niður á haustin eða ekki nema helminginn, og svo hinn helminginn þegar harðnar um og fram á veturinn kemur? Jeg held það væri hart að skipa honum að gjöra það, enda væri það til þess að eyðileggja allan hans bústofn. Jeg sje ekki það sje mögulegt að beita þessum ákvörðunum og þar af leiðandi sektum við þá, er engin hafa heyin; að minnsta kosti get jeg ekki komið því saman.

Holger Clausen: Jeg skal tala stutt um þetta mál. Jeg sagði það við síðustu umr., að það væri óhentugt að setja því takmörk hvað bændur mættu setja á, og jeg vona þm. verði mjer samdóma um þetta, ef þeir hugsa sig um hvað margar kindur lifa nú, sem hefðu drepizt, ef seinasti vetur hefði verið slæmur og menn hefðu ekki borið traust til Guðs á næstliðnu hausti. Jeg skil ekki hvað neinn á með það að gjöra, að fara til annars manns og segja: «þú mátt ekki setja á svo og svo, heldur svo og svo». Því að það verða hinir ríkustu, sem bera þar ráðum fátæka bændur, sem ætið setja mest fje á minnst hey. Svo ætla jeg ekki að segja meira.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get ekki annað skilið en sú meðferð sje til, og gæti fyrir komið, er talizt gæti til grimmdarfullrar meðferðar á fjenaði, sem fellur, og heyri undir hegningarlögin, en sannist það ekki að hún hafi verið það, er ekki hætta búin að menn verði dæmdir án sannana. Það var misskilningur hjá þm. Vsk. (Ó. P.) að með þessum lögum væri gengið ofnærri rjetti Vesturskaptfellinga. Því þegar um útigang er að ræða, þá er munur á, hvort 100 fjár eða 20 kindur eru settar á jörðina, það er munur hvort 1 kind er um 1 þúfu, eða 1 kind um 10 þúfur. Það er og annað mál, að fjeð lifir lengur og getur lifað vel á útigangi, þegar það er vel hirt og því vel haldið til beitar, heldur en þegar það er látið ganga í hirðuleysi og trassaskap, sem getur átt sjer stað og kemur fram æðivíða, eins hjá Skaptfellingum og öðrum. Það er auðvitað að veikindi geta komið fram í hverri skepnu, en það mun mega sjá, hvort það er beinlínis af hor eða ekki, svo það kæmi naumast til greina að menn yrðu dæmdir fyrir það.

Atkvgr.: Brt. við 1. gr. (C 204) samþ. með 13 atkv.; brt. við 2. gr. sþ. með 15; brt. við 3. gr. (ný gr.) sþ. með 14:1. Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með 13 atkv., og síðan sent e. d.

Frumvarp til laga um stofnun frjálsra (sjerstakra) safnaða innan þjóðkirkjunnar (C 178); 2. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Það eru að eins komnar fram 2 brt. önnur frá sex h. þm. (C 203), sem er að eins orðabr., að í st. f. «frísafnaða» k. «Lausasafnaða». Jeg ætla ekki að eyða orðum að þessari brt., heldur skoða hana, sem «lausatillögu» fyrst um sinn, þangað til einhver þm. gjörir grein fyrir henni. Brt. frá n. eru mestpart orðabr. (C 202), að «frísöfnuður» k. f. «frjáls söfnuður» og svo aðrar þar af leiðandi br. En við 2. gr. er efnisbr. N. stingur upp á að síðari hluti þeirrar greinar falli burt, og býst jeg ekki við að nokkur þm. sakni vinar í stað þó að það falli. N. bjóst við að einhver þm. er fyndi sig færari til, mundi koma með br. um þetta eptir því sem orð þeirra fjellu við síðustu umr., en þar eð það hefur ekki orðið þá fellir hún þetta í burtu að sinni, og mun svo, ef enginn verður annar til að koma með annað í staðinn til 3. umr.

Það helzta, sem haft hefur verið á móti þessu frv., er það, að það sje ekki veruleg þörf á því. Jeg skal játa að það er ekki á mörgum stöðum, og jeg skal einnig játa, að n. hefur haft sjerstaklega tillit til eins safnaðar. Jeg skal ekki leggja dóm á hverjar þær ástæður eru, að þessi söfnuður er skilinn við prest sinn, og allra sízt skal jeg áfellast þann heiðursmann, sem þar er prestur; en jeg álít að þar sje þó komið svo nú, að það sje stirt af þinginu, ef það vill ekki stíga nokkur spor til að laga það. N. d., e. d., já, stj. samþykkti l. í sömu stefnu: um leysing á sóknarbandi. Jeg gat ekki haft þá æru að vera því frv. meðmæltur, því þá fann jeg *enga* þörf, enda er sú þörf ekki komin fram enn í dag. En hjer þekki jeg þörf, þótt ekki sje hún nema hjá einum söfnuði, og sje það nauðsynlegt, að veita þetta leyfi einstökum mönnum, þá eru það einmitt þessir menn, sem sjerstakur söfnuður er miðaður við. Jeg þori ekki að segja að jeg sjái feigðarsvip eða lífssvip á nokkru frv., en fremur sýndist mjer feigðarsvipur á

frv. um kosning presta; en færi nú svo það feigt væri, þá gæti orðið ástæða til þess á einum stað og fleirum að neita þessum lögum í sambandi við hin lögin frá þinginu.

En skyldi frv. um kosningar presta verða að lögum, þá er að minni ætlan því meiri ástæða til að þetta frv. geti líka orðið að lögum, því skyldu söfnuðirnir fá leyfi til að kjósa presta sína, þá mun að mínu áliti ánægjan ekki fara vaxandi, heldur þvert á móti minnkandi hjá mörgum, hjá öllum þeim, sem undir verða í kosningunum.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að eins, í viðbót við það sem frsm. sagði, að biðja þingmenn að gæta að *efninu* í þeirri brt., er fer fram á, að fella burt úr frv. það, sem var mest hneyxlunarhella fyrir þm. við 2. umr. málsins. Það voru svo margir á móti ákvörðuninni í 2. gr. frv. um endurgjaldsskyldu lsj. til prestanna, að n. hefur viljað verða við óskum þeirra og fella niður þessa ákvörðun, svo jeg vona þeir játi, að hún hefur reynt til að miðla málum til hins ýtrasta með því að taka burtu þessa hneyxlunarhellu. Jeg skal svo ekki mæla meira um málið. Jeg vona að þd., eptir að hún hefur athugað br. n., sjái ekki þá galla á frv., að hún leyfi því ekki að ganga til 3. umr. Jeg vona líka að þd. sje mjer samdóma um, að það sje þörf á þessu frv., og vilji koma því í sem bezt lag, enda lítur svo út, sem þm. hafi fellt sig við brust. n., þar eð enginn hefur komið með brt. nema n. sjálf.

Þórður Magnússon: Jeg vildi leyfa mjer að gjöra eina aths. við þetta frv. Mjer skilst svo sem þó brt. sú, sem n. hefur komið fram með við 2. gr., verði sþ., þá muni þó þeir prestar, sem missa nokkuð af tekjum sínum, eiga aðgang að lsj.; þeir munu skjóta máli sínu til dómstólanna, og jeg geng að því sem vísu, að þeir muni vinna mál sín, og lsj. svo verða að borga þeim tekjumissinn.

Eiríkur Kúld: Jeg er samdóma hinum h. 2. þm. Isf. (Þ. M.) um það, að lsj. muni verða að borga prestum tekjumissi sinn. Það er viðurkennt, að embættismaður, sem þegar er í embætti skipaður, skuli einskis í missa af tekjum sínum, þótt breyting verði á embættinu. En hjer missir eigi að eins presturinn, heldur einnig kirkjan, og kirkjan má með engu móti missa tekjur sínar. Sundrung safnaðarins álít jeg mjög óheppilega, og álít að alþingi ætti ekki að styðja að því að hún geti orðið. Jeg vildi enn fremur leyfa mjer að spyrja um eitt. Í 3. gr. stendur, að lausasöfnuðirnir sjeu undir yfirumsjón hlutaðeigandi prófasts og biskups, og verði að hlýða lögum þeim og tilskipunum, sem gilda í þjóðkirkjunni, en þó geti kirkjustjórnin gjört einstakar undantekningar um helgisiði og fleira eptir sameiginlegri ósk lausasafnaðarins og prests hans. Nú get jeg hugsað mjer að kirkjustjórnin ekki vilji fallast á þær undantekningar um helgisiði, sem prestur lausasafnaðarins fer fram á, og ef presturinn þá ekki hlýðnast kirkjustjórninni, hver á þá að setja hann af, eða hvað liggur við því ef hann ekki hlýðir? Um þetta atriði vildi jeg óska ákvörðunar í frv.

Landshöfðingi: Við hina fyrri umræðu þessa máls kom fram sú aðalmótbára á móti frv., að af því mundi leiða byrði fyrir lsj. Nú hafa ustm. viljað komast hjá þessu með því að nema burt þá ákvörðun, sem varpaði byrði á lsj. Hinn h. 2. þm. Ísf. (Þ. M.) hreyfði því, að prestar mundu þó hafa rjett til að fá tekjumissi sinn endurgoldinn, og mundu þeir ná rjetti sínum hjá dómstólunum. Jeg skal nú ekki segja neitt um það, hvað dómstólarnir kynnu að dæma um þetta efni, en þó krafa prestanna ekki yrði viðurkennd við dómstólana, þá er mótbáran samt ekki fallin. Prestaköllin mundu rýrna mjög við það, að lausasöfnuðir mynduðust, svo að nauðsynlegt yrði að bæta brauðin meira upp, og er það þá auðsætt, að lsj. mundi þurfa að leggja meira fje til prestakallanna en nú er. Þessi brt. við frv. nemur því ekki burt byrðina af lsj. nema að nokkru leyti og um stundarsakir. Jeg verð að fallast á bendingar hins h. þm. Bst. (E. K.), er hann tók það fram sem ástæðu móti frv., hvílíka tvístrun í söfnuðunum gæti af því leitt, ef fleiri lausasöfnuðir mynduðust; jeg held að slíkar afleiðingar sjeu miður heppilegar, og ekki gott að sjá fyrir endann á þeim. Hinn h. frsm. tók það fram, að frv. þetta væri fram flutt að eins með tilliti til eins safnaðar, sem væri mikil nauðsyn á að fá rjettindi þau, er það heimilar. Jeg skal nú láta ósagt, hvort þessi nauðsyn á sjer nú stað, og ef hún á sjer stað, hvort hún þá ekki er sjálfsköpuð, en þótt þessi nauðsyn kynni að vera á einum stað, þá sannar það ekki að nein almenn nauðsyn sje fyrir hendi, og mjer getur ekki fundizt ástæða til að setja lög, sem nái jafnt

yfir alla á landinu, einungis með tilliti til eins safnaðar.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Hinn h. þm. Bstr. (E. K.) sagði, að embættismenn mættu einskis í missa af tekjum sínum. Þetta er ekki algild regla. Jeg veit til að prestar hafa verið látnir missa í af tekjum sínum eða rjettindum; þeir voru sviptir tíundarfrelsi, og það þótti þá rjettlátt. Hvað það snertir, að kirkjan mundi missa af tekjum sínum, þá þykir mjer mjög líklegt, að sá söfnuður sem myndast, muni nota sömu kirkjuna og þjóðkirkjusöfnuðurinn, og gjalda til hennar, og missir hún þá einskis í af tekjum sínum. Hinn h. þm. Bstr. var n. samdóma um það, að það væri ekki rjettvíst að láta lausasöfnuðinn gjalda til tveggja presta nje tveggja kirkna; kann ske hann geti líka orðið n. samdóma alla leið. Hvað 3. gr. snertir, skal jeg geta þess, að n. áleit, að lausasöfnuðir og prestar þeirra ættu að hlýða kirkjustjórninni, og það er því undir henni komið, hvort hún vill leyfa þær undanteknингar um helgisiði, sem lausasöfnuðir eða prestar þeirra kunna að fara fram á, en ef prestar lausasafnaða óhlýðnast kirkjustjórninni, þá liggur hið sama við því og ef vanalegir þjóðkirkjuprestar óhlýðnast. Hinn hæstv. lh. kom fram með mótmæli móti frv., sem að vísu voru á rökum byggð, eins og hans var von og vísa, en jeg get þó ekki lagt eins mikið í þau rök, eins og hann líklega gjörir sjálfur. Hann tók það fram, að brauðin mundu rýrna og mundi lsj. verða að bæta þau meira upp. Ef brauðin rýrna, þá verða þau líka hægri, og hægt að þjóna þeim fyrir minna, svo að ekki er víst að það þyrfti að bæta þau upp fyrir þá skuld; þar við bætist, að líkur eru til, að þeir, sem ekki eru með í fyrstu, verði með þeim, sem hafa kosið sjer sjerstakan prest, svo að hann verði prestur alls safnaðarins, og skerðist þá brauðið ekkert; það má að minnsta kosti ætla, að ástand það sem frv. fer fram á, verði að eins á fám stöðum og vari skamman tíma.

Um nauðsyn þá, sem liggur hjer til grundvallar, ætla jeg ekki að tala, því jeg hef þegar gjört það; hún liggur ekki fyrir nema á einum stað sem stendur, en jeg álít, að hjer liggi miklu meiri nauðsyn til grundvallar, heldur en þegar sóknarbandið var leyst; þá var ekki spurt eptir nauðsyn, en þar fann jeg hana sannarlega enga; en úr því að sóknarbandið var leyst, þá vona jeg að þetta frv., sem gengur í líka stefnu, komist nokkuð á leið.

Þá var eptir ósk 8 nafngreindra þm. samþykkt, að umræðunum skyldi hætt.

Atkvgr.: Brt. 6 þm. við fyrirsögn frv. (C 203) sþ. með 16 atkv.; brt. nefndarinnar við 1. gr. (C 202) sþ. án atkvgr.; 1. gr. frv. með áorðinni breytingu samþ. með 16:5, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 þm.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	H. Kr. Friðriksson,
Benidikt Sveinsson,	Egill Egilsson,
Eiríkur Briem,	Eiríkur Kúld,
Friðrik Stefánsson,	Grímur Thomsen,
Gunnlaugur Briem,	Th. Thorsteinson.
Holger Clausen,	
Jakob Guðmundsson,	
Jón Ólafsson,	
Lárus Blöndal.	
Ólafur Pálsson,	
Tryggvi Gunnarsson,	
Þórarinn Böðvarsson,	
Þórður Magnússon,	
Þorkell Bjarnason,	
Þorl. Guðmundsson,	
Þorsteinn Jónsson.	

Brt. n. v. 2. gr.: fyrri sþ. án atkv.greiðslu; síðari felld m. 12 atkv. gegn 8; 2. gr. frv. með áorðinni br. felld m. 15 gegn 4; 3. gr. sþ. m. 14 atkv. gegn 6; 4. og 5. gr. sþ. hvor um sig m. 16 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk hinna sömu 6 þm.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	H. Kr. Friðriksson,
Benidikt Sveinsson,	Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,	Eiríkur Kúld,
Holger Clausen,	Eiríkur Briem,
Jakob Guðmundsson,	Grímur Thomsen,
Jón Ólafsson,	Gunnlaugur Briem,
Lárus Blöndal,	Tryggvi Gunnarsson,
Ólafur Pálsson,	Þórður Magnússon,
Þórarinn Böðvarsson,	Þorlákur Guðmundss.
Þorkell Bjarnason,	Th. Thorsteinson.
Þorsteinn Jónsson.	

Tuttugasti og annar fundur, föstudag 27. júlí kl. 12—2½. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um stofnun háskóla á Íslandi (C 123); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal ekki lengja umr. að svo stöddu. Hin h. þd. sjer, að n. hefur yfir höfuð gjört mjög fáar og óverulegar br. við frv.

N. (nefndarálit C 201) hefur fyrst breytt nafninu «háskóli» í «landsskóli», af þeirri ástæðu, að það hefur litið svo út, sem þetta orð *„háskóli“* væri hneyxlunarhella í augum sumra manna, einkum af því, að það gæfi til kynna svo háfleygan og tignarlegan tilgang, að andlegir og líkamlegir kraptar þjóðarinnar gætu ekki undir því risið. Fyrir þessa sök hefur n. valið orðið «landsskóli», í þeirri von að það geti þó enginn hneykslast á því. Orðið «landsskóli» gefur ekki annað til kynna en það, að það er *skóli* fyrir landið í heild sinni til þess að bæta úr hinni bráðustu nauðsyn og kröfum þjóðarinnar og þeim allra minnstu kröfum til þingsins, að það skiljist sómasamlega við þetta mál. Það er einungis eitt atriði, sem n. hefur greint á um. Þetta atriði er, eins og þm. sjá, viðvíkjandi því sje, er nefndarmenn ráða þinginu að leggja til skólans. Jeg held því fast fram, að 4. gr. frv. sje ómissandi, svo framarlega sem þingdeildinni er nokkur alvara að sinna þessu máli, og ekki vill koma í mótsögn við sjálfa sig. Jeg get ekki samrýmt það, að stofnsetja skóla án fastra embætta og um leið stöðugra fjárframlaga, með öðrum orðum jeg get ekki ímyndað mjer skólann sem fasta stofnun án þess það sjeu föst embætti við hann. Mjer er ekki vel ljóst, hvernig hinir h. meðnefndarmenn mínir skoða málið frá þessu sjónarmiði; en jeg vonast eptir, að þeir á seinna stigi málsins gefi kost á því, að þessi mismunur á milli meiri hlutans og minni hlutans minnki. Það er ekki mín meining, að það liggi nokkur nauðsyn fyrir, að fjeð verði greitt til skólans á þessu fjárhagstímabili. Jeg held mjer að eins til 10. gr. Stj.skrárinnar: «Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrv., sem alþingi hefur fallizt á, á undan næsta reglulega alþingi, er það fallið niður». Mjer er nóg ef þetta frv. ekki verður ónýtt fyrir þing 1885, en hvort það fær staðfestingu á fyrra ári fjárhagstímabilsins eða ekki fyr en á seinna árinu, þá legg jeg enga áherzlu á það. Af þessu geta menn sjeð, að með tilliti til fjárhags landsins á fjárhagstímabilinu 1884 og 1885 er enginn verulegur munur á milli mín og meðnefndarmanna minna. En aptur er sá hinn mikli munur millum okkar, að þeir í öðru orðinu segjast vilja stofna skóla, hinu, að þeir *ekki* vilji það, er þeir vilja fella 4. grein. Ust. þeirra mun eiga að vera sprottin af varkárni, þeirri varkárni, að leggja ekki meira til útgjalda á þessu fjárhagstímabili en óumflýjanlegt er; en nú er eg búinn að sýna, að þessi ástæða komist ekki að. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið að þessu sinni, því að jeg treysti því og vona það, að hin h. þd. láti málið ganga til 2. umr. Væri jeg ekki fullviss um það, þá fyndi jeg þó hvöt til að fara um það fleirum orðum; jeg segi ef jeg vissi að þetta augnablik væri hið síðasta fyrir þessu allsherjar-velferðarmáli þings og þjóðar, þá mundi jeg ekki sleppa því svona orðalaust undir atkvæði þingmanna.

Atkvgr.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv. gegn 2, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 6 þm. *Nei* sögðu að eins þeir Halldór Kr. Friðriksson og Þorkell Bjarnason; hinir allir *já*.

Lagafrumvarp um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða (C 175); 1. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg vona að hinum h. þm. sje ljóst, að tilgangur þessa frv. er sá, að taka af allan efa um það, að Íslendingar megi taka útlend skip á leigu til fiskiveiða. Frv. er sprottið af því, að mál hefur verið um þetta efni fyrir dómstólunum. Hjeraðsdómurinn dæmdi og landsyfirdómurinn dæmdi í þá stefnu, að þetta væri leyfilegt, en af ástæðum dómanna má sjá, að dálítill vafi er á, hvernig nefnd lög eigi að skilja, og þó að dómarnir hafi fallið þannig, hefur oss 3 flm. þessa frv. þótt rjett að allur vafi væri af tekinn. Lögin eiga að vera ljós og skýr, og rjettur laganna veittur svo greinilega, að hver geti sjeð hver hann er, og geti framfylgt honum ef hann hefur tækifæri til þess og þörf á því.

Jeg vona að enginn í d. sje því mótfallinn, að Íslendingar megi taka útlend skip á leigu til fiskiveiða, og það er því meiri nauðsyn fyrir þá að mega það, þar sem engir eru skógar á Íslandi til þess að byggja

sjer skip, svo þeir verða annaðhvort að kaupa skip eða leigja þau af útlendum mönnum.

Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Lagafrv. um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og stofnun fjórðungsráða (C 223); 1. umr.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Þar sem þetta er 1. umr. málsins, þá finn jeg ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það; einungis skal jeg geta þess, að meiri hluti n. hefur eindregið komizt að þeirri niðurstöðu og fylgir því fram, að með þessu lfrv. megi og eigi: 1., að viðhafa meiri fjársparnað fyrir landið; 2., að auka og efla hina umboðslegu stjórn, svo að hún verði fljótari og lipurri til framkvæmda; og 3., að auka hjeraðafrelsi. Vona jeg að þetta fái góðar undirtektir hjá hinni h. d., svo málið nái fram að ganga. Í fjárl. 1879 var tekin sú aths., að ef amtm.embættin losnuðu, þá væru þau eigi veitt; en á síðasta þingi 1881 var þingsályktun sp. með 19 atkv., þar sem farið var fram á að *afnema* amtmannaembættin. Jeg skal enn fremur geta þess, að við höfum tapað einum af meðnefndum mönnum okkar út úr, sem er «ósamþykkur», eins og þm. sjá af nefnarálitinu; en af því hann hefur ekki enn tekið fram ástæður sínar, þá ætla jeg ekki að fara fleirum orðum um málið að sinni, en vona það fái fram að ganga og að löggjafarþing Íslendinga breyti ekki skoðun sinni svo, að það ekki samþykki þetta, jafnvel með meiri atkvæðafjölda en samskonar mál á síðasta þingi.

Þorsteinn Jónsson: Jeg ætla einungis að lýsa yfir þakklæti mínu til n., sem jeg var heldur harðorður við um daginn, af því mjer líkaði þá ekki við hana, en nú hefur hún þóknazt mjer. Jeg er henni þakklátur fyrir það, að hún vill hætta óþarfa embættum, en vegna sparnaðarnáttúrunnar í mjer þá vil jeg þó fram feti lengra og spara enn meira ef hægt er, og þess vegna hef jeg komið með brt. í þá átt. (*Forseti:* Það liggur ekki fyrir). Jeg vildi einungis geta þess, að jeg hefði komið svo fljótt með þessa brt. svo þm. sjái og skoði mínar tillögur í málinu og geti þá gjört breyt. við þær, ef þeim þykir jeg fara of langt; en einkum vildi jeg þakka hinni h. n. fyrir þetta frv., sem er að mínu geði.

Arnljótur Ólafsson: Þetta «þakklæti» sem þm. Vm. (Þ. J.) úthlutaði, n., getur sjálfsagt ekki átt nema við meiri hlutann. Eins og sjá má, er jeg einn á blaði og einn míns liðs, af því jeg álít frv. að skipulaginu til og í heild sinni *alveg ótiltækilegt*. Þetta er ekki fyrir þá sök, að jeg álíti, að ekki geti verið önnur landsstjórnarskipun hentug en 1 amtmaður fyrir norðan og austan og 1 amtmaður fyrir sunnan og vestan, heldur einkum fyrir þá sök, að málið, eins og það liggur fyrir, er þannig vaxið, að það er eins og vjer sem Íslendingar eða hin h. n. leggi landsstjórnarmál sín alveg í hendur ráðgjafans í Danmörku. Hjer stendur í 1. gr. frv.: «Málum þeim, sem nú eru lögð undir amtmennina, skal, *skipt* á milli lh. og forn. fjórðungsráðanna». En eptir hverjum reglum? «Eptir *þeim reglum*, sem *stjórnin ákveður*». Meginregla frv. er þessi: Það skal settur skiptarjettur, er skipti milli framkvæmdarvaldsins öllum þeim málum, er nú liggja undir amtm., er skipti þeim milli 1 eður 2 landritara og fjórðungsráða «eptir *þeim reglum*, sem stj. ákveður». *Stj.* er gefið allt vald til að skipta og enginn mætir fyrir hönd hinna ófæddu og því alveg ómyndugu fjórðungsráða. Mig furðar stórlega á, að frms., 1. þm. Skg. (Fr. St.), skuli bera þetta ótakmarkaða traust til stj., að hún skuli skipta milli landsstjórnarinnar öllum málum sem heyra undir amtm., eptir sínum vilja. Hefði 1. þm. Skg. sagt við stj.: «Þú verður að hafa mig fyrir hönd þjóðarinnar og fyrir hönd fjórðungsráðanna», þá hefði jeg heldur gefið því atkv. En enginn mætir fyrir þessi ómyndarlegu fjórðungsráð. (*J. Ó.:* Hvað gjörir það?). Frv. leggur alla hlutdeild þjóðarinnar í landsstjórnarmálum í hendur stj. og vill eiga allt undir náð hennar og ónáð. Síðan jeg kom á þing, hef jeg aldrei sjeð frv. jafn-auðmjúkt og sjórnhollt sem þetta, þar sem frms. leggur sjálfan sig og öll sín efni í stj. hönd. Nei! Svona langt get jeg ekki farið í undirgefninni og auðsveipninni. Það er mjer ómögulegt. Jeg vil biðja hinn h. frms. og hina h. meðn.menn, 1., *að* gefa mjer skýrslu um, hver þessi *mál* eru, og hvert valdsumdæmi amtmennirnir hafa í landsstjórnarmálum vorum; 2., *að* sýna mjer fram á, hvernig þetta mál standi af sjer við þá ósk og kröfu, er kemur fram í einu hinu helzta máli þd., í málinu um br. á stjórnarskránni. Jeg get sagt hinni h. d., að þar er farið fram á að auka vald lh., ekki að *neðan*, heldur að *ofan*; í einu orði sagt, að lh. komi í rg. stað hjer á landi. Má jeg

spyrja: Er það vegur til þess að auka vald hans að ofan, til þess að færa hann upp, að kippa undan honum þeim valdslið. er hann nú stendur á? Þessi br. fer ekki fram á annað en að gjöra lh. að einum amtmanni á öllu Íslandi. Þessir 2 landritarar, eða «skrifstofustjórar», eru ekkert annað, en að setja 2 landritara í staðinn fyrir einn. Hugsunarþráðurinn er þessi: Til þess að hefja lh. *upp*, þá skulum við kippa undan honum fótunum að *neðan*. Til þess að hefja lh. *upp*, skulum vjer setja hann skör *lægra*. Þetta er sú *makalausa hugsun* n.! (*Fr. St.*: Stendur á frjálsum grundvelli). Það er nú svo sem sjálfsagt. *Frelsið* lifi! En það lifir aldrei á tómu vatni og vindi. Ef hin h. n. getur sannfært mig um, að hún auki sjálfstjórn í landinu með þessu frv., þá skal jeg gefa mig og þá skal jeg fallast á tillögur hennar. En þá «logik» get jeg ekki skilið, að vilja *hefja upp* með því að *draga niður*. Annaðhvort verður hin h. n. að segja: «Sem allra minnsta stjórn í landinu og sem allra mesta stjórn í Danmörku», eða hún verður alveg að hopa frá frv. Sá sem gefur atkv. með þessu frv., hann gefur atkv. móti því, að nokkurt það stjórnarvald, sem nú er í höndum rg., komi inn í landið. (*Tr. G.*: Breytingaratkvæði). Það dugar ekki minna br.atkv., en að fella allt þetta frv.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Jeg verð að svara með nokkrum orðum ræðu h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.). Honum mun kunnugt, að 1660 komst einveldi á í Danmörku og 1662 á Íslandi, eða stjórnin hefur talið svo, að erfða-einvaldslögin, hin svokölluðu konungalög, hafi þá náð gildi hjer á landi; en 26. jan. 1684 var hinn fyrsti stiptamtmaður skipaður hjer á landi, Ulrik Christian Gyldenlöve, náfrændi þeirra konunganna í Danmörku. Eptir að einveldið var komið á, þótti stj. nauðsynlegt að hafa öruggan fulltrúa til þess að verja og tryggja það sem bezt fyrir konung, og hins vegar vera til taks að bæla niður allt frelsi og sjerstaklega allt hjeraða-frelsi. Þetta er nú grundvöllurinn. Á þessum grundvelli standa nú amtmennirnir, og þá svo til komna er nú frelsisvinurinn(!!) 1. þm. Ef. (A. Ó.) farinn á hinum síðustu tímum að elska svo mjög. Hann finnur sjer nú til, að stj. skuli skipta málum, sem nú eru lögð undir amtmenn, milli lh. og formanna fjórðungsráðanna, eins og þetta sje eigi sjálfsagt. Stj. hefur hjer heldur eigi ótakmarkað vald, úr því að á er kveðið, milli hverra hún skuli skipta málunum, og það er sannarlega meiningin, að auka frelsi hjeraða við þetta, og það eru gersakir við stj., að ætla henni að eins ill ákvæði um þetta mál. Amtmenn og amtsráð standa í vegi fyrir því, að sýslufjelögin og hjeruðin geti notið sæmilegs frelsis, og amtmaður og amtsráð eru þröskuldur fyrir góðri samvinnu sýslufjelaganna við landshöfðingja. Hinn h. þm. spurði um störf amtmanna og amtsráða. En hver er honum nær til svara, en sjálfur hann, amtsráðslimurinn!! En það, sem til okkar kemur í vestur-sýslunum, þá þykja oss þau stirð og þunglamaleg og miklar tafir í enda greiðum málum. Er það álit hans, að oss Norðlingum sje eptirsjá að amtmanni og amtsráði? Nei; og vilji hann berja það fram, væri það sannarlega að reyna til þess að slá sandi í augu fólks. Oss er slíkt enginn skaði. Hafa Vestfirðingar tapað nokkru, síðan amtmaður þeirra flutti sig til Reykjavíkur? Ekki hið minnsta. Jeg er alveg viss um, að Norðlingar og Austfirðingar vilja margfalt heldur lúta þeim höfðingja, sem er skipaður yfir land allt, sem engum getur dulizt, að er mjög svo eðlilegt, því þar fá þeir fullnaðarúrskurð á málum sínum, en að lúta þessum smáhöfðingja, sem stendur þeim fyrir þrifum og hjeruðunum fyrir frelsi, því vald hans er hvorki heilt nje hálft. Þm. hefur sjálfur haft sömu skoðun og meiri hluti n. bæði á þingi 1879 og 1881; hvers vegna honum hefur snúizt hugur, veit hann bezt sjálfur; jeg ætla ekki að skýra frá ástæðunum fyrir því. Opt hefur verið kur í mönnum við amtmenn, og eigi hefur Skagfirðingum ávallt verið vel til þeirra. En aldrei hefur þó kveðið jafnmikið upp úr og aldrei kveðið svo rammt að með það, hversu óþörf amtmannaembættin væru, sem þá er presturinn á Bægisá fór að skrifa í Norðlingi um amtmennina, þar sem hann kallaði þá skrifstofumilliliði og hina óþörfustu af öllum «hálaunuðum landsómögum». Presturinn á Bægisá er sjálfsagt góður vinur 1. þm. Ef. (A. Ó.), ef hann annars á nokkurn góðan vin, því að prestur þessi er einmitt sami maður og 1. þm. Ef., sem nú er að halda varnarskildinum fyrir amtmennina. Maðurinn er umbreytanlegur; það verður maður að játa, en maður verður líka að játa, að ástæður hans nú eru veikari en fyr, enda er málstaðurinn verri. Hann var

að koma með alls konar markleysu og útúrdúra, og þar á meðal, að ef vjer slepptum amtmanni og amtsráðum, þá gæfum vjer allt á vald stjórninni. Þetta er óskiljanlegt! Þetta er óheyrilegt! Að tala slíkt. Að setja amtsráðin svo hátt, að ef þau fari, þá missi landið frelsi og sjálfsforræði sitt. Enn fremur tók hann það fram sem ástæðu, að vald landshöfðingja væri, með því að kippa amtmönnunum burtu, dregið niður á við, í stað þess að hefja það upp; en það sjá allir að þessi ástæða er einkisvirði, því vald amtmanna er að eins í fáum og smáum málum heilt, en í öllum aðalmálum minna en hálft, því þau liggja öll undir úrskurð landshöfðingja, svo þó að þessi breyting kæmist á, heldur landshöfðingi því valdi, sem hann hefur nú, án þess að dragast niður á við, en fjórðungsráðin gætu sannarlega tekið við því valdi og meiru, sem amtmenn og amtsráð hafa nú.

Jón Ólafsson: Það var talað um, að 1. þm. Ef. (A. Ó.) hefði snúizt hugur. Þetta er satt, því að hann var uppástungumaður ásamt mjer til afnáms amtmannaembættanna 1881. En það hefur líka öðrum manni snúizt hugur. Í fyrra var hann á móti, en nú er hann formaður í nefndinni í þessu máli (Tr. G.). Vona jeg nú að þeir vegi hvor annan upp báðir þessir þingskörungar er sitja hvor við annars hlið og sem skipt hafa skoðunum sínum, og þá bíður þd. engan skaða. Þm. Ef. talaði um, að hjer væri allt selt á vald stjórninni. Ef það hefði staðið, að stjórnin mætti draga allt *undir sig,* þá hefði hann haft við góð rök að styðjast, en þetta stendur nú eigi, heldur að hún skuli skipta málunum milli lh. og fjórðungsráðanna. Hann var og að tala um, að skipting málanna væri komin undir náð eða ónáð stjórnarinnar. Hver er meiningin? Er það meiningin að þau málin er lögð verða til fjórðungsráðanna sæti ónáð og þau sem lögð verða til lh. verði fyrir náð? Eða var hið gagnstæða meiningin? Mjer er eigi ljóst, hvar náðin eða ónáðin er, hvort hún er neðan eða ofan, og vildi því gjarnan biðja hann að skýra meininguna í þessu. Enn fremur var hann að tala um, að maður kippti fótum undan landshöfðingjadæminu. En hvað eru amtmennirnir? Hve mörg mál eða tegundir mála eru undir fullnaðarúrskurði amtmanns sem eigi ná til lh.? Vildi þm. gjöra svo vel að sýna oss hver þessi mál eru, svo hægt sje að meta þýðingu þeirra. Sje það að eins fá og ómerk mál, er almenning skipta litlu, þá er auðsætt, að starf amtmanna sem milliliðs, sem engan endilegan úrskurð geta gefið í flestum málum, er óþarft og til tafar. Hvað verða þá amtmannaembættin? Einungis «Omsvöbsdepartement» eða tafaskrifstofa eða vífilengjuembætti. Ef kippt væri burtu *sjálfstæðum* valdslið, þá gæti jeg verið honum samdóma, en hjer er eigi um það að tala, því að amtmannaembættin eru að mestu leyti að eins til umsvifa og kostnaðar og allt verulegt liggur undir úrskurði lh. Nú á þar á móti að leggja svo mikið, sem verða má, til fjórðungsráðanna, og draga sem mest vald í hendur þjóðarinnar; hitt, sem undir lh. yrði lagt, liggur nálega allt undir hann áður; breytingin er því aukning frelsis, og því alveg gagnstæð því, sem þm. Ef. sagði. Það eina aðalverk þeirra, nefnilega að vísitera hjá sýslumönnum, ræka þeir sjaldan eða aldrei, og svo er hitt, að hafa forsæti í amtsráðunum, en það starf er ekki ráðgjört að draga undir landshöfðingja sjálfan eptir ákvæðum frv. Nei, amtmannaembættin eru mestmegnis að eins til að tefja fyrir og alveg ósjálfstæð að því er til verkahringsins kemur, og ef nokkur gæti með sanni kallað amtmannaembættin fætur undir landshöfðingjadæminu, þá mætti segja að landshöfðingjadæmið standi á brauðfótum! Ef vjer sleppum þessum mótbárum 1. þm. Ef. sem komu mjer nokkuð á óvart og hálft spanskt fyrir, þá sjá menn að sparnaðarn. hefur góða meiningu; en eigi hefur hún verið heppin með frágang sinn. Það er auðsætt að 1. þm. Ef. (A. Ó.) hefir gjört «strike» og ekki viljað hjálpa til þess að orða frv. Hvað á það t. a. m. að þýða, að aftaka landritaraembættið og setja skrifstofustjóra? þetta er einungis að innleiða útlenzkt orð í stað góðs og gilds íslenzks orðs, því að skrifstofustjóri er einungis útlegging af danska orðinu Contoirchef. Enn fremur er það undarlegt að vera að halda þessu danska orði „*ráð*“ í „fjórðungs-*ráð*“, í st.f. að kalla það fjórðungs-*nefnd*, eins og menn hafa nafnið hrepps-*nefnd* og sýslu-*nefnd*. Enn fremur eru skrýtileg takmörkin á fjórðungunum. Jeg ætla að taka fjórðunginn sem jeg er þingmaður frá. Takmörkin eru Jökulsá að norðan. Nú stendur í 3. gr. að einn maður skuli kjósa í hverju sýslufjelagi í fjórðungsráðið; eptir skiptunum heyrir Suður-Þingeyjarsýsla til Norðlendingafjórðungs, en Norð-

ur-Þingeyjarsýsla til Austfirðingafjórðungs, öll nema Kelduhverfishreppur, og hvernig á hann nú að taka þátt í kosningunni? Á hann að kjósa með Austfirðingafjórð. eða Norðl.fj.? Það sjer hver maður, að úr þessu verður hin mesta lokleysa, nema ef Kelduhverfishreppur væri jafnframt lagður frá Norður-Þingeyjarsýslu til Suður-Þingeyjarsýslu. Þá eru takmörkin að sunnan: Skeiðarársandur, Austur-Skaptafellssýsla að Núpsvötnum; þar tekur við Vestur-Skaptafellssýsla; hún á að fylgja Sunnlendingafjórðungi eptir ust. n., en takmark Austfirðingafjórðungs að sunnan á að vera Skeiðará. Hvað á þá að verða af öllum Skeiðarársandi *milli* Skeiðarár og Núpsvatna? Ætlar nefndin að gjöra hann landrækan? Eða ætlar hún að stofna *fimmta fjórð*-unginn(!) úr honum? Ef t. a. m. skip strandar á Skeiðarársandi og strandreikningana þarf að endurskoða, hvaða fjórðungsráð á þá að endurskoða þá? Hjer eru auðsæir gallar á frv., en af því frv. hefur svo marga *efnis*-kosti, og gallarnir eru í forminu einu, þá mun eigi örvænt um að þeir verði bættir um leið og frv. fer áleiðis um deildina.

Jakob Guðmundsson: Jeg hef fylgt með ræðum þingmanna um þetta mál bæði nú, 81 og 79, og hef jeg verið með þeim, sem hafa viljað taka amtmannaembættin af. Jeg ætla eigi að tala um, hvort það er galli á frv., að stjórnin skuli ákveða skiptin, en ef svo er, mætti þá eigi jafnframt leggja svo fyrir, að síðar skyldi þetta ákveðast með lögum. Ekki get jeg sjeð hvernig það getur komið í bága við það að lh. fái meira vald að ofan þótt amtmennirnir sjeu teknir af.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg held að þm. Ef. (A. Ó.) hafi tekið það svo ljóslega og skilmerkilega fram, hversu þetta afnám amtmannaembættanna er athugavert. Þetta er komið fram af sparnaði; en jeg vil nú spyrja n.: hefur hún athugað það vandlega, hvað allt það, sem á að koma í staðinn, muni kosta? Það sem amtsráðin kosta tel jeg eigi að neinu; en hvað kosta þessi fjórðungsráð? Mennirnir eiga þó eigi að sitja í þeim fyrir ekki neitt, og því síður leggja fram allan ferðakostnað fyrir ekki neitt? Ætli kostnaðurinn við þau fari eigi að slaga hátt upp í það sem annar amtmaðurinn kostar? Og þá kemur skrifstofustjórinn, og allur kostnaðurinn við skrifstofurnar. Hvað munu þessar tvær skrifstofur kosta? Þær munu sannarlega kosta meira en 1000 kr. hvor fyrir sig. Jeg get því ekki betur sjeð, en að þetta sje meira til ósparnaðar en sparnaðar. Af þessu þykist jeg sjá, að eigi sje hugsað svo vel og nákvæmlega, hvernig allt verði við þessar stórkostlegu br., sem vera ber, en slíkt væri þó sannarlega nauðsynlegt. Enn fremur virðist mjer, sem þetta sje alls eigi löggjafarmál. Jeg efast sannarlega um það. «Framkvæmdarvaldið er hjá konungi», segir í stjórnarskránni. Þingið getur neitað um laun til embætta, en að skipa þeim, það getur það eigi. Og því sannfærðari er jeg um þetta, sem það stendur beinlínis í stjórnarskránni, að skipun dómsvaldsins skuli gjöra með lögum, en það er hvergi sagt að umboðsvaldinu megi skipa með lögum. Það er að eins launin sem heyra undir löggjafarvaldir. Deildin getur sagt: launin viljum vjer eigi veita, en getur hún bannað konungi að setja menn í embættin? Ef það er því verulega ósk manna að afnema þessi embætti, geta menn eigi gjört það með lfrv., heldur verður deildin að fara öðruvísi að, til að mynda með áskorun, að afnema þau.

Arnljótur Ólafsson: Frsm. (Fr. St.) var eigi svo kurteys, að svara spurning minni; hann vildi með engu móti skýra frá hver mál lægju undir amtmenn. Held jeg þó, að fleirum hefði verið þess þörf, en mjer. Fannst mjer 2. þm. Sm. (J. Ól.) vera mjög á reiki um, hver mál lægi undir fullnaðarurskurði amtmanna. Og jeg held satt að segja, að n. hafi mjög litla hugmynd um það; jeg vil eigi segja alls enga, en mjög litla. Hitt skil jeg vel, að þm. Skg. (Fr. St.) muni eigi vera vel við nokkra yfirstjórn; helzt vill hann líklega hreppastjórn og hreppapólitík; það fannst mjer liggja einna mest í orðum hans. Satt er það að jeg hef breytt skoðun minni síðan 1879, en það er eigi jeg einn, heldur þingið sjálft. Jeg vil biðja menn að lesa fjárlögin frá 1879 og lesa þar skilyrðið um landritaraembættið og amtmannaembættin, og svo vil jeg biðja menn að lesa fjárlögin frá 1881; þar er skilyrðinu fleygt brott. Þetta er þýðingarmikið, og það því fremur sem þm. Bf. (Gr. Th.) með allri sinni kænsku gat eigi fengið menn til þess að halda skilyrðinu. Þm. Bf. kom með mjög kænlega brtill., er að því laut, að menn skyldu taka upp í fjárlögin öll hin fyrri skilyrði, en þó var brtill. hans felld með mjög miklum atkvæðamun. Ef jeg man

rjett, þá var þm. Skg. og 2. þm. Sm. framarlega í flokki til að fella þessi skilyrði á síðasta þingi. Ef menn því gá vel að, þá sjá menn að jeg hef eigi breytt skoðun minni í þessu máli meira en aðrir þm. Þeir hafa breytt skoðun sinni, og jeg hef breytt skoðun minni. Jeg játa að jeg hefi breytt skoðun í fleiru en þessu máli síðan 1879. Jeg tók fyrst þessa hugmynd um afnám amtmannaembættanna, eins og menn svo opt taka hugmyndir frá öðrum, vanhugsað, eptir ritgjörð í «Nýjum fjelagsritum», þar sem lagt var til að leggja niður amtmannaembættin og afnema amtmenn og gjöra úr þeim pósta. (*Margir:* Pósta?). Já, pósta, það er að segja, brúka peningana til annars þarfara, til fjölgunar póstferðanna. Það var sparnaðarhugmyndin hjá hinum ódauðlega Jóni Sigurðssyni, hin sama sem nú hjá n. Jeg get eigi lýtt menn eða vanvirt, þótt þeir breyti skoðun sinni eptir betri þekkingu. Það er að eins þeir einir, sem eru fæddir með þekking á hverju máli, er eigi þurfa að breyta skoðun sinni. En jeg er eigi fæddur með þekking, jeg verð að lesa betur og betur og afla mjer meiri og meiri þekkingar, og það er þekkingin, hin meiri og betri þekking, sem veldur því, að skoðanir mínar breytast. Meiri hluti nefndarinnar mundi eigi fara svona í móti þinginu 1881, (*J. Ól.:* Hártogun), ef hann hefði betri og ljósari þekkingu á landsstjórnarmálum. (*J. Ól.:* Hártogun). Nei; það er engin hártogun. (*J. Ól.:* Jú). Nei, og mitt nei stendur þar gilt og gott. Eða má jeg spyrja, hafa menn nokkra glögga hugmynd um, hver mál heyra undir amtmennina? Það hafa þeir hvergi sýnt. Þetta frv. er að minnsta kosti ofur fátæklegt. Ekki hefur n. dottið í hug að auka vald amtsráðanna, heldur vill hún skipta þessu litla valdi, sem þau hafa með höndum, á milli fjórðungsráðanna, og leggur svo engin ný mál til þeirra. Þm. Sm. (J. Ó.) spurði um, hver mál lægi undir fullnaðarúrskurð amtmanna. En jeg ætla að biðja hann að spyrja meira hluta n. um þetta; það heyrir honum til að leysa úr þeirri spurningu. En jeg vil spyrja hinn h. þm. um annað. Hversu mörg eru þau mál, sem lh. hefur með höndum, er eigi liggi undir æðri úrskurði? Hví vill hann þá eigi aftaka lh.? Hví vill hann þá eigi aftaka sýslumenn, af því að dómar þeirra liggja undir dóm landsyfirrjettar, eða landsyfirrjett, af því að dómar hans liggja undir hæstarjett. Landsyfirrjetturinn er nauðsynlegur millilíður. (*J. Ól.:* Nei). Jú, það sýna hjeraðsdómar margir, og eins og hann er nauðsynlegur, eins eru amtmenn nauðsynlegur millilíður á valdsstjórninni, og þessum millilið á nú að kippa burt og setja engan í staðinn, því að valdið er lagt til lh. en eigi til skrifstofustjóranna; þeir eru einungis skrifstofustjórar (Departementschefer), en enginn valdsstjórnarliður. Þeir eru einungis nýir embættismenn í skrifstofu lh. Jeg vil naumast svara spurningu þm. um náð og ónáð. Með þessum orðum er eigi átt við málin, heldur er hitt náð eða ónáð, að gefa sitt mál alveg undir geðþekkni stj. Jeg ætla svo að eins að gjöra litla aths. til hins h. frsm. út af fjórðungsráðunum. Það er ef til vill enginn í þessum sal, sem er betur að sjer í fornsögum vorum en hann, og er það sannarlega virðingarvert af honum; en nú vil jeg því spyrja hann, hvort hann þekki mikið til þessara fjórðungsþinga, sem getið er um í fornsögum, og hver sje saga þeirra. Þau eru stofnsett, en aldrei notuð. Það er undarlegt að elta svo eina hugmynd, að vera nú að stæla stofnun, sem aldrei var notuð, sem aldrei hefur þrifizt og aldrei getað þrifizt. Að ætla sjer nú 1883 að vekja upp það, sem hefur verið dauður bókstafur um allar umliðnar aldir — það væri að ætla sjer að gjöra kraptaverk Og það tel jeg eigi gott ráð, að fara að ausa út fje til þess, að vekja upp þennan framliðna — jeg vil ekki segja draug.

Grímur Thomsen: Jeg ætla mjer ekki sem hinn h. 1. þm. Skg. (Fr. St.) að rifja upp sögu Danmerkur og Islands og sízt af öllu einveldissögu Danmerkur, því að mjer ferst ekki að fara út í þá sálma. Jeg vil miklu heldur minna þingið á sögu þessa máls, sem liggur hjer fyrir. Sumarið 1879 gekk hinn 1. þm. Ef., sem nú er, (A. Ó.), mjög skörulega fram í því, að koma þeirri aths. inn í fjárlögin, að ef amtmannaembættin losnuðu, þá skyldi eigi veita þau föstum embættismönnum; hann þurfti þar á móti ekki að koma sömu aths. inn um landritaraembættið, því að hún var komin á undan frá sjálfri fjárlaganefndinni, sem þá var. Jeg get haft sömu orð um 1. þm. Ef., sem Snorri Sturluson um Harald Sigurðarson, að hann er allra manna vopndjarfastur, og jeg get einnig sagt um hann, sem Snorri segir um Harald konung, að

hann kunni jafnan vel að sjá sjer farborða, því að hinn h. 1. þm. Ef. byrjaði jafnvel á þingi 1881 að sjá sjer farborða í þessu máli; jeg tala auðvitað um skoðun hans, að hann hafi þegar sjeð henni farborða á þingi 1881, en ekki sjálfum sjer persónulega. Nú á þessu þingi 1883 er skoðun hans, eins og oss hefur gefizt kostur á að heyra, öll önnur en á næstsíðasta þingi.

En hinn h. þm. sagði líka, að þingið sjálft hefði breytt skoðun sinni. Það er satt að þessari aths., sem að mjer hálfnauðugum var skotið inn í fjárl. 1879, var sleppt í fjárl. 1881; reyndar hjelt jeg nú að stj. mundi ekki neita að sþ. fjárl. með þessari sömu aths. 1881, úr því hún hafði sþ. þau með henni 1879, en ekkert varð úr því þá, en þar á móti kom fram lfrv. um að afnema amtmannaembættin, er síðar varð að þgsál., er náði sþ. þd. Þessari þgsál. hefur stj. ekki sinnt svo mikið að hún hafi einu sinni svarað henni með ráðgjafabrjefi.

Jeg get eigi annað sagt en að ástæðurnar sem fram voru bornar á þingi 1879 fyrir því að afnema amtmannaembættin voru góðar og áheyrilegar, standa óhraktar, og þegar þetta mál hefur nú tvisvar náð sþ. þingsins, þá álít jeg það vera skyldu þingsins og það varði sóma þess, að halda þessu máli fram, ef það enn þá er skoðun þess að niður megi leggja þessi embætti án skaða fyrir landið, en til töluverðs fjársparnaðar.

Þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) talaði á þá leið, að þinginu væri ekki leyfilegt að hreifa við umboðsvaldinu, þar eð með því væri gengið of nærri þeim rjetti, sem kgr hefur eptir stj.skr., en þm. verður þó að játa, að þingið hefur hönd í bagga með fjárveitingar, og þannig heyrir þetta mál undir þingið, og þegar það horfir til mikils sparnaðar fyrir landið, þá er skylda þess að halda málinu til streitu. *(H. Kr. Fr.:* Þingið getur ekki gefið lög um það). Hvað um það, þá er þm. líklega kunnugt að ríkisþingið danska dró inn mörg embætti fyrstu árin, sem það kom saman, með því að veita eigi fje til embætta, og sþ. stj. allar þær gjörðir ríkisdagsins.

Það sem hjer skiptir mestu er að sjá, hvort meiningarbreyting 1. þm. Ef. er á rökum byggð. Þm. álítur, að eins og yfirdómurinn er nauðsynlegur millilið milli hjeraðsdóma og hæstarjettar, eins sjeu amtmenn nauðsynlegir milli liðir milli sýslumanna og lh. Jeg vil nú segja að hefði hinn fyrv. lh. ekki gjört það óráð að flytja amtmanninn í vesturamtinu til Reykjavíkur, þá hefði þm. Ef. getað sagt að gott væri að halda í þessa embættismenn, sem væru nokkurs konar «local Övrighed», eða staðaryfirvöld í hverjum landshluta. En þetta er ekki hægt að segja eptir að amtmaðurinn í vesturamtinu er kominn hingað suður, og vesturamtið er sameinað við suðuramtið, og sú er orðin reyndin á. að amtmaðurinn fyrir 2 ömtin getur setið í Reykjavík án nokkurs skaða fyrir landsstjórnina. Þeir skrifast á daglega lh. og amtmaðurinn fyrir sunnan og vestan, og jeg efast ekki um að fari vel á því; þá sje eigi meiri þörf á að hafa amtmann fyrir norðan og austan en fyrir vestan.

Áður en landshöfðingjadæmið var stofnað, var stiptamtmaðurinn um leið amtmaður í suðuramtinu. Jeg get því ekki sjeð neitt á móti því að lh. sje jafnframt amtmaður fyrir allt landið. Það er í mjög fáum málum að amtmaður hefur úrskurðarvald, það er í sumum lögreglumálum að að hinn ákærði getur gefið sig undir fullnaðarúrskurð amtmanns. Það vald getur sem bezt gengið til lh. Í sveitastjórnarmálum hafa sýslunefndir í sumum greinum fullnaðarúrskurð og amtsráðin í sumum, en lh. hefur hingað til haft æðsta vald í sveitamálum og verður þá engin breyting á því.

Þegar auka skal og útvíkka skrifstofu lh. til að sinna fleirum málum, sem eptir þessa breytingu ganga *beina* leið til hans, þá sje jeg ekki að neitt geti verið því til fyrirstöðu. Mótbárurnar verða þannig að engu þegar farið er að skoða þær, og einkum vona jeg að hin heiðraða fjárln. muni játa, að öll ástæða sje til að afnema þessi embætti.

Hinn h. 1. þm. Ef. beindist sjerstaklega að 1. gr. frv., þar sem segir að málum þeim sem amtmenn hafa með að gjöra skuli skipta milli lh. og fjórðungsráða, eptir reglum sem stj. ákveður. Þetta þótti þm. Ef. svo ískyggilegt að stj. skuli ákveða reglur um þetta; en jeg vil þá spyrja hann, hvort hið umboðslega vald er ekki nú sem stendur alveg í höndum stj.. og hvort henni er þá veitt meira með þessari fyrstu gr., en hún þegar hefur. Það er auðvitað að stj. verður með reglugjörð að afmarka verksvið lh. og amtsráðanna eða fjórðungsráðanna, þegar breytingin væri komin á.

En jeg er á móti öðru í þessu frv., og það eru þessi fjórðungsráð; má ekki halda

amtsráðunum og gefa þeim rýmra verksvið og fleiri meðlimi? Hvað er unnið við þessi fjórðungsráð? *(Á. Ó.:* Kostnaður). Ekkert vinnst við þau í umboðslegu tilliti. *(J. Ó.:* Jú). Jeg hygg að fjölgun þessara ráða valdi að eins meiri erfiðleikum og umsvifum en áður var. Jeg hefði ekkert á móti því að sýslunefndirnar kysu formann amtsráðsins, það væri frjálslegast, en hitt gæti í sumum málum verið óheppilegt og ótilhlýðilegt, að einhver sýslumannanna í amtinu væri formaður.

Jeg skal að lokum minna hinn virðulega 1. þm. Ef. á það, að í þessu máli dugar ekki að fara að sem smáskammtalæknar og skammta sannleikann í dropum, heldur halda sjer til höfuðatriðanna í þessu máli, að hjer er um svo mikið að tefla í fjárhagslegu tilliti að það er tilvinnandi að leggja þessi amtmannaembætti niður þegar hægt er í einu að spara fje með því og minnka skriffinnskuna. Jeg veit eigi betur en að þetta hið síðasta orð sje þm. Ef. að þakka, og vona jeg að hann sje ekki búinn að gleyma því skemmtilega orði um jafnóskemmtilegan hlut og þann sem skrifinnskan táknar.

Jón Ólafsson: Hinn virðulegi þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) lagði mikla áherzlu á það, að þetta frv. kæmi í bága við stj.skr., þar sem segir í 1. gr. hennar að kgrn. hafi framkvæmdarvaldið, og þess vegna geti þessi breyting á embættaskipun landsins alls ekki heyrt undir hið löggefandi þing. Hverjar yrðu afleiðingarnar af þessari kenningu aðrar en þær, að kgr væri fullkomlega einvaldur í allri embættisskipan landsins, og gæti stofnað og lagt niður embætti eptir eigin geðþótta, án þess að þingið fengi nokkru að ráða um það? En hvernig á þetta frv. annars að koma í bága eða mótsögn við stj.skr.? Veit þm. Rvk. ekki, að þetta lfrv. verður ekki að lögum nema því að eins að kgr sþ. það? mótbára hans er þannig með öllu tekin úr lausu lopti.

Þm. Rvk. sagði enn fremur að skrifstofukostnaðurinn yrði langt um meiri en á er ætlað í frv. Jeg get minnt hann á að lh. er veittur ókeypis bústaður og sá bústaður er nú orðinn töluvert rúmmeiri en áður eptir það að þaðan hefur verið flutt allt hið eldra skjalasafn samkvæmt þeirri ákvörðun stj., að koma upp einu allsherjar skjalasafni fyrir allt landið, og sem þm. veit að nú er komið fyrir hjer í Reykjavík annarstaðar en í landshöfðingjahúsinu. Hann gjörði mikið úr þeim kostnaði sem þessi mikla skrifstofa mundi hafa í för með sjer. Kostnaðurinn yrði sá, að þilja af eitt herbergi uppi í hinni núverandi skrifstofu inni í skjalastofunni, og setja þar ofn eða leiða þangað hitapípur af fremri skrifstofunni. Ekki er nú um meira að gjöra! Skrifstofufje lh. er sem stendur 2400 kr.; yrði 2000 kr. bætt við, þá er það komið upp í 4400 kr., sem ekki er svo lítið fje. Fyrir það gætu nægir vinnukraptar fengizt, að við bættu hinu nýja embætti annars skrifstofustjóra, eða landritara, þó að töluvert yrði meira að gjöra á skrifstofu lh. eptir þessa breytingu; því að hinn nýi landritari, sem jeg vil nefna svo, eða skrifstofustjóri, sem frv. kallar, verður þó verkfær maður, sem nokkuð mun vinna. Jeg kann reyndar ekki vel við að leggja hvorum þessara skrifstofustjóra skrifstofufje sjer á parti; þeir standa þó báðir undir lh. og eru skrifstofustjórar hjá honum, og því átti að leggja lh. sjálfum þennan viðauka.

Hinn h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) skoraðist undan að svara því, hvaða störf heyrðu undir fullnaðarúrskurð amtmannanna; hann sagði að meiri hluti n. ætti að svara því; það er ekki rjett, heldur eiga þeir eða sá að svara því, sem vill halda í embættin; þeir eiga að sýna fram á *nauðsyn* embættanna; sönnunarbyrðin hvílir því einmitt á 1. þm. Ef., en ekki á meira hluta n.

Hann sagði enn fremur að þingið hefði breytt skoðun sinni síðan 1879 og þetta hefði þegar komið fram 1881. Það fer fjarri því, að svo sje. Þm. tekur eigi tillit til annars en þess, að aths. í fjárl. 1879 um að veita embættin ekki föstum embættismönnum, var ekki tekin upp í fjárl. 1881. Það var fremur af formlegum ástæðum að aths. ekki var tekin upp, og svo þótti það líka óþarfi, þar eð fjárl. 1879 höfðu verið sþ. með þessari aths., og með því að konungur samþykkti þau lög, þá er þar með fenginn konungsúrsk. fyrir þessu. Að skoðun þingsins var eigi breytt í þessu máli 1881, sjest bezt af þgsál. sem þá náði fram að ganga, með rjett að kalla öllum atkv. þess efnis að skora á stj. að aftaka embættin.

Þm. Ef. kveður sig fyrst hafa sjeð þessa ust. að afnema amtmannaembættin í Nýjum Fjelagsritum, og þar hafi verið stungið upp á því að gjöra amtmennina að póstum, það er að segja: verja launum þeirra til að auka

póstgöngur. Jeg verð að játa að jeg hef lesið Ný Fjelagsrit, en ekki beinlínis skilið ust. þá, sem þar er, bókstaflega á þennan hátt. Jeg heyri þessa ust. nú í fyrsta sinn; en það er ekki fyrir það, hún er svo kostuleg, að jeg hef aldrei heyrt betri ust. Það er sú mesta mótsetning sem til er milli himins og jarðar: amtmannaembætti og störf póstanna. Jeg skal skýra það með litlu dæmi. Sýslumaður Húnavatnssýslu þarf að fá fullnaðarúrskurð lh. í einhverju máli; hann sendir málið til amtmanns á Akureyri með póstinum á norðurleið, á á hættu að nýrra upplýsinga verði krafizt með póstinum á suðurleið, og hann þarf aptur að senda skjöl þess efnis norður á Akureyri með þriðju póstferð á norðurleið; svo gengur málið til lh. með næsta pósti á suðurleið; bíður þar úrslita eina póstferð yfir og er svo úrskurður loks sendur norður, en hvert? *Fram hjá* sýslumanni Húnvetninga norður á Akureyri; þar *afskrifar* skrifari amtmannsins brjef landshöfðingja, og svo er það með næstu suðurferð pósta sent sýslum. Húnvetninga!! Það eru ekki svo fáar ferðir, og opt getur þessi rekstur gengið árunum saman. Þess vegna segi jeg að þessi tillaga eða ust. sem þm. hefir lesið sjer út úr Nýjum Fjelagsritum, er hin fallegasta og þarfasta sem jeg hef nokkurn tíma heyrt; samgöngur landsins bötnuðu tvöfalt og í tvennum skilningi við það, að laun amtmannanna gengju til nýrra póstferða. Jeg hef sem oddviti hreppsn. átt í þeim ófögnuði, að leita úrskurðar amtmannsins á Akureyri; brjef mitt var skrifað í sept., og svarið var ekki komið í sept. árið eptir. Jeg bað þá um svar, en fjekk ekki; þá sendi jeg kæru til lh. og bað amtið koma henni áleiðis, ef því þóknaðist eigi sjálfu að svara, og þá fjekk jeg loksins það svar, að kæran skyldi verða send með hinum næsta pósti, ef jeg óskaði þess, en amtið skaut því til mín, hvort hún mætti ekki niður falla, með því að jeg nú fengi hið langþráða svar!! Jeg veit eigi við hvað maður ætti heldur að losna, en slík embætti. *(A. Ó.: Exempla non probant*[1]*).* Satt að vísu á stundum, en hitt þekkir þm., að *exempla illustrant*[2].

Jeg minnist varla nokkurra mála, sem amtmaður hafi fullnaðarúrskurð í, sem varða þjóðina í heild sinni; það eru t. d. strandreikningar og veiting leyfisbrjefa, sem flest eru þess eðlis, að aldrei er synjað um sölu þeirra, og gæti því kaupmaður, sem hefur sölubúð opna á gatnamótum, eins vel haft þann starfa á hendi. Hinn h. þm. Ef. hefur fundið upp orðið «skriffinnska», og eigi það nokkurstaðar við, þá er það um þessi embætti.

Þm. Ef. á eptir að sýna, hvað mikið af sjálfstæðu valdi er hjá amtmönnunum; enn fremur að sýna, að engin mál liggi nú undir úrskurð amtmanna, sem ekki geta komið undið úrslit fjórðungsráðanna. *(A. Ó.:* Það sagði jeg ekki). Hann sagði það! Sem dæmi upp á mál, sem nú liggja undir amtmennina, og sem efalaust færi betur úr hendi, ef þau lægju undir fjórðungsráð, vil jeg nefna staðfesting fiskisamþykkta. *(A. Ó.:* Má þá aftaka lög án laga?). Jeg skil ekki við hvað þm. á.

Þm. Ef. þótti eigi vinnandi vegur að aftaka þennan millilið milli hjeraðsstjórnarinnar og hinnar æðstu innlendu landsstj.; hann áleit slíka milliliði svo mikil djásn og hann tók til dæmis og samanburðar landsyfirrjettinn milli hjeraðsdóma og hæstarjettar. Þm. Ef. verður að játa, að eptir rjettarhugmyndinni ætti ekki að vera nema einn rjettur; eins og lögin eru ein, eins á rjetturinn að vera einn. Það eru þá praktískar ástæður sem gjöra nauðsyn á að hafa hjeraðsrjettina, sakir fjarlægðanna, en að hafa *neinn millilið* milli þeirra og hæstarjettar, það sje jeg ekki nauðsynina á. Það er nú svo langt frá að jeg meti landsyfirrjettinn nokkurt lands-*djásn*, að jeg skoða hann beinlínis sem hreina og beina land-*plágu*; 2 rjettir eru nóg, millirjettur er ekki nema kostnaðarauki, að jeg ekki segi meira. Sá rjettur sem veit að hann ræður ekki hinum síðustu úrslitum málsins, hefur minna samvizkuaðhald til að vera rjettvís rjettur. *(A. Ó.:* Einmitt miklu meira). Nei, minna! Það er viðurkennt álit beztu lögfræðinga í heimi. Það er heldur ekki langt síðan að flestir munu hafa fagnað því og þm. Ef. með, að landsyfirrjetturinn ekki var hinn æðsti rjettur.

Þm. hefur ekki svarað því, hver málin mundu sæta náð og hver ónáð, þegar stjórnin færi að skipta þeim milli lh. og fjórðungsráðanna. Úr því hann kemst svo að orði, að vjer eigum undir náð eða ónáð stjórnarinnar í þessu efni, þá hlýtur það að vera meining hans, að annaðhvort sæti þeir ónáð, er fá málalykta að leita til fjórð-

1) þ. e. dæmin sanna ekki!
2) þ. e. dæmin skýra!

ungsráðanna, eða þeir, sem eiga að leita þeirra til landshöfðingja. *Tertium non datur.*

Hvað frv. þetta í heild sinni snertir, þá hefur aldrei verið jafnmikill áhugi á þessu máli og nú. Við það bætist að tímarnir hafa aldrei verið eins hentugir og verða það kannske ekki í 100 ár eins og einmitt nú. Stj. hefur látið eptir vilja alþ. að halda amtmannsembættinu óveittu í Norður- og Austuramtinu, og jeg vona að það sje ekkert ótilhlýðilegt í því að segja það, að miklar líkur eru til að amtmannsembættið hjer fyrir sunnan og vestan losni á fjárhagstímabilinu.

Þm. Bf. (Gr. Th.) þykir ekki vera bót í þessum fjórðungsráðum, og það er ekki svo undarlegt, þar sem hann á heima í fjórðungi, sem hefur amtsráð fyrir sig, því að sitt ráðið er fyrir hvort, Vesturland og Suðurland; honum þykir og þetta fyrirkomulag gott með amtsráðin, sem er eðlilegt, þegar hann sjálfur situr í amtsráði, og þeim þykir vanalega fyrirkomulagið vera gott sem völdin hafa. En þm. hefði átt að þekkja til þess á Austurlandi og vita hversu hagkvæmt það er að leggja mál sín undir úrskurð manna, sem sitja í nágrenni við amtmanninn á Akureyri, því að þó það sje hvergi boðið að kjósa menn nærsveitis við amtmenn, þá er það auðvitað allt af gjört. Fjærsýslurnar verða allt af út undan, því að þær standa verr að vígi með að sameina sig. Afleiðingin af því fyrir Austurland er hvorki meiri nje minni en að það verður alveg rjettlaust og án þess að geta haft nokkur afskipti af gjörðum amtsráðsins. Getur það og heitið nokkur fulltrúakosning, eins og nú er, að skipa 2 menn í amtsráðið með amtmanni t. d. fyrir allt Norður- og Austurland.

Jeg lýk orðum mínum með þeim ummælum um amtmannaembættin, að þau eru og verða æ meir og meir skriffinnska, vífilengjuembætti, pappírsgagn eða «humbug»!

Framsögumuður (Friðrik Stefánsson): Jeg held að hinn h. þm. Ef. (A. Ó.) hafi misskilið orð mín eða viljað misskilja þau, þar sem hann hjelt, að jeg vildi helzt enga yfirstjórn hafa; jeg vil hafa frjálsa og framkvæmdarsama stjórn, en það skil jeg vel að honum sje ekki vel við þetta, og finni sjer nú til, að kalla skoðun mína á þessu máli hreppapólitík; en það sjer hver maður í hvaða vandræði hann er kominn, að grípa þetta svona úr lausu lopti, því jeg vil einmitt auka hjeraðastjórn sem mest, og láta hana hafa sem frjálsastar hendur. Þar sem hann talaði um fjórðungsþingin til forna, þá get jeg sagt honum það, að eptir að alþingi var komið á stofn á árunum 927—930, þá voru fjórðungsþingin aldrei notuð, og það sýnir einmitt, að Íslendingar álitu þá, að þau væru óþarfur milliliður milli hjeraðsþinga og alþingis, eins og jeg álít nú að amtmannaembættin sjeu óþarfur milliliður milli hjeraðsstjórna eða sýslustjórnar og landsstjórnarinnar. Og því er mjer illa við að vera undir stjórn amtmanna og amtsráða, og þá ekki síður að hafa þann millibilsklerk, sem nú situr í amtsráðinu, lengur en góðu hófi gegnir, og sömu skoðun munu fleiri hafa, að vilja losast við amtmann og amtsráð.

Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Lfrv. um afnám kgsúrskurðar 20. jan. 1841 (C 193); 1. umr.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Jeg veit ekki hvort þd. er kunnur þessi kgsúrskurður; hann er stuttur og hljóðar um að 3 íslenzkir stúdentar, þar á meðal einn Íslendingur, sem margir hafa heyrt nefndan, Gunnl. sál. Þórðarson, sem hafi komið til háskólans haustið 1840, skuli fá ferðakostnað sinn endurgoldinn, 2 með 38 rd. og 1 með 35 rd., úr hinum íslenzka jarðabókarsjóði. Það er náttúrlega ekki þessi partur kgsúrskurðarins, sem þetta frv. fer fram á að afnema. En þar að auki er rentukammerinu gefin heimild til að útborga úr sama sjóði íslenzkum stúdentum *álíka* upphæð framvegis til endurborgunar á ferðakostnaði þeirra frá Íslandi til háskólans. Hjer er þá gefið leyfi til að borga íslenzkum stúdentum sem ferðast til háskólans álíka upphæð og 76 kr.; en hvernig hefur nú þessum kgsúrskurði verið fram fylgt? Þegar hann var gefin út voru engar gufuskipsferðir milli Íslands og Danmerkur, en síðan þær komust á hefur kostnaður þessi aukizt svo mjög, að nú um mörg undanfarin ár hefur kostnaðurinn verið hátt á annað hundrað krónur fyrir hvern stúdent og í einu einstöku tilfelli síðastliðið ár varð hann á þriðja hundrað krónur, með því að einn íslenzkur stúdent fór hjeðan með gufuskipinu «Camoens» til Skotlands og þaðan til Hamborgar, og síðan þaðan áleiðis til Kaupmannahafnar, og fjekk hann kostnaðinn við allt þetta ferðalag útborgaðan. Það virðist nú undarlegt

að vera að gefa öllum þessum mönnum, sem sannarlega eru vonarpeningur, hinn sama styrk, án nokkurs tillits til þess hvort þeir eru ríkir eða fátækir, hæfilegleikum búnir eða ekki. Og nú þegar margir eru að gjöra ráð fyrir að flytja alla hærri uppfræðingu inn í landið sjálft, þá er það eins og gefa mönnum verðlaun til þess að sækja ekki hinar innlendu uppfræðingarstofnanir, en fara heldur utan og nema þar. Það er eðlileg löngun hjá hinum ungu námsmönnum, að þá langi til að fara utan, en jeg get ekki sjeð ástæðu til þess, að lsj. sje að kosta þá ávallt, hvort sem þeir eru efnilegir eða eigi. Það er einn flokkur manna, sem hefur lagarjett til þess að fá slíkan styrk; það eru þeir, sem hafa aflokið námi sínu hjer við læknaskólann; þeir eiga að fá styrk bæði til ferðarinnar til Kaupmannahafnar og til þess að dvelja þar um ákveðinn tíma. Jeg held að lsj. gæti varið þessu fje á eðlilegri og fegurri hátt. Þegar maður lítur til þess, að einn heiðursmaður sem nú er dáinn hefur fyrir skömmu í erfðaskrá sinni ákveðið vissa fjárupphæð til þess að veita efnilegum mönnum fje til þess að ferðast til erlendra háskóla og stunda þar heimspeki, þá held jeg að þingið gjörði miklu betur í að afnema veiting þessa fjár, en ætla vissa upphæð til þess að veita svo sem einum ungum efnilegum manni, sem hefði lokið námi sínu annaðhvort hjer eða við háskólann í Kaupmannahöfn, og sýnt það, að það væri vert að styrkja hann, til þess að ferðast til erlendra háskóla og framast þar. Mjer sýnist að þetta væri miklu nær fyrir þingið, heldur en að fleygja þessu fje út til hvers eins, hvort sem þeir fara til Hafnar til þess að afljúka námi sínu, eður að eins til þess að skemmta sjer, og ánetjast svo þar í neti freistinga, eins og opt á sjer stað, og sorglegt er til að vita um unga menn, og miklu sorglegra, en að missa þá í stríði fyrir fósturjörðina, sem einn mikill maður meðal Grikkja sagði væri því líkast, að missa vorið úr árinu. Í sambandi við þetta vildi jeg minnast á annað, sem reyndar engin lög eru fyrir, heldur að eins stjórnarbrjef, að útlenzkir embættismenn sem fara heim til Íslands fá vanalega 200 kr. ferðastyrk. En hvernig hefur stj. farið með þessa ákvörðun sína? Umliðið ár hefur stj. veitt einum íslenzkum embættismanni 800 kr. ferðastyrk, og öðrum manni, sem þá ekki var orðinn embættismaður, en fór hingað til þess að taka próf í íslenzku, 600 kr. í ferðastyrk. Þessi aðferð er mjög merkileg, þar sem stj. hvorki fylgir þessum kgsúrskurði nje sínum eigin ákvörðunum.

Landshöfðingi: Mig furðaði það stórlega að sjá þá ust. koma frá hinum h. þm. Bf. (Gr. Th.) að afnema styrk sem gjörir íslenzkum námsmönnum ljettara fyrir að leita sjer menntunar við háskólann í Kaupmannahöfn. Menn hafa metið mikils, eins og líka er vert, hversu mikinn styrk íslenzkir stúdentar fá við háskólann, og þar sem hinn h. þm. Bf. áleit að þessi ferðastyrkur lokkað menn til að fara til háskólans, sem honum virtist ekki vera heppilegt, þá held jeg að það væri miklu öflugra meðal til að koma því til leiðar að íslenzkir súdentar leituðu ekki til háskólans, ef honum er svo annt um það, að reyna að áorka því að þeir yrðu sviptir þeim styrk, sem þeir njóta þar; því þá yrði tilganginum líklega náð, að sem fæstir leituðu til háskólans. Jeg þykist vita, að ástæðan til þess að afnema endurborgun þessa ferðakostnaðar sje byggð á sparnaði, og sparnaðurinn er nu ætíð góður, þar sem hann á við, en þar sem þessi styrkur er svo lítill í samanburði við þann styrk, sem íslenzkir stúdentar verða aðnjótandi við háskólann, Íslandi að kostnaðarlausu, og að hinu leytinu er hjer um það að ræða, að gjöra ungum námsmönnum ljettara fyrir að leita sjer æðri mentunar, þá held jeg að þessi sparnaðarástæða sje heldur ljettvæg og eigi ekki við. Þar sem hinn þ. þm. talaði um að kostnaðurinn við ferðir stúdenta hefði aukizt til muna frá því, sem áður var, þá er þetta eðlilegt; tímarnir eru nú orðnir breyttir frá því sem þá var, er kgsúrskurðurinn var útgefinn, og eins og menn vita er það miklum erfiðleikum bundið að ferðast með seglskipum, og menn gjöra það ekki nú nema menn sjeu til þess knúðir af einhverri nauðsyn. Þm. þótti það jafnvel vansi að veita slíkan styrk, og hreyfði því, að sumir af þeim stúdentum sem styrksins nytu, fjellu í net freistinganna, og eyðilegðist. Fjeð er veitt til þess að gera ungum embættismannaefnum ljettara að leita sjer æðri menntunar, og gjöra þá hæfa til að taka að sjer embætti hjer á landi, og er því tilgangurinn góður, enda verður honum í flestum tilfellum náð; og þótt einstaka menn nái ekki sínu upprunalega takmarki, þó þeir falli fyrir freistingum eins og þingmaðurinn sagði, þá er undantekningin engin

regla. Jeg vona því, að þm. almennt verði á öðru máli en hinn h. þm. Bf., og að þetta frv. nái eigi fram að ganga, því þar sem lsj. leggur svo lítið fje í sölurnar, er lítið unnið við að taka af þennan fjárstyrk, en hann getur þó komið mörgum vel, sem hans eiga að njóta og getur greitt mjög götu þeirra á vegi menntunarinnar. Mjer sýnist það ólaglegt að af taka þennan styrk, enda lægi það mjög nærri fyrir þá sem eiga að ráða veitingu styrksins við háskólann, að hugsa sem svo, að stúdentar hjeðan væru ekki þurfandi fyrir styrk, þegar Íslendingar sjálfir neituðu þeim um þann litla styrk, er þeim hefur verið veittur að undanförnu, og sem landið á að leggja fram. Hvað snertir hinn annan ferðastyrk til íslenzkra embættismanna, þá veit jeg ekki til að nein föst ákvörðun hafi verið sett um það, hversu hár hann skyldi vera, heldur hefur þar verið farið eptir kringumstæðum. Þar sem hinn h. þm. Bf. tók það fram, að einum manni hefði verið veittur þessi styrkur, þótt hann þá ekki hefði verið orðinn embættismaður, þá skal jeg jeg geta þess, að ferðin var gjörð í þeim tilgangi að sá maður tæki hjer við embætti, og hefði öðruvísi um skipazt, og hann ekki orðið hjer embættismaður, þá hefði hann að sjálfsögðu borgað styrkinn aptur til lsj.

Grímur Thomsen: Jeg þekki ekkert land í heimi, sem leggur eins mikið fje fram til ungra námsmanna eins og þetta fátæka land. Jeg vil biðja menn að leita í Danmörku, hvort nokkur sá skóli sje þar, — að Sóreyjarskóla einum undanteknum, en það eru ekki nema sárfáir, sem verða fyrir því happi að komast á hann —, sem sje eins eins vel útbúinn með fje, eins og hinn lærði skóli hjer. Í hinum lærða skóla fá flestir piltar ýmist heila eða hálfa ölmusu og margir frían bústað í skólanum, og svo þegar þeir koma á prestaskólann og læknaskólann fá þeir og ölmusur og húsaleigustyrk að auki. Er þá nokkur ástæða til að bæta þessum styrk þar á ofan, sem er veittur svona í fleng, án þess að nokkuð sje farið eptir efnahag nje hæfileikum, og sem er út borgaður með svo hárri upphæð, sem hver vill, þar sem hann hefur verið útborgaður með þeirri upphæð, að numið hefur á þriðja hundrað krónur, en sú upphæð, og eins sú sem styrkurinn að jafnaði nú er útborgaður með, stríðir beint á móti kgsúrskurði þeim, sem veitir heimild fyrir styrknum. Jeg held að hinn hæstv. lh. hefði gjört rjettara í því að mæla fram með ust. þeirri, sem jeg benti á, að styrkja einhvern einn ungan og efnilegan mann til að ferðast til erlendra háskóla og framast þar, þegar hann hefði sýnt, að hann væri þess verður, að hann væri styrktur, heldur en að mæla á móti þessari tillögu minni, um afnám kgsúrskurðarins. Þar sem hinn hæstv. lh. sagði, að aldrei hefði verið nein föst ákvörðun sett um það, hve háan styrk skyldi útborga íslenzkum embættismönnum, þá getur verið að svo sje, en að minnsta kosti hefur það verið venja að hann væri 200 kr., og það er hreinasta undantekning, ef hann hefur farið fram úr þeirri upphæð. En mjer er óskiljanlegt, hvernig nokkur embættismaður þarf 800 kr. ferðastyrk hingað upp, og hvaða ástæður stj. hefur haft fyrir því að veita þær. Enn fremur finnst mjer það í hæsta máta óreglulegt, að veita manni 600 kr. ferðastyrk, sem hvorki er settur í embætti hjer, nje honum veitt það, en sem kemur hingað upp til þess að taka próf í íslenzku. Hvað það snertir, sem hinn hæstv. lh. sagði, að þessi styrkur mundi hafa verið endurborgaður, ef sá, er hann var veittur, ekki hefði orðið embættismaður hjer, þá skal jeg gjarnan trúa því, af því jeg þekki hinn hæstv. lh., að hann sjálfur hefði gjört það, ef hann hefði átt í hlut, en hann er ekki fær um að taka upp á sig ábyrgð fyrir, að hver annar hefði gjört það.

Landshöfðingi: Þar sem hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) sagði, að nær hefði verið fyrir mig, að mæla fram með ust. þeirri, sem hann hefði bent til, en að mæla á móti tillögu hans um afnám kgsúrskurðarins 20. jan. 1841, þá skal jeg geta þess, að sú ust. liggur hjer eigi fyrir til umræðu, enda getur vel verið, að jeg hefði mælt með henni, ef hún hefði legið fyrir. Jeg er öldungis ekki á móti því að veita ungum, efnilegum manni styrk til þess að ferðast til erlendra háskóla og frama sig þar, en sú fjárveiting þyrfti alls ekki að koma í bága við þessa fjárveiting, því að henni er öðruvísi varið, þar sem styrkurinn er veittur þeim mönnum, sem síðar meir eiga að verða embættismenn hjer á landi. Af því að það liggur ekki fyrir, að ræða um ferðastyrk embættismanna hingað til lands, og það kemur ekki þessu máli við, þá skal jeg ekki fjölyrða um það; einungis skal jeg geta þess, að það er engin föst ákveðin regla, að ferðastyrkurinn sje

200 kr., þótt það kannske optast hafi verið svo. Hvað snertir þann 600 kr. ferðastyrk, sem hinn h. þm. Bf. talaði um að hefði verið greiddur manni, sem ekki hefði verið orðinn embættismaður hjer, þá skal jeg taka það fram aptur, að ferð hans hingað var gjörð í þeim tilgangi að taka hjer við embætti.

Eiríkur Kúld: Hinum h. þm. Bf. (Gr. Th.) þótti það óeðlilegt, að ungum mönnum væri veitt hjer svo mikið fje til menntunar. Honum fannst og að þessum styrk væri eins og kastað í sjóinn, þar sem margir, er hans nytu, ljetu fallast í neti freistinganna; en það eru ekki allir, sem ekki standast þær, það veit hann þó á sjálfum sjer, og ef ætti að binda styrkinn við það, að menn ekki gætu fallið fyrir freistingum, þá held jeg að það mætti eins vel af taka ölmusurnar hjer við skólana, því það eru mörg dæmi til þess, að menn hafa líka hjer fallið fyrir freistingunum þótt þeir hafi alið allan sinn aldur hjer á landi. Þessi styrkur er eins og hinn hæstv. lh. tók fram veittur til þess að greiða götu ungra embættismannaefna til æðri menntunar, og það vita allir að meira tækifæri er fyrir unga menn að afla sjer margvíslegrar menntunar við Kaupmannahafnarháskóla, en mönnum býðst hjer á landi. Það er því undarlegra að sú tillaga skuli koma fram, að afnema þennan styrk, þar sem aldrei hafa heyrzt minnstu kvartanir frá þjóðinni yfir því að hann væri veittur. Mjer þykir líka hætt við að Danir fari að gjöra eitthvað til að takmarka þann mikla styrk, sem íslenzkir stúdentar njóta við háskólann, þegar þeir sjá, að Íslendingar sjálfir svipta þá þeim litla styrk, er þeir eiga að láta í tje, og þá sæist bezt hvað happasælar afleiðingar þessi tillaga hefði, því hversu margir íslenzkir stúdentar mundu þá geta stundað vísindi við háskólann? jeg held, að þeir mundu verða næsta fáir, og jeg vil segja nær því enginn. Jeg þykist vita að þm. hafi komið fram með þessa tillögu í þeim tilgangi að spara, en afleiðingarnar af þeim sparnaði mundu verða þær, að hún hamlaði menntunarfýst og framfórum ungra og efnilegra manna, og gæti orðið fyrsta stig til þess að gjöra mönnum ómögulegt að nema vísindi við háskólann. Jeg get ekki sjeð að slíkur sparnaður eigi hjer við, og mjer þykir ólíklegt að hinn h. þm. Bf. vilji spara svo mikið að afleiðingarnar verði tálmun fyrir menntun embættismannaefna, því ef svo væri, þá verð jeg að segja, að hann, hvað þetta snertir, gengur í flokk þeirra manna, sem fylgja þeirri reglu, að láta tilganginn helga meðalið.

Síðan var gengið til atkv. og frv. vísað til 2. umr. m. 17. atkv.

Lagafrv. um að stofna slökkvilið á Ísafirði (C 163); 1. umr.

Flutningsmaður (Th. Thorsteinson): Jeg finn ekki ástæðu til að tala langt um þetta mál, því að það mælir sjálft með sjer. Það vantar slökkvilið á Ísafirði, en er þörf á að fá það, og það verður að gjörast með lagaákvörðunum.

Jeg óska einungis að málið gangi til 2. umr.

Landshöfðingi: Það sje langt frá mjer að mæla á móti þessu frv., því að það inniheldur þarflega ákvörðun. En það er þó dálítil aths. sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra við það eins og annað frv. er hinn sami háttvirti þingmaður hefur komið með inn á þingið; jeg óska eptir upplýsingum um undirbúning þess, af hvaða tildrögum það er fram komið. Af því það er frá einum kaupstað og á einungis að gilda fyrir það bæjarfjelag, þykir mjer líklegt, að það hafi verið rætt af bæjarstjórninni og borið fram eptir óskum bæjarstjórnar og bæjarbúa. Mjer þætti æskilegt að fá skýrslu um þetta, enda mundi það og styðja og skýra málið, svo að það fengi því greiðari framgang og fullnaðarsamþykki. Jeg álít að það sje kaupstaðarbúum fremur til gagns að fá slökkvilið, en það leggur þeim einnig byrði á herðar, og því vildi jeg fá skýrslu um að þeir væru fúsir á að leggja á sig þessa byrði.

Grímur Thomsen: Jeg vil með tveim orðum skjóta því til flm., hvort hann vill ekki nema burt orðið *sprauta* úr frv.

Flutningsmaður (Th. Thorsteinson): Jeg skal skýra hinum hæstv. lh. og hinni háttvirtu deild frá því, sem hin hæstv. lh. óskar eptir. Eins og honum er kunnugt, hefur Ísafjarðarkaupstaður keypt slökkvivjel, en það vill ganga örðugt að fá slökkvilið, svo það voru sameiginleg ráð bæjarstjórnarinnar og fleiri bæjarmanna, að fá þessu framgengt með lögum. Það er eptir óskum bæjarstjórnar og bæjarmanna að frv. er framkomið. Við bæjarbúar höfum lagt þunga byrði á okkur með að fá slökkvivjelina, en

nú verður að skylda fólkið með lfrv. að æfa sig og meira þar að lútandi.

Málinu vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Lagafrv. um br. á lögum frá 15. marz 1861 um vegabótagjald (C 196); 1. umr.

Þórður Magnússon: Jeg ætla að eins með fám orðum að skýra frá ástæðunum fyrir þessu frv. Sýslunefndin ræddi um það á sýslufundi næstliðinn vetur, að ef af því yrði, að Ísfirðingar fengju gufubát, þá væri æskilegt að mega verja nokkru af vegabótagjaldi sýslunnar til þess að efla og greiða samgöngurnar með. Sýslunefndin var því fremá þessari skoðan, sem það er ekki líklegt, að sýsluvegurinn, er á að leggja kringum Ísafjarðardjúp, einu sinni verði lagður á næstu öld. (*J. Ó.*: En á þessari?). Þess vegna þótti sýslunefndinni ákjósanlegt að fá þessu þannig fyrir komið, en hún sendi eigi neina bænarskrá, því að almennur fundur var eigi haldinn um þetta mál. Jeg vona þd. leyfi frv. að ganga til 2. umr.

Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Tuttugasti og þriðji fundur, laugardag 28. júlí kl. 12—3½. Allir á fundi, nema 2. þm. Skg. (Gunnlaugur Briem), sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Frv. til fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883 (C 83); 2. umr.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Þegar þetta frv. um fjáraukalög fyrir árin 1882 og 1883 kemur nú til umræðu, þá þarf jeg eiginlega ekki mikið að segja um það, því að n. hefur tekið flest af því fram, sem um það verður sagt, í n.álitinu (C 188). Viðvíkjandi 2 gr. vill n. ráða til, að þær 160 kr., sem farið er fram á, sjeu veittar; en á hinn bóginn vildi n. vekja athygli d. á því, að þar sem kirkjan á þessu tímabili hefur haft afgang af tekjum sínum fram yfir það, sem gengið hefur til útgjalda hennar, þá þykir n. skrítið, úr því að kirkjan hefur sjerstakan reikning, að þá skuli vera leitað til alþingis til að fá það borgað úr lsj., sem hún getur borgað sjálf. N. álítur rjettast, að reikningar allra kirkna lsj. vær teknir inn á fjárlögin, eins og hverra annara eigna hans. N. hefur þó eptir ástæðum þótt rjettast að veita hina umbeðnu upphæð í þetta sinn. Að því er 3. gr. snertir, þá kann svo að virðast í fljótu bragði, einkum þegar litið er til harðæris þess, sem verið hefur hin síðustu undanfarin ár, að ástæða væri til að gefa eptir vexti þá, er þar ræðir um; en þegar á hinn bóginn er litið til þess, hversu gamalt lán þetta er orðið, þá virðist sannlega tími kominn til þess að borga það. N. áleit, að ef þingið ár eptir ár gæfi eptir slíkar skuldir eða vexti þeirra, þá væri það eins og til þess, að hvetja menn til þess, að borga ekki, í þeirri von, að þingið mundi gefa skuldirnar eptir, ef til vill allar á endanum. Auk þessa hefur n. frjett, að þessar leigur mundu þegar vera borgaða. Það getur alls ekki verið um það að tala, að gefa Borgarfjarðarsýslu eptir leigurnar af sínu láni, því að hana mundi lítið muna um það, þar sem það eru einar 36 kr. Viðvíkjandi 4. gr. um ferðakostnað setts sýslumanns í Dalasýslu, þá er það ónákvæmt að segja, að sá kostnaður sje lsj. óviðkomandi. Því að þegar einhver embættismaður er settur til að gegna öðru embætti með hálfum launum, en lsj. fær hinn helminginn, þá er það sparnaður fyrir lsj., og þá virðist í rauninni rjett, að lsj. ætti að taka þátt í þeim kostnaði, sem fjelli á embættið, en eptir því sem jeg bezt man, þá er embættismanni, sem settur er í embættið með hálfum launum, hvergi áskilið að fá ferðakostnað sinn við embættisferðir endurgoldinn úr lsj. Þar að auki þyrfti maður að fá að vita, hvað kostnaðurinn við embættið hefur verið mikill hinn hluta ársins, þar sem hann er 126 kr. fyrir þennan stutta tíma, sem hinn setti sýslumaður þjónaði embættinu, til þess að geta ákveðið nokkuð um kostnaðinn. Þar sem þessi upphæð er svo lítil, þá þykir mjer það næsta undarlegt, að hlutaðeigandi sýslumaður skuli hafa farið fram á að fá þessar 100 kr. endurgoldnar úr lsj., þegar hann hafði þó talsverðan afgang af tekjum sínum í þessu embætti og þjónaði um leið öðru embætti. Að því er 5. gr., snertir, þá hefur n. þótt öll sanngirni mæla með því að póstar þeir, er þar um ræðir, fái að nokkru bætt hið mikla tjón, er þeir hafa beðið í þjónustu landsins beinlínis sökum vetrarharðinda og illviðra, og vill því ráða d. til að samþykkja þessa gr. óbreytta.

Viðvíkjandi 6. gr., þar sem stj. eptir tillögum biskups hefur farið fram á, að veittar yrðu 3000 kr. til uppbótar fátækum brauðum, þá getur hjer ekki verið um neina lagaheimting að tala, að þau fái slíka

uppbót, en á hinn bóginn sýnist öll sanngirni mæla með því, að þessi brauð fengju nokkra uppbót, sem hjer um bil svaraði þeirri upphæð, sem þeim er ætluð í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. En þá er annað mál, hvort ástæða er til, að veita 3000 kr. Öll uppbótin til þeirra presta, er eigi hafa fengið þau brauð, er engin uppbót er ætluð, er 6400 kr.; en á meðal þeirra brauða er Vestmannaeyjabrauð, sem á að fá 600 kr. á sínum tíma, en sem ekki getur verið umtalsmál að láta fá neitt fyrir umliðin ár, svo að sú uppbót dregst frá; svo eru og nokkur brauð, sem engin uppbót var ætluð, en sem uppbót hafa fengið, af því að uppgjafaprestar hafa verið í brauðinu. Það kann því að vera nokkur sanngirnisástæða til að veita þessa uppbót að nokkru, þegar tekjur brauðanna eru mjög litlar; en eins og jeg tók fram áðan, er hjer ekki um neina krðfu að tala, og verð jeg því að álíta þetta hreina og beina náðarveitingu. N. áleit að 1500 kr. mundu nægja til þess að brauðin geti fengið nær því alla þá uppbót, sem þeim er ætluð, en hún vill ekki ráða d. til að veita meira en þessar 1500 kr. En að því er snertir uppgjöf þá á gjaldinu frá Oddabrauði til lsj., sem n. hefur farið fram á að veitt yrði, þá skal jeg geta þess, að hlutaðeigandi prestur hefur beðið um uppgjöf á öllu gjaldinu, en það þótti n. heldur langt farið, og ef hjer hefði eigi verið nokkuð sjerstaklega á statt, mundi n. hafa synjað um alla eptirgjöf. En hún áleit, að hún yrði hjer að gæta allrar sanngirni, og þar sem mikið harðæri hefur verið undanfarin ár, og presturinn við það misst mikið af tekjum sínum, og jarðir þær, sem brauðinu fylgja, orðið fyrir miklum skemmdum og sumar þeirra jafnvel lagzt í eyði, þá áleit n. að allrar sanngirni væri gætt, ef gefinn væri eptir helmingur gjaldsins. Að því er síðari lið 6. gr. snertir, um fjárveiting til áhaldakaupa við leikfimiskennslu við Möðruvallaskólann, þá er þar nú komið upp leikfimishús. Jeg skal nú ekki dæma um, hversu nauðsynleg þessi leikfimiskennsla er fyrir fullorðna menn, því að hún er helzt ætluð ungum mönnum, en þegar þeir menn ganga á skólann, sem komnir eru yfir tvítugt, þá virðist hún óþörf, en úr því að húsið er komið upp og kennslan í leikfimi lögboðin, þá áleit n. rjettast að veita fje til að kaupa þau áhöld, er nauðsynleg væru við kennsluna, og vill því ráða d. til þessarar fjárveitingar. Þá kemur seinasta gr., eða 7. gr., um 500 kr. þóknun til setts málsfærslumanns við landsyfirrjettinn. Þessi fjárveitingarbón kemur nokkuð seint. Því verður ekki neitað, að öll sanngirni virðist mæla með því, að þessi fjárveiting væri veitt, enda væri þingið þá sjálfu sjer samkvæmt, þar sem það veitti sama manni sams konar þóknun í fjárlögum 1881, en n. fannst þó eptir atvikum, að ekki væri næg ástæða til að veita þetta fje. Þá er eptir að minnast á eina grein, sem n. hefur skotið inn í frv., um 1125 kr. gjald til hjeraðslæknis Ólafs Sigvaldasonar. Eins og kunnugt er, kom þetta mál fyrir á þingi 1881, og var þá þessi fjárgreiðsla sþ. hjer í n. d., en það var að eins fyrir eitthvert slys, að sú ákvörðun fjell burt úr frv. í e. d. Eins og n. d. áleit 1881, að tjeður læknir hefði rjett til krðfu sinnar, eins áleit n. nú að svo væri, enda væri það ósamkvæmni af þinginu, að veita fjeð 1881, en neita um það 1883. Það er og enginn vafi á því, að læknirinn hefur fyllstu lagakrðfu til þess, að fá þetta fje greitt, og það væri því ekki til annars að neita honum um það, en að neyða hann til að fara í mál, og baka þannig lsj. óþarfan kostnað, og lækninum sjálfum bæði kostnað og óhag.

Landshöfðingi: Jeg er hinni h. n. þakklátur fyrir það, hversu mikið tillit hún í mörgum atriðum hefur tekið til sanngirnisástæðna viðvíkjandi þessu frv.; en þar sem þó n. ekki í öllum greinum hefur fallizt á ust. stj., þá vil jeg leyfa mjer að gjöra nokkrar aths. við álit n. Mjer þykir n. ekki hafa litið með sömu nærgætni og annars á ákvörðunina í 4. gr., þar sem hún hefur ráðið d. frá að fallast á að greiða 100 kr. til hins setta sýslumanns í Dalasýslu. Hin h. n. og hinn h. frsm. hafa tekið það fram, að þetta gjald væri lsj. óviðkomandi; en jeg get þó eigi sjeð, að það sje lsj. að öllu leyti óviðkomandi, þar sem lsj. á að borga kostnaðinn við embættið. Þess ber og að gæta, að hjer stendur nokkuð sjerstaklega á, þar sem manntalsþingaferðirnar urðu einmitt þann stutta tíma, er hinn setti embættismaður gegndi embættinu, og þær eru þær einustu ferðir, sem sýslumenn fá enga borgun fyrir; það virðist því ekki sanngjarnt, að hann beri einn þenna mikla part af embættiskostnaðinum, og þótt þessi kostnaður væri borgaður, þá er það þó enginn nýr kostnaður fyrir lsj., því að hann mætti

þá álítast borgaður af þeim helmingi launanna, sem lsj. að öðru leyti sparaðist við það, að settur embættismaður þjónaði embættinu. Hinn setti sýslumaður getur ekki fengið þennan kostnað greiddan frá dánarbúi hins fyrverandi sýslumanns, því hann andaðist í byrjun fardagaársins, og dánarbúið gat því ekki verið skyldugt til að borga kostnaðinn við manntalsþingaferðirnar. Mjer virðist því næsta sanngjarnt, að hann fengi þennan kostnað endurgoldinn úr lsj., þar sem laun hans voru mjög lítil, ekki meira en svo sem 2 kr. á dag, og er það mjög lítil þóknun í samanburði við þau embættisstörf, er hann hafði að gegna. Þar sem hin h. n. hefur ráðið d. til að fella 3. gr. frv. burt, þá álít jeg að hún ekki heldur þar hafi sýnt eins mikla nærgætni, eins og annars yfir höfuð kemur fram í nefndarálitinu; jeg skal ekki fara mörgum orðum um skuld þá, sem Borgarfjarðarsýsla á að greiða, með því að upphæð þessi er svo lítil, að álítast má að sýslufjelagið standi nokkurn veginn jafnrjett eptir sem áður, þótt það greiði þessa vexti. En aptur ber miklu meiri nauðsyn til að gefa Snæfellsnessýslu eptir vextina af sínu láni. Hinn h. frsm. tók fram, að lánið væri orðið svo gamalt; að mál væri nú komið til að borga leigurnar af því. Það er satt, að lánið er gamalt, en einmitt af því að það er orðið svo gamalt, þá er því tilfinnanlegra fyrir eptirkomendur þeirra manna, er lánið tóku, að þurfa nú, einmitt þegar harðæri og neyð þrengir að þeim, að borga lán það, er forfeður þeirra tóku í líkum kringumstæðum, það er þegar hallæri og neyð var. Jeg vil því leyfa mjer að mæla með því, að hin h. d. fallist á þessa gr. í frv. stj. Þar sem hin h. n. hefur fært niður þá upphæð, sem farið er fram á í stj frv. til uppbótar fátækum brauðum, þá álít jeg þá upphæð, sem n. hefur stungið upp á, ekki fullkomlega nægilega, þótt jeg játi, að hún hefur talsverða þýðingu, og sje miklu betri en ekki neitt. Þar sem hin h. n. hefur stungið upp á, að prestinum í Odda verði gefinn eptir helmingur afgjaldsins frá því brauði fyrir árin 1882 og 1883, þá er jeg nefndinni samdóma um það, að nauðsyn beri til þess, því að jeg er viss um, að prestinum er ómögulegt að greiða þetta afgjald, og þótt jeg játi, að n. hafi hjer sýnt mikla nærgætni, þá er jeg, eptir þeirri rýrnun, sem brauðið hefur orðið fyrir síðastliðin ár, óttasleginn fyrir því, að þessi hjálp sje þó ekki nóg; en hún er eigi að síður mikilsverð og þakklætisverð. Þar sem hin h. n. eigi hefur viljað fallast á 7. gr. stj.frv., þá virðist þó öll sanngirni mæla með því, að sú upphæð, er þar er farið fram á, sje veitt, enda virðist það meira að segja ósamkvæmni af þinginu, ef það neitar um samþykki á henni, þar sem það samþykkti sams konar fjárveiting 1881. Jeg skal að öðru leyti ekki fara lengra út í það mál, en skjóta því til hinnar h. d., hvort hún finni ekki ástæðu til að fallast heldur á ust. stj. en n. viðvíkjandi þessari grein.

Grímur Thomsen: Jeg þarf eigi að minna hinn hæstv. lh. og þd. á það, að síðasta gr. í fjárl. hvert ár segir, að tekjur þær sem verði fram yfir útgjöldin, renni í viðlagasjóðinn og verði þannig arðberandi fyrir landið. Það er því viðsjárvert við öll fjáraukal. að þau rýra landsins arðberandi fje; opt verður reyndar ekki hjá því komizt, þar sem full og óhjákvæmileg nauðsyn er til að brúka meira fje en fjárl. veita; en aptur á móti er það upphvatning fyrir þingið að veita ekki á fjáraukal. nema það allra nauðsynlegasta. Jeg minnist áminninga hins hæstv. forseta, að lengja eigi umræðurnar, og vil því að eins drepa á nokkur atriði, þar sem jeg er ekki samdóma hinni h. fjárln. Mjer finnst hún hafi rjett að mæla hvað ástæður hennar snertir, en þegar til ályktana þeirra kemur, sem hún dregur út af ástæðunum, þá sýnist mjer hún hafi verið í vandræðum með að hitta jafnvægið milli miskunnsemi og rjettlætis, eins og einn h. þm. nýlega komst að orði.

Jeg vil lauslega minnast á 6. gr. frv. Jeg tek það fram að jeg beini ekki athugasemdum mínum og aðfinningum til hinnar heiðruðu n., ekki heldur til stiptsyfirvalda eða lh., heldur til rg., sem ber ábyrgðina fyrir allar fjárveitingar. Málinu er svo varið, að ráðherrann hefur brotið gildandi lög; jeg á við l. frá 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. Í 9. gr. þessara l. segir með skýrum orðum, að l. þessi nái gildi í fardögum 1881, og þar með er skýlaust sagt, að uppbót sú sem þessi l. leggja nokkrum brauðum eigi þá fyrst að útborgast þegar l. öðlist gildi, eins og eðlilegt er, og rg. hefur þá enga heimild til að veita fje eptir þessum l., fyr en í fardögum 1881. En hvað gjörir rg.? Ásar í Skaptafellssýslu losna í maí 1880; þangað kemur nýr prestur og hann fær jafnskjótt uppbótina, sem

fyrst átti að greiða úr fardögum 1881. Þóroddstaður í Kinn er veittur í maí 1880, presturinn fær líka uppbót. Flatey í ágúst 1880, sama aðferðin; en engin af þessum veitingum er lögleg fyr en vorið 1881. Fleiri mætti nefna. Otrardalur fær 400 kr. tillag, sem honum var ætlað þegar hann er veittur í maí 1880, og Selvogur sömuleiðis 500 kr. samsumars í ágústmánuði, Húsavík í sama mánuði með 200 kr., og alltaf er *fylgt l., sem ekki eru til fyr en árið eptir, í fardögum 1881.* Þessar bendingar áleit jeg nauðsynlegt að koma með til þess að sýna hinni heiðruðu fjárln., hvernig rg. notar og skýrir l. frá þinginu, og þegar hann hefur farið svona með lögin frá 27. febr. um brauðaskipunina, þá sje jeg enga ástæðu fyrir þingið að samþykkja þessa fjárveitingu í 6. gr. til brauða sem l. frá 27. febr. 1880 ekki hafa náð til, því að það liti út eins og nokkurs konar verðlaun til rg. fyrir háttalag hans.

Það eru gamlar spár um það, að af langvíðri og lagaleysi muni landið eyðast. Ekki get jeg ætlað að landið eyðist af lagaleysi, því að jeg álít það rjettast sem sagt var undir Kládíusi keisara í Rómaborg, að þeim ríkjum væri verst stjórnað, sem hefðu flest lög. Það verður því ekki lagaleysi, sem eyðir landinu, heldur hitt að lögunum er ekki hlýtt, sem ekki er von, þegar rg. sjálfur gengur svona í broddi fylkingar.

Hvað þessar 3000 kr. snertir sem fjáraukal. fara fram á að fá í 6. gr., þá er jeg sannfærður um að rg. hefir annaðhvort nú þegar *brúkað* þær, eða er að brúka þær, og samþykki þingsins er þá hátíðlega að staðfesta þessa aðferð. Á þetta vildi jeg benda fjárln., að hún ætti eigi að innleiða þá meginreglu að gefa stj. verðlaun fyrir að brúka fje yfir lög fram.

Jeg þekki vel mótbáruna, sem jeg sje að er að koma fram á varir hins hæstv. lh. og hún er sú að í 5. gr. stendur, að á meðan hin nýja brauðaskipun er að komast á o. s. frv. þá greiðist tillag það úr lsj. til brauða sem *nú* eru laus . . . Þetta hefur rg. skilið að ætti strax að framkvæma áður en lögin náðu gildi, en *núið* byrjar fyrst í fardögum 1881.

Jeg geng að því vísu að fjárln. og þd. veiti ekki þetta fje, ekki einu sinni helming þess ein og n. þó fer fram á; n. fer víst sjálf ofan af því, þegar hún sjer hvernig ástatt er, og hversu óprúttinn rg. er í lagaþýðingum og fjárbrúkun.

Fjárln. kemur inn í þessa gr. eptirgjöfinni til Oddaprestsins. Annaðhvort á að gefa honum allt eptir eða ekkert; eru nokkrar líkur til þess að hann greiði helminginn af þessum 1400 kr.? vilji þingið ekki halda krófunni fram til alls fjárins, þá skýt jeg því til sanngirnistilfinningar og nærgætnis þingsins, hvort eigi sje rjettara að gefa honum það allt eptir. Aptur á móti er jeg miklu fúsari til að veita þessar 500 kr. til leikfimishúss á Möðruvöllum, en fjárln. virðist að vera. Það hvetur mig og til þess, þar eð skýrt er frá því í ástæðum fyrir þessum 2. lið 6. gr. í frv. stj., að 1500 kr. hafa verið sparaðar af því sem veitt var 1881 til nýrra húsabyggingar á Möðruvöllum. Jeg get eigi heldur verið samdóma nefndarálitinu og orðum frms. (H. K. Fr.), að leikfimiskennsla sje óþörf mönnum, sem komnir eru um og yfir tvítugt. Jeg þekki dæmi, sem hinn hæstv. lh. getur staðfest að er rjett hermt, því að við 2 gengum á leikfimisæfingar saman í Kaupmannahöfn hjá sænskum leikfimiskennara eptir að við báðir vorum komnir yfir þrítugt. Leikfimi er holl og góð bæði fyrir sál og líkama. Jeg vil jafnan leggja hæfilegt fje til leikfimiskennslu þegar stungið er upp á því. *(H. Kr. Fr.:* N. vill veita þessar 500 kr.). Þess betra, segi jeg og orð mín eru þá upphvatning fyrir fleiri að fylgja n. í þessu atriði. Jeg skal og geta þess, að það et sjálfsagt að fylgja n. í því að veita lækninum í 7. læknishjeraði þessar 1125 kr. fyrir að hafa þjónað 5. læknishjeraði jafnframt sínu eigin, því að læknir þessi hefði þegar getað verið búinn að fá þetta fje goldið úr lsj. með dómi.

Landshöfðingi: Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th). fór enn sem optar nokkuð hörðum orðum um aðgjörðir stj. og fjárgreiðslu hennar úr lsj. til uppbótabrauðanna. Jeg vona þó að hinn h. þm. Bf. verði að játa, að fjárgreiðslan er í samkvæmni við grundvallarreglur l. 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. Fptir mínum skilningi á þessu litla orði «nú», þá þarf það ekki endilega að eiga við þann dag sem lögin fá gildi, heldur er rjettara að orðið eigi við þann dag, sem l. eru dagsett. Hið almenna gildi l. byrjar ekki fyr en í fardögum 1881, en í þessum sjerstöku tilfellum er það eðlilegt, að þau hafi verkað fyr.

Mjer er ekki fyllilega ljóst hvaða afleiðingar þm. vill að þessi fjárgreiðsla hafi. Jeg hef ekki skilið það öðruvísi en að hann að eins hafi viljað láta óánægju sína í ljósi, en ætlist eigi til að það fari lengra. Það er auðvitað leiðinlegt að hinn h. þm. skuli vera óánægður með þessar ráðstafanir, en jeg vona að hann kannist við, að grundvallarreglu l. hefur verið fylgt, því að þörfin var jafnmikil að leggja til þessara fátæku brauða hvort sem þau losnuðu, eða voru laus. nokkru fyrir fardaga 1881, eða ekki fyr en í fardögum 1881; hefðu ekki þau brauð fengið uppbótina, sem laus voru fyrir fardaga 1881, þá stæðu þau líklega óveitt enn þá. Með l. 27. febr. 1880 er viðurkennd sú nauðsyn að leggja fátækustu brauðum þessar uppbætur og þeirri nauðsyn hefur stj. fullnægt með aðgjörðum sínum, samkvæmt grundvallarreglum laganna, og, eptir mínum skilningi, einnig samkvæmt bókstaf þeirra. Hinn h. þm. Bf. talaði sjerstaklega um eptirgjöf þá sem nefndin stingur upp á með tilliti til árgjaldsins af Oddabrauðinu; það er víst skoðun hans, að annaðhvort eigi að gefa upp allt eptirgjaldið, eða ekki neitt. Jeg er honum samdóma, ef hann vill heldur hneigjast að því að gefa prestinum allt eptir, því að þess gjörist þörf. (*Gr. Th.*: Ekki til neins annað). Jeg hygg að Oddapresti muni verða full örðugt að greiða eptirgjaldið framvegis, þó að hann fái uppgjöf í þetta sinn. Þm. Bf. (Gr. Th.) talaði um að fjárveitingin í 6. gr. til nokkurra brauða, sem l. frá 27. febr. 1880 ná ekki til, væri verðlaun til stj. fyrir ráðstafanir hennar, sem hann hafði svo mikið út á að setja, en jeg vona að hin heiðraða þd. veiti þetta fje, hvort heldur það verður 3000 kr., eins og stjórnin fer fram á, eða 1500 kr., eins og n. leggur til, alls ekki sem nein verðlaun, heldur sem nauðsynlega fjárveitingu til þess að bæta úr þörfum fátækra presta.

Mjer sást yfir að geta þess í hinni fyrri ræðu minni í þessu máli, að jeg er hinni heiðruðu fjárln. samdóma og þakklátur fyrir, að hún hefur skotið inn nýrri gr. milli 4. og 5. gr. stjfrv., viðvíkjandi fjárgreiðslu til læknisins í 7. læknishjeraði, því að læknir þessi virðist hafa átt heimtingu á þessu fje, og er því óheppilegt að hann hefur ekki þegar fengið það, og ætti það eigi að dragast lengur þar sem viðkomandi hefur eigi viljað leita annara ráða, en treyst því að þingið mundi líta á þetta mál með sanngirni.

Halldór Kr. Friðriksson (frams.): Það var gleðilegt fyrir n. að heyra, að lh. var henni yfir höfuð samdóma; en jeg skal þó drepa á þau atriði, þar sem hann og n. skilur á.

Hinn hæstv. lh. áleit, að lánið til Snæfellinga væri orðið svo gamalt, að það kæmi nú niður á öðrum en þeim sem hefðu tekið það í fyrstu og væri því sanngirnisástæður fyrir því, að gefa upp þá skuld; en jeg sje eigi þessar sanngirnisástæður. Það er sannarlega engin ástæða til þess, að jeg sleppi við að endurgjalda lán, sem faðir minn hefur tekið. Verði skuldin krafin þá er og það hvöt fyrir Snæfellinga, og aðra landsbúa, að greiða skuldir til lsj. í rjettum tíma, og um leið hvöt fyrir yfirvöldin að ganga eptir slíkum lánum og láta sjer eigi á sama standa hvort þau greiðast eða eigi. Það er auðvitað, að Snæfellingar hafa átt bágt þessi 2 undanfarin ár, en þó eigi svo að þeir hefðu eigi getað lokið því, sem þeir áttu að greiða af skuldinni. Annars eru allar umræður um þetta óþarfar, ef það er satt, sem jeg hygg, að leigurnar sje þegar borgaðar.

Viðvíkjandi 4. gr., þá get jeg eigi sannfærzt um það, að lsj. eigi að greiða þessar 100 kr., sem ferðakostnað til hins setta sýslumanns í Strandasýslu. Jeg man hvergi eptir því í launalögunum, að það sje áskilið að lsj. eigi að greiða kostnað þann, sem embættinu fylgir, heldur er þar sú ákvörðun, að sá, sem gegnir öðru embætti jafnframt sínu eigin, hafi hálf launin sem því embætti eru ætluð, enda sýnist vikomandi sýslumaður að vera fullsæmdur af þeirri borgun, sem hann hefur fengið um þennan 2½ mánuð.

Hinum hæstv. lh. þótti eigi fjárveiting n. í 6. gr. til hinna fátæku brauða vera nægileg, en jeg verð að halda því föstu, að þd. geti eigi gengið lengra en að veita 1500 kr. í viðbót við þær 4000 kr., sem þingið 1881 veitti um fjárhagstímabilið 1882—83 til uppbóta fátækra brauða. Menn verðu að gá að því að uppbótabrauðin eru mörg búin að fá það, sem þeim er ætlað, svo að nú eru ekki eptir nema 5600 kr. sem ganga eiga til uppbóta af þessari gjaldagrein, svo að l. frá 27. febr. 1880 sjeu fullkomlega komin í kring. Þegar eigi vantar meira á að fátæku brauðin hafi fengið þá uppbót, sem þeim er ætluð, þá virðist eigi vera þörf, að

veita meira til bráðabirgðauppbótar, og verður því þessi 1500 kr. veiting að álítast nægileg.

Það er eigi rjett skoðað hjá þm. Bf., að þessi veiting sje verðlaun til stj. Jeg skal eigi þrátta um það, hvaða heimild rg. hafði til að leggja þessum brauðum uppbótina, sem veitt voru fyrir fardaga 1881; en hvað hefði leitt af því, hefðu þau ekki verið veitt? ekki annað en það hefði verið dregið að veita þau til fardaga 1881; og þá var full heimild til að veita þeim uppbótina. Í fjáraukal. er heldur alls eigi verið að tala um þessi brauð, heldur um hin, sem enn þá ekki hafa fengið uppbótina eptir l. frá 27. febr. 1880. Hjer kemur þá ekki til greina að veita rg. verðlaun, heldur er spurningin um það, hvort þeir prestar eigi að fá bót á kjörum sínum, sem sitja á þessum fátæku brauðum, sem uppbót er þó ætluð.

Að því er Oddann snertir, geta þm., ef þeim lízt svo, komið með brt. í þá átt, að gefa prestinum þessar 1400 kr. eptir, í staðinn fyrir 700, eins og n. stingur upp á; oss þótti það ríflega til tekið að gefa helminginn eptir. *(Gr. Th.:* Það er ekki til neins að gefa helminginn eptir). Sje það ekki til neins, sem þm. segir, þá verður víst lítið úr eptirgjaldinu framvegis, og efasamt hvort það er til nokkurs að láta prestinn halda brauðinu.

Lárus Blöndal: Jeg finn ástæðu til þess sem einn nefndarmaður að taka skýrar fram skoðun n. viðvíkjandi 4. gr. frv. Fjárln. fylgdi í þessu efni grundvallarreglu þeirri sem sett er í tilskipun 3. febr. 1836, að þegar embættismaður er settur til að gegna öðru embætti um stundarsakir, þá fær hann ½ launanna fyrir þann starfa, en sá sem í þessu tilfelli nýtur hins helmingsins móts við hann er lsj., það er svo að skilja að hinn setti embættismaður og lsj. eigi að skipta milli sín til helminga *nettó*-launanum, því að þessi tilskipun frá 1836 segir með beinum orðum, að kostnaður við að reka embættið skiptist að tiltölu milli beggja hlutaðeiganda. Þess vegna var það álit n., að báðir partar ættu í rjettu hlutfalli að taka þátt í kostnaði embættisins um þetta tímabil, það er að skilja þannig að lsj. ætti eigi að fá nema helming af *nettó*-tekjunum þetta tímabil. Eptir upplýsingum þeim sem hinn hæstv. lh. hefur látið í tje, getur það eigi komið til tals að dánarbú hins fyrverandi sýslumanns standi straum af þessum kostnaði, og þá er eigi annað fyrir, en að eptirmaðurinn í sýslumannsembættinu verður að taka þátt í þessum kostnaði í rjettu hlutfalli. Jeg get þessa til að sýna að n. hefur að eins farið eptir grundvallarreglunni í tilskipun 3. febr. 1836, og að það eigi ekki við að setja upphæð þá, er hjer er um að ræða, inn í *fjáraukalög.*

Landshöfðingi: Mjer skilst eigi að n. hafi farið eptir þeim grundvallarreglum, sem hinn háttvirti 1. þm. Húnvetninga talaði um, því að n. vill láta lsj. halda sínum helming af launum alveg óskertum, og að hinar umræddu 100 kr. falli alveg burtu, en ef nú nefndarálitið er öðruvísi en n. ætlast til, vona jeg að það taki þeim br., sem eru samkvæmar tilætlun hennar.

Jakob Guðmundsson: Jeg er h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) þakklátur fyrir það, hve skarplega hann hefur leitt þinginu fyrir sjónir, að það þurfi að hafa vakandi auga á því, að ráðgj. ekki brúki fje landsins fyrir lög fram, nema brýn nauðsyn beri til; þetta verður aldrei brýnt of vel fyrir þinginu. En hvað viðvíkur fjárveitingu til hinna einstöku brauða, sem þm. tók fram, að átt hefði sjer stað fyrir lög fram, þar sem sum brauðin voru veitt í maí 1880, og áður en lögin um prestaköll frá 27. maí 1880 fengu gildi, þá ætla jeg að hjer hafi verið að ræða um brýna nauðsyn. Menn verða að spyrja um kringumstæðurnar og ástæðurnar fyrir þessari fjárveitingu, og hjer álít jeg að hafi verið þörf, því að hjer var að ræða um hin rýrustu brauð, og brauð sem höfðu verið prestslaus um lengri eða skemmri tíma. Jeg get jafnvel ímyndað mjer að veitingarvaldið eigi hafi getað fengið prest til þessara brauða, nema með því að gefa von um að hin fyrirhugaða uppbót mundi fást frá veitingardegi. Þess vegna sýnist mjer að alþing ætti að sýna sanngirni; og vil jeg því fallast á þessa fjárveitingu án þess að jeg vilji gjöra það að reglu að veita fje fyrir lög fram, og jeg vil líka ráða h. h. þd. til þess að fallast á hana.

Grímur Thomsen: Jeg vil leiða athygli h. h. þd. að því, hvort það muni vera fjárhag landsins og einnig prestastjettinni í hag, ef það verður að vana, að enginn eyrir komi inn af því sem í lsj. ber að greiða. Það er að eins 2 prestar, báðir í Múlasýslum, sem hafa greitt gjöld af prestaköllum sínum. Hjer liggur og fyrir að veita uppgjöf á gjaldi frá einu brauði og nemur það 700

kr. á ári. Hvernig á nú lsj. að geta staðizt með þessu móti? Lsj. stendur í skilum við alla, en engin stendur í skilum við hann. Hvernig hyggur h. h. þd. og þm. D. (J. G.), að fjárhagur landsins geti staðið á góðum fótum með þessu háttalagi? En svo er nú líka annað. Rg. veitir uppbótina þvert á móti lögum frá 27. febr. 1880, en því biður hann þá eigi á þingi 1881 um þessa fjárveiting? Þingið 1881 var svo gæft, svo lipurt, svo eptirlátt, að þessar 7000 kr. hefði hann fengið 1881, ef hann hefði beðið um. Nú biður stj. um 7000 kr., og eptir því sem stendur í frv. þessu, þá biður hún þess vegna um 3000 kr. í viðbót fyrir hið umliðna tímabil. Þetta er einstakleg ástæða. Það er eins og jeg segði við mann: Jeg bið þig *nú* um 7000 kr. og af því jeg bið um þær, þá vil jeg biðja þig um dálítið meira fyrir hinn umliðna tíma. Að endingu vil jeg spyrja þm. að því, hvort það muni vera rjett regla, að gefa eptir það sem lsj. á að hafa.

Eiríkur Kúld: Jeg ætla að geta þess, að jeg aðhyllist alveg skoðun n. í því, að menn eigi að fara varlega í það að gefa mönnum eptir að standa í skilum við lsj. Jeg skal ekkert segja um það, hversu vel frsm. (H. Kr. Fr.), þekkir hvernig Snæfellingar eiga í búi, en jeg held þó að jeg sje kunnugri um það en hann og eg veit með vissu að þessi greiðsla hefur eigi verið sjerlega hæg fyrir þá. Jeg skal t. a. m. segja það sem dæmi, að ein höfðingshjón gáfu til eins hrepps árið 1881 100 kr., og af þessum 100, sem gefnar voru fátækum, varð hreppsnefndin að taka til þess að greiða vexti af láninu til hreppsins. Jeg veit til að rentan var eitthvað borguð seinastl. ár, og skil jeg eigi að mjög mikið sje eptir fyrir það ár ógoldið. Hins vegar þykir mjer skrýtilegt, hversu frsm. (H. Kr. Fr.) tekur óstinnt upp þessa ust. stj. og mundi hann eigi gjöra það, ef hann væri nógu kunnugur eymdarástandinu, sem er í hreppum þeim, er til rentunnar eiga að svara.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal nú eigi lengja umræður mikið; það hafa nú orðið mestar umræður um 6. gr., eins og opt er um það, sem við kemur prestastjettinni. Jeg get eigi álasað stj., þótt hún hafi veitt þetta fje, því að annars gætu menn búizt við að brauðin stæðu óveitt enn í dag, og prestlaus, því að þessi brauð voru hin rýrustu brauð. Þau stóðu mjög mörg óveitt um langan tíma, og máske sum fast að 20 árum áður en prestakallalögin komu, en síðan fóru menn að sækja um þau og nú standa fá óveitt, og má með sanni segja að þau hafi flogið út eptir að prestakallalögin komu út. Þess vegna held jeg stj. sje naumast ámælandi fyrir þetta, þótt jeg hins vegar sje mjög með orðum h. h. þm. Bf. (Gr. Th.), að maður eigi af ýtrasta megni að halda uppi rjetti lsj. Jeg held nú líka að eigi sje betra að fá þessar sífelldu bænir inn á þing.

Hvað Oddabrauðinu viðvíkur, þá er þar um að ræða alveg sjerstakt ástand, svo ekki neitt brauð á öllu landinu hefur beðið eins mikið tjón veturinn og vorið 1882, bæði hvað kirkjujarðir snertir og heimajörð, sjerstaklega hvað beitiland staðarins áhærir. N. hefði nú ef til vill viljað helzt gefa allt eptir, en hún fann þó eigi knýandi ástæðu til þess að fara svo langt, enda hugði hún að það mundi hinni heiðruðu deild þykja of langt farið, og leggur því til að þd. fari þennan meðalveg. Hvað gjaldið frá öðrum brauðum viðvíkur, þá liggur það hjer ekki fyrir, en jeg treysti því að landstj. gjöri allt sitt til að innheimta það. Það verður að heimta gjaldið, þó hart þyki. Hvernig færi ef menn kæmust fram með það að gjalda eigi ábúðarskatt eða önnur lögákveðin gjöld? þá mundi enginn gjalda og eins er með prestastjettina, og þess vegna verður að gjöra hið ýtrasta til þess, að ná þessu fje, og það ætti að mega treysta því að landstjórnin fylgi því fast fram.

Skuld Snæfellinga er nú orðin ærið gömul, og þótti n. eigi fært að leggja það til að gefa þeim eptir það sem stj. stingur upp á; þm. Bf. (Gr. Th.) benti á, að eigi skyldi gefið eptir, nema þess endilega væri þörf; nefndin hefur þar mætt hans skoðun á miðri leið. Skuld Borgfirðinga var svo auðvirðilega lítil, að sýslufjelagið munar ekkert um það; það er eigi meira en eitt hross væri keypt fyrir sýsluna. N. var líka á því að þessar 500 kr. væru eigi veittar Þorsteini Jónssyni málaflutningsmanni; hann á enga lagaheimild á því, og með því mælir engin þörf, hvort sem litið er á efnahag mannsins, eptlaun eða aðrar ástæður.

Holger Clausen: Jeg ætla að þakka h. h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) fyrir orð hans um að það eru lög að sonur ætti að borga skuld föður síns, og jeg er viss um að ef hann hefði átt í hlut, þá myndi hann hafa gjört

það; en vjer Snæfellingar erum svo dauðans fátækir, að við getum það ekki. En jeg er n. ekki þakklátur fyrir orðin: «enda hefur skuld Snæfellinga staðið nógu lengi þótt þeir nú loksins stæðu í skilum». «Loksins»: þetta getur maður sagt við ríkan mann en eigi við þá fátækustu aumingja, sem ekki geta borgað.

Atkvgr.: 2. gr. frv. sþ. m. 19 atkv.; 3. gr. felld m. 13 atkv. gegn 1; 4. gr. felld með 15. atkv.; ný gr. sem verður 3. gr. sþ. í e. h.; 5. gr. sþ. í e. h.; brtill. n. við fyrri tölul. 6. gr. sþ. m. 13 gegn 3, síðari tölul. sþ. m. 16 atkv. gegn 1; 7. gr. felld með 16 atkv.; 1. gr. eins og n. stakk upp á (C 190) sþ. án atkvgr. Sþ. í e. h. að málið gengi til 3. umr.

Frv. til laga um brauðaskipun í Eyjafirði (C 225); 1. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg hef leyft mjer, að koma fram með frv. um brauðaskipun í Eyjafirði, og gjöri jeg þetta, af því að við umræðurnar um stj.frv. var meiri hlutinn á því, að breytingar þessar fengju framgang, en málinu var synjað um fram að ganga, af því að mönnum líkaði eigi við frv. í heild sinni, og með því að svo margar greinar voru felldar, þá voru greinarnar um þettað mál einnig felldar. Það kom fram í umræðunum, að þdm. voru eigi á móti því að eðlilegar br. væru gjörðar þegar þær hefðu eigi kostnað fyrir lsj. í för með sjer. Þessar br. geta nú orðið án nokkurs kostnaðar fyrir lsj. og hef jeg því bezta traust til hinnar h. þd. að hún samþ. að málið gangi til 2. umr.

Jeg hef heyrt vafa hjá sumum þm. um, hvort taka mætti greinar úr frv. sem fellt hefði verið og bera þær upp á þinginu af nýju. En jeg sje ekki neitt í þsk. sem sje þessu til fyrirstöðu; og að minnsta kosti geta menn af þessum sökum eigi haft hið minnsta í móti frv. þessu, því að það er svo breytt frá hinu frv. Hjer eru að eins nokkrar greinar úr hinu frv. og þeim er breytt að mun, svo þetta er allsendis nýtt frv. Jeg sný mjer svo að efni frv. Brauðaskipun sú sem hjer er farið fram á er svo nauðsynleg, að ef hún verður eigi gjörð, mun Grundarbrauðið standa óveitt um óákveðinn tíma, eða þangað til góðu skipulagi verður komið á. En það er jeg viss um, að slíkt er eigi samkv. vilja þingsins, heldur vill það bæta úr göllunum á fyrirkomulagi þessu, svo brauðinu verði þjónað. Hjer er eigi farið fram á, að taka einn eyri úr lsj., því að þó Akureyrarbrauð eigi að fá 300 kr., þá vinnur það sig upp á hinum brauðunum, er frá á að greiða. Hjer er sú br. að Möðruvallaklaustursbrauð hefur einungis Möðruvalla- og Glæsibæjarsóknir, en eptir prestakallalögunum á einnig að heyra því til ytri hluti Lögmannshlíðarsóknar. En eptir þessu frv. á þessi sókn öll að leggjast til Akureyrarbrauðsins. Nú vilja Lögmannshlíðingar gjarna halda kirkju sinni, og þykir því hæfa, að kirkjan verði þriðjungakirkja í Akureyrarbrauði.

Grímur Thomsen: Jeg ætla ekki að minnast á efni frv. Jeg veit að flm. er kunnugur í þessum sóknum, svo jeg geng að því vísu að tillögur hans sjeu á góðum rökum byggðar. En jeg ætla að benda flm. og þd. í heild sinni á það tilfelli, sem getur komið fyrir, og það getur komið fyrir optar en nú, að partar af frv., sem fallið er, komi aptur inn á sama þingið. Það vill nú svo óhappalega til, að það vantar í þingsköpin þá skynsamlegu ákvörðun, sem var í hinum fornu þinglögum, að það mátti ekki taka upp aptur á hinu sama þingi neitt það mál eða neina ust., sem einu sinni hafði verið felld. Jeg vona einnig að 1. þm. Ef. sem einnig bæði er flm. þessa frv. og form. í þingskapan., komi með br. á þingsköpunum er miði til þess, að kippa þessu í lag. (*A. Ó.*: Nei!). Nú kemur tilfellið, sem jeg nefndi áðan. Setjum nú svo, að þm. láti yfirtelja sig og samþykki þetta frv. við 3. umr., þá fer það til e. d., og svo mun sú reynd á verða, að hún prjónar ofan og neðan við það öllum hinum gömlu br., er e. d. gjörði við stj.frv. — einkum þeim úr Rangárvallasýslu — og þá er ekki um annað að gjöra fyrir n. d. en annaðhvort að samþykkja það, sem hún hefur fellt fyrir hálfum mánuði síðan, eða fella það aptur. Jeg veit að flm. er annt um sóma þingsins, og jeg veit að hann vill að þingið verji tíma sínum vel, svo jeg vonast eptir, að hann af þessari orsök vilji hlífa þinginu við, að eyða tíma sínum að þessu og fá frv. aptur aukið og endurbætt í það óendanlega frá hinni h. e. d.

Forseti: Af því að hjer er um formspursmál að ræða, skal jeg leyfa mjer að tala nokkur orð. Það er alveg rjett, sem hinir 2 h. þm. hafa bent á, að það er ekki gjört ráð fyrir þessu tilfelli í þingsköpunum. Þar stendur ekkert um það, hvort það sje leyfilegt eða óleyfilegt, að taka upp þau frv.,

sem felld hafa verið, eða einstakar greinir úr þeim, og þess vegna álít jeg forseta ekki hafa heimild til að vísa frá þessu frv. sem hjer liggur fyrir, nje öðrum þeim frv. sem eins stendur á. Bending þm. Bf. virðist mjer heppileg, að þingskapanefndin vildi taka þetta atriði til yfirvegunar og koma með ákvörðun um það. Meðan þingsköpin eru svona, er ekki hægt að taka þetta á annan hátt, en það er á þd. valdi, hvort hún lætur málið ganga til 2. umr.

Eiríkur Kúld: Jeg veit ekki nema það megi leiða það út af 25. gr. þskp., að frv. þetta sje ekki fram komið í fyrirskipuðu formi. En jeg álít mjög óheppilegt, ef málið fjelli, því að jeg treysti svo kunnugleika flm., að jeg veit hann færi ekki fram á þetta nema það væri nauðsynlegt og til bóta. Ef það fær framgang, þá er hjer ekkert lagt til af lsj.fje, svo eigi er um annað ræða en sinna óskum þessara safnaða. Jeg vona frv. verði vel tekið af þd. og jeg gef því eindregið atkv. mitt.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal leyfa mjer að skýra frá, að í þeim kafla þingsk., þ. e. 11.—19. gr., sem hljóðar um frv., er ekkert talað um þetta tilfelli, sem hjer er um að ræða, en í niðurlagi 19. gr. stendur að frv. *falli niður, ef það er ekki sþ.* af hinu sameinaða alþingi. Jeg skal bæta því við, að 26. gr. gefur einmitt leiðbeiningu í þessu efni. Þar segir svo: «Þegar fsp., ust., eða bratkv. eru borin upp og útlistuð, er sjerhverjum þm. heimilt að krefjast þess, að þeim sje vísað frá». Með öðrum orðum: engu máli er vísað frá, nema það komi fram sjerstök ust. um það samkvæmt 26. gr. Jeg vil alls ekki þrengja þennan rjett þingins, að þm. megi koma fram með ust., lfrv., breyt. o. s. frv. Jeg vona þm. Bf. sje mjer samdóma um það, að það sje engu minni nauðsyn að halda uppi löggjafarrjetti þingsins innanþings en fjárrjetti lsj.

Að öðru leyti skal jeg geta þess viðvíkjandi því að e. d. mundi prjóna við frv. aptur, að þetta er ekki nema spádómur, og þótt jeg álíti hinn h. þm. Bf. mjög svo spámannlega vaxinn, þó er enginn spádómur svo góður, að ekki geti brugðist. Jeg álít ekki rjett, að gjöra e. d. þær getsakir, að hún prjóni við frv. öllum þeim lopa, sem hjer var felldur í n. d., og það því síður sem þessi lopi var viðauki við stj.frv.; því að efnið úr stj.frv. er í þessu frv. þannig breytt að það kostar lsj. ekkert og grípur yfir hinar nauðsynlegu breytingar.

Grímur Thomsen: Jeg lagði ekki til, að málinu verði vísað frá, heldur að flm. liti á ástæður og tæki frv. aptur. Þess vegna var þýðingarlaust að vísa í þingsköpin.

Hvað spádómnum við víkur, þá sýnir það sig bezt á sínum tíma, hver okkar er meiri spámaður.

Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Frumvarp til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði (C 165); 1. umr.

Flutningsmaður (Holger Clausen): Jeg skal ekki vera langorður. Þetta mál var fyrir síðasta þingi, en gekk eigi í gegn, fellt hjer í d. með 11:11 atkv., en kjósendur mínir hafa skorað á mig, að halda málinu áfram, sem þm. geta sjeð á afskript af Þórnesfundi, og var það þar samþykkt með *öllum* atkv. nema *einu*. Hver þessi *eini* var, vil jeg ekki nefna hjer; þd. veit það kannske. Þetta mál er — sem kunnugt er — eins konar óvinsælt mál, því þetta kemur eins og menn vita niður á fátæklingunum sem lifa á sjó, vegna þess að *selurinn er friðaður 18 mílur* til sjós, eða 17 ½ mílu lengra en leyfi er til að friða fisk við land. Það er ómetanlegur skaði, sem selurinn gjörir mönnum, sem fiska. Bændur finna hálfar lóðir með þorskhausa, en selurinn hefur hirt hitt, sem vantar. Selurinn er vissulega eins mikið bitdýr í sjó og tóan á landi. Hún er þó ekki friðhelg enn; það kemur kann ske! En það er vitanlegt, að ef eitthvað er, sem álitið er almenningsgagn, þá strax gengið í það og gjört hvað maður getur fyrir almenning. Jeg veit það í öðrum löndum þar sem járnbrautir eru lagðar, þá eru hús og jarðir, allt sem liggur undir járnbrautina, borgað, það eru óvilhallir menn, sem dæma um hvað hver fær fyrir sitt hús. Svoleiðis hef jeg hugsað mjer það með þessar jarðir með selveiðinni; útnefna menn sem mettu hvað mikið gagn hver hafi af selveiði og gefa svo víst fyrir það og leyfa að skjóta selinn. Menn mega muna, að áður var gefið 10 aurar fyrir laxpundið, en *nú* er gefið *80 aurar* fyrir laxpundið. Nú er það hinum h. þm. kunnugt, að það er ekki ein einasta á eða ós á Íslandi, þar sem lax er, þar sem ekki er fullt af sel. Það er aldeilis víst, að ef selurinn væri drepinn, þá sýndi það sig, að það aflast 10 sinnum meira, *100 sinn-*

um meira af lax og fiskveiði. Þetta liggur ekki fyrir, en þegar þetta er álit allra manna útlendra, sem þekkja þetta, þá er það virkilega merkilegt, að *friða* selinn *18 mílur* til sjós. Þetta er svo langt svæði þar sem hann er óstraffaður, að hann hefur gjört mikinn ómetanlegan skaða. Það hefur sýnt sig að fiskileysi hefur alstaðar komið fram frá Öndverðarnesi til Fuglabjarga. Þetta frv., sem jeg kem með, biður að eins um að láta þessa menn, sem hafa sel á Breiðafirði, ekki hafa meiri rjett fyrir sinn sel en aðrir annarstaðar hjer á landi. Jeg vona, að hin h. þd., sem er svo frjálslynd, hjálpi til, að *fá þetta rangláta og óvinsæla brjef úr lögum numið.*

Eiríkur Kúld: Jeg get vorkennt þm. Snf. (H. C.) þótt han flytji langa ræðu um þetta mál, því að hann er einhver sú bezta skytta, og þess vegna mundi hann hafa yndi af að sýna skotmennt sína, ef hann mætti skjóta selinn í frelsi og lagaleyfi. Jeg veit einnig að það er satt, að hann hefur fengið áskorun um að halda þessu máli fram, og því þykir vjer vorkunn þó að hann reyni, að koma því á framfæri hjer í d. En jeg verð þó að segja, að jeg hef þar svar á móti. Jeg hef *stranga áskorun* frá miklu fjölmennara fundi í Bstr.sýslu um, að láta ekki orðalaust, ef fram á það yrði farið, að eyðileggja þennan bezta atvinnuveg þeirra, og halda þá fast fram skoðun minni frá síðasta þingi. En jeg sje nú, að það á ekki að fara svo langt, sem farið var 1881, því að nú er þm. Snf. kominn svo langt, að hann viðurkennir að þeir sem selveiði eiga á Breiðafirði eigi að fá skaða sinn bættan eptir mati óvilhallra manna. Þessi röddhefur aldrei heyrzt fyrri. En hvað eiga þeir að fá mikið og hvar á það að takast? Á að taka það frá þessum aumingjum sem þingmaður Snæfellinga er að klifa á að ekki geti risið undir þessum mikla halla, sem þeir hafi liðið af selnum? Nei! Það er víst af lsj. En hvað mikið? Hinni h. þd. er kunnugt, að jeg kom með skýrslu á síðasta þingi um selveiðina á Breiðafirði. Sú skýrsla er óhrakin enn og hún verður ekki hrakin; eptir henni var selveiði á Breiðafirði í meðalári upp á 17,640 kr., og hafði jeg þó gleymt 2 jörðum, svo það má gjöra ráð fyrir að það sje nokkuð meira. Jeg gjöri mjer litla von um að þetta fje fáist, en gæti hinn h. þm. fullvissað mig um það, þá færi jeg má ske að hugsa mig um. Hann talaði um að selurinn gjörði spjöll á fiskilóðum. Það er mjer ókunnugt, að svo sje á Breiðafirði, en undir Jökli veit jeg að það er ekki selurinn, heldur hákarlinn sem skemmir lóðirnar. En nú vil jeg gjöra þá aths.: Hvað er unnið við þetta? Hvaða vissa er fyrir því að þegar selurinn er drepinn og burtflæmdur af Breiðafirði, þá gangi fiskur inn á hverja vík? Jeg held það sjeu ekki minnstu líkindi til þess. Jeg skal játa það, að jeg er kunnugur á Breiðafirði; og jeg ímynda mjer jeg sje kunnugri þar en nokkur annar þm., því þar er jeg borinn og barnfæddur og þekki því veiðiskap á sel, og jeg leyfi mjer að segja að það sje órjett, að selurinn hafi hamlað fiskigöngum á Br.firði. Það mun vera viðurkennt bæði hjer á Íslandi og í öðrum löndum, að þar sem grynningar eru miklar þar gengur aldrei fiskitorfan, því að fiskurinn sækir til lands helzt eða jafnvel eingöngu eptir djúpum álum. Í sunnanverðum Breiðaflóa er að eins einn djúpáll, er gengur inn með Öndverðarnesi og inn með á milli Hõskuldseyjar og Bjarneyja, eptir þessu djúpi gengur fiskur enda inn með Flatey á móts við Svefneyar; svo koma eyjaklasar og grynningar að norðanverðu svo víða í flóanum austnorðanvert er ekki hættulaust nú á tímum að fara til lands með háfjöru. Innarlega á Breiðaflóa eru einlægir hryggir, sem eru eins og þvergirðingar í ám — sem vjer álítum svo hættulegar — því inn fyrir þessa hryggi ganga ekki fiskitorfur (Stimer) og ekki nema máske einn og einn fiskur á stangli. (J. Ó.: So?). Jeg get sagt hinum h. 2. þm. Sm. að það er ekki selurinn, sem fælir fiskinn af þessum stöðvum. Jeg skal koma með dæmi, sem þm. Sm. ekki getur hrakið. Má ske hann vilji þó kannast við, að í landnámstíð var hver vík full af fiski. Hver skaut þá selinn? Enginn. Fyrir 1820 voru engin selaskot á Breiðafirði og fram á þann tíma voru þar miklar fiskiveiðar; hver skaut þá selinn þar? Enginn. En um 1820 byrjuðu selaskotin, og það svo gífurlega, að selalátrin voru víða eyðilögð, og merkilegt er að fiskurinn hvarf þá líka. Hvernig stendur á því, að það eina sem nú fæst á Br.firði innarlega, er ekki nema ein og ein lúða? (J. Ó.: Ein seljetin lúða). Ekki hefur þó selurinn fælt allan fiskinn, því einmitt eptir að selaskotin byrja, þá hverfur

hann. Hver skaut selinn í Neshrepp ytra, þegar fiskigengdirnar voru þar mestar? Enginn. Því má einnig við bæta, að þegar á að fara að skjóta takmarkalaust á Br.firði, þá er allt varpið í veði. *(Gr. Th.*: Lögin). Lögunum frá 1849 hefur ekki verið svo stranglega beitt, að ekki verði eins farið í kringum þau þar og annarstaðar. Jeg skal játa það, að ef selaskot væru leyfileg, þá væri það helzt um háveturinn út um flóa og einkum á þorra og góu. En hvað leiddi af því? Þá er æðarfuglinn þúsundum saman á straumálum í flóanum og miklu styggari en endrarnær, svo jeg álít að það sje betra að skjóta í varpinu en einmitt nokkurt skot þá, þegar hann er að gipta sig aptur; þá er æðifuglinn mjög styggur. En hverjum á að veita ívilnun með því, að takmarka ekki selaskotin? Jeg ætla að leyfa mjer að benda þm. Snf. á að lesa þingtíðindin 1853, og þá mun hann sjá að selaskotin eru sprottin og viðhöfð eingöngu af þeim mönnum, sem ekki nota aðra atvinnu en á þennan hátt að eyðileggja arð annara; það eru tómthúsmenn og slíkir iðjulitlir menn, sem ekki vilja reyna að bjarga sjer með fiskiveiðum undir Jökli eða annarstaðar. Hvaða selur það er, sem styggir fiskinn, það veit þm. Snf. bezt, því hann er svo selfróður maður. En jeg get þó sagt honum það, að það er hvorki látraselur nje landselur, sem hefur hrakið fiskinn frá landinu hjer. Jeg get í því efni skírskotað til 2. þm. Ísf. (Þ. M.). Hann sagði á síðasta þingi frá reynslu Ísfirðinga um það, hvaða selur það væri, sem hefði hamlað því, að fiskur kæmi þar inn. Jeg man svo langt, að það var enginn fiskur á Ísafirði, en hvaða selur var það, sem fældi hann? Það var grænlenzkur selur, farselur, sem er alls annars eðlis en landselur. Jeg skal reyndar játa það, að látraselurinn er rándýr eins og hinn, en hann fer tíðast einförum og tekur svo 1 og 1 fisk á stangli, en farselurinn fer þúsundum saman með ærslum og busli; þessir flokkar grípa það sem þeir geta náð, og flæma hitt í burtu. Reynslan sýnir á Ísafirði, að þegar farið var að skjóta þennan farsel og bægja honum burtu, þá kom fiskurinn inn. En látur selurinn er enn friðaður á Ísafirði, þar eru sömu lagnir og áður. Sama reynsla er á Breiðafirði. Vöðuselnum var eytt með nótveiðum og skotum og síðan fiskigöngurnar voru friðaðar fyrir honum, þá hafa þær aukizt, að minnsta kosti að vestanverðu í flóanum. Jeg vil vekja athygli þm. Snf. á því, að þegar þetta mál var fyrst rætt á þingi 1853, þá kom til þingsins skýrsla og ósk um það frá fleiri mönnum en mættu á fundinum í Stykkishólmi í vor. Þá kom bænarskrá frá 4 sýslum, frá Snæfellingum með 32 undirskriptum, frá Dalamönnum með 38 undirskriptum, frá Mýramönnum og frá Barðstrendingum, jeg man eigi með hve mörgum undirskriptum. Þá fór þm. Mýramanna fram á, að öll skot væru bönnuð frá Öndverðarnesi til Skagatáar, ekki vegna Borgfirðinga, því hann játaði að það væri ekki nauðsynlegt fyrir þá. Nú kemur bænarskrá um hið gagnstæða, frá hvað mörgum? Þá kom bænarskrá úr 4 af 6 sýslum vesturamtsins um friðun selsins, en nú er það að eins frá örfáum mönnum um að ófriða hann, og á meðal þeirra eru nokkrir, sem hafa fengizt við skot og skemmt veiðina fyrir öðrum. Jeg skal taka til dæmis, að í tíð fyrri formanna minna, þá var sú selveiði, er heyrir Helgafellsprestakallinu til, aldrei minni en 34—38 vorkópar; áður en jeg kom að brauðinu voru skotmenn búnir svo að eyðileggja þessi hlunnindi, að í minni tíð hafa þeir verið 4, þegar bezt hefur látið, svo þetta gjörir mjer hvorki til nje frá. En jeg skal taka annað dæmi til að sýna, hvaða hag hinir hafa þar, sem selveiðin er meiri. Á Reykhólum fást 60—90 vorkópar og af haustsel 120, er má reikna á 1½ vætt hvern, og allt sem þarf að hafa fyrir þeirri haustveiði er, að senda 2—4 menn á bát til að sækja selinn, því hann er svo gæfur, að eigi þarf mikið fyrir að hafa að handsama hann, því hann fer eigi frá fótum manna úr bóli sínu. Þessu á öllu að kasta í sjóinn án alls endurgjalds fyrir eigandann, nema ef hann á að fá uppbót frá lsj., sem jeg ætla að eigi muni verða. Ef þd. kemst að þeirri niðurstöðu, þá held jeg hún megi segja, er hún lítur yfir verk sitt: «Sjá hvað jeg hefi gjört og það er *ekki gott*». Jeg ætla svo ekki að mæla meira, en sting upp á að n. verði sett í málið.

N. felld með öllum atkv. móti 1, og hjeldu svo umræðurnar áfram.

Þorkell Bjarnason: Þetta mál er eins og öll mál, sem snerta atvinnuvegi landsbúa, mjög athugavert. Jeg var á móti þessu máli á síðasta þingi, af því að jeg áleit að maður þyrfti að hafa einhverja vissu um að það væri til almenningsheilla, þegar maður

vildi afnema einhver einkarjettindi í atvinnuvegi, og jeg er enn í mikilli óvissu, þótt jeg nú reyndar hafi fengið ýmsar upplýsingar um málið síðan á seinasta þingi. Jeg hef síðan 1881 kynnt mjer málið eptir því sem jeg hef haft föng á, og auk þess hef jeg lesið ritgjörð um seli eptir danskan náttúrufræðing, sem jeg nú hef í höndum. Eptir að hann hefur talað um eðli sela yfir höfuð, segir hann, að þeir gjöri fiskiveiðum hinn mesta skaða, með því að þeir bæði fæli fiskinn burt, jeti hann og spilli veiðarfærum manna, og segir hann, að þar sem mikill selur sje, þá sje hann sönn plága fyrir fiskiveiðar. Telur hann til þess mörg dæmi, hversu selur spillt hafi fiskiveiðum Dana, og þar á meðal nefnir hann að selur hafi á fyrri öld eyðilagt flyðruveiði á hverju ári hjá Friðrikshavn og orðið fiskiveiðum til mikils hnekkis í sundinu milli Hven og Sjálands, og í Austursjónum fyrir norðan strendur Þýzkalands, og segir hann, að það hafi verið sagt og það með fullum sanni, að þegar hinn síðasti selur yrði drepinn, þá mundi renna upp ný öld í fiskiveiðum. Hann skýrir og frá, að þar sem selir sjeu í dýragörðum, þá þurfi þeir frá 4—10 pd. af fiski á dag til fæðis. Hann talar um eina tegund sela við Danmörk sem hann kallar «den spraglede sæl,» og eptir því sem jeg kemst næst af lýsingu hans, þá er það hin sama selategund, og hjá oss er kallaður landselur. Segir hann, að sá selur gjöri hinn mesta skaða fiskiveiðum; hann segir að þessi selur haldi sig sjaldan langt úti á fjörðum, heldur haldi hann sig upp við strendurnar og hafi þann sið að liggja uppi á skerjum; hann sje vanur að elta fiskitorfur og laxinn elti hann upp í árósa, lifi mest á síld og auk þess á stærri fiskum; jeti hann utan af beinunum og skilji eptir höfuðin. Þessi lýsing held jeg komi heim við landselinn. Í Hvalfirði er selur töluvert og ef fiskigengd kemur inn þangað, rífur selurinn fiskinn, og hefur þar stundum mátt sjá mikið af selbitnum fiski, sem þar hefur rekið upp, enda er það ekki allopt sem fiskur gengur inn á Hvalfjörð, og er það ætlun manna, að selurinn fæli hann burt þaðan. Við Hvítá og Laxá hafa menn opt sjeð sel elta lax, og menn hafa stundum veitt þar selbitinn lax, og jeg hef sjálfur sjeð sel með lax í kjaptinum. Þegar jeg var unglingur og var fyrir norðan, þá var jeg opt á Sauðárkrók við silungsveiðar um nætur, og sá jeg þá nokkrum sinnum sel vera að fljúgast á við lúður. Þegar jeg var ungur, var mikið af vöðusel á Skagafirði, og það svo að þúsundum skipi, og meðan hann gekk þar inn, þá kom fiskur þangað aldrei frá því eptir jól og til fardaga, en nú síðan vöðu-selurinn hætti að ganga þar inn, þá er jafnvel farið að fiskast stundum á þorra og góu, og þótt nú vöðuselur ef til vill fæli fisk meira en landselur, þá er það engin sönnun fyrir því að landselurinn fæli ekki fisk til skaða. Þar sem nú selurinn er friðeður á öllum Breiðafirði, þá er líklegt að þar sje mikið af sel og spilli því mjög fyrir fiskiveiðum þar. Þar sem hinn h. þm. Bstr. sagði að ekki hefðu menn getað drepið selinn með skotum fyrir 1820, og hefði þó verið fiskur á Breiðafirði þá, þá get jeg sagt honum það, að þá höfðu menn annað verkfæri, sem hjet skutull, og jeg held, að menn hafi getað drepið allt eins mikið af sel og jafnvel meira með skutlinum en með skotum. Af einhverri ástæðu hlýtur það að vera, að fiskur er hættur að ganga inn á Breiðafjörð, þar sem þó áður var mikill fiskur. Jeg hefði viljað, að viðkomandi hreppsnefndir, eða öllu heldur sýslunefnd hefði látið í ljósi álit sitt um málið, því jeg álít málið mjög athugavert.

Jakob Guðmundsson: Það hefur verið sýnt og sannað, svo að jeg held að það sje engum vafa undir orpið, að selur er mesta fiskifæla. Hvað Dalasýslu snertir, þá þurfa menn kringum Hvammsfjörð ekki svo mjög að kvarta undan selnum, af því að hann spilli þar þorskveiði, því þorskur hefur aldrei gengið inn á Hvammsfjörð, svo menn viti til. En í Hvammsfirði hefur áður verið mikil laxagengd upp í ár, og má meðal annars sjá það á nafninu Laxá, að þar hefur laxveiði verið til forna, og menn eru sannfærðir um það, að það er mikið selnum að kenna, að selveiði er nú engin í ám þeim, sem renna í Hvammsfjörð, og mundu allar tilraunir til þess að ala þar upp lax eins og margir eru nú farnir að gjöra í útlöndum, verða árangurslausar, meðan selurinn er þar friðaður. Jeg efast ekki um að fiskiveiðar væru meiri á Breiðafirði, ef selurinn væri þar ekki friðaður. Það er satt, að vöðuselurinn er enn skaðlegri, en að honum er þó minni hætta þar sem hann heldur sig út á rúmsjó, en að landselnum, sem er inn á þröngum fjörðum, og er svo kunnugur, að hann veit hvar fiskurinn er vanur að

ganga og liggur svo fyrir honum og kvíar hann af, jetur hann í sig og fælir hann burt. Hjer er um það að ræða að nema úr lögum opið brjef, sem líklega hefði verið heppilegast, að aldrei hefði verið opnað, heldur allt af verið lokað, þar sem það hefur veitt einstökum mönnum einkarjett, og ekki einungis bannað að skjóta sel inn á fjörðum, heldur friðað hann langt úti í hafi. Þar sem hinn h. þm. Snæfellinga stakk upp á að bæta þeim mönnum upp skaðann, sem hefðu mestan hagnað af selveiðinni, þá get jeg ekki skilið, að hann hafi meint annað en þá selveiði sem þeir hafa í landhelgi sinni. Öll einkaleyfi hafa alla jafna verið álitin viðsjárverð og í sumu tilliti skaðleg. Jeg er sannfærður um að fiskiveiðar mundu aukast, ef selurinn væri ekki friðaður, enda er þetta svo hlægilegt að friða selinn, sem gjörir fiskiveiðum svo mikið tjón, einungis fyrir þá sök, að einstakir menn hafa hagnað af því; það er eins og ef menn vildu fara að friða tóuna, sem liggur á fjenaði manna, af því að einstakir menn hefðu svo mikinn hagnað af því að ala hana upp og selja af henni belginn.

Jón Ólafsson: Hinn h. þm. Bstr. (E. K.) sagði að selurinn gjörði fiskiveiðum á Breiðafirði engan skaða, því að þar væri enginn fiskur hvort sem væri. Nú vil jeg spyrja hinn h. þm., sem þykist vera svo kunnugur selnum, á hverju lifir þá selurinn á Breiðafirði? Allur annar selur lifir á fiski; líklega lifir hann þó ekki á brauði og smjöri, eða tekur hann útálát í kaupstaðnum? Ef þm. hefur nokkurn tíma skoðað upp í sel, þá hefur hann líklega sjeð, að hann er ekki svoleiðis tenntur, að hann geti verið grasbítur. Hann sagði og að skotin væru svo skaðleg fyrir æðarvarpið, en er það þá hættulegra fyrir æðarvarpið að skjóta sel en aðrar skepnur? Skot yfir höfuð eru þó ekki bönnuð á Breiðafirði, en það er að eins bannað að skjóta sel. Sömuleiðis vil jeg spyrja hinn h. þm. hvort nauðsynlegt sje að friða varpið á Breiðafirði miklu lengra út frá varpstöðvum, en alstaðar annarstaðar á landinu. Það eru annars víst margar kynlegar skepnur í Breiðafirði eptir því sem ráða má af skoðunum hins h. þm. Bstr. og annars eðlis en alstaðar annarstaðar á þessu landi og í allri veröldinni

Holger Clausen: Þm. Bst. (E. K.). þekkir víst selinn betur en jeg af því að hann hefur meira gagn af honum en jeg; en merkilegar upplýsingar gefur hann um selinn; mjer fannst hann segja að selurinn yrði hræddur við stórar fiskihrúgur *(E. K.:* Öfugt), jæja, jeg ætla þá að biðja hina h. þd. að láta málið ganga til 2. umr.

Grímur Thomsen: Mjer finnst skylt að þakka h. h. 2. þm. G. K. (Þork. Bj.) fyrir kenninguna í náttúrufræði og þessa ágætu fræðslu um selinn, sem hann kom með úr sinni dönsku bók. Mjer dettur í hug, að vjer ættum að segja eins og 2. þm. Nm. sagði um daginn í umræðunum um háskólann, þegar hann kallaði bók bók; þó þetta sje mikilsvert, þá hygg jeg þó meira áríðandi að þekkja eðli hins íslenzka sels, heldur en selsins í Danmörku.

Það hefur verið reynt að sanna á báða bóga; á annan bóginn var reynt 1881, að sýna, að selurinn eyðilegði fiskiveiðar, en það hefur á hinn bóginn verið sýnt og sannað að þetta sje eigi rjett. Í Hrútafirði, á Bjarneyjum, í Höskuldsey, í Broddanesi og víðar eru selalátur og jafnframt góðar fiskiveiðar. Þetta sýnir að hvorttveggja getur þrifizt, bæði fiski- og selveiðar. Satt er það að selur er skaðlegur fyrir laxveiðar, en hitt er alveg ósannað, að hann sje skaðlegur fyrir fiskiveiðar. Sumum kann nú að þykja þetta undarlegt. en ef menn eigi eru vissir um, að selurinn sje skaðlegur fyrir fiskiveiðar, þá er það sannarlega samvizkusök fyrir menn, að spilla góðri atvinnu manna. H. h. þm. Bst. (E. K.) gat þess og, hversu selaskot gætu verið varpinu á Breiðafirði til mikils skaða, með því að skothríð styggir æðarfugl ákaflega mikið. Þetta furðar mig, að h. h. mótstöðumenn selveiðanna skuli ekki nefna. Jeg hygg rjettast, að menn felldu þetta mál nú þegar.

Eiríkur Kúld: Jeg ætla að vekja athygli 2. þm. Sm. (J. Ól.) á því, að honum hefur annaðhvort misheyrzt eða hann hefur sagt ósatt um orð mín, því að jeg hef aldrei sagt og aldrei getað sagt, að enginn væri fiskur á Breiðafirði. Viðvíkjandi spurningu hans um, á hverju selurinn lifir, þá get jeg eigi sagt honum það, því að jeg hef aldrei selur verið, en svo mikið get jeg þó sagt honum, að selurinn lifir á fleiru en fiski. Þá er hinn sami h. þm. talaði um, hvort nauðsyn bæri til, að friða selinn vegna varpsins, þá get jeg sagt honum það, að það er ómögulegt að skjóta svo nokkurt skot á Breiðafirði, að 18 mílur sje frá æðarvarpi.

Egill Egilson: Jeg ætla að geta þess,

að mál þetta er einungis sprottið af línu, sem dregin er frá Látrabjargi til Öndverðarness, fyrir innan hverja engan sel má drepa, og af því að öll skot eru bönnuð fyrir innan hana, skoða jeg bann þetta sem hið mesta ójafnrjetti, og eitthvert hið versta hapt á atvinnufrelsi manna sem hugsast getur. Það vita allir hvílík auðsuppspretta og hvílík auðsæld liggur í fiskisælum fjörðum, en nú er það deginum ljósara, að selurinn er hin mesta fiskifæla, og hindrun fyrir þeirri auðsuppsprettu, sem menn geta haft af fiskiveiðum; með því að eyðileggja selinn á Breiðafirði, væri fiskinum gjört mögulegt að komast inn á fjörðinn, og þá væri auðsuppsprettan opnuð fyrir almenning. H. h. þm. Bst. (E. K.), tók sem dæmi upp á hvílík auðsæld lægi í selnum á Breiðafirði, að menn fengju þar 17000 kr. arð af honum á ári, en hvað er það fyrir allan Breiðafjörð? það vex mjer að minnsta kosti ekki í augum. Ef allur almenningur á Brfirði gæti róið og aflað fiskjar, mundi sú fjárupphæð fljótt vinnast upp. Þessar 17,000 kr. er eigi meira en á við 240 skpd. af fiski með því verði sem nú er á honum, og er það eigi meira en tveir útvegsbændur hjer syðra leggja inn á ári. Hann spurði um, hve mikill fiskur og hve mikill selur hefði verið í fornöld. Hann nefndi um leið sjálfur að víða sæist mót fyrir fiskistöðvum og fiskimannatóptum; þetta sannar, að fyrrum hafi þar verið mikill fiskur en *enginn* selur. En nú er þar ekki fiskur en mikill selur og getur maður fullyrt að það er selsins verk að hafa rekið fiskinn á braut. Á Eyjafirði er svo, að þótt þar sje bezta fiski, þegar selur kemur, fer allur fiskurinn, en þegar selurinn er farinn kemur fiskurinn af nýju. Það er ómögulegt að breiða yfir þá fræðslu, að selurinn er skaðlegur fyrir fiskinn. Jeg tel þetta bann sem hið mesta brot á 51. gr. stjórnarskrárinnar og furðar mikið hversu lengi þingið þolir það. Jeg ætla nú að leyfa mjer að skipta Breiðafirði í tvennt. Jeg vil draga línu frá Klofningi og yfir Bjarneyjar og þangað til sú lína mætir línunni frá Látrabjargi til Öndverðarness. Fyrir sunnan þessa línu er þriðjungi fleira fólk og að eins fáein látur og lagnir. Og hvernig er svo selaveiðin stunduð þar? Að minnsta kosti veit jeg eins og þm. Bstr. er kunnugt, að presturinn að Helgafelli, sem hefur selalátur af þeim helztu á nefndu svæði, að undanteknu Staðarfelli, er svo skeytingarlítill um veiði þessa, að hann hefir enn ekki unnið ið það til að láta ríða einn möskva af selanót, en segir einasta: heyrið þið piltar, vill nokkur ykkar hafa lagnirnar mínar í ár? við getum ætíð komið okkur saman um, hvort jeg fæ nokkuð fyrir veiðina eða ekki. Meðan þetta bann er, eiga að eins fáeinir að dómínera og drottna yfir allri alþýðu í Dala- og Snæfellsnessýslum, er fiskiveiðar getur stundað. Um nyrðri hluta Breiðafjarðar vil jeg minna tala, en þar drottnar meiningin úr Flatey, sem bjó þetta bann til 1853, en er þó allt af að dofna. Jeg vil að minnsta kosti hafa frjálst að skjóta sel að sunnanverðu á öllum þeim helmingi er liggur fyrir sunnan þá línu er jeg gat um. Reynslan hefur sannað að þá muni fiskur koma af sjálfu sjer; á þessum hluta Breiðafjarðar eru svo fiskisæl sund, að fiskurinn myndi óðara koma ef nokkur friður væri. Þá mundi fiskur í hvers manns húsi, en nú eru að eins einstakir menn, sem veiða sel á nokkrum hólmum, og þeir fáu mega þannig spilla fyrir hinum mörgu. Þm. Bst. (E. K.) þykist öllum mönnum fróðari um selakyn, en það sem hann var að tala um vöðuselinn sýnir hið gagnstæða. Jeg þekki vöðusel; jeg hef náð honum opt, skoðað hann utan og innan grandgæfilega. Hann þykist eigi geta vitað hvað selurinn jetur, af því hann hafi aldrei selur verið; eptir því ætti hann ekki að geta vitað hvað nokkur önnur skepna jetur nema hann sjálfur. En jeg skal nú segja honum hvað vöðuselurinn jetur; hann jetur síld og lifir á henni. Hann sýpur hana eins og hvalurinn og tiggur hana eigi. Þetta er nú að eins dæmi upp á það hvaða vit og þekkingu hann hefur um selina, hann þekkir þá eigi meira en vjer, og allra sízt meira en maður sá, er ritað hefur ritgjörðina um seli, er 2. þm. G. K. (Þork. Bj.) las upp. Af því sem jeg nú hefi sagt, vona jeg að hin heiðraða deild sjái glögglega, hverju megin jeg muni verða í þessu máli.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil einungis mæla fáein orð til að styðja að því að þetta mál nái fram að ganga, því að friðun selsins á Breiðafirði er undantekning frá öðrum landslögum. Jeg hygg að það sje með öllu rjett sem hinn h. 2. þm. G. K. (Þork. Bj.) tók fram, að málið er að öðrum þræði skylt fiskiveiðamálinu. Spurningin er um það, hvort fiskveiðarnar líði ekki við friðun selsins

svo mikið, að þær eigi að sitja í fyrirrúmi, en selurinn að falla óheilagur. Eptir skýrslu hins h. 2. þm. G. K., sem engin ástæða er til að rengja, er selurinn mjög hættulegur fyrir fiskinn, og jeg get staðfest þann vitnisburð að svo miklu leyti sem jeg þekki til, því að sú hefur orðið raunin á í Eyjafirði, að þegar selur kemur inn í fjörðinn flýr fiskurinn á undan honum og gangi selurinn inn í fjarðarbotn, flýr fiskurinn út úr firðinum.

Þm. Bf. (Gr. Th.), sagði að það væri eigi nóg að þekkja danska seli og þeirra náttúru, heldur þyrfti maður að þekkja hina íslenzku seli. Þetta er hverju orði sannara. Jeg verð þá að segja það um selina á Eyjafirði að þeir hljóta að vera danskir selir, því þeir fara alveg eins að ráði sínu og selirnir, sem lýst er í bókinni, sem 2. þm. G. K. vitnaði til. Það væri þess vert að rannsaka það hvort selirnir á Breiðafirði eru danskir, eða þessir íslenzku, meinlausu og góðlyndu selir (hlátur), sem aldrei smakka fisk. Þótt ekki væri til annars, þá finnst mjer þarflegt að málinu sje vísað til 2. umr. til þess að rannsaka betur þetta sjerstaklega íslenzka meinlausa selakyn (hlátur).

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg hygg að þessar umræður verði til lítils gagns, því að niðurstaðan verður engin, hvort gagnlegra sje að halda í selinn eða sleppa honum fyrir óvissar vonir um fiskafla. Um það getur enginn kveðið upp fullnaðardóm, en hitt er víst, að það eru margir á Breiðafirði, og það sunnar, en þm. Mm. (Eg. Eg.) sagði, sem hafa mikið gagn af selaveiðinni. Mjer er því mikið til efs, hvort þingið hefur nægar upplýsingar og þekkingu til þessa máls, að það geti álitið það rjett að eyðileggja vísan arð [1]) látureigandanna í þessari fiskvon. Hver segir að fiskurinn gangi betur inn á fjörðinn þótt selnum sje eytt? Geta þeir þm. Snf. (H. C.) og þm. Mm. (Eg. Eg.) sett fiskinum reglur hvernig hann eigi að ganga? Þeir þurfa að sýna og sanna, að fiskgengdin muni vaxa svo mikið, að tilvinnandi sje að upphefja opið brjef frá 22. marz 1855. Menn vita, hvað selurinn er fyrir látraeigendurna, en ekki hvað fiskurinn kann að verða. Stj.skráin á ekkert skylt við þetta mál; ef nokkuð væri þá mætti heldur vitna til hennar til að verja rjett látraeigendanna. Er það rjettlátt, að eyðileggja þennan árlega arð margra manna án þess þó að þeir sumir hverjir geti haft nokkurt gagn af því, þó að mikill fiskur gengi inn á fjörðinn. Það þarf að sýna meira og bersýnilegra gagn af því til þess að það sje tilvinnandi að aðhyllast þetta frv. Það er heldur ekki fullsannað að selurinn eyðileggi fiskaflann á Breiðafirði. Jeg er ekki fullkunnugur þar vestur frá, en það veit jeg og þm. Mm. (Eg. Eg.) líka, að fiskur er veiddur í landsteinunum við Svefneyjar, og þó að opt sje fisklaust í Bjarneyjaflóanum, er það ekki selnum að kenna, því að þar aflast ávallt á tilteknum tímum, og jeg veit til þess seinast í vor, að þar var góður afli.

Það er annar galli á þessu frv., að það fer fram á afdráttarlaust að leyfa selaskot um allan Breiðafjörð, eins innst sem yzt, en innst á firðinum þarf enginn að hugsa til að fá fiskgengd og þess vegna ætti að vera dregin einhver lína, þar sem selurinn væri að minnsta kosti friðaður fyrir innan. Það er því sannfæring mín, að þó að málið fái að ganga til 2. umr., þá fáist eigi meiri eða betri upplýsingar og að annað vinnist eigi við það en að tefja tímann.

Jakob Guðmundsson: Þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) heimtaði ósanngjarnt og ópraktískt skilyrði fyrir því, að nema úr lögum þetta óeðlilega og að öllum líkindum skaðlega band á atvinnufrelsi manna, sem hvergi á sjer stað á landinu, nema á Breiðafirði, en þetta skilyrði er *reynslusönnun* fyrir því, að fiskur gengi inn á Breiðafjörð, ef selnum væri útrýmt. Hvernig á eða getur reynslusönnun komið fyrir þessu áður en opið brjef frá 22. marz 1855 er upphafið? Hinn h. þm. gæti með jafnmiklum ástæðum sagt við kjósendur sína: Það er siðferðislega og stjórnfræðislega rangt af ykkur að kjósa annan en mig á þing, nema þið getið sannað það fyrir fram með ljósum dæmum af reynslunni, að annar verði betri en jeg, áður en hann er kosinn.

Jón Ólafsson: Það er misskilningur hjá þm. Rvk. að spyrja formælendur þessa frv. að því, hvort þeir treysti sjer til að svipta látraeigendurna arði af þessari eign sinni. *(H. Kr. Fr.:* Jeg minntist ekki á eign). Jú, þm. kallaði það *eign* með berum orðum, og jeg vona að fleiri hafi heyrt það en jeg. Jeg vona skrifararnir hafi og skrifað það. Annars er það ósiður að ganga frá orðum sínum óðara en þau eru töluð. Það er alls eigi tilgangur vor að ganga

[1]) Skrifararnir höfðu hjer skrifað: „eign þessara manna“. J. Ó.

nærri eignarrjetti látraeigendanna, en að eins sá, að sömu lög gangi yfir Breiðafjörð sem annarstaðar um allt land, um leið og vjer vonum að mikið gott muni af því leiða. Vjer ætlumst ekki til að heimila nokkrum skot í annars manns látrum, en úti á firðinum verður eignarrjettur einskis skertur með selaskotum, því að líklega eru ekki selirnir, það skyldu þá vera eyrnaselir, markaðir á eyrunum, eða synda þeir með prestakraga um hálsinn fram og aptur um Breiðafjörð til að bera prestsmark eða prófasts á sjer?

Halldór Kr. Friðriksson: Aðalefnið í ræðu þm. Dm. (J. G.) var, að afnema ætti opið brjef frá 22. marz 1855 að eins til reynslu, og var það lítil upplýsing í málinu. Jeg nefndi ekki orðið «eign», svo að 2. þm. Sm. hefur misheyrzt um það, en hitt sagði jeg, að látraeigendurnir yrðu sviptir vísum arði af látrum sínum, ef þetta frv. yrði að lögum.

Málinu síðan vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Tuttugasti og fjórði fundur, mánudag 30. júlí kl. 12—3¾. Allir á fundi.

Forseti: Þingið er nú búið að standa í mánuð og hefur verið venja að undanförnu — að minnsta kosti var það gjört á síðasta þingi — að skýra þm. frá hvað málunum liði um það leyti að hinn venjulegi þingtími er hjer um bil hálfnaður.

Jeg skal því leyfa mjer að skýra þd. frá, hvernig á sökum stendur með rekstur málanna á þinginu. Mál sem inn á þingið hafa komið, eru þau er nú skal greina.

Lfrv. í neðri d.	45
— í efri d.	20
— samtals	65
Önnur mál (þgsál. o. fl.) . .	13

Hvað málum er langt komið í e. d. veit jeg ekki sem stendur, en í n. d. standa sakirnar svo, að af þessum 45 lfrv eru að eins *3 smámál kláruð alveg sem lög;* 4—5 frv. eru dottin úr sögunni, felld eða tekin aptur, 12 frv. eru komin lítið eitt á veg svo sem til 1. og 2. umr. En rúm *20 frv.* eru *alls ekkert á veg komin*, nema hvað að líkindum hefur verið eitthvað við þau af þeim gjört, sem fengin hafa verið n. til meðferðar. Af þessu geta menn sjeð, að hjer er ekki nærri vel ástatt, þar sem nú er ekki eptir nema ½ mánuður af hinum lögboðna þingtíma, en enda þótt þingið yrði lengt um hálfan mánuð eins og gjört hefur verið á undanfarandi þingum, þá eru engin líkindi til, að öll þessi mál komizt af; þess vegna vil jeg leyfa mjer að brýna það fyrir þm., að halda sjer einkum að hinum merkari málunum; sjerílagi vil jeg skora á formenn n., einkum í hinum stærri málum — fjárl. n. og reikningsn. — að hraða gjörðum sínum svo sem framast er unnt, því að það fer að verða tæpt, að þingið komi af stórmálum úr þessu.

Jeg vona þm. taki mjer þetta ekki illa upp, því að það er gjört í góðri meiningu.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1882—1883 (C 241); 3. umr.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Með því það urðu svo litlar umræður um þetta mál við 2. umr., og því nær engar mótbárur komu fram á móti frv., þá sje jeg ekki ástæðu til að fara um það neinum orðum að þessu sinni.

Grímur Thomsen: Þó að jeg gangi að því vísu, að það sje eins og «röddd hrópundans í eyðimörku« að ræða á ný um 6. gr., sem samþykkt var um daginn, þá ætla jeg þó að mæla nokkur orð til þess að frelsa samvizku mína. *(E. K.:* Ó.!) Hinn háæruv. sessunautur minn (E. K.) verður að lofa mjer verzlegum manninum að hugsa einnig svolítið um samvizku mína. Jeg vil leyfa mjer að benda hinni h. þd. á, að hversu hlynntir sem þm. vilja vera prestastjettinni, og þótt svo þyki sem sumir þeirra sjeu á móti henni, þá verður það engan veginn með sanni sagt, að prestastjettin hafi farið varhluta af fje úr lsj., eða henni sje ekki sómi sýndur. Ef vjer lítum í fjárlögin fyrir umliðin ár, þá eru í þarfir andlegu stjettarinnar goldnar alls 51,990 kr. úr lsj. fyrir utan allar tekjur af brauðunum, allar kirkjujarðir og allar bújarðir. En til umboðsstj., gjaldheimtu og reikningsmála ganga ekki nema um 52,800 kr., og þeir, sem taka þátt í umboðsstj., gjaldheimtu og reikningsmálum, hafa hvorki kirkjujarðir, bújarðir eða hlunn-

indi. Ef svo það er rjett, að kirkjueignirnar nemi rúmum 15000 hundruðum, þá verður verð þeirra — þegar hundraðið er reiknað á 100 kr. — 1,500,000 kr. og árlegar rentur af þeirri upphæð 60,000 kr. Þegar þessar 60,000 kr. eru lagðar við hinar 51,990 kr., þá er komið á annað hundrað þúsund krónur, er landið sampart veitir beinlínis og sampart óbeinlínis leggur í þarfir andlegu stjettarinnar, og þessar framlögur ná nálega þeirri upphæð, sem gengur til dómgæzlu og lögreglustjórnar. Hvernig er þá hægt að segja, að þetta sje ekki að sýna prestastjettinni sóma? Jeg vil vekja athygli þd. á því, að það væri vel til fallið af henni, að hún sýndi lsj. dálítið af þeirri miskunnsemi, er hún sýnir prestastjettinni, því að miskunnsemi hennar við lsj. kæmi niður á vösum skattgreiðandanna, sem opt og tíðum ekki gjalda sín gjöld nema þau sjeu tekin lögtaki. Það virðist þó einnig nauðsyn á, að líta á hag lsj., en það mun verða á ábyrgð þd. hvernig hún fer með þetta mál, það er hennar vegur og vandi; en jeg greiði atkv. á móti þessum 1500 kr. Það væri fróðlegt fyrir mig og aðra, ef frsm. vildi gefa skýrslu um það, hvað mikið jarðir í Oddaprestakalli hafa skemmzt. Skýrsla um þetta ætti að liggja á lestrarsalnum, en hún er þar ófinnanleg; en jeg held það fari ekki fjarri, að tekjumissirinn fyrir jarðaskemmdirnar sje á milli 100 og 200 kr. á ári, og fyrir þetta á presturinn að fá 350 kr. á ári, eða helminginn af tillaginu. Þó að ástand mannsins, er situr í brauðinu, kunni að vera svo, að þörf sje til þess, þá verð jeg, ef það á að fara að telja út fje úr lsj. til prestastjettarinnar bæði með og móti lögum, þá verð jeg, segi jeg. einnig að greiða atkvæði móti þessum 700 kr. til Odda.

Landshöfðingi: Jeg held hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) hafi misminnt og hann hafi haldið að þetta væri 2. umr. málsins, en þar sem þetta er 3. umr., þá á ekki við að ræða einstakar greinir frv. og finna að þeim, nema ef hann vill nota þetta sem ástæðu fyrir því, að fella frv. í heild sinni. En það held jeg hvorki hafi verið meining hans nje heldur sje ósk hans, og þar af leiðir, að það er tilgangslaust að tala um einstakar greinir, því hjer verða ekki greidd atkv. um hinar einstöku gr., heldur um frv. í heild sinni; það er þess vegna ómögulegt fyrir þd. að fara að tillögum hins h. þm. um að fella ákvörðunina um eptirgjöf á því gjaldi, sem lsj. átti að greiðast frá Oddaprestakalli, þar sem ekkert bratkv. hjer um er komið fram.

Að öðru leyti getur ræða hins h. þm. verið fróðleg fyrir þd. og þó einkum fyrir prestastjettina. En af því jeg ímynda mjer, að mótbárur hins h. þm. Bf. hafi öldungis ekki verið stýlaðar til þess að fella frv., þá álít jeg ekki nauðsynlegt að ganga móti þeim, eins og jeg einnig ber fullt traust til hinnar h. þd., að hún eigi mundi taka slíka ust. til greina, þótt hún hefði verið í alvöru gjörð.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Hinn hæstv. lh. hefur þegar að efninu til svarað ræðu hins h. þm. Bf. (Gr. Th.). Hjer er ekki um einstakar greinir að ræða eða að fella úr einstakt atriði, heldur er annaðhvort að gjöra að fella frv. alveg eða samþykkja það. Viðvíkjandi Oddabrauðinu skal jeg geta þess, að þessi skýrsla, sem þm. Bf. fann ekki í lestrarsalnum, *hefur legið* á lestrarsalnum, en það getur verið, að nefndinni hafi gleymzt að leggja hana þangað aptur, er hún hafði notað hana. Það er satt, að þegar fjárln. fór að íhuga skemmdirnar á jörðunum, þá er tekjumissirinn fyrir þær sakir ekki eins mikill eins og n. lagði til að dregið væri frá af eptirgjaldinu og gjört var við 2. umr., en n. varð og að líta á tekjumissinn í heild sinni um þessi 2 ár sakir harðærisins, og ætlaði víst, að hallinn hefði orðið 350 kr. á ári, bæði vegna þess, að af þeim jörðum, sem hafa lagzt í eyði, er ekkert goldið, og af sumum jörðum telja skoðunarmenn eptirgjaldið að eins fáeinar álnir og auk þess munu ýmsir sóknarbændur eigi hafa getað greitt öll sín gjöld vegna harðærisins. Aðrar upplýsingar get jeg ekki gefið sem stendur, enda vona jeg, að þess gjörist ekki þörf, því að jeg ætla að n. hafi farið rjett að í þessu máli, sem ástæður voru til, og hjer sje sanngirni sýnd á báða bóga.

Grímur Thomsen: Þótt það sje rjett, að eigi er nema um tvennt að tefla, annaðhvort að samþykkja frv. eða fella það, þá getur þó hver einstakur þm. látið skoðun sína í ljósi, einkum þegar þeir gallar eru á frv., að það ef til vill væri rjettast að fella það allt.

Eiríkur Kúld: Jeg skal leyfa mjer að svara hinum h. þm. Bf. (Gr. Th.) fám orðum út af umræðum hans um laun prest-

anna, því að mjer skildist svo sem honum alveg ofbyði. En hann hefur aldrei prestur verið og þess vegna þekkir hann auðsjáanlega ekkert stöðu þeirra. Hann hjelt þeir hefðu jafnvel betri laun en þeir, sem hefðu dómgæzlu, reikningsmál og umboðsstjórn á hendi. En þessum tölum, sem hann taldi að fjellu í hluti prestanna, er skipt á milli langtum fleiri en hinum tölunum, það veit þó hinn h. þm. (*Gr. Th.*: Nei!), og því fleiri sem það eru, sem upphæðinni er skipt á milli, því minna kemur í hvers hlut, það skilur þó hinn h. þm. (*Gr. Th.*: Nei, jeg skil ekki!). Hann hefur auðsjáanlega ekki gætt að því, að laun prestanna eru miklu óvissari og rýrari en þeirra, sem eiga að taka laun sín úr lsj. og það ekki sízt nú í harðærinu, þegar greiðendunum er opt og tíðum ómögulegt að svara þeim gjöldum, sem þeir eiga að greiða. Hann gætti þess ekki, að gjöldin af kirkjujörðunum eru aðallaunin, en tíund og aukatekjur eru miklu minni, sem hann talaði svo mikið um. (*Gr. Th.*: Nefndi það sljett ekki).

ATKVGR.: Frv. sþ. með 18 atkv.

Frumvarp til laga um br. á lögum um laun íslenzkra embættismanna dags. 15. okt. 1875 (C 191); 2. umr.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg vil gjöra grein fyrir, hvernig á því stendur, að n. komst að þeirri niðurstöðu, að láta frv. koma óbreytt frá því sem það var afhent nefndinni. Það kom til orða við 1. umr., að láta launalögin frá 15. oktb. 1875 standa óbreytt, en spara laun til emb.manna með því að afnema eptirlaunin. En eptir að n. hafði vandlega íhugað þetta mál, þá virtist henni sá galli vera á launalögunum að allt of mikill munur sje gjörður á launum embættismanna, sum eru *of há* og sum *of lág*, et eptirlaun ætti að taka alveg frá þeim er lægstu launin hafa; n. tók þess vegna það ráð að halda sinni fyrri stefnu og jafna launin með því að draga nokkuð frá af hinum hæstu launum, og ekki afnema eptirlaunin til fulls, heldur lækka þau nokkuð, eins og sjest á eptirlaunafrv. frá nefndinni.

Nefndin játar að ef eptirlaun væru afnumin, þá mætti bæta úr því með sjerstöku lagaboði fyrir hvern einstakan emb.mann, sem lág laun hefði haft, eður væri sjerlega verðugur eptirlauna. En þegar nefndin fór að hugsa vandlega um málið, þá þótti henni ekki ráðlegt, að fara lengra en hún hefur gjört.

Nefndinni þótti og mjög athugavert það sem h. h. lh. sagði við 1. umræðu þessa máls, að stjórnin myndi kynoka sjer við, að víkja frá embættum þeim mönnum, sem annaðhvort sakir óreglu eða aldurslasleika ekki gætu gegnt embætti sínu svo vel sem ætti að vera, þegar engin væru eptirlaunin og svo mætti segja sem þeim væri vísað á kaldan klakann. Þetta meðal annars kom n. til að álíta, að sá meðalvegur væri beztur að færa niður óþarflega há laun, en sjá fyrir embm. með nokkrum eptirlaunum, svo þeir gætu lifað nokkurn veginn sómasamlegu lífi, þegar þeir ekki geta gegnt lengur embættunum. Þannig hef jeg þá gjört grein fyrir hversvegna að n. gat ekki aðhyllzt tillögu þm. Bf. Að hækka árslaun en aftaka eptirlaun er ekki annað en að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn. Hvað eru eptirlaun? Þau eru ekki annað í raun og veru en að emb mönnum eru ætluð hærri laun en þau sem þeim er afhent. og nokkur hluti tekinn af þeim, og svo gott sem lögð í sparisjóð, til afnota í elli þeirra, og til ekkna og barna; ef þeir eigi eiga að fá eptirlaun, þá þarf að borga þeim hærri laun, meðan þeir eru í embætti, og láta þá svo sjá fyrir sjer sjálfum í ellinni. Að svo mæltu sný jeg að málinu sjálfu og þessu frv., sem hjer liggur fyrir, til þess með fám orðum að skýra frá, hversvegna n. hefur farið fram á að færa launin nokkurra emb.manna niður. Laun biskupsins eru nú 7000 kr., en n. þótti viðunanleg og sómasamleg laun þó þau væru ekki hærri en 6000 kr.; henni sýndist þetta mega heita ríflег laun einkum þegar litið er til þess, að störf biskupsins hafa talsvert minnkað frá því á fyrri árum áður en landshöfðingjadæmið var stofnað. Frá launum forstöðumanns landsyfirrjettarins og meðdómenda skýrði jeg við 1. umr. Það er auðsjeð á þingtíðindunum 1875, að það var aldrei meining þingsins, að þeir hefðu hærri laun en 5000 kr. háyfirdómarinn, og hinir 2 — meðdómendurnir — 3200 kr.

Allir geta sjeð af atkv.greiðslunni er fram fór á þingi 1875, þegar launalögin voru samin, að þegar hækka átti launin úr 3200 upp í 4000 kr., þá er atkvæðamunurinn að eins *1 (eitt) atkvæði*. þessi hærri laun voru samþykkt með 11 atkv. á móti 10, svo það er eigi hægt að álíta það samhuga vilja þings og þjóðar að þetta gekk fram.

Um forstöðumenn prestaskólans og lærða skólans get jeg ekki vitnað til launalaganna 1875. En fáum árum áður þegar það kom til orða að Jón heitinn Sigurðsson yrði rektor við skólann, þá var talað um að hann fengi 3200 kr. og þóttu það ekki einungis nægileg laun, heldur ágæt laun, handa sjálfum Jóni Sigurðssyni. Þess vegna þótti n. ekki neitt ósennilegt þó hún legði til að árslaun skólastjóranna væru eigi hærri en 4000 kr.

En svo jeg hverfi aptur að yfirdómendunum, þá vil jeg geta þess, að það var ekki beinlínis ætlun n. að yfirdómendurnir skyldu að öllu samtöldu bera minna úr býtum en nú, heldur vildi hún hafa árslaunin sjer, og borgun fyrir lagakennslu í öðru lagi, ef hún eða lagaskólinn kemst á fót. En af því það er mjög óvíst, hvort lagakennslan kemst á innan skamms tíma, þá þótti n. ekki fjarri sanni, að færa launin upp úr 3200 kr. í 3500 kr.; hún áleit að það yrðu talin sæmileg laun þótt þeir aldrei fengju neina viðbót fyrir að kenna við lagaskóla.

Jakob Guðmundsson: Hinn h. frsm. (Tr. G.) hefur nú gjört ljósa grein fyrir skoðunum og áliti n. Síðan við 1. umr. hef jeg hugsað rækilega um það, sem nokkrir hreyfðu hjer þá, hvort ekki mundi rjettast að aftaka öll eptirlaun, en jeg get ekki sjeð að það sje rjett í neinu tilliti. Því að þótt menn nú segðu, að þegar embættismaðurinn hefði haft nógu há laun til þess að sjá sjer og sínum borgið í elli sinni, þá væri engin ástæða til að veita honum eptirlaun, þá er jeg þó viss um það, að þegar embættismaður, sem hefði þjónað embætti sínu vel og lengi með fullháum launum, en hefði þó ekki lagt nóg upp til þess, að geta sjeð fyrir sjer og sínum, þegar hann færi frá embætti, þá mundi þinginu þykja ófært að láta þann mann fara á sveitina, heldur mundi það álíta sig neytt til þess, að hjálpa honum. og þá kæmi það ósanngjarnt niður á þeim embættismönnum, sem af ósjálfráðum ástæðum yrðu að hætta við embættisþjónustu á unga aldri. Við nákvæmari yfirvegun þykir mjer minnst sanngirni í því hjá n., að láta eptirlaunin vera því hærri því hærri laun sem embættismaðurinn hefur haft meðan hann sat í embætti.

Þórarinn Böðvarsson: Frv. þetta er eins og menn vita komið frá sparnaðarn. og hin fyrsta hvöt til þess að koma fram með það er sparnaður á fje landsins sökum harðæris þess, er nú hefur dunið yfir landið. En í 7. gr. þessa frv. stendur, að embættismenn þeir, sem fengið hafa veitingu fyrir embættum þeim, sem frv. ræðir um, áður en lög þessi öðlast gildi, skuli einkis í missa við þau, meðan þeir sitji í sama embætti. Þessu mun nú ekki vera hægt að koma fyrir með öðru móti, og mundi svo hafa orðið að vera, þótt sparnaðarn. hefði eigi sett þessa ákvörðun, en með þessari ákvörðun er sparnaðarástæðan vegna hins núverandi harðæris alveg fallin. Það eru þó líkindi til, enda vonum við það allir, að þegar allir þeir eru fallnir frá, sem nú sitja í embættum þessum, þá verði þó farið að batna í ári. Jeg verð að telja það mjög ísjárvert að breyta lögum, sem ekki eru eldri en síðan frá 1875, enda hefur og ýmislegt breytzt síðan, og það sem breytzt hefur, er á móti því að færa launin niður. Verðlagsskrárnar hafa hækkað síðan, vinnulaun hafa hækkað og yfir höfuð allt, sem embættismenn þurfa að kaupa, hefur hækkað í verði. Jeg álít að velferð landsins sje að miklu leyti komin undir því, að embættismönnum þess sje vel borgað. Jeg veit ekki til, að það hafi orðið nokkru landi til velferðar, að gjalda embættismönnum sínum illa. Allar þær siðaðar þjóðir, sem bezt er skipulag hjá, gjalda embættismönnum sínum vel. Af þeim þjóðum, sem jeg þekki til, þá ætla jeg að Rússar gjaldi embættismönnum sínum lakast, en þeir vinna það upp á annan hátt, og geta svo haft launin eptir vild sinni. Gjörum nógu strangar kröfur til embættismanna, að þeir stundi köllun sína rækilega, en reynum ekki að gjalda þeim sem minnst. Hvað hinar einstöku greinir frv. snertir, þá skal jeg játa það, að þar sem laun biskupsins eru færð niður um 1000 kr., þá er kann ske einna minnst ástæða á móti þeirri niðurfærslu, með því að 6000 kr. laun verða þó að álítast sæmileg laun. Um laun amtmannanna er ekki ástæða til að fara mörgum orðum, með því að annað frv. segir, að þeir muni eiga skammt eptir, og ef svo skyldi fara, þá finnst mjer það ekki taka því, að taka af þeim þessar 1500 kr. um svo stuttan tíma, en skyldi annað verða ofan á, þá verð jeg að álíta, að 600 kr. laun sjeu ekki of há handa þeim eptir stöðu þeirra og þeim verkahring, sem þeir nú hafa. Þar sem farið er fram á að færa laun forstjóra landsyfir-

rjettarins niður um 800 kr., þá álít jeg það ekki ógjörlegt, þó að það embætti sje mjög áríðandi, og áríðandi að hafa duglegan mann í því. Dómsvaldið á eptir stjórnarskránni að vera óháð, og það á líka í fjárlegu tilliti að vera óháð. Hvað laun hinna annara dómenda í landsyfirrjettinum snertir, þá eru laun þeirra sett of lágt, þótt brt. yrði tekin til greina, þar sem þau eru ekki hærri en laun sýslumanna, en sýslumenn hafa töluverðar aukatekjur, þótt þeir hafi og nokkurn kostnað. Mjer finnst það ekki skynsamlegt að láta ekki dómendurna í landsyfirrjettinum hafa frekari laun en sýslumenn, þar sem til þeirra embætta ætti að velja þá sýslumenn, sem áreiðanlegastir væru og ágætastir dómarar. Hinn h. frsm. minntist á að launalögin hefðu átt erfitt uppdráttar, þegar þau voru fyrir þinginu, og var þá þó ekki kosin nein sparnaðarnefnd; en þó það ekki væri, þá voru þá nokkrir sjálfkjörnir sparnaðarmenn, og þótt margir meinbugir væru á að fá þeim lögum framgengt, varð þó niðurstaðan sú, að þau voru sp. af þinginu og síðan staðfest. Þótt laun embættismanna kunni að vera fullhá, get jeg þó ekki álitið þau öll of há, og get heldur ekki álitið að tími sje til kominn, að breyta þeim svo fljótt. Það er óheppilegt að færa laun opt upp og niður, og jeg álít það til velferðar landinu. að embættismönnum sje nægilega vel launað.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla að að leiðrjetta það, sem hinn h. frsm. (T. G.) sagði, að laun rektors hefðu áður verið að eins 1600 rd. eða 3200 kr. Þetta er ekki rjett. Launin voru 3200 kr. að eins til að byrja með, og áttu svo að hækka með áratölunni. sem sami maðurinn þjónaði embættinu. 1875 voru laun rektors ákveðin eptir því, sem launin voru þá að meðaltali, þegar þau voru lægst og þegar þau voru hæst. Ef ungur maður hefði fengið embættið með þeim launum, sem þá voru, og setið svo lengi í embættinu, að hann hefði náð hinni hæstu launaupphæð, þá hefði hann fengið hærri laun, en launin eru nú eptir launalögunum frá 1875. Jeg álít að launin sjeu alls ekki of há eins og þau eru nú; jeg vil biðja hinn h. frsm. að stinga hendinni í sinn eigin barm og sjá hvað hver krónan verður drjúg, þegar ekki er á annað að ganga en launin ein, og þarf hann þó ekki að borga í ekkjusjóð. Þar sem þingið 1875 lagði sig í líma að gjöra launin sem lægst, þá er það því undarlegra og óeðlilegra að hið sama alþingi skuli nú 1883 vilja gjöra þau enn lægri, þótt allt sje nú orðið miklu dýrara, sem embættismenn þurfa að kaupa til þess að lifa. Jeg get heldur ekki ætlað, að neinn sparnaður sje í því fólginn, að lækka launin, því að hvert rennur fjeð? Það rennur þó ekki út úr landinu, heldur til landsbúa sjálfra aptur, og auk þess útvega embættismenn svo mörgum atvinnu og lífsuppeldi, og er því launalækkunin í rauninni enginn sparnaður. Jeg álít að þd. ætti að hugsa sig vel um, áður en hún sp. þetta frv.

Landshöfðingi: Við 1. umr. þessa máls lýsti jeg yfir skoðun minni um þetta frv., og gat þess þá, að jeg áliti þessa lækkun á launum embættismanna ekki á nægum rökkum byggða, og að það væri jafnframt óeðlilegt, að ust. kæmi fram um að breyta launalögunum frá 1875 eptir svo stuttan tíma, án þess að kringumstæðurnar væru í neinu verulegu breyttar. Jeg verð enn þá að lýsa yfir þessari sömu skoðun, og álít að frv. eins og það liggur fyrir sje eigi aðgengilegt fyrir stj., því þau laun, sem hjer er stungið upp á, geta ekki fullnægt þeim kröfum, sem menn geta gjört til hæfilegra launa fyrir að framkvæma embættisstörfin á viðunandi hátt. Jeg get í þessu efni yfir höfuð vel fellt mig við skoðun hins h. 1. þm. G. K. (Þórar. B.) og hins h. þm. Rvík. og skal því ekki minnast á hin einstöku embætti, er þeir tóku fram að of lágt væru launuð, en það var eitt embætti sem þeir ekki nefndu þar sem launin eru lækkuð mjög um of, og það er í 4. gr., þar sem talað er um laun landfógetans. Þetta embætti er mjög þýðingarmikið, og áríðandi að ávalt sje í því duglegur og áreiðanlegur maður, og þessi laun geta því alls eigi samsvarað þeirri þýðingu, sem embætti þetta hefur. Hinn h. frsm. (Tr. G.) hafði það eptir mjer, að jeg hefði sagt, að stj. mundi kynoka sjer við að víkja mönnum úr embætti fyrir óreglu sakir, ef öll eptirlaun væru af tekin. Þetta er ekki rjett. Jeg sagði, að afnám eptirlauna gæti yfir höfuð verið viðsjárvert. því að það gæti ollað því að sumir embættismenn sætu lengur í embættum en æskilegt væri, bæði sökum þess að embættismenn mundu kynoka sjer við að sækja um lausn frá embætti sínu, þótt þeir væru ekki fullkomlega orðnir færir um að gegna því, er þeir sæju fyrir að þeir mundu komast í örbirgð á eptir, og aptur á móti væri það afsakanlegt, og að minnsta kosti mannúðlegt,

þótt stj. vildi ekki fyr en í síðustu lög víkja þeim mönnum frá embætti, sem hefðu þjónað því lengi og dyggilega, en væru orðnir svo farnir af elli og heilsuleysi, að þeir væru ekki orðnir vel færir um að þjóna því, ef þessir menn gætu ekki átt von á neinum eptirlaunum. Jeg nefndi eigi að stj. mundi hlífa neinum fyrir óreglu sakir, því að það er sjálfsagt, að það væri þá ekki afsakanlegt, að víkja þeim ekki úr embætti fyrir þær sakir. Jeg skal að endingu taka það fram aptur, að jeg álít þetta frv. alveg óaðgengilegt fyrir stj.

Þorkell Bjarnason: Jeg ætla að leyfa mjer að svara hinum h. 1. þm. G. K (Þórar. B.) fám orðum. Hann sagði, að þessi launalækkun væri gjörð af sparnaði vegna hins yfirstandandi harðæris; jeg veit eigi til að þetta standi nokkurstaðar, og jeg heyrði engan minnast á það í n. En við vorum allir á því að færa mætti launin niður án þess að embættin yrðu óálitleg eða óaðgengileg fyrir því, og við hjeldum, að hægt mundi vera að fá embættin skipuð duglegum og nýtum mönnum, þótt launin væru ekki hærri, en það, sem hjer er farið fram á. Þar sem hinn h. þm. sagði, að allt hefði hækkað í verði síðan 1875, þá er það ekki rjett, það er margt sem hefur einmitt lækkað í verði t. d. kornmatur, kaffi, steinolía, kol o. fl., svo á þessu verður ekki byggt. Hann áleit að það ætti að gjalda embættismönnum sæmileg laun; á því er jeg líka; en hvað eru sæmileg laun? Sá sem mikið brúkar og er óhófssamur, álítur það ekki sæmileg laun, sem annar, er lítið brúkar og er sparsamur, álítur sæmileg og góð laun. Hann talaði um að Rússar gyldu embættismönnum sínum verst af þeim þjóðum er hann þekkti til, líklega af öllum þjóðum í Norðurálfunni, en í Svisslandi eru laun embættism. ekki mikil, enda er þar þjóðstjórn, og jeg held enda lægri en á Rússlandi. Hann sagði að embættismenn Rússa næðu launum á annan hátt, eða ynnu það upp hve laun þeirra væru lág, en jeg held það sje ekki hinir láglaunuðu embættismenn, heldur einmitt hinir hálaunuðu og auðmennirnir, sem mest eru sakaðir um fjárdrátt á Rússlandi, að minnsta kosti hefur mjer skilizt svo af blöðum þeim, sem á það hafa minnzt. Hann talaði um að laun forstjóra landsyfirrjettarins væru ætluð of lág, með því það væri mjög áríðandi að fá duglegan mann í það embætti, en jeg held, að ef ekki er hægt að fá duglegan mann í það embætti með 5000 kr. launum, þá fáist hann ekki fremur, þótt launin væru 5800 kr., eða heldur hann að dugnaður embættismanna fari ætíð eptir launahæðinni? ef svo er að dugnaður embættismanna fer eptir launum þeim, er þeir hafa, þá get jeg skilið það, að menn kasti þungum steini á prestastjettina; prestarnir ættu eptir því, að vera ónýtastir allra embættismanna, en það held jeg sje þó ekki. Jeg held að launin sjeu hjer ekki færð meira niður en svo, að hægt sje að fá duglega menn í embættin fyrir þær sakir, því jeg get eigi annað sjeð, en að það sjeu sómasamleg laun, sem farið er fram á í frv. N. stakk ekki upp á þessari launalækkun vegna harðærisins, en skeð getur að harðærið hafi vakið suma til að hugsa um, hver munur væri á kjörum alþýðunnar og embættismanna, sem fá laun sín ætíð útborguð, hvernig sem í ári lætur.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg vona að jeg hafi það þó rjett eptir hinum hæstv. lh., er hann sagði um daginn, að nær hefði verið að láta embættismenn borga hallæriskatt, en að lækka svo mjög laun þeirra; en jeg er sannfærður um að engum í n. hefur dottið í hug að lækka launin með tilliti til harðærisins, heldur af því að n. áleit það vera sæmileg laun, sem hjer er stungið upp á, hvernig svo sem árferði er, þar sem hinn h. 1. þm. G. K. (Þórar. B.) minntist á laun amtmannanna, þá er það satt, að það virðist nokkuð undarlegt að laun þeirra manna skuli vera nefnd í þessu frv., þar sem talað er um í öðru frv. að afnema þau embætti, en n. þótti hyggilegra að gjöra það, ef svo skyldi fara, að einhverjir meinbugir yrðu á því að þau legðust niður bráðlega, með því að hún áleit þessi laun sæmileg og hæfileg eptir störfum þeim, sem amtmenn hafa nú að gegna. Hinum sama h. þm. þótti laun dómendanna í landsyfirrjettinum vera of lítil 3,500 kr., því að þeir hefði þá ekki hærri laun en sýslumenn, en hann verður að gá að því, að sýslumenn þurfa að hafa margfalt meiri kostnað; þeir verða að halda skrifara og mörgu fleira til að kosta, sem dómendurnir ekki þurfa, og verða því «Nettó»-laun dómendanna í rauninni talsvert hærri en hreinar tekjur sýslumanna þeirra sem hæst laun hafa. Hinn h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) áleit að það væri of snemmt að fara að breyta launalögunum frá 1875, og

áleit að menn ættu að hugsa sig vel um áður menn færu að gjöra það. Jeg get sagt honum það, að landsmenn hafa hugsað um það allan þann tíma, sem liðinn er síðan launalögin komu út, og sannfærzt um það, að launin væru of há. Hinn hæstv. lh. sagði, að þetta frv. mundi eiga vera aðgengilegt fyrir stj. til þess að það næði staðfestingu; þessi rödd hefur opt heyrzt hjer á þingi og henni svarað; þingið verður að segja sinn vilja án tillits til þess, hvað er aðgengilegt og óaðgengilegt fyrir stj. Það getur skeð að jeg hafi ekki haft orð hins hæstv. lh. frá 1. umr. alveg rjett eptir, en það var þó að minnsta kosti í nokkurri samkvæmni við það, sem hann sagði, að stj. mundi kynoka sjer við að víkja þeim mönnum frá embætti sem væru ekki orðnir fullkomlega færir um að gegna því, ef þeir ættu ekki von á neinum eptirlaunum; það getur vel verið að hann hafi ekki nefnt að stj. mundi hlífa mönnun fyrir óreglu sakir, en jeg hef þó heyrt þær raddir, sem þykir stj. heldur seinlát að víkja mönnum frá embætti, sem orð hafa á sjer fyrir óreglu, jafnvel nú, þótt eptirlaunalögin sjeu í gildi.

Lárus Blöndal: Hinn h. frms. þessa máls (*Tr. G.*) hefur líkt launal. frá 15. okt. 1875 við gullkálf, og þegar jeg minnist undangenginna þinga, og les alþt. yfir, þá sje jeg að það er ekki í fyrsta sinni að hann hefur fengizt við gullkálfa. Jeg vil leyfa mjer að minna þm. á það, sem gjörðist á þingi þegar skattamálið var í undirbúningi, þá komu 14 þm. fram með þá ust. að afnema alþingistollinn, og af þessum 14 sitja nú 2 í hinni alkunnu sparnaðarn., þessi ust. kom þá alveg eins og skúr úr heiðríkju, og hvergi varð það sjeð, að þessi ust. væri neinum áhugamál nema máske þessum 14 herrum, en þeir voru nógu margir til þess að málið fengi framgang, og síðan náði frv. staðfestingu kgs, en sá sem skaðann beið við þetta snjallræði var lsj., sem missti margar þúsundir króna við það.

Annað dæmi sem jeg vil taka, það var afnám lestagjaldsins. Á meðal þeirra, sem komu upp með það og börðust fyrir því, sitja og 2 nú í sparnaðarn., frms. (Tr. G.) og 1. þm. Á. (Þ. G.). Þetta mál fjekk og framgang á þingi þrátt fyrir hinar alvarlegu viðvaranir hins fyrv. lh., sem sýndi báðum þd. fram á, hversu ískyggilegt það væri, að afnema gjald, sem ekki væri tilfinnanlegt fyrir neinn, og kæmi kostnaðar- og ómakslaust inn í lsj., og enginn hefði kvartað undan, en næmi þó töluverðu. Lh. sýndi fram á að þetta gjald lenti þá í vasa þeirra manna, sem alls eigi mundu bæta landsmönnum það á annan hátt með betri verzlunarkjörum; en allt kom fyrir eitt, ástæðan var eigi önnur en sú, þetta gjald *skal* afnemast og svo komu um leið hinar glæsilegustu spár um þá gullöld, sem upp mundi renna, þegar þetta vonda og óeðlilega gjald vær úr lögum numið, þá flýgju tryppin og fjeð út fyrir tvöfalt verð, útlenda varan seldist fyrir hálfvirði og innlenda varan stigi að sama skapi; en þessar góðu spár hafa mjer vitanlega ekki rætzt. En hverjum blæddi við þetta? Náttúrlega lsj.; en til þess að lsj. yrði ekki fyrir allt of miklum halla, þá voru þessir heiðruðu herrar svo hugulsamir, að þeir færðu brennivínstollinn upp, í þeirri von að landsmenn mundu halda áfram að fá sjer í staupinu. (*Forseti:* Þetta liggur eigi fyrir). Jeg bið velvirðingar á því hafi jeg farið ofur lítið út fyrir það sem *beinlinis* liggur fyrir, en jeg skal sýna hinum hæstv. forseta og þd. að það er rjett að benda þeim heiðruðu herrum, sem nú sitja í sparnaðarn., á það, í hve góðu samræmi frv. þeirra stendur við gjörðir þeirra á undanförnum þingum. Þeir hafa einmitt með því að koma þessu tvennu í gegn, sem jeg þegar hef nefnt, brætt tvo gullkálfa fyrir landssjóði til ösku, og þess vegna er það líklega að þeir nú eru að reyna til að steypa þennan nýja gullkálf.

En hvaðan á efnið að koma í þennan nýja gullkálf? Jú, efnið á að koma frá embættismönnum, eða verða til úr því, sem frá þeim verður tekið. Með því á að bæta skaðann, sem lsj. hefur beðið. Það er ný kenning, ef þeir, sem saklausir eru, eiga að bæta fyrir afglöp, er þeir hafa engan þátt átt í.

Jeg vona, að þd. hafi hugfest sjer orðin sem hinn hæstv. lh. sagði við hina 1. umr. þessa máls, að svo framarlega sem það hefði verið augnamið sparnaðarn. að ganga svo langt í sparnaðinum, sem komizt yrði vegna harðærisins, sem varla er enn þá gengið um garð, þá hefði það verið mjög óheppilegur og illa valinn vegur að láta það koma niður á embættismönnunum, því að það væri enginn heillavegur að spara of mjög laun embættismanna landsins og undir því væri eigi velfarnan landsins og auðsæld komin.

Sú skoðun er þar á móti rjett, að láta embættismennina hafa nóg að gjöra, og

heimta af þeim skyldurækni og alúð í allri embættisfærslu, ef þeir vanrækja embætti sitt eða hafa það í hjáverkum, þá að hafa djörfung til að kæra þá, og það á rjettum stað, en þá hefur þjóðin jafnframt siðferðislega skyldu að launa þeim vel og sómasamlega, því að sannleikur hinnar fornu dæmisögu stendur óhaggaður, að verður er verkamaðurinn launa sinna.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vil leyfa mjer eins og aðrir samnefndarmenn mínir hafa gjört að mótmæla því að þetta frv. hafi einungis eða mikið til komið fram vegna harðærisins. Vjer vorum engan veginn svo skammsýnir í n. að líta eigi lengra fram í tímann og vjer vonum að þetta frv., nái það fram að ganga, geti orðið landinu miklu lengur til sparnaðar, en harðindin standa yfir, að því er vjer allir vonum.

Ef vjer lítum á þessi launalög, þá ætla jeg að mjer sje óhætt að segja, að hefðu þau eigi komizt í gegn 1875, í því formi, sem þau nú hafa, það er með öðrum orðum á hinu fyrsta löggefandi þingi, eða þegar þingið var í sönnum barndómi, þá hefðu þau ekki sloppið jafnvel í gegn um þingið 1877 og 1879, þegar meiri kjölfesta og stefna var komin í löggjöf landsins. Þegar á þetta er litið, er það eigi ástæðulaust að reynt er að hreyfa við þeim, og harðindin þurfa alls eigi að vera orsök til þess.

Jeg verð að mótmæla því að það sje erfiðara fyrir embættismenn að lifa nú en fyrir 8 árum síðan. Í haust eð var vissi jeg að kjötið var ekki eins dýrt hjer í Reykjavík og það var á fjárkláðatímabilinu 1860—75, og þó var fje fullt svo dýrt í fyrra haust og sum undanfarin ár. Sumar hinar mestu nauðsynjavörur hafa fallið í verði, t. d. kaffi, salt, steinolía og ofnkol. Embættismönnum er einnig orðið hægra að fá nauðsynjar sínar beina leið og með betri kjörum eptir að gufuskipaferðirnar urðu svo tíðar. *(L. Bl.:* En hafísinn)? Hafísinn tálmar fyrir norðan, en jeg hef eigi heyrt hans getið á Faxaflóa, enda er hjer verið að tala um embættismenn í Reykjavík. Jeg álít það ekki takandi í mál að bera saman laun sýslumanna og yfirdómaranna hjer í Reykjavík, þó að báðir þessir flokkar embættismanna hefðu jöfn laun, þá væri samt mikill munur á kjörum þeirra, því að embættin við landsyfirrjettinn eru einhver hin kostnaðarminnstu á landi hjer í sjálfu sjer fyrir embættismanninn; þeir hafa engin aukaútgjöld, en sýslumenn þurfa að taka úr sínum vasa ferðakostnað, laun til skrifara sinna, auk átroðnings og annars fleira. Sýslumenn verða þannig ver haldnir með jafnháum launum, ekki sízt þeir, sem búa í kaupstöðum. *(L. Bl.:* Sýslumenn hafa aukatekjur). Jú, jeg kannast við það, þó að hinar fyrverandi aukatekjur þeirra sjeu nú horfnar, fá þeir 2% fyrir tollheimtu, og þó að það kunni að draga suma, þá hafa þeir optast nær haft nokkuð fyrir því auk ábyrgðarinnar.

Þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) tók það fram að laun embættismannanna rynnu inn í landið aptur, en hann gjörði víst allt of mikið úr því, jú, jeg þekki til þess að menn hafa fengið atvinnu við húsasmíðar fyrir embættismenn hjer í Reykjavík. *(H. Kr. Fr.:* En launin til sýslumannaskrifaranna?). Hjer er alls eigi verið að tala um sýslumennina; en skyldu yfirdómararnir hjer í Vík launa mörgum skrifurum?

Nei, gjöldum embættismönnum vorum sanngjörn og lífvænleg laun. Það er eigi rjett skoðun að embættismenn vorir geti eigi orðið eins duglegir og samvizkusamir menn fyrir það. Ef ætti að fara að kaupa samvizkusemi og skyldurækni embættismanna með peningum, þá er jeg hræddur um að það yrði ærið dýrt. Það hefur verið reynt að hræða menn með ástandinu á Rússlandi og jeg vona að ástandið hjer á landi verði aldrei líkt því, en mjer þykir sennilegt að ástandið í Rússlandi og spilling embættismanna þar í innifalin eigi rót sína að rekja til fleiri hluta en þess að laun embættismanna þar sjeu svo lág.

Hinn 1. þm. Hv. (L. Bl.) minntist á alþingistollinn og lestagjaldið. Jeg kannast við það að jeg átti þátt í að afnema hið síðarnefnda; en jeg vil benda þm. á, að hvorugt af þessu var verk eins eða fleiri í sparnaðarn.; það var verk þingsins í sjálfu sjer alls, eins og allt það, er sp. er af báðum þingdeildum með nægum atkvæðafjölda. En hvaða ástæða er til þess að vera að borga alþingistollinn þegar nú farið er fram á að afnema ábúðar- og lausafjárskatt? *(L. B.:* Alþingistollurinn átti að bíða til þess er skattamálið kom fyrir í heild sinni). Um það get jeg heldur ekki verið samdóma hinum h. 1. þm. Hv., því að jeg fæ ekki sjeð, hvað illt var í því gjört — þó að þeim steini væri velt úr götunni áður en þetta vandamál varð útkljáð; það var heldur ekki svo rjettlátt að taka allan kostnaðinn til þingsins á þann hátt

sem gjört var; um lestagjaldið skal jeg eigi heldur orðlengja, það hefur óbeinlínis bætt verzlunina, að það var afnumið, og slík böndeins og það var, eru mjög óeðlileg á frjálsum atvinnuvegum manna. (*Gr. Th.*: Rjett).

Jón Ólafsson: Mjer finnst að þeir sem mest hafa talað móti þessu frv., hafi litið skakkt á aðalefni þess. Menn hafa sagt að aðaltilgangur frv. sje að bæta einhver gömul afglöp, eða þá að draga af embættismönnum til þess að ljetta á öðrum. Þetta á sjer ekki stað. Ef nokkur afglöp þarf að bæta með þessu frv., þá er það að eins það glappaskot sem þinginu varð á 1875, að samþykkja þessi góðu launallög. Úr því þarf sannarlega að bæta. (Heyr!). Jeg hygg að það sje langt frá að þetta frv. n. sje sprottið af ýmugust á embættisstjettinni, eða til þess að gjöra henni lágt undir höfði, heldur á það rót sína að rekja frá velvildarhug til hennar og af rjettlætistilfinningu gagnvart allri embættisstjett landsins, og af þeirri ástæðu gef jeg mitt atkvæði fyrir frv. Hjer er nefnilega alls eigi verið að tala um alla embættismenn yfir höfuð, heldur að eins um þá, sem hafa *of* há laun, og að launa nokkrum *of* hátt er ranglæti við hina sem eru láglaunaðir. Þeir, sem lágu launin hafa, þeir vilja tolla í tízkunni og lifa líkt og hinir hálaunuðu stjettarbræður þeirra, en við það lifa þeir yfir efni fram. Af þessu leiðir tjón og siðaspilling fyrir hina láglaunuðu og aðra sem búa við lík kjör og þeir, og hafa þá sjer til fyrirmyndar og eru daglegir umgangsvinir hinna og hafa siðferðislegan rjett til að lifa *jafn*-vel og þeir. Það er því sanngjarnt og rjettlátt við embættisstjettina í heild sinni að launa engum of hátt og engum of lágt, en gæta hófsins. (*L. Bl.*: Hvað er sanngirni?). Þeirri spurningu ætla jeg ekki að svara á þessum stað og á þessari stund; henni var látið ósvarað af þeim meistara sem var okkur báðum meiri.

Þessir embættismenn, sem hjer ræðir um, hafa miklu hærri laun en aðrir jafntignir embættismenn á landinu. Hjer er heldur ekki farið fram á að færa laun nokkurra þessara manna lengra niður en að þau sjeu á borð við meðal sýslumannslaun, og þegar farið er í þann samjöfnuð, verður að gæta þess, að þessir menn geta rekið embætti sín sjer kostnaðarlaust að kalla, sem sýslumenn ekki geta gjört. Það verður og að líta á hve mikinn starfa sumir hverjir þeirra hafa. Í landsyfirrjettinum hefur sá mest að starfa sem um leið er dómsmálaskrifari, en sá maður sem gegnir þessu embætti á þó eigi annríkara en svo, að hann getur tekið að sjer að vera skrifstofustjóri við þingið og haft förstöðu síldarfjelags á hendi, og þannig unnið sjer inn aukreitis sjálfsagt 1000 kr. á ári og er þó enginn sjerlegur afkastamaður, enda annálaður fyrir yfirlið og heilsuleysi. Hinir dómararnir í landsyfirrjettinum hafa tíma til þess annar að endurskoða landsreikninga og vera ritstjóri þingtíðindanna, er hvorttveggja mun gefa af sjer um 1300 kr. um árið samanlagt, auk þess sitja á þingi og rita fyrir bókm.fjelagið; hinn til að sitja á þingi, fást við ritstörf, svo sem útgáfu Sýslumanna-æfa. sem hann fær fyllsta hónórar fyrir. Jeg skil því ekki í að þessum mönnum sje ofþyngt með embættisskyldum sínum.

Jeg skil ekki í því að mönnum skuli blöskra niðurfærslan á launum forstöðumanna prestaskólans og hins lærða skóla. Jeg sje ekki að það þurfi að vera kostbærara fyrir forstöðumanninn að lifa en meðkennendurna. Ef kennaranum eru ætlaðar 2000 kr., þá er óþarfi að láta forstöðumanninn hafa meira en tvöfalt, ekki tvöfaldast þó maginn, og varla heldur utanmálið svo að tvöfalt þurfi til að klæða. Jeg get ekki skilið að lífsnauðsynjarnar tvöfaldist við að heita forstöðumaður, embættisskyldur beggja, annara kennara og hins æðsta kennara, eru þó að mestu leyti hinar sömu. Það er því grundvallarregla þessa frv. að afnema órjettlæti gagnvart hinum láglaunuðu embættismönnum og efla þannig rjettlátan jöfnuð meðal allrar embættisstjettarinnar.

Jeg vil minnast á þau orð hins hæstv. lh., að það væri hvöt fyrir embættismenn að sitja lengur í embættum sínum en þeir væru vel færir til, þegar þeir ættu eigi von á eptirlaunum. Því er svarað á þá leið, að þó embættismaðurinn hafi enga lögheimting á eptirlaunum, þá er alls eigi ómögulegt að hann fái eptirlaun ef hann er verðugur til þess, jeg er viss um að þetta þing mundi í hvert sinn veita eptirlaun manni, þar sem sanngirni mælti fyrir því, og hann hefði að styðjast við verðleika og þörf, og þá mundi það einmitt rýra útsjón hans til eptirlauna, ef þingið vissi, að hann hefði af ágirnd hangið í embættinu, eptir að hann var orðinn óhæfur. Svona er farið að í Noregi, og gæti dæmi Norðmanna verið oss til fyrirmyndar. En þeg-

ar menn fara frá embætti sínu á bezta aldri eða með fullum krðptum, til dæmis ef sýslumaður yfirgæfi embætti sitt og gegndi síðan jafnerfiðu starfi í Reykjavík, af því honum þætti þar skemmtilegra að búa, og fengi fyrir það starf full laun, þá mundi þinginu eigi virðast þörf til þess að velta slíkum mönnum eptirlaun. Menn verða að bera það traust til hinnar umboðslegu stjórnar að hún muni gæta skyldu sinnar og víkja þeim mönnum úr embætti, sem einhverra hluta vegna eru vitanlega orðnir ófærir að gegna störfum sínum, hvort heldur þeir eru sjálfsagðir til að fá eptirlaun eða ekki. Að minnsta kosti ber jeg það traust til hins hæstv. lh., að hann mundi eptirlitsstrangur í þessu eins og hingað til.

Lárus Blöndal: Jeg hygg hinn h. 1. þm. Á. (þ. G.) hafi misskilið mig. Jeg fann ekki að því að alþingistollur yfir höfuð var upphafinn, heldur að hinu, *hvenær* hann var upp hafinn, og að því, að honum var ekki lofað að bíða með öðrum sköttum landsins og að hann ekki var látinn sæta úrslitum nefndar þeirrar, sem þegar var kosin til þess að íhuga skattamál landsins í heild sinni, en það var ekki gjört, og yfir slíku er full ástæða til að furða sig, því það voru engar bænaskrár fyrir um slíkt. *(Gr. Th.:* Veit þm. það?) Jeg get sagt mönnum það, að þegar lestagjaldið var afnumið, vakti það slíka furðu og óánægju í Húnavatnssýslu, að menn voru komnir á flugstig með að senda lh. ávarp og þakka honum fyrir hvernig hann kom fram í því máli. Hinn 2. þm. GK. (þork. B.) sagði um embættisstjettina íslenzku yfir höfuð, að hún ætti beztu og þægilegustu daga allra stjetta hjer á landi. Jeg hygg að það sje rjettari dómur um embættisstjettina og embættisstöðuna, sem jeg minnist að hafa lesið í prjedikunum vors núverandi góðfræga biskups. Þar segir svo, að embættisstaðan sje ekki svo öfundsverð, því að embættismaðurinn, það er að segja, sá embættismaður, sem gegna vill köllun sinni með samvizkusemi og skyldurækni, hafi opt miklar áhyggjur og marga andvökustund, sem hinn ekki þekkir, sem er embættislaus, Að mínu áliti eiga engir betri eða þægilegri stöðu en embættislausir menn, sem hafa nóg fyir sig að leggja, eru frír og frjálsir og eru engum háðir, en geta gefið hverjum sitt. *(J. Ó.:* Aumingja embættismennirnir). Já, þar sem samvizka er ekki fyrir, eða þar sem hún er sofnuð með öllu, þar þarf ekki að tala um áhyggjur, og slíkir embættismenn geta tekið sjer lífið ljett. *(Gr. Th.:* Er það þá öfundsvert?). En sje embættismaðurinn skyldurækinn og samvizkusamur, fær hann opt og tíðum að reyna áhyggjur, því vandi fylgir vegsemd hverri.

Jeg skal játa að meðalhófið er vandratað, hvað launin eiga að vera há, en þegar þinginu hefur einu sinni virzt vera ástæða að hækka þau, þá er það íhugavert að lækka þau aptur, því að engum getur blandazt hugur um það, að krónur verða þó aldrei nema krónur, en þegar fram líða stundir, þá má sjálfsagt búast við því að landaurar stígi í verði móts við peninga eins og að undanförnu. Þegar jeg var ungur, man jeg að ökónómus á Bessastöðum vakti sauði í Grímstungurjett í Vatnsdal fyrir 4 rd. hvern og fyrir haustlambið var gefið 4 mörk. *(J. Ó.:* Það er langt síðan). Þó að þm. þyki krónutalan nokkuð mikil á pappírnum, þá verður hún ódrjúg þegar allir landaurar eru orðnir miklu dýrari. *(J. Ó.:* Þeir lækka einmitt í verði).

Jeg vil þá miklu heldur hallast að skoðun þm. V. (þ. J.) að fækka ónauðsynlegum embættismönnum, en láta þá sem eptir eru hafa nóg að gjöra, en um leið nóg til að lifa af.

Jeg man það, að þegar jeg var sýslumaður í Dalasýslu, þá bjó í grennd við mig bóndi, sem ekki hafði alizt upp við nein sældarkjör; því að hann var alinn upp á sveit, en var þá kominn í allgóð efni. Hann sagðist ekki vilja sjá þessa 1200 rd., sem jeg hefði í embættislaun, ef hann mætti ekki, eða gæti ekki stundað bú sitt og haft eptirlit með því eins eptir sem áður, en þyrfti að yfirgefa það og hverfa frá því, ef til vill, þegar verst gegndi.

Þessar og slíkar raddir verða menn að taka til greina áður en þeir fást svo mikið um, hvað embættisstjettin er öfundsverð. Jeg talaði líka í sumar við góðan meðalbónda um laun landfógetans. Hann sagði að mörgum þætti þau vera nokkuð há, en þó að hann kynni að treysta sjer til að gegna því embætti og sjer stæði það til boða, þá mundi hann þó skoða huga sinn tvisvar um það, hvort hann ætti að taka sig upp frá búi sínu til þess að setjast að í Reykjavík með þeim kjörum sem landfógetinn nú hefur.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að svara hinum h. sampingismanni mínum 2. þm. G. K. (þork. B.) fám orðum. Hann

mótmælti því að það hefði verið tilgangur n. með að lækka launin, að spara vegna harðærisins; þetta kann vel að vera, en hann mótmælti því einnig að margt hefði hækkað í verði síðan 1875, og taldi sjerstaklega til kaffi og steinolíu, sem hefði lækkað í verði, en þótt það nú kunni að hafa lækkað, þá getur það þó hækkað aptur í verði; að minnsta kosti hef jeg sjeð einhvern spádóm um það í blöðum, að steinolía muni hækka aptur í verði. Hann talaði um að dugnaður embættismanna færi eigi eptir því hve há laun þeir hefðu, en jeg held að það sje þó víðast svo, að þau embætti, sem miklar skyldur fylgja og áríðandi er að fá duglega menn í, sjeu betur launuð, en þau, sem minna ríður á, og mun hann sjálfur verða að játa, að regla þessi sje rjett.

Atkvgr.: Fyrsta gr. frv. (C 191) sþ. m. 15 atkv.; 2. gr. sþ. m. 13. atkv.; 3. gr. fyrri liður sþ. m. 14; brt. n. v. síðari liðinn (C 234) sþ. m. 13. atkv.; síðari liðurinn sþ. m. 14 atkv.; brt. n. v. 4. gr. sþ. m. 16 atkv.; 4. gr. frv. þar með fallin; 5. gr. sþ. m. 15 atkv.; 6. gr. sþ. m. 15 atkv.; 7. gr. sþ. m. 16 atkv.; 8. gr. sþ. m. 14 atkv. Málinu vísað til 3. umr. m. 14 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	Halldór Kr. Friðrikss.
Arnljótur Ólafsson,	Eiríkur Kúld,
Benidikt Sveinsson,	Grímur Thomsen,
Egill Egilsson,	Holger Clausen,
Eiríkur Briem,	Lárus Blöndal,
Friðrik Stefánsson,	Þórarinn Böðvarsson,
Gunnlaugur Briem,	Þorsteinn Jónsson,
Jakob Guðmundsson,	Th. Thorsteinson.
Jón Ólafsson,	
Ólafur Pálsson,	
Tryggvi Gunnarsson,	
Þórður Magnússon,	
Þorkell Bjarnason,	
Þorlákur Guðmundsson.	

Lfrv. um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra (C 184); 2. umr.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): Frv. þetta er að nokkru leyti sniðið eptir lögum þeim, sem þingið samdi 1879 um eptirlaun presta. N. skipti launaákvörðunum í þrennt, þannig að hver eptirlauna upphæð væri svo sem svaraði 1% af upphæð embættislauna þeirra, sem embættismaðurinn hafði haft; skyldu eptirlaunin talin eptir þjónustualdri þeirra, þannig að þeir, sem hefðu haft 3000 kr. eða minna, skyldu fá 20 kr. fyrir hvert þjónustuár; þeir sem haft hefðu 5000 kr. eða minna, en þó yfir 3000 kr., skyldu fá 40 kr. fyrir hvert þjónustuár; en þeir sem hefðu haft hærri laun en 5000 kr. skyldu fá í eptirlaun 50 kr. fyrir hvert þjónustuár. N. áleit, að embættismenn þeir, sem lægri laun hefðu, væru ekki vanir jafngóðu lífi og embættismenn þeir, sem hærri launin hefðu, og því væri ekki sanngjarnt, að þeir þyrftu í elli sinni að breyta mjög til um lifnaðarhátt sinn og lifa við sömu kjör og hinir, sem lægri laun hefði haft, og af þeim ástæðum setti n. eptirlaun þeirra hærri en eptirlaun hinna, er lægri laun hefðu haft meðan þeir voru í embætti; en hefir þó lækkað mikið eptirlaun allra frá því sem nú, sem nefndinni virtist allt of há. Þriðja gr. er að miklu leyti tekin orðrjett upp úr eptirlaunalögunum 31. maí 1855.

Við 4. gr. hefur n. komið með brt. til þess að skýra enn betur ákvæði þeirrar gr., að ekki skuli telja til nema kostnaðarlausar tekjur embættismanna þegar reikna skal eptirlaun þeirra, en þar á mót skuli telja með launum hlunnindi þau, sem embættismaðurinn hefur fyrir utan laun sín, t. d. leigulausan bústað og þess konar. Í þessu frv. eru ýmsar nýjar ákvarðanir. I eptirlaunalögunum frá 1855 er ekkjum embættismanna ætlaður viss partur af tekjum þeim, 1/8 hluti, er menn þeirra hafa haft, en hjer er þeim í 9. gr. ætlaður helmingur eptirlauna þeirra, er manni þeirra bar, er hann dó, og áleit n. að rjett væri að láta eptirlaunin ekknanna einnig fara hækkandi eptir tímalengd þeirri, sem embættismaðurinn hefur verið í embætti; að láta ekkjuna ekki hafa jafna upphæð hvort maðurinn hefur þjónað skammt eða lengi, það virðist ósanngjarnt. En n. hefur síðar komið fram með brt. við þessa gr. þannig lagaða, að ekkja þess manns er haft hefði 3000 kr. eða minna í laun, mætti aldrei fá minni eptirlaun en 150 kr., en ekkja þess manns, sem hafði yfir 3000 kr. mætti aldrei fá minni eptirlaun en 250 kr. Þetta gjörði n. til þess að komast hjá því að eptirlaunin yrðu sárlítil, ef konan missti mann sinn mjög snemma. Jeg skal nú

reyna að gefa hinni h. þd. dálitla skýrslu um, hver munur er á þessum eptirlaunalögum og þeim sem nú gilda. Eptir núgildandi lögum á ekkjan að fá 1/8 af embættislaunum þeim sem maður hennar hefur haft, og verður það af 2000 kr. launum 250 kr.; af 3000 kr. 375 kr.; af 4000 kr. 500 kr.; af 5000 kr. 625 kr.; af 6000 kr. 750 kr.; og af 7000 kr. 875 kr. og auk þess er börnum hennar á ómaga-aldri ætlað fje af landssjóði. En eptir því sem stungið er upp á í frv., verða eptirlaun ekkna þannig, er maðurinn á að fá 20 kr. fyrir hvert þjónustuár í eptirlaun, að þá fær ekkjan lægst eptirlaun 150 kr.; eptir 20 ár 200 kr.; eptir 30 ár 300 kr., og eptir 40 ár 400 kr. Af þessu vona jeg að d. sjái, að n. hefur ekki viljað spara um of. Það hefur verið talað um, hvort ekki mundi rjettast að aftaka öll eptirlaun, en jeg get eigi fallizt á það, í 1. lagi af því, að það væri ósamkvæmni við það sem þingið gjörði 1879, er það samdi lög um eptirlaun og samþykkti nú frv. stjórnarinnar um eptirlaun prestsekkna og presta; í öðru lagi af því, að það mundi koma mjög þungt niður á þeim embættismönnum, sem misstu heilsu sina á unga aldri og yrðu því ekki færir um að gegna embætti lengur; í 3. lagi af því, að af því mundi leiða, að hækka yrði laun embættismanna frá því, sem nú er, og það held jeg ekki yrði vinsælt þegar menn eru að tala um að spara, enda gæti skeð, að launin yrði þá hækkuð svo að sú tilhögun yrði til skaða fyrir landssjóð; og í fjórða lagi af því, að af því gæti leitt, að stj. sýndi embættismönnum meiri tilhliðrunarsemi en góðu hófi gegndi með að víkja þeim frá embætti, þótt þeir væru ekki fullkomlega færir um að gegna því, og þótt slík tilhliðrun hafi ef til vill átt sjer stað meira en vera ætti, þá væri þó kannske enn hættara við því, að slíkt kynni fyrir að koma, ef eptirlaunin væru með öllu aftekin; enn fremur mundu, ef eptirlaunin væri aftekin, sífelldar eptirlaunabænir dynja yfir þingið, sem mjög mundi eyða tíma þess.

Þórarinn Böðvarsson: Þegar um laun embættismanna er að ræða, þá er um sannarlegt velferðarmál landsins að ræða, því að velferð landsins er undir því komin, að embættisstjettin sje svo góð og dugleg sem verða má, og að til hennar veljist hinir beztu og áreiðanlegustu menn. Þegar um eptirlaun er að ræða, þá snertir það meira hið sæmilega og sanngjarna, hvort þjóðinni þykir hæfa, að svipta þá menn lífsuppeldi sínu, eða láta þá hafa það ónógt, sem unnið hafa í hennar þágu alla æfi. Jeg skal nú eigi neita því, að jeg er á þeirri skoðun, að tilsk. 31. maí 1855 þurfi að breyta, því að hún er vel há, já of há, og eigi samboðin efnum manna hjer á landi. En hins vegar sýnist mjer nefndin fara nokkuð langt. H. h. frsm. (Þork. Bj.) sagði, að frv. þetta væri sniðið eptir eptirlaunalögum uppgjafapresta. Þótt jeg hafi verið nokkuð við það riðinn, þá verð jeg þó að játa, að á þeim lögum eru miklir gallar. Það mun reynslan sýna þegar farið er að beita þeim, einkum þegar svo ber undir, að ungir prestar missa heilsu kann ske með fjölskyldu. Nær sem það kemur fyrir eru lögin óþolandi og óhafandi. Og hjer dugar eigi heldur að miða eptirlaun allra embættismanna við eptirlaun uppgjafapresta, og að hafa sama mælikvarða við aðra sem við þá, því að prestarnir eru vanir litlu, og staða þeirra mælir eigi með því, að þeir sjeu frekir í fjárkröfum. Það sem mjer þykir mestur galli og aðalgalli á þessu frv. er, að þeir sem eru stutt í embætti, fá óhæfilega lítil eptirlaun. Embm. kann að vera 10 ár í embætti og svo fær hann veikindi og getur eigi verið lengur við það. Hvaða eptirlaun fær hann þá? 200 kr.! Þetta er óhæfilega lítið; en það getur nú einhver sagt: þetta er eigi mikilla eptirlauna vert; hann hefur verið að eins 10 ár í embætti. Jeg skal, til að svara því, nefna dæmi. Málari var beðinn um málverk, hann var að eins fáa daga að mála það; en setti upp 4000 kr. fyrir málverkið. «Hví tekur þú slíkt afarverð, spurði kaupandinn, þú hefur þó að eins verið stuttan tíma að búa það til». «Já», svaraði málarinn, «jeg tek þetta fje eigi einungis fyrir tímann, sem jeg var að búa málverkið til, heldur líka fyrir þau 20 ár, sem jeg var að læra að búa það til». Eins er með embættismanninn; hann þarf langan tíma til að læra að verða embættismaður. Hann eyðir sínu fje og getur sagt, ef hann eigi fær hærri eptirlaun: «Jeg hef sjeð óheppilega fyrir lífi mínu, mikil heimska var það, að verða embættismaður. Þess vegna vildi jeg biðja h. h. þd. að að athuga vel, hvort henni finnst eigi oflág eptirlaun þeirra, sem hafa verið stuttan tíma í embætti.

Grímur Thomsen: Jeg stend eigi upp af því að mjer detti í hug, að telja nefndinni hughvarf; en jeg vil gjöra grein fyrir

atkv. mínu. Það er eigi álit mitt, að laun embættismanna sjeu of há nú sem stendur, og enn síður munu þau reynast of há, þegar fram líða stundir, þegar nauðsynjavörur eru orðnar verðhærri og dýrara verður að lifa. En jeg vil að menn reyni til þess, að ljetta af lsj. eptirlaunabyrðinni. Vil jeg fara að dæmi þeirra þjóða, sem lengst eru komnar í sönnu frjálsræði, Englendinga og Norðmanna. Á Englandi verður embættmaðurinn að greiða vissan hluta af launum sínum, þessu er safnað saman, og þegar hann fer frá, getur hann kosið hvort hann vill, fá alla fjárupphæðina í einu, eða árlegan lífeyri, og nær þessi lífeyrir til ekkju hans og ómyndugra barna. Þm. Hv. (L. Bl.) áleit þá embættismenn ekki öfundsverða, sem sýndu skyldurækt og dugnað, og studdist við ummæli biskups í einni ræðu hans; eptir því verða hinir öfundsverðir, sem hvorugt sýna. *(L. Bl.:* Misskilningur). Já, það sagði þm. og er jeg á gagnstæðri skoðun, því að jeg tel einmitt hinn samvizkusama og duglega embættismann öfundsverðan, og það er einmitt þess konar mönnum, sem Englendingar stundum veita sjerstök eptirlaun. Þetta var mín hugsun, og af þessum sökum er jeg móti frv. því, sem hjer er um að ræða, enda finnst mjer öll niðurskipan n. eigi góð, og að þetta frv. hjá henni verði hvorki heilt nje hálft. Frsm. sagði, að annars kæmi frv. í ósamkvæmni við eptirlaun presta og prestsekkna, en jeg vildi segja honum það, að engin lög eru til eilíf og óumbreytanleg og jafnvel eigi lög um eptirlaun presta. Jeg hef eigi ímyndað mjer, að jeg gæti sannfært sparnaðarn., hún hefur tekið það í sig, að sýna landsmönnum, hve sparsöm hún sje. Jeg vil þá óska mönnunum í henni, að sýna sparsemi í öðru og vera sjálfum sjer samkvæmir.

ATKVGR.: Fyrsta gr. frv. (C 184) sþ. með 12 atkv.; 2. gr. felld með 10:10, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvgr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	Halldór Friðriksson,
Arnljótur Ólafsson,	Benidikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,	Eiríkur Kúld,
Gunnlaugur Briem,	Grímur Thomsen,
Jakob Guðmundsson,	Holger Clausen,
Ólafur Pálsson,	Jón Ólafsson,
Tryggvi Gunnarsson,	Lárus Blöndal,
Þórður Magnússon,	Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,	Þorsteinn Jónsson,
Þorl. Guðmundsson.	Th. Thorsteinson.

Egill Egilsson var genginn burt af fundi og Eiríkur Briem vildi ekki greiða atkv.

Þriðja gr. sþ. með 12 atkv. Brtill. n. við 4. gr. (C 234) sþ. m. 12 atkv., 4. gr. frv. þar með fallin; 5. og 6. gr. sþ. m. 13 atkv.; 7. gr. sþ. m. 14 atkv.; 8. gr. sþ. m. 12 atkv.; vust. v. 9. gr. var sþ. m. 14 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli, sökum ónógrar atkvæðagreiðslu.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	Halldór Kr. Friðrikss.,
Arnljótur Ólafsson,	Grímur Thomsen,
Benedikt Sveinsson,	Holger Clausen,
Eiríkur Kúld,	Jón Ólafsson,
Friðrik Stefánsson,	Lárus Blöndal,
Gunnlaugur Briem,	Þórarinn Böðvarsson,
Jakob Guðmundsson,	Þorsteinn Jónsson.
Ólafur Pálsson,	
Tryggvi Gunnarsson,	
Þórður Magnússon,	
Þorkell Bjarnason,	
Þorlákur Guðmundss.	
Th. Thorsteinson.	

Egill Egilsson var ekki við staddur. Eiríkur Briem vildi ekki greiða atkv. og var því atkv. hans talið með meiri hlutanum.

Níunda gr. með vust. sþ. m. 12 atkv.; 10. gr. sþ. m. 11 atkv. gegn 7; 11. gr. sþ. m. 11 atkv. gegn 1; 12. gr. sþ. m. 12 atkv.; 13. gr. sþ. m. 15 atkv.; 14. gr. sþ. m. 11 atkv.; 15. gr. sþ. m. 11 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 12 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	Halldór Kr. Friðrikss.
Arnljótur Ólafsson,	Benedikt Sveinsson,
Friðrik Stefánsson,	Eiríkur Kúld,
Gunnlaugur Briem,	Grímur Thomsen,
Jakob Guðmundsson,	Holger Clausen,
Ólafur Pálsson,	Jón Ólafsson,
Tryggvi Gunnarsson,	Lárus Blöndal,
Þórarinn Böðvarsson,	Þorsteinn Jónsson,
Þórður Magnússon,	Th. Thorsteinson,
Þorkell Bjarnason,	
Þórlákur Guðmundss.	

Egill Egilsson var ekki viðstaddur, og Eiríkur Briem greiddi eigi atkv. og var atkv. hans því talið með meiri hlutanum.

Frumvarp til laga um breyting á lögum 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík (C 192); 2. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Þetta bratkv. (C 241), sem komið er frá þm. Bf. *(Gr. Th.)* er eins og menn sjá samkvæmt lfrv. 1881 og fer fram á að fasti kennarinn við læknaskólann fái 2400 kr. í laun árlega í st. f. 2200 kr. hjá n. Að öðru leyti hefur n. bundið sig í þessu máli við lögin frá síðasta þingi. En af því hinum fasta kennara var með þeim falið á hendur að kenna nærkonum, þá voru laun hans færð upp í 2400 kr.; en nú er aptur eptir frv. n. byrði þessi tekin af honum, því svo er til ætlazt að landlæknirinn haldi þeirri kennslu eins og áður. Fyrir þessa sök virðist n. ekki ástæða til að færa launin svona mikið upp, eður úr 1800 kr. upp í 2400 kr., þegar honum er enginn nýr starfi á herðar lagður. Jeg veit heldur ekki hvort nokkur bæn hafi komið frá honum um þessa launaviðbót, eða hvort það er einu sinni vissa fyrir að hann vilji þiggja hana. Verði það ofan á að laun landlæknisins verði færð niður í 3600 kr., þá er ekki tilhlýðilegt að færa fasta kennarann svo upp. að laun hans hækki um þriðjung. Jeg veit ekki heldur hvort hann er svo *fastur í kennarasessinum* sem hann er «*fastur kennari*». Þm. Bf. getur sjálfsagt gefið upplýsingar um það, hvort hann er ekki líka kennari á Eyrarbakka, ef það embætti er til. En það er sjálfsagt allt annað mál ef þd. fellst á þá brt. þriggja þm. að færa laun landlæknisins upp í 4400 kr. (C 225). Því að þá væri eðlilegt að færa laun fasta kennarans upp að tiltölu. En með því að veita landlæknirnum 4400 kr. er svo lítið sparað, að sparnaðarn. bæri þá ekki nafn með rjettu, ef hún fjellist á það, og fyrir því get jeg ekki fyrir hennar hönd verið því meðmæltur. En öll þessi launamál eru ekkert kappsmál fyrir ýmsa í nefndinni, eða að minnsta kosti ekki fyrir þá er hafa gengið með nokkurs konar »tvíveðrung» í þessa n. Öðru máli mun vera að gegna um hina einbeittu, forkólfa nefndarinnar.

Grímur Thomsen: Jeg vil leyfa mjer að vísa frms. (A. Ó.) til aths. við fjárlögin fyrir 1884 og 85; þar segir svo í aths. við læknaskólann: «Laun hins fasta kennara eru 1800 kr. Þar eð þau laun er svo lítil að eigi má búast við, að maður fái til lengdar að halda nokkrum duglegum manni í því embætti, og þar eð launin auk þess eru minni en þau, sem veitt eru öðrum slíkum embættum, þá hefur stjórnarráðið eptir að forstöðumaður læknaskólans, stiftsyfirvöldin og lh. hafa vakið máls á því, ætlað, að þá bæri að fara þess á leit, að veittar verði þeim kennara, er nú er, 600 kr. launaviðbót fyrir sjálfan hann, er hann frá því 1876 hefur þjónað þessu embætti *vel* og *rækilega*». Jeg hef engar aðrar ástæður. Hvort hann hefur beiðzt eptir þessari launaviðbót eða ekki, það er mjer ókunnugt um, en þegar jeg sje að allir, sem að standa, vekja máls á því — og maðurinn er duglegur — þá finnst mjer það nægileg ástæða til þess að veita þessa uppbót, er jeg álít að nemi svo litlu, þegar ekki er nema um 200 kr. að gjöra.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Það er nú viðurkennt, að hinn fasti kennari muni líklega þiggja þessa launaviðbót, 600 kr., og mjer þykja öll líkindi til hann fái það, fyrst þm. Bf. er með því

Þórarinn Böðvarsson: Frsm. (A. Ó.) talaði svo líklega um brust. okkar 3 þm., (C 225), að mjer finnst helzt sem jeg þurfi ekki að mæla fram með því við hina h. þd. En jeg skal með fáum orðum skýra frá því, hvað okkur gekk til, að koma með þetta bratkv. Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að mjer sýnist þetta embætti vera eitt af hinum mest áríðandi og ábyrgðarmestu embættum landsins. Landlæknirinn á fyrst og fremst að sjá um kennsluna á læknaskólanum, sjá um nám og framferði þeirra manna, sem svo má segja að hafi líf og heilsu landsmanna í hendi sjer. *(A. Ó.:* Ljósmæður). Þar að auki á hann að hafa umsjón yfir öllum læknum í landinu; það er mjög alvarlegt starf og mjög svo nauðsynlegt að því sje alvarlega og rækilega gegnt. En auk alls þessa á hann að hafa umsjón yfir öllum lyfjabúðum í landinu og þetta er ef til vill hið alvarlegasta starf af öllu því, sem honum er á hendur falið. Jeg skal reyndar játa það, að það er töluverð viðbót hjá oss ust.mönnum, 800 kr., en það verður þó meiri þungi á landsbúum ef þeir eiga að kaupa ljettvæg meðul fyrir ærið fje eða vitja þeirra lækna, sem ekki vita, hvað þeir eiga að gjöra og ef til vill skaða heilsu hins

sjúka í stað þess að bæta hana. Því höfum við komið með þessa ust. og vona jeg þm. sjeu mjer samdóma um það, að spara ekki svo mikið við þetta embætti að það verði ekki fyr og síðar setið af þeim manni, sem hefur næga hæfilegleika og alúð til að gegna því, svo að landsbúum geti orðið til velferðar.

Landshöfðingi: Jeg verð að leyfa mjer að láta þá skoðun mína í ljósi, að jeg get ekki fallizt á þetta lagafrv., sem hjer liggur fyrir. Eins og kunnugt er kom frv. fram á síðasta þingi um að færa niður laun landlæknisins, en þetta frv., þótt þingið samþykkti það sem lög, náði ekki staðfestingu. Nú er hinu sama fram farið í þessu frv., sem hjer liggur fyrir, að laun landlæknisins og forstöðumanns læknaskólans skuli færast niður í 3600 kr. En jeg held það geti engum dulizt, þegar litið er á þá þýðingu, er embættið sem landlæknir og forstm. læknaskólans hefur, að þessi laun eru of lág. Landlæknirinn, sem á að hafa yfirumsjón allra læknamála í landinu, og sem á að hafa eptirlit og umsjón með öllum læknum og lyfsölum á landinu, hefur sannarlega þýðingarmikið embætti þar í fólgið, og þar að auki hefur hann þýðingarmikið starf á hendi sem forstöðumaður læknaskólans. Það verður því ímynda jeg mjer að viðurkennast af þm., að 3600 kr. eru, eins og stj. áleit, ekki nógu há laun og ekki samsvarandi þeirri þýðingu, sem þetta embætti hefur. Að þessu leyti get jeg betur fellt mig við bratkv., er fer fram á að launin sjeu 4400 kr., því að það er þó ekki nema 400 kr. niðurfærsla á þeirri launaupphæð, sem nú er ákveðin með lögum. Jeg held samt sem áður, að þegar þetta þýðingarmikla embætti er borið saman við hin 2 önnur skólaforstöðumannaembætti, þá sjeu hin núverandi embættislaun ekki of há, og því sje jeg ekki gjörlegt að lækka þau, einkum þegar þess er gætt, að landlæknirinn hefur nú á hendi að kenna ljósmæðrum borgunarlaust, sem hann þó ekki hafði að minnsta kosti um tíma áður. Hvað þetta lagafrv. snertir, þá er mjer ekki fullkomlega ljóst, hvaða þýðingu 3. gr. á að hafa, hvort það er sú þýðing, að flm. ætli, með þeirri ákvörðun, að l. nái gildi 1. jan. 1884, að upp frá því skuli laun landlæknisins vera þessi. En það virðist ógjörlegt að setja þá ákvörðun, sem grípur inn í laun þess manns, sem nú er í embættinu og sem honum hefur verið veitt með þessum launum. *(Gr. Th.:* Eptir hvaða lögum?). Eptir þeim lögum, sem giltu þegar embættið var veitt. Þetta er einnig svo nýstárleg ákvörðun, að taka frá embm. þau laun, sem hafa verið tillögð og hann hefur fengið embættið með, að jeg get eigi annað skilið en það hljóti að standa í vegi fyrir því, að l. verði samþykkt. Jeg skal leyfa mjer að svara nú þegar þeirri mótbáru, sem kann að koma fram — og sem var hreift við 1. umr. — að þeim manni, sem nú situr í embættinu, hafi verið veitt það með þeim fyrirvara, að hann yrði að sætta sig við þær br., er kynnu að verða gjörðar á launum. En jeg skal — eins og jeg sagði áður til þess að svara þessari mótbáru — leyfa mjer að geta þess, að til þessa voru sjerstakar ástæður. Þegar embættið var veitt, var ekki búið að gjöra út um það, hvort lögin frá þinginu 1881 um br. á launum landl. og forstöðum. læknaskólans yrðu staðfest af konungi eða ekki. Þess vegna var eðlilegt, að taka fram þennan fyrirvara, og meiningin í honum var sú, að ef þau lög næðu staðfestingu konungs, þá yrði embættismaðurinn að sætta sig við þá niðurfærslu, er þau lög fóru fram á.

Hvað laun hins fasta kennara snertir í 2. gr., þá er það sjálfsagt nokkur bót á launakjörum hans, sem nú eru allt of lág, að þau eru færð upp í 2200 kr.; en jeg hygg það sje full ástæða til að stíga einu feti lengra, eins og farið er fram á í brust. þm. Bf. og auka laun hans svo að þau verði 2400 kr. Það er ekki lítilsvert að launin sjeu svo, að sá sem gegnir kennaraembættinu við læknaskólann, neyðist ekki til, að fara burt frá því undir eins og hann sjer sjer fært, því að það er mikið í það varið, að hann kenni eigi að eins um fá ár, heldur og um lengri tíma, því með æfingu og vaxandi þekkingu verður honum þá æ sýnna um kennslustörfin, og við það verður eins og eðlilegt er kennslan happasælli og heilladrýgri. Þessi laun. — 2400 kr. — eru þó fremur lág laun og svo lág að það er varla við því að búast, að sá, sem þjónar embættinu um langan tíma, geti sætt sig við minna. Þess vegna hafa og allir þeir, er að standa, fundið fulla ástæðu til þess að mæla fram með þessu, enda vona jeg að hinir h. þm. sjái, að það er sanngjarnt.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg ætla að geta þess, að mjer finnst það vera hreinasti misskilningur hjá h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) og Ef. (A. Ó), þar sem þeir eru að tala um

að *þessi embættismaður*, sem nú er fastur kennari við læknaskólann, standi vel í stöðu sinni, eða hvort hann vilji þiggja þessa aukning launanna. Um þetta gæti maður talað, ef farið væri fram á, að þessi maður ætti að fá persónulega uppbót, eða ef þessi maður ætti að fá svo eða svo mikið fyrir næsta fjárhagstímabil. En hjer er um ekkert slíkt að ræða, heldur um *almenn launalög*. Menn mega eigi láta hið persónulega ráða, eins og stundum virðist nokkuð kveða að hjer á þingi, heldur verður á það að líta hvaða laun eru hæfileg handa slíku embætti. N. virðist það nú hæfileg laun, sem hún hefur stungið upp á. Hún miðaði við 2400 kr. laun fyrsta kennara við hina skólana, latínu- og presta-skólann; að sönnu standa í frv. 2200 kr., en nú verða menn líka að gá að því, að kennari við læknaskólan getur haft töluvert fyrir lækningar. N. tók hið minnsta til, sem verið getur, 200 kr. Ef hann því fær 2200 kr. auk þess sem hann fær fyrir lækningar sínar, þá er hann að minnsta kosti eins vel settur og fyrsti kennari við prestaskólann og fyrsti og annar kennari við lærða skólann. Þetta var mælikvarði n. og með þessu fannst henni meiri samkvæmni komast á en ella. Það hefur verið farið mörgum orðum um, að laun landlæknis væru of lítil 3600, en eigi þótti mönnum það á þingi 1881; þá var samþykkt með miklum atkvæðafjölda að hafa launin eigi hærri en þetta, en jeg bið þess gætt, að þá var engin persóna í embættinu, en nú er hún komin, og þá þykir mönnum þetta allt of lítil laun. Þetta gefur mjer grun um, að nokkuð persónulegt ráði hjá mönnum. Til þess að koma í veg fyrir slíkt, væri bezt að enginn maður væri í embættunum þegar verið er að semja launalög. Það getur verið, að það sje hart við þann mann, sem nú er kominn í embættið, að lækka laun hans, einkum ef hann hefur haft loforð um að hafa hin hærri laun, en á því verður þá ráðin bót, með því að setja grein inn í frv. á þá leið, að hinn núverandi embættismaður skuli einkis í missa, eða þá að öðrum kosti veita fjárupphæð í fjárlögunum svo sem því svarar.

Arnljótur Ólafsson: Það var öldungis rjett hjá h. h. lh. að fyrirvarinn í veitingarbrjefi landlæknis var miðaður við lfrv. frá síðasta þingi, en þá lá heldur eigi önnur ust. fyrir stj. heldur en þessi. En jeg held að fyrirvarinn einnig nái til þessa frv. með því að fyrirvarinn er nú eitt sinn kominn inn í veitingarbrjefið; hann stendur þar og hlýtur þar að standa meðan veitingarbrjefið stendur óraskað. Hins vegar verð jeg að játa, að embætti þetta er svo þýðingarmikið að mikil ástæða er til að fallast heldur á brtill, en ust. n., einkum þar eð lítil líkindi eru til að hún verði staðfest. *(Gr. Th.:* Kemur eigi við). Jú, það kemur einmitt við, ef menn vilja, að málið gangi fram. Það dugir eigi að ana áfram fyrirhyggjulaust, og vil jeg heldur standa á fótunum, en kollhlaupa mig, þó að það væri með h. h. þm. Bf. (Gr. Th.). Mjer dettur eigi í hug að líta á landlækni þann sem nú er, jeg þekki hann ekkert, og hinn fasta kennara við lækna skólann þekki jeg næsta lítið. Mundi engum heldur koma það til hugar að jeg líti eingöngu á manninn en eigi á málefnin, nema þeim einum sem sjer landsmálin í skuggsjá og ráðgátu, og hugsar að aðrir sjái þau líka gegnum sömu gleraugun.

Eiríkur Kúld: Hinn h. lh. tók ómakið af mjer með að svara ýmsum mótbárum, en jeg skal að eins geta þess, að mjer þótti n. ætla launin svo feykilega lág, að ekki væri nærri sanni. Jeg hef líka fengið pata af því, að hlutaðeigandi embættismaður hafi sótt um embættið í þeirri líklegu von, að launin mundu eigi verða sett niður úr 4800 kr. Mjer finnst því að minnsta kosti öll sanngirni mæla með því, að láta þessi lög eigi ná til hins núverandi landlæknis. Þykir mjer eigi rjett að taka svo mikið, 1200 kr., frá embætti hans. Það þykir mjer og undarleg ástæða, að vilja hafa launin lægri, af því að hann af sjálfsdáðum læknar fólk og reynir til að lina böl og eymd manna. Og það hefur mjer verið sagt um þennan mann, að hann stundi lækningar mikið og heppnist næsta vel. Jeg held þingið sannarlega ætti að hlynna að læknastjettinni, því að hún er einhver hin þýðingarmesta fyrir landið og einna verst launuð, eptir þeirri fyrirhöfn og tilkostnaði, sem henni fylgir; jeg undanskil reyndar prestastjettina. Mjer blöskrar að heyra menn reikna hverja krónu til embættismannsins; það verður þó sannarlega eigi mikið úr henni, þegar á að fara að kaupa. Þar sem n. vill eigi hafa laun hins fasta kennara hærri, af því að hann geti fengizt við lækningar, þá er eigi víst að hann hafi tíma til að bæta á sig störfum og sinna lækningum til muna.

Grímur Thomsen: Hinn hæstv. lh. skýrði frá, hverjum það væri að kenna, að hinn núverandi landlæknir hefur hærri laun en þinginu 1881 þótti hæfilegt. Það er stj. að kenna. Hún var svo lengi að hugsa sig um, hvort hún ætti að staðfesta lögin. Embættið var veitt seint á árinu 1882, og þá var ráðgjafinn búinn að hugsa sig um í heilt ár, en nú flýtti hann sjer að veita embættið, áður en útkljáð var um lögin, og þess vegna var fyrirvarinn settur í veitingarbrjef landlæknis. Það verður því alveg á ábyrgð rg., ef hann skyldi fá minni laun en hann hefur búizt við; það er eigi þinginu að kenna. Það ljet í ljósi vilja sinn skýrt og glöggt. Hin lægri laun voru sþ. með 8 atkv. í e. d. og 18 atkv. í n. d. Það vita menn, að opt hafa persónuleg áhrif talsverða þýðingu fyrir úrslit málanna. En þetta á eigi að vera. Það er eigi persónan, heldur embættið, eins og 1. þm. Sm. (Tr. G.) svo fagurlega komst að orði, sem tillit á að hafa til. Hví þarf nú landlæknir hærri laun en 1881? Jeg sje það eigi. Hann er forstöðumaður læknaskólans, en á þá eigi að gá að því, hve mörgum hann kennir? Sem landlæknir er hann eigi skyldaður til að lækna, en hann má lækna, og hann er eigi bundinn við taxta hinna læknanna. Það eru helzt ferðalög um landið, sem á honum hvíla nokkuð þungt, því að hann á að sjá um lækna og lyfjabúðir, en ferðakostnað fær hann allan endurgoldinn úr lsj. Jeg get því eigi sjeð ástæðu til þess, að þing og þm. breyti skoðun sinni. Þm. Ef. (A. O.) vill heldur standa föstum fótum einn saman en kollhlaupa sig með mjer, en það er líka til hið þriðja, sem ekki er betra og það er að geta í hvorugan fótinn staðið. Með öðrum fætinum stendur hann á tillögu nefndarinnar, en með hinum hjer á þingi á öðrum grundvelli. Menn klifast á því, að það sje óvíst að stj. vilji staðfesta lfrv. eins og það frá 81; en eru menn þá vissir um að stj. staðfesti lögin, nema alveg sje í gamla horfinu? Nei, og því sje jeg eigi annað, en þessir menn hafi jafnmikið á hættu og aðrir.

Landshöfðingi: Jeg er alveg samdóma þeirri skoðun að ákvarðanir laganna ekki eigi að hafa tillit til manna, heldur til embættanna. Skoðun stj. er líka byggð á þessum grundvelli, því að það er tekið fram af henni, að launin samsvari eigi þýðingu þessa embættis. Þar sem h. h. þm. (Gr. Th.) var að gjöra skiljanlegt hverjum væri að kenna, að hinn núverandi landlæknir hefur hærri laun, sem ef til vill yrði lækkuð, þá fannst mjer röksemdafærsla hans ekki fullkomlega skiljanleg. Eitt er af tvennu. Annaðhvort hefði lögunum verið neitað um staðfestingu áður embættið hefði verið veitt, og þá var svo sem sjálfsagt að honum hefði verið veitt embættið með þessum hærri launum og það fyrirvaralaust; en ekki hefði þm. (Gr. Th.) víst þótt það betra; eða þá hitt, að eigi var búið að staðfesta þau. Þetta var nú tilfellið hjer; og gaf það eðlilega ástæðu til fyrirvarans í veitingarbrjefi landlæknis, sem þingmaðurinn byggir svo mikið á. Hvernig sem maður því lítur á málið, þá ætti drátturinn á neituninni um staðfesting ekki að gjöra neitt illt, heldur þvert á móti að vera til bóta frá sjónarmiði hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, sem vill lækka launin og byggja lækkunina á þeim fyrirvara sem frestunin á úrskurði um það, hvort lögin skyldi staðfesta, gaf tilefni til. Að öðru leyti vona jeg að þd. líti vel á málið og að hún að minnsta kosti taki bratkv. heldur en ust. n. Bratkv. við laun hins fasta kennara vil jeg mikillega ráða h. h. þd. til að aðhyllast, því að hans laun mega eigi lægri vera en þar er farið fram á.

Jakob Guðmundsson: Þó jeg eigi álíti, að það sje skylda hvers þm. að gjöra grein fyrir atkvæði sínu, þá vil jeg þó mæla nokkur orð, áður en jeg greiði mitt atkvæði í þetta sinn. Jeg hef gefið atkv. mitt áður fyrir launalækkun nokkurra embættismanna, en nú vil jeg greiða atkvæði fyrir brtill. sem fer fram á hærri laun en frv.; þetta kann nú að þykja ósamkvæmni. *(Gr. Th.:* Heldur það). En þetta er þó eigi rjett álitið, því að jeg álít landlæknisembættið og embætti yfirkennarans við læknaskólann svo þýðingarmikið og vandasamt, að vart mun maður fá góða menn í embætti þessi og duglega, nema launin sje nokkuð há. En til þess að maður fái slíka menn, þurfa þeir mikinn undirbúning bæði á spítölum í Danmörku og enda í öðrum löndum; ef nú slíkur undirbúningur væri gjörður að skilyrði fyrir að fá embættin, þá sjá allir að bæði landlæknir og yfirkennarinn við læknaskólann þurfa að fá góð laun; landlæknirinn á að hafa yfirumsjón með öllum læknum á landinu og læknaskólanum og verður því að vera fremur öðrum læknum á landinu, og undirbúningur til þess að verða það kostar

mikið, og því mun jeg greiða atkvæði fyrir hinum hærri launum, *af því að það er sannfæring mín*, að það sje nauðsynlegt.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer virtist að 1. þm. Sm. (Tr. G.) vilja hafa launin lág, af því að maðurinn, sem embættið hefði, gæti unnið sjer inn annað. En er það nú rjett, að neyða menn til að stunda annað en sitt embætti? Jeg held að það sje eigi gott að taka tímann frá embættisstörfunum. Menn verða vel að gá að því, að embættismaðurinn þarf að fá tíma til nokkurs meira. Hann þarf að fylgja með tímanum, lesa bækur og efla þekkingu sína í vísindagrein sinni. Er nú gott að taka frá honum tímann til þessa, og neyða hann til að nota hann til annars? Nei, það held jeg sannarlega ekki. En þetta gera menn þó, þegar menn segja við embættismanninn: Þú átt að gjöra meira, þú átt að vinna fyrir þjer með fleiru en embættisstörfunum. Þetta er sama sem að segja: Gef þú þig að embættinu rjett svo, að nafn geti á því verið; en hirtu ekkert um, hvernig þú að öðru leyti rækir embætti þitt. En við þetta vanrækist embættið og verður því aldrei *vel* þjónað. Menn verða vel að gá að því, að það er eigi nóg að vera hæfur til embættisins í fyrstu, heldur verða menn að lesa og læra svo lengi sem maður lifir. Og jeg veit sannlega eigi, hvar þess er fremur þörf en hjá kennendum í læknisfræði, þar sem ávallt er verið að breyta og bæta og finna ný ráð til þess að lækna sjúkdóma og meinsemdir manna. Jeg get eigi ímyndað mjer, að h. h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) sje alvara, þegar hann vill neyða þessa embættismenn til þess að gefa sig við allt öðru en embættinu, til þess að vera út um hvippinn og hvappinn. Og hafi það verið alvara hans, þá ætti hann vel að hugsa um, hvort skoðun hans sje rjett. Laun hins fyrsta kennara eru eigi of há 2400. Það lá við sjálft, að maður sá, sem nú er í embættinu, færi burtu. *(Tr. G.:* Persónulegt). Satt er það. En jeg held að það mundu verða fleiri sem gjörðu hið sama. Viðvíkjandi hinu atriðinu, að þótt þingið 81 áliti laun landlæknis nóg 3600 kr., þá er eigi víst að það hafi verið rjett hugsað. Það var rjett sem h. h. lh. sagði, að fyrirvarinn í veitingarbrjefi landlæknis hafi að eins haft tillit til lfrv. frá þinginu 81, en undir eins og konungur eigi staðfesti lögin, þá var fyrirvarinn fallinn, og þá standa eldri launin föst og óbifanleg fyrir þennan mann. *(Gr. Th.:* Obifanleg?) Jeg ætla að ábyrgð rg. sje lítil í þessu máli, því að hann hafði fullan rjett til að veita embættið með hinum eldri launum, meðan lagafrv. 1881 var eigi staðfest af konungi, og að setja fyrirvarann geta menn aldrei sagt, að sje illa gjört af honum; það var alveg fram yfir það sem hann var skyldur til. Enn fremætla jeg að geta þess, að jeg held að fyrirvarinn nái eigi til þeirra br., sem kunna verða á launum þess manns, sem nú er í embættinu, en jeg ætla þó bezt og að minnsta kosti lögulegra, að bæta því við í þessu frv., eins og í hinum frv., að br. nái eigi til þessa manns, sem embættið hefur. Hvað laun hins fyrsta kennara snertir, ætla jeg og að vekja athygli manna á því, hvort eigi muni þurfa sjerstaklegt ákvæði um, að lög þessi nái til hans.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að koma með brtill. við 3. umræðu í þá átt, að lög þessi eigi nái til hins núverandi landlæknis og að þau að öðru leyti fái gildi 1. jan. 1884.

Arnljótur Ólafsson: Þau launalfrv. sem legið hafa fyrir h. h. þd., gilda öll einungis fyrir þá menn, sem koma seinna í embættin, nema þetta eitt, því það gildir þá menn sem í embættunum sitja. Fyrir því verður að hafa annað tillit til þessa frumvarps; menn verða að bera laun þeirra manna, sem nú eru í embættum þeim, er frumvarpið um getur, saman við laun embættismanna þeirra, sem *nú* sitja í jafnþýðingarmiklum embættum, en eigi við laun hinnar komandi kynslóðar eður generatíónar. Það væri ójöfnuður að setja hinn núverandi landlækni á bekk með hinni nýju þurftarlitlu komandi kynslóð embættismanna. Jeg þykist vita að sú hugsun muni hafa vakað fyrir hinni spakvitru sparnaðarn., að þá er framliðu stundir myndi upp rísa ný kynslóð, sparsöm og sparneytin, sem eigi þyrfti að jeta svo mikið, sem sú kynslóð er nú er uppi (hlátur), og sem ef til vill yrði vanin við, eins og skáldið Jón Þorlákkson kvað, «vind og snjó að jeta». Við þessa kynslóð er bezt að spara, segir sparnaðarn.; það skiptir öðru máli um þá sem nú lifa, þeir eru nú eitt sinn orðnir óhófsseggir, og er þeim eigi apturhvarfs auðið. Þm. Bf. (Gr. Th.) talaði um, að jeg myndi eigi standa föstum fótum. En þó að n.álitið sje eigi föst undirstaða, þá held jeg þó að hann muni játa, að brtill. sjálfs hans megi teljast bjargföst, með því að hún er byggð á hans eig-

frv., og því sem fótfesta á annari samhljóða fótfestu. Og meðan jeg stend fast á þessari rammgjörfu undirstöðu, þá stend jeg þó á öðrum fæti, og er það betra, en standa á kollinum.

ATKVGR.: Brtill. 3 þm. við 1. gr. (C 225) sþ. m. 11 atkv. gegn 9; 1. gr. m. áorðinni br. sþ. m. 11 atkv. gegn 9; brtill. við 2. gr. sþ. m. 14 atkv. (C 241), 2. gr. með áorðnum br. sþ. m. 15 atkv.; 3. gr. sþ. m. 15 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 atkv.

Tuttugasti og fimmti fundur, þriðjudag 31. júlí. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að sökum vaxandi annríkis væri nú við bætt 2 nýjum innanþingsskrifurum, þeim biskupsskrifara, cand. theol. Jóhanni Þorsteinssyni, og skólastjóra, cand. Jóni Þórarinssyni.

Lagafrumvarp um útflutningstoll á landvarningi (C 160); 2. umr.

Arnljótur Ólafsson lýsti því yfir, að þar eð meiri hluti nefndarinnar í máli þessu (nefndarálit C 237) hefði samið nýtt frumvarp, er ætlazt væri til að kæmi í stað þessa frumvarps, þá *tæki* þeir flutningsmenn, hann og 1. þm. Skg. (Fr. St.), þetta frv. *aptur*.

Lagafrumvarp um toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum og um afnám skatts af ábúð og lausafje (C 237); 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal nú stuttlega gjöra grein fyrir því, hví meiri hluti nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu, að tiltækilegra væri, að leggja toll á brennivín en að leggja úflutningstoll á innlendar vörur. Sú skoðun vakti yfir höfuð að tala fyrir nefndinni (nefndarálit C 237), að rjettara væri í slíku harðæri, sem nú er, að ljetta á bændum gjöldum, heldur en að fara að leggja skatt á landvöru þeirra. Nú get jeg ímyndað mjer að menn segi, og menn hafa fært það sem ástæðu móti brennivínstollinum, að einnig hann komi þungt niður á bændum, og sje það fyrir þá sök eigi tiltækilegt að leggja hann á. En hver vill mæla þá menn, er brennivínsins neyta, undan að greiða sinn tiltölulega skerf til landsjóðsins? Jeg sje fyrir mitt leyti ekki eptir þeim til þess. Sú er önnur mótbáran, að viðsjárvert sje að hækka tollinn, því tolltekjurnar geti minnkað af því annaðhvort að nautnin minnki eður af undanskotum kaupmanna. En reynslan svarar svo þessari mótbáru, að ekki verður móti mælt. Þessi tollur var fyrst lagður á með tilsk. 26. febr. 1872, og hefir tvívegis verið hækkaður síðan. Væri nú hætt við undanskoti, hlyti það að koma fram í landshagsskýrslunum, en þær bera einmitt með sjer hið mótsetta. Allt af flyzt inn meir og meir. Árið 1873 fluttust hingað til lands hjer um bil 175,000 pottar af öllum vínföngum, 1874 fluttust 274.480 pottar hingað, 1875 fluttust hingað 308,000 ptt. og árið 1876 nálega 380,000 ptt.; en árið 1877 eigi nema 304,000 ptt. Lengra ná eigi hinar prentaðu landshagsskýrslur. En hið sama er og að segja um aðflutningsgjaldið, það fer allt af vaxandi síðan 1877, og það jafnvel árið sem leið.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer dettur nú í hug, það sem maðurinn sagði: «Miklir menn erum við Hrólfur minn»! Það lítur svo út, sem sumir þm. álíti sjer fært svona allt í einu, að bylta og breyta öllum skattalögum landsins, breyta föstum sköttum í lausa. En þegar skattamálið var í undirbúningi, þá þótti svo mikils með þurfa, að nefnd var sett milli þinga til að athuga málið grandgæfilega, og var það víst alls eigi um skör fram. Síðan tók þingið 1877 það til meðferðar, og ræddi það vandlega, og loks samþykkti það það eptir miklar umræður með þeim breytingum, sem nauðsynlegar þóttu. Þannig var eigi hrapað að skattamálinu, enda hef jeg ekki orðið annars var, en að menn sjeu yfir höfuð ekki svo óánægðir með það, eptir því sem búast má við um lög sem leggja gjöld á menn. Þetta mál er yfir höfuð að tala svo mikið vandamál, að jeg verð að álíta að nauðsynlegt sje að hugleiða það vandlega, áður en farið er til fulls að breyta tekjustofnum og gjöldum landsins.

Þegar jeg skrifaði ágreiningsatriði mitt við nefndarálitið (C 239) vakti það einkum fyrir mjer, að á þessu fjárhagstímabili bæri til þess brýna nauðsyn, að ljetta gjöldum á bændum svo mikið sem fært þætti vegna landsjóðsins, og væri enginn annar vegur fær en sá, að bæta við toll á brennivín og önnur vínföng til þess að komast hjá að innheimta ábúðarskattinn, þá yrði það svo að

vera, en því að eins, að það væri einungis á fjárhagstímabilinu. Jeg tek það fram til að benda á, hversu mál þetta er vanhugsað og varasamt að hrapa að þessu máli, að eptir þessu frumvarpi sem hjer liggur fyrir, mun landið fá mjög litlu meiri tekjugrein en áður, þó tollur af 8° brvíni sje nú settur 40 a. í staðinn fyrir 30 a. áður, og orsökin er sú, að hjer er tollurinn settur 60 a. á 16° brvíni óbreyttur frá því sem hann var áður. og er þá auðsjeð, að kaupmönnum er innanhandar, að flytja ekkert brennivín til landsins minna en 16° sterkt, og blanda það svo hjer á landi. Þetta og fl. er sjálfsagt hægt að lagfæra með brt., en það sýnir, hversu varasamt það er að bylta þessum málum við í mesta flýti, og hversu eitt lítið atriði, sem sjest yfir, getur ollað landssjóðnum stóru tapi, og óska jeg því að málið fái ekki framgang þannig lagað sem það er nú. En skyldi svo fara, að það færi lengra, þá mun jeg fara fram á þá breytingu, að gjaldið verði að eins heimt fyrir þetta fjárhagstímabil, og að tollur á tóbaki verði lækkaður.

Holger Clausen: Mjer finnst frumvarp þetta hafa litla þýðingu. En að nefndin hefur farið þannig í málið, get jeg ekki skilið að komi til af öðru en því, að henni þykir 12° brennivín betra en annað brennivín. En eitt get jeg fullvissað hið heiðraða þing um, og það er það, að því hærri sem tollurinn er, því meiri verður fátæktin. Gjöldin lenda með þessu móti á fátæklingunum, sem þola sízt að bera þau, því að prestarnir, sem hafa svo há laun, standa sig betur við að drekka brennivín heldur en vesalings bændurnir, enda held jeg að prestarnir halli sjer vel freklega svo mikið að flöskunni sem bændur gjöra. Jeg er alveg móti því að hækka brennivínstollinn af þeirri orsök, að bóndinn sem þarf að fá sjer í staupinu og verður að gefa 40 aura í toll auk brennivínsverðsins, borgar virkilega allt of mikið fyrir hressinguna, eins og allir menn sjá, þegar 10 flöskur af brennivíni kosta 8 krónur.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er nú ekki eins brjóstgóður við brennivínsmennina eins og þingmaður Snæfellinga (H. C.). Vitaskuld er það, að það eru ekki kaupmenn, sem borga tollinn, heldur kaupendur brennivínsins; og þegar það nú eru bændur, sem tollinn greiða, þá geta þeir drukkið svo mikið brennivín, að tollurinn svari upphæð ábúðar- og lausafjárskattsins án þess fyrir það að verða harðara úti en áður.

Jeg gat engan fróðleik dregið út úr ræðu hins heiðraða 1. þm. Sm. (Tr. G.). Honum varð svo drjúgt úr því að þetta væri það vandamál, sem ekki mætti rasa að, og taldi nefndina hafa hugsað oflítið um það. Jeg veit nú ekki betur en að nefndin hafi hugsað málið eptir því sem kostur var á. Hún hefur haldið sjer til þess, sem öruggast þykir, hún hefur spurt reynsluna, spurt um það, hvað hafi verið flutt inn af vínföngum og byggt ástæður sínar á því. Reynslan hefur þá sýnt og sannað, að innflutningur vínfanga hefur farið sívaxandi, að árinu 1877 undanteknu. Með allri virðingu fyrir spádómsgáfu 1. þm. Sm., kýs jeg þó heldur að halda mjer til reynslunnar, og það þeirrar reynslu, að sjálfur þingmaðurinn hefur einlægt hingað til verið með hækkun tollsins. Mjer þykir annars mikið, að þingmaðurinn kom ekki með þá mótbáru, eða þann spádóm, að kaupmenn myndu fara að svíkja tollinn, því að um það er engin reynsla fram komin. En til þess sje jeg enga ástæðu, að gjöra kaupmönnum getsakir fremur nú en að undanförnu. Hinn heiðraða þm. verður og að reka minni til þess, að það var hann sjálfur, sem stakk upp á því í nefndinni að hækka brennivínstollinn, og skyldi hann koma í stað ábúðar- og lausafjárskattsins. Þingm. kom enn fremur með þá mótbáru, að kaupmönnum væri innanhandar að flytja inn vínanda, eða sterkara brennivín en 12°. En það ætti hann að vita, að á þessu eru þau vankvæði, að vínandi gufar svo fljótt upp, að það getur með engu móti borgað sig, að flytja hann á trjeílátum og geyma hann lengi á þeim ílátum. *(Holger Clausen:* Það er nú vitlaust!) Nei! það er einmitt fyrir þá sök, að kaupmenn flytja ekki vínanda á trjeílátum, enda ætti ekkert að geta verið því til fyrirstöðu, að hærri tollur væri goldinn af því brennivíni, sem er yfir 12° styrkleika.

Þórður Magnússon: Jeg held, að landsjóðurinn gæti vel misst skatt af ábúð jarða án þess, að fá neitt í staðinn. Þessi gjöld eru bæði illa metin af landsmönnum og svo lítil þar að auki, að landsjóð dregur lítið þó að hann haldi þeim. En það virðist mjer of mikið að gjört, að taka lausafjárskattinn af líka. Ábúðarskattinn þar á móti ber að afnema, af þeirri orsök, að hann er

ranglátur og illa liðinn af almenningi. Þingið ætti að láta sjer annt um að afnema og ljetta af mönnum öllum þeim sköttum og skyldum, sem eru ranglátir og verða ekki skoðaðir öðruvísi en sem hneixli í löggjöfinni. Þessi skattur, sem hjer ræðir um, er hneixli, af því, að hann er *tvígoldinn*, með því að eigendur jarða gjalda tekjuskatt að eignum sínum og ábúandi líka af sömu eign. Á vínföng þar á móti getur verið rjett að leggja toll; en þess ber þó að gæta, að hækka hann ekki svo að hann verði óbærilegur fyrir þá, sem nauðsynlega þurfa að kaupa brennivín, en það má opt skoða beinlínis nauðsyn fyrir sjómenn að brúka brennivín, þó að eins sje um það og allt annað, að vanbrúka megi það. Enn fremur finnst mjer kaupmönnum látið of óbundnar hendur með frumvarpi þessu, því að þeir gætu, ef þeir vildu, selt 4° brennivín og borgað ekki rjettan toll af því að tiltölu við styrkleikann. Rjettast væri að gjöra þeim að skyldu, að selja aldrei brennivín undir 8° styrkleika.

Jakob Guðmundsson: Það gladdi mig sannarlega að heyra þm. Snf. (H. C.) segja í ræðu sinni, að hann vorkenndi ekki kaupmönnum tollgreiðsluna, því það væru ekki kaupmenn, heldur kaupendur og njótendur vínfanganna, sem tollinn borga. Yfir höfuð að tala þótti mjer ræða þingmannsins lýsa mikilli ósjerplægni og mannkærleika. Ósjerplægnin geðjast mjer jafnan mjög vel, en fyrir þann mannkærleika, sem hann sýndi með ræðu sinni, gef jeg minna. Því að geti menn sjer að skaðlausu verið án einhvers hlutar, þá má gjarnan gjöra hann nokkuð dýrkeyptan, því að hver sú byrði, sem menn leggja sjálfir á sig, þykir ætíð ljettari en það sem aðrir á leggja. Það er einungis eitt, sem jeg sakna mikillega í frumvarpinu, og það er ákvörðun um það, að hækkaður sje tóbakstollurinn líka, þó að mjer þyki sjálfum gott að taka í nefið. Væri tóbakið dýrara, kynni það að fæla einhvern frá að venja sig á að brúka þann óþarfa. Þm. Snf. kenndi svo mikið í brjósti um bændur að verða að kaupa brennivín dýrum dómum, en kenndi ekki í brjósti um prestana. Jeg kenni í brjósti um hvoruga. Slík gjöld geld jeg með glöðu geði; jeg tek með miklu meiri ánægju í nefið, síðan jeg gat haft þá ánægju að gera löndum mínum gott með því, um leið og jeg gerði sjálfum mjer ánægju. 2. þingm. Ísfirðinga vildi afnema ábúðarskattinn, en ekkert setja í staðinn. Þessa uppástungu hans þori jeg ekki að fallast á. Því að það er nauðsynlegt að landsjóðurinn fái á einhvern hátt þær tekjur, sem hann þarf til sinna útgjalda. Nú er það á þingsins valdi, að leggja þessi gjöld á landsmenn, en það er mestur vandinn að haga þeim svo, að þau komi sem jafnast og eðlilegast niður. Þetta frv. sem hjer liggur fyrir gjörir það að nokkru leyti, og því er jeg því meðmæltur, en jeg vildi koma með bratkv. við það, sem færi fram á að leggja einnig toll á tóbak, hærri en þann, sem nú er.

Jón Ólafsson: Hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) hjelt langa ræðu áðan, en út á hana má setja það, að þingmaðurinn rjeð ekki þinginu til neins, og á ræðunni er ekkert málinu viðkomandi að græða. Hann segist vera hræddur við þessa breytingu, og telur það glæfraverk, að afnema svona allt í einu fastar tekjur. Jeg hef nú fyrir mjer byrjun fjárlaganefndarfrv., og sje, að n. ætlast til að allar tekjurnar nemi 849,000 kr. Breytingin verður þá ekki svo glæfraleg, þegar þess er gætt, að hjer er einungis um 10% að gjöra af hinum föstu tekjum, og get jeg ekki sjeð, að tekjustofninum sje raskað að háskalegum mun með þessu. Þingmaðurinn bar einhvern kvíðboga fyrir því, að innflutningsgjaldið muni verða stopult. Það gjald sem renna ætti í landsjóð fram yfir það, sem nú er, myndi verða um 120000 kr. bæði árin til samans, og þó að nokkuð af þessari upphæð yrði vangoldið, biði landsjóður sannarlega engan halla af breytingunni. Annar þm. Ísf. (Þ. M.) taldi það beinan óþarfa, að setja nokkuð í stað ábúðarskattsins, *af því* að skattur þessi væri ranglátur og illa metin af almenningi. Jeg get nú ekki skilið sambandið milli þess, að skatturinn sje ranglátur og svo þess, að *fyrir þá sök* þurfi ekkert að setja í stað hans, ef hann er afnuminn. Jeg get heldur ekki betur sjeð, en að það sje hjegóminn einber að óttast, að kaupmenn fari að flytja 4° brennivín, því að það er auðvitað mál, að þeir flytja brennivín með sem hæstum styrkleika þeir geta, án þess gjaldið hækki (og gjaldið er jafnt af 8° og 4° brennivíni), því að það er sjálfum þeim í hag. (*Þórður Magnússon:* Þeir hafa gjört það!) Eg veit ekki til að slík vara sem 4° brvín. sje flutt nokkurstaðar hjer til lands. Það hlýtur að vera smekkbrestur hjá þingmanninum sem veldur þessari ímyndun hans, nema svo sje

að hann hafi smakkað á lekabyttunum, því jeg get vel trúað, að í *þeim* kunni daufur að vera dropinn.

Holger Clausen: Það er rjett sem jeg sagði áðan um fátæklingana, því að margir eru komnir á sveitinu af því að þeir hafa orðið að kaupa brennivínið svo dýrt. Það er ekki nóg að segja eins og hinn h. þm. D. (J. G.), að þeir geti verið án þess, því að allir vita hvernig það gengur að halda aptur á sjálfum sjer. Við skulum segja að einn maður þurfi að drekka 100 potta af brennivíni á ári; ef potturinn kostar 35 aura, þá er það ekki nema 35 kr., en ef hann kostar 90 aura, þá eru það 90 kr., og þá er von að aumingjamaðurinn komist fyr á sveitina.

Það getur vel verið að tóbak sje saklaust eins og hinn h. 1. þm. Ef. (Á. Ó.) sagði, jeg skal ekkert um það segja, jeg hef aldrei brúkað í nefið, en þm. Bst. (E. K.) veit það eins vel og jeg, að í okkar sveit er einum sveitarómaganum lagt tóbak. *(E. K.:* Það er satt). Já, það er satt, jeg veit það. Mjer finnst það mætti eins vel leggja meira á tóbakið. Hvers vegna á að leggja allan skattinn á þessa einu vöru, sem menn þó brúka? Það kemur mest niður á fátæklingunum, sem liggja við sveitina, því að þeir eru ekki allir reglumenn.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get að sumu leyti fellt mig við þetta frv., þó að mjer þyki það ganga fremur langt; það sem jeg álít rjettast í þessu efni er að af taka lausafjárskattinn með öllu, og setja hæfilegan toll í staðinn. En jeg er ekki samdóma hinum h. 2. þm. Ísf., að ábúðarskatturinn sje ranglátur og óeðlilegur; ef nokkur fasteignarskattur á að haldast, þá á það helzt að vera ábúðarskattur. Þegar jeg lít á húsaskattinn og lóðarskattinn í kaupstöðunum, sje jeg ekki betur, en að þeir og ábúðarskatturinn standi á sama grundvelli; ef að ábúðarskattur er nú afnuminn tel jeg sjálfsagt og enda rjettlátt að húsaskatturinn fari með. Ef menn vildu ljetta á bændum þá ætti heldur að taka af lausafjárskattinn, og þá hyrfu þessar umkvartanir um tvöfaldan skatt. En mjer sýnist það óráð að taka báða skattana af í einu. Menn verða að gá að hag lsj. og sjá honum borgið. Það geta komið verri ár eða jafnvond þessum, sem nú hafa gengið yfir landið; væri nú ábúðarskattur af tekinn og ekkert sett í staðinn, gæti það komið illa niður á eptirkomendum. *(J. Ó.:* Hver vill gjöra það?) 2. þm. Ísf. (Þ. M.)

Jeg vil minna menn á afleiðingarnar af l. 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi. Bókstaflega tekið, þá er þetta gjald að eins lagt á sjávarbændur og útvegsbændur og svoleiðis á þá sveitabændur, sem hafa nokkuð af þessari vöru að selja kaupmönnum til útflutnings úr landinu, en þetta verður nokkuð öðruvísi í framkvæmdinni, því að kaupmenn hafa snúið bókstaf laganna í hendur sjer, og það er þeim vitanlega heimilt; þeir hafa nefnilega lagt tollinn á verzlanirnar í heild sinni, og þannig kemur skatturinn óbeinlínis niður á þeim er engan tollskyldan varnig leggja inn, svo sem er t. d. sveitabóndinn, embættismaðurinn, iðnaðarmaðurinn o. s. fr., svo að útlenda varan verður dýrari og þess gjalda allir sem skipta við kaupmanninn.

Útvegsbóndinn, sem leggur inn þessa vöru, sem tollurinn er greiddur af, þolir betur þessa álögu kaupmannsins á verzlanina í heild sinni, og skal jeg ekki öfunda hann af því; jeg vil öllu fremur lofa forsjónina fyrir að annar atvinnuvegur landsins er á tilbærilegum vegi. Sveitabóndinn, sem ekki hefur þessa vöru til að leggja inn hjá kaupmanninum, en verður að taka út, hann verður harðara úti. Jeg skal reyndar kannast við að sjávarbóndinn kaupir meir af ölföngum, því að hann getur síður komizt hjá að taka eitthvað af þeirri vöru. En hvað um það, þetta útflutningsgjald, sem nú er komið í stað spítalagjaldsins gamla, kemur líka að nokkrum hluta niður á þeim, sem alls ekki ættu að bera það gjald, sem eru sveitabændur, og því er það sanngjarnt og rjettlátt að ljetta á byrðum þeirra; nú gjalda þeir, eins og hjer hefur verið sagt í salnum, tvöfalt gjald: ábúðarskatturinn er sameiginlegur bæði fyrir sjávarbóndann og sveitabóndann að því leyti þeir báðir búa á jörðum er metnar eru til dýrleika, en lausafjárskatturinn leggst þyngst á sveitabændur, og þegar nauðsyn er til að sýna þeim sanngirni og rjettlæti í skattgjaldinu móts við hina, þá er það mín skoðun að af taka eigi lausafjárskattinn, en halda ábúðarskattinum, því jeg skil ekki hvernig að ábúðarskatturinn verður álitinn ranglátur, ef annars einhver fastur skattur er í landinu.

Eiríkur Kúld: Jeg skal geta þess gagnvart hinum h. þm. Snæf. (H. C.), að

jeg gjöri það að engu kappsmáli, hvort prestar eða bændur verði harðara úti með brennivínstollinn. Jeg segi að eins, að þeir, sem kaupa þá vöru, eru ekki ofgóðir til þess að borga hana með þeirri verðhækkun, sem tollurinn veldur.

Jeg get eigi aðhyllzt meira hluta n. Jeg hef að sönnu á undanförnum þingum gefið atkv. mitt fyrir þessum tolli, og hefur tvennt dregið mig til þess. Í fyrsta lagi að auka tekjur lsj., og í öðru lagi að hepta drykkjuskapinn. Hið fyrra hefur lánazt, en hvað hið síðara snertir, þá hefur sá tilgangur ekki náðzt, því að reynzlan sýnir að tollurinn fer hækkandi og það enda nú síðast í harðærinu. Þegar því þessi hin síðari aðalástæða mín er horfin, þá fer það að verða íhugunarvert fyrir mig, hvort maður eigi að ganga lengra í að hækka tollinn.

Það er og ein stjett, sem finnur mikið til þess háa tolls og það er kaupmannastjettin. Það er mjög tilfinnanlegt fyrir kaupmenn að snara út öllum tollinum fyrir fram áður en þeir vita hvað mikið muni seljast, eða hvað lengi standi á því. Það væri allt annað, ef þeir mættu borga jafnótt og þeir seldu, eða hjer væri «Transitoplag».

Það er og athugavert, að hversu vel sem vjer treystum drenglyndi kaupmanna, þá er langt um meiri ástæða til þess að óttast undanbrögð þegar tollurinn er orðinn miklu hærri en áður. *(Gr. Th.:* Hvernig?) Jeg þarf ekki að svara þm. Bf. (Gr. Th.) upp á þessa spurningu; kaupmenn hafa sjálfir sagt að það væri hægðarleikur ef þeir vildu það við hafa. Það má og geta nærri að eptirlitið þarf að vera strangara eptir því sem tollskyldan verður meiri, og að eptirlitið framvegis verði miklu erfiðara, vona jeg að þeir heiðruðu þm. kannist við, sem árlega gefa atkv. sitt fyrir því að löggilda hverja smávík, sem stungið er upp á.

Þm. Snf. (H. C.) hafði satt að mæla um ómagann, sem hann sagði væri lagt neftóbak; jeg get þessa af því að þm. skýrskotaði til mín; en vil benda honum á, að það er ekki ómaginn, sem borgar þann toll, heldur sveitin. Jeg er heldur ekki samdóma hinum sama þm. um það, að tollurinn hafi sett menn á sveitina.

Til þess að gjöra grein fyrir atkv. mínu, vil jeg þegar láta menn vita, að þó að jeg geti ekki aðhyllzt þetta frv. meiri hlutans, þá get jeg vel verið samþykkur ust. minni hlutans. Jeg er alveg samdóma hinum 2. þm. Ísf., að ábúðarskattinn eigi að afnema, að minnsta kosti um næsta fjárhagstímabil, hvort sem nokkuð kæmi fyrir hann eða ekki. Hann er ópokkasæll. *(H. Kr. Fr.:* Það er ekki satt). Þm. neitar því, en það er jafnsatt fyrir því. Jeg skal játa að ábúðarskatturinn gæti verið sanngjarnari, ef jarðamatið væri endurbætt; en því er ekki enn að heilsa.

Harðærið, sem nú stendur yfir, kallar til hjarta hvers mann að ljetta á gjaldendum til landssjóðs. Jeg get eigi sjeð að það verði sjerlega stórkostlegt skarð í tekjum lsj., þó að ábúðarskatti verði ljett af um næsta fjárhagstímabil, eins og minni hlutinn fer fram á. Slík ívilnun og ljettir fyrir bændur er maklegur og getur gjörzt án stórkostlegs tjóns. Ef aðrir verða eigi til þess, skal jeg við 3. umr. þessa máls koma mjer saman við hinn h. þm. sem hefur skrifað ágreiningsatriðið við frv. (Tr. G.) til þess að koma fram með ust, í þessa átt.

Th. Thorsteinson: Þegar maður lítur á fyrirsögn þessa frv., sem hjer liggur fyrir, og sjer hvað kemur út hjá n., þá verður ekki annað sagt en það sje *hröt* til að breyta, því að sú n., sem sett var til þess að segja álit sitt um útflutningstoll af landvarningi, hún kemur nú með alveg nýtt frv. um *innflutningstoll;* má því kalla að komið sje bæði aðfall og útfall hjá þeim háttvirtu þingmönnum, sem hjer eiga hlut að máli. Þá átti að græða á útfallinu, nú á að græða á aðfallinu. Það er langt frá því að jeg vilji kalla þetta hringl eða lausamennsku, ekki heldur það, að geta í hvorugan fótinn stigið; en hitt er víst að þar sem eptir hinu frv. átti græða á landvarningi, þá á nú að græða á fljótandi vörum; það má alltsvo með sanni kalla að þeir nú eru komnir á lausan eða votan grundvöll, — og of laus grunnur í skattamálum landsins er hringl og getur ekki verið heppilegt. Því hefur verið hreift af 1. þm. Ef. er hann sagði að hann furðaði sig á að sú mótbára hefði ekki komið fram, að kaupmenn mundu svíkja tollinn. Jeg vil engan veginn drótta slíku að kaupmönnum, en jeg gæti þó ímyndað mjer að það gæti orðið meiri freisting fyrir þá, að draga undan af tollinum, þegar hann er orðinn svo hár, og svo bætir það ekki um, þegar allar víkur, firðir og hafnir eru gjörðar að löggiltum verzlunarstöðum. Eptirlitið mundi þá eins og eg áður hefi tekið fram,

víðast verða ónógt. Það geta og verið fleiri en kaupmenn, sem vildu komast undan tollinum, það geta verið fiskimenn og sjómenn án þess hægt sje að hafa eptirlit með því, og því meira sem er í aðra hönd, því meiri er hættan fyrir því. Þm. D. (J. G.) var þessum br. hlynntur, en þótti þó ekki nógu langt komið enn; hann vildi hafa tóbakið með. Jeg ímynda mjer að ef ný n. væri sett í málið, þá kæmist hún að allt annari niðurstöðu, en nú er ekki tími til þess og þess vegna ætla jeg ekki að stinga upp á því. En jeg vil benda n. á eitt: getur hún ekki fundið nein önnur ráð fyrir þá, sem kynnu að viljað losast við tollin annað en að svíkjast undan að borga hann? jú það gefast önnur undanfæri og það svo að þau nú eptir gildandi lögum ekki eru svik heldur í alla staði lögleg, og það væri nauðsynlgt hjer eða í öðru frv., að setja einhverjar skorður við því, að kaupmenn nefnilega gætu búið til brennivín í landinu, og ef tollurinn hækkar, þá er sjálfsagt að það verður gjört. *(Gr. Th.* Úr hverju?). Korni. Mig furðar á, að n. hefur ekki íhugað þetta betur úr því hún hefur íhugað allt annað, sem henni var falið á hendur nefnilega frv. um útflutningsgjald, svo vel að hún fann það óbrúkandi; þess vegna vil jeg óska, að hún íhugi þetta atriði, og komi með eitthvað það, sem gæti verið trygging gegn jeg vil ekki segja tollsvikum, heldur einnig setja toll á brennivínsbrugggjörð, eður þá, sem eg álít heppilegast, að nefndin vildi taka frumvarpið aptur. En þetta þykist eg vita sje ekki kostur á. Jeg álít ekki hættulegt að halda lausafjár og ábúðarskattinum, eins og sumir þm. halda, því hann er ein af þeim tekjugreinum, sem nú er orðin venjuleg og því álít jeg fremur hættulegt að aftaka hann og yfir höfuð að afnema skatta; að afnema hann fyrir næsta fjárhagstímabil gæti eg verið með til, en í sjálfu sjer finnst mjer fasteignarskatturinn órjettlátari, og gæt því heldur óskað hann upphafinn. En úr því n. nú vill hafa það svo, og vill þó setja eitthvað í staðinn, þá furðar mig á, að hún skyldi ekki taka upp lestagjaldið aptur, því að hún sýnist ekki bundin við neitt fast.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg hef opt í smámálum hikað mjer við að tala, til þess að lengja ekki umræðurnar, en með því að hjer er um eitt af aðalmálum landsins að ræða, sem nauðsynlegt er að íhuga vel og vandlega, þá leyfi jeg mjer að taka orðið aptur. Jeg vil biðja hinn h. þm. að skoða þetta mál vandlega með mjer. Svo jeg snúi mjer að einstökum atriðum, þá get jeg ekki verið samþykkur brat. um tóbakstollinn, sem er allt of hár; jeg segi þetta ekki af því að jeg kenni í brjósti um hreppana, eins og þm. Snf., þó að þeir þurfi að kaupa dýrt tóbakið handa sveitarómögum sínum, og ekki heldur af því, að jeg vilji spilla þeirri ánægju sem þm. D. (J. G.) hefur af því að taka tollað tóbak í nefið fyrir landssjóðinn og almenningsgagnið, heldur af *því*, að jeg álít óheppilegt að hækka tollinn af þeim ástæðum, er jeg skal nú skýra frá. Það er kunnugt að Íslendingar vilja ekki annað tóbak að reyktóbaki undanskildu en það sem kemur frá Danmörku, svo ekki er hætt við að mikið af tóbaki komi annarstaðar frá. En þar er svo ástatt, að tollurinn er 14 a. af hverju pd. tóbaks sem kaupmenn verða að greiða þegar tóbak er flutt inn í Danmörku frá öðrum löndum, en þessa sömu upphæð fá þeir borgaða til baka þegar þeir flytja tóbak út úr landinu aptur. Ef nú tollurinn hjer á landi er lægri en 14 aur., þá er kaupmönnum hagur, að segja frá því, hve mikið tóbak sje flutt til Íslands, en sje tollurinn hjer hærri en 14 a., þá er þeim hagur að leyna því; þess vegna er þetta trygging fyrir lsj. að kaupm. segi rjett til, meðan tollurinn er ekki hærri en 10 eða 12 a.

Hinn 2. þm. Sm. (J. Ó.) sagði að ábúðar- og lausafjárskatturinn væri ekki nema $^1/_{10}$ af sköttum landsins. (*J. Ó.:* Öllum). Jeg kalla ekki rentur af viðlagasjóðnum og tillagið frá Danmörku *skatt*, heldur *tekjur* til landssjóðs. En ábúðarsk. er $^1/_5$ á móti brennivíns- og tóbakstollinum. Abúðar- og lausafjárskatturinn hefir um undanfarin ár verið að meðaltali c. 50,000 kr., en aðflutningstollur af brennivíni og tóbaki liðugar 200,000 kr. Nú er það meining flm., að brvínstollurinn sje hækkaður svo mikið sem svarar því, er ábúðar- og lausafjárskatturinn gefur af sjer í landssjóð, en hvar er vissa fyrir að þetta standist á, og hver verður afleiðingin af því, að brennivínstollurinn sje hækkaður um $^1/_4$? Má ske sú, að landið fái minni tekjur af víntolli en áður, bæði af því að minna verður keypt þegar tollurinn er orðinn svo hár, og að kaupm. fari að draga meira undan framtali, þegar allt af er verið að bæta tollum á verzlun þeirra.

Þm. Ísf. spurði, hvernig hægt væri að sjá um að ekki flyttist minna af vínföngum

til landsins en áður, svo að lsj. ekki tapaði við lög þessi; en því verð jeg að svara, að það er ekki hægt nema með því að skylda kaupmenn með lagaboði til að flytja ekki minna af brv. en áður!! hvort sem þeir geta selt það eða ekki.

Mjer þykir leitt að jeg er við verzlun riðinn, svo sumir máske álíta að jeg af hlutdrægni sje mótfallinn tollhækkun, en það er alls ekki og ekki af því að jeg álíti fátæklingana of góða til að borga tollinn þó hár sje, ekki heldur af því að jeg kenni í brjóst um sveitarsjóðina, þó þeir þurfi að kaupa tóbak handa ómögum sínum, og ekki af því að jeg vorkenni kaupmönnum, þó þeir þurfi að greiða hærri toll heldur en að undanförnu. En tillögur mínar eru byggðar á því, að jeg kenni í brjóst um lsj., því að það er *engin trygging* fyrir því, að lsj. ekki missi mikið af tekjum sínum. Jeg held enginn í öllum heimi mundi voga að greiða atkvæði fyrir því að láta allar tekjur landsins vera komnar undir vottorðum fárra kaupmanna, þar sem lítið eptirlit er hægt að hafa með vöruflutningum, og engin tollstjórn er til.

Þm. Bf. (Gr. Th.) var ekki hræddur við tollsvik og spurði hvernig ætti að fara að svíkja toll; því er hægt að svara, en þó mundu þeir menn í útlöndum, sem mest fást við það, bezt geta svarað þeirri spurningu, þeir hafa ætíð nóg ráð til þess, og þess vegna er tollstjórn í öllum löndum, af því tollsvik eru álitin möguleg, og nauðsynlegt að verjast þeim. Lausafjárskatturinn þykir svo óheppilegur af því bændur telji svo rangt fram til tíundar, að slíkt sje siðum spillandi; öllum búendum í landinu er ekki trúað fyrir að telja fram til 30,000 kr. tekja fyrir lsj., en kaupmenn eru þeir englar og þeir einu menn, sem hægt er að treysta þegar um tekjur lsj. er að ræða, — svona ályktum vjer hjer — og þess vegna á þingið að hlaupa út í þessa óvissu að afnema þegar ábúðar- og lausafjárskattinn og hækka vínfangatollinn, lsj. líklega til stórskaða. En jeg vona þm. sjái að þetta er mjög vanhugað, og ófært að ráða málinu til lykta á þessu þingi, svo jeg ætla að treysta því, að þeir hugsi sig vandlega um áður en þeir leggja sitt atkv. þar til.

Þorkell Bjarnason: Mjer fyrir mitt leyti líkar sú stefna, sem er í frv. þessu, nefnilega að taka tolla fram yfir skatta. Skattarnir eru erfiðir að gjalda, og menn eru óánægðir með þá, því að þeir leggja nokkurs konar band eða takmark, þótt nauðsynlegt sje, á eignarrjett manna. Þegar tollur aptur er lagður á, þá er hver sjálfráður, hvort hann vill greiða hann eða ekki með því að kaupa eða láta vera að kaupa það, sem tollurinn er lagður á. Sá, sem kaupir ölföng eða tóbak, gjörir það af frjálsum vilja, með þeirri meðvitund, að hann gjaldi til lsj. Skattinn aptur á móti verður hann nauðugur viljugur að gjalda. Þegar jeg þá skoða frv., þá get jeg þó eigi neitað því, að mjer þykir n. nokkuð djarftæk, að vilja svona í svip afnema þessar föstu tekjur lsj., ábúðar- og lausafjárskattinn. Jeg vildi óska, að n. hefði látið staðar nema við ábúðarskattinn, og tekið einungis lausafjárskattinn af. Ábúðarskatturinn ætti að minnsta kosti að bíða þangað til þing kemur saman næst, enda er hann miklu rjettlátari og sanngjarnari en lausafjárskatturinn, sem eins og leggur dugnaðarmanninn í einelti, og verður því þyngri, því meira kapp sem bóndinn leggur á að koma skepnum upp. Það er líka dregið undan lausafjárskattinum, og vildi jeg þjóðar minnar vegna, að undandráttur hyrfi. Þm. Snf. (H. Cl.) kvaðst kenna í brjósti um fátæklinga, sem vegna efnaleysis ekki gætu drukkið, en ekki í brjósti um prestana, sem raunar drykkju meira, því þeir væru ríkir. Jeg veit nú eigi um drykkjuskap þeirrar kynslóðar á Vesturlandi, sem elst upp við fætur kaupmannsins þar, en það veit jeg, að hjer á Suðurlandi drekka prestar engu meira en aðrir. En engan kenni jeg í brjósti um sem ekki hefir nema sinn eina maga fyrir að sjá, þó víntollur hækki, en væri svo að það væri nauðsyn fyrir einhvern að traktera menn á opinberum mannfundum og draga t. d. brennivínskvartil á kjörfund til alþingis til að hýrga kjósendur sína, þá gæti eg kennt í brjósti um slíkan mann. Jeg fyrir mitt leyti vil heldur hækka tollinn en lækka, ef það skyldi vera meðal til þess að sporna við ofdrykkju.

Þórarinn Böðvarsson: Það hefur af mjer og öðrum þingmanni verið lagt fyrir þingið lítið frv. um að heimta eigi inn á næsta fjárhagstímabili skatt af ábúð og afnotum jarða. Þetta frumv. hefir komið hjer á þingborðið og það ljós, sem kemur frá sólunni, hefir lýst því; en það ljós sem þingræðurnar breiða yfir frumv. hefir enn ekki lagzt á það. Það hefir enn ekki komið til

umræðu. Frumvarp þetta verður líka að falla, ef þetta frv. sem hjer er um að ræða, fær fram að ganga. Þetta litla frv. er fram komið af harðærinu, og tilgangur þess var að bæta úr vandræðum manna, og álít jeg að það yrði kærkominn ljettir fyrir menn, að þurfa eigi að borga skatt af jörðum, sem menn margir hverjir eigi nota í þessu árferði nema að sárlitlu; hin önnur ástæða til að koma fram með frv. þetta var sú, að jarðamatið hefir nú lifað sinn aldur, og hversu miklir gallar, sem á því eru, þá hefur enginn sjeð ráð til að bæta úr þeim. Jeg er samdóma h. h. 1. þm. Sm., að bezt væri, að láta hjer við lenda og hugsa sig um til næsta þings, hvað gjöra skal, þó að ekkert væri sett í staðinn þá bíður lsj. ekki mikinn eða sjerlega tilfinnanlegan skaða. Ef nú á að fara að hækka toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, þá finnst mjer það sannarlega að vera að bera í bakkafullan lækinn. Það komu lög um þetta 1872 og 76 og 77 og 79. Þetta eru 4 lög, og er þá ástæða til þess að fara að auka við þetta 5. lögunum? Það hefur verið sagt að þetta muni hindra ofdrykkju í landinu, en eptir því sem reynslan hefur sýnt, þá er ávallt að aukast vínfanga brúkun, þó tollurinn hafi farið sí-hækkandi. Enn fremur verð jeg að geta þess, að þessir tollar eru ærið tilfinnanlegir fyrir kaupmenn, og hef jeg heyrt suma kvarta yfir hve erfitt þeir eigi með að borga þá. Eitt er ljóst, að fjárútlátin fyrir vínföng fara sívaxandi og minnst af þeim rennur í lsj. og inn í landið; kaupmenn sem eiga að greiða tollinn, áður en þeir selja ölföngin, gjöra sig eðlilega skaðlausa. Jeg hefði því helzt viljað hafa þetta litla frv. sem jeg hef áður nefnt, en ef það eigi fær framgang, þá getur það verið nokkurt álitsmál fyrir mjer hvort jeg eigi sætti mig við frumvarp í líka stefnu og þetta, þó það yrði til að þess að breytast.

Jón Ólafsson: 1. þm. Sm. (Tr. G.) sagði, að ábúðar- og lausafjárskatturinn væru fastir skattar og væri hættulegt fyrir lsj. að raska þeim. En jeg get eigi sjeð neitt hættulegt í því. Það er hættulegt að raska föstum tekjum lsj., en að breyta sköttum í tolla hefur eigi hina minnstu hættu í för með sjer; þetta eru enda vissari tekjur fyrir lsj., því að eptir reynslunni hjer á landi verða meiri breytingar á lausafjáreign en aðflutningi tollskyldra vörutegunda. H. virðulegi þm. (Tr. G.) vildi heldur eigi eiga tollinn undir framtali fáeinna manna; en vill hann heldur eiga skattinn undir framtali margra manna? Er hægra að hafa eptirlit með mörgum mönnum en fáum? Er betra að smala rollum bænda upp um öll fjöll en að gá að brennivínstunnunum í skipi kaupmannsins? Þm. Bst. (E. K.) var að vorkenna kaupmönnum að borga tollinn. Þetta sannar nú ofmikið, því að það á við alla tolla, og eptir því ætti að taka þá af, sem nú eru. En sleppum því. H. h. þm. (E. K.) veit, að bændur þurfa að borga skatta sína í peningum. Er nú betra fyrir kaupmanninn að flytja peninga hingað til lands, borga ábyrgðargjald undir þá, liggja með þá arðlausa svo eða svo lengi, þangað til bændur þurfa að fá þá? Jeg held að það sje töluvert ljettara og kostnaðarminna fyrir þá að borga tollinn með víxlum og hafa fjeð á vöxtum í Kaupmannahöfn þangað til á gjalddaga. Þetta er því ekkert erfiðara fyrir kaupmanninn ef ekki talsvert ljettara; en bændum gjörir það mikinn ljettir að þurfa eigi að vera að sarga út úr kaupmanninum peninga upp í gjöldin. Þetta er einmitt þýðingarmikill liður til þess, að losa það prælsband kaupmanna á bændum, sem helzt til of lengi og helzt til þungt hefir á þeim legið. Þetta miðar einmitt til að gjöra bændastjett landsins sem óháðasta og sjálfstæðasta. Sumir vilja afnema ábúðar- og lausafjárskattinn einungis um næsta fjárhagstímabil og láta tollmálið bíða. En hví á að vera að *skaða* lsj., þegar hjá því verður komizt? Skaða hann, segi jeg, með því að láta tollmálið bíða til næsta þings og vera þá að eyða tíma þingsins að nýju. Ekki þykir mjer það sýna sparnað. Jeg er viss um að þessi lög verða hin *þörfustu og vinsælustu* lög, sem komið geta frá þinginu þetta ár, og ef þau verða sþ. þá mun reynslan til 1885 sanna þessi orð mín.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Lagafrumvarp um stofnun háskóla á Íslandi (C 123); 2. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg tók það fram við 1. umr., að n. hefði verið samdóma um allt frv., nema 4. gr. Eptir því sem umræðurnar fjellu um þetta mál á þinginu 1881, má gjöra ráð fyrir, að allir sjeu á því og vilji allt kapp þar á leggja, að innlend og þjóðleg menntun

blómgist á Íslandi, og að þetta sje eins nauðsynlegt hjer eins og í öðrum löndum og hjá öðrum þjóðum. N. hefur viðurkennt, og það hefur þingið einnig gjört, að *sjer í lagi* væri þörf á að fá *innlenda lagakennslu*, enda mun það og reynast svo, að löggjafarvald vort og sjálfsforræði sje á sandi byggt, nema við fáum *lagakennslu í landinu sjálfu*, og hið *sama* er að segja um *dómsvaldið*. Nauðsynin til þessa er brýn, og hún verður ávallt brýnni og brýnni með hverju því ári, sem líður, þangað til þetta fæst. Hin vísindalega kennsla og þekking á rjettarsögu landsins er *ómissanleg undirstaða* undir *löggjafarvaldinu*, og eins og allt afl er sterkara þegar það sameinast, eins er því varið með hið andlega afl og hina vísindalegu þekkingu; sameining menntastofnananna hlyti þannig að glæða andlega samkeppni, andlegt kapp, andlegt fjör, sannarlegt, frjófsamt, vísindalegt og þjóðlegt líf. Hinn hæstv. lh. tók það fram við 1. umr. málsins, að hann væri því ekki verulega mótfallinn, að hinar innlendu menntastofnanir væru sameinaðar í eina heild, og gladdi það mig mjög að heyra, því jeg vona, að þetta boði það, að hann sje málinu að þessu leyti hlynntur. Hinn h. 2. þm. Sm. hefur komið fram með brt. við 4. gr. um það, að í staðinn fyrir 4000 kr. komi 3600 kr. og í staðinn fyrir 3000 kr. komi 2400 kr. Þessa brt. get jeg vel fallizt á; jeg álít einmitt rjettast, að hafa launin svo hófleg sem unnt er, með því líka, að líklegt er að um embætti þessi sæki ungir og efnilegir vísindamenn, sem mundu meta meira að gjöra sjer og landinu sóma og efla vísindin, en telja krónurnar, sem þeir fengju í laun! Viðvíkjandi mismuninum á milli meiri hluta og minni hluta n., þá get jeg þar á móti ómögulega sjeð, hvernig *mögulegt* sje eða *hugsanlegt* að stofna *skóla* með lausu fjártillagi í fjárlögunum. En jeg gleð mig við þá hugsun, að þessi ust. meiri hlutans hafi þó ekki verið gjörð í þeim tilgangi að svæfa málið, heldur til þess að hrinda því áfram. Þó mjer sje það um megn, að fá skilið, hvernig nokkur maður geti sjeð, að góðum tilgangi við málið geti verið fullnægt með uppástungu meiri hlutans; en hann um það! Eptir mínu frv. þarf ekkert fje til skólans fyrir næsta fjárhagstímabil, heldur að eins að frv. nái staðfestingu konungs, svo skólinn verði stofnaður að lögum, og þing og þjóð þurfi ekki lengur að stagast á þessu velferðar- og nauðsynjamáli. Ef nú meiri hlutinn *vill* veita fje það í fjárlögunum, sem hann hefur stungið upp á til að styrkja málið en steypa því ekki, þá held jeg að það væri eina úrræðið, að verja fjenu, eins og ust. kom fram um um daginn, og jeg benti á við fyrstu umr. málsins, til þess að styrkja einhvern ungan efnilegan lagamann, sem annaðhvort hefur lokið prófi sínu í lögum eða gjörir það innan skamms, til þess að ferðast til erlendra háskóla og afla sjer enn meiri vísindalegrar þekkingar, því ef fjenu væri varið *á þann* hátt, gæti það orðið sannur styrkur fyrir málið. Ein aðalmótbára, sem komið hefur fram á móti þessu máli, hefur nefnilega verið sú, að enginn maður væri til, sem fær væri um að kenna lög við skólann, og að jafnvel ekki færustu kandídatar frá sjálfum Kaupmannahafnarháskóla væru til þess hæfir. Ef nú alþingi vill veita kandídötum frá Kaupmannahafnarháskóla styrk til þess að afla sjer enn *meiri* vísindalegrar þekkingar við aðra háskóla en þeir, *eptir kenningu mótmælenda sjálfra*, eiga kost á að fá við háskólann í Kaupmannahöfn, jeg vil segja við þá háskóla, t. a. m. á *Þýzkalandi*, sem Danir sjálfir láta sjer nægja að sækja svo þeir geti orðið háskólakennarar, já, mundu þá ekki fást hæfir íslenzkir lagamenn, til að kenna íslenzk lög á Íslandi sjálfu? Mundu þeir þá fara á mis við hina vísindalegu alheimsmenntun eður vísindastraum sem mótmælendur og stjórnin í Danmörku er að gorta af, að sje að finna við Kaupmannahafnarháskóla? Mjer þætti þó sannarlega fróðlegt að vita hvort guð hefur látið Íslendinga fara svo varhluta af námsgáfum og vísindalegu «Perfectibilíteti», að þeir geti ekki lært að kenna hvort sem vera skyldi íslenzk lög og íslenzka rjettarsögu eður og lög annara þjóða, þar á meðal Dana sjálfra, fullkomlega á borð við danska menn, að þeim ólöstuðum! Ef þingið því vildi verja fje því, sem meiri hlutinn hefur stungið upp á að veita í fjárlögunum, í þessa stefnu, þá skyldi jeg vera því þakklátur fyrir það, já, hjartanlega þakklátur, því þetta er allt annað en hin kátlega og óskiljanlega kennslubollalegging meiri hlutans. Jeg veit ekki hvern hug þdm. bera til þessa frv., en *ef* þeir *ekki* ætla sjer að *fella* málið, þá held jeg því *fast* fram, að ust. mín verði samþ.

Já, jeg ítreka það nú aptur, að mjer

er eigi gefið að sjá inn í hug þm., svo jeg viti hvað þeir ætla sjer að gjöra í þessu máli, en jeg vildi einskis óska fremur en að þeir sæju inn í huga minn og hjarta á þessari stundu.

Þó þar væri leitað með logandi ljósi, mundu menn eigi finna þar annað en huldulausa hreinskilni, og rólega yfirvegun og yfirlit yfir öll þau atriði, sem þetta mál snerta, og fundin hafa verið því til hnekkis og hindrunar.

Við 1. umr. þessa máls tók jeg fram *mótbárur stj.* móti þessu máli og hrakti þær að jeg ætla til hlítar; jeg tók mjer *þær* mótbárur mjög ljett, því þær komu frá þeirri stj. sem hvorki þekkir þarfir Íslands nje eptir því sem út lítur fyrir hefur vilja á að taka þær til greina, ekki einu sinni hinar *brýnustu* þarfir lands vors og þjóðar, frá þeirri stj. sem um leið og hún neitar oss um innlenda lagakennslu fyrir sakir *fátæktar landsins* meðal annars sóar út fje landsins svo mörgum tugum þúsunda skiptir bæði til ógagns og ósóma, t. a. m. til vega, sem eru svo illa og óforsvaranlega gjörðir, að ferðamenn, sem fara t. d. hjer yfir Hellisheiðarveginn, vilja heldur fara eptir urð utan við veginn, heldur en eptir honum; og tek jeg þingmenn til vitnis um þetta dæmi, og mörg önnur; það er þessi stj: þessi rg. sem slíkt gjörir, segi jeg, sem ekki vill verja 1 kr. til að stofna innlenda lagakennslu á Íslandi, og sem vill gjöra alþingi Íslendinga ómyndugt, þegar honum svo sýnist. Það er ráðgjafi sem aldrei hefur stigið fæti sínum á þetta land, og sjer allt vort ástand, allar vorar þarfir með annara augum og þeim því miður ekki góðum.

Jeg sagði að jeg tæki mjer mótbárur, eða rjettara viðbárur úr þessari átt ljettara en *þær mótbárur*, sem koma frá *landsmönnum sjálfum*, bornum og barnfæddum á Íslandi, *þær* falla mjer þungt, þær ganga mjer til hjarta, af því að jeg veit að þær spretta af *óafsakanlegum* misskilingi, *óafsakanlegu þekkingarleysi*, þó þeir aldrei nema segist vilja þjóðinni og landinu vel. Látum oss nú líta á þessar mótbárur, og sjá hvað þær vega, rjett skoðaðar! *Ein* af þessum mótbárum er *dýrtíðin*. Hvað á nú þessi mótbára við? Kostnaðurinn við skólann getur þó ekki orðið til niðurdreps á þessu fjárhagstímabili, með því ekki er ætlazt til og ekki mögulegt eptir frumvarpinu, eins og jeg tók fram áðan, að neinn kostnaður standi af skólanum á því tímabili og hver er kominn til að segja oss það að harðærinu verði *ekki* ljett af eptir þessi 2 ár? og þó nú þessi hrakspá rættist, þó nú þessi *peningalega* dýrtíð varaði lengur, já, má jeg þá spyrja, er ekki til önnur dýrtíð, *andleg* dýrtíð, sem bæði er tilfinningalegri, sárgrætilegri og *langvinnari* en þessi hin peningalega? Sje litið á *umliðinn* tíma, þá eru vottarnir sterkir og óhrekjanlegir um það, að hin andlega dýrtíð hefur átt sjer stað um margar aldir og bæði þing og þjóð hefur nú í mörg herrans ár viljað reyna að stytta hana, en forgefins. Þegar vjer á hverjum degi erum að tala um að stytta hina peningalegu dýrtíð, eigum við þá um leið að lengja hina andlegu? Eigum vjer að reyna til að gjöra *hana* arfgenga til niðja vorra? Nei! jeg vona þó að þm. verði mjer samdóma um það að vjer eigum engu síður heldur miklu fremur að stytta hina andlegu dýrtíð, sem fyrirsjáanlega og óhjásneiðanlega drepur niður öllsönnum frelsisframförum þessa lands, öllum rjettindum, vexti og viðgangi þjóðar vorrar!

Þá nefna menn *fátækt landsins yfir höfuð*. *Já!* það er satt, að landið er fátækt, en þessi mótbára getur þó ekki verið góð og gild móti stofnun landskólans, því *þjóðmeganfræðislega* skoðað gjörir það í öllu falli hvorki til nje frá, hvort skólinn er stofnaður eða ekki. Verjum 3, 4, 6, 10 þúsundum árs árlega til skólans, það gjörir þjóðmeganfræðislega tekið segi jeg alls ekkert til, því að þessir peningar ganga hönd úr hendi. En hvað gjöra þeir um leið? Þeir efla líkamlega og andlega framför í landinu og safna *andlegum auð* hjá þjóðinni, sem aptur er undirrót og uppspretta *allrar auðsældar* einstaklinganna og þjóðarinnar yfir höfuð. En má jeg nú aptur spyrja: hvort renna peningarnir þegar menn fara hjeðan til Kaupmannahafnar og læra? Út úr landinu, því neitar víst enginn, en gæti menn þá um leið að þeim mikla mun, sem er á því, eins og jeg tók fram um daginn, er rætt var um löggilding verzlunarstaðanna, og hina innlendu verzlun, hinn mikla mun, segi jeg, sem er á því, hvort *blóðið* streymir *í gegnum* líkamann eða *út úr* honum. Menn sjá þá, að peningar þeir, sem ganga til lagamenntunarinnar í Kaupmannahöfn, eyða hinum andlegu og peningalegu auðæfum í landinu, en hitt eykur hvorttveggja, svo það er ekki einu sinni nóg sagt,

að það fje sem er kostað til að nema erlendis gjörir landið fátækara, en það fje sem varið er til að efla menntun í landinu sjálfu geri ekkert til í þjóðmeganfræðislegu tilliti, því sannleikurinn er með þessu ekki nema hálfsagður, fásinna mótmælenda ekki einu sinni hálftæmd. Jeg veit ofurvel, að fjárlagan. þykist vilja líta á hag lsj., en má jeg þá vera svo djarfur, að segja henni, að hvorki hún nje landssjóðurinn er eða verður hin sanna gullkista landsins, heldur er það *þekking, dáð og dugnaður landsmanna*, sem er og verður gullkista landsins, er og verður hin sanna og varanlega auðsuppspretta þess!

Já, þá eru menn að tala um *varkárni;* hún hefur óneitanlega mikla kosti, en hún hefur líka fleiri hliðar en eina. Hin sanna rjettskilda varkárni er engu síður fólgin í því, að láta ekki þann hlut ógjörðan, sem nauðsynlega þarf að gjörast, en í hinu, að láta þann hlut, það fyrirtæki ógjört, sem ekki er byggt á sannarlegri eða nægri nauðsyn. Ef þd. t. d. álítur það nú sanna *varkárni*, að taka *ekki* tillit allra óska og bæna þjóðarinnar fyr og síðar, *ekki* tillit til samþykkta og ályktana allra undanfarandi alþinga, þar sem hver bænarskráin eptir aðra ár eptir ár hefur verið send frá því til konungs og stjórnar um stofnun innlendrar lagakennslu, *ekki* tillit til þess, að þetta, einmitt *þetta* mál hefur verið eitt hið mesta áhugamál þings og þjóðar allt í frá stofnun alþingis 1845, já, *þá* kalla jeg það *ekki* sanna varkárni. *Ef* þingið enn fremur vill *ekki* taka tillit til þess, að hinn hásæli kgr Friðrik VII., sem endurreisti hið forna alþingi Íslendinga, sem óskaði þess, að hið nýja alþingi líktist sem mest hinu forna, óskaði þess, og um leið skuldbatt það til þess að það fetaði sem mest í fótspor hins forna alþingis, *ef* þingið, segi jeg, tekur *ekki* tillit til þess, að þessi hinn sanni hásæli konungur lýsti yfir þeirri ósk sinni og vilja í sínu síðasta ávarpi til alþingis, að íslenzkur lagaskóli kæmist á fót og yrði stofnaður á Íslandi, *ef* þingið virðir að vettugi þessa ósk og ákvæði *deyjandi manns*, sem öllum eru helg, nei, hvað segi jeg, hins *deyjandi konungs*, já, þá vildi jeg að alþingi væri nú horfið á Þingvöll, svo að ljós og lifandi endurminning um forfeður vora gæti lifnað í brjóstum vorum og knúið oss áfram til að líkjast þeim. Þá vildi jeg að fótspor hinna fornu, frægu og hugdjörfu forfeðra vorra væru stimpluð á hinu erlenda gólfteppi í þessum sal, svo þau sýndu oss hvaða leið vjer ættum að ganga í þessu máli, svo vjer yrðum *varkárnir í því*, að verða *ekki* ættlerar feðra vorra! Jeg vil minnast orða skáldsins góða, «það er svo bágt að standa í stað, og mönnunum munar annaðhvort aptur á bak eða fram ellegar nokkuð á leið». Er nú ekki allt þetta næg ástæða, næg hvöt til að knýja oss til að ganga óragir áfram? Eigum vjer að hrökkva til baka? Á jeg þá að neyðast til að líkja Íslendingum, nei, hinum *löggefandi fulltrúum* Íslands við *náttröll*, sem dagar uppi fyrir himinljóma menntunar og þjóðlegra vísinda? Já, þá heimta jeg að steinarnir fari að tala, þá heimta jeg að steinarnir í þessum múrveggjum mæli fyrir vora hönd, jeg segi steinarnir, þeir hafa líka mál, þýðingarmikið mál, þó þögult sje; þeir taka þó feginsamlega á móti hita sólarljóssins og flytja það hingað inn til vor, og eru því sannarlega ekki tilfinningarlausir.

Þá segja menn í *fjórða* máta, að hjer ræði um *tímaspurningu*. Já, allt má gjöra að tímaspurning, því allt skeður í tímanum. Við hann er bundin framrás þjóðarlífsins, líf sjálfra vor. Jeg skal þá taka það fram, að þó að þetta frumvarp ekki verði sp. nú þá mun jeg ekki hætta við svo búið; nei, ef guð gefur mjer líf og heilsu mun jeg taka aptur til óspilltra málanna á næsta þingi, og svo mun jeg ávallt gera, meðan jeg verð kvaddur til alþingis Íslendinga, því þetta mál *hlýtur* fram að ganga; en hvað er þá unnið með undandrættinum? ekkert, minna en ekkert unnið, en margt og mikið tapað, tími og fje, sæmd og vegur þingsins og þjóðarinnar lagður í sölurnar. Minnumst hverfulleika lífsins, og hvaðan oss kemur heimild til að draga þetta mál. Vjer höfum nú misst 2 af þeim þm. sem voru meðal vor í þessum sal á síðasta þingi, og þeir hafa nú ekki framar tækifæri til að styðja þetta mál; gætum þess, að eins getur farið fyrir einum og sjerhverjum af oss.

Niðurstaðan verður þá sú, að allar þessar mótbárur eru tómar vífilengjur og grýlumyndir, en hitt er jeg alveg sannfærður um, að Íslendingar eiga sjer engrar sannrar og verulegrar, þjóðlegrar viðreisnar von, fyr en vjer fáum lagakennslu í landinu sjálfu, fyr en þessu dauðans andlega fargi og andlegu fjötrum ljettir af oss. Jeg vil leyfa mjer að minna á orð skáldsins:

„Vísindin efla alla dáð,
orkuna styrkja, viljann hvessa,
vonina glæða, hugann hressa,
farsældum vefja lýð og láð.
Tífaldar þakkir því skal færa
þeim, sem að guðdómsljósið skæra
vakið og glætt og verndað fá,
vizkunnar helga fjalli á“.

Hver á nú að vinna til þessara verðlauna, þessara tíföldu þakka, ef ekki einmitt hið löggefandi alþingi, og hvenær ef ekki einmitt nú í hinum bágbornu kringumstæðum skyldum vjer fremur eiga að sýna þor og þrek til að efla hinar andlegu framfarir opna hinar andlegu auðsuppsprettur, hvenær fremur en nú tendra hið skæra blys vísindanna, sem leiði hina íslenzku þjóð til frægðar og frama, eins og þegar blessuð norðurljósin okkar vísa vegfarandanum veg? Jeg *skora* nú á alþingi að setja þetta höfuðdjásn, *landskólann*, þó fátæklegt sje í fyrstu, á fjallkonuna fríðu, í því trausti að hinn komandi tími og niðjar vorir geti skreytt þetta höfuðdjásn dýrindisperlum, svo hún geti lypt sínu frjálsborna höfði upp, frjáls í andlegu og líkamlegu tilliti, sem frjálsborinni konu sæmir, litið ófeimin og þakklát sonum sínum til annara frjálsra þjóða.

Jeg verð að endingu að biðja hina h. þm. að fyrirgefa, að jeg hef hvarflað nokkuð víða með hugann, og látið leiðast út í þá ljósheima, sem vjer getum skapað niðjum vorum, ef vjer liggjum ekki á liði voru, heldur leiðum þetta mál vel og drengilega til lykta. Mjer leiðist að horfa á þær skuggamyndir og skuggagrýlur, sem svo opt og tíðum bera fyrir mig í þessum sal, og jeg vildi gefa minn síðasta blóðdropa til þess, að þær hyrfu algjörlega á braut, sæjust ekki framar á þessum helga stað, að þær dagaði uppi sem náttröllin og yrðu að steini.

Jakob Guðmundsson: Með því að þegar er búið að ræða mál þetta svo mikið, vil jeg að eins lýsa því yfir, að jeg vona, að allir þingdeildarmenn sjeu mjer samdóma um, að hlynna beri að því, að mál þetta fái nú framgang og að alls lags verði leitað til, að það ekki þyrfti optar að ræðast á þingi. Jeg er viss um að allir hinir heiðruðu deildarmenn, eins þeir sem hjer á þingi ekki hafa látið álit sitt í ljósi, því jeg hef heyrt marga tala á þá leið prívat, eru sannfærðir um nauðsyn lagaskóla. En það eina, sem vakir fyrir mönnum málinu til hnekkis í þetta sinn, eru hin yfirstandandi bágindi, en það er allt að einu auðsjeð, að meiri hluti nefndarinnar vill halda málinu vakandi og koma því áfram með tímanum; aptur skil jeg ekki hvernig fje það, sem þeir vilja leggja til, getur orðið til gagns við lagakennslu, eða hvernig nefndin hefir hugsað sjer það atriði þess; menn ætlast víst til, að þetta geti orðið undirbúningur undir lagaskóla. Bratkv. fer fram á að setja niður laun lagaskólakennaranna um 1000 kr. og get jeg fyrir mitt leyti fallizt á það, en jeg vildi þá að þessum 1000 kr. yrði sem fyrst varið til styrktar einhverjum ungum efnilegum lögfræðingi til þess að sigla til erlendra staða og framast þar í lögvísi og undirbúa sig undir lagakennslu. Jeg bið menn að gæta þess, að það er ómögulegt, þótt lagaskóli yrði samþykktur, að málið fái svo fljótt framgang gegnum þing og stjórn, að lagakennsla geti byrjað á þessu fjárhagstímabili. Kostnaðurinn verður því nú ekki tilfinnanlegur. En ætti að ræða málið enn t. a. m. á þingi 1885, þá er ekki ólíklegt að það mætti í 2 eða 3 ár halda skóla fyrir þá peninga, sem það kostaði. Jeg ræð því til að frv. eins og það er með breytingartillögunni um launaupphæðina verði samþykkt. Nafnið á skólanum gjörir minnst til. *(L. Bl.:* Ekki þó svartiskóli). Það kostaði minnst fje og tíma að breyta nafninu; það er þó ekki meiri fyrirhöfn en að skíra barn, og er það hvorki langrar stundar verk nje svo ýkja dýrt.

Grímur Thomsen: Fyrir meiri hluta nefndarinnar, sem í rauninni er minni hluti, er enginn hægðarleikur að fylgja hinum háttvirta frsm. (B. Sv.), því þótt hann hafi enga sýnilega vængi, þá heyrist þó arnarsúgurinn til hans í áhugamálum hans og flýgur hann þá ástundum svo hátt, að það er ekkert spaug fyrir oss hina þunglamalegu að fylgja honum. En jeg vil leyfa mjer að minna á, að frsm. optar en einn sinni, já, þing eptir þing, hefir barizt fyrir frumvörpum, sem ekki hafa orðið að lögum, og skal jeg t. d. nefna frv. til l. um rjett hjerlendra kaupmanna. Annars held jeg, að ræður hins h. þm. Nm. (B. Sv.) og þm. D. (J. G.) hefðu verið betur haldnar í e. d., því jeg veit ekki betur, en málið síðan í hitt að fyrra sofi þar sætt og rótt í nefnd, og hefði það sjálfsagt vaknað til nýs lífs við

þær. Að öðru leyti vil jeg taka fram, að fjárhagur landsins í öðrum eins árum eins og nú eru stendur ekki í svo miklum blóma, að hægt sje að setja fasta kennara á þessu fjárhagstímabili, og mjer virðist öllu til skila haldið, ef veitt yrði svo mikið fje, að hægt væri að borga einhverjum lögfræðingi fyrir að halda fyrirlestra. Lík aðferð er höfð í mörgum auðugum löndum og háskólum. Þar er byrjað með því að hafa dósenta, þ. e. að skilja, lærða menn, sem halda fyrirlestra í vissum vísindagreinum fyrir þóknun, en ekki föst laun. Með þessu móti væri málinu ekki misboðið, þm. fengi sinn vilja. Lögfróðir embættismenn eða yngri embættislausir lögfræðingar gæti haldið fyrirlestra um lög og með tímanum þokað málinu að því takmarki sem hann óskar. Jeg vil með tilliti til formsins leiða athygli að því, að atkvgr. verður að vera um, að 4. gr. falli burt. Ef þetta verður samþykkt, veitir þingið, ef því svo líkar, í fjárlögunum 3000 kr. um fjárhagstímabilið til lagakennslu. Vil jeg svo minna frsm. á, að «fyr er bati en albati», og betra er nokkuð en ekki neitt, og vona jeg að hann sjái, að við, sem erum í hinum svonefnda meiri hluta, erum málinu hlynntir, þótt við sjeum ekki færir um að fara eins hart og hann.

Benidikt Sveinsson: Jeg þarf að svara einungis fáum orðum hinum h. þm. Borgf. Mjer finnst honum ekki farizt neitt fimlega að tala um fjárútlátin, því eptir hans uppástungu verða þau miklu meiri. Skólinn byrjar ekki fyr en undirbúningurinn er búinn, og ef stefnunni væri snúið í þá átt, að veita ferðastyrk, getur engin framkvæmd orðið með skólann á meðan. Jeg get annars ekki látið vera, að minnast á staðfestu þessa þm. Á seinasta þ. 1881 hjelt hann fast fram með frv. um lagaskóla, sem var dýrari en þessi. Hefði það frv. orðið að lögum, hvað svo? meiri kostnaður og landsjóður fátækari. Hann hefur víst meint þetta og meinar enn mikið alvarlega eins og honum er lagið, þegar um framfara- og frelsismál landsins er að ræða. En jeg vona að þd. leggi ekki *of* mikla áherzlu á kenningu *hans*.

Tryggvi Gunnarsson: Mál þetta hefir opt verið rætt á undanförnum þingum, og þó að mikið sje búið um það að tala fyr og síðar, get jeg samt ekki stillt mig um, að láta hreinskilnislega í ljósi skoðun mína á því, án tillits til þess, hvernig sumum kann að geðjast að henni. Mjer þykir í sannleika undarlegt, að hjer virðist liggja allt annað undir niðri, en það, sem uppskátt er látið í umræðunum og við atkvæðagreiðslurnar. Menn eru að tala um álögur og harðæri, og að ekkert fje sje fyrir hendi til að stofna þennan háskóla eða lagaskóla; en þá finnst mjer það nokkuð merkilegt, að ekki skuli vera veitt fje með ánægju, ef það er svo sem þm. Nm. segir, að þetta fyrirtæki sje það allra nauðsynlegasta af öllu, jú svo nauðsynlegt að engra andlegra framfara sje auðið og engin viðrjetting væri mögulegt án þess. Sjeu menn virkilega sannfærðir um þetta, þá væri sjálfsagt að draga 10 eða 12,000 kr. árlega frá því sem ætlað er til bóta á búnaði eða þeim 20,000 kr., sem ætlaðar eru til að efla samgöngur í landinu., svo framarlega sem menn álíta að ekki sje fært að bæta skólanum við á gjöld landsjóðs, en fram á þetta hefir enginn farið; jeg er því hræddur um, að fjeleysi eitt sje ekki það, sem gjörir menn hikandi að greiða atkv. með háskólanum. Jeg ætla að leyfa mjer að líta ein 4 ár fram í tímann og ráðgjöra, að fjárspursmálið verði yfirstígið og skólinn komist á. Boðskapurinn berst til Íslands, að konungur hafi samþykkt að skólinn verði stofnaður og allt kemst í kring á litlum tíma; þetta berst út norður og austur um land. Menn fagna og verða glaðir, þeir þykjast hafa himinn höndum tekið og hlaupa ofan að ströndinni, ráða sjer far með strandferðaskipinu, og fara með því suður til Reykjav. til að sjá þennan nýja háskóla. Hvar er háskólinn? verður spurt, þegar þangað er komið. Mönnum er fylgt inn á prestaskólann, og þegar þar kemur, spyrja þeir: hefur þessu nokkuð verið breytt frá því sem áður var? svarið er nei, það er allt að einu og áður; svo er farið á læknaskólann, en þar fer allt á sömu leið; gestirnir segja þá: nei! því er þetta þá kallað háskóli? svarið verður: uppi í þinghúsi er ein kennslustofa í lögum, og það er hún, sem setur ljómann á alla stofnunina, það er hún, sem gefur skólanum þetta nafn; þá verður farið þangað, og sjá! þar sitja 2 stúdentar og 2 kennarar að kenna þeim. En nú spyrja þeir sem skoða: Hvað kostar nú þessi nýja lagakennsla? Þá verður svarið: 10,000 kr. eða 5000 kr. um árið kennslan fyrir hvern af þessum laganýgræðingum, svo mun það verða með öllu og öllu, launum, ölmusum, húsaleigu o. s. frv.

En þrátt fyrir það þó lagakennsludeild háskólans yrði svona dýr, þá skyldi jeg með stærstu ánægju greiða mitt atkv. fyrir skólanum, ef jeg gæti sjeð, að hann gjörði svo mikið gagn sem þm. Nm. segir að skólinn gjöri með því fyrirkomulagi sem hann fer fram á, og að hann mundi breyta hugsunarhætti manna og auka framfarir í landinu svo mjög sem þingmaðurinn hefur talið mönnum trú um. Þm. Ef. (A. Ó.) hreyfði því um daginn, að lagaþekking mundi engu síður breiðast út meðal almennings, með því að gefa út ágrip af helztu lögum landsins í einni bók; jeg er á því að þetta sje satt, þó þm. Nm. tæki því óstinnt. En því er miður, að löngun hjá almenningi til að þekkja sín eigin lög er ekki vöknuð til hlítar enn þá, það sjest á því hvernig gengur með stjórnartíðindin; örfá expl. er hægt að selja; til þess þau fái útbreiðslu, má gefa þau hreppum, kirkjum, embættismönnum og það auk heldur sjálfum alþingismönnunum. Þm. Nm. hefur áður talið það með mestu ókostum þess, að Íslendingar læri við háskólann í Kpmh., að það spilli þjóðernishug þeirra, og dragi þá inn í straum danskra skoðana; en jeg vil benda á það, að okkar beztu menn og þjóðskörungar hafa ekki einungis lært við Kmh.-háskóla, heldur einnig búið í Kmh. mestan sinn aldur, og þá unnið landinu hið mesta gagn, t. d. Jón Sigurðsson og Jón Eiríksson og margir fleiri. Jeg hef opt sjeð af ræðum og ritum brennandi áhuga hjá námsmönnum meðan þeir hafa verið í Kpmh., en mjer hefur virzt það heldur hafa dofnað þegar hingað hefur komið og þeir hafa setið nokkur ár í embættum. Jeg hef kynnzt prestum og læknum sem lært hafa við Kaupmh. háskóla og einnig þeim sem hafa lært í Rvíkurskóla, og hef jeg ekki fundið mun á frjálslyndi þeirra og áhuga á velferð landsins, og jeg er viss um það, að þm. Nm. getur ekki hvað frjálslyndi snertir, sagt um embættismenn, presta og lækna: «Það er auðheyrt að þessi hefur lært í Rvíkurskóla og hinn í Kaupmh.» Jeg er því hræddur um, að honum vaxi of mjög í augum sú hætta sem er við það að læra við Kpmh.-háskóla. Þó væri jeg meðmæltur lagakennslu hjer, ef jeg væri ekki hræddur um að svo örfáir leituðu hennar, og hún í það minnsta fyrst í stað yrði nokkuð ófullkomin, og enn fremur gæti sannfærzt um, að fyrirtækið væri eins nauðsynlegt og látið er.

Benidikt Sveinsson: Jeg get varla orða bundizt þegar jeg er búinn að heyra ræðu hins h. 1. þm. Sm. (Tr. G.). Jeg efast ekki um að vjer allir viðurkennum hið háa menntunarstig þm. til að meta slíka hluti og þá sem hann talaði um! En honum þóknaðist nú ekki að láta sitt ljós skína, heldur stóð hann með ljereptskvarða, mældi allt á hann og hjelt að 2 eða 3 embættismannaefni væri nóg til að uppfylla þarfir allrar þjóðarinnar. Hann ætti þó að sýna betur en hann gjörði að *þessi* kvarði gæti átt við stofnun háskóla áður en hann getur ætlazt að orð hans sannfæri mig eður aðra þingmenn.

Jakob Guðmundsson: H. h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) lagði mikla áherzlu á, að ef stofnun lagaskóla væri nauðsynleg, vildi hann ekki horfa í kostnað. Jeg er sannfærður um, að lagaskóli er þarfur, og jeg held að menn með tímanum mundu komast til þeirrar sömu niðurstöðu, þegar skólinn færi að dafna. Jeg ætla miklar líkur til, að t. a. m. landsyfirrjettardómarar yrðu teknir sem aukakennarar, og aptur á móti ef mönnum þætti ástæða til að auka æðsta rjett landsins, að kennararnir þá yrðu teknir sem aðstoðarmenn yfirdómsmannanna. Þetta yrði til að gjöra lagþekkinguna samstæðari og aflmeiri; því fleiri sem eru því meira er aflið. Þessir menn mundu þá mynda einskonar consistoríum. Það mundi verða gagnlegt fyrir landið og hafa áhrif á löggjöfina. Mjer finnst að þótt lögin stundum sjeu góð að efninu, sje þeim opt ábótavant að forminu sökum kunnáttuleysis. Lagamenn ættu að laga búninginn á lögunum, svo ein löggjöfin ræki sig ekki á aðra.

ATKVGR.: Brt. n. við 1. gr. (C 202) sþ. með 13 atkv.; 1. gr. þannig breytt sþ. með 15 atkv. gegn 1; 2. gr. sþ. með 17 atkv.; 3. gr. sþ. með 15 atkv.; 4. gr. samkvæmt ust. nefndarinnar felld með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafakalli sökum ónógrar atkvgr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
H. Kr. Friðriksson,	Benidikt Sveinsson,
Magnús Andrjesson,	Egill Egilsson,
Arnljótur Ólafsson,	Eiríkur Kúld,
Eiríkur Briem,	Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,	Jakob Guðmundsson,
Gunnlaugur Briem,	Jón Ólafsson,
Holger Clausen,	Ólafur Pálsson,

Lárus Blöndal, Þórarinn Böðvarsson,
Tryggvi Gunnarsson, Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason, Þorsteinn Jónsson.
Þorl. Guðmundsson.

Th. Thorsteinson var ekki viðstaddur. Þar með voru brt. Jóns Ólafssonar við þessa grein, 4. gr., (C 242), fallnar.

Brt. n. við 5. gr. (C 202) samþ. með með 17 atkv., 5. gr. þannig breytt sþ. með 18 atkv.; brt. n. við 6. gr. sþ. með 16 atkv., 6. gr. þannig breytt samþ. m. 14 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv. gegn 3, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 6 nafngreindra þm. *Nei* sögðu Halldór Kr. Friðriksson, Tryggvi Gunnarsson og Þorkell Bjarnason. Aðrir allir *já*, nema Th. Thorsteinson, er var genginn af fundi.

Tuttugasti og sjötti fundur, þriðjudag 31. júlí, kl. 5—5¾. Allir á fundi nema Th. Thorsteinson.

Lagafrumvarp um breyting á skipun brauða í Eyjafarðarprófastsdæmi (C 225); 2. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg hef sjálfur komið fram með bratkv. við 2. og 3. gr. frv. (C 241), og hafa tekjur brauðanna gefið tilefni til þess. Saurbæjarbrauðið gefur af sjer með öllum tekjunum úr 4 sóknum 1713 kr. 63 a., eptir því sem segir í skýrslum, er liggja fyrir. Af brauðinu eru goldnar til Grímseyjarbrauðsins rúmar 34 kr., eptir smjörverði því sem nú er, því að afgjaldið til Grímseyjar er 6 fjórðungar af smjöri, og þó að nú væru teknar frá þessu brauði 250 kr. í staðinn fyrir 200 kr., þá verður samt hátt á 15. hundrað krónur eptir, sem má heita allgott, og auk þess er brauðið ekki erfitt, þótt að sóknirnar sjeu 4, prestsetrið liggur nálega í miðju prestakallinu og optast má koma hesti við.

Aptur á móti eru tekjurnar af Grundarbrauði, að viðbættri Akureyrarsókn fyrir framan Reykhúsaklif og að meðtaldri Kaupangssókn og Munkaþverársókn, þó svo að prestskyldin gangi undan, ekki nema 1171 kr. 47 a. Þess vegna hefur mjer virzt ástæða til að láta afgjaldið af því brauði ekki vera nema 50 kr., svo það haldi þó altjend fullum 1100 kr. Brauðið er ljett og þægilegt, og þó að bújörð vanti, þá er auðvelt að fá einhverja af jörðum Munkaþverárklausturs, enda væri presturinn bezt settur fyrir austan Eyjafjarðará.

Tekjur Akureyrarbrauðsins verða með þessu lagi: af eignum Akureyrarkirkju 476 kr. 21 e., af Akureyrarsókn fyrir neðan Reykhúsaklif 438 kr. 25 a., prestskyldin af Munkaþverárkirkju er 600 álnir, sem eptir verðlagsskrá Eyjafjarðarsýslu þetta ár nemur 315 kr. 60 a., tillagið frá Saurbæjarbrauðinu og Grundarbrauðinu er 300 kr., og tekjur af Lögmannshlíðarsókn má ætla á að nemi 170 kr. Um það vantar að vísu skýrslu, en það fer nærri sanni. Tekjur Akureyrarbrauðsins verða þá að öllu samanlögðu um 1700 kr. Þetta kalla jeg vel viðunandi; en það má heldur ekki minna vera, fyrir því að þetta er kaupstaðarbrauð. Að öðru leyti er brauðið hægt, það er ekki nema lítil sókn fyrir framan Akureyri og stutt upp að Lögmannshlíð, þótt vegurinn sje raunar fremur slæmur á vetrardag.

Jeg vona því að þd. fallist mótmælalaust á þessar litlu breytingar á frv., og hleypi frv. sjálfu til 3. umr.

ATKVGR.: 1. gr. sþ. með 16:1; bratkv. flm. (C 241) sþ. m. 15:1; 2. gr. þannig breytt sþ. m. 15:1; bratkv. sama við 3. gr. sþ. m. 15:1; 3. gr. þannig breytt sþ. m. 15:1; 4. gr. sþ. m. 15:1.

Málinu síðan vísað til 3. umr. með 16 atkv. gegn 2.

Lagafrumvarp um selaskot á Breiðafirði (C 165); 2. umr.

Flutningsmaður (Holger Clausen): Jeg þarf ekki að tala langt um þetta. Jeg vil að eins benda þd. á, að þetta frv. hefur ekki fyrir augum að skaða lagnaeigendurna, heldur að veita mönnum við Breiðafjörð sömu rjettindi, sem allir menn hafa alstaðar hjer á landi. Þm. Bst. ljet á sjer heyra, að hann vonaðist eptir skaðabótum til lagnaeigendanna, ef opið brjef frá 22. marz 1855 væri úr lögum numið, en jeg get sagt honum, að það er ekki meiningin, því að ef ætti að tala um skaðabætur, þá ættu sveitirnar að fá þær, sem hafa nú í 20 ár liðið tjón við þessi forrjettindi lagnaeigendanna.

Grímur Thomsen: Mætti jeg leyfa mjer að spyrja hinn h. flm. (H. Cl.), hvort það muni eigi eiga sjer stað, nú sem stendur, að selur sje jafnaðarlega skotinn á Breiðafirði, þrátt fyrir bannið í hinu opna brjefi frá 1855.

Holger Clausen: Jeg skal eigi svara þm. Bf. öðru en því, að honum sje bezt að fá upplýsingar um það hjá sýslumönnunum.

ATKVGR.: Frv. sþ. m. 12:2, og síðan vísað til 3. umr. m. 13:2.

Lagafrumvarp um slökkvilið á Ísafirði (C 163); 2. umr.

ATKVGR.: 1. gr. sþ. m. 17 atkv.; 2. gr. sþ. m. 14:2. Málinu síðan vísað til 3. umr. m. 13:1.

Lagafrumvarp um breyting á lögum 15. marz 1861 um vegabótagjald (C 196); 2. umr.

Þórður Magnússon: Jeg sýndi fram á við 1. umr. þessa máls, að sýslunefndin er ekki með þessu frv. bundin við það, eða skyldug til þess, að verja vegabótagjaldinu til gufubáts, heldur fær hún að eins frjálsar hendur til þess, ef gufubáturinn kemst upp og sýslunefndinni virðist það nauðsynlegt að leggja fje til þess fyrirtækis. Þegar því ekki er um annað að tala, vonum vjer flutningsmennirnir (Þ. M. og Th. Th.), að þetta frv. mæti eigi neinni mótspyrnu, og fái að ganga til 3. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Af því að jeg er nokkuð kunnugur fyrir vestan, vil jeg leyfa mjer að taka það fram, að eptir því sem tilhagar í Ísafjarðarsýslu, þá getur þetta frv. frá þm. sýslunnar orðið til mikils gagns, og verð jeg því að vera því meðmæltur. Jeg vil að eins leyfa mjer að benda flm. á, að orða síðara hluta frv. dálítið öðruvísi, því að mjer þykir það nokkuð óákveðið, að tala um að greiða samgöngur á sjó, og væri ástæða til að bæta við orði, t. d. «innanhjeraðs», sem gjörði frv. skýrara og sjálfsagt kemur heim við hugsun flm.

Þórður Magnússon kvaðst fúslega taka þessari bendingu.

ATKVGR.: Frv. sþ. m. 15:1, og málinu vísað til 3. umr. m. 15:1.

Forseti stakk upp á því, að hafa tvær umræður um *ávarp til konungs*, og var það sþ. í e. h., og skyldi hin fyrri umr. fara fram fyrir luktum dyrum.

Forseti stakk upp á því, að hafa tvær umræður um tillögur nefndarinnar í *harðærismálinu*, og skyldi hin fyrri umr. vera háð þeim reglum, sem beitt er við 2. umr., og hin síðari umr. koma í stað 3. umr. Var það sþ. í e. h.

Tuttugasti og sjöundi fundur, miðvikudag 1. ágúst kl. 9 fm.

Lagafrv. til breytingar á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík (C 242); 3. umr.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): Hjer eru fram komnar breytingartill. við frv. eins og það var samþ. við 2. umræðu, og standa skrifaðir undir hinni fyrstu 2 úr nefndinni. Breytingartill. þessi (C 243) fer fram á, að í stað 4400 kr. komi 4000 kr., og þó nefndin upphaflega vildi ekki hafa launin hærri en 3600 kr. þá sjer hún sjer ekki fært annað en falläst á þessa breytingartillögu, þó að það kunni ef til vill að virðast ósamkæmni, þegar litið er til seinasta þings. Nefndin hefur gjört þá breytingu, sem fram er komin við 2. gr. frv. að í stað 2400 kr. komi 2200 kr. (C 270). Nefndin ætlar að 2200 kr. sje fullnóg laun og að sá maður, sem gegnir þessu embætti, geti mjög vel unnið sjer talsvert fje inn með því að praktísera eða veita læknishjálp, enda er það í raun rjettri allsendis nauðsynlegt fyrir mann í hans stöðu að hafa verkleg læknisstörf með höndum til þess að halda við því er hann hefur lært og fullkomna sig í praktiskri læknisfræði. Þar sem 2. kennari við prestaskólann hefur einungis 2000 kr. laun, og ekkert annað við að styðjast, þá get jeg ekki sjeð ástæðu til að launa kennara við læknaskólann með hærri launum en 2200 kr., einkum þegar þess er gætt, að hann getur haft nokkuð annað við að styðjast auk launanna eins og jeg hefi tekið fram. Að því er snertir breyt.till. 6 þingmanna við 3. gr. frv. (242) skal jeg geta þess, að jeg sje ekki að hún hafi annan tilgang en þann, að koma í veg fyrir, að hinn núverandi landlæknir missi nokkurs í af því, sem hann nú hefur í laun.

En aptur get jeg ekki sjeð, að honum sje neinn órjettur gjör, þó hann missi nokkuð af launum þeim, er embættinu fylgja nú. Hann gekk að því, þá er hann fjekk embættið, að sætta sig við þá breytingu, sem kynni að verða á launununum, og hann gat búizt við, að alþing kynni að halda fram skoðun sinni á máli þessu og svo kynni að fara, að slík lög yrði staðfest, og 4000 kr. laun sýnist sæmilegt.

Jakob Guðmundsson: Jeg er alveg samþykkur br.till. þeirri, er fer fram á að breyta 4400 kr. í 4000 kr., og kemur sú skoðun mín ekki í neinn bága við það, sem jeg sagði við 2. umræðu þessa máls, að læknaskólakennarar þyrftu að vera betur launaðir en flestir aðrir embættismenn. En aptur á móti gat jeg með engu móti fallizt á þá breyt. sem stungið er upp á að færa niður laun 1. kennara læknaskólans. Sú praxis, sem hann getur haft, mun gefa svo lítið af sjer, að það verður honum lítill styrkur. Enda ætti hann að brúka frítíma sína til annars; hann ætti ef efni leyfðu að leita sjer frama í læknisfræðinni t. d. með því að fara utan og ganga á spítala og kynna sjer nýjar framfarir í læknismenntinni.

Jón Ólafsson: Undir brtill. 6 þingmanna standa 3 hinir sömu þingmenn og undir brtill. við 2. gr. frv., og er jeg einn meðal þeirra, því að mjer finnst br. þessar standa í talsvert nánu sambandi. Jeg er þeirrar skoðunar enn sem fyrri, að sú persóna, sem embættinu gegnir nú sem stendur, eigi engin áhrif að hafa á það, hver laun embættinu skuli fylgja. En að því er snertir br.till. 6 þingmanna, þá skal jeg taka það fram, að það er móti allri undanfarinni venju, að rýra tekjur embættismanna, þær er þeir hafa fengið, og að því er við kemur mótbáru hins h. 2. þm. G.K. (Þork. B.) að hinn núverandi landlæknir hafi átt að vísu að ganga um breytingu þá, er verða mundi á embættinu, þá er þetta alveg rangt; þvert á móti var drátturinn orðinn svo langur á því, að breyt. væri gjörð, að hann gat með nokkurn veginn vissu búizt við hærri launaupphæðinni. Breytingin var auðvitað *mögu-leg*, en allra sízt *viss*. Að hinn núverandi landlæknir hafi sætt sig við þessi lágu laun er heldur ekki rjett; hann getur allt af gripið til þess að hverfa burtu frá embættinu, ef honum býður svo við að horfa. Það er í rauninni ekki annað en sanngirnisspursmál að láta hann halda þessum launum, enda mætti og skoða þau sem persónulega viðurkenningu fyrir dugnað þann, er hann hefur sýnt og sem nú er viðurkenndur af mörgum.

Jeg verð algjörlega að vera móti brust. við 2. gr. frv., því að 2400 kr. er það minnsta, er má af komast með í Rvík fyrir þann mann, sem vill og á heimting á að geta lifað sómasamlega, og vona jeg að það gleðji minn ágæta vin hinn h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) að heyra, að jeg er eigi ávallt móti því að laun sjeu hækkuð. Jeg er alveg af sömu ástæðum með því, að hækka *þessi* laun vanlaunaðs emb.manns eins og jeg stundum áður hef verið með því að lækka laun oflaunaðra embættismanna, af þeirri ástæðu nefnilega, að jeg vil, að embættið sje svo launað, sem af má komast með sómasamlega, en heldur ekki að miklum mun þar fram yfir. Þar sem nefnt var áðan, að 2. kennarinn við prestaskólann hefði ekki nema 2000 kr. laun, þá verður þeirri röksemd ekki svarað með öðru en því, að það sje ekki ástæða til að launa öðrum of lágt, þó að prestaskólakennarinn sje of lágt launaður. Að því er aukavinnu þessara manna snertir, þá vil jeg minna hina h. deild á, að prestaskólakennarinn hefur einmitt á hendi aukavinnu við latínuskólann, sem mun vega móti þeirri praxis, er læknaskólakennarinn hjer getur haft auk embættisins, því að það er ekki siður, að borga læknisstörf hjer svo háu verði.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð að svara 2. þm. G. K. (Þork. B.). Hann sagði, að jeg hefði við 2. umr. þessa máls látið mjer þau orð um munn fara, «að það væri til skaða embættinu», að forstöðumaður læknaskólans hefði við lækningar. Þetta er hreint og beint ranghermi, og jeg verð að mælast til þess, að þm. hafi opin bæði eyrun, þegar hann hlýðir á mál manna. Orð mín voru á þá leið, að það væri rangt að neyða nokkurn embættismann til þess, að hafa önnur störf á hendi en embættisstörf sín, en aldrei hef jeg neitað því, að lækningar heyri til embætti þessu að svo miklu þær heyrðu beinlínis til kennslunnar, því að það er auðvitað mál, að forstöðumaður læknaskólans verður að ganga að sóttarsængum til að skoða sjúklinga og kenna nemendum að þekkja sjúkdóma og lækningar þeirra. En fram yfir það, sem þannig heyrir til hans embætti ætti hann ekki að þurfa að hafa

afskipti af lækningum. Myndi það og ekki þykja kynlegt, ef forstöðumaður prestaskólans væri neyddur til að hafa önnur störf á hendi embætti sínu óviðkomandi? En sama máli er gegna um báða þessa menn.

Að því, er við kemur skilyrði því, er hinn núverandi landlæknir sótti um og fjekk emb. með, skal jeg skírskota til þess, sem bæði jeg og hinn hæstv. landshöfðingi höfum áður skýrlega fram tekið. Það gat aldrei verið umtalsmál að sækjandi þyrfti að sætta sig við aðrar breytingar á embættinu en þær er tilgreindar voru í frv. því, er kom frá þinginu 1881, en sem þá var eigi afráðið um, hvort konungur staðfesti eða eigi. En nú var frv. synjað samþ. og leiðir þá af sjálfu sjer, að engin spurning gat framar orðið um að gjöra aðrar breytingar á embættinu, eða lækka laun við það. Annað mál er það, hvort ráðgjafinn strangt tekið hefur haft siðferðislegan rjett til að fara svona með þetta mál. En jeg skal taka annað líkt dæmi; jeg skal taka dæmi af þm. Húnvetninga. Það stóð líkt á með hann. Stjórnin veitti honum embættið litlu áður en launalögin voru lögð fyrir þingið. Úrslit þess máls urðu þau, að dómstólarnir dæmdu honum launin óskert. Annars gjörir það í raun rjettri ekkert til, hvort breyt. uppást. þessi við 3. gr. frv. verður samþ. eða ekki. Málið má allt af leggja undir úrskurð dómstólanna, og þeir munu hiklaust dæma svo, að embættism. skuli halda þeim launum óskertum, er hann hafði eða embættinu fylgdu, þegar honum var veitt það.

Þorkell Bjarnason: Jeg svara þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) því, að jeg muni ekki fara til hans til að biðja um leyfi til að hafa eyrun opin eða aptur; að því er jeg sjálfráður. Að því er málið snertir, virðist mjer breyt.till. 6 þingmanna alveg þarflaus; hafi embættið ekki verið veitt með því vissa skilyrði að embættismaðurinn skyldi sætta sig við þá breytingu, sem verða kynni á launum hans, þá er auðvitað, að þessi embættismaður hefur sama rjett og aðrir embættismenn, og þarf um það engar frekari ákvarðanir; það þarf ekki að tryggja rjett hans frekara. 2. þm. Sm. (J. Ó.) sagði að sú persóna, sem embættinu gegnir, eigi engin áhrif að hafa á það, hver laun emb. sjeu ákveðin. Þetta fellst jeg alveg á. En um það er hann mælti um samkvæmni sína á seinasta þingi og nú, gat jeg ekki verið honum samdóma. Hvernig stendur á því, að þessi sami þingmaður var á seinasta þingi á þeirri skoðun, að 3000 kr. laun væru fullboðin þessu embætti; á síðasta þingi mælti hann svo: «ef fasti kennarinn getur lifað á 2400 kr., þá get jeg ekki ímyndað mjer að maginn á forstöðumanni þyrfti að vera þeim mun stærri eða gráðugri, að hann ekki gæti fengið nóg í sig af 3000 kr.», en nú þykir honum ekki minna mega gagn gjöra en 4000 kr.? Í þessari mismunandi skoðun get jeg ekki sjeð annað en ósamkvæmni, sem jeg vil ekki segja, að komi til af því, að nú á annar maður í hlut, en sá, sem embættinu stóð næstur, eða sýndist standa næstur 1881. Jeg sagði áðan, að hinn núverandi landlæknir hefði mátt vita, með hvaða skilyrði hann fjekk embættið, mátt vita, að það var með því skilyrði að sætta sig við allar þær breytingar, sem á því kynni að verða gjörðar. Ráðgjafinn hafði sjálfur sagt honum að þetta væri mögulegt, og því *hlaut* sækjandanum að vera kunnugt um það.

Gunnlaugur Briem: Það hafa komið fram nokkuð mismunandi skoðanir um það, hversu landlæknisembættið skyldi launast, og vil jeg skora á hina háttvirtu þingdeild að íhuga vandlega þetta mál áður en gengið er til atkvæða um það.

Þingið 1881 samdi frv. til laga um laun landlæknis og áleit landlæknisembættið hæfilega launað með 3600 kr.; en hjer hafa komið fram 2 breytingartillögur, önnur er var samþykkt hjer í deildinni við 2. umr. þessa máls, um að færa launin upp í 4400 kr., og nú liggur fyrir breytingartillaga að færa launin niður í 4000 kr. 2. þm. Sm. (J. Ó.), sem annars er ekki meðmæltari háum launum en hver annar, hefur ásamt fleirum gjört þá breytingartillögu, að hinn núverandi landlæknir og forstöðumaður læknaskólans skuli halda hinum eldri launum, nfl. 4800 kr., og hefur tekið það fram, að landlæknirinn muni ekki álíta embættið oflaunað með þeirri upphæð, og fái hann ekki að halda þeim launum, taki hann ef til vill þann kost að leita hjeðan. Hjer er nú um talsvert millibil að ræða, þar sem það eru 1200 kr. frá þeim launum sem nú eru og þeim launum er þingið 1881 áleit nægja og sem þm. Bf. (Gr. Th.) heldur ótrauður fram; en hvað sem því líður, þá vil jeg leggja það til að embættið sje sómasamlega og nægilega launað, svo duglegur maður geti við það unað, en jeg álít það undar-

legt, ef um nokkuð annað væri að tala, að stuðla til þess, að hinn núverandi landlæknir hafi hærri laun en ætlazt er til að embættinu fylgi eptirleiðis.

Þess vegna finn jeg ekki heldur neina ástæðu til að gjöra nokkra undantekningu hvað hann snertir, og það því síður sem þeir háttv. þm. þingm. Rvk. (H. Kr. Fr.) og 2. þm. Sm. (J. Ó.) álíta vafalaust að skilyrðið í veitingabrjefi landlæknisins sje burtfallið og að hann hafi því að sjálfsögðu rjett til hinna eldri launa; en þá skil jeg ekki heldur hvað þessi breytingartillaga hefur að þýða og mun jeg því ekki gefa henni atkvæði mitt.

Að öðru leyti er jeg því meðmæltur, að laun hins fasta kennara við læknaskólann sje sett 2400 kr.; því jeg held að það sje erfitt fyrir embættismann í Reykjavík, sem hefur hús og heimili, að komast af með lægri laun.

Grímur Thomsen: Jeg álít að það sje sjálfsagt að halda fram sömu skoðun og kom fram á þingi 1881, um að lækka laun landlæknisins, þar sem þá var sp. í báðum d., að launin skyldu að eins vera 3600 kr., þessari stefnu hefur n. viljað fylgja, henni vil jeg einnig fylgja. Að jeg nú hef skrifað undir brt. um að hafa launin hærri, kemur af því, að við 2. umr. var sp. að launin skyldu vera 4400 kr., en nú hef jeg farið meðalveginn, þannig að launin yrðu ákveðin 4000 kr., enda hafði stj. það fyrir ástæðu móti því að staðfesta frv. það, sem kom frá þinginu 1881 um þetta efni, að launin væru of lág. Jeg hefði helzt viljað halda sömu upphæð og ákveðin var 1881; en mjer hefur þó eptir ástæðum ekki þótt það alls kostar ráðlegt. Hinn h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) sagði að úr því að landlæknirinn hefði fengið embættið með hinum eldri launum, þá væri nú ólöglegt og ómögulegt að svipta hann nokkru af þeim launum, og byggði hann þetta á því, að sá fyrirvari sem tekinn hefði verið fram í veitingarbrjefinu, hefði verið einungis miðaður við þau lög, sem þingið sp. 1881 um þetta efni, og sem þá var enn óútkljáð um, hvort þau skyldu ná staðfestingu eða ekki, og væri því sá fyrirvari fallinn, þegar lögunum hefði verið synjað um staðfestingu. En nú vil jeg spyrja, ef þau lög hefðu verið staðfest hefði hann þá ekki orðið að sætta sig við þá breytingu á launum embættisins, sem þau lög ákváðu? Jú, það hefði hann sannarlega orðið að gjöra, og hygg jeg að fyrirvarinn geti náð til þeirra laga, sem nú kynnu að koma frá þinginu. Jeg hef sjaldan sjeð brt. sem ber eins ljóst merki hins persónulega eins og brt. sú sem nafn hins h. þm. Rvk. stendur undir, því að það er næsta undarlegt, að það sem er álitið nægilegt fyrir hvern annan, það skuli ekki vera álitið nægilegt fyrir þann mann, sem nú situr í embættinu. Það er, ef ekki eins dæmi, þá er mjer óhætt að segja mjög sjaldgæft í náttúru hlutanna, að gera slíkan mun. Hinn h. þm. D. (J. G.) lagði mikla áherzlu á það, að það væri nauðsynlegt fyrir landlæknninn að geta haft nóg fje og tíma, til þess að geta látið sjer sífellt fara fram. Jeg held að þetta sje ekki neitt sjerstakt fyrir landlækninn; jeg ímynda mjer að það sje áríðandi fyrir okkur alla, að okkur fari heldur fram en aptur. Að landlæknirinn þurfi að hafa verkleg störf á hendi fyrir utan hina *theoretisku* kennslu, það játa allir. En sje það meining þm. að læknirinn þurfi að fara til útlanda til þess að afla sjer þekkingar, þá get jeg ekki betur sjeð en að landinu sje ekkert þjent með að fá þann mann í embættið, sem ekki er betur undirbúinn en svo að hann þurfi að velja þann framfaraveg, en nægi ekki að lesa nýjar bækur í sinni vísindagrein. Jeg get ekki sjeð neina ópersónulega ástæðu fyrir því, að láta þann mann, er nú situr í embættinu, njóta hærri launa en aðra, því sjeu launin nægileg handa þeim sem fá embættið, þegar hann frá fer því, þá er það að eins persónulegt að vilja ekki láta breytinguna ná til hans.

Jón Ólafsson: Hinn h. 2. þm. G. K. (Þork. B.) þóttist finna ósamkvæmni milli skoðunar minnar á þingi 1881 og þeirrar skoðunar, er jeg hafði nú viðvíkjandi landlæknislaununum, en jeg get ekki sjeð hana, því þar sem þd. við aðra umræðu felldi 3600 kr. upphæðina, en sp. að láta launin vera 4400 kr., þá get jeg ekki sjeð annað en að jeg sje sjálfum mjer alveg samkvæmur, er jeg nú vil fara hvað jeg kemst til að lækka launin svo, að þau verði þó *að eins* 4000 kr., úr því að jeg sje ekki útlit fyrir að minni upphæð verði sp. Hinn h. 2. þm. Skg. (G. Br.) sagði að embættið hefði verið veitt með því skilyrði, að viðkomandi embættismaður yrði að taka þeim breytingum, sem kynnu að verða á embættinu, og hann spurði hvers vegna þetta skilyrði hefði verið sett; já, það er einmitt *það*, sem menn verða að hugleiða, hvers vegna skilyrðið var sett. Hefur *nokk-*

urn tíma verið vandi að setja slíkt skilyrði í veitingarbrjef? Nei, hjer er einmitt *alveg sjerstök* ástæða til þess að þetta *annars óheyrða* skilyrði var sett, og að það var *sú* ástæða, sem hinn hæstv. lh. hefur þegar tekið fram, nl. að embættið var veitt *áður* en það var afgjört, hvert þau lög, sem þingið sp. 1881, og þá lágu fyrir stj., yrðu staðfest, og það var *einungis* með tilliti til *þeirra* laga að *slíkt* skilyrði var sett, sem annars *aldrei* hefur verið vant að setja í nokkru veitingarbrjefi, en úr því að *þeim* lögum hefur verið *synjað* um staðfestingu, *þá* liggur það í augum uppi, að *ástæðan* fyrir skilyrðinu er *fallin*, og skilyrðið sjálft horfið; þetta er eins ljóst eins og að 2 og 2 eru 4; því að *cessante causa, cessat effectus* (o: afleiðing hverfur með orsök). Hinn h. 2. þm. Skg. (G. Br) sagði að menn skyldu snúa sjer að hinu almenna og algenga og laga þessa ákvörðun eptir því, en má jeg spyrja, hefur það nokkurn tíma verið vant að svipta þá menn nokkru af launum sínum með lagaboði, sem þegar hafa verið skipaðir í embætti? Er ekki hið *almenna* einmitt í þessu efni, að hver haldi því, sem hefir? Hinn h. þm. Bf. sagðist aldrei hafa sjeð brt. sem sprottin væri af persónulegum rökum, ef ekki væri það þessi, um að svipta ekki landlækni þann, sem nú er, neinu af launum hans. En jeg vil taka það enn fram, að jeg *veit þess ekki nokkur dæmi*, að embættismenn hafi fyrri verið *sviptir* nokkru af launum þeim, er þeir hafa þegar fengið. Það liggur þó auðsjáanlega við, að kalla *það* sprottið af persónulegum hvötum að vilja gjöra *undantekning á þessari einu persónu* frá því, sem er *almennt*, heldur en að vilja fylgja hjer *almennri reglu*. Brt. okkar gengur út á það að *halda við regluna*, en þeir, sem henni eru mótfallir, vilja hafa *undantekninguna*. Jeg man líka eptir því að einmitt þessi sama nefnd hefir komið fram með annað frv. um breyting á launum ýmsra embættismanna, og hún hefur þar sjálf sett það skilyrði, að engir af þeim, sem þegar sjeu skipaðir í þau embætti, skuli nokkurs í missa af tekjum sínum. Þessi brt. er alveg í samkvæmni við þá ákvörðun. Jeg áleit það líka mjög vafasamt, hvort það geti verið *löglegt* að svipta landlæknirn nokkru af launum hans, og það er enginn vafi á því, að þar sem stj. synjaði um staðfestingu á frv. því sem kom frá þingiuu 1881, þá muni hún 10 sinnum heldur neita um staðfesting á þessu frv., sem fer fram á að brjóta reglur þær, sem vant hefur verið að setja í slíkum lögum, og að brjóta þær að eins gagnvart einum einstökum manni. Slíkt kalla jeg persónulegt. Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) vildi ekkert tillit taka til þess, hvort stj. mundi staðfesta frv.; en ef jeg vil fá einhverju máli framgengt, þá verð jeg að taka tillit til þess, og mjer þykir betra að fá litlu komið fram til bóta en engu. Frv. getur, eins og það er, haft mikla þýðingu, þótt það ekki nái til þess manns, er nú situr í embættinu, því að hann getur dáið eins og aðrir menn, þótt ungur sje, og þá geta lögin ef þau hafa fengið gildi, náð *þegar* til eptirmanns hans; en verði þau svo úr garði gjör, að þeim verði synjað um staðfestingu, þá gæti svo farið, ef landlæknirinn dæi, að eptirmaður hans fengi veitingu fyrir embættinu með sömu launaupphæð og verið hefur að undanförnu. Það getur því verið mikilsvert, að frv. nái fram að ganga, og það nú, án þess að með því sje brotinn rjettur á einstökum mönnum.

Holger Clausen: Jeg held að þessi maður, sem nú gegnir embættinu, sje einstaklega duglegur, og jeg er viss um það, því jeg hef opt heyrt það utanlands frá, að hann er þar í miklu áliti. Ef laun hans væru skert, mundi hann fara burt, því að hann getur mikið vel fengið betri laun utanlands. Jeg þekki þennan mann ekkert persónulega, og það er því ekki af persónulegum ástæðum fyrir mjer, að jeg vil ekki að laun hans sjeu skert. Þótt sá næsti í embættinu eigi ekki að fá meira en 4400 kr., þá ímynda jeg mjer að það komi ekki svo fljótt til þess, því þessi maður er eptir því sem jeg veit bezt, heilsugóður og getur lifað lengi, en vilji menn þá fá duglegan mann í embættið, þá geta menn borgað honum meira.

Þorkell Bjarnason: Þegar talað var um landlæknislaunin á síðasta þingi, þá hafði maður enga hugmynd um að aðrir sæktu um embættið en íslenzkur maður og það heiðarlegur og nýtur maður, og þá var álitið að 3600 kr. laun væri nægileg, en nú þegar danskur maður sækir um embættið og fær það, þá eru þau laun sem þingið ákvað í hitt eð fyrra, ekki álitin nærri nóg fyrir hann; mjer sýnist óþarfi fyrir þingið að gjöra útlendum manni hærra undir höfði en innlendum. Jeg get eigi sjeð annað, en fyrirvari sá, sem er í veitingarbrjefi hins nú-

verandi landlæknis, hljóti að gilda, ef þingið einhvern tíma á embættistíma hans býr til lög að færa launin niður og ráðgjafinn samþykkir þau, því að rg. vissi hverja stefnu þingið hafði tekið, og mátti og átti að búast við, að það myndi halda fast við hana, þó það hafi nú breytt henni, og hann hlaut að vita, að hann ætlaði að ráða konungi frá að samþykkja frumvarp það sem þingið sendi í hitt eð fyrra, svo fyrirvarinn gat ekki átt við það frumvarp. Og ef nú á að fara að undanskilja hinn núverandi landlækni frá lögunum, þá er það einmitt sjerstök undantekning, sem þingið þá gjörir honum í vil, og sem sýnist bera einhvern persónulegan blæ. Þm. Snf. (H. Cl.) talaði mikið um hversu landlæknir væri duglegur og að hann myndi fara burtu, ef hann fengi eigi hin meiri laun, 4800 kr., en ef embættið er hæfilega launað, sem jeg álít að sje með 4000 kr., þá munum vjer fá einhvern annan duglegan mann í hans stað. Þar sem þingmaður Dalamanna (J. G.) talaði um, að landlæknir þyrfti að hafa svo mikinn kostnað, þá þykir mjer það undarlegt, að hann skuli þurfa svo miklu meira en aðrir læknar í landinu — hann fær þó borgun fyrir allar skoðunarferðir —, að hann geti ekki staðið sómasamlega í stöðu sinni með 4000 kr. launum. Og enn undarlegra sýnist þetta, þegar menn gá að því, að þessi laun, sem vort fátæka land greiðir landlæknunum, eru einhver hin hæstu læknislaun í öllu hinu danska ríki.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg álít óþarfa, að svara frsm. (Þork. Bj.), því að það er búið að marghrekja hann. Þm. Bf. (Gr. Th.) sagði, að ef lfrv. frá þingi 1881 hefði verið staðfest, þá hefði landlæknir orðið að sætta sig við þau laun, sem þar voru ákveðin. En þetta sama segi jeg líka. En hitt segi jeg og, að þegar búið var að neita um staðfestingu, þá var skilyrðið fallið. Er það skoðun manna að fyrirvarinn gildi hver þau lög, sem frá þinginu komi einhvern tíma og einhvern tíma, ef til vill eptir mörg ár? Nei, það væri sannarlega skrítið, ef hann t. a. m. ætti að sæta þeim lögum, sem kæmu frá þinginu 1888. Þetta segir sig sjálft, að það getur eigi átt sjer stað. Mjer þykir undarlegt, að vera að tala um nokkuð persónulegt. Eða var það þá persónulegt þegar amtmanninum í Suðuramtinu var neitað um skrifstofufje? eða þegar sýslumanninum í Húnavatnssýslu var neitað um laun sín? Nei, jeg held að bezt sje að sleppa þess háttar tali. Enn fremur var það ranghermt, að jeg hefði sagt, að hin lægri laun væru nóg fyrir landlækni framvegis; þetta hef jeg aldrei sagt og getur eigi dottið slíkt í hug. Þm. D. (J. G.) er jeg alveg samdóma. Jeg álít mjög áríðandi og enda ómissandi, að landlæknirinn geti endrum og sinnum ferðast til útlanda til þess að sjá framfarir lækninganna í öðrum löndum. Hin praktiska kennsla í læknisfræðinni getur þá orðið miklu betri. Og þarf hann alls eigi að vanrækja kennsluna, því að hann getur farið á sumrin. Frsm. (Þork. Bj.) þótti það undarlegt, að önnur skoðun hefði verið á því, hvaða laun væru nægileg fyrir landlækni, þegar einungis einn íslenzkur maður hefði sótt um embættið, en jeg held að þm. hafi þó verið fullkunnugt um það, að þessi maður sótti líka.

Landshöfðingi: Jeg álít að brtill. hinna 6 þm. sje eigi ónauðsynleg, því að það stendur á miklu, að kveða skýrt á, hve nær og fyrir hverja lögin fái gildi, svo að óskýrleiki laganna standi eigi í vegi fyrir að þau nái staðfestingu konungs. Enn fremur ætla jeg að geta þess, að ef það gæti álitizt, að lögin ættu einnig að ná til landlæknisins frá 1. jan. 1884, þá er slíkt svo móthverft öllum rjettum grundvallarreglum, ef taka á laun frá manni, sem kominn er í embætti, að jeg tel mjög hæpið að lögin þá nái staðfestingu konungs, og vil jeg biðja menn að athuga hvort þeir vilja láta það hindra staðfestingu laganna. Þess vegna vil jeg mæla með því, að brtill. hinna 6 þm. nái fram að ganga. Það, sem menn hafa verið að tala um, að hjer rjeði nokkuð persónulegt, þá get jeg ekki sjeð það, en svo persónulegur á maður að vera, að maður ekki með lagaákvæði skerði rjett nokkurs manns. Embættið var veitt með hinum eldri launum, og fyrirvarinn var bundinn við lög þau sem komu frá þinginu 1881, sem þá var óútkljáð um, hvort staðfest yrðu. Að hafa fyrirvarann átti þá vel við, enda hefði það eigi litið vel út frá stj. hálfu, að veita embættið fyrirvaralaust, meðan lög samþykkt af þinginu lágu fyrir stj. án þess búið væri að ákveða hvort þau skyldu ná staðfestingu. Þó að jeg álíti að laun þau, sem embættinu eru ætluð sjeu of lág, þá eru þau þó nokkuð nær rjettum sanni en ákveðið var í þeim lögum er þingið samþykkti 1881, og samboðnari þessu þýðingarmikla embætti, enda eru þau nokk-

uð samhljóða launum manna í áþekkum embættum, svo sem forstöðumannsins við prestaskólann og forstöðumannsins við hinn lærða skóla, og þó að landlæknisembættið sje og umfangsmeira, þá er líklegt að launaupphæðin að öllum líkindum eigi mundi standa í vegi fyrir staðfestingu laganna, svo framarlega sem brtill. hinna 6 þm. nær fram að ganga.

Grímur Thomsen: Jeg ætla að eins að gjöra þá aths.. að, ef það er sjálfsagt, að hinn núverandi landlæknir haldi hinum eldri launum, þá er brtill. óþörf, en af því að hinir góðu menn eigi eru vissir um að þeir hafi á rjettu að standa, þá eru þeir að berjast fyrir brtill. Til hins h. lh. ætla jeg að segja það, að ef lögin hefðu verið staðfest, þá hefði landlæknir orðið að sætta sig við hin lægri laun, og hvað er þá ósanngjarnt í því að hann og nokkru síðar verði að sætta sig við þau?

Gunnlaugur Briem: Jeg vil að eins skjóta því til hins h. 2. þm. Sm. (J. Ó.), að jeg kann ekki við að að mjer sje dróttað persónulegum hvötum, og orð mín ranghermd, því að orð mín voru ekki á þá leið, og mjer kom ekki til hugar að vilja, að hinn núverandi landlæknir sje sviptur hinum minnsta rjetti, en hins vegar áleit jeg rjettast, að láta það hlutlaust, hvort hann hjeldi launununum við læknisembættið óbreyttum, fullviss um, að stj. mundi gæta þess, að rjettur hans til launanna yrði ekki fyrir borð borinn, hvernig sem færi um atkvgr. hjer í d.

ATKVGR.: Brtill. 6 þm. við 1. gr. (C 243) sþ. með 13 atkv. gegn 3; brt. n. við 2. gr. (C 270) felld með 15 atkv. gegn 7; brt. 6 þm. við 3. gr. (C 242) sþ. með 12 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli sakir ónógrar atkvgr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
H. Kr. Friðriksson,	Magnús Andrjesson,
Benidikt Sveinsson,	Arnljótur Ólafsson,
Egill Egilsson,	Eiríkur Briem,
Eiríkur Kúld,	Friðrik Stefánsson,
Holger Clausen,	Grímur Thomsen,
Jakob Guðmundsson,	Gunnlaugur Briem,
Jón Ólafsson,	Tryggvi Gunnarsson,
Lárus Blöndal,	Þorkell Bjarnason,
Ólafur Pálsson,	Þorl. Guðmundsson,
Þórarinn Böðvarsson,	Th. Thorsteinson,
Þórður Magnússon,	
Þorsteinn Jónsson.	

Frv. í heild sinni sþ. með 14 atkv. og sent e. d.

Frumvarp til laga um br. á lögum um laun íslenzkra embættismanna, dags. 15. okt. 1875 (C 241); 3. umr.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg óska það verði ekki eins langar umræður um þetta mál og næsta mál á undan, enda sje jeg ekki til neins að tala um einstakar greinar þessa frv., því að þetta er 3. umr. og hjer liggja engin bratkv. fyrir; auk þess ætla jeg að málið sje orðið þm. fullljóst; þess vegna skal jeg ekki lengja þingræðurnar.

ATKVGR.: Frumvarpið sþ. með 14 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk framsögumanns og með samþykki deildarinnar.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	H. Kr. Friðriksson,
Arnljótur Ólafsson,	Eiríkur Kúld,
Benidikt Sveinsson,	Grímur Thomsen,
Egill Egilsson,	Holger Clausen,
Eiríkur Briem,	Lárus Blöndal,
Friðrik Stefánsson,	Þórarinn Böðvarsson,
Gunnlaugur Briem,	Þorsteinn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Th. Thorsteinson.
Ólafur Pálsson,	
Tryggvi Gunnarsson,	
Þórður Magnússon,	
Þorkell Bjarnason,	
Þorl. Guðmundsson,	

Málið síðan sent e. d.

Frumvarp til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða (C 175); 2. umr.

Frumvarpið samþykkt umræðulaust og vísað til 3. umr., hvorttveggja í e. h.

Frumvarp til laga um afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841 (C 193); 2. umr.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Það er að eins ein aths. er jeg vildi gjöra. I aths. við frv. til fjárlaga 1875 er gjört ráð fyrir (í 3. gr. er áður var 15. gr.), að af óvissum gjöldum skuli greiða ferðakostnað þeim mönnum, sem fara frá Danmörku til Íslands, til þess að taka við embætti.

Það er engin önnur ákvörðun til um þennan kostnað. Þessu er ekki mögulegt að breyta með sjerstöku frv., heldur einungis með því, að gjöra þá aths. í fjárlögum við greinina til óvissra útgjalda, að ekki megi greiða ferðakostnað handa þeim embm., er fara frá Danmörku til Íslands. Öðru vísi verður ekki komið í veg fyrir þá brúkun á fje landsins. *(Lh:* Er það umræðuefni?). Það kom fyrir í umræðunum seinast, og því leyfði jeg mjer að benda á, að hjer er eigi annað við að gjöra en gjöra þessa aths. í fjárlögunum.

ATKVGR: Frv. samþ. og vísað til 3. umr., hvorttveggja í e. hl.

Uppástunga til þingsályktunar um heiðurslaun til Dr. Jóns sál. Hjaltalíns (C 202); ein umr.

Flutningsmaður (H. Kr. Friðriksson): Þingsályktunartill. er þannig til komin, að Dr. Jón sál. Hjaltalín voru eins og kunnugt er veittar í fjárlögunum 1882—1883 1000 kr. heiðurslaun í eitt skipti fyrir öll; en hann dó í fyrra vor, án þess að hafa tekið þetta fje, og þegar átti að taka það, svaraði lh. að eigi skyldi greiða meira, en að tiltölu við þann tíma, sem Dr. Jón Hjaltalín hefði lifað, þannig að hann fengi $^1/_{24}$ af upphæðinni á hverjum mánuði. Nú hefði hann lifað í 4 mánuði og því væri ekki um meiri greiðslu að tala en fyrir þann tíma. Mjer virðist þegar jeg sje, að þetta fje er veitt í eitt skipti fyrir öll, að þá sjeu þessi laun fallin til greiðslu 1. janúar 1882 og því sje ekki spurning um að skipta þeim niður á mánuði. Það verður því ekki annað sjeð, en það sje full ástæða til að greiða þetta fje, og undandráttur á því verði ekki til annars en að auka kostnað, því að þá má búast við málssókn, og hjá því vildi jeg komast. Mjer finnst það ljóst, eptir því, sem veitingin er orðuð í fjárlögunum, að þá sje öll upphæðin fallin til greiðslu fyrst á árinu 1882, og því sje ekki umtalsmál, að skipta greiðslunni niður á mánuði.

Landshöfðingi: Mjer er ekki fullkomlega ljóst, hvort hinn h. flm. hefur umboð frá dánarbúi Jóns sál. Hjaltalíns til þess að koma fram með þetta mál. Ef það skyldi ekki vera, þá finnst mjer ekki eiga við fyrir þingið, að fara að koma fram með eins konar framboð á, þessu fje. Það virðist vera efi á hvernig þingið hefur hugsað sjer þessa fjárveitingu. Byrjun fjárveitingarinnar var víst sú, að það var stungið upp á því, að landlæknirinn fengi að halda launum sínum óskertum sem eptirlaunum, og þá hefðu þessi laun ekki verið útborguð nema mánaðarlega; það er sjálfsagt. Nú var þessu breytt þannig, að þingið veitti 1000 kr. í eitt skipti fyrir öll, og stj. skoðaði svo, að þetta væri eptirlaun fyrir þann tíma, er fjárlögin giltu, í 2 ár; það var því mögulegt að hin sömu laun yrðu veitt fyrir næsta fjárhagstímabil. Á þessari skoðun hefur stj. byggt, er hún áleit sig ekki hafa heimild til að greiða meira en að tiltölu við þann tíma, er hlutaðeigandi hafði lifað eptir að fjeð var veitt. Hver svo sem hin sanna meining þingsins hefur verið með útborgunina á þessari fjárveitingu. þá hefur það þó víst verið meining þingsins þá, að bæta kjör hins forþjenta emb.manns, sem launin voru veitt. Nú auðnaðist honum ekki sjálfum að njóta þessa styrks, og þá held jeg liggi nærri, að álíta, að sú ástæða sem þingið byggði fjárveitinguna á, sje burtfallin. Jeg tek þetta fram vegna þess mjer finnst þessi skoðun liggja mjög nærri viðvíkjandi því, hvernig í málinu liggur. Það eru auðvitað nokkrar ástæður fyrir því, að hlutaðeigandi embm. hefði ef til vill getað fengið allt fjeð útborgað í einu, þótt það eptir skoðun stj. hefði ekki getað verið öðru vísi en mánaðarlega með tiltölulegum upphæðum fyrir hvern mánuð á árunum 1882 og 1883. Það er sjálfsagt á þd. valdi, hvað hún vill gjöra í þessu tilliti og jeg skal engan veginn gjöra mína skoðun eða stj. að kappsmáli, því að ef þd. skorar á að dánarbúi hins framliðna sje veitt þetta fje, þá sker hún um leið úr því, hvað hún hefur meint þegar þetta fje var veitt.

Flutningsmaður (Halldór Kr. Friðriksson): Lh. skoraði á mig, að skýra frá hvaða umboð jeg hefði til þess, að koma fram með þetta mál, og er jeg fús til þess. Tilefnið til þess er það, að frá skiptaráðendum í búi dr. Hjaltalíns kom áskorun til fjárln., að fá leiðrjettingu á þessu máli. Oss nefndarmönnum kom þá saman um, að koma þessu máli inn á þingið í þessu formi eða sem þingsályktun, og jeg tók að mjer, að koma fram með hana. Jeg vona því, að hinn hæstv. lh. játi, að jeg hafi haft ástæðu til að koma fram með þessa ust.

Lh. gat þess, að landlæknir Hjaltalín «hefði ef til vill getað fengið allt fjeð út-

borgað í einu», en jeg segi að hann hefði ekki einungis *getað fengið* það, heldur hefði stj. ekki *getað neitað* honum um það; því þegar litið er á orðin í 15. gr. fjárlaganna 1882—83: «þar af (veitast) til ekkju hjeraðslæknis E. Jóhnsens 150 kr. hvort árið og til landlæknis Jóns Hjaltalíns umfram eptirlaun í viðurkenningarskyni 1000 kr. í eitt skipti fyrir öll», þá liggur beilínis við að hjer er ekki að tala um neina uppbót á eptirlaunum, heldur er þetta veitt sem heiðurslaun fyrir umliðinn tíma «í eitt skipti fyrir öll». Þess vegna var þetta fje fallið til útborgunar undir eins og lögin náðu gildi. Það er ekki spurning um að hann hefði haft fullan rjett til að fá það undir eins út greitt; því að ef hitt hefði verið ætlun þingsins, að það skiptist niður á allt fjárhagstímabilið, þá hefði sami fyrirvari verið hafður við hann eins og við rjett ekkjunnar, sem nefnd er rjett á undan; þetta eru engin eptirlaun og á ekkert skylt við eptirlaun, heldur eru það heiðurslaun og þá er einnig sjálfsagt, að hann átti að fá þau í einu.

Jakob Guðmundsson: Mjer fyrir mitt leyti sýnist flm. (H. Kr. Fr.) hafa svo skýrt og ljóslega sýnt fram á að þetta sje skuld sú sem var eign hins dána og eigi að borgast, svo mjer sýnist það vitaskuld, að erfingjar hans nái henni með dómi ef þeir verða til neyddir að sækja eptir henni með málsókn.

Jón Ólafsson: Eins og hinn hæstv. lh. benti á, er hjer um tvennt að gjöra, annaðhvort það, að þessar 1000 kr. verða að skoðast sem gjöf, eða þá að þær verða að skoðast sem eptirlaun. Sjeu þær skoðaðar sem gjöf, verða þær að vera sömu skilyrðum eða lögmáli bundnar og hver önnur gjöf; en hjer verður að gæta þess, að til hverrar gjafar útheimtist tvennt, eða tvenns konar *vilja-„akt“* — ef jeg mætti komast svo að orði — nfl. annar frá hálfu veitandans, en hinn frá hálfu þiggjandans. Án þessa getur ekki verið um neina gjöf að ræða. Þannig má nefna dæmi til þess, að það sem menn hafa viljað gefa, hefur ekki getað orðið gjöf, sökum þess, að sá, er hljóta skyldi, vildi ekki þiggja. Þetta átti sjer stað í Danmörk hjerna um daginn. Jeg er nýbúinn að lesa það í blöðunum. Stjórnin vjek embættismanni frá. Mönnum þótti embættismaðurinn hart leikinn og skutu saman fje, en hann vildi ekki þiggja, varð svo ekkert úr gjöfinni; því *vilja-akt* annars partsins, þ. e. þiggjandans, vantaði. Sjeu nú þær 1000 kr. sem hjer er verið að ræða um skoðaðar sem gjöf, vantar alveg alla viljayfirlýsingu þiggjandans, en slíka yfirlýsingu hafa erfingjar hans engan rjett til að gefa, því að gjöfin hefur verið *honum* ætluð, en eigi þeim. En þá hefði stjórnin helzt *ekkert* átt að greiða af þeim. Því að Dr. Hjaltalín dó fyrst í júní, að jeg ætla, og hafði aldrei hafið einn eyri af þessu fje, og var því óvíst, hvort hann hefur viljað eða ætlað gjöra það. Sjeu nú þar á móti þessar 1000 kr. skoðaðar sem eptirlaun, og það er vitaskuld miklu eðlilegra, þar þær eru veittar á sama gjaldlið fjárl. sem önnur eptirlaun, þá hefur stjórnin gjört alveg rjett að borga þau út til dánardægurs hins látna. Orðin í 15. gr. fjárl.: «til landlæknis Jóns Hjaltalíns» sýna að honum, en ekki erfingjum hans var ætlað þetta fje. Orðin: «umfram eptirlaun» sýna að fje þetta var eptlaunabót, allt svo eptirlaun; en orðin: «í eitt skipti fyrir öll» sýna, að upphæðin átti ekki að endurtakast á næsta fjárhagstímabili, og það er alls engin ástæða til að gefa erfingjum hans fjeð; jeg er heldur ekki viss um að þingið í hitt eð fyrra hefði veitt það, ef því hefði verið kunnugt um að fjárhagur hins dána var eins góður eins og hann var. Hið eina sem verið gæti því til meðmælis að gefa erfingjunum fjeð, væri það, að ómannlegt þætti, að taka það aptur, en það er aðgætandi, að upphæðin var aldrei veitt nje ætluð erfingjum dr. Hjaltalíns, heldur honum sjálfum; eins var hún að eins veitt fyrir fjárhagstímabilið. Jeg álít ótilhlýðilegt að taka hjer fram fyrir hendur stjórnarinnar, þar sem hún hefur viljað spara fje landsins. Erfingjunum er bezt að fara í mál, ef þeim sýnist svo.

Holger Clausen: Jeg játa að jeg þekkti ekki kringumstæður hins sálaða öldungs og gaf þó atkvæði mitt fyrir þessum 1000 kr. 1881. Það er víða gjört í útlöndum að veita mönnum heiðurslaun, þó að þeir sjeu ríkir. Þessar 1000 kr. voru ekki gefnar Hjaltalín sál. í þeim tilgangi að hann skyldi hafa nokkuð að eta og drekka, heldur var það gjört í virðingarskyni og til að gleðja þenna heiðarlega öldung í hans aldurdómi. Hann lifði nógu lengi til að sýna, að hann vildi þiggja þessa gjöf. *(J. Ól.:* Sýna, með hverju?). Jeg veit ekkert um, hvort hagur hans var góður eða slæmur, en jeg veit svo mikið, að það er minnkun fyrir þingið,

að taka nokkuð aptur af þessum 1000 kr. Erfingjarnir eiga að minni meiningu heimting á þeim, og það þarf ekki að vera að ræða meira um það.

Benidikt Sveinsson: Spurning sú, sem hjer ræðir um, er að minni hyggju í rauninni hreint og beint dómsmál, sem þingið að því leyti gæti leitt alveg hjá sjer. Hjer kemur því til álita: Vill þingið hafa áhrif á spurninguna eða ekki? Ef þingið greiðir atkvæði sitt með uppástungunni, eru líkindi til, að þessi spurning falli burtu, en þó það felli hana, geta erfingjarnir eigi að síður gjört rjett sinn gildandi fyrir dómstólunum. Mitt álit er að öðru leyti um málið, að landssjóður mundi tapa, en erfingjarnir eða dánarbúið vinna. Jeg segi ekki meir, því að jeg hef að eins lauslega litið á málsástæður. Þess vegna segi jeg heldur ekki að jeg sje viss um, heldur að jeg sje hræddur um, að landssjóður mundi tapa málinu, og aðalástæðan fyrir því er það, að jeg sje ekki betur en að Hjaltalín sál. væru með 15. gr. fjárl. veittar þessar 1000 kr. einu sinni fyrir allt, fyrir þá þjónustu sem hann var *búinn* að inna að hendi, alltsvo fyrir *unnið verk,* og í virðingarskyni fyrir að *hafa þjónað* vel og lengi, og þess vegna án tillits til og *umfram* eptirlaun þau, sem hann annars átti að fá sem embættismaður, og sem miðuðu sig við lífdaga hans eptir að lögin komu út. Að fjeð ekki var hafið þegar Hjáltalín sál. dó, hefur alls engin áhrif á úrslit málsins, því að það þurfti enga viðurkenningu frá hans hendi um það að hann vildi taka á móti þessari lögákveðnu heiðursgjöf; menn gætu þá eins vel sagt, að ef embættismaður dæi á 2. eða 3. degi mánaðarins, þá missti hann laun sín fyrir það, að hann hefði ekki hafið þau þann 1. í mánuðinum. Samkvæmt þessu þykist jeg geta vel verið þekktur fyrir að gefa atkv. með till. Því jeg ætla að málaferli um þetta atriði mundu verða þinginu til lítils gagns eður sóma.

Arnljótur Ólafsson: Hinn h. þm. Nm. (B. Sv.) tók rjettilega fram það, sem jeg vildi hafa bent á, að þetta mál heyrir undir úrlausn dómstólanna og að úrslit þess sjeu komin undir skilningnum á 15. gr. fjárl. En nú er aptur spurning: Á þd., þótt svona sje, að taka í taumana? Á hún að skora á rg., að skilja lögin svona og ekki öðruvísi? Eða hefur þingið fullt tilefni til þessa? Liggur hjer fyrir nokkur fullgild, lögmæt umkvörtun? Nei. Eða er þ. hrætt um, að rg. skilji ekki greinina? Eins og veitingin nú er orðuð í 15. gr., sýnist greinin ekki vera sjerlega þungskilin, en jeg vil minna menn á, að þessi viðauki «í eitt skipti fyrir öll» var ekki þegar frv. í hitt eð fyrra fór hjeðan úr d. upp í e. d., en þessum orðum var bætt við í e. d. til að taka af öll tvímæli um skilning á fjárveitingunni. Mjer virðist því skilningurinn á veiting þessari í 15. gr. ljós og engin ástæða til að ætla, að rg. misskilji hana eða geti ekki fellt rjettan skilning um það. *(J. Ól.:* Hann er búinn að því). Er þá endilegur úrskurður kominn? *(Nokkrir:* Já). Mjer finnst samt óviðkunnanlegt, að grípa fram fyrir hendur rg. — því get jeg ekki verið með, — jeg treysti rg. til að fara ekki í mál að ófyrirsynju, einkum þegar hann sjer, hvernig þ. tekur í málið og hver það sækir. Þingið held jeg eigi ekki að skipta sjer af slíkum smámálum, nema brýna nauðsyn beri til.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla að svara fáum orðum 2. þm. Sm. (J. Ó.). Hann sagði, að lagarjettur hlutaðeigandi erfingja til þessa fjár væri fallinn burtu, af því að viljayfirlýsingu vantaði frá Hjaltalín sál. um, hvort hann vildi þiggja fjeð. Þetta nær engri átt; því til þess útheimtist að hann sjálfur hefði neitað að þiggja. *(J. Ól.:* Nei). Jú: því að ef erfingjarnir hefðu misst rjett sinn til þessa fjár, þá hefðu þeir einnig misst rjett til þess hluta þess, sem var útborgaður fyrir þá mánuði, sem Hjaltalín sál. lifði af árinu, og sem fyrst var útborgaður eptir lát hans. Því að annaðhvort hefur hann viljað þiggja allt eða ekki neitt. Það er mikið rjett: hjer er um dómsmál að ræða og rg. getur mikið vel leitt hjá sjer að taka tillit til þingsályktunarinnar. Þingið grípur alls ekki fram fyrir hendurnar á honum, heldur að eins lætur sínar skoðanir í ljósi, en fellir engan úrskurð með þgsál. Ráðgjafinn getur gjört sem honum þóknast fyrir það. Hann fellst ekki ætíð á allar þgsál. Það er komin full neitun fyrir greiðslu fjárins og þingið hefur því nægan rjett til að segja skoðun sína á því. Jeg er búinn að gjöra grein fyrir, hvernig umkvörtunin er komin. Forseta var afhent umkvörtunarskjalið, og forseti afhenti það fjárl.n. með samþykki deildarinnar. Fjölyrði jeg svo ekki meira um þetta mál, en endurtek það loks, að það er fullt tilefni til fyrir þingið,

að skora á rg., þegar því finnst skoðun hans ekki rjett.

ATKVGR.: Samþykkt eptir ósk 8 nafngreindra þm., að umr. skyldi hætt. Þingsályktunartillagan því næst samþykkt með 15 atkv. gegn 2, og eptir það send efri deild.

Tuttugasti og áttundi fundur, fimmtudag 2. ágúst kl. 12—3¾. Allir á fundi.

Lfrv. um breyting á nokkrum brauðum í Eyjafjarðarprófastdæmi (C 270); 3. umr.

ATKVGR.: Frv. orðalaust sþ. m. 17 atkv. móti 1. Afgreitt síðan til e. d.

Frv. til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði (C 165); 3. umr.

Flutningsmaður (Holger Clausen): Jeg skal ekki tala mikið um þetta mál, því það hefur þegar verið rætt töluvert hjer í d., en jeg skal einungis geta þess, að nú er hjer komin skýrsla frá fróðum og merkum bónda, um það, hvaða gagn selir gjöri þessum selakóngum á Breiðafirði. Jeg ímynda mjer að flestir hjer á þingi sjeu á sama máli, og jeg get ekki búizt við neinu nema harðæri og aumingjaskap kringum Breiðafjörð meðan þetta opna brjef hefur lagagildi, og ekki má skjóta selinn sem fælir allan fisk í burtu þaðan. Það eru nú 28 ár síðan þetta brjef náði lagagildi, og síðan hefur enginn svo að kalla dregið fisk úr sjó og svo mun ávallt verða meðan brjefið er ekki úr lögum numið. En ef öllum yrði leyft að skjóta selinn, þennan herfilega fiskivarg, þá má telja víst, að fiskur gengi inn á Breiðafjörð, og gæti þá hver fátæklingurinn dregið sjer í soðið, og því bið jeg hið heiðraða þing að samþykkja þetta frv. og ljetta undir með aumingjum þeim, sem opna brjefið stendur í vegi fyrir að geta fengið lífsbjörg úr sjónum.

E. Kúld: Jeg ætlaði ekki að taka til máls framar í þessu máli og get látið nægja að vitna til orða minna hjer á þingi 1881 og þess, sem jeg tók fram við 1. umr. málsins hjerna á dögunum. Við 2. umr. málsins var jeg ekki staddur á fundi, en af því hinn h. þm. Snæf. (H. C.) vitnaði til brjefs nokkurs, er síðar hefur komið frá bónda einum á Breiðafirði, og sem liggur hjer fyrir mjer, þá skal jeg, af því jeg gæti gjört ráð fyrir, að brjefið kunni að leiða þá, sem ekkert þekkja til málsins, í nokkurn vafa, fara um það nokkrum orðum. Brjefið eins og það er lýsir auðsjáanlega, þegar vel er að gætt, annaðhvort talsverðum ókunnugleika, eða því, að farið hafi verið nokkuð á bug við sannleikann. Þegar t. d. brjefritarinn er að skýra frá haustselaveiðinni á Breiðafirði, þá verður honum það á, að bæði telur hann veiði þessa sumstaðar minni en hún er, t. a. m. á Reykhólum 100 í stað þess að hún hefur orðið þar stundum 120 og þar langt yfir. Í Hrúteyjum 50, þar sem þó hefur stundum verið 80. Á Skarði þar á móti telur hann 20, þar sem áður mun hafa verið um 80, og mun þetta vera rjett, en mismunurinn mun sprottinn af *skotum* á sel á þessum stað eins og alstaðar þar sem sú veiði hefur til rýrnunar gengið, t. d. í Sauðeyjum, þar sem á skeri einu (Flataflaga) áður fengust 30 haustselir, fást nú að líkindum hjer um bil 8; sömuleiðis í Hergilsey er þessi selveiði gengin til rýrnunar af ólöglegum skotum. Þess ber og að gæta, að brjefritarinn sleppir alveg að geta um sumar eyjar og jarðir, er selveiði þessi liggur undir, t. d., auk Hergilseyjar og Sauðeyja, Stað á Reykjanesi, þar sem fást nú 10—20 haustselir árlega; Rauðseyjar, Rúffeyjar og víðar. Hvers vegna hann hefur sleppt að geta um selveiði í Djúpeyjum og Melaeyjum skal jeg láta ósagt, með því að hann hefur þá veiði sjálfur eins og stendur. Jeg skal einnig taka það fram, að brjefritari þessi hefur af einhverjum ástæðum, eða þá af gleymsku, leitt hjá sjer að geta um arðinn af svokölluðum *árekstrarsel*, t. d. í Bjarneyjum, Oddbjarnarskeri, Fagurey (Gassasker), þar sem enn er talsverður afli á þann hátt, en í Svefneyjum, Andhælisskeri (liggur undir Helgafells prestakall) og víðar er sú veiði fyrir löngu eyðilögð af selaskotamönnum. Það er furða, að brjefritarinn, sem er nákunnugur, skuli leyfa sjer að segja, að enginn hagur sje af *vorkópaveiðinni* á Breiðafirði, því að ólíklegt en að hann hafi gleymt vorkópaveiðinni í Flateyjarhrepp, Múlahrepp, Reykjanesi (þar sem t. d. á Stað eru á stundum 90 vorkópa veiði og þessu líkt á fleirum stöðum). Þetta er ný kenning, því brjefritaranum hlýtur að vera það kunnugt, að mesti hluti af verzlunarvöru til kaupmanna frá ábúendunum í Flateyjarhrepp, — þar er hann uppalinn og hefur þar dvalið lengst æfi sinnar — er sellýsi, og sá afgangur af dún er þeir hafa af landskuldum sínum.

Áð vísu hafa þeir fisk nokkurn, en sem að miklu leyti er veiddur undir Jökli. Nokkrir að vísu fiður, en ull ei svo teljandi sje, og má því svo að orði kveða, að selveiðin eigi að miklu leyti þátt í því, að bóndinn hafi vöru í kaupstað að láta, með því að sellýsi er hjá sumum að nokkru leyti aðalvaran. Jeg hef tekið hjer Flateyjarhrepp til dæmis, en sellýsi kemur í kaupstað úr mörgum öðrum hreppum kring um Breiðafjörð, svo sem Múla-, Reykhóla-, Skarðstrandar-, Fellstrandar-, o. fl. Jeg hef tekið þetta fram til að sýna hinni h. d. fram á, að brjef þetta er ekki sem áreiðanlegast, heldur mjög svo vafasamt á því nokkuð að byggja, því jeg álít hættulegt, að vekja ekki athygli manna, einkum þeirra, sem eru ókunnugir á Breiðafirði, að þessu, svo að þeir ekki byggi atkvæði sitt í málinu á eins varúðarverðum og skökkum grundvelli eins og þetta brjef er. Hvað því viðvíkur að brjefritarinn segir, að selurinn á Breiðafirði gjöri jafnmikinn skaða á fiskigöngum þar, sem úlfur gjöri sauðfje, þá skal jeg geta þess, að fyrst er þar enginn úlfur, og brjefritarinn hefur aldrei úlf sjeð, því að hann hefur aldrei til útlanda farið. Hvað því viðvíkur, er hann segir að það sje meiri skaði að stunda vorkópaveiði á Breiðafirði, hvort heldur á sjó eða landi, þá væri fróðlegt að vita hvort arðmeira væri að stunda fiskiveiðar þar á firðinum innarlega, hvar fiskur, þ. e. a. s. fiskitorfur ekki geta komizt inn vegna grynninga og eyjaþrengsla. Það sem brjefritarinn skýrir frá um djúpið í Kollál og allt inn að Svefneyjum mun vera hjer um bil satt, en úr því koma fyrst grunn og eins og þvergirðingar, sem fiskitorfur fara eigi inn fyrir. Jeg gjöri ráð fyrir að forlög frv. í þessum d. muni þegar ákveðin, og skal jeg því ekki orðlengja meira um mál þetta, en tek það fram, að jeg álít mig betur þekkja til þess, hvernig hagar til á Breiðafirði en flestir hinir h. þdm., og lýsi því yfir að jeg hefi skýrt frá því, sem jeg veit sannast og rjettast.

Jakob Guðmundsson: Ræða hins h. þm. Bstr. (E. K.) gekk út á það, að vefengja skýrslu þá, sem komið hefur hjer fram um selveiðina á Breiðafirði frá kunnugum manni en hann kom ekki með neitt, sem væri á móti því að nema úr lögum þetta opna brjef, nema það, að selveiðin væri á sumum stöðum meiri en í skýrslunni stæði. Jeg skal nú ekki þræta um það, hver hafi rjett í því efni, því sjálfur er jeg þar ókunnugur, en jeg ímynda mjer að báðir hafi nokkuð til síns máls. Skýrslan er náttúrlega byggð á sögusögn þeirra manna, sem veiðina hafa, og þær sögusagnir geta verið misjafnar eins og frámtal manna á fje. En þó nú selveiðin væri eins mikil og þm. Bstr. hefur sagt, þá get jeg ekki sjeð, að hún geti gefið af sjer 17000 kr. eins og hann sagði hjer um daginn, og jeg get heldur ekki sjeð að öll selveiði sje horfin, þótt þetta opna brjef sje úr lögum numið. En hvað sem líður þessum arði sem menn segja að sje af selveiðinni, þá vona jeg að allir sjái, að hann er ekkert að reikna móti þeim arði, sem þar gæti orðið af fiskiveiðum, ef fiskur gengi þangað inn, ef leyft væri að skjóta selina. Þm. Bstr. gat þó að minnsta kosti ekki hrakið að rjett sje til sagt um dýpi það sem skýrslan greinir frá að sje inni á fjörðunum, og jeg held að það sje eins dæmi, að nokkur sá fjörður sje fisklaus, þar sem slíkt dýpi er, ef engar aðrar sjerstakar ástæður eru til þess. En það er einmitt selurinn sem fælir fiskinn þaðan burtu. Þótt því þau afnot væru af selnum, sem þm. hefur skýrt frá, þá er það ekki $^1/_{1000}$ partur af þeim arði sem vera mundi af fiskiveiðum, ef fiskur gengi þangað inn. Það er því mjög hart og athugavert, að veita einstökum mönnum einkarjettindi, sem svipta 3 sýslur vissri von um mikinn arð og mikla atvinnu, því að það eru ekki einungis fiskiveiðar, sem selurinn eyðileggur, heldur einnig laxveiði, og hann er því til fyrirstöðu að mögulegt sje að ala upp lax í ám þeim sem renna í Hvammsfjörð, eins og tíðkast nú í öðrum löndum.

Jón Ólafsson: Eptir því sem hinn h. þm. Bstr. (E. K.) skýrði frá, þá *er* selur skotinn á Breiðafirði, því að hann tók það fram að selveiði hefði svo víða minnkað fyrir þá sök, að selur væri skotinn, og eptir því er það, að afnema friðun sela, einungis að gera það löglegt, sem á sjer nú stað í lagaleysi, og einmitt þetta sýnir að það er fullkomin þörf fyrir þessi lög. Hinn sami h. þm. tók það einnig fram, að skýrsla sú, sem fram hefur komið, væri ekki áreiðanleg, og tók sem dæmi, hversu vitlaust það væri hjá brjefritaranum, er hann líkti selnum við úlf þar sem hann hefði aldrei úlf sjeð, og aldrei í útlöndum verið; jeg veit ekki til að þm. Bstr. hafi heldur komið til útlanda og held því að hann þekki ekki frekar til úlfa, en brjefritarinn, sem líklega hefur einhvern tíma

lesið biflíuna og sjeð þar lýst aðferð úlfa í sauðahjörð. Ef það er rjett að friða seli, eins og sumir halda fram, þá væri það í hæsta máta ranglátt að friða þá ekki í kring um allt land, eins og æðarfuglinn, en nú er það ekki gjört og sje ekki ástæða til að friða sel neinstaðar annarstaðar, þá skil jeg ekki hvers vegna fremur er ástæða til þess að friða hann *á Breiðafirði*. Ef þm. Bstr. trúir sögusögn sinni um, að selurinn sje svo friðsamur, og að það sje svo mikill hagur að því að hann sje friðaður, þá hefði það verið heilög skylda hans, að koma fram með frv. um að friða hann alstaðar á landinu eins og æðarfuglinn, en það hefur hann aldrei gjört, og því skyldi maður freistast til að ætla að sannfæring hans um gagn almennings af selnum eigi ekki djúpar rætur.

Grímur Thomsen: Jeg held að fáir af þeim, sem talað hafa í þessu máli, sjeu svo kunnugir selveiði á Breiðafirði, sem óskandi væri, og það eru að eins þm. Bstr. (E. K.) og þm. Snæf. (H. C.). Þm. D. (J. G. mun ekki vera þar kunnugur, en hver þm. sem vill getur sjeð hvers konar menn það voru sem mæltu með því að selurinn væri friðaður, er þetta opna brjef var lögleitt, og lesið ræðu þá, er Ólafur prófastur Sívertsen hjelt fyrir því, sem lesa má í alþingistíðindunum 1853. Af öllum þeim ræðum, sem haldnar hafa verið, höfum við ekkert grætt, hvort það muni rjett að aftaka friðun sela að undantekinni einni, nefnilega hins h. 2. þm. G. K. (Þork. B.), sem las upp fyrir oss skýrslu eptir fiskifróðan mann í Danmörku, sem jeg veit að hefur þar mikið álit; jeg álít það alveg rjett að leita eptir skýrslum frá öðrum löndum um þetta efni, og því vil jeg nú endurgjalda hinum h. þm. og koma með skýringar frá öðru landi, sem liggur miklu nær og oss er miklu skyldara, sem sje frá Norvegi. Jeg hef hjer með höndum rit sem heitir: «Norsk Fiskeritidende»; er það gefið út í aprílmánuði í ár og er 2. hepti af árganginum. Þar stendur að það sje bannað að drepa eða veiða sel eða vöðusel (blöðrusel) fyrir 3. april á svæðinu milli 67° og 70° norðlægrar breiddar, sem er sama og eptir allri Finnmörku. En hvernig stendur nú á í Finnmörku? Það er annað mest fiskiver í Norvegi, og þó er þar bannað að drepa sel fyrir 3. apríl, eða á öllu því tímabili sem fiskiveiðar eru stundaðar. Af hverju kemur nú þetta? Það kemur auðsjáanlega af því, að Norðmenn hafa aðra skoðun á selnum en við, þeir hafa þá skoðun, að selurinn reki fiskinn upp að landinu á undan sjer, og kemur þar fram hin sama skoðun, eins og þeir menn hafa, sem nú vilja fara að friða hvalinn hjer, af því að hann reki síldina á undan sjer upp að landi. Þegar maður nú ber þetta saman við allar þær ástæður, sem komið hafa fram móti friðun sela, sem eru svo lauslegar og á svo litlum rökum byggðar, þá sýnist mjer mjög varúðarvert, að nema þetta bann úr lögum, sem kunnugir og greindir menn þá álitu nauðsynlegt, er það var lögleitt. Sjera Ólafur Sívertsen, sem lengi hafði haft aðsetur í Hrappsey, segist aldrei hafa orðið annars var, en selur fremur hafi rekið fisk á undan sjer upp að landinu, en fælt hann burtu. Jeg held því að það sje sóma þingsins samboðið að fara varlega í að breyta þessum lögum, meðan ekki eru nægar ástæður fyrir því, að það komi nokkrum að gagni. Og þótt aldrei nema selaskot væru leyfð, þá álít jeg mjög vafasamt hvort meira yrði skotið á Breiðafirði fyrir það eptir en áður. Breiðifjörður er svo stórt svæði, að mjer þætti gaman að sjá þann lögreglustjóra, sem gæti haft strangt eptirlit með því, að selur væri þar hvergi skotinn. Jeg get eigi sjeð að skyttirí sje neinn atvinnuvegur, svo rjett sje af þeim ástæðum fyrir þingið, að hlynna að þeim, sem það stunda, því að þeir menn, sem það stunda, færast fæstir í álnirnar, heldur miklu fremur úr þeim.

Flutningsmaður (Holger Clausen): Hinn heiðraði þm. Bst. (E. K.) þykist vera sá eini maður, sem nokkuð þekkir til á Breiðafirði, og þegar skýrsla kemur frá bónda, sem hefur verið eins lengi á Breiðafirði og hann, þá segir hann að það sjeu ósannindi, sú skýrsla sje ekki rjett. Jeg er viss um hinn h. þm. Bst. segir ætíð satt; en hann getur haft rangt fyrir sjer, þegar hann heldur, að enginn annar hafi vit á þessu en hann einn. Þar sem hann er að vitna í skýrslur, sem sjeu komnar fram um þennan mikla selaarð og selveiði, þá get jeg upplýst hann um, að jeg hef talsverða verzlun í Stykkishólmi og þar hafa komið einar 15 tunnur af sellýsi frá Breiðafirði; en þó að það væru 200 tunnur, þá sýnir það bara það sama, að fáeinir menn hafa ekkert «privilegium» til að lifa á annara kostnað. Hinn h. þm. Bst. þekkir enga aðra úlfa en úlfa í sauðaklæðum, en jeg get sagt honum að það eru margir aðrir úlfar fyrir utan

það, það eru bæði úlfar og tóur í öðrum löndum sem eru verstu vargar. Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) er sterkur í «psykologíunni», en um selinn er jeg lítið inn í svoleiðis. Hann heldur stundum að selurinn í Danmörku sje ekki sami selur og hjer er, og svo heldur hann aptur selurinn í Norvegi sje sá sami og er á Íslandi. En jeg get sagt honum, að þetta selakyn, sem hann heldur svo mikið upp á, er hjer ekki nema um háveturinn. Hvað þessi þm. var að tala um «lausafugla» og lausamenn, sem skjóti á Breiðafirði, þá getur hann fengið upplýsingu um það hjá sýslumönnunum í Dalasýslu, Snæfellsnessýslu og Barðastrandarsýslu. En jeg veit að um þessi *20 ár* sem selurinn hefur verið friðaður eins og guðsbörn, þá hafa menn ekki verið klagaðir meira en 4 sinnum tyrir að skjóta. Jeg bið að eins um, að við fáum að halda sama rjetti og allir aðrir hafa og að fáir menn hafi ekki leyfi til að pína og úthungra margar sveitir og margar sýslur með því að selurinn hleypur friðheilagur um allan sjó.

Jón Ólafsson: Hinir virðulegu þm. Bstr. (E. K.) og Bf. (Gr. Th.), ástvinir selsins, gjöra mikið úr ókunnugleika þm. á þessu máli. Kunnugleikinn er tvenns konar. Annar er kunnugleiki á sel *á Breiðafirði* og hinn er kunnugleiki á sel *yfir höfuð*. Hvað kunnugleika á sel á Breiðafirði snertir, þá hefur enginn þm., sem þar er kunnugur, mælt selnum bót, nema hinn h. þm. Bst., sem sjálfur er lagnaeigandi *(E. K:* nei) eða látraeigandi *(E. K:* nei). Þingmaðurinn má hvað opt sem hann vill hrópa: «nei». Það «nei» er ósatt «nei»; því að hann *er* eigandi að afnotun og gagni látra á Breiðafirði. Jeg skal þegar í stað, ef hann vill, kveðja vitna að því meðal þingmanna hjer í salnum, sem þekkja vel til þess. Þar á móti hafa þm. M. (E. E.) og þm. D. (J. G.) báðir mælt *á móti* því, að selurinn væri friðaður, og hafa þeir þó báðir eins mikinn kunnugleika á sel á Breiðafirði og þm. Bst. og jeg met kunnugleik þeirra meir en hans, því að þeir hafa ekkert gagn af látrunum og að minnsta kosti þm. Mýram. er mikill veiðimaður, miklu meiri en þm. Barðstr. Auk þessa hefur því einnig verið dróttað að þm. Snf. (H. C.), að hann muni þekkja selveiði á Breiðafirði og vil jeg sízt rengja að svo sje, en álíta hann því að kunnugri. Þegar þessum *sjerstaklega* kunnugleika *á Breiðafjarðar*selnum er sleppt, þá vil jeg benda þm. Bf. á, að þótt jeg eða ýmsir aðrir þm. sjeu ekki kunnugir sel á Breiðafirði, þá geta þeir þó verið kunnir sel og selveiði *yfir höfuð*, og ef selurinn á Br.firði er ekki einhver sjerstök skepna með sjerlegu eðlisfari, þá hlýtur hann að líkjast öðrum sel í heimi. Jeg er kunnugur selveiðum frá æskuárum. Þegar faðir minn var á Kolfreyjustað, voru þar látur og lagnir og mikil selveiði, því þá var selurinn friðaður og friðuninni *framfylgt*. En nú eru þar litlar selveiðar, því að selurinn er nær því upprættur af skotum; en nú er líka 10—20 sinnum meiri fiskveiði á Fáskrúðsfirði, en var í fyrri daga. Af hverju það er, skal jeg ekki segja, en svona *er* það, að nú er Fáskrúðsfjörður einn með fiskisælli fjörðum á landinu. Nokkuð líkt er að segja um Berufjörð. Þar var í firðinum mikill selur áður og enginn afli; nú á síðari árum hefur selurinn verið skotinn og nú er þar kominn nokkur talsverður afli. Álit kunnugra manna er, að þetta sje því að þakka að selnum hefur verið eytt; jeg skal ekkert segja um það; en þetta eru «facta», sem eru alveg áreiðanleg. Enn jeg skal bæta því við, að jeg er kunnugur sel í fleiri heimsálfum, og veit, að alstaðar bryddir á hinu sama, alstaðar er reynslan eins. Hinn h. þm. Bf. vildi vega upp á móti hinni ágætu skýrslu, er 2. þm. G. K. gaf okkur um daginn, með því að lesa upp að það væri bannað að skjóta sel um vissa tíma í Norvegi. En hvað sannar það? Ekkert annað en það, að þar er *„bannað að skjóta sel“*, en hann gat ekki um neinar *ástæður* fyrir því; það getur verið byggt á *fordómum*, eins og t. d. það að *friða hvali*. Í því tilliti vil jeg benda honum á eitt: Prófessor Sars í Norvegi hefur í mörg ár notið styrks af almannafje til þess að kynna sjer fiskiveiðar Norvegsmanna og einkum átti hann að kynna sjer hvalinn, sem mönnum var svo mikið áhugamál að friða; en prófessor Sars segist *enga ástæðu þekkja* til þess, að hvalafriðunin sje á nokkru öðru byggð en *almennum fordómum* fiskimanna og telur hann það undarlega aðferð að friða verstu óvini síldarinnar. Þótt það komi fyrir að hvalurinn reki síldartorfur inn, þá sje eins líklegt, að hann reki þær út. Jeg held þessi skoðun um hvalinn og eins um selinn sje byggð á almennum *hleypidómum*, enda veit jeg ekki til að nokkur *vísindamaður* hafi aðhyllzt hana;

því að jeg þekki ekki til að hún sje byggð á nokkrum vísindalegum rannsóknum. Hefði þm. Bf. sannað nokkuð með þessu, þá hefði hann sannað *miklu meira* en hann vildi, því að þá ætti selurinn að vera friðaður hvervetna kring um landið; annars kemur fram *ójöfnuður á atvinnuvegunum*, að þá er annaðhvort að friða hann *hvergi eða hvervetna*, því að stjórnarskráin heimtar *jafnrjetti* á atvinnuvegunum, en það er ekkert jafnrjetti að friða selinn á einum flóa og hvergi annarstaðar. En þm. Bf. (Gr. Th.) segir stjórnarskráin eigi hjer ekki við, því að *skot* sjeu ekki *atvinnuvegur*. Jeg get nú engan veginn gefið honum það eptir. En þó að skot væru það ekki, þá eru þó fiskiveiðar atvinnuvegur. — Já, almennur atvinnuvegur, og þær eiga að njóta *sama* ágangs eða *sömu* friðunar af sel *hvervetna* á landinu.

Ólafur Pálsson: Jeg er því miður ekki kunnugur á Breiðafirði, og hef ekki annað fyrir mjer en skýrslur þær, sem fram eru komnar. Í mínu kjördæmi er selur friðaður frá nýári og fram á þorra til þess að hann gangi upp að landi á vorin, því þar eru árósar sem hann leggst upp í, og verður veiddur í þeim á vorin eptir því sem ósarnir falla, en hvort það borgar sig, veit jeg ekki vel. Annað er það, að það er almennt álit manna þar eystra, að þegar selur er kominn inn á grunn, þá sje fiskur kominn inn á grunnið, og þá er farið í þeirri von að ríða á reka og finnst þá opt meira og minna af selrifnum fiski, og þar á ofan hefi jeg fundið fisk lifandi og það fleiri en einn selrifna, sem hafa flúið undan honum, og eptir því get jeg ekki annað álitið en selurinn sje óvinur fisksins. En hvort selurinn getur verið fiskvinur á Breiðafirði, þá skil jeg það ekki. Þar að auki hef jeg tekið eptir því að þegar selur er mikill við landið, mun fiskur ekki verða stöðugur á blágrunni; af þessu get jeg ekki annað en gefið atkvæði mitt fyrir því, að selurinn sje drepinn með hverju móti sem er.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg met sjálfsagt mikils hina snjöllu ræðu 2. þm. Sm. (J. Ó.), en jeg met þó meira orð þeirra heiðruðu manna, sem börðust fyrir opna brjefinu 22. marz 1855, því að þeir voru kunnugir, þeir gjörðu það ekki í sinn hag, en jeg er hræddur um, að flutningsmaður berjist eigi í þessu máli fyrir eintómri sanngirni, rjett eins og hann lætur í veðri vaka. En jeg vil minna hina h. þd. á, að þá var það ekki einungis flm., er barðist fyrir málinu, heldur komu einnig margar bænarskrár úr mörgum sýslum um friðun selsins. Jeg hef nú þessa daga talað við 2 merka menn frá Breiðafirði, sem báðir voru *óvinir selsins*. Jeg spurði þá: «Er sannarlega ætlun ykkar að eyða selnum?». Þeir svöruðu: «Nei, það er ekki ætlun vor, heldur einungis að færa friðunarlínuna innar en hún er nú. Við höfum hugsað okkur að línan væri dregin hjer um bil yfir Bjarneyjar; en hitt hefur okkur aldrei dottið í hug, að leyft yrði að skjóta inn við Reykhóla». Þetta álít jeg mikilsvert fyrir deildina að vita, og þetta eru einmitt skoðanir þeirra manna, sem ef til vill hafa verið frumkvöðlar að því, að opna brjefið væri úr lögum numið. Þar af leiðir, að þetta frv. samsvarar alls ekki óskum þessara manna. *(L. B.:* 2 manna). Þeir eru svo merkir menn, að það er óþarfi að ætla, að það sjeu ekki óskir fleiri manna. *(L. B.:* Til að þóknast þeim). Nei, þeir svöruðu þannig, þegar jeg spurði þá um þetta. (*H. C.* og *J. Ó.:* Hverjir voru það?). Það gjörir ekkert til, hverjir það voru. Þar að auki, þegar það er sannað, að arðurinn er eins mikill og hann er af selnum, þá verður og sanna, að arðurinn verði eins mikill af fiskiveiðunum, ef selnum er eytt. Það er ekki nóg, þó þm. D. (J. G.) segi, *ef* fiskurinn gengur. Það er svo bágt að eiga við þetta „*ef*“ og alveg ómögulegt að sanna það. Það er þetta viðurhlutamikla í málinu, að eyðileggja vísan arð látraeigendanna án þess að hafa nokkra vissu fyrir, hver árangurinn verður, og því er varúðarvert fyrir þd. að sp. þetta frv., eins og það nú liggur fyrir. Það getur verið að flm. (H. C.) sje svo kunnugur; en jeg efast þó um það, að hann geti sagt, að selurinn hamli fiskigöngum inn á Hvammsfjörð. *(H. C.:* Jú). Það hefur verið talað um «fordóma» og «vissar fiskigöngur». Það getur verið, en jeg hef heyrt svo marga dóma og fordóma um fiskigöngur, að jeg gjöri ekki mikið úr því. Við erum ekki komnir svo langt, að við getum sagt, að fiskurinn gangi eptir þeim eða þeim reglum. Við sjáum svo margt ritað og rætt um fiskigöngur, að það er ekki hægt að setja um það fastar reglur.

Flutningsmaður (Holger Clausen): Hinn h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) dró «parallel» undir «parallel» á milli þess flm. (Ó. Sivertsen), sem fjekk þetta brjef gjört að lögum, og svo

mín, sem vil *afnema þetta brjef*. Hann sagði, að hann hefði ekki gjört það í sinn hag, en «að flm. málsins nú gjörði það má ske í sinn hag». Jeg veit ekki nema svo sje. Jeg vil biðja hina h. d., að taka það trúanlegt, að jeg hef má ske hag af þessu. *(H. Kr. Fr.:* Rjett!). Jeg er svo ærlegur, þegar jeg veit þetta er satt, þá viðurkenni jeg það. *(Gr. Th.:* Gott!). Því að jeg er viss um, að jeg fæ þúsund sinnum meiri fisk, og fólkið verður *þúsund sinnum ríkara*, ef því er leyft að drepa þessi *rándýr*, svo þessi minn hagur getur ekki vegið upp á móti þeim hag, sem landar mínir hafa af þessu.

Hvað eru þessir «merkismenn»? Jeg er eins merkur og þeir, og þeir eru eins merkir og jeg. Hvað svo meira? Það var það, sem jeg ekki skildi og skil ekki enn, að þeir vilji ekki hafa selinn og vilji þó láta selinn rífa allt og tæta. Jeg held þd. sje mjer samdóma um, að síðan jeg kom inn á þing, þá hefur hún ekki haft ástæðu til að ætla, að jeg hafi gefið atkvæði mitt mjer í hag.

Egill Egilsson: Allar þessar miklu ræður eru að mestu sprottnar út af brjefinu frá bóndanum á Melum, og mjer finnst það eiga miklar þakkir skilið, því að það hefur orðið málinu til meiri upplýsingar, og á hinn bóginn vil jeg einnig þakka fyrir allar þær ræður, sem komið hafa frá mótstöðumönnum frv., því að þær hafa sannarlega orðið málinu til bóta frá mínu sjónarmiði. Hvað áreiðanlegleik þessa brjefs snertir, þá held jeg enginn hjer í þd. sje fær um að rýra hann, þrátt fyrir mótmæli hins h. þm. Bst. (E. K.). Hann er ekki færari en hver annar, að bera vitni um, að þessu sje «kastað inn á þingið að raunalausu». Þá voru það 2 h. herrar, sem sitja saman, sem urðu hróðugir mjög þegar þeir heyrðu orðið «ef» hjá þm. D., og þóttust hafa himinn höndum tekið. En þetta «ef» er ekki svo óeðlilegt, því að margt byrjar með *ef*. Að minnsta kosti byrja öll fyrirtæki til fiskiveiða með *ef*. Ef jeg gjöri út skip til fiskiveiða, þá er allur árangurinn kominn undir *ef*. *Ef* skipið aflar vel, þá græði jeg; *ef* það aflar ekki, þá tapa jeg; allt er bundið við þetta *ef;* og við þessa skýringu hugsa jeg að gleðin minnki hjá þeim yfir „*ef*“. Viðvíkjandi línunni, þá væri lítið gagn að því, að færa hana innar, ef engin von væri til þess, að fiskur gengi inn, en sláandi dæmi upp á það, að fiskurinn sje til fyrir utan, er það, að í fyrra og í ár hefur *eitt* þilskip verið á línunni milli Öndverðarness og Látrabjargs, og þetta *eina* skip fiskaði c. 24,000 af þorski í fyrra, og nú á 2½ mánuði 21,000. Þetta dæmi sýnir, að fiskurinn er nógur fyrir utan, þó að hann sje enginn fyrir innan, því að þar er þröskuldurinn fyrir, sem varnar honum að komast inn. Þm. Bf. (Gr. Th.) sló um sig með að gefa upplýsingar um selinn, sem hann ætlaði menn mundu eigi síður þakka honum en 2. þm. G.K. (Þork. B.) fyrir upplýsingar hans um daginn. En hverjar eru nú þessar upplýsingar? Hann las fremur ógreinilega, og var það þó ekki af því, að hann kunni ekki að lesa, maðurinn sá. Hann fræðir þingið á því, að í norsku riti sje bannað að skjóta sel og *vöðusel* á vetrum í Finnmörk!! Hann *las* «selur og vöðuselur», en hefði verið rjett lesið, þá var það «selur og *blöðruselur*». Og hver er munurinn á því? *Vöðuselurinn* er hópum saman svo þúsundum skiptir, en *blöðruselurinn* er svo sjaldgæfur, að selamenn segja, að þeir sjái ekki meira en svo sem 1 og 1 annaðhvort ár. Hann nefndi ekki hvaða selur hitt væri, en það er auðvitað selur utan frá en ekki innan frá landinu. Hvernig getur svo maður, með öðrum eins gáfum, dregið alveg ranga ályktun af þessu? Selurinn, sem kemur utan frá, fælir fiskinn, svo hann hrekst að landinu, en stendur þar ekki við. En hjá okkur er það heimaselur, sem kemur innan frá, en ekki utan frá, og sem fælir fiskinn *frá landinu. (Gr. Th.:* Ekki innan frá). Jú, innan frá landinu, en ekki innan frá mannsins hugskoti. Upplýsing þm. er því alveg skökk. Þegar nú þessi fiskiganga er þjett fyrir utan línuna, — og það stendur óhrakið enn í brjefinu frá Melum, að dýpið sje nóg fyrir innan — þá hlýtur að vera eitthvert óeðlilegt hapt, sem fiskurinn þorir ekki að ganga inn fyrir, og það eru ekki grynningar, heldur eingöngu *selurinn*. Jeg hef verið við Breiðafjörð í 20 ár og selaformaður í 16 ár, og þekki þetta vel, og er því eins vel kunnugur og hinir aðrir þm.; en jeg legg nú samt ekki sjerlega áherzlu á það. En hitt er auðvitað, að væri þessum þröskuldi vikið úr vegi, þá yrðu allir þessir djúpu firðir fullir af fiski, og þá yrði hægt að sækja aflann af hverju heimili, sem að Breiðafirði liggja, og þó að þeir fengju ekki fisk til að flytja í kaupstaðinn, þá fengju þeir þó fæðu

fyrir sig og sína árið um í kring, og það er þó líka nokkurs virði. Gagnið af selaveiðum á að vera 17,000 kr. á ári, en þetta er náttúrlega alveg reiknað út í loptið. En jeg hef ástæðu til að vefengja þessa upphæð. Við 1. umr. dró jeg línu eptir miðjum Breiðafirði frá Klofningi út yfir Bjarneyjar og sagði, að mjög fáar og litlar lagnir væru þar fyrir sunnan, en meira að norðanverðu línunnar. En hvað kemur nú úr þessum lögnum? Kaupmannabækurnar í Stykkishólmi sýna það bezt. Það er *15—20* tn. af lýsi á ári. Og ef tunnan er á 50 kr., þá gjörir það hjer um bil 1000 kr. í mesta lagi. Skaðinn er því ekki stór, þó þetta hverfi, og hvað skyldi þurfa mikið af fiski til að bæta það upp? Þm. Bf. sagði, að selaskotin færðu menn úr álnum en ekki í pær. Það varðar mig ekkert um; en selaskotin gjöra almenningi sannarlegt gagn með því að auka fiskiveiðarnar. Þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) segist hafa talað við 2 utanþingsmenn, sem hann vill ekki nefna; en jeg hef sterkan grun um, að þessir 2 menn hafi skrifað undir bænarskrá áður, um að eyðileggja selinn, og ef jeg hef ekki rjett fyrir mjer, vona jeg hann leiðrjetti mig.

Þá höfðu 8 þm. óskað að umræðunum væri hætt, og var það sþ. með 12 atkv.

ATKVGR.: Frumvarpið samþykkt með 12 atkv. gegn 3, og síðan sent e. d.

Frumvarp til laga um slökkvilið á Ísafirði (C 163); 3. umr.

Flutningsmaður (Th. Thorsteinson): Umræður þurfa ekki að verða langar um þetta mál. Það þótti einungis betur fara, að gjöra orðabreytingu þá, sem fram er komin í breytingaruppástungunni (C 273). Aðrar aths. hafa ekki verið gjörðar við frv og vona eg því, að hin h. deild láti málið fram ganga svo vaxið.

Breytingartill. (C 273) sþ. í e. d. Frv. þannig lagað sþ. í e. d. Síðan sent e. d.

Frv. til l. um breyting á l. 15. marz 1861 um vegabótagjald (C 196); 2. umr.

Flutningsmaður (Þórður Magnússon). Sú litla breytingartill. (C 273) sem hjer er fram komin, er ekki annað en lítilfjörleg orðabreyting, og vona jeg, að d. sþ. hana og svo frv. þannig lagað.

Brt. sþ. með 16 atkv. Frv. þannig lagað sþ. með 18 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um harðærismálið (C 236); fyrri umræða.

Framsögumaður (E. Kúld): Jeg skal ekki að sinni tala margt um aðgjörðir nefndarinnar (nefndarálit C 234), en einungis geta þess, að bratkv. er komið hjer fram frá þm. Sþ. (J. S.) og skal jeg heldur ekki fara neinum orðum um það, en jeg veit ekki hví bratkv. þetta er komið frá forsetastólnum, og vildi gjarnan vita, hvernig á því stæði.

Eiríkur Briem: Jeg kann nefndinni þakkir fyrir þær skýrslur og upplýsingar, er hún hefur látið í tje. Við bratkv. þm. Sþ. (C 270) felli jeg mig einnig vel, enda fara þau að miklu leyti í sömu stefnu og nefndin. Í brt. er það nákvæmar tekið fram hversu út skuli hluta fjenu, og er það mjög heppilegt að mínu áliti, að úthluta því þannig í tvennu lagi, að annar helmingurinn sje úthlutaður í haust, en hinn seinna í vetur. Jeg tel það mjög æskilegt, að fjenu verði varið til þess, að kaupa einkum korn, og má við því búast að þannig löguð áskorun til kaupmanna, sem hjer liggur fyrir, verði þeim hvöt til að flytja til landsins meira af kornvöru en annars, því að þeir geta af henni ráðið, að meira muni verða keypt en venjulega, því að þeir líta auðvitað á sinn eigin hag í þessu efni og munu eigi hika við að flytja nóg korn, svo framarlega sem þeir geta haft von um að fá vöruna borgaða. Hin síðasta af brtill., er fer fram á að hafa til 100000 kr. til að lána út móti veði, er að mínu áliti mjög heppileg, því að þeim mönnum, er fasteign eiga, eða eiga kost á að fá fasteign til að setja í veð, er það mjög mikill hagur að eiga kost á slíkri lántöku, í stað þess að ganga á bjargræðisstofn sinn, og tel jeg það engum efa bundið, að fjenu sje þannig mjög heppilega varið.

Forseti: Framsögumanni virtist þykja það kynlegt, að slík tillaga, sem hjer ræðir um (C 270), skuli koma frá forsetastólnum. Jeg skal skýra hinum h. þm. frá þeirri skoðun minni, að jeg tel það vafalausan rjett forseta, að koma fram með slíkar tillögur. Að vísu er eigi gjört ráð fyrir þessu í þingsk., en þar sem þau gefa forseta rjett til að fara niður á þingmannabekk og ræða

þar mál sem hver annar þingmaður, þá virðist þetta ákvæði þingskapanna alveg þýðingarlaust, ef forsetinn hefur ekki einnig tillögurjett. Jeg get raunar vorkennt þingmanninum, þó að honum þyki þetta nokkuð kynlegt, því að jeg veit ekki betur en að þetta sje í fyrsta sinn, sem sá maður, er forsetastörfin hefur á hendi, neytir þessa rjettar og kemur með líka tillögu og þá, er hjer ræðir um. Til þess því að meiða eigi rjettlætistilfinningu frsm. nje annara þingm., hef jeg beðið 2. þm. Hv. (E. Br.) að gjörast flutningsmaður tillögunnar, og má hjeðan af skoða hana sem komna frá honum sjálfum.

Holger Clausen: Jeg hef það eitt móti ákvæði brt. við 3. gr., að þar stendur *„tilmæli“*. Jeg held að það myndi gjöra betri verkun, ef maður setti orðið *bœnaskrá* í staðinn.

Ólafur Pálsson: Jeg er alls ekki móti n., því jeg er viss um að hún hefir gjört allt sitt bezta til; en samt þætti mjer gott að fá upplýsingar um sumt, nefnilega það tunnutal, sem er fyrirhugað að flutt verði eða sem flutt er til Eyrarbakka, því þær 150 tunnur sem eru á Papós þykist jeg vita að muni ætlaðar í Austur-Skaptafellssýslu. Gjöri jeg ráð fyrir, að það sem flutt verður til Eyrarbakka, eigi að ganga til Vestur-Skaptafellssýslu, Rangárvallasýslu og ef til vill Árnessýslu. En svo er 1000 kr. ætlaðar til Reykjavíkur. Mjer þætti vænt að fá upplýsingu um, hvert þær eru ætlaðar. Ef ekki meir eða minna af þeim er ætlað í Vestur-Skfells.- og Rangárvallasýslu, er jeg hræddur um, að tunnutala sú, sem ætluð er til Eyrarbakka, hrökkvi ekki nærri til handa þeim hjeruðum. Brtl. við 1. gr. er að vísu góð, en þó verð jeg að taka það fram, að bágt getur orðið með flutningana fyrir þá, sem búa langt í burtu, eins og t. d. Skaptfellinga. Jeg þekki dæmin frá í vetur sem leið, að þeir sem fengu ½ tunnu eða tunnu, að ef engin á þeirra leið hefði leiðbeint þeim án borgunar, þá var þetta eytt áður en þeir komu heim bæði í viðurværi handa þeim og fóður handa hestunum, og þó þeir færu ekki nema til Vestmanneyja án mikillar tafar vegna leiðisleysis, auk heldur út á Eyrarbakka eða suður í Reykjavik. Jeg segi þetta ekki til þess, að ámæla neinum; því í haust sem leið var ómögulegt að hafa þetta öðruvísi, því þá vissu menn ekki um þessar gjafir fyrri en svo seint; en í haust sem kemur mætti sjá við því, að ljetta þessa löngu vetrarflutninga með því að skipta nógu tímanlega gjöfunum og gefa landshöfðingja fullt umboð á að gjöra undantekningu viðvíkjandi Skaptafellssýslu sjerstaklega. Jeg fyrir hönd Vestur-Skaptfellinga kann því síður við að hafa bratkv. að því er mitt kjördæmi snertir; sýslunefndin gæti gefið landshöfðingja gildar og fullnægjandi skýrslur til að jafna niður eptir, nefnilega eptir efnum og ástandi, nógu tíðlega, svo sem í miðjum september.

Eiríkur Kúld: Jeg þakka forseta fyrir skýringuna og gjöri mig ánægðan með hana. Að því er brtl. nsettir, þá fer brtl. undir 1. a. í sömu átt og nefndarál., og get jeg verið henni að efninu til samþykkur. Sama er að segja um brtl. undir stafl. b., svo h. h. þm. Vsk. (Ó. P.) er í rauninni á sömu skoðun og nefndin. Áður en seinni skiptin færu fram væri það nauðsynlegt að landshöfðingi fengi skýrslur um ástandið. Jeg get ekki aðhyllzt þá skoðun, að geyma þann styrk sem veita á til fjárkaupa allan til vorsins. Tilgangur nefndarinnar var einmitt sá, að ekki þyrfti að skerða þann litla fjárstofn sem til er í þeim hjeruðum, sem fyrir fellinum urðu. Þó hin bágstöddu hjeruð fái mikinn styrk, sem eptir því sem fram er tekið í málitinu verður að eins í korni einungis, er auðsjeð að sumstaðar eins og t. a. m. í sjóplássunum og hjá tómthúsmönnum í verzlunarstöðum, t. d. í Snæfellsnessýslu, verður vatn og korn alveg ónóg fæða handa mönnum. Þau pláss þurfa því sannarlega einhvers meira með. Og mjer finnst því sjálfsagt, að ef verja á nokkru af samskotafjenu til skepnukaupa, að einhverju litlu þá verði úthlutað strax í haust, einkum ef heyafli verður nægur, því þá vill enginn bóndi lóga fje sínu. Brtl. undir nr. 3 get jeg með engu móti fallizt á, eins og hún liggur fyrir í brtl. Mjer finnst vera ósamboðið virðingu þ. að senda bænaskrá til kaupmanna í öðrum löndum. *(H. C.:* Ekki til einstakra kaupmanna). Lengra finnst mjer ekki verða farið, en að biðja landshöfðingja að leggja til *tilmæli* um að þessu yrði framgengt. Þm. Vsk þótti það korn sem ætlað var til Eyrarbakka oflítið; en hjer er þess að gæta, að nefndin skoðaði till. sínar sem bendingaratriði, en þótti ófært að binda hendur landshöfðingja. Nefndinni þótti nærri sanni að ætla 950 tunn. á Eyrarbakka og 1000 tunn. til Reykjavíkur. Þótt nefndin hafi ætlað nokkra viðbót til Borðeyrar og Skagastrandar, vantaði hana greinilegar skýrslur um ástandið þar um

kring; en eptir seinustu frjettum úr Strandasýsla má ganga að því sem vísu, að oflítið muni vera ætlað á Reykjarfjörð. Brtl. undir 4. tölulið virðist mjer alveg ófær, en tillögur nefndarinnar miklu betri, fyrst af því, að þótt gott kynni að vera, að lána af þessu fje móti tryggingu, þá hlýtur þetta lán að skoðast sem hallærislán, sem stendur undir umsjón og ábyrgð sýslunefndarinnar; en hvar á sýslunefnd að taka fasteignarveð? Annað mál væri ef þetta væri privatlán, þá gæti brtl. verið góð. Nefndin vill að kostirnir fyrir lántökunni verði ákveðnir 1885 og ætlaði að ekki þyrfti að grípa fyrst um sinn til lánsins, af því svo mikið korn kæmi í haust, en kom þó með þessa tillögu til vara.

Landshöfðingi: Jeg ætla að lýsa því yfir, að mjer þykir það vel farið, að h. h. þd. hefur tekið mál þetta í sína hönd. Mjer þykir það vel farið, að skoðanir og bendingar h. h. þd. komi fram viðvíkjandi útbýtingu gjafanna, því að svo skoða jeg ályktanir þær, sem h. h. þd. kann að gjöra; jeg skoða þær sem bendingar en eigi sem ákvarðanir, enda er það auðsætt, að ákvarðanir þær, sem gjafanefndin setur, eru bindandi fyrir landshöfðingja, um útbýtinguna, og eptir þeim verður hann að fara, en hins vegar verð jeg að geta þess, að bendingar h. h. þd. eru einkar kærkomnar, og munu þær verða teknar til greina eptir því sem unnt er. Á þann hátt vona jeg og að vilja h. h. þd. sje fullnægt. Hvað hin einstöku atriði snertir, þá fer 4. töluliður brtll. fram á, að lh. fái heimild til að lána af viðlagasjóðinum allt að 100,000 kr. með venjulegum kjörum og gegn nægum tryggingum, en n.álitið leggur til, að lána megi hjeruðum þeim, er í vandræðum verða, allt að 100,000 kr. Br.till. þykir mjer nokkuð ísjárverð, ef með henni er girt fyrir hallærislán sýslufjelaganna, nema gegn nægum tryggingum; þykir mjer það mjög varúðarvert, ef það er tilgangurinn að takmarka rjettinn til þess, að veita sýslufjelögum lán án þess veð sje sett. Þessi rjettur hefur hingað til komið að góðu gagni, og vil jeg biðja h. h. þd. að athuga þetta vel, áður en hún fer fram á að takmarka þennan rjett. Sýslunefndin getur átt erfitt með að útvega veð, ef um stór lán er að ræða, en hins vegar er eigi að óttast að sýslunefndirnar misbrúki þennan rjett til að fá lán, því að þær beiðast eigi lána fyrri en í fulla hnefana; enn fremur má geta þess, að samþykki amtsráðanna þarf til lánanna, og mun það veita næga tryggingu og aðhald, svo að eigi þarf að óttast að um lán verði beðið, nema brýna nauðsyn beri til. Hvað sjerstaklega snertir, hvað mikið gjafakorn sje ætlað á hvern einstakan stað, þá spurði h. h. þm. Vsk. (Ó. P.), hverjum væri ætlaðar hinar 1000 tunnur, sem fluttar hafa verið til Reykjavíkur; þá ætla jeg að geta þess, að nálega helmingur þessa korns er sendur til Eyrarbakka, en í haust verður ómögulegt að flytja korn þangað beina leið frá Danmörku. Eins og stendur í n.álitinu verður miklu af gjöfunum, sem til eru, varið til þess að kaupa korn til vetrarins, svo að eigi verður mikið eptir, en þó mun nokkuð verða afgangs, og að því leyti, sem farið er fram á, að verja því fje á sínum tíma til þess að kaupa lífsbjargargripi handa fátækum búendum, þá get jeg vel fallizt á þær tillögur. Tillögurnar um skiptinguna skoða jeg sem bendingu, og get jeg vel fallizt á að fresta útbýtingunni þangað til á útmánuðum, ef það sýnist fært.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er samdóma h. h. þm. Vsk. (Ó. P.) um, að það væri mjög æskilegt, að það gjafakorn, sem á að ganga til Rangárvallasýslu og Skaptafellssýslu, verði sem mest flutt til Eyrarbakka; og af því eigi er gott að flytja þangað að haustinu, þá þyrfti að senda nú í sumar svo mikið sem mögulegt er. Mjer er kunnugt um það, að þeir sem áttu að sækja hingað gjafirnar á næstliðnum vetri til Reykjavíkur, urðu að kosta óbærilega miklu til og komust í þrautir, svo að þó flutningur kornsins austur á Eyrarbakka kostaði töluvert, þá myndi það vera tilvinnandi. Eptir því sem jeg ætla, þá munu þær austursýslurnar eigi komast af með lítið eptir því ástandi, sem þar er. En Gullbringu- og Kjósarsýslu álít jeg eigi muni þurfa mjög mikið nema ef það væri svo sem 3 hreppar, sem kynnu að þurfa nokkuð og svo Borgarfjarðarsýsla. Þar sem farið er fram á, að lh. skrifi reiðurum landsins, þá kann jeg eigi við það. Þætti mjer betra að sýslunefndir gjörðu slíkt, enda er það skylda þeirra að afstýra hallæri, og þegar eins stendur á og nú, að bæði er til mikið gjafafje og líka ráð til að lána, ef að meira á herðir. Hvað lánum sýslufjelaga víkur við, þó vona jeg að eigi þurfi mikið að

koma til þeirra, og jeg vildi óska að aldrei þyrfti á þeim að halda, því að þau eru ekki góð vegna afleiðinganna og meir að segja þau eru hinn mesti vandræðagripur og að mínu áliti hið síðasta neyðarúrræði. 4. tölul. brtill. aðhyllist jeg, því að það getur komið að miklu liði að einstakir menn geti fengið lán gegn nægri tryggingu, en að lána sýslufjelögum með þeim kjörum, sem alþ. 1885 setur, getur verið varúðarvert. Lánið verður þá eigi aptur tekið, og menn kunna að verða óánægðir með kjörin eptir á. En lán til sýslufjelaga eins og hingað til sje jeg eigi að sje nokkuð útilokað með þeim ákvörðunum, sem 4. töluliður setur; hvað á annars að gjöra við viðlagasjóð? er hann of góður til að lána mönnum móti veði til að koma landbúnaðinum upp aptur eptir *fellirinn?* nei, jeg tel hann skyldan til þess meðan 1 eyrir er til í *sjóði.*

Friðrik Stefánsson: Jeg verð yfirhöfuð að álíta að menn gæti litið svo á, að nefndinni hafi tekizt allvel með aðgjörðir sínar í þessu máli. Jeg ætla að eins að geta þess að jeg skil eigi, hvernig Vestmannaeyjar gátu fengið 600 tunnur af korni og um 3000 kr. í peningum, þar sem eru að eins 500 manns, því heldur sem eyjabúar lifa nær eingöngu af sjó, en gjafir frá útlöndum voru mest gefnar vegna harðæris og hnekkis í landbúnaði, en sjóaraflí hefur opt verið minni en nú á undanförnum árum, einkum þar sem ís tálmar ekki fremur en í Vestmannaeyjum, því þetta er svo langt fram yfir það, sem önnur hjeruð landsins hafa fengið að tiltölu og kalla jeg þetta eigi líkt neinu meðalhófi. 4. tölul. aðhyllist jeg, því það geta verið margir menn, sem hafa nokkur efni, en vantar þó peninga til þess að koma upp fje og koma upp búnaði sínum aptur og til þess geta peningar mikið hjálpað, fengist þeir lánaðir móti veði, eins og tekið er fram í 4. tölul. brtill., en hallærislán eru neyðarúrræði, og er það þd. kunnugt af dæmunum í Snæfellsnessýslu að lán þau eru ógoldin enn, en vitaskuld er að hefðu ekki gjafir komið frá útlöndum, þá hefði landssjóður orðið að hjálpa. Aptur á móti væri gott að einstakir menn gætu fengið lán; menn kunna að benda á frv. lánsbankans, sem nú er í efri deild, en jeg tel óvíst að hann komizt þó á að svo stöddu. Stj. getur ávallt haft það til, að neita um staðfestingu á lögunum þó þau kæmust hjer í gegn á þinginu. Hún hefur sýnt það, að hún kann að standa í vegi fyrir merkum frv. frá þinginu. Hún hefur heldur ekki svo merkilega fjárstjórn á landsins fje og tel jeg það einstaklegt og jafnvel fádæmi, að draga mestalla þá peninga landsins sem lsj. tilheyra út úr því og ávaxta þá suður í Danmörku, þar sem peningaeklan er hjer þó svo afarmikil sem öllum er ljóst, og að allra hagfróðra manna áliti er álitið, að standi einna mest í vegi fyrir framförum landsins. Eins og jeg hef tekið fram, er gjöfunum til Vestmannaeyinga úthlutað ríflega, því að jeg tel það einstaklegt að liðug tunna korns auk 6 kr. komi á hvert mannsbarn í Vestmannaeyjum.

Landshöfðingi: Þm. Skg. (Fr. St.) fór hörðum um, að Vestmannaeyjar hefðu fengið of mikinn styrk af gjöfunum, en aðfinningar hans eiga hjer ekkert við. Hjer stendur enginn ábyrgð á því, hvernig gjöfunum er varið. Útbýtingin hefur farið fram samkvæmt ráðstöfunum gefendanna. Þar sem sama þm. þótti fráleitt að fje viðlagasjóðsins stæði í konungl. skuldabrjefum. þá held jeg, að hann muni játa, að það er eigi þægilegt, að hafa eigi nokkurt fje að grípa til, sem hægt er að koma í peninga þegar svo stendur á að þess þarf. Það játa jeg að gott sje að hafa svo mikið á vöxtum í landinu sem verða má, en það er líka nauðsynlegt að hafa töluvert fje í konunglegum skuldabrjefum. Þar sem fram hafa komið mótbárur móti lánum til sýslufjelaga, þá ætla jeg að geta þess, að mjer þykir það mjög ísjárvert fyrir þingið að heimta af þeim tryggingu í fasteignarveði; finnst mjer megi nægja skuldbinding sýslunefndar. Og þó reynslan hafi sýnt, að stundum hafi eigi gengið vel að fá lánið borgað, þá hafa þar þó verið sjerstakar kringumstæður, þar sem eitthvert hið fátækasta sýslufjelag á í hlut, Snæfellsnessýsla, og skuldin hins vegar töluvert gömul hallærislán. Lánið var tekið í harðindum og nú eru harðindi, og er það erfitt að borga harðærislán í harðindum. Jeg vildi þess vegna því heldur óska, að það kæmi beinlínis yfirlýsing fram í þingræðunum um, að stj. hefði heimild til, að lána sýslufjelögum fje á sama hátt og að undanförnu og að það ekki væri meiningin að útiloka þetta með ákvörðuninni um lán mót veði. En um þetta sýnist eiga bezt við að koma með tillögu þegar fjárlögin eru rædd. Eins virðist það eiga betur við, að koma með tillöguna um að verja 100,000 kr. af

innskriptarskírteinum viðlagasjóðsins í peninga og lána þá út, þegar fjárlögin koma til meðferðar.

Eiríkur Briem: Þm. Vsk. (Ó. P.) þótti það ísjárvert, að kornútbýting í Skaptafellssýslu yrði látin dragast þangað til á útmánuðum, en jeg vil þá fyrst geta þess, að hjer er eigi að tala um fullkomlega bindandi ákvarðanir, eins og h. h. lh. hefur þegar sagt, heldur um tilmæli um, hvað hafa skuli fyrir aðalreglu; ennfremur getur ekkert verið því til fyrirstöðu, að flytja gjafakornið í sumar eða haust þangað sem bezt á við. Það er auðvitað ekkert á móti því að flytja kornið, sem sýslunum austur frá er ætlað, nú þegar í sumar til Eyrarbakka, þaðan sem mönnum verður svo miklu ljettara að sækja það, en það tel jeg betra að geyma útbýtinguna sjálfa þangað til á útmánuðunum. Þar sem frsm. (E. K.) þótti það áríðandi, að menn gætu fengið styrk til fjárkaupa nú þegar í haust, þá er 2. tölulíður því eigi til fyrirstöðu, því að þar er einungis farið fram á, að ef eitthvað verði eptir af gjafafjenu í vor, þá skuli eigi lengur draga að nota það, heldur verja því þá til að kaupa lífsbjargargripi handa bágstöddum búendum; sýnist mjer 2. tölul. því vel geta samrýmzt við n.álitið. H. h. lh. áleit, að 4. töluliður væri því til fyrirstöðu að sýslufjelög fengi lán á líkan hátt og verið hefur; en þetta skil jeg eigi; þessi tölul. á einungis við að fje sje til, til að lána einstökum mönnum gegn veði, en rjetturinn til þess að lána sýslufjelögum þar að auki, á sama hátt og áður, þegar brýn nauðsýn ber til, er óhaggaður; að vísu óska jeg og vona, að eigi þurfi að koma til slíkra neyðarúrræða, og skal jeg sjerstakleg geta þess, að jeg hygg að 4. töluliður muni verða að miklu liði, og að hann muni verða til þess að síður þurfi að taka hallærislán. Þar sem h. h. lh. tók fram að slík ákvörðun ætti fremur heima í fjárlögunum, þá verð jeg þó að geta þess, að þessi ákvörðun er fram komin sjerstaklega vegna harðæris, og á að því leyti vel við hjer, og svo er líka nauðsynlegt að hún komi sem fyrst, svo að stj. geti farið að búa sig undir að veita mönnum lán nú þegar í haust áður en fjárlögin koma í gildi, og er það mjög áríðandi, svo að menn þurfi eigi að farga skepnum sínum nú í haust nema svo lítið sem framast má verða.

Jón Sigurðsson (forseti): Það er má ske óþarfi fyrir mig að taka til máls, þar sem svo sem engin mótmæli hafa komið fram gegn br.till. N. hefur tekið vel í þær, enda er fyrri hlutinn alveg sama efnis og hjá n., það er að eins nákvæmar til tekið hvað þd. fer fram á. Frsm. (E. K.) var ekki alveg samþykkur 2. tölul. br.till.; hann vildi láta kaupa fjárstofn nú þegar á næsta hausti, en það fæ jeg eigi sjeð að sje rjett, því að hver veit nema að þurfi að halda á öllu fjenu til þess að halda lífinu í fólki til næsta vors, og er þá eigi rjett að setja fjeð fast, sem það myndi vera, ef nú væri farið að verja peningunum til þess að kaupa fjárstofn nú þegar í haust. Í öðru lagi getur svo farið, að sá vetur komi, að peningur falli, og þótt eigi færi svo, þá er þó í öllu falli skynsamlegra að kaupa fjárstofn sinn að vorlaginu, heldur en að haustinu. Hvað 3. tölulið snertir, þá hefur sumum eigi þótt viðkunnanlegt, að lh. skrifaði helztu reiðurum landsins um kornvöruflutning í haust. Þessum mönnum er jeg fullkomlega samdóma, og þætti mjer betra að sýslunefndirnar gjörðu þetta, en jeg verð að biðja menn vel að athuga að þetta er orðið of seint nú. Jeg efast um að nokkurri sýslunefnd hafi hugkvæmzt þetta, og þó að vjer nú færum að skrifa sýslunefndunum og skora á þær að gjöra þetta, þá yrði það um seinan, því að það eru seinustu forvöð að skrifa nú með næsta póstskipi eptir matvöru, sem koma ætti upp til landsins í haust. Mjer datt í hug að koma með hinn 3. tölul. af því að jeg hef talað um þetta við einn reiðara, sem hjer dvelur nú í bænum, og tók hann mjög vel í það, og taldi það næsta líklegt, að reiðarar yrðu við tilmælunum, einkum ef 4. töluliður yrði líka samþykktur. Menn hafa talað nú um hallærislán og lán til einstakra manna, og borið þessi lán saman; lán til einstakra manna og einstakra fyrirtækja eru víst algeng í öllum löndum, en jeg hef ekki tekið eptir því að hallærislán komi fyrir í nokkru siðuðu landi og jafnvel eigi heldur í ósiðuðum löndum, því að hallærislán geta með engu móti skoðast öðruvísi en sem sveitarstyrkur til þess að halda lífinu í þeim, sem ekki geta bjargað sjer sjálfir. Hallærislán eru þau mestu neyðarúrræði, sem jeg þekki, og það hefur reynslan fram á þennan dag sýnt. Það er töluverður munur á óþvinguðu láni og hallærisláni. Hallærislánsfje eiga sýslunefndir og hreppsnefndir að úthluta til hinnar allra aumustu og þurftugustu. Lánið á að koma í verðuga staði, og

til þess að bjargja lífi í mönnum, en mundi það vera dæmalaust, að slík lán gengi þó upp í gamlar skuldir til kaupmanna eða í landsskuldir til landsdrottna? Ekki verða hlutaðeigendur fyllri fyrir þetta og hvorki bætir þetta úr hallærinu eða kemur mönnum á annan veg upp. Hvað hitt lánið snertir, þá eru meiri líkindi til að fjeð lendi hjá efnamönnum, sem verði eitthvað úr því. Þessi lán geta verið prenns konar. Í fyrsta lagi geta menn fengið lán til jarðakaupa, en þessir peningar eru eigi lagðir á kistubotninn, því að þeir lenda hjá þeim, sem selja jarðir sínar, af því að þeim er þörf á peningum. Þessir peningar dreifast út um landið. *(Gr. Th.*: Fara til Hafnar). Já, en gjöra eigi hallærispeningarnir það líka? Í öðru lagi fá menn peninga til þess að bæta jarðir sínar. Þessu fje er vel varið. Og er það sannarlega gleðilegt, að það er töluvert að færast í vöxt, að menn fái lán til þess að bæta jörð sína; hygg jeg að menn geti naumast varið peningum öllu heppilegar. Veit jeg að svo hafa menn varið peningum, er menn hafa fengið að láni úr ljs., en það er líka kunnugt að nokkuð af fje lsj. hefur lent í kaupstöðum t. a. m. Reykjavík og verið varið til húsabygginga. Þetta hefur sína kosti, en er þó eigi alls kostar heppilegt, og hef jeg því hugsað mjer að bæta inn í 4. tl. ákvörðun um, að hinum umræddu 100,000 kr. verði mestmegnis varið til lána út um landið. Held jeg að peningaleysi sje eitthvað hið versta átumein landsins, og að ef menn gætu bætt úr því, þá væri það eitthvað bezta meðal til þess að landið gæti rjett við aptur. Einkum verða vandræðin mjög mikil í ár, af því að vesturfarir eru meiri en undanfarin ár, og er jeg viss um að vesturfarar hafa farið með hvern eyri á norður- og austurlandi. Nú er þess og að gæta, að lifandi pening hefur fækkað ótrúlega mikið og því verður fjársalan, sem fyrirfarandi ár hefur verið eini vegurinn til þess að fá peninga, svo sem engin, og þori jeg því að fullyrða að norður- og austurland verður alveg peningalaust eptir þetta sumar og þá verða allar verklegar framfarir stoppaðar. Ef menn því gætu fengið peninga inn í landið, þá held jeg að það verki meira, en bæði gjafir og hallærislán. Legg jeg því mesta áherzlu á 3. og 4. tölul. Það væri ágætt, ef þingið fengi því til leiðar komið, að kornvörubyrgðir væru nógar nú í haust, einkum þar eð korn er í mjög lágu verði. Og hitt væri eigi síður mikilsvarðandi, að fá peninga inn í landið til þess að borga kornvöruna með eða til annarar góðrar notkunar. Þar sem h. h. lh. þótti ísjárvert, að leggja bönd á stjórnina viðvíkjandi hallærislánum, þá hefur mjer eigi dottið í hug að gjöra það með 4. tölul. Mjer hefur eigi komið í hug nje hjarta, að takmarka rjettinn til að lána sýslufjelögum. En eigi get jeg sjeð að neina sjerstaka yfirlýsingu þurfi frá þinginu um að stj. hafi leyfi til þess: hún hefur gjört það að undanförnu án þess, og hygg jeg að hún geti eins gjört það framvegis: en hins vegar vil jeg eigi að stjórnin veiti hallærislán nema í ýtrustu nauðsyn, en þó vil jeg eigi leggja nein bönd á hana, því að það er sjálfsagt þegar um lífið er að tefla, að grípa til hallærislána, þó að það sje neyðarúrræði bæði fyrir þá, sem taka lánið og veita það.

Landshöfðingi: Þegar hin 4. brt., eða hinn 4. liður í brt. hins hæstv. forseta er skilinn á þann hátt, sem hann sjálfur vill, og flm. þessara brt. (E. Br.) skilur hann, nefnilega að hann banni alls ekki að veita hallærislán, á sama hátt og að undanförnu, heldur megi gjöra það eins eptir sem áður, ef brýn nauðsyn er til þess, þá er ástæðan fyrir *mótmælum mínum* horfin. Jeg skal játa að verði þessi 4. liður samþykktur, þá verður ef til vill nokkuð síður þörf á hallærisláni. Jeg skal og fúslega vera hinum hæstv. forseta samdóma um það, að hallærislán eru neyðarúrræði, og að það geti átt sjer stað, að fjeð gangi stundum til að borga gamlar skuldir í staðinn fyrir að kaupa sjer lífsbjörg fyrir það.

Það er sjálfsagt að veita ekki hallærislán nema þegar hin brýnasta nauðsyn er til þess, en það er álitin næg trygging fyrir því að svo sje, þegar sýslunefndirnar taka lánið og amtsráðin samþykkja það. Þessa hefur verið gætt við lán hingað til og verður sjálfsagt gætt framvegis.

Hinn hæstv. forseti tók það fram, að hallærislán væru óeðlileg í sjálfu sjer, en þingið hefur þó áður tekið þann kost að veita fátækum sýslum eða sveitafjelögum styrk í hallæri með láni, en ekki með gjöf og í samræmi við það stendur, að þingið hefur neitað um uppgjöf á hallærisláni, en reynt að setja svo aðgengilega borgunarskilmála, að viðkomandi geti borgað. Þessi aðferð sýnist mjer vera alveg rjett, og get

jeg því ekki sjeð að hallærislán sje óeðlilegt þegar það er nauðsynlegt. til að firra heilar sveitir vandræðum og bjargarskorti.

Hvað hina 3. brt. snertir um að sú ósk sje borin til kaupmanna að þeir sendi meiri kornbyrgðir hingað til landsins en þeir eru vanir, þá er sjálfsagt hægt að framkvæma það, ef þingið fellst á þá ust., en jeg leyfi mjer að efast mikið um það, hve mikla þýðingu sú ákvörðun eða ósk hefði, ef kaupmönnum ekki jafnframt er gefin einhver vissa eða ábyrgð á því, að þeir fái þessar vörur endurgoldnar; það eina sem þingið væntanlega í þessu efni getur gjört er að veita þetta lán, sem 4. brt. fer fram á, og þá má jafnframt skýra kaupmönnum frá því, að þessar ráðstafanir hafi verið gjörðar til þess að koma peningum inn í landið, og með því sje landsmönnum gjört ljettara um að borga; en bæði er það engin vissa fyrir kaupmenn og svo er hætt við, að árangurinn verði ekki jafnmikill af þessu tilboði í 4. brt. eins og hinn hæstv. forseti gjörði ráð fyrir.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal játa, að n. var í nokkrum vanda stödd. Vjer sem í n. sátum, gátum ekki, sem vonlegt var, haft fyrir okkur nægilegar skýrslur frá ýmsum hlutum landsins. Það getur ekki verið umræðuefni, að þingið ákveði eitthvað fast, heldur er það hið eina umræðuefni hjer, að koma fram með bendingar, sem engan veginn eru skuldbindandi fyrir landshöfðingja; hið eina sem gæti verið skuldbindandi og föst ákvörðun frá þingsins hálfu, er 3. liðurinn í niðurlagsatriðum n.; hitt allt eru bendingar.

Vjer gátum alls ekki sagt framar en hinn hæstv. lh., hversu mikið þyrfti til útbýtingar í hverri sýslu landsins nú í haust, og þess vegna álít jeg tillögu forsetans, eða þm. Sp. (J. S.), ekki alls kostar rjetta, að útbýta helmingi gjafakorns þess, sem til verður í haust, þá þegar, og hinum helmingnum á útmánuðum eða að vorinu. Það á auðvitað að fara eptir skýrslum til lh., en þær geta að svo miklu leyti sem þær fást, verið þannig að það þurfi að útbýta meir en helmingnum nú þegar í haust eða þá ekki svo miklu. Þess vegna ætti ekki að setja skuldbindandi ákvörðun um þetta. Jeg er viss um, allir þingmenn vilja, að þessari gjöf sje ekki útbýtt að nauðsynjalausu; ef brýn nauðsyn er ekki í haust, þá á að geyma kornið þangað til nauðsyn kemur og maður getur útbýtt því á hinn haganlegasta hátt.

Á hinn bóginn verður lh. að útvega sjer skýrslur um ástandið í landinu sem beztar hann getur fengið. Við getum í nefndarálitinu ekki sagt mikið meira en hvað við ímyndum okkur um ástandið; það getur, ef til vill, verið miklu lakara sumstaðar. Þess vegna verða og ráð okkar ekki nema bendingar.

Það gæti vel verið gott að hafa talsvert næsta vor til fjenaðarkaupa, en gjafirnar eru fyrst og fremst ætlaðar til lífsbjargar í bráðina; þess vegna á fyrst að gá að því, hvort þeirra er eigi þörf einmitt í haust og vetur til lífsbjargar; ef sú þörf kemur ekki fyrir, þá má hugsa sig um, hvort eigi að úthluta peningum til sumra sveita að koma sjer upp fjárstofni.

Aðaltilgangur n. með 3. lið í niðurlagsatriðum sínum var sá, að ef það sæist, að gjafirnar hrykkju ekki til að bjarga mönnum frá hungri, þá gæti þetta fje verið fyrir hendi. N. ætlaðist ekki til að lh. veitti þetta hallærislán úr lsj. nema hin brýnasta nauðsyn væri. N. þótti eptir sögum úr landinu nauðsynlegt að bæta þessari ákvörðun við, ef gjafirnar hrykkju ekki.

Jeg er samdóma forsetanum um það, að það er vandræði að þurfa að grípa til þessara hallærislána, og það megi ekki nota þau um skör fram. Jeg skal og gjarnan vera honum samdóma um það, að þessi hallærislán koma eigi ætíð að þeim notum, sem til er ætlazt; en þingið getur ekki gefið neinar bindandi ákvarðanir um það, hvenær og hverjum megi lána, þegar svo á stendur; lh. og hin umboðslega stjórn verða að sjá um það, og þingið frá sinni hálfu getur ekki gjört annað, en vonast og óskað eptir varkárni af hendi umboðsvaldsins.

Um hinn 4. lið í brt. þm. Sp. (J. S.) verð jeg að segja, að mjer þykir hann nokkuð varúðarverður. Ef jeg man rjett, þá munu 400,000 kr. af 700,000 kr. í viðlagasjóði vera nú sem stendur lánaðar víðsvegar út um landið, og þá standa 300,000 kr. eptir. Jeg vil ekki segja að þetta kynni ekki að mega minnka, en það er alveg nauðsynlegt fyrir lsj., að hafa jafnan nokkuð fje og það talsvert, til þess að grípa til; en það verður eigi þegar allir peningarnir eru í útláni. Forseti (J. S.) er mjer víst samdóma

um það, að þessir peningar eru eigi æfinlega endurgoldnir jafnskjótt og þeirra er krafizt, og þannig gæti það komið fyrir, að stj. gæti haft ástæðu til að bera það fyrir, að nú væru ekki peningar fyrir hendi þegar eitthvað ætti að framkvæma eptir ósk alþ.

Jeg fæ eigi heldur betur sjeð, en að með þessum 4. lið sje hallærislánið útilokað, þó að forsetinn hafi skýrt svo frá, að það sje ekki tilætlan sín. Jeg vil benda honum á, að þá hefði þurft að orða brt. nokkuð öðru vísi. Þar stendur að 4. liður komi í stað 3. liðs, eða 3. niðurlagsatriðis n., og er með því *eptir orðunum* beinlínis útilokuð áskorun n. um hallærislán. Hann verður og að játa, að þegar þessi liður kemur beinlínis í staðinn fyrir hið 3. niðurlagsatriði n., þá eru nokkur höpt lögð á þessi hallærislán. Jeg er sem jeg þegar hef sagt, samdóma hinum hæstv. forseta, að eigi megi grípa til þessara lána nema í brýnustu nauðsyn, en jeg vil ekki að þau sjeu útilokuð, vegna kvartana þeirra um neyð og bágindi, sem komið hafa víðsvegar úr landinu.

Viðvíkjandi hinni nýju tillögu, sem er 3. liður í ust. forseta, þá hygg jeg að það komi að litlu gagni, þó að lh. skori á hinar helztu verzlanir, að flytja meira korn í haust til landsins en að undanförnu. Það er ekki nema eðlilegt, að kaupmenn spyrji þá aptur á móti: «Vill lsj. kaupa þetta korn, eða ábyrgjast okkur að það verði keypt og borgað». Yfir höfuð hygg jeg, að sú tilraun kæmi ekki að neinu gagni, og því ekki vert að samþykkja þennan 3. lið. Jeg hef allgóðar vonir um það, að ef sumarið reynist eins og það nú lítur út fyrir, þá verði ekki meira korn nauðsynlegt til lífsbjargar en það sem gefið er.

Hvað peningaskortinn snertir í landinu, þá hygg jeg að hinn háttvirti forseti verði mjer samdóma um það, að þó að 300,000 kr., sem nú eru í innskriptarskírteinum, allar yrðu teknar að láni nú í haust eða vetur, þá yrði það ekki nema lítill ljettir um stundarsakir. Allir þeir peningar mundu ganga aptur út úr landinu. Þeir sem gætu notað þetta lán, væru helzt jarðaeigendur og einkum jarðakaupendur, sem síðan settu jörðina í veð, en þeir sem nú á tímum helzt selja jarðir, eru vesturfarar, sem fara síðan með alla peningana út úr landinu. Önnur aðalleið peninganna út úr landinu er í gegnum hendur kaupmanna. Það sem helzt getur ráðið bót á þessu, er fjársalan og hestasalan til Englendinga. En veruleg bót á peningaskorti landsins getur eigi orðið með verzlunarlaginu, sem nú er. Vilji og geti hinn hæstv. forseti komið fram með líklega ust. til að koma á nýju og betra skipulagi á verzlun vorri, þá skal jeg verða fyrstur manna til þess að styðja hann að því verki.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Jeg get eigi stillt mig um að tala fáein orð í tilefni af ákúru þeirri, sem 1. þm. Skg. (Fr. St.) gaf n. fyrir það, hvað mikið af gjafafjenu kæmi í hluta Vestmannaeyinga; en jeg verð að benda honum á, að n. áræddi ekki að finna að aðgjörðum lh. og samskotanefndarinnar í Kaupmannahöfn; styrkurinn til Vestmannaeyja er veittur eptir hennar ráðstöfun, enda var, þá er styrkurinn kom, ástandið þar hið hörmulegasta.

Jeg verð að vera móti hinni nýju till. þm. Sp. (J. S.) um þessa áskorun til kaupmanna, því að hún er þýðingarlaus. Þeir munu sjálfsagt hafa nægar kornbyrgðir og fram yfir það, ef þeir eiga víst að geta selt það í vísa skuldastaði, en hver ábyrgist það? Jeg er hræddur um að kaupmenn kynoki sjer við að flytja meiri vörur til landsins, en þeir eru vissir um að geta selt með von um endurborgun, og þingið getur ekki sagt þeim fyrir um vörubyrgðir sínar.

Það er sjálfsagt heppilegt að útbýta í tvennu lagi, en ekki rjett að binda sig við við það, að útbýta helmingnum í haust og hinum helmingnum að vorinu. N. vildi ekki fara fram á það, því að vel getur verið að ekki sje þörf fyrir helminginn alstaðar í haust, og þar eð líka er nauðsynlegt að bíða eptir skýrslum til lh., en þær fær hann ekki alstaðar frá nógu snemma til þess að útbýtt verði eptir þeim í haust.

Mjer fannst og ofmikið vera lagt í bendingar mínar um að verja nokkru af fjenu einmitt til fjárkaupa í haust handa hinum bágstöddustu sveitum þar sem fellirinn hefur orðið mestur. Jeg skil eigi annað en þess væri þörf þar sem skepnulaust er að kalla, svo að ekki verður annað til lífsbjargar um veturinn en kornið eða mjölið og vatn, og er það eigi lífvænlegt fyrir menn, og þess vegna nauðsyn til að styrkja slíka menn til fjárkaupa nú þegar í haust. Það er auðvitað vonandi, að það þyrfti ekki að vera við.

Jeg er hræddur um að þessi ákvörðun

í 4. lið í brt. hins h. forseta um nægа tryggingu fyrir láninu verði til þess að það verði síðar notað til þess að ráða úr bjargarskortinum, því að svo er ráð fyrir gjört um þessi hallærislán í tilskipun frá 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi, að sýslunefndir eigi að sjá ráð til að afstýra hungursneyð og sá eini vegur, sem til þess er, er sá að þær megi taka lán úr lsj.; en sýslunefndirnar hafa sem kunnugt er ekkert veð til þess að geta boðið nægar tryggingar, og er því efasamt hvort hinar bágstöddu sýslur gæti notið góðs af láninu með þeim skilmálum.

Ólafur Pálsson: Jeg skal ekki orðlengja um þetta mál; jeg gat þess áðan í ræðu minni, að mjer væri eigi kunnugt um, hvert þær 1000 tunnur ættu að fara, sem gjört er ráð fyrir, að lagt verði upp í Rvík.; en eptir að jeg hef heyrt ræðu hins hæstv. lh., hægði mjer svo fyrir brjóstinu, að jeg þarf ekki að eyða fleiri orðum að því atriði, af því jeg gjöri mjer góðar vonir um, að það fari eitthvað í þá átt, sem mjer líkar.

Jakob Guðmundsson: Forseti (J. S.) tók það fram í ræðu sinni, að það væri ekki meiningin með 4. tölul., að taka fram fyrir hendurnar á stjórninni, þannig að hún gæti ekki eða mætti ekki veita hallærislán, ef á þyrfti að halda, enda er það mjög æskilegt, að menn geti haft aðgang að lántökunni. En hví má eigi koma með þessa ákvörðun sem sjerstaka uppástungu? Jeg get ekki betur sjeð, en að það mætti vel fara, að koma með þessa ákvörðun sem sjerstaka uppástungu; en því er jeg alveg á móti, að 3. niðurlagsatriði nefndarálitsins falli í burtu. Mjer skilst, að þessi brtill. við 4. tölul. muni vera fram komin af kvíða fyrir því, að það frv., sem liggur fyrir þinginu um banka, eða annað lánfæri, nái ekki fram að ganga.

Þorsteinn Jónsson: Nefndin hefur skýrt frá, að álit sitt sje að skoða sem bendingar, og ekki annað; jeg vil nú bæta við þessar bendingar. Þær 150 tunnur, sem leggjast eiga upp á Papós, og ætlaðar eru Austur-Skaptafellssýslu, munu reynast ónógar til að bæta úr þörfinni þar. Þá bendingu skal jeg og gefa, að það er mjög nauðsynlegt, að skipta ekki og úthluta forðanum þar í sýslu jöfnum skiptum í tvennu lagi, og er það einkum vegna vetrarflutninganna. Jeg skyldi hafað svarað 1. þm. Skg. (Fr. St.) nokkrum orðum, hefði lh. ekki tekið það ómak af mjer. Það er annars merkilegt um annan eins söguspeking eins og 1. þm. Skg. er að allra dómi, að hann skuli ekki þekkja meira til Vestmannaeyja en hann gjörir, eða ástandsins þar; það hefur þó komið fram í blöðunum, þó ekki standi það í neinni sögubók. Það er auðsjeð, að þeir menn, sem setið hafa í útbýtingarnefndinni utanlands, hafa verið kunnugri Vestmannaeyjum og ástandinu þar, heldur en þm., og er hann þó Íslendingur, en hinir útlendir menn.

Jón Sigurðsson (forseti): Jeg skal að eins leyfa mjer að fara fáum orðum um 4. tölul., og skal jeg þá taka fram, að jeg verð að álíta, að hinn h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) hafi alveg rjett fyrir sjer í því, að þessi liður eigi að komast að í stað niðurlagsatriða nefndarinnar. Ástæðan fyrir þessari minni skoðun er fyrst og fremst sú, að mjer þykir allt of mikið að biðja um 200,000 kr. úr viðlagasjóði, og svo er annað það, að það er mjög á móti mínu skapi, og eins er jeg viss um að er með fleiri h. þm., að fara nú að gjöra ráð fyrir hallærisláni. Með því að samþykkja 4. tölul. er heldur engu sleppt, því stj. getur gripið til hallærisláns, ef í nauðir rekur, eins fyrir það, þótt 4. tölul. væri samþykktur. Jeg treysti því líka, að forsjónin láti ekki svo kreppa að, að gjafafjeð, auk þessara 100,000 kr., sem geta orðið kröptugasta meðal til að bæta úr hallæri, ekki hrökkvi. Jeg skal svo ekki leggja meira út af viðbjóð mínum á hallærislánum, og ekki tala meira um þau, því þau eru ekkert gamansefni, og jeg þykist sannfærður um, að allir eru mjer samdóma um, að þau sjeu hið mesta neyðarúrræði. Að því er 3. tölul. brt. snertir, má vel vera, að hann hafi ekki sjerlega mikla praktiska þýðingu, en tilkostnaðurinn er þá að hinu leytinu ekki mikill: fáeinir blekdropar og pappírsarkir. Mjer dettur ekki í hug, að þetta hafi í för með sjer ábyrgð fyrir stj. eða lsj., en jeg sje að þetta verður óbeinlínis hagur fyrir kaupmenn. Það viðurkenna og kaupmenn sjálfir; og get jeg sannað með dæmi, að svo sje. Kaupmaðurinn á Húsavík byrgði verzlun sína að kornvöru betur en vandi er til, þegar hann í fyrra vissi um ástandið hjer, svo að nógar matarbyrgðir voru í vor, og það þótt skip hefðu ekki komið. Sama átti sjer stað með Akureyrarkaupmenn. *(Gr. Th.:* Þá þarf ekki að biðja þá um það). Ekki þá, heldur aðra kaupmenn, og þótt jeg

ekki vilji leggja mikla áherzlu á þýðingu þessa töluliðs, held jeg þó að hann verði ekki þýðingarlaus, þó að kaupmenn fari ekki bókstaflega eptir áskoruninni.

Friðrik Stefánsson: Jeg vildi einungis leiðrjetta með fám orðum misskilnig þann sem mjer virðist hafa risið af orðum mínum. Það var aldrei sögn mín, að h. hæstv. lsh. væri sök í því, að skiptingin væri ójöfn; hann tók fram að skiptingin hefði verið eptir fyrirmælum gefendanna, en það skil eg samt ekki, að gefendunum hafi verið kunnugt um sáraumlegt ástand Vestmannaeyja, því meiningin er að landshöfðingi hefur úthlutað gjöfunum þangað eptir skýrslu Vestmannaeyinga, en þeir hafa borið sig mjög aumlega. Út af ummælum h. h. þm. Vestmanneyinga vil jeg minna hann á hið fornkveðna: «það eru ekki búmenn, sem ekki kunna að berja sjer». Það er satt eins og h. h. þm. V. (Þ. J.) sagði að jeg ekki þekki vel til á Vestmannaeyjum; en jeg þekki samt hvað þær kosta landið: Sýslumaðurinn kostar 2 þús. kr. á ári, læknirinn 1900 kr., presturinn 1400 kr. eða samtals á 6. þús. kr. En tekjurnar af Vestmannaeyjum þær eru aptur á móti engin ósköp; ábúðar- og lausafjárskatta er ekki að telja, og tollgjöld eru ekki mikil á móti því, sem landssjóður leggur til. Hefðu aðrir Íslendingar átt að njóta jafnrjettis við eyjarskeggja þessa með gjafirnar þá hefðu þeir átt að fá 2 miljónir króna eptir manntali, og er það að mínu áliti ekki smáræði, að jeta upp á einu ári 2 miljónir kr. af gjafafje.

ATKVGR.: Fyrsta tillaga Jóns Sigurðssonar (C 270) samþykkt með 12 atkv.;
2. till. (ný) sþ. með 14 atkv.;
3. — — felld með 10:3;
4. — — sþ. með 15 atkv.

Þar með voru uppástungur nefndarinnar (C 236) fallnar. Málinu vísað til síðari umr. í e. h.

Frumvarp til laga um fiskiveiða hlutfjelaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland (C 232); ein umræða.

Frv. sþ. umræðulaust í einu hljóði og afgreitt síðan til lh. sem *lög frá alþingi.*

Tuttugasti og níundi fundur, föstudag 3. ágúst kl. 12. Allir á fundi.

Uppástunga til þingsályktunar um launamál Þorgríms Johnsens hjeraðslæknis (C 201); ein umr.

Flutningsmaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg verð að telja það sjálfsagt, að h. h. deild hafi kynnt sjer mál þetta, þar sem dómur í því hefur nú um nokkurn tíma legið hjer á lestrarstofunni, en í dómnum eru ljóslega teknar fram málsástæður allar. Jeg vona, að engum hinna h. þm. komi til hugar, að hjer sje um kappsmál að ræða fyrir mjer, enda er málið mjer persónulega allsendis óviðkomandi. Á hinn bóginn tel jeg það rjett, að þingið láti í ljósi skoðun sína á því, hvort ráðlegt sje, að láta málið fara lengra; því að af málskoti til hæsta rjettar hlýtur að leiða kostnað fyrir landssjóð og óhagræði fyrir dómshafanda. Jeg verð að taka það fram, að þótt þingið láti skoðun sína í ljósi, hvað það telur rjettast eptir málavöxtum, þá hefur ráðgjafinn allt um það frjálsar hendur að gjöra það sem honum gott þykir. En auðvitað er það, að ef ráðgjafanum þykir eigi næg ástæða til að skjóta málinu til hæstarjettar, þá verður það að bíða þangað til þing kemur næst saman eða til 1885, nema því að eins, að þingið nú láti skoðun sína í ljósi um það atriði, því að hvorki ráðgjafinn út af fyrir sig nje þingið út af fyrir sig getur ráðið, hvort málinu eigi að skjóta til æðri rjettar. Nú er málið svo ljóst, að engum getur blandazt hugur um, að læknir sá, er hjer á hlut að máli, hefur eptir lagastafnum á rjettu að standa, og verður því ekki sjeð, að það sje annað en kostnaður að skjóta málinu til hæstarjettar. Það er ekki svo að skilja, að þingið gjöri með þessu *ákvæði* um að láta málið ekki fara lengra, heldur er það einungis yfirlýsing á vilja og skoðun þingsins, sem um er að ræða.

Sá læknir, sem hjer á hlut að máli, var skipaður í embætti árið 1869; hjelt hann því embætti þangað til 1874, að hann fjekk það embætti sem hann nú hefur; var það launað með 1200 kr. á ári og með uppbót eptir l. 1870. En með því að embættisaldur hans var talinn frá 1869, átti hann að fá síðustu uppbót launanna árið 1878; en þá var honum neitað um hana, og hefur jafnan verið neitað um hana síðan, svo að nú er uppbótarfje þetta orðið 1190 kr. til 1. okt. 1882 og á uppbótin að greiðast honum framvegis, þó að það sje ekki með berum orðum tekið

fram í dómnum. Málið verður ljóst, þegar borin eru saman læknalögin frá 1875 við hinn almennu launalög. Þar stendur skýlaust tekið fram: «Læknar skulu einkis í missa af þeim launum, sem þeir hafa». Nú er það aðgætandi, að embættið var veitt honum árið 1874, áður en alþingi gat haft nokkurt atkvæði um þetta atriði. Fyrst árið 1875 gat atkvæði alþingis komið hjer til greina. Konungur var þá einvaldur í þessu efni, og það er beinlínis eptir konugsúrskurði, að uppbótin átti að greiðast lækninum. Jeg get því ekki sjeð, að hjer geti verið um nokkurn vafa að ræða. Að síðustu skal jeg minna hina h. deild á, að hjer er mjög líku máli að gegna eins og var fyrir nokkrum árum um skrifstofukostnað amtmannsins í Suður- og Vesturumdæminu. Þá dæmdi hæstirjettur einmitt eptir þeim konungsúrskurði, sem fyrir lá, og svo gjörir hann að öllum líkindum í þessu mál.

Landshöfðingi: Jeg get ekki betur sjeð en að mál þetta sje svo vaxið, að deildin eigi ekki að taka það til meðferðar á því stigi sem það nú er á. Það er ekki rjett, að d. hafi eða leitist við að hafa nein slík áhrif á áfrýjun málsins, heldur sje ráðgjafinn einráður um það. Að öðru leyti skal jeg ekki fara út í málið sjálft, heldur einungis benda á hina formlegu hlið þess. Í máli þessu liggur fyrir yfirrjettardómur, og getur hann verið á góðum rökum byggður; um það vil jeg alls ekki efast, en hann mun vera eins og aðrir dómar, að fleiri meiningar geti verið um það, sem hann hefur við að styðjast. Stjórnin hefur nú áður lýst yfir skilningi sínum á því atriði, sem einmitt hjer er ágreiningurinn um. Árið 1881 fjellst þingið á þá skoðun sem stjórnin hafði á hinni lagalegu spurningu í málinu, og þegar landsh. bar fram bratkv. er fór fram á, að veita launauppbótina allt um það, ekki sem neina rjettarkröfu, heldur af sanngirnisástæðum, þá felldi þingið br.-uppást. hans. Spurning þessi er nú einu sinni komin til dómstólanna, og er því rjettast fyrir þingið, að láta málið ganga sinn gang dómstólaveginn. Af því getur heldur ekki annað leitt en að embættismaðurinn fær launauppbótina nokkru seinna en annars; og það getur ekki staðið á svo miklu. Þar sem flm. bar þetta mál saman við annað, er hann til greindi, þá verð jeg að benda honum á, að í því máli stóð öðru vísi á. Sá hæstarjettardómur, sem í því máli fjell, var ekki byggður á konungsúrsk. einum, heldur á konungsúrskurði í sambandi við hin almennu launalög, er ákveða að enginn megi fyrir þau missa neins í af tekjum sínum. En í því máli, sem hjer liggur fyrir, er einmitt ágreiningur um skilning á launalögum læknanna. Jeg álít því rjettast, að þingið hafi engin afskipti af málinu á þessu stigi.

Flutningsmaður (H. Kr. Friðriksson): Jeg get ekki verið samdóma h. h. landsh. um það, að þingið eigi ekki að hafa nein afskipti af máli þessu; þvert á móti verð jeg að telja það rjett og skylt þinginu, að taka málið til meðferðar, þannig, að það gefi bendingar um skoðun sína á því. Jeg vil biðja hina h. þm. að stinga hendinni í sinn eiginn barm; þykir þeim rjett og sanngjarnt að gjöra þeim, sem hjer á hlut að máli, svo óhægt fyrir sem verða má? og í öðru lagi, þar sem um fjárgjöld úr landssjóði er að ræða, verð jeg að telja það alveg rjett og á fullum rökum byggt, að þingið hafi afskipti af málinu, þótt eigi ráði það seinustu úrslitum. Enn fremur, skyldi ráðgjafinn hafa sömu skoðun á málinu og þingið, hvað er þá unnið við þennan drátt í 2 ár? Allsendis ekkert, nema bagi fyrir hlutaðeigandi lækni. Sje þm. það fullljóst, sem jeg verð að ætla, að málið eigi að standa við þann dóm, sem fallinn er, þá er það skylda þeirra, að lýsa yfir skoðun sinni. Þar sem nefnt var ákvæði fjárl.n. 1881, þá ber þess að gæta, að þar var enginn dómur við að styðjast, svo sem hjer á sjer stað; hjer er því allt öðru máli að gegna. Þá lá dómur fyrir í öðru máli skyldu, er *dæmdi* uppbótina af hlutaðeigandi embm.; nú liggur dómur fyrir, sem ákveður, *að hún skuli greidd*. Jeg tek það fram aptur, að jeg sje ekkert unnið við þann drátt, sem verður á úrslitum málsins, ef þingið hefur engin afskipti af því. Þó að ráðgjafinn fái bendingu um skoðun þingsins, getur hann gjört hvað sem hann vill; hann getur eins skotið máli til hæstarjettar, þótt hann hafi fengið að vita, að þingið sje á annari skoðun. H. h. landsh. sagði, að þetta mál væri öðru vísi vaxið en hin fyrri, því að þau mál hefðu fengið úrslit eptir launalögunum; en jeg verð að halda því fram, að konungsúrsk. var sá grundvöllur, sem dómurinn var byggður á, þó að hann væri í sambandi við launalögin.

Holger Clausen: Það er æfinlega leiðinlegt, þegar verið er að koma með uppá-

stungur um það inn á þing, sem ekkert kemur þinginu við. Flm. (H. K. Fr.) sagði sjálfur, að málið lægi undir dómstólana. Það er satt, þetta mál liggur undir dómstólana, því að það er privatmál, og þess vegna á það líka að afgerast af dómstólunum, en ekki þinginu. Jeg gæti eins vel komið með eitthvert privatmál, sem jeg á við mann vestur undir Jökli, og beðið þingið að fara skipta sjer af því.

Eiríkur Kúld: Jeg verð nú að játa það, að jeg er ekki slíkur lagamaður sem þm. Rvk. (H. K. Fr.), og getur verið, að það komi til af því, að jeg get ómögulega verið honum samdóma um þetta mál. En hversu mikill lagamaður sem hinn h. þm. kann að vera, get jeg ekki að því gjört, að jeg efast um, að hann geti ábyrgzt það, að dómnum eigi kunni að verða breytt, og get ekki skoðað dóm hans í málinu sem óskeikanlegt páfaákvæði. Reynslan hefur þráfaldlega sýnt og sannað, að hæstirjettur lítur stundum öðruvísi á málin en bæði undir- og yfirrjettur. Jeg skal ekki þrátta um það við flm. þessa máls, hvað ráðgjafinn muni gjöra, en jeg held, að hann fari sínu fram, hvað sem svo deildin leggur til, þó það kannske komi hik á hann, þegar hann heyrir skoðun flm., hins h. þm. Rvk.

Flutningsmaður (H. Kr. Friðriksson): Jeg þarf ekki að svara þm. Snf. (H. C.) miklu. Hann sagði, að þetta væri «privatmál». Er það «privatmál», sem höfðað er gegn landssjóði út af ágreiningi um fjárgjöld, þótt privatmaður sje annars vegar? Nei, hjer er um ekkert «privatmál» að ræða. Jeg vil ekki beinlínis segja að þm. Bstr. (E. K.) hafi svarað «út í hött», en það lá nærri. Hann sagði, að ráðgjafinn gæti skotið málinu til hæstarjettar, ef honum biði svo við að horfa, þrátt fyrir skoðun þingsins. Það var jeg sjálfur búinn að segja. Jeg tók það einnig fram, að það væri rjett, að ráðgjafinn hefði fyrir sjer skoðun hins hluta löggjafarvaldsins, nefnil. þingsins. Álit beggja þessara málsparta verður að koma til greina um það, hvort málinu eigi að skjóta til hæstarjettar.

Jakob Guðmundsson: Jeg vildi að eins benda á það, að ef allir þm. ættu að halda eins langar ræður í máli þessu, eins og h. h. flm., þá myndu umræðurnar um málið kosta langtum meira en svo sem nemur kostnaðinum við að skjóta málinu til hæstarjettar.

ATKVGR.: Þingsályktunar-uppástungan felld með 14 atkv. gegn 1.

Frumvarp til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða (C 175); 3. umr.

ATKVGR.: Frv. sþ. orðalaust í e. h., og afgreitt síðan til e. d.

Frv. til laga um afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841 (C 193); 3. umr.

ATKVGR.: Frv. sþ. orðalaust m. 14 atkv., og afgreitt síðan til e. d.

Frv. til laga um brú á Ölfusá (C 159); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Magnús Andrjesson): Eins og nefndarál. (C 271) ber með sjer, hefur n. ekki getað komið sjer saman um sum atriði, en öll n. áleit þó, að nauðsynlegt væri að gjöra eitthvað til þess að ljetta ferðirnar yfir Ölfusá og Þjórsá; en um það varð ágreiningur í n., *hvernig* ætti að gjöra það. Meiri hlutinn var á því, að brúargjörðinni væri frestað, og að fenginn væri maður frá Vesturheimi til þess að koma á dragferjum eða svifferjum bæði yfir Þjórsá og Ölfusá. Minni hlutinn var aptur á því, að bezt væri að halda sjer við frv., og að lagt yrði fje úr lsj. til brúargjörðar á Ölfusá. Jeg sýndi við 1. umr. þessa máls, hver nauðsyn væri á því að brúa þessa á, og skal jeg því ekki taka neitt af því, sem jeg þá sagði, upp aptur. Jeg hef og í ágreiningsatkvæði mínu við skoðun meiri hlutans í nefndarál. tekið fram ástæður mínar móti dragferjum eða svifferjum, og er það, sem jeg hef á móti þeim, það, að þær mundu kosta hátt upp í það, sem gengi til þess að brúa aðra ána en þó ekki gjöra hálft gagn á við brú. Stórsmíðafræðingur Windfeld Hansen hefur sagt álit sitt um svifferjur, og gjört ráð fyrir að svifferja á Ölfusá mundi kosta um 20000 kr. og á Þjórsá 36000 kr., eða til samans á báðar árnar 56000 kr., en aptur á móti hefur hann gjört áætlun um að brú á Ölfusá mundi kosta um 80000 kr. En auk þess sem hinn upphaflegi kostnaður við svifferjur á báðar árnar er þannig hátt upp í kostnaðinn til brúar á aðra ána, þá hlyti þar við að bætast *árlegur* kostnaður, og hann ekki svo lítill, með því að hlaða þyrfti garða eða stöpla við árnar, þar sem svifferjurnar væru, og það yrði að endurnýjast á hverju ári, því að áin mundi brjóta þá af sjer, þegar ísrek og flug væri í henni. Hjer við bætist það að svifferjur geta ekki orðið

að liði nema þegar árnar eru íslausar, því að ferjurnar mundi verða að taka af ánni, annaðhvort seint í september, eða snemma í október, og ekki mundi tjá að setja þær aptur í árnar fyr en seinast í maímánuði eða júní. Þannig yrðu þær ekki notaðar nema um há sumartímann, og þótt það nú reyndar sje á þeim tíma, þegar mestar mannaferðir eru yfir árnar, þá væri þó opt meiri nauðsyn á þeim á öðrum tímum ársins, bæði vetur, haust og vor, þegar árnar eru ófærar hverri skepnu, og ómögulegt yfir þær að komast, en menn þurfa þó opt á því að halda einmitt á þeim tímum ársins. Af framantöldum ástæðum áleit jeg ekki ráðlegt eða öllu fremur óráðlegt, að taka þá stefnu í málinu, að kosta miklu fje upp á svifferjur, sem ekki gjöra hálft gagn á við brú, og því hef jeg lagt það til að þd. fjellist á 1. og 2. gr. frv., en hvað 3. gr. snertir, þá kannast jeg við það, sem hinn h. meiri hluti n. hefur tekið fram, að það sje ef til vill varúðarvert að leggja slíkan kostnað á hin einstöku sýslufjelög, án þess að atkv. viðkomandi sýslunefndar sje leitað um það, enda virðist mjer engin þörf á að ákveða neitt um slíkan kostnað eða um viðhald á brúnni, fyr en brúin væri komin upp. Jeg álít því rjettast að 3. gr. sje felld burtu. Jeg vil ekki fara að taka upp aptur það, sem jeg sagði við 1. umr., til þess að sýna hver þörf væri á að fá þessa brú, að minnsta kosti ekki meðan engin mótmæli koma fram móti því, og skal því að eins óska að málið gangi til 2. umr.

Jakob Guðmundsson: Jeg sje að n. hefur ekki getað orðið sammála um það, hvernig ætti að fara að ljetta flutninga yfir árnar, því á því hefur þó n. öll verið, að þess væri full þörf; jeg ímynda mjer að báðir partar, bæði meiri og minni hluti, hafi mikið til síns máls, en jeg álít mjög ísjárvert að leggja kostnað í svifferjur, því að þær gjöra ekki hálft gagn, en það mundi þó verða til þess, að engum dytti í hug að fara að byggja brú á árnar, er svifferjurnar væru fengnar. En þar sem nú er svo mikið harðæri, þá virðist á hinn bóginn viðurhlutamikið að veita 80,000 kr. úr viðlagasjóði, en mætti nú ekki finna hið 3. ráð sem hugsanlegt væri að nægði til bráðabirgða? Ef góður gufubátur kæmist á á Faxaflóa, mætti þá ekki láta hann flytja vörur og nauðsynjar fyrir austanmenn austur á Eyrarbakka eða Stokkseyrarhöfn, svo það gæti komið þeim að nokkru haldi í bráðina?

Grímur Thomsen: Jeg hef nú heyrt á ræðu hins h. frms. (M. A.) og held að það sje varla mögulegt að tala betur fyrir máli Árnesinga, bæði með kappi og stillingu, en jeg held að það sje þó vafasamt, hvort ástæður hans sjeu nægilega sterkar til þess, að *gefa* 80,000 kr. úr lsj. til slíks fyrirtækis; viðlagasjóður hefur aldrei verið til þess ætlaður að gefa úr honum, nema ýtrasta nauðsyn krefði, en einungis til þess að lána úr honum gegn tryggu veði. Og þegar í gær, þegar harðærismálið var rætt, ekki einu sinni var farið fram á annað, en að lána allt að 100,000 kr. gegn fullri tryggingu, þá virðist mjer ekki ráðlegt að fara að gefa stórfje á sama tíma, því að hvorki er mikil samkvæmni í því, nje gott dæmi fyrir eptirtíðina. Hinn h. minni hluti hefur að eins farið fram á að gjörð væri ein brú yfir Ölvesá, og gætu menn svo af henni haft reynsluna fyrir sjer með tilliti til brúunar á Þjórsá; þá reynslu geta menn fengið með minna tilkostnaði, með því að bíða eptir því að vita, hvernig brúin á Skjálfandafljóti reynist, sem nú er verið að gjöra, og verður búin í sumar. Enn fremur væri gott að vita, hvar tiltækilegt væri með brúarstæði yfir Þjórsá, áður farið væri að leggja brú yfir Ölfusá, þar sem að líkindum þyrfti að leggja nýja vegi, bæði að Ölfusárbrúnni og frá henni aptur að Þjórsá, og þá væri hagkvæmara að vita áður, hvar veginn ætti að leggja að Þjórsá. Hvað snertir áætlun þá, sem hinn danski stórsmíðafræðingur Windfeld Hansen hefur gjört um kostnað við dragferjur á árnar, þá skal jeg geta þess, að annar maður, sem hefur verið í Vesturheimi, og er kunnugur hvernig þar hagar til, sem nú er embættismaður hjer, hefur áætlað að kostnaðurinn við dragferjur mundi verða töluvert minni en Windfeld Hansen gjörði ráð fyrir. Jeg held því að það væri æskilegt, að fá upplýsingar í þessu efni einmitt frá Vesturheimi; jeg held að þessi danski stórsmíðafræðingur hafi ekki verið kunnugur dragferjum, að minnsta kosti eru þær ekki til í Danmörku, og jeg ímynda mjer að honum hafi eins getað skjátlazt með áætlun hans um dragferjurnar, eins og hinn h. minni hluti játar að honum hafi ekki tekizt vel með að velja brúarstæðið yfir Þjórsá, og að það muni ekki geta verið þar, sem hann

áleit tiltækilegast. Jeg vorkenni hinum h. þm. Á. (Þ. G. og M. A.) að þeir skuli hafa neyðzt til að koma fram með þetta frv. á því tímabili sem nú er, sem er svo óhagstætt fyrir það. Þegar menn líta til þess að í gær var sþ. að veita 100,000 kr. til harðærislána, og að í hinni h. e. d. er frv. á ferðinni, sem fer fram á að veitt sje 500,000 kr. tillag til að stofna landsbanka, og jeg efast ekki um að það frv. muni fá mikla og kröptuga aðstoð í þessari d., þá vona jeg að menn sjái, að þessi 80,000 kr. gjöf til brúargjörðar er ekki tímabær. Jeg vildi því helzt óska, að hinir h. flm. þessa frv. tækju það aptur, eigi af því að það væri ekki æskilegt að það fengi framgang, eða af því að málið hafi ekki verið vel varið og vel fyrir því talað, heldur af því að landið er varla fært um að verða við þessari bón að sinni; en ef þeir ekki gera það, vona jeg að þd. skoði huga sinn, áður en hún lætur málið ganga lengra.

Ólafur Pálsson: Það hafa komið hjer fram deildar meiningar hjá mönnum. Flestir eru á því að spara, og jeg vil það gjarnan, en ekki um of, og það lítur út fyrir að hinn h. meiri hluti vilji það líka. En hvaða sparnaður er þetta, sem hann fer fram á? Hversu mikið mun það eigi kosta, að fá mann frá Vesturheimi? Þeir vilja eigi gjöra það fyrir ekki neitt, sem ekki er von. Og hvaða vissu hafa menn fyrir því, að ráð hans komi að gagni? Winfeld Hansen var líka víst lærður maður og fróður, og skjátlaðist honum þó í að velja heppilegt brúarstæði á Þjórsá, eins og nú er komið fram. Enda er slíkt engin furða, þar eð mennirnir eru ókunnugir því, hvernig hjer hagar til. Það er t. a. m. nokkur munur á að sjá Þjórsá og Ölfusá að vetrinum eða að sumrinu, þó að vöxtur kunni að vera í þeim þá líka. Jeg er alveg viss um, að hjerlendir menn og einkum þeir, sem næstir búa ánum, hljóta að þekkja það bezt. Þá hafa menn sagt, að hjer væri að tala um gjöf, en það er eigi rjett; lsj. leggur þetta fje fram til hagsmuna fyrir sig sjálfan, því að ef allt lukkast, þá munu hjeruðin blómgast og lsj. fær þá sitt aptur að fullu og með rentum, og jeg er viss um, að þær verða miklar, svo lsj. liði ekki halla. Þetta verður líka mjög mikill hagur fyrir hjeruðin, því að þá geta menn selt fje og smjör hingað í suðursýslurnar og til Reykjavíkur, sem menn verða að vera án í fjarlægu hjeruðunum fyrir erfiðleikana. Það er líka mikil sanngirniskrafa, að þessi hjeruð fái brýr yfir árnar, þar eð þau njóta ekkert góðs af gufuskipaferðunum. Menn hafa lagt fje til vegagjörðar á Svínahrauni, en vegurinn þar er svo slæmur, að menn vilja nú heldur fara utan við veginn en fara eptir honum. Í þetta leggja menn fje; en er því betur varið en að vilja stuðla til þess, að menn fái brú á Ölfusá, þó að það sje alveg ómetanlegt gagn af því.?

Þórarinn Böðvarsson: Þar sem um svo mikilsvarðandi mál er að ræða, get jeg ekki annað en verið því meðmæltur. Flm. (M. A.) hefur skýrt ljóslega frá nauðsyninni á þessu máli, og hver maður, sem til þekkti, fann og vissi, að hann sagði hvert orð satt. Hjer liggja fyrir marg-ítrekaðar bænir og óskir frá mjög mörgum mönnum, og eru þær allar byggðar á fyllstu rökum. Svo framarlega sem mögulegt er að gjöra það, sem um er beðið, þá ber að gjöra það. Og það er mögulegt. Jeg er minni hlutanum alveg samdóma um, að mögulegt sje að verða við óskum manna, og að mönnum beri að verð við þeim. Meiri hlutinn játar nauðsyn þessa, en fer fram á, að fá duglegan brúa- og ferjusmið á kostnað lsj., helzt frá Vesturheimi; en svo þarf þessi maður að gjöra áætlanir og skoða hvar ferjurnar ættu að vera; síðan setja þær; enn fremur þarf að draga ferjurnar. Hvaða kostnað mun þetta allt eigi hafa í för með sjer? Ætli það mundi eigi fara að nálgast 80,000 kr.? Jeg held að það sje rjettara og betra að vinna það verk, sem veruleg sæmd og gagn er að, heldur en að vinna að hinu, sem kostar næstum því eins mikið og ekki er hálft gagn að. Þm. Bf. (Gr. Th.) lagði mikla áherzlu á að hjer væri um *gjöf* að að ræða; í n.álitinu stendur, að það, að skerða viðlagasjóðinn með *gjöf,* stríði á móti eðli hans. Jeg ætla nú eigi að fara út í það, hvort þetta fje er nefnt *gjöf* eða tillag; en ef það er nefnt gjöf, þekkir h. h. þd. þá eigi ápekkar gjafir? Þekkir hún eigi fjeð, sem veitt var til að byggja brú á Skjálfandafljót, eða hið árlega tillag til gufuskipaferðanna? Þetta hið síðara er þó eigi lán, heldur fje, sem er veitt til hagsmuna og gagns fyrir landið í heild sinni. Það hefur verið tekið fram, hve mjög þessi hjeruð sætu á hakanum, hvað gufuskipaferðir snertir, og því er rjett, að þau fái nokkuð í þess stað. Hjer er nú um lífsspursmál 3 hjeraða að ræða, og skal jeg bæta því við,

að Brú á Ölfusá hefur í för með sjer mikla hagsmuni fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavík, því að undir eins og brýr komast á árnari mundu verða haldnir markaðir á fjenaði fyrir austan; en nú eru menn nálega alveg útilokaðir frá því. Jeg skal segja mönnum dæmi. Jeg þekkti mann, sem bjó lengi austur í Skaptafellssýslu við góð efni, en hann flutti sig þaðan, af því að hann sagði, að sjer yrði ekkert úr öllum fjenaði sínum. Það hefur verið hreyft þeirri mótbáru, að menn vissu ekki hvar brúin á Þjórsá ætti að vera. En jeg býst við því, að fróður stórsmíðamaður yrði fenginn til þess að byggja brúna á Ölfusá, og þá gæti sá hinn sami skoðað, hvar bezt væri að brúa Þjórsá, og ákveðið, hvar brúin ætti að vera áður en hann færi að byggja brúna á Ölfusá. Hvað hitt snertir, er sagt var að atkvæði sýslunefndanna vantaði, þá getur mjer eigi annað fundizt rjettara, en að bera þetta mál undir sýslunefndirnar, en hins vegar hefur flm. (M. A.) tjáð sig fúsan til að sleppa gr. þar um. Jeg skal svo eigi orðlengja þetta mál, en bið h. h. þd. að hugsa sig vel um áður en hún fellir þetta frv.

Framsögumaður (Magnús Andrjesson): Það var eitt atriði í ræðu hins h. þm. Bf. (Gr. Th.), sem jeg vil gefa nokkrar upplýsingar um. Hann talaði um, að það væri varúðarvert, að brúa Ölfusá fyr en brúarstæðið á Þjórsá væri ákveðið, vegna veganna sem að brúnum eiga að liggja, og er það fullkomlega rjett. En svo hagar til, að þó að brúarstæði það, sem Windfeld Hansen hugsaði sjer á Þjórsá, sje óhafandi, þá getur ekki komið til tals að brúa Þjórsá annarsstaðar en nokkra faðma frá hinu áætlaða brúarstæði; það getur kannske í mesta lagi munað um eina 2-400 faðma, því að brúarstæðið verður að vera einhverstaðar milli bæjanna Urriðafoss og Þjótanda. Þess vegna hefur þetta enga þýðingu, hvað vegina snertir.

Þm. Bf. (Gr. Th.) sagði líka, að hjer væri farið fram á að fá gjöf úr viðlagasjóði. Hinn 1. þm. GK. (Þór. B.) hefur þegar svarað því, en jeg get bætt þeirri aths. við ræðu hans, að það er mikið efamál, hvort það er rjett að kalla það gjöf, sem gengur til almennings þarfa. Var það t. d. gjöf, þegar varið var yfir 100,000 kr. til að byggja alþingishúsið? Nú kann að mega segja að þetta fje til brúar á Ölfusá gangi eigi eins bínlínis til almanna þarfa, en jeg vil biðja menn að líta á fólksfjölda þeirra hjeraða, sem hjer eiga hlut að máli; það munu vera 11—12000 manns, og er það nálega 1/6 hluti allra landsbúa; fyrir þá hafa brýrnar *beinlínis* hið mesta gagn í för með sjer; en miklu fleiri hafa *óbeinlínis* mikið gagn af þeim, eins og t. d. Gullbringusýslu og Reykjavíkurbær. Hjer er því farið fram á að fá fje til svo almennra þarfa, að það er trauðlega rjett að kalla það gjöf.

Þm. Bf. vitnaði og til annars manns, sem teldi minni kostnað við þessar dragferjur eða svifferjur á ánum en Windfeld Hansen hefur gjört. Jeg skal játa, að jeg hef ekki sjerlega trú á áætlun Windfelds Hansens, af því að honum eptir minni sannfæringu hefur skjátlazt um brúarstæðið við Þjórsá, en hitt verð jeg þó að segja, að sá, sem þm. talaði um. . . . (*Gr. Th.*: Veit þm. hver það er?). Og jeg veit vel hver hann er, hann er ófróður í þessum efnum og ekki bærari að dæma um það en Windfeld Hansen, allra sízt af því, að hann hefur ekki kynnt hjer staðina.

Þm. D. (J. G.) talaði um, hvort ekki mætti bæta úr vandræðunum með gufubátsferðum frá Reykjavík eða frá Faxaflóa til hafna eystra. Það yrði aldrei að verulegu liði, en hefði í för með sjer töluverðan árlegan kostnað. Hafnaleysið mundi og spilla mikið fyrir því. Höfnin á Eyrarbakka er vond og hættuleg, eins og menn þekkja, Þorlákshöfn er auðvitað töluvert betri, en hún er fyrir vestan báðar árnar, svo að eigi vinnst annað en nokkuð styttri flutningur.

Jeg skal að eins bæta því við, að öll sanngirni mælir með því að þingið veiti fje til þess að brúa þessar ár, því að það eru engar ár á öllu Íslandi, sem er svo varið að ekkert vað er á þeim milli fjalls og fjöru, því að þótt vöð sjeu á þeim að nafninu, þá eru þau efst uppi í byggðum, eða uppi í óbyggðum, og þar að auki eru árnar opt ófærar á þessum vöðum. Allar aðrar ár eru að minnsta kosti færar um hásumarið á vöðum, en þó að lausríðandi menn geti komizt yfir Þjórsá og Ölfusá efst upp í byggðum, þá er hvorttveggja, að þau vöð eru svo langt úr leið fyrir flesta, er yfir árnar þurfa að komast, að engum dettur í hug, að fara slíkan krók, enda eru þau optast illfær með áburðarhesta.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg sje að meiri hluti n. hefur þó fundið til þess að hjer var nauðsyn og sanngirniskrafa sem ekki mátti virða að vettugi, og þess vegna

hefur meiri hlutinn komið fram með ust. sína að lina þessa þraut með þessu læknisráði sínu, sem ekki er sjerlega styrkt lyf, þó að það sje sjálfsagt gefið í beztu meiningu. En jeg skil ekki hvernig menn fara að kalla þessa fjárveiting gjöf. Hjer er ekki að tala um hag einstakra manna, heldur varðar það hag og velferð fleiri hjeraða. Eins og jeg sagði við 1. umr. þá er það skoðun mín að þessi krafa byggist eigi beinlínis á því að þessar sveitir hafa ekki gagn af gufuskipunum, heldur er það krafa frá sjónarmiði þjóðarinnar í heild sinni að styðja sem mest að öllum samgöngum til að efla verklega menningu og framför þjóðarinnar. Það er ekki gjöf þó að húsbóndinn verji nokkru af fje sínu til þess að bæta bú sitt á einhvern hátt, hvort sem hann ver því til að kaupa ný áhöld til að sljetta tún sitt, eða bæta vegi í heimalandi sínu til þess að gjöra alla aðdráttu ljettari. Þegar góður og duglegur húsbóndi gjörir þetta eða því um líkt, þá hefur hann unnið sjálfum sjer gagn og um leið eflt heill þjóðarinnar. Sama er að segja þegar ráðsmenn þjóðarinnar leggja fram fje af þjóðbúinu til að bæta samgöngur, eða annað því um líkt. Það á því ekki við að kalla þetta gjöf, heldur er það stórkostlegt framlag til að efla og styrkja verulega þjóðmenningu. Meiri hlutinn þarf ekki að leggja svo mikla áherzlu á það, að eigi verði verulegt gagn af brú á Ölfusá, nema brú komi líka á Þjórsá. Þeir sem hjer eiga mest hlut að máli hafa eptir kringumstæðunum, sem nú eru, fallið frá að fara fram á brú yfir Þjórsá nú sem stendur og því liggur það alls eigi fyrir hjer. Verði það ofan á að fara að hugsa um dragferjur eða svifferjur, þá verður málinu skotið langt fram í tímann, og eins og sampingismaður minn (M. A.) tók fram, gæti kostnaður til þeirra orðið æðimikill, og ekki gott að sjá fyrir hversu mikill hann kynni að verða, slíkar ferjur mundu fyrnast fljótt og sæta áföllum, svo að vel gæti verið að kostnaðurinn til þeirra væri eptir 20—30 ár orðinn meiri en kostnaður við að byggja fasta brú í fyrstu.

Þm. D. (J. G.) talaði um að ljetta samgöngunum með gufubátsferðum; en jeg get ekki hugsað mjer að það sje tiltækilegt, og yrði ekki kostnaðarminna í lengdinni þó að það nú ljeti sig gjöra annara hluta vegna.

Það er sagt að eigi megi skerða viðlagasjóðinn. Vitaskuld er það, að ef allt væri lagt í viðlagasjóðinn sem nú gengur til vegabóta eða á annan hátt að efla samgöngur á sjó eða landi, þá yrði landið eða viðlagasjóðurinn mesti maurapúki á endanum. Jeg vil því segja þm. Bf. (Gr. Th.), að með sama rjetti mætti segja að viðlagasjóður sje skertur þegar allt er ekki lagt í hann, sem landið má af mörkum leggja eptir að það hefur tekið, að jeg megi svo að orðum kveða, nóg handa sjer til fæðis og klæðis, það er að segja, að spara allt nema það sem ómögulega verður hjá komizt. En hvort þetta væri mikil búhyggni fyrir landsins hönd, skal jeg láta á þingsins og þjóðarinnar vald að dæma um.

Það má eigi bera þetta mál saman við málið sem lá fyrir í gær um fjárstyrk til hinna bágstöddu hjeraða í landinu. Jeg var þá á móti því að gefa, en vildi láta lána fje móti veði og fullum tryggingum. Með því á að reisa við fjárhag hinna einstöku, sem auðvitað verður þá um leið almenningi til gagns, en hjer í þessu máli er tilgangurinn fyrst og fremst að verka til almennings heilla, sem sitja í þessu máli í fyrirrúmi gagnvart hag einstakra manna og þess vegna á að verja almanna fje til þessa fyrirtækis.

Þetta mál er orðið þingsins mál og ætti því að halda hinni sömu velvild sem þingið sýndi því 1879. Þá var svo vel tekið í það, að alþingi Íslendinga hafði hinn mesta heiður og sóma af því, eigi að eins hjer á landi og um Norðurlönd, heldur var og talað um það í blöðum í Vesturheimi af góðfrægum manni, sem kom þaðan og ferðaðist hjer um land, hvað mikið þessi efnalitla þjóð gjörði til þess að efla samgöngur í landinu; en hvar mundi hann nú finna þessar stóru framfarir, ef hann kæmi nú hjer bráðum aptur? En hvað vilja menn nú gjöra? Menn vilja helzt koma málinu af sjer og skjóta því til hins ókomna tíma; þó að málinu verði varnað nú að ganga gegnum þingið, þá er mjer spurn, hve lengi það getur gengið. Jeg vona þó að sjá þann sólskinsdag, að brýr komist yfir þessar ár.

Jeg skal eigi sakast um það eins og þm. Vsk. (Ó. P.), hvernig fjenu, sem gengið hefur til vegabóta, hefur verið varið; það er satt að vegir hjer á Suðurlandi eru slæmir, þó að þeir eigi að heita ruddir. Þm. tók Svínahraun til dæmis og verður ekki ofsögum sagt af því; en um það er ekki mönnunum einum um að kenna, heldur líka náttúrunni og veðurlaginu hjer á Suðurlandi,

sem gjörir það slíkt vandaverk að leggja vegi, svo að gagni komi. Mjer er nærri að segja að ef það á að ganga svona lengi, þá munu menn sjá það eptir 100 ár, að hyggilegra hefði verið að byrja strax á að leggja járnbrú yfir landið. Eins hygg jeg að sú mundi verða reynslan eptir 100 ár, að það hefði orðið happasælla þegar í fyrstu að leggja fasta og trausta brú, en að byrja á einhverju káki, sem ekki verður til annars en kostnaðar.

Grímur Thomsen: Hjer virðist vera einkum ágreiningur um, hvort það eigi að veita þetta fje sem lán eða sem gjöf. Þeir h. þm. hafa viljað veita það sem gjöf og kalla það gjöf. En jeg vil leyfa mjer að spyrja, hverjar verða afleiðingar af því? Verða þær ekki þessar, sem jeg nú skal greina. Fyrst og fremst segja Norðlendingar: «Nú eigum við að fara að gjalda rentu og afborgun af þessu láni, sem okkur var veitt vaxtalaust í 3 ár. Nú er sá tími liðinn og nú eigum við að fara að borga það, en Sunnlendingar fá fje, ekki sem lán, og ekki sem vaxtalaust lán, heldur sem *gjöf*". Þá koma enn fremur Þingeyingar og vilja fá brú yfir Jökulsá á Fjöllum; á henni er ekkert vað fjalls og fjöru á milli. Þá er enn þá ein stóráin og það er Lagarfljót; ætli það þurfi ekki brú á Lagarfljót? Jeg veit reyndar, að það eru vöð á því, og það er rík sýsla, sem liggur að því, en það er þó viðsjárvert, að gefa svona mikið fje til að brúa eina á, því að þá þurfum við ef til vill, að leggja eins mikið fram til að brúa Lagarfljót eða hverja aðra á. *(J. Ó.:* Það eru vöð á því). Þó að það sjeu vöð á því, þá eru margir aðrir, sem þessu eru kunnugri og sem stranglega fylgja sannleikanum, sem segja vöðin sjeu ekki góð. Jeg álít viðsjárvert og jafnvel háskalegt að innleiða þá meginreglu, að *gefa* af viðlagasj. Þegar búið er að byggja eina brúna af gjafafje, þá koma aðrar brýr eða önnur álíka fyrirtæki, sem sett eru á stofn annarstaðar á landinu, og heimta fje til þess, og þingið getur ekki neitað þeim um það, ef það vill vera sjálfu sjer samkvæmt. Þó að flm. sýni fram á með þeirri hógværð og stillingu, sem honum er lagin, að ekki sje beðið nú nema um brú á Ölfusá, þá verður næsta fótmálið, að gefa fje til að brúa Þjórsá líka, og sá kostnaður verður miklu meiri en 100000 kr. Og hver verður endirinn á þessu? Hinn h. 1. þm. Á. (M. A.) er sjálfur í fjárlagan. og veit að partur af tekjum landsins, og það ekki svo lítill partur, 30,000 kr., eru rentur af viðlagasj., svo að um leið og menn rýra viðlagasj., rýra menn árstekjur landsins. Nú vilja menn afnema skatta og líka rýra stofn viðlagasj., en er þetta skynsamleg ákvörðun eða «góð búmennska», svo jeg haldi mjer við búið og bóndann, sem þm. tók til dæmis í ræðu sinni? Jeg held það sje ekki skynsamlegt og ekki ráðlegt.

Hinn 1. þm. G. K. (Þór. B) kom með setningu, sem var einstaklega þýðingarmikil, ef hún hefði verið rjett. Hann sagði, ef fyrirtækið væri mögulegt, þá væri það nauðsynlegt. En er þetta rjett? Mótsetningin verður, ef eitthvað er *ómögulegt*, þá er það *ónauðsynlegt*. En það er ekki svo. Það getur verið margt þarft sem ekki er mögulegt og það er einmitt þetta. Jeg sje ekki að það sje mögulegt fyrir lsj. nú, að kasta út svona miklu fje; en hitt segi jeg, að ef jeg verð á þingi þegar hagur landsins stendur betur, þá skal jeg vera manna fúsastur að styðja þetta fyrirtæki, því að jeg hef ávallt verið því meðmæltur. Þm. Vsk. talaði fagurlega um að brýrnar yrðu Skaptfellingum til góðs: hann vildi ekkert lán hafa og engar rentur greiða. En jeg man svo langt að Skaptfellingar hafa ekki hingað til viljað leggja mikið til brúnna; þeir hafa átt kost á því að leggja fje til þeirra, en þeir báðu sig undanþegna. Jeg er þessu kunnugur, því að jeg hef verið í amtsráði og sjeð skýrslur um það frá sýslunefndum. Skaptfellingar tóku verst í þetta mál af öllum suðursýslum, en Rangvellingar og Árnesingar hafa verið ákafastir, enda er þeim mest vorkunn. Flm. sagði aldrei nema satt, að hjer ættu 1/6 landsbúa hlut að máli. En hvað heldur hann hinir 5/6 landsbúa segi, þegar þessi 1/6 hluti fær 80,000 kr., og það sjálfsagt með þeirri von að fá aptur önnur 80,000 kr. næst; þá segja þeir náttúrlega: «Gjörðu svo vel, viðlagasjóður! láttu okkur fá 5 sinnum 80,000 kr. eða 400,000 og svo annað eins bráðum». Þá vilja Norðlendingar fá eptirgefið lánið til brúarinnar á Skjálfandafljóti, og svo hver af öðrum. Jeg vil ekki gjöra þetta að kappsmáli, en jeg vil þó benda á þessi vandkvæði, sem þess konar fjárveiting hefur í för með sjer.

Flutningsmaður (Magnús Andrjesson): Hinn h. þm. Bf. sagði, að ef þetta fje yrði veitt til þess að brúa Ölfusá, þá mundu ýmsir rísa upp víðsvegar um landið og segja: »Við viljum fá fje til þessa og þessa fyrir-

tækis, við viljum fá eptirgjöf á láninu til brúargjörðarinnar á Skjálfandafljóti o. s. frv. En jeg held að þó að nokkrar þess konar bænir kynnu að koma fram, þá væru beiðendur ekki þegar búnir að fá bænheyrslu. Það mun koma til álita, hversu mikil nauðsyn er til þess að veita það fje, sem um er beðið. Nú er spurningin um: hvort er meiri nauðsyn á brú yfir Ölfusá eða Skjálfandafljót? Á Skjálfandafljóti eru nóg vöð, fjalls og fjöru á milli. Jeg hef farið yfir það fram til fjalla, og mjer er einnig kunnugt, að það er vað á því út undir ósum. En á Ölfusá er ekkert vað hjer um bil 10—12 mílur upp frá sjó, og ef yfir hana er farið á þessu (næsta) vaði, þá eru þó 2 sundvötn fyrir vestan hana, sem þarf að ferja yfir, svo þeir sem vildu sæta því, að fara krók upp á Kópsvatnseyrar, yrðu þá einnig að láta synda yfir Tungufljót og Brúará. Svo vont sem er að leggja hesta í Ölfusá, þá er það þó skárra en að fara þennan krók.

Það er satt, að á Jökulsá á Fjöllum er ekki nema eitt vað og það slæmt niður við sjó. En hvort er meiri umferð yfir Jökulsá eða Ölfusá? Beggja megin Jökulsár eru óbyggðir að mestu og engar lestaferðir yfir hana, nema lítið eitt úr Axarfirði til Húsavíkur og mun það þó mjög lítið nú, síðan Kópasker varð löggiltur verzlunarstaður. Svo talaði þm. Bf. (Gr. Th.) um það, að hinir $^5/_6$ landsbúa mundu vilja fá eitthvað á móti þessu fje. En fá þeir ekki nokkuð á móti því? Hafa þeir ekki allt gagnið af gufuskipsferðunum sem 18,000 kr. eru lagðar á ári, og hvað þarf mörg ár til þess það tillag verði 80,000 kr? *(Gr. Th.:* Það er eyðslufje). Það má gjarnan taka kostnaðinn við brúna á Ölfusá líka af eyðslufje og ekki af viðlagasj. Það er athugavert, að hjer eiga einmitt þær sveitir hlut að máli, sem eiga langt um örðugra og erfiðara með allar samgöngur en flestar eða allar aðrar sveitir á öllu landinu og sem hafa engin not af gufuskipsferðunum. Það er ekki tiltekið í frumvarpinu að fjeð skuli beinlínis taka af viðlagasjóði, þá má eins taka það af eyðslufje, en það verður auðvitað að að takast af viðlagasj., þegar eytt er öllu öðru. En hver veit hvort ekki mætti spara margt smátt og draga í eitt stórt. Jeg veit ekki hvort það er nokkuð hyggilegra, að brytja landssjóðinn upp í ýmisleg smágjöld, sem ekki eru nauðsynleg, heldur en að verja honum til stórra fyrirtækja, sem auðsjáanlega eru mjög þarfleg, og mundu verða til ómetanlegs gagns. Jeg ætla, að í þessu efni sje ekkert óráð að fylgja reglunni: «Non multa sed multum».

Ólafur Pálsson: Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) væntir víst. að fá þakklæti hjá mjer fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf um Skaptafellssýslu. En mjer var þetta ekki alveg ókunnugt áður. Jeg vissi til að þetta kom til umtals á þingi 1879, og svo kom það fyrir sýslunefnd í vor, en að oss þótti of mikið að leggja til $^1/_3$ kostnaðarins móts við hin hjeruðin, og var það bæði af þessu og svo einkum sökum fátæktar, að við töldum tormerki á fjárframlögu til fyrirtækisins; en hreint ekki af því, að við ekki vildum. að árnar yrðu brúaðar, enda er jeg viss um, að þm. Bf. kannast fúslega við, að það er annað að vilja og annað að geta; við treystum okkur ekki til að bera kostnaðinn, þótt við fegnir vildum. Hinn sami þm. var að tala um vöð á vötnum þessum. Já, jeg vænti hann hafi opt farið yfir þau á þeim. Jef hef dálitla þekkingu á, hvernig þeim er háttað; hef farið á Nautavaði, en sjeð Eyjavað, og ekki þorað að fara yfir það. Kann ske þingmaðurinn hefði verið hugaðri en jeg. *(Gr. Th.:* Jeg nefndi ekki Eyjavað). Það er þá sama að segja um Sóleyjarhöfðavað. Og að fara Nautavað er heldur en ekki krókur. Jeg set svo, að maður ætli frá Þingvöllum austur í Skaptafellssýslu og þurfi að koma við á Eyrarbakka. Hverjum óvitlausum manni dettur þá í hug að nota þessi svo nefndu vöð? Þm. var enn fremur að tala um, að ef fje væri veitt til brúargjörðar þessarar, myndu Norðlingar og Austlendingar heimta fje til að brúa ár fyrir austan. Jeg fyrir mitt leyti held að Norðlingum þætti vænt um, ef brýrnar kæmust á. og hagur okkar fyrir austan batnaði, og að þeir miklu heldur þökkuðu fyrir ef við gætum fylgt þeim í framförum og búskap en öfunduðu okkur. Mjer fundust orð þm. lýsa vantrausti til Norðlinga, en jeg fyrir mitt leyti held, að þeir sjeu veglyndari en svo, að þeir öfundi okkur eða teldu nokkuð eptir okkur, þegar þeir gæta að öllum ástæðum.

Jón Ólafsson: Mjer finnst óneitanlega vera tekið eitthvað undarlega í þetta mál. Menn eru að metast um, hvað sýslunum sje gefið. Þegar um samgöngur, gufuskipsferðir og þess konar er að ræða, getur ekki komið til greina velgjörningur fyrir einn landshluta eða eitt hjerað, heldur velgjörningur

við landið allt í heild sinni. Landið allt er eins og organiskur líkami, og hinir ýmsu landspartar limir á þessum líkama. Líði líkamanum vel, líður einnig líkamspörtunum vel, og við það að líkamspörtunum líður illa, líður öllum líkamanum illa. Það verður öllum líkamanum til tjóns, ef einum parti hans líður illa. Það er því auðsjeð, að Árnes, Rangárvalla og Skaptafellssýslur hafa gagn af gufuskipsferðunum, enda þótt ekki komi gufuskip við í þeim sýslum. En alveg á sama hátt hafa hinir hlutar landsins gagn af því, að brýr komizt á árnar. Við þetta eykst velmegun, samgöngur eflast, atvinnuvegir opnast og tekjur landssjóðs vaxa. Þessu hafa allir gagn af. Öll lönd taka samgöngur og allt, sem miðar til að efla þær, járnbrautir, brýr o. s. frv., sem *almenn landsmál* og leggja fje til þeirra. Brýrnar yfir stórvötnin hjá oss hafa nokkuð ápekka þýðing, eins og járnbrautir í öðrum löndum. Jeg álít það því beina *siðferðislega skyldu* landssjóðsins, að kosta brýr og aðalvegi landsins, og *þetta hefur verið viðurkennt*. Gufuskipaferðirnar eru byrjun til að framkvæma slíkt princip, og brýrnar ættu að koma sem framhald þess. Allir útlendingar álíta brýrnar landsins mesta nauðsynjamál, og jeg man svo langt, að 1879 fjekk þingið mesta lof í »Times» og öðrum stórblöðum heimsins fyrir undirtektir sínar í brúamálinu. Þá var sagt að Íslendingar væru að efla samgöngur, koma á gufuskipsferðum og byggja brýr. En þegar til framkvæmdanna kom var hið forna ægiljón á veginum: *stjórnin*, sem synjaði ályktun þingsins staðfestingar hjer sem í fleirum þarfamálum. Því er barið við að viðlagasjóður skerðist, peningar landsins eyðist. En jeg vil vekja athygli d. á því, að *það þarf ekki að snerta viðlagasjóð* til að framkvæma þetta — *afgangurinn* af fjárhagstímabilinu, sem yfir stendur, — *hallæris*-tímabilinu — er *meiri* en þessum kostnaði nemur. Hvaða ástæða er til þess, nú í harðærinu, að vera allt af að safna og safna og hrúga saman fje. Mjer dettur í hug að það væri þarflegt mörgum þingmönnum, að rifja upp fyrir sjer það, sem segir í vísunni. «Vert ekki að hrúga í vetling þinn; hann verður fullur senn». Jeg veit ekki, hvað það á að þýða að hugsa um ekkert annað en hrúga í vetlinginn. Þetta er íslenzkur kotungsandi, skammsýni og maurahugsun. Allar aðrar þjóðir taka lán upp á eptirkomendur sína, til að koma á fyrirtækjum, sem aldir og óbornir eiga að hafa not af. Vjer hugsum að niðjum vorum sje þar á móti bezt borgið með því að skilja þeim eptir nokkur hundruð þúsunda í viðlagasjóði — í vetlingsþumlinum! — en hirðum ekki þó kynslóð eptir kynslóð liggi óunnin nytustu og nauðsynlegustu störf, sem eru skilyrði og undirstaða allra framfara. Í þessu erum vjer þjóða heimskastir! Jeg skal benda á eitt atriði, sem sýnir að hægt er að kosta brýrnar án þess að snerta viðlagasjóð. Mjer er kunnugt um, að þrátt fyrir harðærið hefur landsjóður á einum tveim tekjuliðum fjárlaganna lagt upp 75 þús. krónur. Svo stendur nefnil. á, að gjald af sjáfarafla hefir til dato numið 75 þús. krónum meir en á var ætlað. Hjer þarf því engin bein *útlát*, ekkert annað en að hafa næga sjálfsafneitun til að stilla sig um að hrúga í vetlinginn um *eitt fjárhagstímabil!*

Því hefur verið barið við að fleiri fljót væru ill yfirferðar, sem því peningar yrðu heimtaðir til að brúa. Getur vel verið! En nauðsynin á að brúa þessa og hina ána er ekki komin undir því eingöngu, hve ill áin er yfirferðar, heldur og einkum undir því, hve mikil umferðin er og hve mikið vörumagn er yfir hana flutt. Það hefur verið talað um að brúa Jökulsá á brú. Sú á er brúuð, enda þótt þörfin væri miklu minni, en hjer er um að ræða. Einnig hafa menn nefnt Lagarfljót og h. h. þm. Borgfirð. (Gr. Th.) sagði, að hann hefði fyrir sjer sögusögn kunnugs manns um það, sem kynni að halda sjer nálægt sannleikanum. En jeg skal leyfa mjer að taka fram, að til þess að halda sjer nálægt sannleikanum þarf maður nauðsynlega að *þekkja* hann. Jeg er vel kunnugur Lagarfljóti, veit að á því eru ýmis vöð og hef ótal sinnum farið yfir það; það kemur að vísu stundum fyrir, að það verður á sund, jafnast er það í kvið og á miðjar síður og stundum má vaða yfir það. Þess utan er það alveg straumlaust. Annars dettur víst fáum í hug, meðan landið er á sama stigi og nú, að fara að brúa það fljót, sökum breiddar þess. Að öðru leyti finnst mjer óþarfi að vera að koma með *þvílíkar* grýlur inn á þingið til að hræða menn með. Jeg skal svo loks endurtaka það sem jeg hef áður sagt, að hægt er að veita fje til brúargjörðarinnar án þess að skerða viðlagasjóð um 1 eyri.

Þorkell Bjarnason: Þegar menn ráð-

ast í eitthvert fyrirtæki, andlegt eða líkamlegt, gæta menn að hvort það muni borga sig eða ekki, og því stærra sem fyrirtækið er þess betur er það yfirvegað. Árnesingar hafa nú athugað hvort það fyrirtæki, sem hjer er um að ræða, muni borga sig eða ekki og hafa komizt að þeirri niðurstöðu að svo mundi verða. Þetta hefir átt sjer stað bæði með þá, sem hafa ritað í blöðin um málið og talið með háum tölum ábata þann, sem brýrnar mundu hafa í för með sjer, og eins með þá, sem halda málinu fram hjer á þingi. Sökum þessa virðist mjer eitthvað undarlegt að þeir ekki skuli vilja taka lán til þess fyrirtækis, sem þeir ætla að muni borga sig svo vel, og einmitt það, að þeir veigra sjer við lántökunni, gefur mjer grun um, að hagurinn af fyrirtækinu muni ekki eins mikill og ímyndað er. Íbúar þeirra hjeraða sem hlut eiga að og flutningsmenn málsins telja það til, að árlega sje borgað fje til gufuskipsferða, sem þeim komi að alls engu gagni og vilja því fá þetta fje til brúnna gefins svo sem fyrir það, að þeir fara á mis við hagnaðinn að gufuskipsferðum. Jeg vil leiða athygli h. háttv. d. að því, að fje það, sem veitt er til gufuskipsferða, borgar ekki uppí allan kostnaðinn við þær. Menn geta ekki ferðast ókeypis með gufuskipunum, heldur verða að borga fargjald, fæði og gózflutning. Ef nú ætti að fara eptir þessum sama mælikvarða ættu þeir að fá nokkuð að gjöf til brúnna en leggja nokkuð til sjálfir t. d. taka lán, leggja síðan toll á brýrnar. Vilji flm. gjöra bratkv. í þá átt, að nokkuð fje væri lánað, gæti jeg fellt mig við það og verið með, en að láta svona mikið að gjöf þykir mjer ísjárvert. Loks vil jeg enn taka fram, að þeir sem lesa útlend blöð, vita, að opt fara sterkustu járnbrýr utanlands af ám í flóðum og vatnagangi, og sje það nú svo, að Svínahraunsvegurinn sje lítt nýtur eða ófær, sem sýnir bezt okkar verklegu kunnáttu, væri þá ekki ísjárvert, ofan á það sem hann hefur kostað, að leggja nú út í óvissu svona mikið fje úr landssjóði. Það verður að vera vissa fyrir að brýrnar geti staðið áður en ráðizt er í slíkt.

Þorsteinn Jónsson: Jeg ætlaði að eins að segja fá orð. Mjer ofbýður ekki þó þetta fje væri lagt til brúarinnar og þykir það ekki mikið til þess, sem svo mikið þarf til. Jeg held líka að stór summa eitt skipti fyrir öll sje betri en smærri summur árlega. 2. þm. G. K. (Þork. B.) tók fram að þeir sem ferðuðust með gufuskipunum yrðu að borga fyrir far, fæði og flutning, og vil jeg aptur á móti segja honum að þó að brýrnar komizt á fá Árnesingar og Rangæingar ekki vörurnar heim til sín fyrir ekki neitt; þeir verða að leggja til hesta og kosta flutninginn og þó að flutningurinn sje gjörður þeim ljettari álít jeg það ekki nema mjög sanngjarnt, og þó að fleiri komi á eptir með sams konar bænir eins og þm. Bf. tók fram, finnst mjer ekkert móti því. Jeg vil svo einungis taka fram, að jeg álít að stjórnin verði að sjá um að fjeð verði ekki útborgað fyr en óyggjandi trygging fæst fyrir því, að brúinn verði sett á hentugum stað sem hún getur staðið á án þess henni sje hætta búin af völdum nátturunnar.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer finnst nú nógar umræður vera komnar um þetta mál og ætla jeg því ekki að svara h. h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Hann var svo gæfur og góður eins og hans er vandi til. Jeg ætla ekkert að fara út í fjárhag landsins. Hann þekki jeg ekki eins vel og hinn h. þm. En eitt vil jeg benda honum á, og það er það, «að enginn veit hvar skórinn kreppir að nema sá sem hefur hann á fætinum» Hefði þm. verið búsettur fyrir austan árnar þá hefði verið annað hljóð í strokknum. Jeg er viss um að þá hefði hann haldið snjalla og fjöruga ræðu með brúnum. *(B. Sveinsson:* Þetta er ekki hrós um þingmann). Það eru margir erfiðleikar sem þessar ár gjöra mönnum. Menn finna það líka, því margir flytja sig hingað að austan til að flýja örðugleikann. En engir hjeðan flytja austur, ekki einu sinni austur yfir Ölvesá hvað þá lengra austur. Hjer höfum vjer og gufuskipaferðirnar kostnaðarlitlar til aðflutninga og margt hagræði, sem þeir verða að fara á mis við er búa fyrir austan árnar. Jeg segi fyrir mig: þó mjer væri boðin vænsta jörð til ábúðar fyrir austan ár alveg afgjaldslaust, vildi jeg ekki vinna það fyrir að flytja mig austur. Mig furðar á að 2. þm. G. K. (Þork. B.), sem er hinn mesti framfara- og framkvæmdarmaður, skuli vera á móti málinu. Það sjer á að hann ekki býr þar fyrir austan.

Magnús Andrjesson: Eptir undirtektum deildarinnar er nokkuð tvísýnt, hvernig fer um mál þetta, en jeg vildi mega óska að deildin lofaði því til 2. umr.

Þar sem 2. þm. G. K. (Þork. B.) hreifði því, að

þetta fyrirtæki mundi borga sig og þess vegna ætti ekki að biðja um styrk, þá vil jeg taka fram, að þótt jeg álíti að það muni borga sig með tímanum, þá er það þó víst, að það, að brýrnar komist á, er skilyrði fyrir að fyrirtækið borgi sig. Það getur ekki borgað sig fyrri en löngu eptir að þær eru komnar á. Að þær komist á, er aðalatriðið og til þess að koma þeim á, er beðið um styrkinn, því að sem stendur eru íbúar þeirra sveita, er næstar liggja ánum, ekki færir um að bera svo þunga lánsbyrði, sem hjer væri um að ræða, ef fjeð fengist ekki úr landssjóði nema sem lán. Sami þm. talaði og um, að brýr í öðrum löndum eyðilegðust. Um þetta atriði vil jeg geta þess, að hjer er svo til ætlað, að brúin verði lögð millum hárra hamra, sem engin dæmi eru til að áin flói yfir.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 atkv. gegn 2.

Frumvarp til laga um stofnun lausasafnaða innan þjóðkirkjunnar (C 233); 3. umr.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal leyfa mjer að gjöra stutta grein fyrir breytinga- og viðaukatill. (C 274). Nefndin bjóst við, að einhver þm. mundi laga það sem að þótti, einkum það, að engin ákvörðun var um, að hve miklu leyti lausir söfnuðir ættu að borga til prests og kirkju. Nefndin kom með 4. og 5. gr. til að bæta úr þessu. Í sambandi við þetta stendur breyt. á 1. gr., sem ekki getur staðizt nema með 4. gr. Nefndin gekk svo langt sem hún gat; svo nú mun frv. vera orðið samkvæmt sams konar lögum í Danmörku og lögunum um leysing sóknarbands. Með tilliti til nauðsynjar þessara laga má geta þess, að hjer er meiri nauðsyn, en þegar lögin um sóknarbandsleysingu voru gefin út. Hjer er þó eitt tilfelli, og það ólag sem er á í einum söfnuði virðist mjer óþolandi og nauðsynlegt að reyna að bæta úr því, en með þessum lögum ætti að vera bætt úr því.

Eiríkur Kúld: Jeg sje, að frv. nú hefur tekið talsverðum breytingum frá hinu fyrra frv., en samt langar mig til að fá upplýsingu hjá frsm. um nokkur atriði, sem mjer ekki eru vel ljós. Hvað meint sje með «algengri guðsþjónustu» í 1. gr., skil jeg ekki. Jeg vil spyrja, hvað er þá óalgeng guðsþjónusta. Í 2. gr. brt. stendur: semji lausaprestur o. s. frv. Jeg vil spyrja: Hefur nefndin gjört sjer grein fyrir afleiðingunum af þessari ákvörðun? Setjum dæmi: Hlutaðeigandi lausaprestur kemur sjer ekki saman við prest nje prófast. Þetta á sjer t. d. stað austur í Múlasýslu, vestur á Ísafirði eða úti í Vestmannaeyjum. Misklíðin heyrir undir úrskurð biskups, ef fastapresturinn er prófastur. Nú er ógrafið lík og prófastur neitar að láta grafa. Líkið verður þá að standa uppi þangað til búið er að sækja biskupsúrskurð til Reykjavíkur. Mundi nú ekki vera farin að koma nálykt um það bil sem úrskurður biskups kemur? Þessi ákvörðun er hjer á Íslandi óhugsandi, þótt hún geti átt við í Danmörku, þar sem öðruvísi hagar til og hægt er að ná slíkum úrskurði; hjer er engar járnbrautir og gufuvagnar. Mjer þætti gott að vita, hvernig flm. hugsar að þetta gangi fyrir sig. Enn fremur er það, að lausasöfnuður stendur undir eptirliti prófasts, sem því verður að vísitera hjá honum. Á nú prófastur að vísitera kauplaust? Mjer verður máske svarað, að kirkjan borgi. Nú brúkar lausasöfnuður sömu kirkju. Á þá kirkjan að borga tvisvar? Ekki getur lausasöfnuður átt að borga, því vísitazíulaun eiga að greiðast af fje kirkna.

Enn þyki mjer 5. gr. mjög ósanngjörn. *(J. Ól.:* Vorkunnsemi). Þar stendur: «gjalda skulu meðlimir lausasafnaðar» o. s. frv. Lausasöfnuður á þá að gjalda til þjóðkirkjunnar þótt hann hafi sína eigin kirkju. Mjer þykir hart að úr því lausasöfnuðurinn hefur sína kirkju, að hann þá ekki skuli hafa jafnrjetti með hinum söfnuðinum, en þurfa að borga 2 prestum og 2 kirkjum. Lausasöfnuðir verða að hafa sama rjett og aðrir söfnuðir úr því þeir eru sama eptirliti háðir.

Út af því sem tekið er fram í 4. gr. vil jeg loks spyrja: hvert á lausasöfnuðurinn að fara þegar hann hefur misst sinn rjett til að vera lausasöfnuður. Um það er engin ákvörðun. Á hann að endurfæðast á ný og hverfa í skaut þjóðkirkjunnar eða á hann að fara eins og í einhverja ruslakistu? Jeg vil spyrja frsm., hvernig hann hugsi sjer þetta. Getur vel verið að spurningar mínar sjeu sprottnar af sljóskyggni, en undir því, hvernig þeim verður svarað, verður atkv. mitt komið.

Jón Ólafsson: Þm. Bst. (E. K.) kvað það myndi ráða atkvæði sínu, hver svör hann fengi upp á sínar mörgu spurningar. En jeg ætla nú að benda á 4. gr. Nú

þykir honum söfnuðirnir verða hart úti, af því að þeir eiga að greiða hin lögboðnu gjöld til sóknarkirkjunnar; en eins og málið lá fyrir við síðustu umræðu, þá áttu þeir að vera lausir við gjöldin; en þá var hann líka á móti og þótti ófært að leggja þau á landssjóð. Ekki vill hann heldur að prestarnir missi neins í; en *hvað* vill hann þá? Já, *hvað?* Hjer eru nú eigi fleiri vegir mögulegir. Hann er á móti öllu, hvernig sem frelsið á að fá framgang; það er aðalatriðið fyrir honum. Þetta sjer því hver maður, að er hinn mesti yfirdrepsskapur, og væri honum betra að segja hreint og beint að hann væri á móti öllu frelsi í kirkjunni, enda mun það sannast að segja að kirkjufrelsi er í augunum á honum eins og rauð dula í augunum á spönskum bola. Br.till. er alveg samhljóða því sem lög eru í Danmörku, og þegar jeg sje, að menn ætla gjöra sjer gyllingar til að reyna að misskilja eða rjettara sagt hártoga hana, eins og þm. Bst. (E. K.) gjörði, dettur mjer í hug erindið úr Skipafregn: «Skorta tekur skilninginn þeir skrafa í hljóði». Hann skildi eigi eða þóttist eigi skilja orðin í 4. gr.: «Semji lausapresti og fastapresti eigi um afnotatímann, setur hlutaðeigandi prófastur reglur fyrir afnotunum. Eigi prófastur í hlut, sker biskup úr». Hann tók svo dæmi af því, að lík þyrfti að grafa, og spurði, hvort það ætti að standa uppi þangað til biskup væri búinn að skera úr þrætunni um afnotatímann og kvað þá mundu farið að slá í skrokkinn. En einmitt þetta dæmi sýnir næsta vel skilningsskort þm. Þetta getur alls eigi komið fyrir. Það er eigi verið að tala um úrskurð biskups í hverju einstöku tilfelli, heldur stendur, að þeir prófastur og biskup setji *reglur* fyrir afnotunum, það er: reglur fyrir *öllum tilfellum*, því að maður setur eigi *reglur* fyrir að eins *einu tilfelli;* þessar reglur verða auðvitað settar fyrir um leið og lausasöfnuðurinn myndast. Þm. kvað þetta eigi hættulegt í Danmörku af því að þar væru járnbrautir og telegrafar. En jeg vil þá spyrja hann að, hversu fljótur hann er að fara eða koma boðum frá Bornhólmi eða Færeyjum til Sjálandsbiskups; ekki getur hann þó farið með járnbrautum þaðan eða telegraferað. Ætli líkin muni þá eigi úldna þar eptir því sem hann komst að orði? *Samhljóða* lög hafa gilt í Danmörku lengi og hafa engin vandræði orðið af, og mundi það verða yfirvöldum vorum til allmikillar hneysu, ef þau eigi gætu skilið þau. Og hygg jeg eigi að þm. Bst. telji Íslendinga þá afglapa, að þeir geti eigi notað þau lög, sem verða að góðu gagni í Danmörku. Þá spurði þm. Bst. (E. K.), hvað af lausasöfnuðinum yrði, ef hann hætti að fullnægja skilyrðunum, sem sett eru í lfrv. En sjer hann þá eigi, að það eru að eins tveir vegir fyrir höndum? Annar er sá, að hverfa inn í fastasöfnuð þjóðkirkjunnar á sama hátt og áður hefur verið, eða að ganga alveg úr þjóðkirkjunni, og það getur enginn bannað þeim. Þar sem þm. Bst. (E. K.) talaði um vísitazíulaun prófasts, þá er mjer eigi kunnugt um, hvernig fer með þau í Danmörku, en vafalaust má hjer fylgja sömu aðferð, sem þar, og jeg ímynda mjer að eigi þurfi að verða vandræði úr þessu, fremur hjer en þar. Jeg hefði hugsað, að menn kæmu með einhverjar *mótbárur* gegn *efninu;* en eigi datt mjer í hug að alvarlegum manni mundi þykja sjer sæma, að koma með aðrar eins hártoganir, sem þm. Bst. (E. K.), því að þær sýna að eins, að sá, sem heldur þeim fram, er í móti öllu kirkjulegu frelsi, en hefur þó engin rök á skynsemi og sanngirni byggð fram að færa.

Þórarinn Böðvarsson: H. h. þm. Sm. (J. Ó.) hefur svarað flestum spurningum þm. Bst., sem jeg held að eins vel hefði getað sleppt þeim öllum. Mig furðaði að hann skyldi koma með á þingi aðra eins spurningu og það, hvað væri algeng guðsþjónusta. (*E. K.:* Jeg sagði óalgeng). En það stendur hvergi í frv., og algeng guðsþjónusta er sú, sem tíðkast nú um land allt. Þar að auki eru hjer höfð sömu orðin og í dönsku lögunum. Þá spurði hann hvernig færi ef lausapresti og fastapresti eigi kæmi saman, og tók það dæmi, að lík þyrfti að grafa; en það á að semja reglur fyrir afnotum guðshússins, og getur þá aldrei komið fyrir að líkið úldni eins og hann sagði, nema því að eins að fastapresturinn væri einlægt að grafa frá morgni til kvölds og dag eptir dag, svo hinn kæmist aldrei að. Enn fremur talaði hann um laun fyrir vísitazíu prófasta á kirkjum, en í frv. er engin breyting gjörð á þeim. Ef báðir söfnuðirnir nota sömu kirkjuna, þá fær prófastur að eins laun fyrir að skoða hana, en ef lausasöfnuður byggir sjer nýja kirkju, þá verður hann sjálfsagt að launa prófasti fyrir að vísitera hana. Þar sem honum þótti 1. gr. ósanngjörn, er lausasöfnuðirnir þyrftu að

borga hin lögboðnu gjöld, þá er það undarlegt, þar sem honum þótti áður ófært, að gjalda eigi fastapresti. Og verður maður sannarlega að segja, að ekki er gott að gjöra þm. Bst. (E. K.) til hæfis. Þar sem hann spurði, hvað lausasöfnuður ætti að gjöra, ef hann eigi fullnægði þeim skilyrðum, sem sett eru í lögunum, þá ætla jeg að geta þess, að jeg ætla engin ráð að kenna þeim söfnuðum.

Eiríkur Kúld: Jeg hef enn þá ekki fengið fullnægjandi svör upp á spurningar mínar, og það jafnvel ekki hjá sjálfum hinum h. 2. þm. Sm., því að dæmið, sem jeg tók til um að það gæti fyrir komið að greptrun þyrfti að fara fram á líki, getur einmitt komið fyrir, þegar lausasöfnuðurinn er að setja sig niður, og meðan stendur á samningum milli prestanna eða prests og prófasts. Þar sem hinn h. þm. sagði, að ekki væru járnbrautir milli Borgundarhólms og Sjálands, og gæti þetta þó gengið þar, þá gjöri jeg ráð fyrir að þm. viti ekki síður en aðrir, að þar gengur gufuskip á milli á hverri viku. Þar sem hinn h. frsm. (Þ. Böðv.) sagði, að það gæti ekki komið fyrir að lausapresti yrði meinað að grafa lík, nema fasti presturinn væri allt af að grafa frá morgni til kvelds og dag eptir dag, þá skal jeg benda honum á, að ef stífni kemur í fastaprestinn, þá getur hann sagt við lausaprestinn: Þú mátt ekki nota kirkju mína fyr en úrskurðurinn er kominn frá biskupi. Þar sem hann svaraði spurningu minni um, hvað ætti að gjöra við þá lausasöfnuði, sem misstu rjett sinn til að vera lausasöfnuðir, með því, að hann ætlaði ekkert við þá að gjöra, heldur láta þá eiga sig sjálfa, þá sýnir það það, að honum er ekki svo annt um lausasöfnuði, að minnsta kosti ekki eins annt og mjer, sem ekki vil að þeir skuli gjalda tvöföld gjöld.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg vil benda hinum h. þm. Bstr. (E. K.) á, að eptir 4. gr. hefur lausaprestur rjett til að nota guðshús þjóðkirkjunnar til guðsþjónustu og annara kirkjulegra athafna á þeim tímum, þá er fastaprestur þarf þess eigi við, og dæmi hans getur því að eins komið fyrir, að fastaprestur sje að nota kirkjuna frá morgni til kvelds og það dag eptir dag.

Jón Ólafsson: Jeg stóð eiginlega upp til þess að þakka hinum h. þm. Bst. (E. K.) fyrir ræðu hans, því þótt ekkert væri annað, sem mælti með frv., þá gerði ræða hans það, því þær mótbárur, sem hann hefur komið með fram á móti því, sýna að litlir gallar muni vera á frv.; þegar eins gamall og reyndur og alvarlegur maður eins og hann er, ekki að tala um skarpleikann, getur ekki komið fram með neitt móti því nema smásmuglegar hártogana- og hugarburðargrýlur, sem auðsjáanlega að eins eru gerðar til þess að *skemmta* honum sjálfum og oss samdeildarmönnum hans, þá bendir það á, að frv. muni allvel úr garði gjört. Hvað snertir dæmi það sem hann tók, þá get jeg ekki sjeð, að það geti nokkurn tíma komið fyrir; samningar þeir, sem eiga að fram fara milli prestanna, eru ekki fyrir neitt einstakt tilfelli, heldur yfir höfuð. Það er alveg óþarft að setja reglur um það eða gera ráð fyrir því, sem aldrei getur komið fyrir, því ef svo stæði á að prestur lausasafnaðar þyrfti að grafa lík meðan fasti presturinn væri að nota kirkjuna, þá væri eigi annað en hann biði þangað til hinn væri búinn, því að þá getur hann ekki bannað kirkjuna, er hann þarf ekki lengur að nota hana, og til þess að prestur lausasafnaðarins aldrei kæmist að, þyrfti hinn ekki einungis að vera að grafa dag eptir dag frá morgni til kvelds, heldur jafnvel bæði nótt og dag. N. hefur sýnt hina ýtrustu lipurð með að laga frv. svo það gæti samsvarað sem bezt ósk þingsins, en þm., Bst. getur aldrei fallizt á það, hvernig sem það er lagað, en jeg vona að hann hafi þó einmitt veitt hinn bezta stuðning með sínum ljettvægu mótmælum.

ATKVGR.: Fyrsta brt. n. (C 274) samþ. með 17 atkv.; 2. brt. n. (ný 4. gr.) samþ. með 15 atkv.; 3. brt. n. (ný 5. gr.) sþ. með 16 atkv.; 4. brt. n. sþ. án atkvgr.

Frumvarpið í heild sinni samþykkt með 18 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk sex nafngreindra þm.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	Halldór Kr. Friðrikss.
Arnljótur Ólafsson,	Egill Egilsson,
Benidikt Sveinsson,	Eiríkur Kúld,
Eiríkur Briem,	Grímur Thomsen.
Friðrik Stefánsson,	
Gunnlaugur Briem,	
Holger Clausen,	
Jakob Guðmundsson,	

Jón Ólafsson,
Lárus Blöndal,
Ólafur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundss.
Þorsteinn Jónsson,
Th. Thorsteinson.

Þrítugasti fundur, föstudag 3. ágúst kl. 6—9. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og stofnun fjórðungsráða (C 223); 2. umr.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Frumvarp þetta fjekk svo góðar undirtektir við 1. umr., að jeg álít ekki þörf á að fara mörgum orðum um það að svo stöddu. En þar sem fram er komin brtill. frá þm. V. (Þ. J.), er hann vill heldur hafa einn skrifstofustjóra en tvo, þá skal jeg taka það fram að meiri hluti n. áleit hæfilegra að hafa 2 skrifstofustjóra og vona jeg þd. sjái á því, að þótt n. vildi spara, þá vildi hún þó ekki spara um of. Jeg álít einnig, að ef þessi brt. þm. V. verður sþ., þá muni það spilla fyrir málinu, því að stj. mun þykja haganlegra, að skrifstofustjórarnir sjeu 2, svo hún geti skipt með þeim þessum umboðslegu og — jeg vænti jeg eigi að segja — lagalegu störfum. Svo er önnur br.tillaga, frá meiri hluta n., að í st. f. Skeiðarársandur komi Núpsvötn, því að kunnugir menn segja að það sjeu hin rjettu takmörk Vestur- og Austur- Skaptafellssýslu.

Þetta mál kom fyrst inn á þing og var sþ. 1879 og síðan var það tekið upp aptur og sþ. með mestum hluta atkv. á þinginu 1881; en þess má enn fremur geta, að amtm.embættin hafa ekki verið álitin þörf síðan landshöfðingjaembættið var stofnað, því að fjærliggjandi sveitir eru opt mikið ver settar að ná til amtmannsins en landshöfðingja. Það getur verið annað mál fyrir þá, sem búa undir handarjaðrinum á amtmanninum, eins og t. a. m. 1. þm. Ef. Jeg veit að hann á hægt með að finna amtmanninn og mjer þykir því engin furða þó að hann vilji halda um milliliðinn! Amtmannsembættið var fyrst stofnað fyrir norðan 15. maí 1783, en 1684 var stiptamtmannsembættið stofnað eins og jeg tók fram við 1. umr. málsins, og þá bjó amtmaðurinn fyrir sunnan og var ekki sýnilega nálægur Norðlendingum og komst þó allt af. Árið 1785 var hinn fyrsti stiptamtmaður, Levetzow, búsettur hjer, og hann hóf fyrstur máls á því — þótt hann væri útlendingur — að skipta landinu í fjóra fjórðunga. En þessi góða ust. hans strandaði á því, að stj. var lífsins ómögulegt að skipta skjalasafninu. En nú er jeg viss um að stj. í Danmörku er svo fim og fær, að hún kemst út úr slíkum smámunum, enda hefur hún þegar, með stofnun lh.embættisins, slegið niður tign amtmannanna meir en til hálfs hjer á landi.

Hvað kostnaðinn snertir, þá er þetta verulegur fjársparnaður, þar sem 2 amtmenn hafa nú c. 14000 kr. og landritarinn 2400 kr. En 2 skrifstofustjórar hafa þó ekki meira en 8000 kr. og má heita fullsæmilegt. Jeg vona að 1. þm. Ef., af því að hann var sá maður, sem kom okkur fyrst á rekspölinn í Norðlingsritgjörðum sínum með launalögin, telji þetta verulegan sparnað og verði nú búinn að breyta skoðun sinni, svo að hann verði nú með málinu, og því finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða meir um það. Amtmaðurinn varð hjer fyrst sýnilega nálægur nyrðra árið 1783 og nú er komið 1883, svo þetta er svo ljómandi falleg áratala, og það er synd að ganga fram hjá henni.

Landshöfðingi: Án þess jeg ætli að tala mikið í þessu máli, sem sumum kann að virðast mjer ofskylt, þá vil jeg þó ekki láta það ganga gegn um þingið án þess að fara um það nokkrum orðum eptir stöðu minni á þinginu.

Stj. hefur áður látið skoðun sína í ljósi um þetta mál, og ástæður hennar fyrir því, hvers vegna hún ekki getur tekið til greina tillögur þingsins um að afnema amtm.embættin, eru ýtarlega útlistaðar í brjefi hennar 10. desbr. 1878. Jeg leyfi mjer að skýra hinni háttvirtu þingdeild frá, að þessar skoðanir stj. eru enn óbreyttar. Stj. byggir enn á þeim sömu ástæðum og getur ekki álitið þær í neinu tilliti hraktar. Stjórnin hefur yfirvegað ástæður þingsins 1881 í þessu máli; þær ástæður, sem þá komu fram móti nauðsyninni á að halda þessum embættum,

þær hefur stj. yfirvegað, og hún álítur að þær geti ekki leitt til annarar niðurstöðu en þeirrar er stjórnin hefur áður komizt að í þessu máli.

Jeg verð því að lýsa yfir því frá stj. hálfu, að þessi ust. sem nú kemur fram í lagaformi, er ekki aðgengilegri fyrir stj. en þær er áður hafa fram komið.

Jeg skal fúslega játa, að það fyrirkomulag, sem nú er, er ekki hið einasta fyrirkomulag sem hugsazt getur á umboðstjórninni í landinu; en þegar á að breyta einhverju, þá verður jafnframt að sýna fram á, hvernig annað betra verði sett í staðinn, og í því tilliti held jeg að þetta frv. sje ekki svo sannfærandi eða haganlegt frá þeirra sjónarmiði, sem br. óska. Það sem einkum sýnist vera þeirra sjónarmið og aðalástæðan fyrir breytingunni er fjársparnaður, ástæða sem jeg æfinlega skal játa, að hefur mikla þýðingu, en þar af leiðir ekki æfinlega hentugra fyrirkomulag. Hinn h. 1. þm. Skg., frms. málsins, hefur leitazt við að sýna, að hjer væri nokkur fjársparnaður; en jeg held hann hafi ekki tekið allt til greina, sem þörf er á í því tilliti. Hann tók fyrst og fremst ekki til greina, hvað þessi fjórðungsráð munu kosta meira en amtsráðin, og þetta hlýtur þó að verða verulegur kostnaðarauki. Jeg held því, að þegar þessa er gætt og þar sem einnig kostnaðurinn til hinna nýju embætta er nokkuð lágt settur, þá sje það mjög vafasamt, hvort það sparast mörg hundruð krónur eða jafnvel margar krónur eða ef til vill engin króna við þessa breytingu.

Um málið sjálft var talað margt við 1. umr., bæði með og móti, og jeg skal leyfa mjer að skýrskota í öllum aðalatriðum málsins til skýrslu 1. þm. Ef. (A. Ó.). Skoðun hans hafði við svo mikil rök að styðjast og var svo vel útlistuð, að mjer finnst full ástæða til að fallast á hana, eins og hún og er samkvæm þeirri skoðun, sem jeg (nú) í almennum orðum hef yfir lýst.

Hvað landritaraembættið snertir, þá er víst ekki að gjöra ráð fyrir miklum sparnaði heldur við niðurlagningu þess; þau störf sem landritarinn hefur á hendi verða að framkvæmast, þótt hans embætti leggist niður sem konunglegt embætti. Jeg held því það sje eðlilegra, að landritaraembættið hjeldist, þar sem lítill eða enginn sparnaður er við það að leggja það niður og engin ástæða er til þess. Þar sem talað er um, að afnema það sem konunglegt embætti, til þess að losna við eptirlaunabyrðina, sem það gæti haft í för með sjer, þá er þess að gæta, að í þessu embætti munu jafnaðarlega vera yngri menn, svo að það mun verða hrein undantekning að landritarinn sem slíkur fái eptirlaun.

Það var tekið fram við 1. umr., að eins vel mætti komast af með skrifstofustjóra og amtm. og var meðal annars færð sú ástæða fyrir því, að vesturamtið var hingað flutt. Jeg skal hreinskilnislega játa, að jeg álít þá breytingu ekki hafa verið neitt sjerlega hagfellda. Mín reynzla er sú, að það í ýmsu tilliti væri hagfelldara að amtmaður væri búsettur á vesturlandi, og jeg get sagt, að það eru fleiri á þeirri skoðun. Jeg skal að síðustu geta þess, að það hefur almennt verið sagt, og það með rökum, að framkvæmdarvaldið væri veikt hjer á landi, en jeg ætla það muni ekki styrkjast við það, að kippa burtu sjálfstæðum embættismönnum og setja í staðinn ósjálfstæða skrifstofustjóra undir lh. Jeg vil biðja hina h. þd. að gá vel að þessu, því að jeg held það sje ekki þýðingarlaus aths. í þessu máli. Það var einnig tekið fram mjög vel og ljóslega af hinum h. 1. þm. Ef., að það væri undarlegt þegar menn vildu auka vald lh. að ofan, að vilja þá einnig draga undir hann ýms smámál, er aðrir hafa haft á hendi, með öðrum orðum, þegar menn vilja að vald hans nálgist sem mest ráðherravaldi, að vilja þá einnig leggja honum á herðar umboðsleg störf, sem áður hafa verið falin á hendur öðrum embættismanni undir honum. Jeg held reynzlan mundi sýna, að það gæti ekki staðizt og yrði óhagkvæmt. Jeg held menn mundu öðlast annað en menn óska, mundu öðlast lítinn eða engan fjársparnað og óhagkvæmara fyrirkomulag en nú er.

Framsögumaður (Friðrik G. Stefánsson): Jeg gat ekki sannfærzt af ræðu hins hæstv. lh. eða ástæðum hans um vilja stj. í máli þessu. Stj. hefur þó beinlínis sýnt, að hún hefur tekið vel í þetta mál, með því að veita ekki amtmannaembættin, svo nú eru settir menn í þeim báðum. Það virðist fullkomlega gefa ástæðu til þess að álíta, að stj. muni hafa haft það á bak við eyrað, að þingið mundi halda áfram í sömu stefnu með að afnema embætti þessi gjörsamlega, og þótt hin heiðraða stj. hafi eigi enn þá fallist á þær tillögur þingsins, þá eru menn orðnir vanir við að það dragist

fyrir henni að afgreiða öll lagaboð undir eins og þau koma í fyrsta sinn frá þinginu, svo Íslendingum bregður þá ekki við þó að þeir fái ekki vilja sínum framgengt nú þegar. Hvað fjórðungsráðin snertir, þá mundi t. a. m. í Norðlendingafjórðungi ekki verða nema 2 mönnum fleira í fjórðungsráðinu en nú eru í amtsráði og yrði það varla mikill kostnaðarauki, en hitt er álit manna að með fjórðungsráðunum fari rjettindi og frelsi vaxandi, einmitt af því þau kunni betur að ráða fram úr í sveitarmálum og öðrum fjórðungsmálum en amtsráðs, sem eðlilegt er, þar sem hver sýsla hefði sinn fjórðungs-ráðsmann, og hlytu þeir því að hafa næga þekkingu hver í sínu hjeraði. Jeg álít líka að það sje miklu meiri hagur en 8000 kr. — sem sparast þó við þetta stjórnarfyrirkomulag — að hafa stj. á einum stað í landinu, sem hefir vald til að ráða fullnaðarúrslitum málanna. Er það ekki meiri óhagur fyrir Skagfirðinga og Húnvetninga, að verða að fara fyrst norður á Akureyri til amtsmanns og amtsráðs, og svo ganga málin þaðan suður í Reykjavík til lh., svo frá honum aptur til amtsmanns og amtsráðs, svo þaðan til sýslumanna og sýslunefnda, sem þá loksins fá að vita, hvað gilda skal, og vera á, og er því ekki spursmál hvað haganlegra er að sækja öll sín mál milliliðalaust suður til lh. Vestfirðingar hafa ekkert kvartað svo heyrzt hafi þótt þeir misstu amtmann sinn til Reykjavíkur. Það sannar ekkert í þessu máli þó að Danir hafi amtmenn hjá sjer, því umdæmi þeirra eru ekki meiri að víðáttu en hálf sýsla hjer og hún ekki stór, svo það tefur ekki mikið fyrir að ná til þeirra. Jeg get ekki skilið, að þetta sje til þess að draga vald lh. niður, því að jeg álít að stj. sje svo sanngjarn skiptarjettur, að hún muni ekki fá lh. meira vald niður á við, en honum ber nú, en skipta störfum amtmanna og amtsráða milli fjórðungsráða, sýslumanna og sýslunefnda. Og þó 1. þm. Ef. (A. Ó.), sem ekki var að mínu áliti eins skýr í skoðunum sínum eins og hinum hæstv. lh. þótti, hjeldi um daginn, að við meiri hluti nefndarinnar seldum stj. einveldi í hendur með þessum skiptum, þá get jeg engan veginn sjeð það, því að jeg sje ekki betur, en að það sje alveg samkvæmt 1. og 2. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem stendur: «framkvæmdarvaldið er hjá konungi» og «konungur ákveður verksvið landshöfðingja», svo við höfum haldið okkur beinlínis við grundvöll stjórnarskrárinnar. Enda vita allir, að þessi embætti eru búin til á einveldistímunum, þegar amtmenn áttu að tefja og vefja allt sem mest, sem miðaði til að viðhalda frelsi landsins. Þá væri ekki örgrannt um, að Íslendingar kynni að álíta þörf á nýjum Kópavogsfundi, ef allt á enn að festast og lafa í einveldinu hjer, eða í hinum úreltu eptirleifum þess hjer á landi. Þetta hefur samt í raun og veru ekki verið tekið svo strangt fyrri en nú, eptir að við fengum stjórnarskrána, og menn vöknuðu til meðvitundar um hið sanna frelsi og það stjórnarfyrirkomulag, sem ætti að vera því samfara. Jeg held mjer enn fremur við það, að það er almenn ósk, að embætti þessi sjeu afnumin, sem eru svo afardýr og óþörf, en tefja jafnframt svo mikið fyrir allri góðri og greiðri stjórnarframkvæmd, sem við er að búast, þegar öll þau mál, sem nokkru varða, liggja undir fullnaðarúrskurð lh., og því vilja Skagfirðingar, Húnvetningar og Þingeyingar losast við amtmann og amtsráð, en Eyfirðingar láta sjer nú má ske hægra, af því þeir eru svo nærri amtmanni og eiga þar líka hliðhollan amtsráðsmann. Austfirðingar hafa líka mikið skrifað í blöðin og vilja fá sinn fjórðung og fjórðungsráð út af fyrir sig, til þess að efla hag Austurlands, sem þeim þykir lítil von til að þrífist undir umsjón amtmannsins á Akureyri og amtsráðsins þar; og þó jeg hafi sjerstaklega tekið fram sýslur í norður- og austuramtinu, þá má og segja hið sama um sýslur í suður- og vesturamtinu, að minnsta kosti um flestar þeirra.

Jakob Guðmundsson: Þegar suður- og vesturamtið voru sameinuð, myndu mjög margir menn vestra hafa tekið því mjög illa, hefðu þeir ekki átt á því vissa von, að þetta væri eins konar byrjun til þess, að gjöra aðrar frekari breytingar á amtmannaembættunum. Mönnum fjell það mjög sárt að skilja við þann mann, sem þeir hjeldu svo mikið af, en báru þann harm í hljóði, af því, að þeir höfðu þessa von, að breytingin kæmi bráðum í aðra átt. Þegar nú hjer við bætist, að amtmaðurinn í norðuramtinu var settur í það embætti, en honum ekki veitt það, þá styrktust menn enn frekar í þessari von. Allir, sem þessa máls hafa minnzt í seinni tíð, hafa talið það víst, að þingið í sumar myndi hlynna að því af öllum mætti, að máli þessu yrði sem bezt framgengt, enda er það skoðun flestra skyn-

samra manna, að fengjust fjórðungssáð skipuð hjer á landi, þá myndi það verða eitt hið öflugasta meðal til þess að efla frjálsa og holla hjeraðastjórn í landinu, og yrði verksvið hjeraðsstjórnarinnar við það miklu meira afmarkað. Enn fremur hef jeg heyrt marga menn segja: «Annaðhvort vil jeg hafa 4 amtmenn, sinn í hverjum fjórðungi, eða engan». Þar sem þessi skoðun er nú svo almenn hjá landsmönnum, og á svo góðum rökum byggð, þá vona jeg, að þingið verði í engum efa um, að halda fram þessari stefnu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hef því miður ekki mörgu að svara hinum h. frsm., því að jeg get ekki sjeð, að hann í minnsta máta gangi inn á efni málsins. Hann liggur eins og ormur á gulli á öllu því, er viðkemur valdi og verksviði amtmannanna. Sje hinn h. frsm. nokkuð inn í innlendri stjórn landsins, hlyti hann að hafa hugsað sig vel um, og gjört sjer sjálfum grein fyrir, hver mál amtmenn hafa með höndum, hverjum málum þeir hafa fullnaðar-úrskurðarvald í, og í hverjum málum þeir standa einungis sem milliliðir. Hinn h. frsm., sem er svo sögufróður maður, má ekki gleyma því, að allt fram að árinu 1783, eða rjettara 1800, var mjög svo önnur stjórn hjer á landi en síðar; hann má ekki gleyma, að í fornöld var allt stjórnarfyrirkomulag einfaldara en síðan. Þá var enginn yfirdómur í landinu, nema ef nefna skyldi fimmtardóminn. Nú eru dómar þrír hver upp af öðrum, og hafa lengi verið. Hvort ætlar nú frsm. að sje rjettara og hollara fyrir rjettindi landsmanna, að hver einstakur embættismaður hafi fyrsta og síðasta úrskurðarvald í sjerhverju valdstjórnarmáli, er snertir almenning, eður þá skyldur hans við hvern mann, eða fleiri en einn embættismaður fjalli um sama málið, þannig að skjóta megi úrskurði eins til æðra valds úrskurðar? Jeg þykist vita, að hann kalli það frelsi, að vera í öllu einráður, að hann vilji sjálfur vera herra, eigi að eins yfir þeim málum er snerta hann einan sjer, heldur og vilji vera sjálfráður herra yfir sínum viðskiptamálum við aðra æðri sem lægri. En einmitt sakir viðskiptamála manna eru embættismennirnir settir, dómararnir til að dæma dómsmálin, valdstjórnarmennirnir til að úrskurða í valdstjórnarmálunum. Ef h. h. frsm. þykir ekki óparft, að þrír sjeu dómstólar hver upp af öðrum, þá get jeg ekki skilið, hvernig hann fer að sanna mjer, að allsendis sje nóg að hafa einn einasta valdsmann, ekkert stig, ekkert eptirlit, ekkert aðhald. Hefur h. h. frsm. gjört sjer ljóst, hverja þýðingu það hefur að sýslunefndir eru skipaðar með sýslumönnum, og amtsráð með amtmönnum? Hvar er það vald, sem sýslunefndinni er gefið? Jeg tek til sýslunefnd fremur en amtsráð, af því, að jeg býst við, að hún sje frms. kunnugri? Hennar vald liggur í því *eptirliti* og *aðhaldi*, sem hinir skipuðu sýslunefndarmenn *eiga* að hafa ásamt valdsmönnunum sjálfum. Amtmennirnir hafa yfirlit, eptirlit og aðhald í öllum þeim valdstjórnarmálum, sem almenning varða; þeir hafa og talsvert úrskurðarvald í dómsmálum, þó einkanlega sakamálum og lögreglumálum. Þetta vona jeg að frsm. skilji og um þetta getur hann frætt, ef hann les fyrst erindisbrjef amtmanna, og í öðru lagi löggjöfina síðan amtmenn voru skipaðir hjer á landi. Það eru varla nokkur lög, er almenning varða, að amtmennirnir sjeu ekki nefndir þar. Amtmaður er hinn einasti maður auk landsh., sem er skyldugur að ráða úr vandamálum, er upp koma, svo sem drepsótt, hallæri og fleiru, og gjöra nauðsynlegar ráðstafanir, að minnsta kosti meðan skipun vantar frá landsh. Jeg bið hinn h. frsm. að hugsa snöggvast nokkur ár aptur í tímann. Hvern byr heldur hann að afnám amtmannaembættanna hefði fengið í norðurlandi, þegar fjárkláðinn var uppi og í almætti sínu? Það er satt, er frsm. sagði, að verksvið landsh. skal ákveðið af konungi. Konungur hefur og ákveðið verksvið hans með erindisbrjefi landsh. En vilji nú konungur breyting á því gjöra, hugsar frsm. sjer þá, má jeg spyrja, að sú breyting geti ekki orðið nema með konungsúrskurði, en ekki með lögum? Skilur frsm. 2. gr. stjórnarskrárinnar svo?

Þar sem nefndin talar um að skipa skrifstofustjóra, er standi undir landsh., þá bið jeg þess gætt, að í þeirri ritgjörð, sem jeg hef skrifað um þetta mál, og frsm. hefur vitnað svo mikið til, er þess aldrei getið, að setja skuli *skrifstofustjóra*, heldur sjálfstæða embættism., sem ættu að koma fram á þingi með fullri ábyrgð fyrir þinginu. Þessir menn áttu að vera sem ráðgjafar landshöfðingja, en landsh. átti þar á móti að vera svo sem ímynd konungs hjer á landi. Þetta fyrirkomulag hugsaði jeg mjer í líkingu við stjórnarskipun Kanadamanna.

Jeg vil ekki fara að taka upp aptur það, sem h. h. landsh. tók svo skýrt fram áðan um kostnaðarmuninn og hverja þýðingu það hefur, að af taka embætti fastra sjálfstæðra embættismanna. Jeg held einnig, að ekki sparist nema fáar krónur eða aurar við þessa breytingu. Ef menn eiga að sitja í fjórðungsráðum, þá þurfa þeir einnig að fá einhverstaðar frá greiddan þann kostnað sem af því leiðir, jeg meina ferðakostnað o. fl. Nú þykir mjer líklegt, að h. h. frsm. þyki ekki af miki að halda 2 slíka fundi á ári, og setjum, að þeir stæðu svo sem 3—4 daga í senn. Fer þá kostnaðurinn ekki að verða nokkur? Því að ekki gjöri jeg ráð fyrir því, að frsm. ætlist til, að þessir menn hafi svo sem 2 kr. um daginn og 1 kr. eða svo í hestleigu; með því móti gæti þetta orðið sparnaður. En ferðist þeir nú eins og við má búast, líkt og alþingism. norðan úr landi, sem eiga góða hesta, og gefi álíka reikninga og sumir þeirra, þá get jeg fullvissað frsm. um, að þessi ferðakostnaður getur numið ærinni upphæð. Afleiðingin af breytingunni eða ávinningurinn myndi þá verða einungis sá, að amtmannalaununum yrði skipt upp milli þessara fjórðungs-ráða-riddara. Það væri auðvitað gott og gleðilegt fyrir þá, sem eiga góða hesta, og þykir gaman að ljetta sjer upp. Mjer þætti annars fróðlegt að heyra, hvað af völdum amtmannanna frsm. ætlast til að lendi hjá þessum 1 sýslumanni, sem á að verða fjórðungshöfðingi eða formaður fjórðungsráðsins. Það er æfinlega æskilegt, að góð regla sje á, hvar sem er, og veitir víðasthvar ekki af, að menn sjeu settir til að gæta hennar, en það lítur svo út af orðum frsm. sem í Skagafirði sje lítil þörf á þess háttar. Yfir höfuð að tala finnst mjer mál þetta svo lauslega hugsað af nefndinni, að engin vanþörf væri á því, að h. h. frsm. hugsaði sig nú um það betur, til dæmis til næsta þings.

Jón Ólafsson: H. h. þm. Ef. (A. Ó.) talaði um að það yrði lítill *sparnaður* að leggja amtmannsembættin niður. Getur verið. Er þá *ekkert* unnið? Jú, hver sýsla getur átt sinn *fulltrúa* í fjórðungsráðunum, sem þær ekki geta nú. Eins og stendur á verða fjarlægari sýslurnar, t. d., Húnavatns- og Múlasýslur, alveg út undan við kosning til amtsráðanna og þess vegna fulltrúalausar á amtráðsfundunum. Hverjum er kunnugast það, sem næst honum er og getum við í Múlasýslum og þeir í Húnavatnssýslu illa át málefni vor undir þeim, sem við engan þátt eigum í að kjósa og því eru ekki *fulltrúar* vorir, og sem ekki þekkja til mála og ástæðna. Hagsmunir sýslnanna eru ólíkir. Öðruvísi er háttað í Múlasýslum en í Eyjafirði og enn öðruvísi í Húnavatnssýslu, *(Arnl. Ólafsson:* Ekki með till. til amtsráðanna). Ó jú! Afleiðingin er auðsæ. Hverjum er jafnara skipt fjenu til eflingar búnaði? Ekki fara hreppar amtsráðsmanna varhluta þar. Nei, þetta fyrirkomulag væri æskilegt og hjer svo mikið unnið, að tilvinnandi væri þótt nokkrar kr. gengi í kostnað. Þeim væri vel varið. Hvað þá heldur, ef það þarf ekki að vera. Þm. Ef. sagði að amtmannaembættin væri nauðsynleg vegna eptirlits með útlendum fiskiveiðum. Jeg er nú úr því plássi þar sem fiskiveiðar útlendar eru langmest stundaðar og þekki mjög vel eptirlit amtmanna með þeim. Jeg hef ekki sjeð amtmann í því plássi og aldrei heyrt getið um neinn amtmann, er austur á land hafi komið á *minni* æfi, nema einu sinni gamlan kall, sem hjálpa varð af hestbaki og á bak. Við höfum verið amtmannslausir fyrir austan og komizt vel af og eins myndum við enn gjöra. Þó amtmaðurinn væri ungur og friskur, jafnvel þó hann væri engill af himnum, væri honum ómögulegt að kíkja norðan af Akureyri inn á hverja vík og vog. Hann getur ekki verið alstaðar og menn verða, hvort sem amtmaður er eða ekki, að láta sjer nægja með eptirlit sýslumanna. Gjöri *þeir* ekki skyldu sína þá er víst ekki mikið nær að fara til amtmanns en að fara til landshöfðingja, nema kannske í Eyjafirði. Sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu og bæjarstjóri á Ísafirði eru t. d. að taka lítið nær amtmanni en landshöfðingja. Þessar ástæður, sem þingm. Ef. kom með, sýndust mjer þess vegna bera vott um að hann hafi lítið, ef hann hefur ekki annað en þær til að telja því gildi, að amtmannaembættunum sje haldið. En hann kom *ekki* með *sína* ástæðu sem hann hefði þó *getað* komið með og sem meira gæti verið í varið, sem sje, skyldu amtmanna að vísitera hjá sýslumönnum og rannsaka peningaforða þeirra. Ef þetta væri gjört, væri það þarflegt. En sem sagt, síðan 1850 höfum við á Austurlandi ekki amtmann sjeð nema þennan örvasa karl, sem ekki gjörði annað en að drekka glas hjá sýslumönnunum. Hafi menn nú í

¼ aldar getað komizt af amtmannslausir á Austurlandi, geta menn það enn. Jeg man eptir því að jeg var einu sinni hjá sýslumanni fyrir austan þá er jeg var yngri; svo frjettist að amtmanns væri von. Hann rauk til, fór að búa sig undir komu amtmanns, færa í og skrifa undir prótókolla. Þá hafði t. d. dómabókin ekki verið *undirskrifuð* (t. d. dómar og rjettarhöld í henni) um *10 ár*. En svo kom amtmaður aldrei. Jeg held að eptirlitið gæti gengið betur ef landshöfðingi ljeti ritara sinn vísitera. Ritarinn er optast yngri maður, og því væntanlega ólatari og röggsamari.

Friðrik Stefánsson: Þm. Ef. (A. Ó.) fann að því, að jeg hefði ekki skýrt frá verksviði amtmanna. Þess hugsaði jeg ekki mundi þurfa, því jeg vissi að þm. er undir handarjaðrinum á amtmanninum fyrir norðan og handgenginn honum í bezta lagi, að því er sagt er, enda þarf hann ekki lengra að fara til að sjá þetta, en hjer fram á skrifstofuna, þar sem öll erindisbrjef þeirra eru í lagasafninu. Jeg áleit ekki skyldu mína að lengja þingræðurnar með upptalningu á þessu. Málið var þegar undirbúið á þingi 1881 og eins er það enn. Þm. Ef. hugsar sjer að í fjórðungsráðunum sitji menn sem hann ætlar að muni hafa mikið minna en meðal bóndavit. Sýslumenn eru þó ætíð við hendina, og einn þeirra á að vera formaður í hverju fjórðungsráði og ekki ættu þeir að vera svo mikið síður en amtmenn, því optast verða amtmenn úr sýslumönnum. Prestar verða líka máske teknir á stundum í fjórðungsráðin, og gæti þá skeð að presturinn á Bægisá yrði fyrir því happi. Þm. var enn fremur að mjer skildist að tala um að Skagfirðingar væru reglumenn. Þessu skal jeg alls ekki móti bera, og jeg þykist viss um að þingmanninum hefir verið þetta alvara. Því það er auðsjeð að hann álítur þá reglumenn á því, að hann svo mjög hefur gengið á mála hjá sumum þeirra, og á það þó ekki vel saman að vera prestur og leiðangursmaður, og enn fremur má geta þess, að presturiun hefur mjög mikið fyrir þessum mála sínum hjá Skagfirðingum, þegar hann fer fótgangandi um hávetur, yfir fjöll og firnindi á fund þeirra, og hlýtur hann því að hafa ríflegan og vissan mála eða ferðakostnað auk málagjalds. Þingmaðurinn sjer ekki sparnaðinn, þó amtmannaembættin væru afnumin. Það þykir mjer þó undarlegast, að hann, maður í bezta lagi fjeskyggn, skuli hjer ekki sparnað sjá. Annars er það ósk mín og von, að þm. sem hefur snúizt svona liðugt um möndul sinn síðan i hitt eð fyrra, muni þangað til 1885 snúast enn og láta þann kantinn horfa upp, sem er með niðurlagningu amtmannaenbættanna og þannig komast til sannleiksins viðurkenningar í máli þessu, svo framarlega sem stjórnin þá ekki verður búin að afgjöra það. Að öðru leiti var ræða 1. þm. Ef. (A. Ó.) þannig, að hún er að mínu áliti ekki svara verð, t. a. m. þegar hann var að flækjast inn í dómsmál að fornu og nýju, sem ekki kemur þessu máli við, eða þar sem hann fór að tala um ferðakostnaðarreikninga þm. norðan úr landi; en fyrst hann minntist á það, þá hef jeg veitt því eptirtekt, að reikningar hjá sumum þeim þm., sem eru fyrir norðan Skagafjörð, eru fullkomlega svo dýrir sem vegalengdinni svarar, í samanburði við reikninga annara þm. á Norðurlandi.

Grímur Thomsen: Þegar amtsmannsembættið í Vesturamtinu var flutt frá Stykkishólmi til Reykjavíkur, þá virtist það vera játning frá stj. um, að slíkt embætti væri ekki mjög nauðsynlegt, og geti amtmaðurinn í Vesturamtinu setið í Reykjavík, þá held jeg að amtmaðurinn í Norðuramtinu gæti það einnig, og þá eru báðir amtmennirnir óþarfir, en minnstu held jeg mundi muna um vegalengd fyrir þá sem lengst eiga til amtmannsins í R.vík að sækja úr Vesturamtinu og þá sem þyrftu að sækja þangað úr Norðuramtinu, ef amtmaður þeirra sæti hjer. Þar sem hinn h. þm. Ef. (A. Ó.) sem sögufróður maður minnti á hvernig verið hefði á fyrri öldum hjer, þá var það eigi eins og hann lýsti því, heldur var hjer að eins einn höfuðsmaður, en enginn amtmaður, og þá voru líka tveir lögmenn, en þeir voru að eins forstjórar dómanna á alþingi. Seinna var þessi höfuðsmaður gjörður að stiptamtmanni, en hann sat í K.höfn en kom aldrei hingað, nema það bar við að hann kæmi á Hafnarfjörð, og fór þá undir eins burtu aptur, en hann hafði að eins sinn umboðsmann hjer. Þá var að eins einn amtmaður hjer, því þá þótti ekki meiru til kostandi, og þá þótti það nægja, en nú þegar landið á að kosta þá af sínu eigin fje, þá þykir ómögulegt að komast af með minna en tvo amtmenn; þá er ekki hugsað um að spara lengur. Lögmennirnir voru eins og jeg sagði áðan ekkert annað en forstjórar

dómanna á alþingi, nema þegar svo vildi til að þeir höfðu sýslu á hendi jafnframt. Hinn h. þm. Ef. sagði, að það væri nauðsynlegt að hafa amtmennina til að líta eptir fiskiveiðum útlendra manna hjer við land; jeg held að hinn 2 h., þm. Sm. (J. Ó.) hafi svarað þessari mótbáru hans nægilega, en jeg ætla að bæta því við, að þá væri nauðsynlegt að hafa amtmann á hverjum firði ef þeir ættu að hafa nákvæmt eptirlit með fiskiveiðunum. Sami h. þm. spurði hinn h. frsm. hvaða verksvið amtmennirnir hefðu, og af því frsm. ljet því ósvarað, ekki af því að hann hafi ekki vitað það, heldur af því að hann hefur álitið það óþarft, þá skal jeg gefa honum dálitlar upplýsingar í því efni. Amtmenn hafa ekki fullnaðarúrskurð nema í örfáum málum. Í einstökum lögreglumálum geta viðkomendur gefið sig undir úrskurð amtmanna. Amtmenn geta og opt ráðið því hvort höfða skuli sakamál gegn einstökum mönnum, en lh. getur þó einnig í því gripið fram fyrir hendur þeirra, ef honum þykir þeir ekki gera það nógu fljótt. Amtmenu hafa og úrskurðarvald í einstökum sveitamálum, en þeim er þó opt áfrýað til lh. Menn geta nú sjeð að allt þetta getur flutzt undir lh. án þess nokkuð skaðlegt þurfi að leiða af þeirri breytingu. Hvað skoðunarferðir amtmanna snertir, til þess að rannsaka embættisfærslu sýslumanna, þá get jeg eigi betur sjeð en lh. gæti sjer að skaðlausu sent til þess annan skrifstofustjórann, þegar þeir eiga að vera tveir. Annars eru nú þessar skoðunarferðir amtmanna mjög sjaldgæfar, en það væri eigi að síður óskandi að þær yrðu fleiri framvegis, og til þess gæti lh. brúkað sína undirmenn. Jeg held því að öllu vel yfirveguðu, að það sje mjög æskilegt að amtmannaembættin væru lögð niður; en hvað þessi fjórðungráð snertir, þá held jeg að það atriði sje ekki nógu vel hugsað og ekki næg ástæða til að breyta til frá því sem er nú, nema ef menn vildu auka meðlimatölu amstráðanna, og jafnvel bæta einu amtsráði við fyrir Austfirðingafjórðung, en jeg vona að hin h. e. d. bæti frv. eins og þörf er á, hvað þessi fjórðungsráð snertir.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer heyrðist hinn h. þm. Bf. ekki lýsa ástandinu á fyrri öldum svo glæsilega, og jeg vildi því leyfa mjer að spyrja hann, hvort hann telur óskandi, að fá það ástand aptur. *(Gr. Th.:* það gat gengið). Þótt það gæti gengið, þá má lengi segja svo, það gæti kannske líka gengið að hafa enga embættismenn, og þegar mönnum þótti nauðsynlegt að breyta því ástandi, þá held jeg að það sje varhugavert að koma því á aptur, og jeg veit að flestum mundi þykja það óhafandi nú. Þm. fann sjálfur til þess, hversu óeðlilegt það hefði verið að höfuðsmaðurinn skyldi sitja í Khöfn og hafa aðeins einn amtmann hjer á landi, enda mundu menn ekki una slíku nú á tímum. Að því er það snertir, að lh. geti látið skrifstofustjóra sína rannsaka embættisfærslu sýslumanna, þá held jeg að slíkt geti ekki komið til nokkurra mála. N. segist álíta að spara mætti fje með því fyrirkomulagi sem hún vill hafa, en það er ekki nóg að álíta, það verður að gjöra skýra grein fyrir hvernig fjeð verði sparað, en hjer er engin sú grein gjörð. Jeg álít að n. verði og að leggja vel niður fyrrir sjer hvernig eigi að skipta því valdi sem amtmennirnir nú hafa, og þótt jeg nú gæti fallizt á að setja fjórðungsráð í stað amtmanna, þá verð jeg fyrst að sjá skýra grein fyrir hvernig vald þeirra eigi að vera. Yfir höfuð verð jeg að álíta að þetta frv. sje ótímabær burður, meðan málið er ekki betur úr garði gjört. Í hverju liggur þessi sparnaður hjá n.? það sje jeg hvergi sýnt. Hvað ætli þessi fjórðungsráð mundu kosta? og hvað opt ætli þau ættu að halda fundi sína? Það yrði ekki nóg, að þau gjörðu það einu sinn á ári, þar sem ýms mál mundu koma til að liggja undir þau, sem nú liggja undir úrskurð amtmanns eða sem hann getur gjört ráðstöfun um til bráðabyrgðar; þau yrðu að minnsta kosti að halda fund tvisvar á ári, og það verður þó ekki nóg; ætli kostnaðurinn eptir þessu frv. færi þá ekki að slaga hátt upp í kostnaðinn við amtmannaembættin, þar sem eptir frv. eiga að vera 2 skrifstofustjórar með 3000 kr. launum hvor, og 1000 kr. í skrifstofufje? en mjer þykir gott ef skrifstofa hvors þeirra um sig kemst af með 2000 kr. og þá er kostnaðurinn kominn upp á 10000 kr. Jeg álít því frv. öldungis ótímabært, auk þess sem jeg álít, eins og jeg tók fram um dagin, að ákvæði þess heyrðu alls eigi undir lög.

Jakob Guðmundsson: Jeg skil eigi að kostnaðurinn við fjórðungsráðin þurfi að verða mikið meiri en við amtsráðin eða að þau þurfi að koma optar saman. Ef það er nóg nú að amtsráðin komi saman einu sinni

á ári, þá ímynda jeg mjer að það sje líka nóg að fjórðungsráðin komi saman einu sinni á ári, og það því fremur, sem í þeim sæti einn maðar úr hverri sýslu, og þau væru því betur skipuð en amtsráðin þeim mönnum sem þekktu alstaðar betur til. Að því leyti sem amtmenn nú geta lagt úrskurð á mál, því gæti þá ekki sá sýslumaður, sem lh. setur sem formann fjórðungsráðanna, eins gjört það án þess að kalla saman fjórðungsráðin, eins og amtmaður getur það nú án þess að kalla saman amtsráðin? Jeg get ómögulega gert mikið úr þessari kostnaðargrýlu, sem menn eru að búa til móti fjórðungsráðunum, sem auðsjáanlega beinlínis er gjörð til þess að fæla menn frá að sp. þetta frv.

Þorsteinn Jónsson: Jeg ætla að minnast lítið eitt á brt. mína (C 227). Jeg gjöri hana eigi að kappsmáli, en það er í mjer sparnaðarnáttúra, og er brt. fram komin af sparnaði. Svo hefur skrifstofufróður maður sagt mjer, að einn maður mundi komast yfir það, sem störf landshöfðingjans aukast við það, að amtmannaembættin verða lögð niður, meðan stjórnarstörfin breytast ekki að öðru leyti. Hvað amtmannaembættin sjálf snertir, þá hef jeg ávallt sannfærzt um það betur og betur, að þau eru óþörf hjer á landi, og mikið framar til tafar, þar sem flest mál sem amtmaður hefur með höndum, liggja eigi undir fullnaðarúrskurði hans, heldur lh.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get vel trúað því að Vestfirðingar hafi sjeð eptir amtmanni sínum; en einkum held jeg það hafi verið eptir manninum sjálfum, því að þegar mönnum líkar við manninn, þá vilja menn ógjarnan missa hann. Það man jeg líka, að mönnum þótti stjórnin beita hinu mesta gjörræði þegar hún flutti amtmannsembættið til Reykjavíkur frá Stykkishólmi ekki síður, en þegar Borgarfjarðarsýsla var sameinuð Mýrasýslu, en ekki hef jeg þó síðan heyrt neina óánægju með að hafa amtmann hjer í Reykjavík, og að minnsta kosti hefur það eigi komið fram í blöðum eða ritum. Maður má nú heldur ekki miða við það, sem verið hefur í gamla daga, því að nú er ólíkt með pósta og samgöngur á sjó og landi. Auk þess hef jeg aldrei heyrt að kvartað væri yfir hirðstjórunum eða höfuðsmönnum að því leyti, að svo erfitt væri að ná til þeirra suður að Bessastöðum, en það var kvartað yfir ranglæti þeirra og fjegirnd. Jeg held sannarlega að landið hefði eigi verið betur farið á þeim tímum, þó að það hefði haft 2. 3, eða jafnvel 4 því um líka hirðstjóra. Ef nú amtmennirnir þá eru svo nauðsynlegir, sem sumir menn segja, þá get jeg eigi annað sjeð, en að það sje hið mesta ranglæti, að hafa engan amtmann á austfjörðum eða í hinum forna austfirðingafjórðungi; og ætti þá að stofnsetja amtmannsembætti þar því fyr því heldur. En fæstir sjá nú þessa þörf; það er eins og það hafi vakað fyrir þinginu að afnema þessi embætti, því flest lagaboð síðan 1875 eru í framkvæmd þeirra miðuð við lh.embættið en eigi við amtmannaembættin.

Þar sem þm. Ef. (A. Ó.) talaði um umsjón amtmanna með fiskiveiðum útlendra, þá sagði þm. Bf. (Gr. Th.), að ef hún ætti að vera viðunandi, þá veitti eigi af amtmanni á hverjum firði, en jeg held að það þyrfti meira; jeg held að eigi myndi veita af herskipum kring um allt land alskipuðum eintómum amtmönnum. Þar sem farið hefur verið fram á, að fá fjórðungsráð, þá hafa menn fjölyrt mjög um kostnaðinn til þeirra; þá læt jeg mjer hann eigi í augum vaxa og er jeg þó fjesýnn maður, því að jeg álít ófært, að sumar af sýslunum sje fulltrúalausar, því að svo eru þær í amtsráðunum, hvað sem h. h. þm. Ef. (A. Ó.) segir; það er hverjum manni kunnugt um, að í amtsráðunum sitja að eins tveir menn, og hingað til hefur sú verið reyndin á, að þeir hafa verið úr sýslunum næst við amtmannssetrið. Þá spurði þm. Ef. (A. Ó.), hversu opt og hversu lengi fjórðungsráðin ættu að hafa fundi; en jeg held að menn geti eigi sett meiri takmörk þar um, fremur en nú fyrir fundum amtsráða og sýslunefnda, því jeg þekki ekki að neitt sje fast ákveðið með það. Þá skil jeg eigi, að 1. þm. Ef. geti kallað það að kippa fótum undan lh. að af taka amtmennina, því að það eru svo lítilfjörleg mál, þar sem amtmaður hefur fullnaðarúrskurð, að hann getur valla kallazt meira en skrifstofustjóri undir lh. Sje jeg því eigi neina ástæðu til að blanda þessu saman við það, þó að maður vilji að vald lh. aukist að ofan. Landshöfðingjadæmið eykst einmitt að veg og virðingu, ef vald þess er aukið sem mest. Jeg hefði miklu fremur vænzt, að þm. Ef. hefði komið með brt. við það, sem honum eigi líkar í frv., heldur

en með mótmæli sín nú, enda vona jeg að honum snúist hugur bráðum aptur.

Jón Ólafsson: Enginn getur metið þingskörungskap h. h. 1. þm. Ef. meir en jeg og vil jeg því mikið til vinna að ná hans fylgi með máli þessu. Vil jeg því stinga upp á br.till. ef verða mætti að þd. fyrir hana næði fylgi hans í þessu máli. Það eru 18 sýslumenn á landinu. Vil jeg nú, til þess að hugnast honum, þar sem honum eru amtmennirnir svo kærir, stinga upp á, að gefa öllum þessum sýslumönnum amtmannsnafn. Hann fengi þá 18 amtmenn í stað tv ggja. Þessa ust. bið jeg h, h. þd. að hugleiða vel til 3. umr., ef menn kynnu að vinna 1. þm. Ef. með því.

Ekki skil jeg því þm. er svo þungt til fjórðungsráðanna; jeg held þó að þau myndu verða mjög vinsæl hjer á landi, og væri það gott ráð, að auka vald þeirra og efla; þykir mjer enda mjög líklegt, að sum mál væri betur komin undir fullnaðarúrskurði þeirra en alþingis; jeg skal taka til dæmis löggildingu verzlunarstaða, að minnsta kosti spöruðust umræðurnar á alþ. nokkuð við það. Brt. þm. V. (Þ. J.) get jeg eigi fallizt á. Jeg held að það sje eigi ofmikið að hafa 2 skrifstofustjóra undir lh. Jeg sje að n. hefur tekið til greina eina af ráðleggingum mínum við 1. umr., um takmörk milli Austfirðinga og Sunnlendingafjórðunga. En það hefði líka verið gott, ef hún hefði viljað fara eptir þeim í því, að breyta takmörkum milli Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu. Enn fremur hefði hún átt, að breyta nafninu skrifstofustjóri, sem er einungis útlegging á danska orðinu «Contorchef», í landritara, sem þó er íslenzkt orð að eðli og uppruna. Það hefur verið sagt að mönnum hefði verið eptirsjón að amtmanninum í Vesturamtinu, en það verður manni ávallt að góðum og duglegum mönnum, og sannar það eigi að mönnum hafi verið eptirsjón í embættinu, en hitt sannar ljóslega hversu embættið er óþarft, þegar örvasa maður getur verið í því svo árum skiptir. Þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) taldi tormerki á því, að landshöfðingi gæti sent landritarana til þess að halda skoðunargjörðir hjá sýslumönnum, en jeg get ekkert sjeð í vegi fyrir því, að lh. sendi hvern þann, sem hann álítur hæfan til þess, og tel jeg það mjög heppilegt, að hann geti sent landritarana til þess, því að þeir munu optast vera ungir menn, sem er ljettara um ferðalög, heldur en aldurhnignum mönnum, sem optast verða skipaðir amtmenn. Þá þótti hinum sama virðulega þm. skrifstofufjeð of lítið, en það mun alls eigi svo. Menn verða að gá að því, að til skrifstofu lh. eru áður lagðar 2400 kr. og þegar nú þar við bætast 2000 kr., verða það 4400 kr. og er það ólíklegt að kostnaðurinn verði meiri. En það sem sami þm. sagði um þörf á nýju skrifstofuhúsi, er úr lausu lopti gripið. Mikill partur af skjalasafni lh. er nú flutt á kirkjuloptið (landsskjalasafnið) og er nægt rúm á kvistinum í lh.húsinu fyrir ritstofu eina til.

ATKVGR.: Brt. við 1. gr. (C 227) felld með 12 atkv. gegn 3, 1. grein frv. óbreytt (C 223) sþ. m. 15 atkv.; brt. við 2. gr. (C 278) sþ. m. 15 atkv., 2. gr. þannig orðuð sþ. m. 15 atkv; 3. gr. sþ. m. 16 atkv.; 4. gr. sþ. m. 16 atkv.; 5. gr. sþ. m. 15 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 atkv. gegn 3, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	Halldór Kr. Friðrikss.
Benidikt Sveinsson,	Arnljótur Ólafsson,
Egill Egilsson,	Eiríkur Kúld.
Eiríkur Briem,	
Friðrik Stefánsson,	
Grímur Thomsen,	
Gunnlaugur Briem,	
Holgeir Clausen,	
Jakob Guðmundsson,	
Jón Ólafsson,	
Lárus Blöndal,	
Ólafur Pálsson,	
Tryggvi Gunnarsson,	
Þórarinn Böðvarsson,	
Þórður Magnússon,	
Þorkell Bjarnason,	
Þorlákur Guðmundss.	
Þorsteinn Jónsson,	
Þorsteinn Thorsteinss.	

Lfrv. um toll á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum og um afnám skatts af ábúð og lausafje (C 237); 2. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg sje að það ætlar að verða býsna örðugt

eins og eðilegt er, að koma fram nokkrum breytingum, sem ljett geti skattabyrði á herðum landsmanna. Nefndin, eða meiri hluti hennar, hefur, eins og sjá má, (nefndarálit C 237), ráðið til að hækka tollinn á áfengum drykkjum. til þess að bæta upp þann missi, sem tekjur lsj. bíða við það, að ábúðar- og lausafjárskatturinn fellur niður.

N. byggði á því, að hún sæi ekkert hættulegt við að hækka þennan toll. Aptur á móti var það sterklega tekið fram, við 1. umr. þessa máls, af 2 þm., að þetta væri varasamt, án þess þó að þeir leiddi nokkrar gildar ástæður að því, því það væri ísjárvert.

Jeg skal játa að það er ísjárvert einlægt að vera að breyta sömu lögunum, en menn verða að gá að því, að það eru einmitt skattalög og tolllög, sem langmest allra laga verða fyrir stöðugum breytingum. Á Englandi hagar svo til, jeg vil ekki segja á ári hverju, en mjög opt, að álögum er breytt, einkum tekjuskatti og þess konar. *(Gr. Th.:* Tollum líka). Jeg verð því enn að halda því fram, að þetta er ekki eins ísjárvert og einstakir heiðraðir þm. hafa látið í ljósi.

Jeg verð og að geta þess, að mjer kemur það nokkuð undarlega fyrir sjónir þetta ágreiningsatriði minni hlutans, vegna þess að höfundur þessa ágreiningsatriðis (Tr. G.) var einmitt hinn fyrsti maður í n. sem kom upp með það að hækka toll á brennivíni og öðrum áfengjum drykkjum. *(Tr. G.:* Bara um fjárhagstímabilið). Jú, það er satt að hann einskorðaði það við fjárhagstímabilið, en í hinu prentaða ágreiningsatriði sjest þess hvergi getið. Það er ekki til neins að tala um það; en það var einmitt í trausti til þessarar ust. frá 1. þm. Sm. (Tr. G.), að jeg og meðustm. minn tókum aptur frv. okkar eða ust. um útflutningstoll á landvarningi. Það er nokkuð hart og óvanalegt að fá menn til þess að taka aptur frv. sitt með því að koma fram með nýja ust., og síðan þegar viðkomandi hefur tekið þessa ust. náungans og farið að byggja á henni sem nýjum grundvelli, þá að hinn sami náungi skuli taka hana aptur. Jeg minnist þess til að sýna að hjer á þingi er eigi að eins einn maður sem hefur breytt skoðun sinni, þeirri er hann hafði fyrir 2, rjettara sagt, 4 árum síðan, heldur er nú líka dæmi til þess, og það hjá jafngóðum og heiðarlegum þm. sem 1. þm. Sm. (Tr. G.) eflaust er, að hann hefur breytt skoðun sinni á 2 dögum.

Þá er hjer fyrir bratkv. frá 2. þm. Hv. (E. Br., C 274): það gengur nokkuð í sömu stefnu sem 1. þm. Sm. (Tr. G.) hefur gengið, eða rjettara sagt gekk fyrst í n., það er að segja að binda þessi l. að eins við fjárhagstímabilið; en frábrugðið er það að því leyti, að í brt. er ekki farið fram á annað en að afnema eingöngu lausfjárskattinn. Jeg tel víst að þessi viðbót við tollinn, sem brt. fer fram á, muni nema sömu upphæð sem lausafjárskatturinn um fjárhagstímabilið. Þessi hugsun er að því leyti á góðum rökum byggð, að þess mun vandlega gætt að lsj. tapi ekki neinu. En þó verð jeg að segja, að jeg kann ekki við að leggja toll á að eins til 2 ára. Forlög þessa máls hafa verið þau, að 2 frv. hafa komið fram, er bæði hafa haft þann tilgang að ljetta skattabyrði bænda. Hefur annað frv. gripið til útflutningstolls á landvarningi til að bæta lsj. að hálfu tekjumissinn. Hitt frv. vill auka aðflutningstoll á áfengum drykkjum í sama skyni. En nú er hið þriðja frv. á leiðinni; því verði brt. samþykkt, þá verða lögin allt öðruvísi en í sinni annari mynd. Með því að mjer er allt um það að gjöra að ná þeim aðaltilgangi mínum að ljetta byrði af herðum sveitabænda, en mjer liggur í ljettara rúmi, hver vegur til þess er valinn, enn þótt jeg ætli að útflutningstollurinn sje hinn eðlilegasti vegur, þá finnst mjer nú rjett að sýna alla tilslökunarsemi, af því og að jeg sje hvað mönnum veitir örðugt að koma sjer saman um, hvernig eigi að ljetta þessari byrði af landsmönnum.

Um hitt vona jeg allir eða allflestir sje samdóma að ljetta skuli á sveitabændum, og þm. finni að það sje ótilhlýðilegt af þinginu að sýna það ekki í verkinu, að það vilji láta lsj. beinlínis taka þátt í ófórum manna út af hallærinu. Þegar vjer tökum við höfðingsgjöfum frá göfgum og drenglyndum mannvinum í útlöndum, þá er það ekki göfugt nje drengilegt af hinu löggefandi þingi, að vilja ekki rjetta út hönd sína og ljetta á mönnum og sýna hlutdeild sína að því er verða má.

Eiríkur Briem: Af því að bratkv. frá mjer liggur hjer fyrir (C 274) vil jeg fara um það fáeinum orðum. Frsm. (A. Ó.) hefur farið heldur góðum orðum um brt. mína, og jeg hef einmitt af orðum hans

styrkzt í því að halda brt. mínum fram, því að hann sagði að skoðanir manna væru á reiki um þetta mál, og tilgangur minn var einmitt að gjöra skyldi engar fastar ákvarðanir nú, heldur geyma það til næsta þings 1885, og að eins láta þessi lög gilda um fjárhagstímabilið. Þetta er einmitt nauðsynlegt, þegar skoðanir manna eru á reiki um málið, því eins og frsm. tók fram, er þetta frv., sem hjer liggur fyrir, komið í staðinn fyrir annað frv., sem fór fram á allt annað, svo að auðsjáanlega er engin föst stefna komin á í þessu máli.

Það er varla neitt efamál, eptir því sem nú er liðið á þingtímann og mörg mál eru fyrir, að það er ofætlun að taka fyrir skattamál landsins í heild sinni, en á hinn bóginn fellst jeg á þá skoðun í frv., og sem líka hefur komið víðar fram, að það geti verið ástæða til að gjöra einhverja breyting á skattákvörðunum landsins í þá átt, að landsbúar fái einhvern ljetti, til þess betur að ná sjer eptir hnekki þann, er þeir hafa beðið undanfarin hallærisár. Þessari aðalhugsun er það samkvæmt, að láta þennan ljetti koma niður á næsta fjárhagstímabil, með því að sleppa skatti af lausafjenu.

Aptur á móti er það ísjárvert beinlínis að gjöra ráð fyrir, að láta fara að ganga á viðlagasjóðinn; meðal annars er það enn meira áríðandi, að hafa einhvern fastan stofn, þegar helztu tekjugreinir landsins eru þess eðlis, að þær eru töluvert óvissar og óákveðnar. Landið verður að fara líkt að eins og bóndinn;. hann getur þá fyrst sett svo mikið á vetur, sem jörð hans er fær um að bera, þegar hann er búinn að koma sjer upp fyrningum, sem má grípa til, ef í þrautir rekur og beitin bregzt.

Þar sem þetta frv. fer fram á aukning á óbeinum sköttum, þá verða tekjurnar um leið óvissari, og þá er það því viðurhlutameira að eiga undir því, að til þess kunni að koma að skerða þurfi viðlagasjóðinn, ef tekjurnar ekki jafnast við útgjöldin.

Þess vegna er hjer í brtill. mínum gjört ráð fyrir, að í staðinn fyrir eptirgjöf lausafjárskattsins um næsta fjárhagstímabil komi viðbót við tollinn af áfengum drykkjum og tóbaki, sem nemur jafnmiklu og lausafjárskatturinn er áætlaður. Það má ætla á, að vín-tollurinn verði um 120,000 kr. á ári, og er $^1/_{10}$ af því 12,000 kr., en tóbakstollurinn mun vera ágizkaður að vera 17—18000 kr., og verða $^2/_6$ af því 7000 kr., svo að með þessu frv. fengizt 19,000 kr. árlega, sem svara til lausafjárskattssins, þar eð búast má við að hann verði töluvert minni en að undanförnu. Mjer virtist það vera hagfeldara að skipa tollinum þannig niður bæði á brennivín og tóbak, en ekki taka hann einungis af áfengum drykkjum. Það er viðsjárvert að hækka tollinn meira ef annarihvorri vörunnir, sjerstaklega þegar tillit er tekið til þess að fullnaðarályktun getur vart komið um þetta mál í heild sinni fyr en á þingi 1885; en það er jafnan óheppilegt að hafa mjög hvikular lagaákvarðanir. Þessi meiri hækkun á tollinum á tóbaki er sett með sjerstöku tilliti til þess hvað hann er lítill móts við víntollinn. Hinn h. 1. þm. Sm. skýrði frá því nýlega að uppbót, sem væri rúmir 12 aurar á pundinu, væri borgað af útfluttu tóbaki í Danmörku, og meðan tóbakstollurinn hjer á landi væri minni en þessi uppbót, væri eigi árstæða til að óttast nein undanbrögð með að greiða tollinn, en það væri aptur viðsjárvert að færa tollinn upp fyrir þetta mark. Nú er í þessum brt. gjört ráð fyrir að tollurinn verði um 14 aurar á pundinu, en það fer svo lítið upp úr þessari uppbót, sem borguð er í Danmörku, sem sje ekki nema 1—2 aura, að jeg skil ekki að nokkur fari að draga undan að greiða tollinn þess vegna.

Í frv., sem hjer liggur fyrir, er ráð fyrir gjört, að hækka tollinn svo mikið, að bæði verði hægt að taka af ábúðarskatt og lausafjárskatt. Það kann mörgum að þykja fremur ástæða til að taka af ábúðarskattinn fyrir næsta fjárhagstímabil. Jeg fyrir mitt leyti vil heldur taka af lausafjárskattinn; en ef mönnum lízt hitt ráðlegra, þá má koma með bratkv. um það við 3. umr., þó að menn nú samþykki brt. mínar.

Þorsteinn Jónsson: Mjer blandaðist í fyrstu hugur um, hvort jeg ætti að aðhyllast brt. eða ekki; en nú er jeg kominn á þá skoðun, að gildar ástæður muni vera til þess, að aðhyllast þær ekki. Jeg er viss um, að landsjóðurinn fær engan eyri í tollauka fyrir þær. Kaupmönnum væri innan handar, að flytja svo mikið inn í landið af brennivíni og vínanda, að þeir þurfa engan toll að borga í 2 ár. 4. bratkv. þar á móti mun jeg gefa atkvæði.

Tryggvi Gunnarsson: Frsm. (A. Ó.) gjörði það nauðsynlegt fyrir mig að standa upp og skýra málið frá annari hlið en hann gjörði, um það sem fram fór í nefnd-

inni. Jeg sagði þá, að það lengsta sem jeg gæti farið væri það, að sleppt væri að innheimta ábúðar- eða lausafjárskattinn. fyrir næstkomandi fjárhagstímabil, og að jeg áliti ekki frágangssök, að bæta litlu við vínföllinn fyrir sama tímabil, ef nefndin vildi falla frá útflutningstollinum; þetta sagði jeg og ekkert þar fram yfir. En þegar hvorugt af þessu var samþykkt af nefndarmönnum, þá áleit jeg að tilboð mitt til samkomulags ekki stæði lengur og jeg hefði fullan rjett til að sigla minn sjó. Hitt kannast jeg alls ekki við, að jeg hafi í nokkurn máta gengið bak orða minna. H. h. frsm. sagði að mjer hefði þótt ísjárvert, að afnema þessa svo nefndu föstu skatta, og setja lausa skatta í staðinn, en þar á móti hefði jeg enga grein gjört fyrir því, hvað það væri, sem gjörði þetta ísjárvert. En ástæður fyrir þessari skoðun minni hef jeg margtekið fram, nefnil. þær, að óvíst væri, *hve mikið* yrði keypt af vínföngum þegar búið væri að hækka tollinn um 10 a. eða ¼ við það sem nú er, og óvíst hve reglulega hann yrði goldinn þegar jafnlítið eptirlit er með greiðslunni; einnig að óvíst væri, *hve mikið* aflaðist úr sjónum, og þar af leiðandi hve útflutningsgjald af fiski gæfi mikið af sjer í landssjóð. Þessi óvissa er það einmitt, sem gjörir þessa stóru breytingu ísjárverða fyrir þing og þjóð. Jeg vildi svo helzt vera laus við að svara meiru um það, hvað fram fór í nefndinni. En að því er snertir málið í heild sinni, tek jeg það fram, að jeg vil heldur aðhyllast tillögu 2. þm. Hv. (E. Br.) en tillögur meiri hluta n., af því að hún er bundin að eins við fjárhagstímabilið, og er því ekki eins veruleg breyt. á skattalögum landsins eins og n. fer fram á; jeg tek það fram aptur, að jeg tel það mjög varhugavert að umsteypa svona allt í einu jafnvandasömum lögum sem þau eru, einkum þegar þvílíkt reik er á þessu máli eins og nú á sjer stað og eins og sjá má af því að 3 frv. eru fram komin í því á 7 dögum. Jeg álít að það væri miklu heppilegra, að gjöra enga fullnaðarbreytingu í þetta sinn, en nota næstkomandi 2 ára tíma til að hugleiða málið vandlegar. En verði nú þessi brt. þm. Hv. sþ. og frv. nái þannig lagað fram að ganga við þessa umr., þá mun jeg koma með br.till. við 3. umr. Jeg tel ráðlegast að hækka ekki tollinn til muna, heldur treysta því, að landssjóðurinn þoli í 2 ár, þó tekjur landsins verði tæplega til móts við gjöldin. Viðvíkjandi tóbakstollinum skal jeg geta þess, að jeg er hræddur um, að landsj. missi í en ekki græði við að hækkaður sje tóbakstollurinn fram úr því sem hann er í Danmörku.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg þykist sjá, að d. muni fremur vilja aðhyllast brt. en frv. (*B. Sv.:* nei!). Jæja, jeg læt hvern sjálfráðan um það. En það get jeg ekki sþ., að tóbakið skuli sleppa, því ef af tóbakinu kemur 7000 kr. tollauki, og af brennivíninu 12000 kr., þá er það ekki hærri upphæð en svo, að lsj. er tæplega skaðlaus, er hann missir lausafjárskattinn. Jeg skil ekki, hvernig 1. þm. Sm. (Tr. G.) fer að verja það, að rýra tekjur landsjóðsins, þar sem hann heldur svo fast fram föstum tekjum. En með föstum tekjum ætla jeg að hann meini beinlínis skatta, sem lagðir eru á jarðeignir og hús. (*Tr. G.:* Ábúðarskattur). Ábúðarskatturinn er fastar tekjur, ef ábúðarhundruðin eru einlægt jafnmörg, og verðlagsskrá jafnan hin sama. En hvorugt þetta er óbreytilegt. Lausafjárskatturinn er mjög breytilegur eptir árferð, svo og eptir verðlagsskránni. En þessi lausi skattur, er þm. svo kallar, af vínföngum, hefur aptur á móti verið svo fastur skattur, að hann hefur einlægt síðan hann var á lagður með tilsk. $^{26}/_{2}$ 1872 farið sívaxandi, að árinu 1877 einu undanskildu; þá var hann minni en árið á undan. Jeg sje nú ekki ástæðu til að fara að koma með spádóma um það, að vjer förum að ganga í bindindi, eða minnka við oss vínnautnina, þó í harðæri sje, að svo miklum mun, að þessi skattur verði svo fjarskalega óviss. Því síður dettur mjer í hug, að undanbrögð undan greiðslu tollsins aukist, eða komi nú fram, fyrir þennan tollauka. Jeg játa það, að átyllur hafa verið færðar fyrir því, að hinar svo kölluðu föstu tekjur sjeu hinar drýgstu og hollustu; en það verð jeg að segja, að engar *gildar ástæður* hafa enn verið færðar fyrir því. Jeg skal alveg kappslaust verja frv., og fúslega játa, að það er, ef til vill, fullt eins rjett, að taka þessar bráðabirgðarákvarðanir. Vjer vonum og treystum því, að harðærið sje stundarástand, og við stundarástand eiga vel stundarákvarðanir. En haldist hallærið móti von vorri enn þá 1885, má lengja þessar ákvarðanir. En hvað sem því líður óska jeg og vona, að oss takist á endanum að nema úr gildi þennan lausafjár- og ábúðarskatt, sem eru

óhentugir og órjettlátir skattar, og þar að auki eru nú orðnir að prætuepli milli manna. Vilja sumir afnema annanhvorn; enginn vill halda báðum. Að minni ætlun mun aðflutningstollur vera hið tiltækilegasta.

Það er og næsta íhugunarvert, hversu það liggur hjer í landi að telja minna fram en menn eiga, og svíkja þannig lsj. og aðra skatteigendur. Jeg segi engan veginn að vjer Íslendingar sjeum svikulli en menn í öðrum löndum; en hitt segi jeg, að það eru þessi tíundarsvik, sem hafa langt um verri og þýðingarmeiri áhrif á lunderni Íslendinga, en margur kann að hyggja; þau kenna mönnum að látast vera aumingjar, og þau kenna þeim í annan stað, að græða á því að ljúga og svíkja. Það er full sannfæring mín að oss er miklu meiri þörf á að innræta oss og löndum vorum rjettlætislund og sannleiksást en á mörgu öðru, er vjer köllum velferðarmál landsins.

Jakob Guðmundsson: Jeg hef heyrt á umræður manna hjer í deildinni um þetta mál og virðist mjer allt benda til, að það sje samhuga álit manna, að það sje eitthvað óeðlilegt við þessa skatta sem eru, og því verði að fá tekjur handa lsj. á einhvern annan hátt. Nú og opt áður hafa verið sýndir ókostir á þeim sköttum sem nú eru. Það hefur komið fram till. um afnám þeirra til bráðabirgða og er hún miðuð við harðærið. Jeg vil líka miða afnám þeirra við það, að þeir eru óeðlilegir og ranglátir. Jeg get ekki sjeð hver skaði gæti af því hlotizt, að sleppa tímatakmörkuninni að því er afnámið snertir. Ef þingið sæi að afnámið væri ekki hentugt, er þá þinginu nokkuð óhægra að breyta þessu aptur í samt lag, en að upp hefja takmörkunina? Það væri heldur ekki í fyrsta sinn, sem þ. gjörði slíkt, nefnilega að breyta því sem það áður hefði fallizt á. Það er líka varla tiltökumál þó þingið í þessu eigi að nokkru leyti sammerkt öðrum manneskjunnar börnum. Jeg talaði við 1. umr. þessa máls um, að jeg vildi koma með brt. um aukinn tóbakstoll, en 1. þm. Sm. (Tr. G.) gaf þá upplýsingar, sem gjörðu hik á mig í því efni.

Eiríkur Kúld: Jeg er samdóma þm. D. (J. G.) um óvinsæld ábúðar- og lausafjárskattins og vildi helzt óska að þeirr væru báðir horfnir. En jeg er hræddur við eptir þeirri niðurstöðu sem fjárl.n. hefur komizt að með fjárhaginn á fjárhagstímabilinu, að mikið þyki að taka þá báða af í einu, án þess að eittkvað komi í staðinn í tekjudálkinn: en samt hefði jeg helzt viljað ljetta þeim af í þetta sinn, einkum þeim, sem mjer þykir verri, nfl. ábúðarskattinum. Eg álít skyldu löggjafarvaldsins að láta það sjást, að það vilji hafa tillit til harðærisins hvað þetta snertir, því næsta erfitt er mörgum nú að greiða gjöld sín í landsjóðinn og mjer fyrir mitt leyti finnst það hart, að sá sem hefir misst stofn sinn og getur ekki, greitt skuli þó vera neyddur til að borga ábúðarskattinn, sem er fátæklingnum langtum tilfinnanlegri, því lausafjárskattur þessi, sem búinn er að missa því nær allan stofn. sinn, verður ei, teljandi, en ábúðarskatturinn er þrátt fyrir missirinn hinn sami. Jeg ætla samt að heppilegra mundi að binda afnámið að eins við fjárhagstímabilið; því að staðaldri mundi ekki ljettir þessi duga nema eitthvað kæmi í landssjóð í staðinn. En verði sú reyndin 1885, að þess ekki þurfi, má þetta svo búið standa. Einungis af ótta fyrir því að menn vilji fá eitthvað í staðinn mun jeg það tilvinna að samþykkja breytingartill. 2. þm. Hv. (E. Br.). Nefndinni jet jeg ekki verið samþykkur, því jeg verð að játa það, að hversu vel sem jeg treysti drenglyndi kaupmanna hef jeg samt ekki svo mikla tiltrú til þeirra, að jeg sje ekki hræddur um undanbrögð, ef tollurinn hækkar svo mikið. Ef breytingartill. 2. þm. Hv. nær fram að ganga ætla jeg síðar við 3. umr. að koma með brt. í þá átt, að í stað lausafjárskatts komi ábúðarskattur. Að því er snertir ummæli 2. þm. GK. (Þork. B.) við 1. umr. þessa máls, þar sem hann var að tala um brennivínsveitingar á kjörfundum, verð jeg að lýsa því yfir, að jeg ekki þekki neitt dæmi vestra, hvar brennivínsveitingar hafi ráðið úrslitum kosningarinnar.

ATKVGR.: Samþykkt að hætta umræðunum, eptir ósk 8 nafngreindra þm. Því næst gengið til atkv. um frumvarpið ásamt breytingartillögum. Fyrsti liður í brt. E. Br. (C 274) felldur með 11:10. Fyrsta gr. frv. óbreytt (C 238) felld með 11:11, að viðhöfðu nafnakalli sakir ónógrar atkvgr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	H. Kr. Friðriksson,
Arnljótur Ólafsson,	Egill Egilsson,
Benidikt Sveinsson,	Eiríkur Briem,
Friðrik Stefánsson,	Eiríkur Kúld,
Grímur Thomsen,	Lárus Blöndal,

Gunnlaugur Briem, Tryggvi Gunnarsson,
Holger Clausen, Þórarinn Böðvarsson,
Jakob Guðmundsson, Þórður Magnússon,
Jón Ólafsson, Þorkell Bjarnason,
Ólafur Pálsson, Þorl. Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson. Th. Thorsteinson.

Annar liður í brt. E. Br., ný grein, sþ. með 13 atkv. gegn 4; verður 1. gr.

Þriðji liður í brt. E. Br. sþ. með 14 atkv. gegn 1.

Fjórði liður í brt. E. Br. sþ. með 14 atkv.; frv. 13. gr., sem verður 2. gr., sþ. með þessum breytingum með 14 atkv.

Fimmti liður í brt. E. Br. sþ. hvor kaflinn fyrir sig með 13 atkv.

Samþykkt án atkvgr., að fyrirsögn hins nýja frv. yrði þannig: «Frv. til laga um viðbót við toll á tóbaki og um að heimta eigi skatt af lausafje árin 1884 og 1885».

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv. gegn 4.

Þrítugasti og fyrsti fundur, laugardag 4. ágúst, kl. 10—11½ f. m. Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885 (C 85); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Með því að þetta er framhald 1. umr. og ekki má ræða hinar einstöku greinir frv., nje breytingar þær, sem n. hefur ráðið til að gjöra á þeim (nefndarálit C 245), þá er hjer að eins um almennar aths. að ræða. Það er auðsjeð á frv. stj., að hún hefur lagað það eptir fjárlögunum fyrir undanfarandi ár, og yfir höfuð fylgt þeim upphæðum, sem áður hafa verið settar, og áður hefur verið vilji þingsins að hafa þær. Þegar tölur eru færðar upp eða niður, þá getur það verið undir skoðunum manna komið og hvernig á málið er litið, hvort þær þykja of hátt settar eða of lágt. Yfir höfuð höfum vjer nefndarmenn ekkert það sjerlegt að athuga við stjórnarfrumvarpið, sem geti verið umræðuefni á þessu stigi málsins, þótt oss virðist að stj. hafi á sumum stöðum farið nokkuð fljótlega yfir, t. a. m. við 10. gr., þar sem hún hefur gleymt launum handa hreppstjórum, sem ákveðin voru með lögum 13. jan. 1882, en sem n. hefur bætt við, og sem því gjörir töluverðan mun á gjöldunum. Í öðru lagi eru rentureikningarnir ekki nákvæmir hjá henni, en það veldur þó ekki neinum verulegum mun. Jeg skal og geta þess þm. til leiðbeiningar, að á 16. bls. í nefndarálitinu er síðasti málsliður 4. gr. ekki samkvæmur þeirri niðurstöðu, sem n. komst að, en n. var búin að setja þessa grein þannig áður en búið var að ræða fjáraukalögin hjer í d., en það hefur gleymzt að leiðrjetta þetta í prentuninni; þessi málsgrein á að falla burt. Enn fremur skal jeg benda þm. á, að á 19. bls., 13. gr. b. 5., er prentvilla, þar sem stendur: «Viðbót við eptirlaun 3 uppgjafapresta», þar á að standa: Viðbót við eptirlaun 1 uppgjafaprests. Í þriðja lagi skal jeg geta þess, að breytingar þær, sem n. hefur gjört á tölum í frv. frá því sem stóð í stj.frv., eru ekki auðkenndar með * fyrir framan eins og siður hefur verið að undanförnu, heldur með skáletri, en með því að ekki var nóg skáletur til í prentsmiðjunni, þegar til kom, þá eru þó einstakar töluupphæðir síðast í frv. auðkenndar með *. Til leiðbeiningar get jeg nefnt það, að í 16. gr. eru ýms gjöld tekin upp, sem sumum kynni að þykja betur eiga við, að væru sett undir öðrum töluliðum, t. a. m. 1. liður undir 11. gr. 3. tölul. og 2. liður undir 11. gr. 4. tölul., en þetta er ekki nema form. sem má breyta við 2. umr. ef svo sýnist. Að öðru leyti hef jeg ekki meira að segja að svo stöddu, en skal við 2. umr. reyna að svara þeim mótbárum, sem fram kunna að koma.

Grímur Thomsen: Með því að búast má við að ýmsar brt. komi fram við þetta frv. frá einstökum þm. og betra er að gjöra þær við 2. umr. en við 3. umr, þá ætla jeg að leyfa mjer að gjöra nokkrar aths. Það gleður mig að sjá hversu varfærin n. hefur verið bæði með tilliti til lsj. og einstakra manna, og hversu stöðug hún hefur verið í því að hafna svo mörgum af þeim bænafjölda, sem rignt hefur niður til hennar. Þetta skal jeg fúslega viðurkenna að n. hefur verið þar mjög varfærin, og eins hvað vel hún hefur hugsað það, þar sem hún hefur fært tölur upp eða niður, sjer í lagi útgjaldamegin. Það eru að eins 2 aths. sem jeg vildi gjöra; önnur er sú, að mjer þykir n. sumstaðar hafa verið heldur ríf með að færa upp tekjurnar, því jeg álít að betra sje að tekjurnar reynist meiri en áætlað er, en að þær reynist minni. Hin aths. er mikil-

vægari og hún er sú, hve lítinn afgang n. hefur áætlað; jeg held að það sje mjög ísjárvert að koma með fjárlög, þar sem afgangurinn er svo lítill. Jeg vil biðja þm. að hugsa um hvernig hefur farið hingað til með fjáraukalög. Fyrir árin 1876 og 1877 var minnst upphæð veitt í fjáraukalögum, því þá var stj. að eins að byrja að brúka fje um fram það sem veitt var, og ekki fullkomlega komin upp á lagið, en síðan hefur hún smátt og smátt alltaf verið að færa sig upp, og nú er það orðinn siður að koma með tvenn fjáraukalög fyrir sama fjárhagstímabil. Fyrir 1876 og 77 voru á fjáraukalögum veittar 11422 kr., fyrir 1878 og 79: 52173 kr. 87 a., fyrir 1880 og 81: 56372 kr. og í ár biður stj. um 8720 kr. 33 a., í viðbót fyrir fjárhagstímabilið og fyrir 1878 og 79 er í ár beðið um 500 kr. og fyrir 1882 og 83: 4135 kr. Jeg vil nú leyfa mjer að beina þeirri spurningu að hinni h. n., hvar á nú að taka fje, þegar stj. kemur með fjáraukalög fyrir 1884 og 85, og biður um aukafjárveiting, þegar afgangurinn er svo lítill? og þegar þm. eru með öllu móti að reyna að sjá um að ekkert fje verði til taks í viðlagasjóði, þar sem sumir vilja taka úr honum 500000 kr. til þess að stofna banka; sumir vilja gefa 80000 kr. til að setja brú á Ölfusá, og flestir vilja veita 100000 kr. til harðærislána, hvernig fer þá ef stj. biður um meira fje 1885? og hvar á þá að finna fje til aukafjárveitingar? Það eru engin önnur ráð til þess en annaðhvort að stryka út einhverjar upphæðir útgjaldamegin eða að hækka einhverjar tekjugreinir, eða þá bæta nýjum tekjugreinum við; n. gæti bætt við því sem inn kynni að koma af andvirði seldra jarða, en að öðru leyti að eins með því að breyta sköttunum eða leggja á nýja skatta. Jeg skal sjerstaklega með tilliti til orða hins h. 1. þm. Hv. (L. Bl.) hjerna um daginn, taka það fram að þar sem þingið 1875, 77 og 79 lagði toll á brennivín í staðinn fyrir alþingistollinn, sem var afnuminn, þá var það heppilegt. Alþingistollurinn var tvíeggjaður, þ. e. a. s. um leið og hann færði lsj. fje, dró hann líka fje aptur úr honum, með því tollurinn einnig kom niður á landsjóðnum. Það var því full ástæða til að taka þann toll af, enda játaði lh. sjálfur þá, að niðurjöfnunin á þeim tolli væri óhafandi. Hinn h. 1. þm. Hv. sagði að það hefði verið óþarfi að fara að afnema alþingistollinn áður en breytingunni skattalögunum var ráðið til lykta, en hinn h. þingm. hefði átt að glöggva sig betur á málinu, áður en hann fór að sjá flísina í síns bróður auga; hann hefði þurft að aðgæta betur það sem fram fór, nl. að menn vildu ekki hafa alþingistollinn — þennan óhafandi toll — sem undirstöðuatriði undir skattalögunum. Hinum sama h. þm. þótti líka óheyrilegt að lestagjaldið skyldi hafa verið af numið, en því gjaldi var svo farið, að ¼ af því var goldinn aptur úr lsj., nl. lestagjaldið af póstgufuskipunum, og því græddi lsj. stórkostlega við að afnema það og hækka í þess stað brennivínstollinn, sem er viss, þótt hann sje kallaður laus. Þegar nú hinn h. 1. þm. Hv. (L. Bl.) sjer, hve lítill afgangur er áætlaður í fjárlögunum, þá held jeg að hann gjörði nú betur í að finna nú betri ráð til að auka þennan afgang, en að ámæla eldri þingum fyrir aðgjörðir þeirra í því efni; en til þess að auka þennan afgang munu ekki vera önnur ráð en annaðhvort að stryka eitthvað út útgjalda megin, eða að leggja á nýja skatta.

Jakob Guðmundsson: Þm. Bf. (Gr. Th.) lofaði fjárlagan. í ýmsum greinum, en eitt atriði þótti honum ísjárvert; honum þótti eptirstöðvarnar svo litlar, og þótti það slæmt að stjórnin hefði svo lítið að grípa til, ef hún vildi brúka meira fje en veitt væri í fjárlögunum, en áður hefur hinn sami þm. opt farið um það mörgum orðum og fært fyrir því gildar ástæður, að ekki væri gott að stjórnin brúkaði mikið fje yfir lög fram, og ætti hann því að vera n. þakklátur eins og jeg er fyrir það að eptirstöðvarnar eru litlar. Nú er harðæri og lítur því eigi vel út, ef farið væri að hrúga saman miklu fje í viðlagasjóð, enda verður þá líka minni freisting fyrir stj. að brúka mikið fje yfir lög fram eða að búa til fjáraukalög og aptur fjáraukalög.

Lárus Blöndal: Jeg má játa það, að það er sannarlega ný og óvænt æra fyrir mig að vera jafnmikið og jafnlangt umtalsefni fyrir h. fjöllærða og fjölvitra þjóðmegunarfræðing, hinn háttvirta þm. Bf. (Gr. Th.). Jeg ætla þó að leyfa mjer að leiðrjetta orð hans. Jeg hef aldrei sagt, að það hafi í sjálfu sjer verið rangt að afnema alþingistollinn og jeg hef aldrei sagt, að alþingistollurinn hafi verið eðlilegt eða sanngjarnt gjald; en jeg sagði að það hefði verið ótímabært að rjúka til að taka hann af 2 árum áður en skattamáli landsins var ráðið til

lykta. Orð og ummæli hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga eru því ekkert annað ástæðulaus útúrsnúningur. (*Gr. Th.*: Útúrsnúningur?) Já, jeg verð að kalla það útúrsnúning, því að orð mín voru ljós, og jeg fyrir mitt leyti get eigi kallað afnám alþingistollsins neinn búhnykk, hvað sem þm. Bf. (Gr. Th.) segir, og eigi heldur get jeg kallað það búhnykk, þegar lestagjaldið var afnumið. Þar var fleygt burtu tekjum upp á margar þúsundir króna til þess að frelsa nokkrar fáar þúsundir króna, sem voru fólgnar í lestagjaldi af póstgufuskipunum. Lestagjaldið var hentugt gjald, og kvörtuðu kaupmenn ekkert undan því, enda gjörðu þeir gys að því þegar þeir heyrðu, að það væri afnumið. Hvað viðvíkur upphæð eptirstöðva þeirra sem samkvæmt frv. fjárlagan. á að leggjast í viðlagasjóð, þá getur það verið álitamál, hvort menn eigi að leggja marga tugi þúsunda kr. upp og liggja á þeim eins og ormur á gulli, þegar harðæri er í landinu og vjer þiggjum að gjöf frá útlendum þjóðum marga tugi þúsunda. Nefndinni virtist það miður heppilegt eða viðeigandi.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg get fullkomlega verið h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) samdóma um það, að það er varhugavert, að láta afganginn vera oflítinn, því að hversu varkár sem stj. er, getur það þó opt komið fyrir, að viðbót þurfi við það, sem ráð er fyrir gjört; en það verður hver maður að játa, að því minni sem eptirstöðvarnar eru, því meiri hvöt er það fyrir stj. að vera varkár. Enn fremur verð jeg að geta þess, að ef þingið ætlar að fara að taka af tekjugreinir fyrir lsj., eins og í lögunum í gær, þá verður að fara varlega. Hvað því viðvíkur, ef mönnum þykja útgjöldin of há eða tekjurnar of lágar, þá verður að gjöra við frv. brt. við 2. umr. Satt er það, að eptir því sem hagur okkar stendur, lítur ekki vel út, að hafa miklar eptirstöðvar, enda er nú eigi eins nauðsynlegt og hingað til að leggja mikið upp.

Landshöfðingi: Jeg skal á þessu stigi málsins að eins geta þess, að jeg hef ekkert sjerlegt að athuga við meðferð n. á fjárl.frv. í heild sinni. Jeg skal játa það, að mjer finnst meðferð n. á frv. hafi yfir höfuð verið góð og jeg sje hún hefur viljað vanda verk sitt; en jeg er samdóma þm. Bf. um það, að sú niðurstaða, sem kemur fram hjá n., afgangurinn, er mjög lítill, svo að þessi niðurstaða eða «resultat» af ust. n. er mjög athugaverð. Það getur sjálfsagt komið fyrir, eins og þm. Bf. (Gr. Th.) tók fram, að þörf sje á meiri aukagjöldum, en fjárln. gjörir ráð fyrir; það verður auðvitað ekki nema nauðsyn beri til, en það getur komið fyrir óumflýjanleg nauðsyn til fjárframlaga og því er áríðandi að hafa eitthvert fje til þess að grípa til. Viðlagasj. er auðvitað góður bakhjallur enn þá, en hann má þá ekki rýrna um of. En þó að þessi afgangur sje mjög lítill og nær því enginn, vona jeg að fjárhagurinn verði þó heldur betri en útlit er fyrir vegna þess hvernig tekjurnar hafa fallið á næstliðnu ári, eins og sjá má á aths. fjárln. að henni er kunnugt um. Þær aths., er jeg finn ástæðu til að gjöra, snerta því ekki frv. í heild sinni, heldur einstakar greinir þess og skal jeg þess vegna leyfa mjer að koma fram með nokkrar þeirra til 2. umr.

Arnljótur Ólafsson: Það er sönn gleði fyrir alla, að þetta frv. n. er svo vandlega gjört úr garði, og víst er um það, að aths. hennar og skýringar eru mjög greinilegar og ýtarlegar. Á þessu stigi málsins er það að eins ein aths. er jeg vil gjöra; þessi aths. fer nokkuð í sömu stefnu sem aths. þm. Bf. og hins hæstv. lh.; það er að segja viðvíkjandi afganginum. Það er mín skoðun, að í þessu ári skuli afgangurinn að vísu vera svo lítill sem hann minnst má vera; en það er líka mín skoðun að hann megi ekki vera svo lítill, að hann sje nálega auðsjáanlega oflítill. Hverssvegna er nú afgangurinn svona lítill hjá n.? Svarið liggur beint við. N. hefur aukið útgjöldin svo mikið; og það er aðgætandi, að hún hefur aukið útgjöldin miklu meira heldur en hvað afgangurinn er minni nú en hann var í stjfrv. Hjá stj. er afgangurinn rúmar 28 þús.kr. Hjá n. fullar 6000 kr., svo afgangur er minni hjá n. um 22,000 kr. En n. hefur aukið gjöldin miklu meira en svarar þessum mismun. Að útgjöldin hafa vaxið miklu meira má sjá af því, að n. hefur talið tekjur landsins 25,194 kr. meiri en stj. gjörir og allur þessi viðauki kemur á 2. gr. fjárl. Þessi grein er færð upp hjá n. um 29200 kr. Aukningin er mest fólgin í 11., 12. og 13. tölul. greinarinnar þ. e. útflutningstoll af fiski og lýsi, aðflutningstoll af brv. og tóbaki og svo er dálítil aukning á aukatekjum. Jeg vil ekki segja aukning þessa ofmikla, enda á ekki við að fletta því í sundur nú. En jeg vil leyfa mjer að benda á, þar sem tekjnauki n. er

alls 25,194 kr. og afgangurinn 22,086 kr. minni en í stj.frv. Þá er mismunurinn á milli stj.frv. og n.frv. í rauninni 47,280 kr. sem útgjöldin vaxið hafa hjá n. Þessi viðauki er fólginn einkum í 2 atriðum: 1.) launum hreppstjóra, og 2.) er 16. gr. Þar hefur n. veitt 44,800 kr., en stj. stingur upp á sömu upphæð sem 1881 eður 12,000 kr., svo á þessum tölum er munurinn 32,800 kr. og þegar þar við bætast hreppstjóralaunin 12,000 kr., þá koma fram 44,000 kr., sem er mjög nærri mismuninum 47,280 kr. En þó að þessi viðauki sje svona mikill í 16. gr., 44,800 kr. í stað 12,000 kr., þá hefur n. þó eigi sjeð sjer fært að bænheyra nema 7; 24 eru óbænheyrðir eptir því sem skýrsla hennar vottar.

Þessar aths. hef jeg ekki gjört til þess að finna að n., því að það kemur fyrst fyrir við 2. umr., hvort þessar upphæðir verða veittar eða veittar ekki; en jeg þykist vita að þd. muni sjá einhver ráð til þess, að afgangurinn verði ekki svona lítill, nema brýnustu nauðsyn beri til, því að fjáraukalög eru fyrirsjáanleg, sem heimt geta enda meira en 6000 kr. En það eru eigi að eins fjáraukalögin, sem hafa verður í huga, heldur og er þess að gæta, að tekjugreinarnar geta brugðizt. Jeg vil segja: Látum fjárlögin og hin fyrirsjáanlegu fjáraukal. taka því nær allan afganginn, leggjum ekki í sjóð, en jeg vil ekki haga því svo, að mjelsníkja eða tekjuhalli sje fyrirsjáanlegur.

Tryggvi Gunnarsson: Það gleður mig hvað n. hefur fengið milda dóma hjá lh. og þm., sem hafa talað. Það hefur helzt verið fundið að því að afgangurinn væri svo lítill. Jeg álít þó að menn hafi gjört heldur mikið úr þessu atriði. Menn vita vel að tölurnar sem nefndarálitið endar á hafa lítið að þýða, *(Gr. Th.:* Svo!), því að þær geta allavega breytzt eptir lögum sem þingið á eptir að samþykkja. Jeg get minnt menn á, að á síðasta þingi voru l. samþykkt um laun til hreppstjóra og önnur um útflutningsgjald af fiski og lýsi eptir að nefndarálit fjárln. var lagt fram og gjörði það mikla breyting á tekjum landssjóðsins, því að við útflutningsgjaldið urðu tekjurnar hálfu meiri en spítalagjaldið var áætlað. Þegar þessi litli afgangur er miðaður við afganginn í stj.frv., þá verður líka að gá að þessum 12000 kr. til hreppsjóranna, sem stj. hefur sjezt yfir. Þessar tölur eða afgangur af tekjum landsjóðs eru ekki lengi að breytast. Seinast í gær var hjer fyrir mál til umræðu að auka tolla, og aftaka ábúðar- og lausaffjárskatt, sem getur haft í för með sjer, ef það nær fram að ganga, töluverða breytingu á fjárhag landsins, án þess að hægt sje að fullyrða, hvort það yrði til aukningar eða rýrnunar. Það kemur því ekki mjög mikið upp á þessar afgangstölur, heldur miklu meira upp á verk þingsins hjer á eptir. Ef einhver útgjaldagrein er of há í nefndarálitinu eða óþörf, þá er hægðarleikur fyrir þd. að breyta því við 2. umræðu. Það er satt að sumt er fært upp í 2. gr., en margir af tekjuliðunum í þeirri gr. eru þess eðlis, að þeir hljóta að vera komnir undir ágizkun. Jeg skal og benda mönnum á 14. gr. nefndarálitsins, þar sem ætlað er til eptirlauna 45,000 kr., en nú sem stendur ganga eigi meira en um 38,000 kr. til eptirlauna, og haldist það við framvegis, þá sparast 7,000 kr. við það, frá því sem n. hefur áætlað.

Þm. Bf. (Gr. Th.) talaði svo vægilega um n., að jeg skal launa honum í sömu mynt. En jeg skil ekki hvernig hann fór að finna að því hvað afgangurinn væri lítill í sömu andránni sem hann lýsti yfir óánægju sinni með öll fjáraukalög. Hann hefði átt að vera ánægður með það, að stj. er ekki skilið mikið fje eptir til þess að fullnægja löngun sinni að gefa út fjáraukal. *(Gr. Th.:* Þau geta verið nauðsynleg). Hvað hin einstöku atriði snertir skal jeg geyma að tala um þau til 2. umr.

Eiríkur Briem: Jeg vildi minnast á það atriði í ræðu hins h. þm. Bf. (Gr. Th.), að n. hefði gleymt að tilfæra eina tekjugrein, sem sje andvirði fyrir seldar þjóðjarðir. Jeg verð að segja, að það er ómögulegt að gjöra ráð fyrir því í fjárlögunum, sem að eins byggist á frv. frá þinginu, en ekki á lögum. N. hefur farið þar að eins og stj.; hún leggur sitt frv. til fjárl. fyrir þingið án þess að taka tillit til þess, að önnur lfrv. geti breytt þeirri niðurstöðu, sem hún kemst að. Það má eins og áður bæta því við með þeim fyrirvara, að það komi til greina og teljist tekjumegin í landsreikningnum á síðan ef lögin um það verða staðfest.

Viðvíkjandi afganginum vil jeg benda mönnum á, að auk þess að n. eptir skýlausum l. bætti við útgjöldin þessum 12000 kr. til hreppstjóranna, þá hefur hún og orðið að hækka útgjaldaliðinn til uppgjafapresta á 3. þús. krónur líka eptir skýlausum lögum. Það

er satt að margar af tekjunum eru óvissar, og geta orðið meiri eða minni, en eins er með útgjöldin. Þó að það sje miður líklegt að útgjöldin lækki, þá getur þó slíkt komið fyrir ófyrirsjeð, t. d. þegar embætti stendur óveitt um tíma og því er þjónað með hálfum launum. Líka svo þegar fjárveiting er bundin skilyrðum, sem ekki eru uppfyllt og þess vegna kemur ekki til framkvæmdar. Það er satt, að afgangurinn er lítill í nefndarálitinu, en ef nokkurn tíma er ástæða til þess, þá er það nú á þessum tímum.

Jón Ólafsson: Þm. Bf. (Gr. Th.) ámælti n. fyrir það að hafa fylgt fjárln. 1881 með að áætla tekjurnar í ríflara lagi. Hann sagði hið sama um n. 1881, en reynslan hefur skorið úr því á þann hátt, að sá póstur, sem honum þótti vera hæst settur, varð þó hærri þegar til kom; jeg á við ábúðar- og lausafjárskattinn. Jeg skal eigi geta hins, að í mörgum verulegum atriðum urðu tekjurnar mun meiri en áætlað var. Jeg vona að þegar reynslan hefur staðfest þetta, þá muni þd. kannast við að setja ekki heldur of lágt hinar áætluðu tekjur. Bezt er að geta farið sem næst um það. Það er engin ástæða að leggja upp á þann hátt, að setja tekjurnar svo lágt, að afgangurinn verður miklu minni á pappírnum en ástæða er til að búast við. Jeg hygg að það sje ekki nema á 2—3 stöðum, að ætla megi, að tekjurnar kunni að vera settar of hátt.

Viðvíkjandi sambandinu milli afgangsins og fjáraukal. vil jeg benda þm. Bf. á, að á undanförnum þingum hefur stj. farið fram á, að fá 50—60,000 kr. fjárauka, og það kemur einmitt eptir þau þing, þegar þm. sjálfur sat í fjárln. Það er hverrar fjárln. eigið verk, hvort hún veitir of mikið eða of lítið. Það má segja þinginu og fjárln. í hitt eð fyrra til hróss, að stj. hefur ekki fundið ástæðu til að fara fram á meira en fullar 4000 kr. í frv. sínu til fjáraukal. um árin 1882—83. Það er alls ekki komið undir því, hvort afgangurinn er settur meiri eða minni, en hversu nærri er farið hinum sönnu tekju og útgjöldum. Reynslan hefur sýnt að fjárln. 1881 hefur verið nærfærin og heppin í tillögum sínum, og þar eð fjárln. í sumar hefur hina sömu aðalstefnu og sú í hitt eð fyrra, er líklegt að henni lánist eigi ver um nærfærnina, og eigi verði mikil þörf að beiðast fjárauka síðar.

Það er satt, að lög sem verða samþykkt geta gjört nokkrar breytingar, en venjulega stendur svo á, að n. getur tekið tillit til þeirra og gjört ráð fyrir þeim. Jeg verð að segja það gagnvart hinum 1. þm. Sm. (Tr. G.), að fjárln. 1881 var það fullljóst, hvað af útflutningsgjaldinu af fiski og lýsi mundi leiða, að það mundi nema miklu meiru en spítalagjaldið.

Hinn h. 2. þm. Hv. (E. Br.) sagði, að það væri eigi venjulegt að færa tekjumegin í fjárl. gjald það, sem rennur í lsj. samkvæmt lfrv., sem ekki er staðfest af kg., en jeg verð þó að segja, að þegar svo stendur á eins og hjer, að lfrv. þetta er frá stj. sjálfri og samþykkt óbreytt af þinginu, þá má ætla staðfestingu þess svo vísa, að ástæða væri að taka tillit til þess í fjárl.

Mjer svellur ekki, þó að afgangurinn sje ekki mikill. Jeg er samdóma þm. D. og n. að ekki sje vert að safna í vetlinginn nú á þessum tímum.

Við 2. umr. hugsa jeg til þess að drepa á einstöku atriði í útgjaldabálkinum, en jeg vil benda á eitt hjá n. sem dæmi upp á það að spara skidinginn, en láta dalinn fjúka. N. hefur sparað 1—200 kr. til tímakennslu við latínuskólann, en vill veita 2000 kr. til fasts kennara við skólann, sem ekki finnst á launalögunum, og því er engin ástæða til að veita. Jeg veit að stj. hefur slegið þessu embætti upp sem föstu kennaraembætti, en það er engin ástæða til að halda því og því síður ástæða til þess að kasta út þessum 2000 kr., þegar komast má af með tímakennslu fyrir 6—700 kr. Þess ber og að geta, að eptirlaunabyrði fylgir hinu fasta embætti. Allir vita hvernig það mistekst stundum að veita þessi embætti, en yfirvöldin kynoka sjer við að víkja mönnum úr embættunum þegar þeir einu sinni eru komnir í þau. Að því leyti verður og heppilegra að hafa tímakennslu, því að með því má reyna menn og skipta um, ef þeir reynast illa, og leita að hinum nýtustu mönnum. *(H. Kr. Fr.:* Þetta á ekki við, það er 1. umr.). Jeg veit það vel og tek það ekki heldur öðru vísi en sem dæmi þess, að varhugavert er að spara skildinginn, og kasta út dalnum, og sem ástæðu fyrir bratkv. við þetta atriði þegar kemur til 2. umr.

Grímur Thomsen: Jeg skal að eins gjöra stutta aths, til 2. þm. Hv. (E. Br.). Honum þótti ekki eiga við, að taka andvirði seldra jarða sem sjerstakan lið upp í fjárl.-frv. Má jeg nú minna hinn h. þm. á,

hvernig fór um árið þegar prentsmiðjan var seld; þá var enginn liður á fjárl. andvirði hennar ætlaður, og afleiðingin varð, að allt það fje fór á viðskiptaliðinn; þetta getur nú, ef til vill, verið «smagsag», en jeg trúi því þó ekki að hinn h. þm. þyki það happasælla, að andvirði þeirra jarða, sem kunna að verða seldar, fari sömu leið og andvirði prentsmiðjunnar, enda var þessum lið bætt við innanstryks á fjárl. 1880—1881. Jeg verð að telja það rjett, að taka þessa ákvörðun upp í fjárl. nú, þó að einungis liggi *frv.* fyrir þinginu um jarðasölu. Það getur heldur engan skaðað, að bæta þessum lið við, en sje það gjört, verður það í formlegu tilliti til mikilla bóta.

Þm. D. (J. G.) vil jeg spyrja: Er honum virkilega svo sjerlega illa við það fje, sem nú er til í viðlagasjóði, og saman er sparað með afgöngum á undanfarandi árum? Er hann ekki sjálfur að berjast fyrir nauðsyn á að brúka þetta fje til ýmissa þarflegra fyrirtækja? Eða hvar vildi hann nú taka fje til að stofna banka (500 þús. kr.), eða brú á Ölvesá (80 þús. kr.), ef enginn hefði verið afgangur að undanförnu? Þyki þingm. þessi stefna nefndarinnar svo heppileg, sem mjer heyrðist á honum, sú stefna, að hafa afganginn sem minnstan, þá get jeg fullvissað hann hann um, að hann á ekki á hættu, að nokkur eyrir sje eptir í viðlagasjóði eptir nokkur ár.

Landshöfðingi: Það hefur verið tekið hjer fram sem ástæða fyrir því, að gera ráð fyrir sem minnstum afgangi í fjárlögunum, að það líti undarlega út, að vjer værum að safna fje í slíku harðærði sem nú er. Þessa röksemdaleiðslu gæti jeg skilið, ef í fjárl.n. frv. væri sjerstaklega tekið tillit til hallærisvandræðanna og ráð gert fyrir að bæta úr þeim með fjárframlagi úr landssjóði, er talið væri með gjöldunum; en það er ekki gjört. Jeg er viss um, að allar uppástungur nefnd. miða til einhverra framfara, einhvers góðs; en í þessa átt, sem jeg nú nefndi, að afstýra hallærinu, fer engin af uppástungum hennar. Það getur verið, að jeg komi við 2. umr. með breytingauppást. um þetta atriði. Í öðru lagi hefur sú ástæða verið færð fyrir að rjett væri að setja afganginn sem minnstan, að flestar þessar tölur væru áætlaðar. En þar af leiðir þvert á móti, að það er því ísjárverðara, að afgangurinn sje lítill, því að gjöldin eru hjer um bil viss, eins og þau eru talin, en tekjurnar aptur á móti óvissar, svo að þar af leiðir, að jafnvel getur orðið «deficit», eins vel og afgangur, þegar gjöldin eru sett eins há, einsog hjer á sjer stað, í hlutfalli við tekjurnar. Jeg skal að öðru leyti ekki fara langt út í einstök atriði málsins. Það, sem mjer kann að þykja vert að taka fram um þau, getur komið fram við 2. umr. Einnig verður það þá ef til vill ljósara, hvort leggjandi sje út á hið næsta fjárhagstímabil með svo litlum afgangi, sem hjer er ráð fyrir gjört.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg skal að eins svara h. h. landsh. fám orðum. Hann kvaðst ekki sjá, að n. hefði að neinu leyti gjört neitt til þess að bæta úr hallæriniu. Jeg vil benda hinum h. lh. á 4. gr., þar sem gjört er ráð fyrir, að leigur af fje sjeu eptir gefnar; þessa ívilnun verður að telja gjörða vegna hallærisins. Í öðru lagi lá fyrir þinginu þingsályktun út af hallærinu, sem n. vissi ekki hver úrslit mundi fá. Öðrum aths., sem einstöku þm. hafa gjört, skal jeg svara við 2. umr. málsins, því að mjer virðast þær betur eiga þar við en hjer við 1. umræðu. Einungis skal jeg taka það fram hjer, að þar sem 1. þm. Ef. (A. Ó.) telur afganginn *auðsjáanlega* of lítinn, þá get jeg ekki skilið, hvernig hann hefur vissu fyrir því, því að það er þó engan veginn *víst*, til hverra útgjalda komi á fjáraukalögum fyrir þetta fjárhagstímabil.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Þrítugasti og annar fundur, laugardag 4. ágúst kl. 4. e. m. Allir á fundi nema Þórarinn Böðvarsson og Þórður Magnússon, er höfðu leyfi forseta til að vera ekki á fundi.

Frumvarp til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra (C 243); 3. umr.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): Nefndin hefur ásamt með hinum h. 1. þm. G.K. (Þórarinn B.) komið með þá brt. (C 278), að taka inn aptur 2. gr., sem fjell við 2. umr. þessa máls, því nefndinni virtist, og það vona jeg að deildin sjái að sje rjett, að þessi grein væri alveg ómissandi, því 8. gr. getur varla staðizt án hennar og verður

án hennar jafnvel skaðleg, því ættu ekkjur embættismanna að hafa helming af núverandi launum embættismannsins, fengju þær miklu hærri eptirlaun en þær hafa nú. N. og hinn h. 1. þm. G.K. hafa komið með þá viðbót, sem fólgin er í 2. gr. 2. málslið, og vil jeg leyfa mjer að taka fram, að þessi ákvörðun var gjörð til þess, að koma í veg fyrir, að sá sem verður að láta af embætti áður en hann er búinn að vera embættismaður í 20 ár, t. a. m. fyrir sjúknaðar sakir, fái allt of lítið í eptirlaun. En þessi ákvörðun á að eins við þá embættismenn, sem hafa staðið vel í stöðu sinni og verið reglusamir, en ekki við þá, sem hafa orðið að fara frá embætti fyrir sakir drykkjuskapar eða annarar óreglu, og þó það hafi stundum átt sjer stað, að slíkir menn hafi fengið eptirlaun, getur það naumast álitizt annað en regluleg vanbrúkun á fje landsins. Jeg vona að hin h. deild líti svo á, að viðbót þessi bæti frv. Við 2. umr. málsins var n. borið það á brýn, að hún hefði farið of langt og gjört of lítinn mun milli verzlegra embættismanna og presta. Það var og sagt, að ekki mætti ætla verzlegum embættismönnum hið sama og prestum. Um það geta að mínu áliti verið deildar meiningar, hvað í þessu máli sje of langt og nógu langt. En það hygg jeg, að allir geti sjeð, sem vilja sjá, að verzlegum embættismönnum er ekki í frumvarpi þessu ætlað hið sama sem prestum, því eptir því fá verzlegir embættismenn sumir tvöfalt, sumir ferfalt og sumir fimmfalt hærri eptirlaun en prestar fá nú. Það er vitaskuld, að eptir frv. þessu er ekki annað eins djúp staðfest milli eptirlauna presta og eptirlauna annara embættismanna, eins og er eptir núgildandi lögum, þar sem verzlegir embættismenn geta nú fengið 60 sinnum hærri eptirlaun en prestar. Þessi feiknamunur, sem nú er, hefur að mínu áliti skaðleg áhrif og slæmar afleiðingar, því hætt er við, að þeir menn, sem minnsta hæfilegleika hafa og minnsta úrkosti eiga, veljist helzt í prestlega stöðu, þegar hinir verzlegu embættismenn eru svona hátt settir, og er þetta mjög óheppilegt fyrir alþýðu, sem ekki hefur við neina embættismenn eins mikið saman að sælda eins og við prestana; prestarnir eiga og geta menntað og hafið alþýðu, en það geta þeir því að eins, að eigi veljist hinir lítilfjörlegustu í þau embætti. Þm. Bf. (Gr. Th.) talaði um það við 2. umr., að láta embættismenn sjálfa sjá sjer fyrir eptirlaunum, en veita þó eptirlaun með sjerstökum lögum, að minnsta kosti í sjerstökum tilfellum. Ætti þetta að verða, er jeg hræddur bæði um það, að hækka þyrfti embættislaunin, og svo um hitt, að þá myndu sízt fækka bænarskrár til þingsins; þá mundu sífellt koma bænarskrár um eptirlaun. Jeg segi og fyrir mitt leyti, að þótt jeg alls eigi efist um rjettvísi hins h. þm. bæði nú og ávallt, þá vildi jeg þó heldur, ef jeg færi að biðja um eptirlaun, þekkja einhvern þingmanninn heldur en þekkja engan, og sú mun reyndin verða, ef til kemur, að slíkt væri betra fyrir þann, sem um eptirlaunin sækti. Hinn h. þm. Bf. gat þess til um nefndina við 2. umr. málsins, að hún hefði komið fram með tillögur sínar í þeim tilgangi, að sýna landsmönnum eða alþýðu hjer á landi, að þarna væru mennirnir sem vildu spara. Jeg tek þetta sem brixlyrði, en sem ástæðulaust brixlyrði, og held að þingmaðurinn hafi ekki haft ástæðu til að efast um, að nefndin hafi komið fram með frv. af sannfæringu sinni. Þessi aðferð þm. er því alveg eins, og ef vjer hinir segðum, að hann væri að sýna landsmönnum hvílíkur maður hann væri, þegar hann stundum er að skúta stjórninni út fyrir hinar og þessar fjárveitingar; en það væri rangt gjört.

ATKVGR.: Fyrri kafli brt. (C 278) sþ. með 15 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm. *Nei* sögðu Halldór Kr. Friðriksson, Benidikt Sveinsson, Grímur Thomsen, Lárus Blöndal, og Th. Thorsteinson. Aðrir allir *já*, nema Eiríkur Briem, er eigi vildi greiða atkv., og þeir Þórarinn Böðvarsson og Þórður Magnússon, er ekki voru viðstaddir.

Síðari kafli brt. sþ. með 13 atkv.

Frumvarpið í heild sinni samþykkt með 14 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk hinna sömu 6 nafngreindra þm. *Nei* sögðu: Halldór Kr. Friðriksson, Benidikt Sveinsson, Eiríkur Kúld, Grímur Thomsen, Lárus Blöndal, og Th. Thorsteinson. Fjarverandi hinir sömu tveir, og Eiríkur Briem vildi eigi greiða atkv. Aðrir allir *já*.

Málið síðan sent e. d.

Frumvarp til laga um að meta til

dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu (frá e. d., C 200); 1. umr.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil geta þess, að jeg ætla óþarft, að setja nefnd í málið, því e. d. er búin að íhuga það svo ítarlega. Einnig held jeg að hver sem til þekkir í hljóti að játa, að full þörf sje á þessu mati; enda ætla jeg víst að matið 1861 hafi óvíða verið eins hátt að tiltölu og þar. Jeg vona þess vegna að málið gangi til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu síðan vísað til 2. umr. með 11 atkv gegn 5.

Þrítugasti og þriðji fundur, mánudag 6. ágúst kl. 12—3. Allir fundi.

Frumvarp til laga um strandgæzlu (frá e. d., C 221); 1. umr.

Þórður Magnússon: Mál það, er hjer ræðir um, þykir mjer mjög athugavert; er hjer farið fram á, að leggja mönnum á herðar nýjar skyldur eða kvaðir, sem að einu leyti verður mjög erfitt að uppfylla og að hinu leytinu mjög torvelt að sjá um, að lögunum verði hlýtt. Jeg vil því stinga upp á 3 manna n. til þes að íhuga málið.

ATKVGR.: Samþ. 3 manna nefnd og kosnir í hana:

Gunnlaugur Briem með 13 atkv.
Lárus Blöndal — 12 —
Þórður Magnússon — 11 —

Fyrstu umræðu síðan frestað.

Frumvarp til laga, er banna að sleppa hákarli í sjó á tímabilinu frá 15. okt. til 15. apríl (frá e. d., C 223); 1. umr.

Egill Egilson: Mjer finnst þetta frv. ganga næst opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskotin á Breiðafirði; það er eins og að með þessu eigi að reyna til að leggja stórmikið haft á atvinnufrelsi manna. En haft þetta getur vafalaust orðið til góðs fyrir smábáta; en hákarlaveiði á þilskipum gagnar það eigi hið minnsta, heldur er það þvert á móti til hins mesta ógagns. Þegar frv. fyrst var lagt fyrir efri deild var það með öllu óhafandi; þá átti bannið að gilda um allt land; en svo var þessu breytt og takmörk fyrir banninu sett að austan við Langanes og að vestan við Straumnes. En þessi takmörk eru allt of vestarlega. Eins og nú er, er Ísafjörður undir banninu, en slíkt er ófært. Ástæða mín til þess að hafa móti frv. er sú, að bannið er alveg óhafandi fyrir þilskip. Maður verður að gá að því, að þilskipaútvegur er hinn dýrasti útvegur hjer á landi. Hann kostar á meðalskipum um 600 kr. á mánuði. Og hversu mikið þarf eigi til þess, að borga þetta? Nú set jeg sem svo, að skip eitt geti borið 100 tunnur af lifur í hverri ferð, en ef þetta frv. verður að lögum verða að eins af farminum 20 tunnur af lifur, því að hitt allt fyllir skipið af hákalli; því það er jeg viss um, að á 1 tunnu af lifur koma 4 tunnur af hákalli. En að gjöra út skip, sem eigi fær meira afla að jafnaði í senn er ófært, og er hið sama sem að segja útgjörðarmönnum slíkum að hætta öllum þilskipaveiðum fyrir hákall; en þar finnst mjer löggjafarvaldið ætti um fram allt að efla og hlynna að þeim, en ekki hið mótsetta.

Þessi lög eru í svo nánu sambandi við lögin um strandgæzlu, sem áðan var vísað í n., að þau geta ekki staðizt nema strandgæzlu-lögin nái staðfestingu. Í 2. gr. þ. frv. stendur, að eigi má flytja afla frá skipi, fyr en strandgæzlumaður hefur komið til og litið á aflann. Þó skipinu þurfi að bjarga undan sjó, þá leyfist það ekki, því ekki má afferma strax, formaðurinn verður að láta herra strandgæzlumanninn vita, hann verður ef til vill að senda til hans 3—4 bæjarleiðir, svo getur vel skeð að hann ekki sje heima; en ávallt má skipið bíða og getur vel hafa brotnað í spón í millibilinu. Jeg vil biðja þingið, að láta þessi lög eigi fara lengra, heldur fella þau sem fyrst. Enn fremur verð jeg að geta þess, að það er mjög óheppilegt og ísjárvert fyrir þingið, að ætla sjer að fara að setja lög sem gilda eigi langt fyrir utan landhelgi.

Þorkell Bjarnason: Jeg er á sama máli og þm. M. (E. E.) um að þetta mál er athugavert mjög, og því vil jeg að málinu sje sinnt, en það er svo skylt hinu frv. um strandgæzlu, að bezt væri að þau yrðu samferða og málinu vísað til þeirrar n. Til þess að sýna, að frumvörpin þurfi að verða samferða, ætla jeg að eins að geta um ósamkvæmni í frv. Í hákarlafrv. stendur að sektirnar skuli renna í sveitarsjóð, þar sem skipið lendir, en í strandgæzlufrv. stendur, að strandgæzlumaður skuli fá helming allra sekta; en slíka ónákvæmni getur n. lagað í höndum sjer.

ATKVGR.: Málinu vísað til nefnd-

arinnar í næsta máli á undan (um strandgæzlu), og 1. umr. frestað.

Frumvarp til laga um friðun hvala (frá e. d., C 240); 1. umr.

Jón Ólafsson: H. h. þd. hefur nýlega samþykkt lög um að ófriðhelga eitt sævarrándýr, selinn; nú er hjer um annað ránd*ý*r, engu betra, að ræða, þar sem hvalurinn er, og væri það mótsögn að fara að friða þá þegar nýbúið er að ófriðhelga selinn. Það sýnist rjettast að láta eitt yfir báða ganga. Jeg veit reyndar til, að það er almenn hjátrú í Norvegi, að hvalir sje gagnlegir fyrir síldveiðar; þar halda menn að hvalirnir reki síldina að landi. En sannleikurinn er auðvitað, að hvalurinn kemur styggð að síldinni, svo hún hrekkur undan honum, annaðhvort að landi *eða frá* landi! Því að ekki veit jeg til að þeir, hvalirnir, hafi neitt instrúx í þá átt, *hvert* þeir eigi að reka síldina, og munu þeir vissulega reka síldina eins opt frá. En jeg skal nú eigi fara frekar út í þetta; en geta þess, og legg jeg mikla áherzlu á það, að fyrir nokkru var talað um að friða hvali í skergarðinum við Svíaríkisstrendur; þá var leitað álits prófessor Sars í Kristjaníu, sem í mörg ár hefur fengizt við rannsóknir um síld og síldargöngur, og hann kvaðst *eigi vita neina skynsamlega ástæðu fyrir því, að hvalir rækju síld að landi inn*, og mundi það einungis eiga við hjátrú sjómanna að styðjast. Menn hafa enga vísindalega sönnun fyrir þessu; en hitt vita menn fyrir víst að hvalurinn er mesti óvinur síldarinnar, og er það nú undarlegt að ætla sjer að gagna síldveiðum með því að friða dýrið, sem er hættulegast fyrir hana. Vil jeg því stinga upp á, að vísa málinu til n. sem nýlega var kosin, að jeg ætla í þeim tilgangi að verða grasgarður fyrir fánýt frumvörp.

Þórður Magnússon: Jeg er alveg á móti því að hrúga öllu upp á n. Er jeg málinu heldur meðmæltur vegna þess að engin vissa er fyrir því, að menn hafi nokkurn hag af því, að hvalamenn komi hingað, drepi hvali, flytji allt burtu og selji ekkert nema með dýrasta verði. Norðmenn kvarta mjög yfir hvaladrápi, og segja þeir, að það hafi gert síldveiðunum mikinn skaða.

Grímur Thomsen: Jeg vil undaskilja fleira en hnýsur og höfrunga frá friðun. Jeg ætla enn fremur að geta þess, að Norðmenn friða hvali á síldarfjörðum og síldarvogum *þegar síld gengur*. Þetta er heppileg ákvörðun hjá Norðmönnum og vildi jeg láta bæta henni hjer við.

Holger Clausen: Jeg er frv. þessu alveg samdóma, jeg sje ekkert gagn af því, að experimentera með Norðmönnum og láta þá drepa alla hvali kringum landið, sem Íslendingar hafa eigi minnsta gagn af. Það er ekki svo langt síðan í fyrra, að menn mættu muna, hvaða gagn varð af hvalrekunum. Svo hef jeg talað við marga norska síldarveiðamenn, og þeir segja allir að hvalir reki síldina inn á firðina. Það er því mesti skaði, ef nú á að fara að drepa hvalina.

Egill Egilson: Jeg tel mikinn skaða, ef þetta frv. nær eigi fram að ganga. Vjer vitum allir hvílíkur ómetanlegur hagur hvalrekarnir eru, því það er kostnaðarlaus ágóði fyrir fátækan og ríkan án manngreinarálits, því þeir reka á land fyrir straumi og vindi og koma þannig fyrirhafnarlaust upp í hendurnar á manni; en ef nú norskir hvalveiðamenn eða aðrir mega drepa hvalinn takmarkalaust, þá er sá hagur farinn. Vjer vitum líka hvert gagn hvalirnir eru fyrir síldveiðarnar; þegar síldin heldur sig á dýpi og ómögulegt er að ná í hana, þá eru hvalirnir hin eina hjálp til að láta hana nálgast landinu. Þessi lög eru til góðs fyrir alla nema hvalveiðendur, en það er svo dýr útvegur að Íslendingar munu eigi gjöra hann í bráð. Vil jeg af megni styðja þetta frv. og legg það til, að 3 manna n. verði sett í málið.

Nefnd felld með þorra atkv.

Eiríkur Kúld: Það hefur að eins einn h. þm. (J. Ó.) andæpt í móti þessu frv. og ber það undarlega til, að mjer er ómögulegt að vera honum samdóma, því að jeg álít þetta frv. eitthvað hið happalegasta, sem á þing hefur komið í sumar. Held jeg eigi þurfi langt að leita að ástæðum fyrir því hversu háskalegt það er, ef hvalir eru drepnir takmarkalaust; það þarf eigi annað en spyrja þá að, sem hvalina rak hjá í hitt eð fyrra, hvort þeir myndu á því að hvölunum væri mjög mikið fækkað. En það getur komið fyrir harðæri aptur og þá mun það enginn hagur að því, ef hver hefur leyfi til þess að drepa hjer hvali og fækka þeim hjer við land hvar sem stendur; eða ef hver mætti skjóta hvali með eitruðum eldvopnum, þá kynni að verða mikill skaði af, ef slíkan hval ræki; þá er auðvitað hve háskalegar afleiðingar af því gæti leitt. Furðaði jeg mig á að 2 þm. Sm. (J. Ó.) skyldi

vilja kasta þessu frv. í ruslakistuna, (*J. Ó.:* í líkkistuna), með því nú, þegar svona er áliðið þingtímans, að kæfa það í n.; því að nú er einmitt þörf á þessum lögum, því að nú eru Norðmenn komnir hingað til lands til þess að drepa hvali.

Jón Ólafsson: Jeg furða mig stórum á því, að menn skuli álíta hvalveiðar skaðlegar fyrir hvalreka, því að sjaldnast drepast hvalir í ís, heldur eru það vanalega hvalir, sem hvalamenn hafa skotið og misst, enda hafa hvalrekar verið mestir, þá er hvalir hafa verið kappsamlega skotnir. En þó að þetta frv. yrði að lögum, þá hefur það mjög takmarkaða þýðingu. Menn geta eigi bannað mönnum að drepa hvali kringum allt land fyrir utan landhelgi og verða lögin þá einungis til þess að *hindra búsetu* hvalveiðamanna hjer á landi. Hitt felli jeg mig vel við, að banna skot á síldarvogum um veiðitímann; en ekki af því að mjer sje annt um líf hvala, heldur af því að öll skot eru þá skaðleg á þeim fjörðum. Nú er einmitt norskur hvalveiðamaður að búsetja sig hjer á landi; hann ætlaði að setjast að á Ísafirði, en er nú fluttur austur í Múlasýslur. Þessi maður, er heitir Svend Foyn, er stórríkur maður, á margar miljónir kr. Gjörum samt arðberandi eign hans eigi nema 3,000,000; rentur þar af eru 120,000 kr. Eignarskattur af þeim er 4800 kr., atvinna 25000 kr. og tekjuskattur 655 kr.; hefur byggt fyrir 6000 kr. og er af því 90 kr. í húsaskatt. Það eru því beinar tekjur í lsj. 5545 kr. Og svo er ótalið allt það óbeina gagn sem lsj. hefur og landið í heild sinni. Þar sem hann setur sig niður í hrepp, er nú svo sem sjálfsagt að hann ber öll sveitarútsvör. Það hafa verið talin tormerki á því að stofna háskóla, en það verður þó dýrara að hrekja burtu þennan mann, og tel jeg það hörmulegt, að gjöra landinu og lsj. slíkan skaða bara fyrir ímyndun eina. Þá hafa menn sagt, að það væri skaði, að hinir norsku hvalveiðamenn notuðu allt af hvalnum. En ólukkans skaði er það, að þeir kasta eigi helmingnum af honum í sjóinn. Skelfingar skaði væri það ef Norðmenn fá að reisa hjer «guano-fabrikkur», eins og þessi maður vill gjöra; við förum svo vel með áburðinn, að það væri vert að koma í veg fyrir það, að oss lærðist að nota hann betur!!!

Tryggvi Gunnarsson: Hinn h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) virðist öllu fremur að koma fram sem málafærslumaður fyrir Svend Foyn, en fyrir landið. Það hefur verið tekið skýlaust fram og er óhrakið, að hvalirnir eru til hins mesta hags fyrir landið bæði dauðir og lifandi. Þegar þeir drepast undir landinu, eru líkur til að þá reki, en meðan þeir lifa reka þeir síld og fisk upp að landinu. (*J. Ó.:* Eða frá því!). Þm. bar fyrir sig skýrslu eptir fiskifræðing í Noregi, þar sem stæði að hvalirnir væru ekki til neins gagns fyrir síldarveiðarnar. Jeg skal við 2. umr. þessa máls koma fram með skýrslur frá 2 öðrum fróðum mönnum í þessari grein, sem hafa rannsakað hvaða þýðingu hvalirnir hefðu fyrir síldarveiðarnar bæði í Svíþjóð og Noregi, og hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að þeir væru einmitt mjög þarfir. Hinn h. 2. þm. Sm. sagði, að hvalirnir gætu eins vel rekið síldina frá landinu, en reynslan hefur kennt mönnum að þeir fara á eptir síldinni, reka hana að landinu, og síldin helzt einmitt svo lengi inni á fjörðunum t. d. Eyjafirði og Seyðisfirði, af því að hvalirnir liggja úti fyrir.

Þm. lagði mikið út af því, hve mjög þessi ríki Norðmaður mundi auðga landið með gjöldum í lsj. og til sveitar. Jeg vil þá spyrja þm., hvort hann geti sýnt svart á hvítu, að Svend Foyn hafi sleppt borgararjetti sínum í Noregi og muni því gjalda af öllum eigum sínum hjer á landi. Það er ekki líklegt að hann fari til þess. Eigur hans eru víst miklu meiri en þm. sagði, þær eru víst nær því að vera 14 miljónir, en ekki 3 eins og hann ætlaði. (*J. Ó.:* Arðberandi, skattskyldar). Þessi auðmaður á stórar eignir í Noregi, bæði skip, stórbyggingar og búgarð, og vill hann víst ekki missa borgararjett sinn þar, sem hann á svo miklar eignir, og getur víst ekki komizt hjá að greiða gjald þar sem þær eru. Það mundi fara svo um þennan auðmann og hans fyrirtæki hjer, að lsj. yrði það eigi meiri fjepúfa, hvað bein gjöld snertir, en síldarfjelög sem hafa allan sinn krapt í Noregi og gjalda þar skatt af 2—300,000 kr. eign, sem þeir hafa þar en næsta lítinn skatt hjer á Íslandi, sem vonlegt er, því þeirra eign og atvinna er minnst hjer á landi. Þó að svo færi, sem aldrei verður, að hann greiddi 8000 kr. í lsj, þá hygg jeg að lengst væri frá því, að það ynni upp móti þeim skaða, sem hann bakaði landinu með því að drepa 50 til 100 hvali á ári; því fáa hvali þarf til

að jafnast við 8000 kr.; þeir eru oss svo gagnlegir bæði lifandi og dauðir.

Jeg get eigi ætlað að n. sje nauðsynleg í þessu máli, en sýnist mikilsvert að það fái að ganga til 2. umr.

Holger Clausen: Hinum h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) var mest um að gjöra að þessi maður yrði búsettur hjer, svo að hann borgaði einar 7—8000 kr. á ári í lsj. og til sveitar; en hver segir hvað lengi hann yrði búsettur hjer og hvort það yrði nema þetta 1 ár? Mjer er ekki nóg þó að hann borgi 7000 kr. á ári, en gjöri skaða upp á 70,000 kr. Þm. talaði um þann hag sem við fengjum af því þegar hann færi að búa til gúanó handa okkur; en við þurfum ekki annan áburð, en þann sem við höfum, ef við bara kunnum að nota hann eins og gjört er erlendis, t. d. þangið og allt sem fellur til við sjóinn. Þess vegna þurfum við ekki að fá norskan mann til þess að útvega okkur áburð.

Egill Egilsson: Jeg hef litlu að bæta við ræðu hins h. 1. þm. Sm. (Tr. G.). Öll hin langa ræða 2. þm. Sm. hnje að því, að sannfæra þingið um, hvaða fjarska-fengur það væri að fá þetta norska stórhveli hingað, og miklu meira varið í það, en að halda í hvalina, sem nú eru kringum strendur landsins. Hann reiknar landinu 8000 kr. á ári, sem þetta stórhveli á að gefa af sjer. Þessi reikningur hans er alveg tekinn úr lausu lopti; en látum hann samt eiga sig; en þm. gleymdi að segja, hvað lengi landið nyti þessara 8000 kr. Ef þessi Norðmaður fer að drepa hvalina hjer við land, eins og hann bezt getur, þá er ekkert efamál, að með hans góðu áhöldum og mikla fjármagni færi brátt að minnka um hvalina. Hvalirnir eru sem menn vita ekki frjóvsöm dýr, þeir eiga ekki nema 1 unga 2. hvort ár *(E. K.:* 3. hvert), og það væri því hægðarleikur að fækka þeim svo, að ekki sæust hvalir í 50—60 ár hjer við land. Þá sæist, hvað gott hefði hlotizt af þessari norsku hvalaveiði, þar sem þó er fullreynt hvað hvalirnir eru gagnlegir fyrir síldarveiðina og máske fyrir fleiri fiskitegundir, og hve mikil björg er að þeim, þá þeir reka sjálfdauðir á land.

Við höfum sjeð hvað þessi norski hvalafangari er fastur í rásinni. Hann sezt í vor að á Ísafirði og nú kvað hann vera kominn til austurlandsins. Það er varla vert að byggja upp á miklar tekjur fyrir lsj. eða sveitarsjóði frá honum í framtíðinni. Sennilegast er, að eptir ein 2 ár sje hann búinn að vinna hvalina hjer við land, og með það sje hann farinn af landi burtu eptir að hafa unnið landinu hið mesta ógagn.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er ekki á móti frv., en jeg vil að eins benda þd. á, hve lauslega er frá þessu frv. gengið. Í 1. gr. eru hvalir friðaðir fyrir skotum, í 2. gr. er leyft að vinna þá með handskutli um friðunartímann, og í 3. gr. er kveðið svo á, að skotmaður fái ekki hlut í skotnum hval nema hann sanni, að hann hafi skotið hann fyrir eða eptir friðunartímann. Hjer er talað um tvenns konar skot og það þarf lagfæringar við. *(Th. Th.:* Það er annað að skutla). Á þetta vildi jeg benda hinni heiðruðu þd.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. m. 19 atkv.

Frumvarp til laga um breyting á 7. gr. í l. 14. des. 1877 um tekjuskatt (frá e. d., C 240); 1. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað umræðulaust til 2. umr. m. 12:4.

Frumvarp til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum (C 230); 1. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg þarf eigi að fara mörgum orðum um þetta mál; nefndarálitið hefur legið lengi fyrir þm., svo að málið ætti að vera mönnum fullljóst, og auk þess er málið mjög óbrotið. Jeg skal að eins geta þess, að sumum kann að virðast, að hjer kenni nokkurs harðræðis í nefndarfrumvarpinu. Jeg skal eigi heldur neita því, að lfrv. þetta er nokkurs konar neyðarúrræði, en þetta neyðarúrræði er hin alkunna brýna þörf til að skerpa lögin viðvíkjandi skyldum manna, er þiggja af sveit, gagnvart sveitarsjóðunum. Það er gamall málsháttur, að nauðsyn brýtur lög, en með því er viðurkennt, að löggjöfin eða hið löggefandi þing verður að taka tillit til þess, sem er beinlínis nauðsynlegt, þó að það sje ef til vill ekki æskilegt.

Þetta frv. er í fullri samkvæmni við almennar reglur, og við 52. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem stendur, að sá, sem fær styrk úr almennum sjóði, skal vera háður *skyldum þeim, er lögin áskilja.* Eigi þessi mikilvæga grein ekki að leiða til communisme, eða til fulls jafnaðar á eigum manna, þá verða þessar skyldur þurfamanna

að miðast við það, að hag hins almenna sjóðs, sem þeir þiggja úr, sje borgið, og skyldurnar þá að vera fólgnar í því, að fullnægja eptir kringumstæðunum og eptir því sem unnt er öllum rjettlátum og sanngjörnum kröfum, svo sjóðurinn ekki líði skaða. Þetta frv. er og byggt á sama grundvelli og fátækralöggjöfin (9. gr.). Það er skaðlegt fyrir atorku manna, að gjöra mönnum of ljettan aðgang til sveitarsjóðsins, og skaðlegt að sá fái styrk, sem af eigin ramleik getur notað krapta sína til að hafa ofan af fyrir sjer. Sveitarsjóðurinn má eigi standa rjettlaus gagnvart þurfamönnum, og n. hefur að eins farið fram á, að hreppsnefndirnar *gætu* haft nauðsynlegt aðhald að þessum mönnum, en þó ekki gengið lengra en að *leyfa* þeim að grípa til þessara ráða, sem ræðir um í 1. gr frv., nefnilega þegar þurfamaður hagar svo ráði sínu, að hreppsnefndirnar geta ómögulega á annan hátt haft tangarhald á honum. Þetta er hvorki harðara nje óeðlilegra en að erfinginn hafi rjett til þess að gjöra þann, sem hann á að erfa, ómyndugan, ef hann bersýnilega sóar fje sínu. Það er þó ekki eins gefið, að erfinginn erfi óráðsmanninn, eins og það er víst, að sveitarsjóðurinn sje arftaki þurfamannsins.

2. og 3. gr. frv. eru og byggðar á almennum og gildandi grundvallarreglum. Viðvíkjandi 3. gr. skal jeg sjerstaklega geta þess, að vesturfarar hafa eigi allsjaldan með hrekkjum og undirferli skilið eptir jafnvel munaðarlaus börn, þó að þeir hefðu vel getað sjeð þeim borgið.

Jeg skal og geta þess, að *aðalkosturinn* við þessi lög munu reynast hinar öflugu og þýðingarmiklu óbeinlínis afleiðingar þeirra, sem eru fólgnar í því, að þegar menn sjá að svona mikið liggur við, að þessi böggull fylgir skammrifi, þá vaknar sómatilfinningin að verða ekki öðrum til byrðar, og þessi sómatilfinning knýr menn aptur til að beita áhuga, atorku og sparsemi, svo menn verða sjálfbjarga meira að segja. Meðan þessi ómennskuandi lifir sem nú á sjer stað og á rót sína í aðhaldsleysi laganna, er eðlilegt að menn hlaupi í sveitarsjóðinn og noti eigi krapta sína. Jeg óska að málið fái að ganga til 2. umr. og skal eigi fjölyrða um það frekar, þar jeg hygg að það græði lítið á frekari umræðum.

Jakob Guðmundsson: Jeg játa fúslega að það væri æskilegt og nauðsynlegt að taka fyrir alla fátækralöggjöfina í heild sinni og leiðrjetta hana; þó að nú undir þessum kringumstæðum sje rjett að sleppa því, getur engum blandazt hugur um, að það var óumflýjanlega nauðsynlegt að taka fyrir þessi atriði sem n. hefur tekið upp í sitt frv. Fyrir 60—70 árum hefðu slík l. verið ísjárverð og máske skaðleg, þegar fátæklingum og þurfamönnum var sýnd harðýðgi og ómannúð, eins og kunnugt er. En nú á tímum eru þessi l. nauðsynleg; í flestum sveitum er þurfamönnum sýnd hin mesta mannúð og sumstaðar ekki látið líða lakara en góðum bjargálnamönnum, sem einmitt leggja til stórfje til að forsorga niðursetur og styrkja fátæklinga, bæði með tillögum af sveitarfje og frjálsum samskotum. Allir verða að játa að sveitastjórnirnar ættu að vera mikils ráðandi, en þó að þær ættu að vera hinar styrkustu, verða þær optast hinar óstyrkustu. Þeir sem stjórna, verða að leggja hverja byrðina á fætur annari á herðar hinna efnaðri til þess að uppfylla hverja óráðsbænina, sem til þeirra kemur.

Jeg reit ekki alls fyrir löngu ritgjörð um þetta mál, sem var prentuð í blaði, og jeg vona að hinum h. þm. sje þess vegna kunn; og hún átti rót sína að rekja til sömu orsaka sem þetta frv., og fór nokkurn veginn fram á hið sama, þó það væri í nokkuð öðru formi, þar sem jeg stakk upp á að stofnuð væri einskonar letingjabú þar sem menn gætu þrýst óstýrilátum og ráðdeildarlausum letingjum til reglusemi og almennilegrar vinnu; en um þessa ritgjörð get jeg frætt menn, að hún var skrifuð eptir áskorunum til mín á almennum fundi fyrir vestan, þar sem jeg hafði látið í ljósi skoðun mína um þetta mál. Jeg veit því að menn á vesturlandi taka þessum lögum vel og sjá að einhver takmörk eru nauðsynleg í þessari grein.

Jón Ólafsson: Jeg skal fúslega viðurkenna, að jeg er nefndinni þakklátur fyrir frv. þetta og fyllilega samdóma henni um, að hjer sje hin mesta þörf á strangari reglum fyrir eptirliti með sveitarlimum en verið hafa. Því jeg ætla að varla nokkurt land í heimi geti eptir hagfræðislegum skýrslum að dæma komizt í nokkurn samjöfnuð við þetta land, þar sem hjer á landi hver fimmtándi maður er sveitarþurfi. Það er því ekki til að mæla á móti frv. að jeg stend upp, en þó að hinu leytinu ekki svo að skilja að jeg sje öllu samþykkur, sem í því stendur. Mjer þykir til dæmis að

taka eitthvað undarlegt, þar sem í 1. gr. er verið að tala um þvingunarsektir. Hvernig á fjelaus maður, sem þiggur allt af öðrum, að borga þvingunarsektir? Getur ekki. Hver borgar þær þá? Það gjörir sveitin, að vísu ekki beinlínis, heldur óbeinlínis. Sveitarþurfanum verður fyrst fyrir, að betla sjer einhverstaðar lán út í sektina, svo, af því hann þarf að borga það aptur, þarf hann, til þess að geta lifað, að fá meiri sveitarstyrk. Sveitin borgar þannig sjálf sektirnar. Þetta sýnist mjer því kátleg ákvörðun og vil fá þvingunarsektunum breytt í fangelsi, og kem jeg líklega síðar með bratkv. í þá átt. Svo er 3. gr. sem mjer finnst eiga mjög illa við; og jeg skil ekkert í, hvernig nokkrum manni getur dottið í hug að kalla það rjettlátt að heimta tryggingu fyrir uppfylling skyldna, sem ekki eru til og ef til vill aldrei nokkurn tíma verða til. Jeg vil spyrja: á að fara að heimta trygging eða hepta menn af því að þeir eiga ættingja, sem ef til vill einhvern tíma og einhvern tíma *kunna* að verða einhverjum til byrði, en sem líka ef til vill aldrei verða það? Að heimta þessa trygging væri hjer um bil það sama eins og ef jeg segði við einhvern: Mjer sýnist þú líta svo þjófslega út. Gjörðu svo vel og settu mjer strax tryggingu fyrir því, að þú ekki stelir frá mjer í nótt. Það er ómögulegt að sanna, að þótt maðurinn eigi ættingja, sem kann ske er hniginn að aldri og farinn að bila að heilsu, þá verði þessi ættingi sveitinni að byrði. Þeir eru dauðlegir eins og aðrir, og geta verið dánir á næsta degi. Jeg vildi því ráða til að 3. gr. yrði felld burt; að öðru leyti er frv. gott.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal fúslega játa að öll þörf væri á ráðum eða meðulum til að ljetta sveitarþyngsli og ljetta útsvör, sem nú er víða orðin mjög svo þungbær. En eptir minni skoðun er frv. þetta samt naumast heppilegur vegur til þess. Það hefur verið tekið fram, að ráðið til að ljetta sveitarútsvörunum væri að fækka þeim, sem þiggja af sveit með því að hvetja hina vinnufæru til iðjusemi. Yrði nú lögin hvöt og aðhald fyrir sveitarlimi til iðjusemi, þá er afleiðingin góð, en þetta getur að eins náð til þeirra sem vinnufærir eru, en alls eigi til hinna sem ekki geta unnið, svo sem er um börn og gamalmenni og af þeim koma sveitarþyngslin mest. En er ekki hætt við að frv. þetta ef það verður að lögum verði misbrúkað gagnvart þeim, sem vill bjarga sjer en getur það ekki! I frumvarpinu er talað um, að gjöra megi mann ómyndugan, en þar er ekkert um það, hvernig hann geti aptur orðið myndugur, þó hann verði sjálfstæður og vel megandi. Ef t. a. m. hreppstjóra dettur í hug, að fá einhvern sem þegið hefði sveitarstyrk gjörðan ómyndugan og maðurinn svo aptur verður sjálfbjarga, hvernig á hann þá aptur að verða hjer myndugur? Þetta frv. finnst mjer því ganga svo nærri almennum mannrjettindum, að jeg mun hika mjer við að gefa því atkvæði mitt, þótt jeg álíti að nauðsynlegt sje að fá betri reglur fyrir stjórn sveitarmálefna, en nú eru. Að því er 3. gr. snertir, skal jeg taka það fram, að jeg að vísu viðurkenni nauðsynina á því að setja skorður gegn því að menn hlaupi af landi burt frá fjölskyldu; en jeg fæ ekki skilið, hvernig tryggingu þeirri sem 3. gr. ákveður eigi að vera varið, nje hvernig hægt er að heimta tryggingu fyrir því, að niðjar einhvers manns fari ekki á sveitina.

Lárus Blöndal: Jeg er þeim heiðruðu þdm. þakklátur, sem mælt hafa frumv. þessu bót. Þótt sumir hafi gjört það, ætla jeg mjer ekki að fara út í einstakar greinir frv., en jeg vil vona, að þd. hafi málið í heild sinni hugfast og sjerstaklega ástæður þær sem h. h. flm. tilfærði því til styrkingar. Allir, sem til þekkja, hljóta að kannast við, að löggjöf vor um fátækramálefni er að mörgu leyti ónóg og óhagkvæm, og að hún á mestan þátt í að því sveitarþyngsli eru almennt svo mikil og að stjórn fátækramála fer svo úr hendi sem raun ber vitni um. Jeg er þess fullviss, að vjer Íslendingar erum ekki þeir einu menn undir sólunni, sem ekki geta stjórnað sveitarmálefnum, ef oss ekki vantaði meðal til að stjórna með. Jeg skal vera fús til að taka öllum þeim bendingum, sem miða til bóta í máli þessu, og gjöra hreppsnefndunum hægra fyrir en nú er, eða beina málinu eitthvað áfram. H. h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) hneykslaðist að mjer fannst á þvingunarsektunum. En jeg bið þm. að gæta þess, að ákvörðunin um þvingunarsektir á t. d. einkarvel við þess konar menn, sem eru fulltíða og vinnufærir, hafa stokkið burt úr sveitinni og skilið eptir ómaga á henni, en lifa hjer eða þar í fjarlægum sveitum í höglífi og svalli. Enn fremur vil jeg biðja þm. að gæta þess, að þvingunarsektir verða afplánaðar með fangelsi. Að því er 3. gr. frv. snertir, þótti

þm. hneykslanlegt, að nefndin hefur viljað reisa skorður við því, að Ameríkufarar hlaupa burt frá skylduliði sínu og gjöri það að handbendi sveitarinnar. Jeg fæ ekki sjeð, að þessi ákvörðun sje óþörf eða ópraktisk. Jeg skal taka dæmi: Maður t. a. m. á móður farlama og fjelausa, sem þó hefur verið matvinnungur. Þegar nú sonurinn, — þessi eina fyrirvinna móður sinnar —, vill fara af landi burt, er það þá óhæfa að heimta trygging af honum fyrir því, að gamalmennið, sem auðvitað þá og þegar verður ómagi, *(J. Ól.:* ef hún lifir), verði ekki sveitinni til þyngsla? Gjörir ekkert til þó hún deyi, því tryggginguna eða fje það, sem greitt yrði af henni, er að skoða sem depositum eða geymslufje, sem maðurinn fær þá aptur. Utanhreppsmenn eiga að meta, hvort og hversu mikla tryggingu skuli setja, svo síður sje ástæða til að óttast fyrir að málið verði vilhalt. Jeg tek það að endingu aptur fram, að jeg og meðnefndarmenn mínir munum taka því þakklátlega, ef einhver kæmi með haganlegri og praktiskari ákvarðanir en þær sem liggja fyrir í frumvarpi þessu; en jeg vil um fram allt, að málið fái framgang, svo Ameríkuförum og þurfamönnum vorum haldizt ekki lengur uppi að leika sveitarfjelögin eins grátt hjer eptir og hingað til.

Þorkell Bjarnason: Sveitarþyngslin hjer á landi eru þyngsta byrðin, sem á mönnum hvílir, og það er mála sannast, að það er ekki eins mikið harðærið eins og sveitarálögurnar sem knýja menn til Ameríkuferða. En af hverju koma sveitarþyngslin? Er landið svo aumt að ekki sje á því lifandi fyrir ötula menn? Nei, sú er ekki höfuðástæðan; það er höfuðástæðan, að þeir sem á sveit komast eiga opt og tíðum betri daga, en hinir sem með súrum sveita berjast við að hafa ofan af fyrir sjer og sínum. Sveitarlimir eru víða komnir á það lag að heimta og heimta og þegar eitthvað vantar er ekki annað en að fara til hreppsnefndaroddvitans og þaðan til sýslumanns til að kæra ef bænheyrsla fæst ekki, og fá svo það sem við þarf til að lifa við, en leggjast sjálfir í leti og ómennsku. Þetta kemur af því, að það liggur um of í hugsunarhættunum, að það sje engin veruleg minnkun að fara á sveit og því fylgir engin rjettarskerðing sem tilfinnanleg er. Þetta eru eptirstöðvar gamallar ómennsku. Við þessu ræður frv. þetta bót, og álít jeg það því mjög gott og nauðsynlegt. Eins og nú stendur á, geta hreppsnefndir ekkert verulegt gjört, þó þær viti, að þurfamaðurinn liggur á liði sínu og lifir á annara kostnað. Verði frumvarpið að lögum mun koma hik á menn með að segja sig eins til sveitar fyr en í fulla hnefana. Jeg játa það, að það er vandræði að skerða persónulegan rjett manna; en það getur samt verið nauðsynlegt, og jeg er viss um, að það er svo, að því er þetta mál snertir. Jeg álít því að nefndin hafi valið mjög heppilegan veg. Ákvörðunin í 3. gr. finnst mjer ekki óeðlileg. «Það tekur ekki til nema þurfi» og jeg er ekki hræddur um að hún verði misbrúkuð. Hvar sem maður er hjer á landi mundi hans verða leitað, ef hann þyrfti og ætti að annast ómaga sína. Ætti það þá að verða látið vera notagjald manns að hann vill af landi burt og skjóta sjer undan að gegna skyldu sinni lagalegri og siðferðislegri? Slíkir menn eru ekki ofgóðir að setja tryggingu áður en þeir fara, að skylduómagar þeirra fari ekki á sveit. Jeg mun eptir því sem jeg hef tekið fram óhikað gefa atkv. mitt með frumvarpinu. Því að mjer finnst það í alla staði gott og gilt.

Benidikt Sveinsson: Hinn h. sessunautur minn 2. þm. Sm. (J. Ó.) tók fram 2 atriði í frv., sem honum þótti svo dæmalausir ásteitingarsteinar. *Fyrra* atriðið var *þvingunarsektin.* Það er eins og hinn h. þm. hafi enga eptirtekt veitt því, að orðin: «eptir atvikum», standa í greininni; að beita þvingunarsekt eptir atvikum er einmitt langt um eðlilegra og meira að segja frjálslegra, heldur en að beita strax fangelsi. Þætti ekki þm. sjálfum betra að vinna 1 eða 2 klukkustundir til að afplána sekt sína, heldur en vera settur þegar í stað inn í fangelsi? Jeg ímynda mjer, að honum þætti á því mikill munur, þó að hann væri latur, sem hann ekki er. Er það ekki munur að geta látið hinn seka afplána sekt sína með þarflegri vinnu í stað fangelsis? Eða er það ónauðsynlegt, að styðja að því, að halda mönnum til vinnu? Jeg verð að segja það hjer í salnum, að margir eru fátækir hjer á Íslandi hjálparþurfandi af sveitinni af því, að þeir nenna alls ekki að vinna. *Hitt atriðið*, sem mínum h. sessunaut þótti athugavert í frv., var *3. gr. frv. öll*, eins og hún er. Hvernig þætti þm. gr., ef henni væri snúið við, og maður segði: «Heimilt skal hverjum manni að hlaupa til Ameríku frá konu og börnum, og er sveitarsjóður skyldur að annast þau?» Jeg þekki dæmi

til þess, að maður, sem fór til Ameríku, narraði nágranna sinn til að taka af sjer barn, og lagði með því 1 kú; vísaði bóndanum þar að auki á fje, er hann ætti inni hjá ýmsum mönnum, og stökk svo af landi burt og til Ameríku. Það reyndist ósannindi um inneign hans hjá öðrum bændum, og afleiðingin varð, að Suðurmúlas., kjörsýsla míns h. sessunautar sjálfs, varð að borga meðgjöfina með barninu. Má jeg spyrja hinn h. sessunaut minn, er það hans meining, að öll síðferðisleg skyldubönd muni slitna, þó að maður fari til Ameríku? Er það alvara hans? Jeg skal minna hann á annað band, sem ekki slitnar, og það er erfðarjetturinn. Nei, hvorugt þessara banda er slitið við burthvarf mannsins, og fyrst þau eru ekki slitin, hljóta þau að verka eins fyrir það þó að maður fari utan. Jeg verð að minna þm. á, að ákvæði 3. gr. eru þannig alls ekki svo út í loptið, sem mjer virðist honum þykja. Gæti hann vel að því, að í gr. stendur; «Sem *líkindi* eru til að *innan skamms* verði *ósjálfbjarga*», og ennfremur er það tekið fram, að málið skuli lagt undir mat óvilhallra dómkvaddra manna, til þess að sjá við því, að hlutdrægni eður harðýðgi geti komizt að eður ráðið of miklu. Hinn h. 1. þm. GK. (Þór. B.) er hræddur um, að þessi l. kunni að verða misbrúkuð. En það þykir mjer undarlegt, ef meiri hætta er við því búin að sýslumenn misbrúki þessi l. en önnur. Jeg vona að minnsta kosti að þeir af hinum h. þm., sem æskja afnáms amtmannaembættanna, telji þessa ákvörðun ekki sjerlega viðsjála. N. er annars fús á að taka góðum bendingum, sem miða til til þess, að finna eitthvert annað og betra úrræði en þetta til að koma í veg fyrir að menn geti þannig hlaupið til Ameríku frá skyldurliði sínu; en enn sem komið er hefur ekki verið bent á aðra beinni eða betri leið.

Jakob Guðmundsson: Jeg hef heyrt á ræðum hinna h. þm., að þeim þykir 3. gr. frv. ískyggleg, af því, að ákvæði hennar nái svo langt fram í ókominn tíma. En orðin: «innan skamms» benda einmitt á, að þessi ákvörðun nær ekki langt fram í tímann. Jeg get sagt dæmi upp á, hversu nauðsynleg l. þetta eru. Í vor ætlaði maður til Ameriku; hann átti konu og börn, og ½ jörð. Nú selur hann jörðina og bú sitt, og sú fregn berst til hreppsnefndarinnar, að hann ætli að eins að taka 3 af börnunum með sjer, en skilja 2 eptir á hreppnum. Hreppsnefnin talaði við mig um þetta; sagði jeg henni, að rjettast væri, ef hún gæti fært sönnun á þessa fyrirætlun hans, að skrifa sýslumanni, og skora á hann, að kyrsetja eitthvað af eignum mannsins. Hreppsnefndin skrifar sýslumanni, og svar kemur aptur, að sýslumaður hafi ekki leyfi til að gjöra slíkar ráðstafanir. Seinna talaði jeg við þennan sýslumann og kvaðst hann hafa skrifað amtmanni, og væri amtmaður á sömu skoðun, að engin lög væru til að hepta eigur mannsins. Þetta dæmi, sem jeg get sannað, sýnir berlega, að hjer eru engin lög til, sem hepta þetta ranglæti gegn hreppunum.

Holger Clausen: Jeg er þakklátur hinni h. n. fyrir að koma með lfrv. í þessa átt, því að sje þörf á að breyta nokkru í það heila tekið, þá eru það okkar fátækralög. Það var til dæmis einu sinni, að jeg mætti manni á ferð, og maðurinn segir við mig: «Hvað mikið á jeg nú að gjalda þjer í ár? Það voru átta vættir í fyrra». Þetta var nú nettur maður og var að sækja fisk vestur undir Jökul. Honum hafði verið borgað 14—16 vættir á ári til að búa vestur undir Jökli, svo að sveitin hans væri laus við hann. Þetta gekk nú allt saman vel; konan átti barn á hverju ári, og bóndinn fjekk líka allt af meira og meira af fiski, eitthvað 1 eða 2 vættir með hverju barni, þangað til komnar voru 25 vættir á ári. Þessi maður var einu sinni spurður, hvort hann vildi ekki róa. «Nei, góði minn», svaraði maðurinn, «jeg þarf ekki að róa, jeg fæ langt um betri hlut á landi en þú á sjónum». Jeg vil nú leyfa mjer að spyrja hina h. deild, hvort þetta er reglulegur máti til að fá álit á sjálfum sjer. Þetta hefur lengi gengið svona vitlaust til, og nú er sannarlega kominn tími til að setja stoppara fyrir það. Jeg er ekki yfir höfuð harður við fátæklinga, en jeg held að það sje rjett að setja svona menn, sem ekkert nenna að gjöra, í fangelsishús, heldur en að láta þá vera að vaða með höndurnar ofan í vasana á manni og taka þar peninga til að lifa fyrir: því að jeg þekki ekkert land, þar sem hægra er að lifa sómasamlega, ef maður nennir að vinna, heldur en á okkar landi, Íslandi, og þess vegna er jeg svo miskunnarlítill við suma af okkar fátæklingum.

Jón Ólafsson: Hinn h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) hjelt, að þegar fátæklingar væru

sektaðir, ef þeir óhlýðnuðust úrskurði, sem gengi þeim á móti, þá mundu þeir heldur vilja leggja á sig nokkurra tíma aukavinnu, en vera settir í fangelsi. Þetta getur verið rjett í því tilfelli sem hinn h. 1. þm. Hv. (E. Br.) tók til dæmis, um lausamann, sem væri skyldaður til að veita barni sínu forsorgun; en jeg get líka hugsað mjer annað dæmi; jeg get hugsað mjer lausahjón, sem árið eptir að þau giptust flosnuðu upp og færu á sveitina, en óhlýðnuðust svo og yrðu sektuð; hvernig ætli þá færi? Ætli þau færu ekki að leggja á sig aukavinnu!! Nei, kerlingin færi að skæla sig framan í grannkonur sínar, og kæmi svo fortölum sínum, að hinar hrærðust til meðaumkvunar og legðu saman í sektasjeð handa þessum hjúum, og yrði svo hið sjálfstæða sveitarfólk að borga sektina. Það ætti að standa í frv.: *sektir eða fangelsi.* Hvað 3. gr. snertir, þar sem þeir menn, er af landi fara, eru skyldaðir til að setja tryggingu fyrir að ættingjar þeirra um ókominn tíma ekki fari á sveitina, þá er sú ákvörðun mjög ósanngjörn. Jeg vil spyrja hinn h. þm., ef maður ætti son, sem færi til Ameríku, hvort ætti þá ekki sonurinnn rjett til að erfa föður sinn eins fyrir það, þótt hann sje í öðru landi? Jú, það hefur hann sannarlega, og allt eins hefur sveitin rjett til að skylda soninn til að annast föður sinn, ef hann verður hjálparþurfi, þótt sonurinn sje í öðru landi, ef sveitin getur beitt þeim rjetti. Það er mjög ósanngjarnt að setja mönnum slíkt skilyrði fyrir utanferð, því það er ekki nema í hæsta lagi í tíunda hverju tilfelli, að slíkt ætti sjer stað, sem hjer á að fyrirbyggja. Nú fer vesturfari af landi burt, sem skilur eptir aldraða móður, sem þó hefur nóg fyrir sig, er sonur hennar fer, hvað á þá trygging sú, er hann setur, að vera löng, á hún að vera fyrir 1 ár, 10 ár, eða 40 ár? Því að þótt kerlingin sje sextug, getur hún vel lifað í 40 ár til og orðið 100 ára; ef á að fara að meta lífið í hverjum karli og kerlingu, þá held jeg það verði heldur erfitt; það mat getur aldrei orðið nema af handahófi. Það er þar að auki svo margur fátækur maður, sem fer af landi burt og til Ameríku, kemst þar í góða stöðu, verður bjargálnamaður, og styrkir síðan ættingja sína til að komast þangað á eptir, og ljettir þannig af sveitinni. Þetta frv. varnar nú alveg þessum mönnum að fara nokkurn tíma af landi burt, því hávaða manna verður ómögulegt, að uppfylla þau skilyrði, sem þar eru sett. Það hefur verið sagt að það væri siðferðisleg og lagaleg skylda nákominna ættingja, t. d. foreldra og barna, að styrkja hvorir aðra, ef einhverjir þeirra eru á sveit, það er að vísu satt, en þá skyldu má ekki leggja neinum á herðar, fyr en ættingi viðkomanda *er* farinn *að verða* styrktar þurfi eða sveitinni til byrðar, því það getur enginn um það sagt, hvað sá ættingi lifir lengi, sem enn er sjálfbjarga og hvort hann muni nokkurn tíma lifa það, að þurfa á nokkrum sveitarstyrk að halda. Þetta er að straffa menn fyrir útlit eitt og er alveg sama eins og jeg segði við einhvern mann, sem mjer þætti hafa óhreinan svip: þú verður að setja mjer veð fyrir því að þú ekki stelir svo og svo lengi, mjer sýnist þú líta svo þjófslega út, að jeg þori ekki undir því að eiga að þú ekki stelir.

Benidikt Sveinsson: Hinn h. 2. þm. Sm, (J. Ó.) játaði, að það væri rjett, að sá maður mætti ekki fara af landi brott án þess að setja tryggingu, sem ætti fyrir ættingja að sjá, sem *orðinn* væri sveitarómagi. Jeg skal nú setja 2 dæmi; jeg hugsa mjer tvo menn, annar skilur eptir barn, og með því fúlgu fyrir eitt ár, en annar skilur eptir ættingja, sem hann á fyrir að sjá og sem er orðinn sveitinni til byrðar. En má jeg nú spyrja: hve lengi lifir sá sem fallinn er sveitinni til byrðar? er hægra að reikna út lífsstundir þess manns, sem fallinn er sveitinni til byrðar, en þess sem gjörir það eptir eitt ár? Jeg held að það sje jafnóhægt að reikna út lífsstundir hvorstveggja, jeg vona að þm. því sjái, að í þessu kemur fram mótsögn hjá honum, og að þessi hans ástæða sje alveg ónýt. Honum þótti þetta vera skerðing á persónulegu frelsi; því neita jeg algjörlega, hið persónulega frelsi er fólgið í því að vera sjálfráður gjörða sinna, að svo miklu leyti sem þær ekki skerða rjett annars, en menn geta ekki haft persónulegt frelsi til þess að seilast eptir fje úr annara manna vösum, en eins og nú er tekur letinginn, Amerikufarinn, fje úr vasa sveitarmanna fyrir óákveðinn tíma, er hann eptirskilur sveitinni ómaga sem honum eptir guðs og manna lögum ber að annast og sjá um. Það er og alltítt, að Ameríkufarar fara einmitt burt vegna sveitarþyngslanna, einmitt þeir menn er betur mega sín, og jeg verð að biðja þm. að gæta vel að því, að því fleiri sem fara af þessari ástæðu, því

meiri hvöt verður fyrir hina sem eptir eru að fara líka, svo að svo gæti farið, að engir yrðu eptir á endanum nema eintómir sveitarómagar, og þegar nú þessir efnaðri menn eru einu sinni komnir út fyrir Danaveldi, þá geta menn ekki komið fram neinni krðfu á hendur þeim eins og allir vita, þótt þeir hafi skilið hjer eptir fjðlda sveitarómaga, er þeim bar að annast og þeir hefðu getað annast. Menn verða þó að játa að löggjðfin sje til þess að sjá um að menn fullnægi eðlilegum skyldum sínum, og um það verður ekki sjeð í þessu tilliti með öðru móti en því, sem farið er fram á í þessu frv.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. m. 19 atkv.

Frumvarp til laga um sölu á Sauðafellskirkjujörðinni Hömrum í Laxárdal í Dalaprófastsdæmi (C 227); 1. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Hin h. d. sjer fljótt af ástæðunum fyrir þessu frv. hver tildrög eru til þess, og getur því metið, hve gildar þær ástæður eru. Aðalástæðan er sú að rg. með brjefi dags. 11. nóv. 1881 neitaði um leyfi til að selja þessa jörð, og ljet í ljósi það álit, að það væri gagnssætt grundvelli laganna og kgsbrjefi 30. júní 1786, að farga nokkurri kirkjujörð frá nokkkurri kirkju. Jeg get nú eigi fyllilega sjeð, að þetta rgbrjef sje á fullum rökum byggt. Þetta kgsbrjef frá 30. júní 1786 er sprottið af ágreiningi milli biskups og þeirra sem selja áttu Skálholtsjarðir, hvort kirkjujarðir skyldi selja í einu lagi eða ekki. Biskup áleit að kirkjujarðir með heimalandinu, «*svo framarlega* sem kirkjan ætti í heimalandi», skyldu seldar í einu (sem ein heild). Hirðstjórinn var biskupi meðmæltur og stj. var hirðstjóranum samdóma; en það er sjálfsagt að í úrskurðarorðum konungsbrjefsins standa nokkru víðtækari orð, þannig að fara skuli eptir landsvenjunni og landslögum og eigi selja heimajörð kirkjunnar, nema með hinum jörðunum. Nú skulum vjer skoða landslögin um þetta efni, og kemur þá fyrst til skoðunar samningur milli krúnunnar og kirkjunnar 2. maí 1297, svo og kgsbrjef 16. apr. 1556 og 22. apríl 1579, sem hljóðar um að ekki megi selja jarðir dómkirkjunnar, þ. e. biskupsstólanna, nema samþykki kgs komi til. En hversu mörg sem þessi brjef eru, þá þekki jeg ekki neinn lagastað, sem banni að selja kirkjujörð, ef kirkjan fær aptur annað veð eða fullgilda jörð í staðinn, og jeg þekki heldur engan þann lagastað, sem banni að selja kirkjujörð, þegar kirkjan á ekki í heimalandi, enda eru dæmi til að biskup hefur leyft slík jarðaskipti. Efni frv. þessa er, að rg. veitist heimild, til að leyfa eiganda Sauðafellskirkju, að hann megi selja kirkjujörðina Hamra með því móti að ½ heimajörðin Sauðafell sje sett sem veð fyrir viðhaldi kirkjunnar og eg skal bæta við, fyrir greiðslu prestsmötunnar. Jeg vona menn sjái að miklar ástæður eru fyrir þessu frv. og vona að þd. leyfi málinu fram að ganga.

Friðrik Stefánsson: Jeg er á sömu skoðun og hinn h. 1. þm. Ef. (Á. Ó.), að það sje sanngjarnt, að þeir menn, sem sýna sjerstakan dugnað, fái jarðir sínar keyptar, ef þeir búa á þjóðjörðum, og jafnframt þegar svo stendur á, að þeir sem eiga bændakirkjur, megi selja jarðir þeirra þegar þeir eru búnir að bæta jörðina sem kirkjan stendur á, svo miklu nemur, eins og hjer á sjer stað, en mjer sýnist að löggjafarvaldið hafi ekki rjett til að ganga inn á eignarrjett einstakra manna eða að gjöra sig að yfirfjárráðamanni þeirra, þegar kirkjurnar eru bændaeign. Það er öðru máli að gegna, þegar selja ætti þær kirkjujarðir, sem fylgja heimakirkjum, og prestar hafa afgjöld af upp í tekjur sínar; það heyrir beinlínis undir löggjafarvaldið. En hjer er öðru máli að gegna. Mjer sýnist að til að koma þessu máli fram, hefði fyrst átt að fá meðmæli sóknarnefndar, prófasts og biskups, og lsh. hefði þá haft vald til að samþykkja söluna, en mjer sýnist þetta ekki sú rjetta aðferð og sje hjer gengið heldur mikið inn á eignarrjettinn, eða að löggjafarvaldið hafi hjer það mál til meðferðar, sem því ekki beinlínis er viðkomandi. Jeg vil gjarnan að sala á jörð þessari næði fram að ganga, en jeg vildi að það væri á annan hátt, en að sækja um það til þingsins.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Mjer finnst þetta frv. ekki ganga nærri eignarrjettinum, því að frv. er gjört eptir ósk eigandans, og hjer ræðir einungis um að hafa jarðaskipti. Aðalskyldan, sem hvílir á kirkjueigandanum, er sú, að halda kirkju uppi og greiða prestsmötu, og mjer finnst það þvert á móti vera að þröngva rjetti eigandans, ef hann má ekki gegna þessari skyldu á þann hátt, sem honum er haganlegast og annars er fulltryggjandi, og það er hjer, að hann megi selja Hamra gegn fullri tryggingu með því að setja ½ Sauðafell í

í veð, sem er fullt eins gilt veð sem hitt. Að þetta sje leyfilegt að gjöra með lagaboði verð jeg að álíta, því að löggjafarvaldið er hið æðsta vald, sem til er í ríkinu, og þegar löggjafarvaldið er beðið um þetta af eigandanum sjálfum til þess að fá því framgengt, sem stj. hefur neitað honum um, þá finnst mjer rjett að veita honum þessa bæn; því að löggjafarvaldið brýtur hjer engan rjett.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal fúslega játa að það er verðugt að stutt sje að því að eigandi Sauðafells fái þessu framgengt; því að hann er þess mjög maklegur. Jeg fyrir mitt leyti vildi ef jeg gæti styðja að því, að komið yrði með einhver ráð til þess að fá því framgengt; en að hinu leytinu virðist mjer athugavert, og það er nokkuð nýtt og sjerstaklegt, að veita ráðgjafanum heimild til að gjöra það, sem eptir gildandi lögum er álitið ekki sje rjett. Heimildin skyldi þá liggja í því, að þingið tæki burtu þau lög, sem þessu máli er til fyrirstöðu, nl. konungsbrjef 30. júní 1786, en það getur það ekk.

En jeg vil leyfa mjer að vekja athygli þd. á því, hvort það hefur ekki orðið því til fyrirstöðu að ráðgjafinn vildi samþykkja söluna, að hann hefur álitið, að ½ Sauðafell yrði ekk eign kirkjunnar heldur að eins sem veð. Jeg held ráðgjafinn hafi skilið beiðnina svo, sem Hamrar ættu að seljast án þess nokkur jörð kæmi í staðinn.

Að vísu er það tekið fram í þessu frv. að ½ Sauðafell skuli ávallt vera að veði og það er reyndar trygging fyrir kirkjuna en jeg vil þó leyfa mjer að benda flm. á hvort eigi væri betra að orða þetta þannig, að ½ Sauðafelli verði *eign* kirkjunnar (*A. Ó.*: Það er ekkert á móti því). Í frv. stendur að þessi jörð verði hjeðan af fráskilin Sauðafellseigninni, og þess vegna virðist mjer nauðsynlegt að setja einhverja eign í staðinn.

Jeg álít reyndar rjettast. að þingið hlutist ekki til um sölu kirkjujarða, því jeg verð að álíta, að það hafi ekki rjett til þess, en þar sem hjer er að eins að ræða um skipti á jörðum og eigandi Sauðafells býður betri jörð, þá vil jeg ekki algjört vera á móti því.

Grímur Thomsen: Jeg skal ekki fara út í ástæðurnar fyrir þessu frv.; en jeg ætla einungis að gjöra eina aths., og hún er sú, að ráðgjafinn mun hafa rjett fyrir sjer, að það sje gagnstætt lögunum 30. júní 1786 að selja jörð frá nokkurri kirkju. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að þar sem frv. er komið inn á þingið frá 2. þm. Nm. (B. S.) um br. á stjórnarskránni, þá hefur n. í því máli komið með nýja gr., sem bannar að selja kirkjujarðir, en einungis leyfir að afhenda þær í makaskiptum fyrir aðrar jarðir. Nú set jeg svo að þingið samþykki þessa br.; en þá virðist mjer undarlegt og jafnvel kynlegt, að sama þingið, sem setur þá grundvallarreglu, að selja *enga* kirkjujörð, það hið sama þing skuli í öðru frv. samþykkja að selja kirkjujörð og flm. þessa frv. er einmitt einn af þeim, sem hefur fyrr samþykkt þessa grein, að það skuli vera óleyfilegt að selja kirkjujarðir. Jeg skal bæta því við, að ástæðan fyrir þessu hjá n. var sú, að það sje í alla staði ótilhlýðilegt að selja kirkjujarðirnar vegna þess að þær hafi frá upphafi verið gefnar kirkjunum sem æfinleg eign, sem kristfjárjarðir eða fyrir sálum framliðinna. Þess vegna var það skoðun n. og þar á meðal hins h. þm. Ef., að þingið eða stjórnin hafi ekki heimild til að selja þessar jarðir.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg er hræddur um, að komið hafi nú fram nokkur misskilningur hjá þm. Bf. (Gr. Th.) á efni frv.; jafnframt skal jeg geta þess, að jeg fellst alveg á tillögur hins h. 1. þm. G. K. að rjettara sje í staðinn fyrir síðara hluta frv. að setja að ½ heimajörðin Sauðafell verði aptur eign kirkjunnar. *(Gr. Th.*: Ef það stendur *eign*, þá er annað mál). Hjer stendur bara ½ Sauðafell skuli vera í veði; en jeg er með því að það verði eign kirkjunnar, svo hjer sje bara um jarðakaup að ræða. En þar sem því hefur verið hreift, að kirkjujarðir sjeu ekki þær þjóðeignir, sem getur um í 23. gr. stjórnarskrárinnar, þá er jeg því alveg samþykkur, að kirkjujarðir sjeu engan veginn þjóðjarðir; en þar af get jeg ekki dregið þá ályktun, að ekki megi heimta jarðaskipti á kirkjujörðum, því að í 23. gr. stj.skrárinnar liggur einungis það bann, að kg. ekki megi með úrskurði farga þjóðjörðum; en kirkjujarðirnar liggja fyrir utan þetta bann. Þó hefur það verið gjört með kgsúrskurðum; en jeg álít rjettara að það sje gjört með lagaboði en kgsúrskurði.

Eiríkur Kúld: Jeg held þetta ráðgjafabrjef frá 11. nóv. 1881 sje sprottið af því að ráðgjafanum hafi ekki verið fullkomlega ljóst, hvernig hjer stóð á. Jeg ætla einnig að það hafi verið óþarft að leggja þetta frv. fyrir þingið, þar sem þetta mundi

hafa verið umboðslega veitt af lh., ef glöggleg hefði verið tekið fram, að hjer er ekki um sölu að tala heldur um makaskipti. Kirkjan á Sauðafelli átti áður ekkert í heimalandi, heldur einungis þessa jörð, og það er ekki rjett, sem 1. þm. Skg. segir, að hjer sjeu ekki nógir milliliðir heyrðir, sjá frv. Því að það er þar sannað að makaskiptin eru einmitt kirkjunni til bóta, því að ½ af Sauðafellslandi er meira virði og betri fyrir kirkjuna en Hamar. Hjer er því ekki um annað að tala en skipti á lakari eign fyrir betri eign, og hugði jeg, að ekki þyrfti að fara svona langt til þess að fá því framgengt, en ef endilega á að ganga þann veg, þá hika jeg mjer ekki við að gefa frv. atkv.

Jakob Guðmundsson: Jeg hafði ekki ætlað að tala í þessu máli, af því það snertir mig persónulega. Að eins vil jeg til skýringar því, sem þm. Bst. (E. K.) sagði, benda á það, að í fyrstunni var ekki bónarbrjefið orðað svo, sem beðið væri um makaskipti, af því prófasturinn, biskup og lh. munu hafa skoðað svo að bændahlutinn úr eigninni væri eins konar veð, því að það liggur í hlutarins eðli, að hvernig sem árar og hvað sem afgjaldinu líður, þá verður eigandinn að byggja kirkjuna og svara prestsmötunni. En sem eigandi Sauðafells er jeg ekkert á móti að það sje orðað svo, sem hjer fari fram makaskipti; en mjer finnst ósanngjarnt að það sje að öðru leyti en því að svo mikill hluti af Sauðafelli, sem eptir mati óvilhallra manna svarar til Hamra, komi í staðinn fyrir þá, sem eign kirkjunnar. Það virðist mjer sanngjarnara, en binda það beinlínis við ½ jörðina.

Landshöfðingi: Mál þetta liggur nú nokkuð öðruvísi fyrir en áður. Þegar eigandinn sótti fyrst um að selja þessa jörð undan eigninni, þá var ekki spurningin um makaskipti. Jeg held eigandinn hafi þá gengið út frá því, að Sauðafell væri sjálft veð; en þar sem kirkjan ekkert á í heimalandinu, þá er vafasamt hvort það er rjett; jeg álít að Sauðafell sjálft geti ekki á sama hátt skoðast veð eins og eignir kirkjunnar. Það er auðvitað það er að nokkru leyti svo meðan hvorttveggja er eign sama manns, því að þá er hann auðugri og á hægra með að viðhalda kirkjunni. En hjer er nú ætlazt til í þessu frv., að kirkjan eignist part úr heimajörðinni í staðinn fyrir þessa jörð og þá get jeg ekki sjeð að hagur kirkjunnar skaðist. Jeg get vel ímyndað mjer — eins og þm. Bst. benti á — að þótt Sauðafellseigandinn fengi ekki leyfi til að selja Hamra, á þann hátt sem þess var farið á leit, þá hefði hann samt fengið makaskipti, þegar kirkjan fær tilsvarandi part úr heimajörðinni í st. fyrir Hamrana. En svo þyrftu ekki sjerstök lög um það; þó get jeg ekki álitið neitt á móti því að samþykkja þetta lfrv., þó að það ef til vill sje ekki nauðsynlegt, eptir því sem málið nú er upp borið.

Friðrik Stefánsson: Hinn h. 1. þ. m. Ef. (A. Ó.) þarf ekki að segja mjer það, sem jeg vel veit, að löggjafarvaldið er æðsta vald í ríkinu. En jeg hef haft þá skoðun, að sá maður, sem ætti bændakirkju, ætti hana sem frjálsa eign, og að hver einstakur maður hefði full ráð á eignum sínum. Það er vitaskuld, að sú skylda hvílir á þeim sem bændakirkju á, að hafa hana í góðu lagi, og jafnframt að svara prestsmötu, og fyrir þessu hlýtur jörðin, sem kirkjan stendur á, að vera fyrsta veð, eigi kirkjan ekki neinar jarðir, en eigi hún þær, og sje þeim fargað, hlýtur heimajörðin að standa fyrir því, og það hljóta allir að viðurkenna, að slíkt höfuðból, sem Sauðafell er, nægi til þess, og því vildi jeg að þess konar mál sem hjer er um að ræða, gengju umboðsveginn frá söknarnefnd til prófasts, biskups og lh., og lh. gjörði svo út um það, en ekki að hver einstakur maður varpi sjer og fjárráðum sínum undir löggjafarvaldið, þó hann vilji selja jörð sem eignarkirkju hans tilheyrir; læt jeg svo úttalað um það, því að þm. hefur alveg misskilið mig.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja Reykjavíkurkaupstað Arnarhólslóðina í Reykjavíkurlögsagnarumdæmi (C 192); 1. umr.

Flutningsmaður (Halldór Kr. Friðriksson): Mál þetta er þannig til komið, að bæjarstjórn Rvíkur hefur falið mjer á hendur, að bera það fram hjer á þinginu. Þessi lóð er eign lsj. Fyr meir hafði stiptamtmaðurinn hana til afnota og nú lh., því að hún hefur fylgt hans bústað. Bæjarstjórninni veitist einmitt nú hvað hentugastur tími, við lh., skiptin, að skilja þessa lóð frá lh. bústaðnum, enda ætla jeg það rjett vera. En bænum er nauðsynlegt að fá lóðina þar sem hann er ávallt að aukast og hentug húsastæði því allt af að minnka. Lóð þessi er

hentug til húsabygginga, því að hún liggur fram með sjónum, þar sem margir vilja fá húsastæði, er lifa á sjávaraflanum. Jeg get ekki sjeð, að þessari lóð sje þannig varið, að lsj. sje mein í að missa hana, ef hann getur fengið viðunanlegt verð fyrir hana. Jeg ætla að bæjarstj. hafi boðið þau boð, sem framast má verða, þar sem hún býður að bærinn greiði árlega 400 kr. í lsj. Ef þd. sýndist önnur greiðsluaðferð betri, þá gæti það komið til álíta; en jeg held lsj. sje haganlegast að fá þetta árlega gjald víst úr bæjarsjóði.

Eiríkur Kúld: Jeg er ekki nógu kunnugur til þess að geta sagt upp á víst, hversu áríðandi þetta frv. er. Jeg vil því leiða hjá mjer að kveða á um það, hvort rjett sje að veita stj. þessa heimild; en þá er eitt, sem jeg dreg í mikinn vafa, hvort þessi árlega greiðsla sje nóg; jeg get ímyndað mjer að hún sje ekki nema helmingur við það, sem ætti að vera og gæti orðið, þegar fram liðu stundir. Þetta dreg jeg af öðru dæmi. Eins og kunnugt er, voru Hlíðarhús og Ánanaust lögð til Reykjavíkurbæjar, og fyrir það fær Helgafellspresturinn 9 vættir og 30 fiska, en þó þetta þá kunni að hafa verið hæfilegt endurgjald, þá væri það nú langt um of lítið, því jeg ímynda mjer, að Helgafellspresturinn líði við það 800 til 1000 kr. skaða á ári. Þess vegna get jeg ekki gefið frv. atkv. mitt fyr en jeg fæ fulla tryggingu fyrir því, að hjer sje ekki farið eins að, og vona jeg flm. skýri betur frá því, að hjer sje ekkert í hættu fyrir lsj.

Flutningsmaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg þarf ekki að svara þm. Bst. (E. K.) miklu. Það er auðsjeð, að hann er ekki kunnugur. Þar sem hann talaði um, að Helgafellspresturinn liði 800—1000 kr. skaða á ári sökum sölunnar á Hlíðarhúsum og Ánanaustum, þá gáði hann ekki að því, að ef hús eru byggð á lóðinni, þá verður að borga bæjarsjóðnum sama gjald — húsaskattinn —, hvort sem bærinn á lóðina eða aðrir. Af því leiðir, að þeir, sem vilja byggja, forðast að byggja á öðrum lóðum en bæjarins, því að annars verða þeir að gjalda tvöfaldan lóðarskatt. Þess vegna held jeg tjónið sje ekki mikið fyrir Helgafellsprestinn með Hlíðarhúsin, eða lsj. að láta Arnarhólsland. Jeg get einnig sagt þm. Bst. það, að bæjarstjórn Reykjavíkur er enginn nirfill, og hún vill ekki fara að karpa um verðið á Arnarhól. Hún hefur þegar boðið það, sem hún frekast getur boðið, og helmingi hærra en afgjaldið yrði nú af lóðinni, ef hún væri seld á leigu.

Th. Thorsteinson: Jeg veit ekki hvort verðið er nógu hátt og ætla ekki að tala um það. En af því mjer er kunnugt, að landsh.húsið stendur á þessari lóð, þá er spurningin um, hvort bæjarstjórnin á að fá það með! eða garðinn, sem því fylgir. Þetta virðist mjer ekki nógu greinilega tekið fram, og álít jeg því, að nauðsynlegt sje að taka til, hvað undan tekið er frá þessari lóð. Jeg bendi á þetta, svo það yrði lagað til 2. umr.

Jeg get ekki verið samdóma þm. Bst. (E. K.). Jeg get ímyndað mjer, að það sje stór hagur fyrir kaupstaðinn að fá lóðina: en af ástæðum þeim, sem flm. tók fram, sje ekki eins mikill hagur fyrir lsj. að eiga hana, vegna hinna tvöföldu skatta, sem húseigendur verða að borga. En þó að þetta sje hagur fyrir Reykjavík, þá ætti það ekki að halda okkur til baka að fallast á þetta frv., sjerstaklega þegar lsj. fær ekki neitt fyrir þessa lóð nú sem stendur. Jeg held því, að það sje full ástæða til þess að selja Reykjavíkurbæ lóðina, hvort sem það er gjört fyrir þetta verð eða ekki. Hvað borgunarmátann snertir, þá get jeg fullkomlega fellt mig við hann.

Landshöfðingi: Sú eign, sem hjer er um að ræða, er ekki ein af stærri eignum lsj., en hún er ein af hinum betri eignum lsj. vegna legu sinnar og þess, hvernig henni er varið. Hinn h. flm. sagði áðan, að það væri áríðandi fyrir Reykjavíkurbæ að kaupa þessa lóð, en það verður þó ekki annað sagt en að hærinn hafi enn næga lóð til byggingar, svo að enn sje um engan verulegan lóðarskort að ræða, og þar að auki færi jeg það sem ástæðu fyrir því ísjárverða í því að selja lóðina, að hún liggur einmitt á þessum stað, og að henni er svo varið sem er. Jeg vil ekki neita því, að Reykjavík væri betur farin gæti hún fengið lóðina keypta, en jeg skoða það einnig vel farið og æskilegt, að lsj. eigi hjer lóð og að landstjórnin hafi hjer til umráða lóð, þar er byggja mætti opinberar byggingar, ef á þyrfti að halda; það væri þó að minnsta kosti hugsanlegt, að að því gæti rekið. Og að eiga lóð þegar svo stendur á, sem hentug sje og tiltækileg, getur verið meira vert en að parta hana í sundur milli einstakra manna. Að því er snertir andvirðið, sem stungið er upp á, eða boðið fram, þá getur

verið að það sje viðunanlega hátt, nú sem stendur; en eins og bent hefur verið á, geta tímarnir breytzt, og lóðin þá orðið meira virði. Að því er borgunina snertir, kynni jeg betur við, að hún væri ákveðin í álnatali; þá gæti gjaldið hækkað eptir hækkun verðlagsskrárinnar. Jeg skal gjarnan játa það, að þessi eign er alls ekki nauðsynleg landshöfðingjaembættinu; en held fast við þá skoðun mína, að landstjórninni gæti verið þegar svo bæri undir mjög þægilegt og hentugt, að hafa slíka lóð til umráða.

Þorlákur Guðmundsson: Þetta mál er svo illa undirbúið að mínu áliti eins og það nú liggur fyrir, að mjer sýnist það ekki einu sinni frambærilegt. Hjer liggur ekkert fyrir til undirbúnings málinu nema þetta tilboð bæjarstjórnarinnar. Jeg er hræddur um, að meira þyrfti með, ef svo stæði á, að hreppsnefnd t. d. vildi kaupa jörð eða land af lsj. t. d. fyrir afrjettarland eða annað því um líkt. Hjer virðist standa alveg eins á; eins og náttúrlegt og rjett er, væri heimtað að fyrir hendi væri öll þau skilyrði sem til eru greind í frv. því, sem fyrir þinginu hefur verið um sölu þjóðjarða. Jeg tel það ekkert efamál, að eptir því sem þarfirnar vaxa, eptir því hækka lóðirnar í verði. Flm. tók það fram, að mest væri eptirsókn að byggja sem næst sjó; nú hefur þessi lóð þann kost framyfir allar óbyggðar lóðir hjer í Reykjavík með fleirum kostum. Einnig þykir mjer það mjög sennilegt, sem h. hæstv. lh. tók fram, að hentugt væri fyrir lsj. að hafa slíka lóð til umráða. Hjer hefði í það minnsta átt að leggja fram mat dómkvaddra manna og enda skýrslu um stærð lóðarinnar og gæði.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð að telja það alveg rjett, sem 2. þm. Á. (Þ. G.) tók fram um undirbúning þessa máls, og það sje órjett að selja nú með öðrum skilyrðum en áður. Því að það er auðsætt, að öll þau skilyrði, sem eiga við þjóðjarðasöluna, eiga einnig við sölu þessa bletts, því að hann er þjóðjörð, og hann er meira virðis en margar stórjarðir. Jeg ræð hinum h. flm. til að taka frv. nú aptur í þetta sinn og koma svo með það aptur á næsta þingi, ef honum sýnist svo, en að eins dálítið betur undirbúið.

Jón Ólafsson: Jeg skal ekki tefja tímann lengi; en jeg verð að vekja athygli þingsins á því, að þess verður varla langt að bíða, að byggja þurfi kann ske fleira en eina opinbera byggingu. Vjer sjáum latínuskólahúsið; það getur ekki liðið á löngu að nýtt hús verði byggt. Nú sýnist landskólanum byrja vel; einnig er verið að tala um að stofna banka. Þarna eru 3 stórhús, sem nauðsynlegt gæti verið að eiga vísan aðgang að lóð undir. Húsalóðir fara nú þar að auki síhækkandi í verði, svo að nú eru gefnar 6—800 kr. fyrir lóð undir eitt hús, og getur orðið hærra. Þessi tími virðist því ekki hentugur til að selja þessa lóð.

Flutningsmaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg þarf ekki að svara 1. þm. Ísf. (Th. Th.) mörgu um það, hvort bærinn ætti að eiga grunninn undir landsh.húsinu með; en þó svo væri yrði afgjaldið ekki hærra; en ef hann á við kálgarðinn, þá munaði afgjaldið eða lóðartollurinn af honum svo lítið, að bærinn myndi víst fús til að gefa hann eptir. H. hæstv. landsh. fórust svo orð, að ísjárvert myndi fyrir landsjóð, að selja af þeiri örsök, að landstjórnin gæti þurft á lóðinni að halda. En þess ber vel að gæta, að bærinn *selur* enga lóð; heldur úthlutar hann lóðum fyrir visst árlegt gjald. Bærinn myndi því úthluta lóð undir slík hús, án alls kostnaðar fyrir landsjóðinn. *(Landsh.:* Það er fyllt smáhúsum áður). Við því er engin hætta búin, því að bæjarstjórnin úthlutar ekki túnum fyr en í fulla hnefana. Það tún, sem nú hefur verið úthlutað, hefur verið tekið af neyð, af því að annað hússtæði var ekki að fá. En það er beinlínis ályktun bæjarstjórnarinnar að úthluta ekki túnum nema önnur ráð sjeu ekki til.

Hinn hæstv. landsh. benti á, að hann kynni betur við, að meta gjaldið til álna. Jeg get heldur ekkert sjeð móti því, að þetta gjald sje metið til álna, ef það þykir hentugra. Þar sem sagt var áðan, að þessi blettur væri meira virði en flestar jarðir á Íslandi, þá get jeg ekki skilið á hverju það er byggt; en um það skal jeg ekki fjölyrða.

Að því er viðkemur undirbúningi máls þessa, þá get jeg ekki betur sjeð, en að hann sje í alla staði lögmætur. Hjer er um engan annan umboðsmann að ræða en lh. sjálfan. Afgjaldi verður ekkert byggt á, og ekkert annað eptir að fara en þau gæði, sem túnblettur þessi hefur. Hjer er heldur engin sýslunefnd að fara til; það sem svarar til sýslunefndarinnar er hjer bæjarstórnin, og ekki get jeg skilið mikið hefðist upp úr að leggja málið aptur fyrir hana, því að

hún hefur þegar boðið hið mesta verð, sem hún getur boðið, og býður ekki meira. Jeg verð því að halda fast við það, að málið sje svo löglega undirbúið, sem þörf er á, því að hjer er um alveg sjerstaka sölu að ræða, sem á óskilt við þjóðjarðasölu almennt.

Eiríkur Kúld: Mjer þykir hinn h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) taka nú töluvert öðruvísi í þetta mál en hann tók um daginn í þjóðjarðasöluna. Það hefur skjótlega skiptzt veður í lopti. Hversvegna? Af því, að nú er það Reykjavík, sem á í hlut. Það er sjálfsagt rjett sem h. h. landsh. tók fram, að hjer er um einhverja beztu jörð landsjóðsins að ræða. H. h. þm. Rvk. sagði að hjer í bænum væru ekki tilfinnanleg þrengsli með húsastæðin, enda sagði hann, að það væri gagnstætt reglu bæjarstjórnarinnar að mæla út húsastæði á túnum. Hver er þá meiningin? til hvers vill bærinn þá fá túnið? Til þess að leigja það út aptur. Þá get jeg vel hugsað mjer, þegar jeg gæti þess, hvað borgað er eptir Austurvöll, að eptir túnið fengist langt um meir: en 400 kr. salan yrði þá til þess að bærinn græddi á landssjóði. Hvað ætli fáist núna fyrir Hlíðarhús? Nei, nú er ekki tími til, að ráða málinu til lykta. Tímarnir breytast og jeg get vel hugsað mjer að eptir nokkur ár mætti fá í leigu ekki 400 heldur ef til vill 4000 kr. Þetta væri þó skaði fyrir landsjóðinn. Getur ekki vel komið fyrir að landstjórnin t. d. landhöfðingi þyrfti á plássi að halda og mætti svo kaupa aptur af bænum. Þá er ekki ólíklegt að bæjarstjórnin mundi segja eða hugsa sem svo: að bezt væri að sleppa ekki fisk undan borði, selja heldur nógu dýrt.

Flutningsmaður (Halldór Kr. Friðriksson): Hinn h. þm. Bst. (E. K.) talar um það, sem hann auðsjáanlega hefur ekkert skynbragð á. Hann skilur ekki mælt mál. Jeg sagði aldrei að bæjarstjórnin ætlaði sjer að byggja þegar á sjálfum túnunum, heldur fram með sjónum, þar sem ekkert tún er; túnið sjálft yrði ekki tekið fyr en í fulla hnefana. *(Gr. Th.:* Lofar þm. því)? Jú, því get jeg lofað fyrir hönd bæjarstjórnarinnar. Jeg skil ekki, að landsstjórnin fari að ala kýr eða hesta og þurfi því gras. Hjer er spurningin um það, hvað bletturinn gefi af sjer en ekki um það hvað bærinn geti haft upp úr honum. Jeg get frætt þm. á því, að bæjarstjórnin selur aldrei lóðir og þó Helgafellsprestur hefði haft Hlíðarhús hefði hann ekki haft meira upp úr þeim en Reykjavíkurbær, og er hann enn ekki farinn að græða neitt á þeim.

Egill Egilsson: Svo mikið, sem búið er að ræða þetta mál, þá er þó eitt atriði sem alveg hefur verið farið í kringum, og það er sú hvöt sem liggur til grundvallar fyrir því að farið var að hugsa um að fá málinu framgengt. Þessi hvöt styðst við landshöfðingjaskiptin núna. Nú er tækifærið og hentugur tími til að losa jörðina frá þeirri ábúð sem á henni hefur verið allt of lengi. Jeg get ekki sjeð hvað gagn lsj. hefur af þessari jörð, þegar þessi litla leiga sem er goldin í lóðartoll, er undan skilin, sem mun einasta vera hjer um bil 44 kr. Það er verið að tala um að þetta sje svo góð jörð og þó gjörir hún ekkert gagn. Lh. hefur nóg laun fyrir því þótt hann missti blettinn, það er nóg fyrir hann auk sinna háu launa í peningum að hafa frítt hús þó hann hafi ekki fría jörð. Mjer finnst þd. ætti að finna eitthvert ráð til að koma sölunni í kring, svo lsj. hefði eitthvert gagn af öðruvísi en hingað til. Verðið er að vísu mikið sem boðið er fyrir, en þó ef til vill ekki ofmikið fyrir Reykjavík, og verður þó bærinn að bíða lengi eptir ágóðanum, en lsj. fengi sínar tekjur strax. Hvað var langt þangað til bærinn fór að hafa nokkuð upp úr Hlíðarhúsum? Lh. hreifði því að gott væri fyrir landið ef á þyrfti að halda að eiga þenna blett. — Viti menn, einu sinni átti að fara að byggja á Arnarhóli, eins og vjer allir munum. Hvernig fór? Hvar var svo þinghúsið byggt? Jeg geng að því vísu að svo mundi aptur fara, ef líkt stæði á, meðan ábúðin er í sömu höndum, en sjálfsagt aldrei ef bærinn hefði umráð þessarar lóðar. Jeg vona því að d. verði málinu hlynnt og finni einhvern þægilegan máta til að koma blettinum undir umráð Reykjavíkurbæjar.

ATKVGR.: Frv. fellt með 13 atkv. gegn 7.

Þrítugasti og fjórði fundur, mánudag 6. ágúst kl. 5—6½ em. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins sem og um stofnun fjórðungsráða (C 281): 3. umr.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Jeg finn ekki ástæðu til að vera margorður um þetta mál, því við 1. og 2. umr. þess hef jeg ásamt fleirum heiðruðum þm. fært ljós rök fyrir því, hver rjettarbót og frelsi væri í afnámi amtmannaembættanna, svo mótmæli 1. þm. Ef. (A. Ó.) eru marghrakin, og álit hinnar heiðruðu þd. á þessu máli sjest ljósast af því, að það var sþ. með 19 samhljóða atkv. við 2. umr. Jeg skal einungis geta þess, að frá meiri hluta n. eru komnar 2 brt., sem eru að eins orðabr., en ekki efnisbr. (C 283). Jeg vona þd. sje sjálfri sjer svo samkvæm, að hún láti málið ná fram að ganga.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg held jeg hafi sagt ójú, þegar þetta frv. gekk við nafnakallið til 3. umr., af því að þótt jeg reyndar sje eigi alveg á móti því að amtmannaembættin sjeu lögð niður, þá er jeg samt hræddur um að það olli mjög miklum breytingum á þeim lögum og reglum, sem nú gilda og því fyrirkomulagi sem nú er. Hvað kostina snertir þá er aðalkosturinn sjálfsagt sparnaður, þótt það líka sje kostur, að fjórðungsráðin mundu verða meira að skapi alþýðu og affarasælli en amtsráðin nú þykja. Í frv. þessu er gjört ráð fyrir að skipa 2 skrifstofustjóra, sjálfsagt 2 nýja, því að landritarinn er þegar fyrir, svo þá bætast 2 skrifstofustjórar með skrifstofufje, 6000+2000 kr. á hverju ári. Er það að vísu nokkru minna en amtmennirnir nú hafa, en þó ekki helmingi minna. Sparnaðurinn verður því ekki svo mikill einkum þegar rekur að því, að gjalda þessum mönnum, sem sýslurnar kjósa í fjórðungsráðin. Jeg held n. hefði gjört betur í því, að setja ákvörðun um hvort þeir eiga að fara á þessa fundi fyrir kaup eða kauplaust. Þess vegna held jeg að frv. sje ekki fullnægjandi hvorki í þessu nje mörgu öðru í þeirri mynd, sem það nú kemur fram, því að borgun sú, sem gengur til amtsráðanna nú, getur ekki komizt hjer að og því síður borgun sú, sem sýslunefndarmenn fá. Verði ákvörðun sett um þetta inn í frv., sem jeg verð að álíta að sje nauðsynlegt, þá mun það koma í ljós að sparnaðurinn verður ekki út af eins mikill eins og menn ímynda sjer. Í 5. gr. stendur heldur við ákvörðun, sú að lagaákvarðanir sem koma í bága við þessi lög sjeu úr lögum numdar, því að allt sem snertir amtmenn er samtvinnað allri stj. hjer á landi, svo það geta mörg lög og reglur komið í bága við að afnema þau. Fyrir þessar sakir efast jeg um, að jeg geti gefið frv. atkv. þegar um fullnaðaratkv. er að ræða. Það vantar fjöldamargar ákvarðanir.

Eiríkur Kúld: Jeg er á sama máli og 1. þm. G. K. (Þ. B.). Mjer finnst eins og honum svo margar ákvarðanir vanta inn í frv. að ískyggilegt er að hrapa að þessu nú þegar. Það er auðsætt, að sparnaðurinn sem leiðir af breytingunni verður á endanum næsta lítill, og þó er það sparnaðarhugmyndin, sem mestu hefur ráðið tillögu h. h. nefndar. Hvað um það: þetta mál hefur komið optar fyrir þ. en í þetta sinn, þótt það hafi ekki gengið fram. Jeg ætla ekki að fara út í það, hvort þessi breyting í sjálfu sjeu er happasæl eða ekki, en jeg vil segja það eitt, að ef á að kippa burtu úr hinni umboðslegu stjórn þessum eina lið, þ. e. amtmannaembættunum, og setja ekkert í staðinn annað en það sem n. stingur upp á, þá er betra að gjöra það ekki í þetta sinn, heldur láta þessa breytingu verða samfara hinum öðrum og meiri breytingum, sem í ráði er að gjöra á stjórnarskránni. Þess vegna held jeg ekki sje vert að eyða meiri tíma til þessa máls en kominn er, því að eptir frágánginum á því er jeg hræddur um það muni sæta líkum kjörum og sum önnur mál hjá h. h. e. d., einkum þegar jeg sje hvernig hún hefur farið með eins kærkomið frv. sumum þm. og lausasöfnuðirnir voru. Þess vegna get jeg ekki gefið frv. atkv. í þetta sinn. Það hefur verið tekið fram mig minnir af h. h. þm. D. (J. G.), að þegar amtmannsembættið var flutt úr vesturamtinu hingað, þá hafi menn ekki saknað embættisins eins mikið og persónunnar, sem flutti með því, en það er ekki með öllu rjett. Það var og er enn líka almennur söknuður yfir því í vesturamtinu, að mega ekki halda embættinu og óánægja yfir því að þurfa að sækja allt til amtmannsins til Rvíkur. Það jeg veit til þá er það ekki svo rótgróið enn hjá mönnum að vilja taka af amtmannaembættin að nú þurfi í þetta sinn að hrapa að því svona; jeg vil því ekki flýta mjer svo mikið að jeg sjái eigi að fyrirkomulagið sem sett er í staðinn sje heppilegra en mjer sýnast uppástungur nefndarinnar.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Það hafa nú 2 h. þm. hafið mótmæli á móti þessu frv., en af því ástæður þeirra eru hinar sömu og áður hafa komið fram, þá vil jeg ekki orðlengja um þær. 1. þm.

G.K. (Þórarinn B.) sagði, að þetta yrði enginn sparnaður, en jeg tek það fram nú, eins og áður, að hann hlýtur þó að verða mikill, og hvað sem því líður, þá miðar frv. þetta einkum til þess, að fá frjálsari og framkvæmdarsamari stjórn í landinu. Þm. Bst. (E. K.) talaði um, að þetta væri að kippa burtu millilið og setja ekkert í staðinn. En það er ekki rjett. Hjer eru sett miklu fjölmennari og frjálslegri fjórðungsráð í staðinn fyrir amtmennina. En ef Vestfirðingar sakna svo mikið amtmannaembættanna, þá hlýtur það að vera einhver þögull harmur, því ekki hef jeg sjeð þá kvarta um það í blöðunum, eða eru þeir svo andlega dauðir og harmþrungnir af þessu, að þeir geti ekki látið til sín heyra opinberlega? Það á sjer engan stað. Og læt jeg svo úttalað um þetta mál, því jeg treysti því, að það fái framgang.

Jakob Guðmundsson: Af því að þm. Bst. (E. K.) sagði, að Vestfirðingar mundu hafa sjeð eins mikið eptir amtmannsembættinu og manninum, þá vil jeg sjerstaklega segja af þeim fundargjörðum, er fram fóru í Dalasýslu og sem jeg hef lagt hjer á lestrarsalinn, að það var almennt álit manna þar, að afnema amtmannaembættin. Jeg hef einnig talað við merka menn í Snæfellsnessýslu, er voru á sama máli, enda ætla jeg flestir skynsamir menn sjeu á því að afnema þau, ekki svo vegna kostnaðarins, heldur til þess að fá frjálslegri og framkvæmdarsamari stjórn í fjórðungunum. Hvað kostnaðinn við fjórðungsráðin snertir, þá efast jeg ekki um, að hver fjórðungur fyrir sig mundi fús á að bera sinn kostnað; svo mikið mundu menn vilja vinna til að fá frjálsari og sjálfstæðari fjórðungastjórn í öllum sjerstökum fjórðungamálum. Þeim mundi þykja meira í það varið en kostnaðinum nemur, að fá einn mann kosinn úr hverri sýslu, heldur en einungis 2 menn til amtsráðanna úr öllu amtinu — því amtmaðurinn er sjálfkjörinn — einkum þegar amtmaðurinn á þá má ske ekki einu sinni heimili í fjórðungnum, eins og nú á sjer stað með amtmanninn fyrir vesturamtið. Jeg er viss um, að af stjórnfrelsismálum þá er það ekkert mál, sem alþýða manna «interesserar» sig meira fyrir en þetta mál.

ATKVGR: Samþykkt að hætta umræðunum, eptir ósk 8 nafngreindra þm. Brt. n. (C 283) samþykktar hvor um sig með 15 atkv. Frv. í heild sinni með á orðnum breytingum samþykkt með 17 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm. *Nei* sögðu: Halldór Kr. Friðriksson, Arnljótur Ólafsson, Eiríkur Kúld og Þórarinn Böðvarsson. Lárus Blöndal var ekki viðstaddur. Aðrir allir *já*.

Málið síðan sent e. d.

Frumvarp til laga um brú á Ölfusá (C 159): 2. umr.

Framsögumaður (Magnús Andrjesson): Jeg hef við 1. umr. þessa máls fært þær ástæður til, er mest mæla með þessu máli, og vil því eigi taka þær upp aptur. Jeg vil að eins bæta því við, að verði sú stefna ofan á, að lsj. kosti einn aðalþjóðveg kring um landið, þá er þetta frv. fullkomlega í samhljóðan við þá stefnu, og með þessari brú væri stigið eitt stórt spor í þá átt. Jeg veit reyndar, að ekkert frv. liggur hjer fyrir á þingi, sem fer fram á það, en mjer er það kunnugt af tali þm., að þessi stefna er að ryðja sjer til rúms.

Jeg hef hugsað um, hvort koma mætti með nokkurt bratkv., sem gæti gjört frv. aðgengilegra fyrir þá, sem mest horfa í kostnaðinn. Mjer datt í hug að tollur yrði lagður á brúna, en sá skjótt, að þeir annmarkar voru á því, að jeg hætti við það. Jeg var hræddur um, að ef tollurinn ætti ekki að vera umfarendum allt of tilfinnanlegur, þá yrði það vafasamt, hvort það svaraði kostnaði að halda þar mann til gæzlu, því að þess þyrfti með dag og nótt, að minnsta kosti nokkurn hluta ársins.

Það fór á sömu leið með bratkv. í þá átt, að nokkuð af fjenu til brúargjörðarinnar skyldi veitast sýslunum að láni. Jeg sá mjer heldur eigi fært að koma fram með það. Hagur manna í þessum sýslum, sem hlut eiga að máli, er svo bágborinn, að það getur eigi komið til tals að þeir geti bætt á sig nýrri byrði. Það er ósamkvæmni að ætlast til að þessi hjeruð, sem ekki eru sjálfbjarga og verða að þiggja stórgjafir frá útlöndum, geti lagt á sig þungar byrðar til þessa fyrirtækis. Jeg hef þannig ekki sjeð neitt ráð til þess að gjöra þeim, sem horfa í kostnaðinn, frv. aðgengilegra.

Jeg hef áður tekið fram, hve mikil nauðsyn sje til þess að fá brúna; jeg hef sýnt, hve fjölmennar þessar sveitir væru, sem njóta góðs af brúnni og það er fjarri

því, að jeg hafi gjört of mikið úr þessum mannfjölda; jeg sagði að það væri um $^1/_6$ hluti allra landsmanna, en það eru fleiri sýslur en Árnessýsla, Rangárvallasýsla og Vestur-Skaptafellssýsla, sem hafa beinlínis hag af brúnni; það er óhætt að bæta Gullbringusýslu við og Reykjavík; Reykvíkingar þurfa t. d. að sækja mikið af skurðarfje sínu austur yfir ár, auk annars, og það vita allir, að fjöldi hrossa er á ári hverju keyptur fyrir austan og rekinn til Reykjavíkur. Þegar þessi 2 lögsagnarumdæmi eru talin með, þá eru það ekki einar 12,000 landsmanna, sem hafa beinlínis gagn af brúnni, heldur nær 20,000, og það er meir en $^1/_4$ hluti allra landsmanna. Jeg vona því að málið mæti hinni sömu velvild, sem við 1. umr., og fái nú að ganga áfram til hinnar 3.

Jakob Guðmundsson: Frms. (M. A.) hefur bæði nú og um daginn svo ljóslega sannfært menn um að þessi brú sje með öllu nauðsynleg, og jeg er viss um að mestur hluti þessara þd. kannast við nauðsynina að fá þessa brú. Jeg hef orðið þess var að margir af þm. hafa þá skoðun að lsj. ætti að kosta aðalvegina um landið, eða hina eiginlegu póstvegi, og jeg vil fyrir mit leyti gjöra allt sem í mínu valdi stendur til þess að sú stefna geti rutt sjer til rúms, og vona sannarlega að þess verði eigi lengi að bíða, að hún verði fullkomlega orðin ofan á.

En af þessu leiðir, að ef jeg væri einn í þeirra tölu, sem mest ættu hlut að máli, að fá þessari brú komið upp, þá væri jeg líka á þeirri skoðun að láta brúarmálið bíða um stund, þar til þessi stefna hefði fyllilega rutt sjer til rúms. Jeg hef þá skoðun vegna þess, að þó að málinu með mestu herkjum yrði komið í gegn um þingið, þá væri það aldrei svo, að einhverjir aukaskilmálar yrðu ekki settir, sem væru óþægilegir og kostnaðarsamir fyrir viðkomandi, t. d. að nokkuð af fjenu veittist sem lán sem þeir yrðu sjálfir að greiða rentur af og borga aptur. Einmitt þess vegna er þeim sjálfum bezt að láta málið bíða til þess síðar að vera laus við öll slík skilyrði.

Jeg er sannfærður um að þessi stefna er hollust, að lsj. kosti aðalvegina kring um landið, og jeg er líka sannfærður um að þegar þessi stefna innan skamms hefur rutt sjer til rúms, þá mun þessi margsannaða nauðsyn til brúa á Ölfusá og Þjórsá sitja í fyrirrúmi fyrir flestum ef ekki öllum öðrum aðalvegum, sem landssjóður ætti þá að kosta, hverjir sem þá kunna að eiga sæti á þinginu, því að sanngirniskrafan er svo rík fyrir því, þar eð þessar sveitir hafa ekkert gagn af gufuskipunum kring um landið.

Það má enginn taka orð mín svo að jeg sje ekki hlynntur málinu; því að orð mín eru einnitt sprottin af velvildarhug til þessara hjeraða, er næst standa, af þeirri ósk að þau megi á sem beztan og ljettastan hátt fyrir sjálf sig fá þessu máli framgengt.

Grímur Thomsen: Jeg hygg að ástæður frms. (M. A.) og samþingismanns hans (Þ. G.) sjeu nú úttæmdar, og hafa þeir báðir varið málið með hinni mestu snilld, en nú sjá þeir, að jafnvel þeir sem eru hlynntir málinu eru í vafa um hvort þeir geti greitt atkv. fyrir frv. eins og það liggur hjer fyrir, enda hafa hinir h. þm. 1. og 2. þm. Á. (Þ. G. og M. A.) sjálfir gjört mönnum það erfitt. Hinn h. frms. kannast við að honum hefur bæði í n. og af utannefndarmönnum verið boðið bratkv. í þá átt að lán fengist til brúargjörðarinnar með hinum beztu og aðgengilegustu borgunarskilmálum, t. d. með afborgun í 45—50 ár, en hann hefur svarað, að kjósendur sínir vilji ekki taka lán, ekki einu sinni rentulaust lán, og vilji ekkert borga aptur. Jeg vona að flm. þessa máls (M. A.) sjái það sjálfur að hann hefur gjört mörgum og þeim sem eru hlynntir málinu ómögulegt að fylgja honum svona langt.

Jeg vil biðja menn að líta með mjer sem snöggvast á fjárhag landsins. Landið á í viðlagasjóði í konunglegum skuldabrjefum 307,800 kr.; af þessu er nú þegar tekið á þessu þingi til að endurgjalda kostnað við byggingu fangelsanna 29,379 kr., og enn fremur hefur þetta þing ráðstafað 100.000 kr. til útlána til að ráða bót á peningaeklunni eptir harðærið, og þessir peningar verða að takast af hinum konunglegu skuldabrjefum, því að um annað er ekki að tala; þá eru komnar 129,379 kr.; nú kemur brúin og til hennar verður að taka úr viðlagasjóðnum þessar 80,000 kr.; þá eru ekki eptir af þessum 307,800 kr. nema einar 98,000 kr. og þeim á að verja til þess að láta landsbankann fá 250,000 kr. Frv. um það frá e. d. hefur verið útbýtt hjer í dag; eptir því á viðlagasjóður að leggja bankanum 500,000 kr., og af því á helmingurinn að vera í konunglegum skuldabrjefum, *sem ómöguleya geta verið til.* Svona þenkja þeir og ályktа

hinir heiðruðu herrar, bæði í efri og neðri deild.

Einhver h. þm. sagði nýlega, að það væri rjett stefna að brúka viðlagasjóðinn frítt og vera ekki að safna í sjóð. Jeg vil benda þessum þm., sem er velæruverðugur, á það að prestar hafa ekki hikað sjer við að leita viðlagasjóðsins til að lána handa prestaköllum sínum; það mun nú vera gengið til þess 70—100,000 kr., og hvað verður þá til prestakallanna framvegis, þegar búið er að eta upp viðlagasjóðinn? *(L. Bl. o. fl.:* Hver er þessi velæruverðugi?). Það er þm. D. (J. G.), vilji menn vita það. Jeg vil enn þá einu sinni ítreka, að þegar 100,000 kr. eru útlánaðar, 29,000 útborgaðar fyrir fangelsin og 80,000 fyrir brúna, þá eru ekki eptir nema 98,000 kr. af 307,000, sem nú eru í viðlagasjóði í konunglegum skuldabrjefum. Hitt sem viðlagasjóður á, er lánað víðsvegar um landið mót árlegum afborgunum og þannig er þá líka varið öllum lánum til prestakalla og kirkna. Þetta geta menn kynnt sjer betur og fullvissað sig um, við að lesa fjárlfrv. frá stj.

Mjer dettur í hug atvik frá þeim tíma, er málið stóð yfir um tillagið úr danska ríkissjóðinum til Íslands. Þá kom tillaga frá nefndinni, sem sett var að búa málið undir ríkisdaginn, og sem Jón Sigurðsson sat í ásamt Tscherning og Nutzhorn; hinir 2 voru víst Oddgeir Stephensen og Bjerring. Tillagan var frá Jóni Sigurðssyni sjálfum, og fór fram á, að gjöra tillagið upp í höfuðstól, og fá Íslendingum hann í hendur eitt skipti fyrir öll, í konunglegum skuldabrjefum. Þá mæltu þeir Krieger og Lehmann fastlega á móti því og sögðu, að það væri hættulegt að láta Íslendinga fá allt þetta fje í hendur, því að þeir kynnu að grípa til þess og eyða því öllu í einu ef þeim lægi á. Þeir töluðu svona eptir áliti því, sem þeir höfðu á okkur, og niðurstaðan varð, sem menn vita, að tillagið varð sumt laust og sumt fast. Lehmann sagði að við kynnum að standa okkur vel og safna í sjóð þegar vel ljeti í ári, en þegar versnaði í ári, þá mundu hinar mögru kýr uppeta hinar feitu. Íslendingum þóttu ummæli Kriegers og Lehmanns ill og ósæmileg, og jeg veit til þess, að 2 smekkmenn hjer á landi tóku þessi ummæli svo illa upp, að þeir ljetu hundana sína heita í höfuðið á þeim.

En hvernig fer, nú eru spárnar að rætast. Vjer erum orðnir gustukamenn, ef ekki hreppsómagar Norðurálfunnar, og mun sá sveitarstyrkur aldrei verða endurgoldinn, og þó vilja menn sem fyrst þeir geta ofan á það jeta upp viðlagasjóðinn. Aður ríkti sú stefna að leggja fje upp til að auka sjóðinn að sama skapi sem aukatillagið minnkaði, svo að það væri alls eigi tilfinnanlegt, þegar það loksins hyrfi með öllu.

Vjer vorum komnir nokkuð langt á leið og farnir að nálgast miljónina, sem við þurftum að hafa til þess að bæta upp missirinn af aukatillaginu eins og það var í fyrstu, en eptir því sem nú vindur fram, er líklegt að lítið fari að verða úr þessum sjóð.

Af þessum ástæðum verð jeg að skora á flm. og samþingismann hans að taka málið aptur. Jeg hef hina mestu virðingu fyrir því, hve fagurlega og röggsamlega þessir h. þm. hafa sótt þetta mál, og jeg og fleiri þm. hafa góðan hug til þessa máls, og vilja því vel, en oss er ómögulegt að veita fjeð til þess, að svo stöddu, þegar farið er fram á svona mikið, og þess vegna ættu hinir h. þm., sem jeg hef snúið orðum mínum að, að halda ekki málinu lengur til streitu.

Framsögumaður (Magnús Andrjesson): Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) sagði, að jeg hefði sagt við sig, að kjósendur mínir *vildu* ekki taka lán úr lsj. til að byggja brú á Ölfusá, en þetta er ekki rjett hermt; en hitt sagði jeg, að þeir *gætu* það ekki, og eru til þess tvær ástæður; önnur ástæðan til þess er árferði það, sem verið hefur undanfarin ár, en hin ástæðan er sú, að Árnessýslubúar hafa ekki getað náð samkomulagi um það við önnur lögsagnarumdæmi. Árið 1879 var leitað yfirlýsingar bæjarstjórnarinnar í Rvík um það efni, og kom það svar frá henni, að hún vildi ekki taka þátt í kostnaðinum við brúargerðina. Jeg man ekki, hvort líkt svar kom frá Gullbringu- og Kjósarsýslu, en víst er það, að það er almennt álit fyrir austan, að vafasamt sje hvort hún vilji fremur taka þátt í kostnaðinum en Rvík. Og þegar Árnes- og Rangárvallasýsla ættu einar að taka lánið, þá sje jeg enga mögulegleika á því, að þær gætu staðizt þann kostnað; vextir af láninu og afborgum mundu þó nema 4000—4500 kr. á ári, þótt lánið væri veitt með 50 ára gjaldfresti, og það yrði of mikil byrði fyrir þær sýslur einar. Þetta var það, sem aptraði mjer að biðja um að lán væri veitt, því

að jeg sá, að annaðhvort var að gjöra að hætta að hugsa um að koma brú á Ölfusá, eða að lsj. yrði að kosta brúna, eins og svo margt mælir með. Það er rjett sem hinn h. þm. Bf. tók fram, að lsj. hefði nú í mörg horn að líta, en þar sem hann minntist á bankann, þá er nú fyrst, að það frv. er ekki enn orðið af lögum, og þótt lsj. legði fje til hans, frá skilst mjer svo sem það fje væri ekki beinlínis eytt fyrir því, heldur líkast því og maður tæki fje úr öðrum vasanum og ljeti í hinn. Hvað spádóm Lehmanns snertir, þá get jeg eigi sjeð að hann sje neitt vondur, ef hann hefur meint það, að fjenu yrði eytt til nytsamra fyrirtækja, eins og hjer er um að ræða; en hafi hann ætlað að við mundum jeta landssjóðinn upp og verja honum til kornkaupa og ef sá spádómur skyldi rætast, þá væri allt öðru máli að gegna. Þar sem h. h. þm. Bf. kallaði oss gustukamenn Norðurálfunnar fyrir það við höfum þegið að aðrar þjóðir hafa rjett oss hjálparhönd í harðæri, þá má slíkt segja um fleiri þjóðir með sama rjetti, að kalla þær ölmusumenn, ef þær þiggja hjálp, er þær verða fyrir einhverjum sjerlegum óhöppum. Jeg veit eigi betur en að menn í Austurríki hafi einmitt í ár þegið miklu meiri hjálp, en oss hefur verið veitt, og líkt kemur þráfaldlega fyrir víða, og á hverju ári, og það jafnvel hjá þeim þjóðum sem vel eru efnum farnar, og kemur engum til hugar að kalla þær gustukamenn yfir höfuð fyrir það. Það er þakkarvert að fjárlaganefndinni á fyrri árum hefur tekizt að safna fje, en hún hefur sjálfsagt gjört það í þeim tilgangi, að það skyldi síðar verða notað til nytsamra fyrirtækja, en ekki til þess að liggja sem menn segja í kistuhandraðanum með litlum vöxtum. Það er alls eigi af neinum stirðleika eða þráa fyrir mjer, að jeg hef eigi viljað biðja um lán til þessa fyrirtækis, heldur af því að kringumstæðurnar gjöra slíka lántöku ómögulega nú sem stendur, kringumstæður, sem jeg þegar áður hef tekið fram, sem sje þær, að sýslubúum mundi ómögulegt að bera þá byrði fyrir efnaleysis sakir, og af því, að þeir, sem hjer eiga mestan hlut að máli, hafa eigi getað náð samkomulagi við önnur lögsagnarumdæmi um að taka nokkurn þátt í kostnaðinum. Það væri þó heldur umtalsmál, ef lsj. kostaði brúna, að tollur væri lagður á hana, og hann rynni svo í lsj., því að það mundu þeir vilja til vinna, sem ættu yfir ána að sækja; jeg er nú ekki fær um að reikna út, hver hagur yrði að þeim tolli; en jeg er hræddur um, að það mundi standast á kostnaður og ábati, ef tollurinn ætti ekki að vera óbærilega hár, því það mundi hafa mikinn kostnað í för með sjer að heimta inn tollinn, þar sem ávallt þyrfti að hafa mann við brúna til að heimta hann inn, launa honum, og byggja þar hús handa honum, og þykir mjer þá tvísýnt, hvort afgangurinn yrði svo mikill að nokkru næmi, nema tollurinn væri of hátt settur. Hinn h. þm. D. (J. G.) sagði, að það væri ráðlegra, að láta málið bíða þangað til sú stefna hefði fengið framgang, sem hann talaði um að væri hjá þinginu, því ella mundi fjeð veitt með of þungum skilyrðum fyrir hlutaðeigendur. En hjer er einmitt um það að ræða, að veita fje úr lsj. til að leggja brúna án þess að nokkurt skilyrði komi til, þar sem það fje á aldrei að endurgjaldast. Það er á þd. valdi, hvort hún nú sþ. frv. eins og það er, og gjöri hún það, þá er ekki um neitt skilyrði að ræða. Viðvíkjandi 3. gr., þá vil jeg mæla með að hún sje felld burt úr frv., því að jeg álít að nægilegan undirbúning vanti til þess, að hún geti staðizt.

Jakob Guðmundsson: Jeg ætla að leyfa mjer að leiðrjetta misskilning hins h. þm. Bf. (Gr. Th.), en jeg tek það fram, að það er eigi hans vegna, heldur annara, því að jeg álít hann manna færastan til þess bæði að skilja og misskilja, allt eptir því sem honum ræður við að horfa og á honum liggur. Hann hefur nú tekið það fram, hvernig fara mundi, ef fylgt yrði stefnu þm. D. (J. G.); en jeg verð að segja það, að þm. D. talaði að eins um, hvað rjett væri undir þeim kringumstæðum, sem nú eru. En þær kringumstæður, sem nú eru, er harðæri, og það segi jeg og stend við það, að mjer þykir eigi rjett að leggja á menn nýja skatta til að safna í viðlagasjóð meðan svona stendur. Það, sem sami h. þm. sagði um feitu kýrnar og hinar mögru, var rjett, því að það er eðlilegt að menn taki á fyrningunum, þegar vorið verður mjög hart; er rjett að láta fjenaðinn deyja úr sulti og hor þegar maður hefur nóg hey, einungis af því maður vill eigi skerða það, sem safnað er? Eins held jeg, að það sje betra að verja nokkru úr viðlagasjóðnum til nytsamra fyrirtækja, sem fljótast geta rjett við búhagi og þannig

stytt hinar illu afleiðingar harðærisins. Það hef jeg lesið í þingtíðindunum, að hinn h. þm. Bf. hefur stært sig og þingið af því, að landið ætti sjóð upp á ½ miljón króna. En væri eigi betra að verja þessu fje til einhverra góðra og nytsamra fyrirtækja? Og veit jeg það, að alþýða manna mun heldur kjósa hinn síðari kostinn. Það munu líka fáar hyggnar framfaraþjóðir álíta það hagfræðislegt, að allir atvinnuvegir sjeu í ólestri og þjóðin mögur, en landssjóður fullur og feitur, og fáir menn sem af honum lifa. Ekki skil jeg heldur í því, hvernig heiðvirðum manni getur komið til hugar að brígzla mönnum um það, að þeir sjeu ölmusumenn annara þjóða, þó að þeir á neyðartímum taki á móti gjöfum frá öðrum þjóðum, sem gefnar eru af fúsum vilja og góðum hug.

Grímur Thomsen: Einmitt það, sem h. h. þm. D. (J. G.) sagði nú, sýnir og sannar, að jeg hef skilið hann rjett. En þar sem hann sagði, að engu fje hefði verið varið til nytsamra fyrirtækja, þá lítur svo út sem hann hafi eigi lesið fjárlögin fyrir undanfarin ár. Veit hann þá eigi að stórfje hefur verið veitt til eflingar búnaði, til gufuskipaferða? Til vegabóta? Til skóla? Til að byggja veglegt hús handa alþingi og söfnum landsins? Þetta hlýtur hann að vita og allt þetta hefur verið veitt síðan landið fjekk sjálfsforræði. Mjer finnst einnig að engum þm. ætti að gleymast, hvilíkt fje var veitt til búnaðarskólanna á síðasta þingi. En það var eigi þinginu að kenna þó fjeð væri eigi notað, heldur atorkuleysi landsmanna sjálfra. Það sem hinn h. þm. minntist á kýrnar, þá finnst mjer að það hefði verið æskilegra fyrir þingmanninn að líkjast og heita Jósef heldur en Jakob, því Jósef vildi með fyrirhyggju sinni nota sem bezt feitu kýrnar, en þm. vill af megni styðja að því, að mögru kýrnar verði sem flestar. Þar sem honum mislíkaði við orð mín í þingtíðindunum, þá kæri jeg mig eigi um dóm alþýðu, jeg tala eigi hjer í þingi til þess að afla mjer vinsælda; jeg kæri mig ekki um vinsældir, enda mun jeg eigi í þeim kafna, heldur en maðurinn í Sturlungu. Þegar jeg talaði í fyrra skiptið gleymdi jeg einu atriði; jeg ætlaði að minnast á skoðun sýslun. í Skaptafellssýslu; hún sagði 1879: vjer viljum eigi gefa 1 eyri til brúar á Ölfusá, því að vjer verzlum á Eyrarbakka, og höfum eigi þörf á neinni brú yfir Ölfusá, en brúin á Þjórsá verður svo ofarlega að eigi svarar kostnaði að fara þann krók, þegar vjer förum til Eyrarbakka. Jeg skal að endingu geta þess, að mjer virðast sumir h. þingmenn sýna miklu hjeraðsást; þeir vilja spara hjeraðsbúa við öll gjöld, en þeir hlífa minna lsj. við gjöldum; er því minni föðurlandsástin, en hjeraðaástin, og er það ekki heppilega hugsað, því hjeruðum vegnar svo bezt vel, að hagur alls landsins standi í blóma.

Ólafur Pálsson: Jeg man eigi vel hvað sýslunefndin svaraði 1879, en jeg held þó að það hafi eigi verið á þann hátt sem þm. Bf. (Gr. Th.) sagði. En jeg man það, að menn vildu ekki undirgangast ⅓, sem þingið ákvað að Skaptafellssýsla ætti að taka að sjer, því það var engin sanngirni. En hvað svarar sýslunefndin í vor? Hún kveðst fús á að leggja nokkuð af kostnaðinum, en segist eigi geta gjört það að sinni vegna hins bága árferðis. Jeg orðlengi ekki meir um þetta, þó jeg gæti svarað þingmanni Borgfirðinga fleiru.

ATKVGR.: Samþykkt að hætta umræðunum eptir ósk 8 nafngreindra þm. Fyrsta grein frv. (C 159) felld með 13 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 7 nafngreindra þm.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	H. Kr. Friðriksson,
Eiríkur Briem,	Arnljótur Ólafsson,
Gunnlaugur Briem,	Egill Egilsson,
Jón Ólafsson,	Friðrik Stefánsson,
Ólafur Pálsson.	Grímur Thomsen,
Þórarinn Böðvarsson.	Holger Clausen,
Þorlákur Guðmundss.	Jakob Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,	Lárus Blöndal,
Th. Thorsteinson.	Tryggvi Gunnarsson,
	Þórður Magnússon,
	Þorkell Bjarnason,

Ben. Sveinsson og E. Kúld greiddu ekki atkv.; voru því atkv. þeirra talin með meiri hlutanum. Þar með var allt frv. fallið.

Þingsályktunartillaga um að setja nefnd til þess, að íhuga skipulag hins lærða skóla (C 278); ein umr.

Benidikt Sveinsson: Jeg ætla mjer eigi að kveikja langar umræður um þetta

mál að sinni, en vil leyfa mjer að stinga uppá 3 manna nefnd.

ATKVGR.: Þriggja manna nefnd sampykkt í e. h., og kosnir í hana Magnús Andrjesson m. 17 atkv., Ben. Sveinsson m. 15 atkv. og Arnlj. Ólafsson m. 13.

Þrítugasti og fimmti fundur, þriðjudag 7. ágúst kl. 12—3. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um stofnun landskóla á Íslandi (C 243); 3. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal ekki verða valdur að lengri umræðum um þetta mál en þörf gjörist. Einungis skal jeg leyfa mjer, að tala nokkur orð um viðaukatill. þær, sem komnar eru fram síðan við 2. umr. málsins. Jeg vona að h. h. deild sjái, að 4. gr. sem viðaukatillagan tölulíður 1. inniheldur (C 282) er allsendis ómissandi fyrir frv., svo ómissandi, að engin meining gæti verið í því væri henni sleppt. Þessi gr. er einnig nú samræmd sem mest að verða má þeim mótbárum og athugasemdum, sem fram komu við 2. umræðu. Viðvíkjandi breyt. við 3. tölulið, skal jeg geta þess að þessi ákvörðun að lögin skuli öðlast gildi 1. jan. 1886, er tekin hjer upp til þess, að sneiða hjá þeirri aðalmótbáru, sem fram kom móti frv., þeirri mótbáru nefnil. að fje mundi skorta til þess að koma stofnuninni á fót á næsta fjárhagstímabili 1874—1885. Jeg skal ekki fjölyrða um viðaukatillögu þá, sem fer fram á að taka ákveðnar, að prestaskólinn og læknaskólinn skuli ekki standa lengur sem sjerstakir skólar (C 284); það er auðvitað, að þeir renna saman við landsskólann í eina heild. Þar á móti get jeg ekki leitt hjá mjer, að minnast á brt. þá, sem gjörð hefur verið af nokkrum heiðr. þm., og sem fer fram á, að veitt sje fje til *lagakennslu á þessu fjárhagstímabili* (C 283). Jeg get með engu móti sjeð, að þessi ákvörðun sje samrýmileg við fyrst og fremst það ákvæði, sem stendur í frv. sjálfu, nefnil. það, að l. skuli öðlast gildi *1. jan. 1886*. Hvernig á að samrýma það, að veita fje til útborgunar á árunum 1884—85 eptir lögum, sem fyrst eiga að fá gildi *eptir* þetta tímabil, eða árið 1886? Hefðu h. h. þm. *viljað* gjöra eitthvað málinu til *stuðnings*, hefði þeim varla dottið slíkt fjarmæli sem þetta í hug! Mjer er í annan stað óskiljanlegt, hvernig menn hugsa sjer að stofna fastan *skóla* með lausu fjártillagi fyrir fjárhagstímabilið. Jeg sje þannig ekki að um annað *geti* verið að ræða, en að fella þessa brt. *eða* þá málið *frá rótum;* það er hvort öðru andstæðilegt. Jeg skal annars ekki tala frekar um þetta mál; jeg vona, að óskir og vonir allra menntavina Íslands gamlar og nýjar, ungra og gamalla óskir, yfirlýsingar og ákvæði *alþingis* að fornu og nýju, þarfir þjóðarinnar og margítrekaðar kröfur hennar, — jeg vona, segi jeg, að þetta, hvert fyrir sig og allt til samans tekið, sje betri og áhrifameiri talsmaður málsins í brjósti h. h. þm. en jeg nokkurn tíma get verið. Jeg vona að h. h. þm. þyki ekki, að vjer fórnum of þungbærri fórn á altari föðurlandsástarinnar, eður leifum niðjum vorum of mikilli andlegri arfleifð þó að vjer greiðum jákvæði vort með þessu saklausa frv.

Grímur Thomsen: Þar sem h. h. flm. (B. S.) sagði að brt. meiri hluta n. (C 283) gæti ekki samrýmzt viðaukatill., þá er það satt, en meiri hluti n. getur ekki að því gjört; hann vissi ekkert um þessa umgetnu viðaukatillögu, og fer því í allt aðra stefnu. Jeg vil ekki segja, að viðaukatill. þessi sje móti stjórnarskránni, en undarleg þykir mjer hún. Undarlegt þykir mjer það, að búa til lög á þessu þingi, sem fyrst eiga að öðlast gildi eptir að alþ. hefur verið saman næsta skipti, eða 1885. Stjórnarskráin gjörir sem sje ráð fyrir, að lagafrv. sem ekki er búið að staðfesta fyrir næsta þing, sjeu þar með fallin burt. Jeg er því hræddur um að stjórnin samþ. þessi lög aldrei; jeg er hræddur um, að henni komi að minnsta kosti betur að vita vilja þingsins árið 1885 áður en hún samþ. þau; og hver veit hver hann verður? H. h. flm. sagði stundum á nefndarfundum í þessu máli, að hann væri fallinn meðal ræningja, þar sem hann væri kominn í fjelagsskap við okkur meiri hluta n.; en nú má hann vissulega segja: «Guð varðveiti mig fyrir vinum mínum; fyrir óvinum mínum skal jeg varðveita mig sjálfur!» Því að nú get jeg ekki betur sjeð, en að hann sje sinn eiginn óvinur; því að þetta ákvæði: að l. öðlist gildi 1886, hlýtur að vera dauðadómur málsins eða frv. Jeg held, að meiri hlutinn sýni fullt eins mikinn áhuga og góðan vilja í þessu máli með því að stinga upp á að veita nokkurt fje nú þegar á þessu í

höndfarandi fjárhagstímabili. Við viljum ekki draga málið, eins og þar stendur, að «Calendas græcas». En þessi viðaukatill. *verður* að fella málið að þessu sinni, verði hún samþ., því að þess hafa víst aldrei heyrzt dæmi enn, að l. hafi verið gefin út, sem ekki skyldu öðlast gildi fyr en 2½ ári eptir að þau voru samin, eða eins og hjer stendur á *eptir* þann tíma er þingið á að koma saman næsta sinn. Enda væri það óvirðing af hálfu stjórnarinnar við alþing 1885, að staðfesta fyrir 1. júlí 1885 lagafrumvarp, sem ekki á að öðlast gildi fyrir 1. jan. 1886 eptir að það þing hefur setið.

Þórður Magnússon: Það mun ef til vill mörgum þykja undarlegt, að bóndi skuli tala í þessu máli og vera því meðmæltur, þar sem bændur eru svo opt taldir apturhaldsmenn í slíkum málum; en jeg finn helga skyldu mína að mæla með þessu máli og því stend jeg upp. Jeg vil hafa lagakennslu alveg eins og við höfum guðfræðiskennslu, en hvort menn kalla það fyrirkomulag lagaskóla, eða háskóla eða landskóla, það stendur mjer alveg á sama. Að veita fje til lagakennslu, en stofna ekki reglulegan skóla, er bara kák. Hitt gæti jeg fellt mig við, að setja launin niður. Væri þetta lausa tillag veitt, hver ætti þá að kenna fyrir það? kannske einhver sýslumaður? Stúdentar í Kaupmannahöfn hafa allt af haft þessa skoðun, að lagaskóli sje oss nauðsynleg stofnun, og hljóta þeir að hafa nokkurt vit á því, sem sjálfir eru að nema lög við háskólann þar, enda mun þeim kunnugt um hvað það kostar, að lifa í Höfn.

Jeg hef einungis talað þessi fáu orð til þess, að lýsa yfir þeirri skoðun minni að jeg álít að við þurfum eins vel lagakennslu eins og guðfræðis- og lækniskennslu, og mun jeg samkvæmt þeirri skoðun minni greiða atkvæði mitt með þessu frumvarpi.

Benidikt Sveinsson: Jeg hefi haft þá ánægju í fleiri ár, eður þing eptir þing að geta glatt mig yfir hinni parlamentarisku taktik h. þm Bf. (Gr. Th.). Mjer þykir það því alveg eðlilegt og sjálfum honum samkvæmt að hann, sem áður hefir brýnt fyrir þd. að frv. þetta komi of snemma, eður að stofnun lögfræðiskennslu í Reykjavík sje *hraðað* um of, að hann segi nú þegar þinginu er ráðið til að leggja ekki fje til skólastofnunarinnar fyrri en árið 1886, að þá sje frumvarpið of seinfara. Einmitt *það sama*, em núna rjett um daginn, var *of snemmt* hjá þingmanninum, það er nú, þegar minni hlutinn lætur eptir viðbárum hans, orðið *of seint*! En jeg vildi spyrja h. h. þm. að því leyti sem hann vildi byggja sína nýju viðbáru á 10. gr. stjórnarskrárinnar, hvort það sje virkilega alvara fyrir honum að vilja teygja svo hárið á sannleikanum, að hann geti byggt mótmæli sín á þessari grein. Þar stendur: «Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, *á undan* næsta reglulega alþingi, er það fallið niður». Hvað þýða hjer orðin "*á undan*„? eru það margir dagar, margar vikur eða margir mánuðir? Má jeg enn spyrja þm.: Eru þau lög ógild, sem konungurinn staðfestir svo seint, að jafnvel þingið er það kemur saman veit ekki hvort eru staðfest eða ekki? Setjum svo að konungur staðfesti lög deginum áður en alþingi kemur saman. Hvað skyldi vera móti því? Hvar stendur þá þingmaðurinn með þá viðbáru, að konungur geti ekki staðfest þau lög sem koma til *framkvæmda* fyrst *eptir* að næsta alþingi tekur til starfa? nei! ef hinn h. þm. Bf. getur ekki sett neitt ákveðið tímatakmark, er honum auðsjáanlega ómögulegt að sanna að mótbárur hans sjeu nokkuð annað en hreinar og beinar ástæðulausar viðbárur. Hann ætti þó að vita, að það getur opt liðið langur jafnvel óákveðið langur tími frá því konungur samþykkir lögin og þangað til þau koma til framkvæmda. Hvenær á konungur á hinn bóginn að staðfesta lögin svo það sje víst að þau komi til framkvæmda *áður* en næsta alþingi kemur saman? Þm. sagði, að það væri ómögulegt, að konungur samþykkti lög sem næðu ekki gildi fyr en eptir næsta þing. Jeg vil skjóta því til þm. hvort þetta eigi sjer þó ekki opt og einatt stað. Man þm. ekki eptir prestakallalögunum 1879? Ekki eru þau þó að öllu leyti komin enn þann dag í dag til framkvæmda eður gengin í gildi hvað mýmörg prestaköll snertir, eptir meir en 3 ár? Eða hvað segir þingmaðurinn um launalög sem fyrst koma í gildi, eptir að núlifandi embættismenn fara frá lífs eða dauðir? En ekki þar fyrir: sje þessi viðauki þm. svoddan hneykslunarhella sem hann lætur, má hann taka hana burt fyrir mjer ef hann tekur ekki meira af ákvörðunum frumvarpsins. Loks vil jeg taka það fram að jeg saknaði þess hjá þm. að hann gjörði mjer það skiljanlegt, hvernig hann gæti sameinað breytingartillögu sína við frv.

því það er frá mínu sjónarmiði alveg ósam þýðanlegt við tillöguna og þá tilllagan við það. Mundi það ekki sannast hjer á þingmanninum, að það gjörir enginn það sem hann getur ekki?

Þorkell Bjarnason: Af því jeg býst við að greiða atkvæði móti frv. þessu, að minnsta kosti ef brt. meiri hlutans verður ekki samþykkt, þyki mjer hlýða að gjöra grein fyrir, hví jeg þannig greiði atkv. mitt. Mjer finnst nfl. engin brýn þörf á að kasta nú út miklu fje til þeirrar menntunar, sem við eigum kost á að fá annarstaðar með óneitanlega góðum kjörum. Við háskólann fá námsmenn svo ríflegan styrk í 4 ár, að hægt er fyrir hvern sparsaman og reglusaman mann að komast nokkuð langt með hann meðan hann varir. Það þurfa því alveg sjerstakar orsakir til að gjöra breytingu á þessu og hvaða ástæða skyldi það vera? Ætli menn verði almennt betur menntaðir hjer í skólunum en við Kmh. háskóla? Jeg held að hvorki prestaskólamenn nje læknaskólamenn hjer sjeu fremri en prestaefni og læknaefni frá háskólanum. Enn mætti spyrja: Verða þeir, sem hjer lesa, þjóðhollari? Elska þeir heitar ættjörðu sína en hinir, sem stundað hafa nám í Kaupmannahöfn? Ef svo væri þá væri hin innlenda lagakennsla lífsnauðsynleg. En spyrjum nú reynsluna, spyrjum söguna hvort það hafi ekki verið þeir er fengu nokkuð af menntun sinni hjer og *nokkuð* af henni við háskólann, sem hafa unnað þessu landi jafnvel heitast og gjört mest fyrir það. Tökum til t. d. Skúla fógeta Magnússon, Jón Eiríksson, Jón Sigurðsson og Tómas Sæmundsson. Allir þessir ágætismenn höfðu fengið nokkuð af menntun sinni hjer og nokkuð af henni við háskólann. Reynslan sýnir að flestir okkar framúrskarandi menn hafa fengið hina æðri menntun sína við háskólan. Menn telja lagaskólanum það til gildis, að hann eigi að kenna íslenzk lög. Það getur nú vel verið að eptir því sem stundir líða fram og íslenzk og dönsk lög firrast hvor önnur meir, eptir því vaxi nauðsyn á ísl. lagakennslu; á því er jeg. En jeg held, að svo sje naumast komið enn og lögin enn ekki svo ólík, að menn ekki geti skilið hin íslenzku, þó menn hafi lært lög við háskólann í Kaupmannahöfn, enda eru nú víst flest íslenzk lög á prent komin og því öllum aðgengileg. Hefði verið ákvörðun í frv. þessu, sem gjört hefði þeim að skyldu er lagakennslunnar hefðu notið hjer á landi, að fara utan og ganga á aðra háskóla svo sem 2 ár, þá hefði jeg getað gefið frv. atkv. mitt, en þegar á að fara að fjarlægja okkur frá menntunarstraumi heimsins, gef jeg atkv. móti; jeg vil ekki minnka menntun lögfræðinga. Jeg held að embættissmönnum vorum, iðnaðarmönnum og jafnvel alþýðumönnum væri nauðsynlegt að fara utan og kynna sjer hugsunarhætti og framfarir annara þjóða; af því má margt læra. Það gekk alveg yfir mig áðan að heyra ræðu hins h. þm. Ísf. (Þ. M.). Hann talaði eins og hann væri professor, en ekki bóndi. Hann hjelt að lagaskóli væri eitthvert mesta lífsspursmál landsins. Hjer er nú gjört ráð fyrir kostnaði sem nemur 6000 kr., en með öllu og öllu mun varla veita af 8—10 þús. kr. Þá vildi jeg heldur gefa atkvæði mitt með því, að þetta fje væri veitt til kvennaskóla, barnaskóla og alþýðuskóla eða búnaðarskóla, heldur en til þeirrar menntunar, sem fæst í Kmh. án kostnaðar fyrir lsj., því það er sannfæring mín að nauðsynlegra sje að mennta alþýðu ekki einungis í bóklegu heldur og verklegu tilliti heldur en að verja fje til þeirrar menntunar, sem við fáum annarstaðar án kostnaðar fyrir landið. Flm. sagði að brt. n. um að l. öðluðust gildi 1. jan. 1886 væri komin af því, að n. væri hrædd um að ekki væri fje fyrir hendi á þessu fjárhagstímabili. En hver ástæða er til að ætla að þá verði meira fje fyrir hendi en nú? Jeg held nú að allar tekjur landsins vinnist upp eptir þetta harðæri; svo fer og tillagið frá Dönum minnkandi; við höfum því naumast vissu fyrir meiru fje þegar stundir líða fram heldur en á þessu fjárhagstímabili. Hvernig sem litið er á þetta mál finnst mjer allt mæla nú móti lagaskóla og aðrar þarfir brýnni. Jeg skal svo loks að því er snertir 2. gr. geta þess, að þar sem stendur «heimsspeki og önnur vísindi», þá þætti mjer æskilegt að fá að vita, hver þessi önnur vísindi væru sem hjer er meint til. *(B. Sv.:* Kannske þm. þekki ekki önnur vísindi). Jú, en jeg vildi vita hvaða önnur vísindi eru meint. Í 5. gr. stendur að kennslan skuli fyrst um sinn fara fram í þinghúsinu. En gætum nú að hvað þessi ákvörðun þýðir? Hún þýðir það, að eptir stuttan tíma svo sem tvö ár verður beðið um nokkrar þúsundir til að byggja fyrir skólahús. Ef nú eins og út lítur fyrir, að tekjur landsins verða allar brúkaðar upp á

fjárhagstímabili þessu, þá held jeg að skeð gæti að skarð kæmi í viðlagasjóðinn, ef taka ætti úr honum fje fyrir landsskólabyggingu.

Grímur Thomsen: Meðan flm. (B. S.) kom með almennar mótbárur á móti mjer, þá var það, sem hann sagði, nokkuð nærri sanni, en þegar hann fór að gefa dæmi upp á lög, er skyldu sanna hans mál, fór miður heppilega. Þegar hann tók prestakallalögin frá 27. febr. 1880 sem dæmi þá var það eigi gott, því að þau fengu gildi í fardögum 1881; það var því nokkru áður en þingið 1881 kom saman. Þegar hann kemur með dæmi næst, bið jeg hann um að velja það heppilegar. Það sem jeg hef á móti er, að samþykkja nú lög, sem ekki eiga að fá gildi fyrri en næsta þing hefur komið saman, og jeg held engin stj. sýni þinginu 1885 svo litla virðingu, að staðfesta lög, sem eigi fá gildi fyrr en það hefur komið saman og verið saman; því að er það eigi virðingarskortur, að taka á þann hátt fram fyrir hendurnar á næsta þingi? Þegar h. h. flm. (B. Sv.) segist hafa þennan frest sökum fjárskorts, þá vil jeg ítreka þá mótbáru, sem h. h. 2. þm. G. K. (Þ. B.) kom svo heppilega með. Hverja vissu hefur flm. fyrir, að fje verði þá meira en nú? H. h. 2. þm. Ísf. (Þ. M.) kvað sig eigi sundla þó hann heyrði háskóla nefndan, en er hann viss um að fá eigi höfuðsvima, þegar hann íhugar allan kostnaðinn, sem af skólanum muni leiða? Að minnsta kosti var mjer eigi laust við að sundla, þegar jeg heyrði ræðu h. h. þm.

Jón Ólafsson: Þegar vjer fengum skóla þá, sem vjer höfum, þá var farið að nokkuð öfugt. Það var byrjað á því að fá þær kennslustofnanir, sem vjer sízt þurfum að fá. Það er alveg hið sama, hvar í veröldinni sem guðfræði er kennd. Það mætti eins vel kenna hana í Kína eða á Þýzkalandi eða enda í tunglinu, eins og hjer. Hún er söm og jöfn og breytist eigi eptir háttum þjóðanna. Þá er læknaskólinn. Er nokkuð þjóðlegt við hann? Eg ætla sjúkdómarnir sje *að mestu* líkir hjer og annarstaðar, en tækin til að sjá miklu meira af þeim eru langt um betri erlendis heldur en hjer. Báða þessa skóla höfum vjer fengið fyrir allmiklum tíma. En það er dregið lengst, að fá kennslustofnun í þeirri fræðigrein, sem er hin þjóðlegasta hjá hverri þjóð. *(H. Kr. Fr.:* Nei). Jú, ef þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) neitar því, þá veit hann eigi hvað lög eru, eða hefur enga hugmynd um, hvað þjóðlegt er, því að hvar sem er þingfrjáls sjálfstæð þjóð, þar eru sjerstök þjóðleg lög sniðin eptir þörfum og hugsunarhætti þjóðarinnar; og þar þarf að vera sjerstök lagamenntun og sjerstök lagafræðsla. Vjer höfum farið alveg öfugt að, þar sem við fengum prestaskólann og læknaskólann fyrst, og höfum dregið til þess síðast að fá þann skólann, sem er nauðsynlegastur, og átti að vera fyrstur. 2. þm G. K. (Þorkj. Bj.) sagði, að nú ætti menn að fara að kasta út ærnu fje, þó að menn gætu lært eins vel annarstaðar og hjer. En hvar getur maður lært íslenzk lög? Getur maður fengið kennslu í þeim í Kaupmannahöfn? Nei, maður lærir í öllum prívatrjettinum svo sem 2 blaðsíður um íslenzk lög, svo sem 1 bls. í processinum o. sv. frv. Þá sagði hann, að vjer hin fámenna þjóð munum eigi geta haft jafngóða kennslu og í öðrum löndum. En jeg veit eigi betur en hann sje sjálfur vel menntaður og hann hefur þó lært hjer, og sama er að segja um ýmsa aðra góða menn hjer í deildinni. En ef hann hyggur, að ávallt sje betra að menntast í útlöndum einkum fyrir menn frá smærri þjóðum, þá sannar hann nokkuð mikið, því að þá ætti enginn smá-þjóð að hafa sína háskóla í sínu eigin landi. Þá ættu Danir t. d. að hafa sinn háskóla á Ítalíu, Þýzkalandi, Frakklandi eða Englandi, eða kannske á Rússlandi. En það, sem hann sagði um það, að ungir menn hefðu gott af að koma til útlanda og kynnast háttum annara þjóða, þá er það alveg satt. En er þá loku skotið fyrir þetta, þó lagaskóli yrði stofnsettur? Nei, þeir gætu farið eptir að þeir hafa lokið sjer hjer af, og ætli þeir hefðu minna gagn af því? Nú fara þeir vanalega um 17 ára aldur, lenda í solli, og lesa opt eigi mikið, að minnstu kosti eigi 2 veturna fyrstu, en þegar þeir eru búnir að fá lagapróf hjer, eru þeir búnir að ná meiri þekkingu og þroska, og þá munu þeir vissulega hafa betra af utanferð sinni, meira gagn af missiri þá, en nú af mörgum árum. Þegar sami h. þm. sagði, að kostnaðinum væri betur varið til barnaskóla, kvennaskóla og alþýðuskóla, þá þótti mjer hann fara að verða nokkuð materíalistískur. Jeg neita því eigi að þessir skólar sje nauðsynlegir, en að taka það að kenna börnum a b c og kvennfólki, að búa til kaffi fram yfir þjóðlegt laganám, það þykir mjer nokkuð hart. Svo kom nú

enn stór mótbára, sem átti að vera aðalástæðan móti skólanum: vjer áttum þegar í stað að fara að byggja stórt hús fyrir skólana, þegar lagaskólinn væri kominn á stofn. En hvers vegna má eigi byggja hús fyrir skólann? Það stendur á minnstu hvort húsið er veglegt eða eigi; að minnstu kosti eru til þeir háskólar í útlöndum að þeir hafa ekkert sjerstakt hús, heldur leigja þau í bænum, þar sem háskólinn er. Þá þykir mjer það að eins að vega launvíg eða morð á þessu máli, að segjast ekki vilja hafa skólann heldur að eins veita lítið fje til lagakennslu á næsta fjárhagstímabili, því að enginn duglegur maður mun fást til slíks þar sem engin vissa er fyrir því, að næsta þing muni veita slíkt fje framvegis. Vjer verðum að fá lög um að skólann *skuli* stofna en það verður að setja nægan frest til þess, svo að þeir, sem eiga að kenna, geti undirbúið sig nægilega. 2. þm. G.K. (Þorkj. Bj.) skilur eigi hvað meint er hjer með «önnur vísindi»; þekkir hann þá engin önnur vísindi? (*Þorkj. Bj.*: Jú). En hann þekkir þá eigi hver þau eru. Annars hefur hann lesið þessa málsgrein eins og skollinn les biflíuna, því að hann hefur eigi lesið setninguna til enda. En hjer stendur á eptir: «sem síðar verða ákveðin með lögum». Þetta getur verið sagnafræði, málfræði; um nóg er að velja. Þm. Bf. (Gr. Th.) var að tala um að menn hefðu enga vissu fyrir því að eigi væri fjárskortur líka 1886. Jú, þetta er rjett. En setjum svo, að þá væri harðæri eins og nú, ætli menn þyrftu þá að deyja ráðalausir á þurru landi? Nei, það þyrfti eigi annað en skora á stj. að láta embættin standa óveitt um sinn; en það er þó fengið sem vjer viljum, því að stofnun skólans er fastákveðin að lögum. Jeg vil því skora á alla sem þetta mál vilja styðja, að samþykkja vtill., en fella brtill. meiri hluta n.

Jakob Guðmundsson: Það er til gamall latnestur talsháttur sem svo hljóðar: *aut est aut non est, tertium non datur,* það þýðir: annað hvort er eitthvað eða það er ekkert, hið þriðja er ekki til. Annaðhvort hlýtur að vera, að menn vilji hafa lagakennslu eða menn vilji ekki hafa hana. Nú held jeg að allur þorri þm. sje á þeirri skoðun, að lagakennsla sje nauðsynleg, og þeir álíti æskilegt, að hún komist hjer á, en þá kemur sú spurning: hvenær er tími til, að þetta nauðsynlega og æskilega komist á? Jeg get ekki betur skilið, en að æskilegast sje að það komist á sem allra fyrst að unnt er. Nokkrir þm. hafa komið með þá mótbáru, að eins og nú sje ástatt, þá sje ekki nægilegt fje fyrir hendi á næsta fjárhagstímabili til að stofna slíkan skóla. Þetta er nú reyndar skynsamleg mótbára; en einmitt hinir sömu þm., sem komið hafa fram með þessa mótbáru, hafa líka komið fram með ust. um að veita á næsta fjárhagstímabili 6000 kr. til lagakennslu, sem mjer er óskiljanlegt að leiði til nokkurs gagns. Þótt nú bóndinn á Bessastöðum eða yfirdómendurnir í Rvk. væru fengnir til að kenna, sem jeg efast ekki um, að þeir væru færir til, en þegar þeir væru búnir að kenna 1 eða 2 vetur, þá væri fjeð til slíkrar kennslu ekki framar veitt, hvað ættu þá þeir lærisveinar að gjöra, sem lært hefðu hjá þeim; geta þeir orðið embættismenn? Jeg held ekki, nei, þeir þyrftu að leita annara skóla eptir sem áður og líklega að fá styrk til þess. Mjer finnst því mjög varhugavert að fleygja út þessu fje, sem lítið útlit er fyrir að nokkurt gagn verði að. Jeg álít að það væri betra að verja þessu fje á annan hátt til þess að undirbúa skólann, eins og jeg tók fram við aðra umr., nl. til þess að styrkja einhvern ungan og efnilegan lögfræðing, sem þegar hefur tekið próf við Kaupmannahafnar háskóla, til þess að ferðast til erlendra háskóla og frama sig þar og auka þekkingu sína, svo hann síðar gæti orðið kennari við hinn fyrirhugaða lagaskóla. Með því móti væru líkindi til að þessum 6000 kr. væri ekki fleygt út fyrir ekki neitt; en þetta sem hjer er farið fram á í brt. er að fleygja þeim út í bláinn. Hinn h. 2. þm. G. K. hefur komizt alveg í mótsögn við sjálfan sig, þar sem hann hefur haldið langa ræðu á móti stofnun lagaskóla sökum fjeleysis, en vill þó veita 6000 kr. til lagakennslu, sem ekki er fyrirsjáanlegt að geti komið að neinum verulegum notum; jeg vona að allir sjái að þetta er mótsögn, sem ekki er samboðin jafngreindum og skynsömum manni og hinn h. þm. er. Jeg vil að þd. ákveði að lagakennslu skuli stofna í einhverju viðunanlegu formi, og þess vegna vil jeg aðhyllast ust. þá sem fram hefur komið að kennarar verði skipaðir með ákveðnum launum, en launin verði ákveðin lág fyrst um sinn.

Arnljótur Ólafsson: Að kunnátta í lögum sje nauðsynleg, því mælir enginn móti, en um það getur orðið ágreiningur

hversu nauðsynleg hún er, og hve miklu fje sje til hennar verjandi, og einkum um hitt hvern veg velja skuli til þess að auka lagaþekkingu. Hjer er þá einkum um tvo vegi að ræða, hvort stofna eigi lagaskóla í landinu, eða stuðla til þess að lögfræði aukist í landinu á annan hátt. Jeg held að flestir þdm., ef jeg undan skil flm. einan, hafi ekki gjört sjer ljóst, hverja kennslu landsmenn geta öðlast í skólanum. Verður þá fyrst fyrir sú spurning, hverjir hafa aðgang að skólanum eða rjett til að fara á hann? Getur hver maður hjer af götunni fengið aðgang að honum? Jeg svara nei, ekki nema þeir hafi áður gengið í gegnum latínuskólann, og þá getum vjer nú sjeð hversu margir mundu sækja skólann. Þá kemur önnur spurning og hún er sú, til hvers er slíkur skóli eiginlega stofnaður? Til þess að undirbúa eða útbúa lögfræðinga sem eiga að verða embættismenn hjer á landi. En má jeg nú spyrja hinn h. þm. D. (J. G.), því hann hefur mest mælt með þessum skóla, af þeirri ástæðu, að hann mundi útbreiða svo mikla lagaþekkingu um land allt, má jeg nú spyrja hann, hvort hann hyggur að lagakennslan í slíkum skóla muni breiða meiri lagaþekkingu út um landið, en háskólinn gjörir nú? Þá kemur 3. spurningin, sem er aðalspurningin, eru mikil líkindi til, að þeir sem stunda lögvísi við lagaskólann og frá honum koma, verði betur að sjer í íslenzkum lögum, en þeir sem koma frá háskólanum? Menn munu svara: íslenzk lög eru sjerstök lög fyrir Ísland; jeg játa það satt að vera; en hitt er allt annað, þótt lögin sjeu sjerstök fyrir Ísland, hvort *efni* þeirra er sjerstakt fyrir landið. Ætla jeg að því sje eigi að heilsa með flest af þeim. Jeg tek til dæmis hegningarlögin, erfðalögin og víxillögin. Hegningarlögin eru ekki einungis sniðin eptir dönskum hegningarlögum, heldur eptir evrópeiskum hegningarlögum. Þessi lög eru þó sjerstök, þótt efni þeirra sje ekki sjerstakt, heldur að mestu sameiginlegt. En jeg skal líka játa, að til eru íslenzk lög, sem líka eru sjerstök að efninu til, t. d. landbúnaðarlögin, og þá einkum rekabálkur laganna, er Danir hafa eigi til. Hitt get jeg ekki sjeð, að hjúskaparlög vor nje erfðabálkur sje að nokkrum mun annar en hin dönsku lög, nema hvað erfðabálkur vor er eins fyrir alla. Í öðrum greinum þegnlagabálks, þá er eignarhefðin önnur hjá oss, og kaupgjörningur við ungan mann (ómyndugan) sömuleiðis; en flest í eignlagabálki og skuldabálki vorum er hið sama sem hjá Dönum. En má jeg nú enn fremur spyrja: vill nokkur, eða jeg vil segja, þorir nokkur að segja, að þeir lögfræðingar, sem komið hafa frá háskólanum, sjeu óhæfir og óhafandi í embættum hjer á landi? Jeg að minnsta kosti þori ekki að játa slíkt, og jeg efa eigi, að enginn þm. þori það. Þá kemur enn sú spurning: Ef íslenzk lög eru svo mjög frábrugðin dönskum lögum, sem flm. segir, hvað kemur þá til þess að enginn af þeim, sem mest hafa fundið til þessa, skuli hafa komið fram með bók um það efni, eða sýnt mismun þenna í stuttri ritgjörð? Má ekki alþýðan fá að vita í hverju þessi mismunur er fólginn? Á hann að vera *grýla* eða *svipa á alþýðu*, til þess að keyra fulltrúa hennar til að leggja allt að 10,000 kr. til stofnunar lagaskóla í landinu? Hver nauðsyn er nú á þessum lagaskóla? Sú, að búa menn undir til að verða embættismenn. Hve mikil er nú þessi nauðsyn á lagaskólanum í samanburði við prestaskólann? Og vík jeg þá einkum máli mínu að 2. þm. Sm. (J. Ó.). Er enginn munur á tölu embætta handa guðfræðingum hjer á landi og handa lögfræðingum? Er eigi meiri nauðsyn að stofna skóla handa þeim, sem miklu fleiri embætti eru fyrir? Menn vita, að á landinu eru 141 brauð, þar við bætast 3 embætti við prestaskólann og biskupsembættið, enn fremur má gjöra ráð fyrir svo sem 5 aðstoðarprestum, og verða þá 150 embætti fyrir guðfræðinga. Til þess að útvega menn í þessi embætti, er nú prestaskólinn stofnaður. En hve mörg embætti eru nú fyrir lögfræðinga í landinu? Sýslumenn eru 17, yfirdómendurnir 3, málaflutningsmenn við yfirrjettinn 2 og bæjarfógetinn í Reykjavík 1, það verða 23 embætti; amtmannaembættunum býst jeg við að megi sleppa, því það má gjöra ráð fyrir að þau sjeu þá og þegar dottin úr sögunni, að minnsta kosti eru þau það hjá flm. og hans fylginautum. Lögfræðingaembættin á móti guðfræðingaembættunum verða þá eins og 1 : 7 eða nauðsynin á prestaskólanum á móti nauðsyninni á lagaskólanum verður eins og 7 : 1. Jeg vil þess vegna ekki stofna lagaskóla, hversu mjög sem jeg ann lagakunnáttu; jeg vil þess vegna ekki, segi jeg, búa til stofnun, sem í mesta lagi 2 eður 3 menn nota á ári, eða svo sem 1 nýr lærisveinn

bætist við í að meðaltali ár hvert, því fleiri en 1 embætti af 23 embættum má ekki gera ráð fyrir að losni meðaltals árlega, eða varla það. Jeg vil ekki stofna landinu í þann kostnað að fara að byggja hús fyrir skóla, sem ekki er meiri nauðsyn á, og launa 3 kennara við hann, því minna mundi varla duga, ef kennslan ætti að vera í góðu lagi; þennan dýra skóla vil eg eigi stofna, þegar ekki mundu nota hann nema 2 stúdentar á ári. Mjer finnst það hlægilegt að búa til svo dýra stofnun fyrir þetta fátæka land, sem ekki mundi þurfa nema 1 mann á ári frá henni, því af 23 embættum getur ekki losnað nema 1 embætti á ári að meðaltali eða varla það. Jeg verð því að greiða atkv. á móti lagaskólanum, en jeg vil gjarnan greiða atkv. með brtill. meiri hluta n., því lagakunnáttan er nauðsynleg, og það er skylda vor að styðja að því að útbreiða lagaþekkingu, en líka svo, að hún komi sem flestum að notum, en ekki eingöngu fyrir embættismannaefni. Jeg lofaði að minnast dálítið á læknaskólann; það er satt að læknar eru hjer ekki fleiri en lögfræðingar, en það er aðgætandi, að þegar læknaskólinn var stofnaður, þá vóru þessi embætti búin til, og nauðsyn læknaskólans var í því fólgin að útvega og útbúa hæfa og næga lækna í þessi embætti. Reynslan mun og sýna, að þegar læknaembættin eru fullskipuð, þá verður læknaskólinn of dýr, því þegar svo er komið, að ekki bætist við nema svo sem 1 maður á ári, þannig að á skólanum verða að jafnaði 3—4 menn, þá vil jeg segja, að það er næstum því hneyksli að kosta læknaskólann til slíks, því þá fer hann sannarlega að verða of dýr.

Jón Ólafsson: Hinn h. þm. Ef. (A. O.) vildi sýna hversu ónauðsynlegur og dýr lagaskólinn yrði vegna þess hve fáir mundu sækja hann. Hann reiknaði að ekki væru nema 23 lögfræðingaembætti og því væri ekki von nema á einum manni á ári til skólans. Væri sami reikningur við hafður hvað prestaskólann snertir, þá ættu eigi að koma þangað fleiri en 6 á ári, og þegar þörf er fyrir 20 lækna í landinu, þá ættu $^3/_4$ hlutir úr einu læknisefni að koma til læknaskólans á ári, og eptir þessum reikningi ættu $7^3/_4$ úr pilti að koma til lærðaskólans hvort haust.

Þm. Ef. stóð 1855 fremstur á blaði að skora á alþ. að stofna lagaskóla og *þá* talaði hann um að ekki mundi vanta menn á þenna skóla; jeg vil spyrja hann hvort hann álíti hvað heppilegt að fleiri nemi ekki á skólanum en einmitt þeir, er geta beinlínis orðið embættismenn á eptir, og hvort landið sje skyldugt að forsorga alla sem hafa gengið skólaveginn. Jeg hygg að þær raddir sjeu sannari og þm. muni sjálfur taka undir það, að embættismannaefnin eigi að vera töluvert fleiri, en þörf er fyrir í hvert skipti, og einmitt með því lagi get jeg haft von um það, sem þm. D. óskar eptir, að lagakunnáttan breiðist út um landið, þegar fleiri verða lögfróðir en þeir einir sem í embættin fara. Menn sjá hversu rík menntunarlöngunin er í landinu, hvaða embætti ætli þeir fái sem ganga á Möðruvallaskóla eða á Flensborgarskólann hjer syðra, eða er það til þess að skapa embættismenn að menn vilja koma upp gagnfræðakennslu hjer í Reykjavík? Það er lifandi þörf hjá mönnum að menntast, án þess að þeir líti beinlínis til embættanna. Ætli hin sama þörf mundi eigi hreifa sjer til að fá kunnáttu í lögum, þegar þörfinni gæti orðið fullnægt? Lagakennslan gæti og orðið hjer á tvennan hátt, eins og tíðkast t. d. í Danmörku, fyrir suma hin meiri og fullkomnari lagakennsla, er síðan hugsa til að fara embættisleiðina, en fyrir aðra væri lagakennslan miklu minni og fábreyttari. Til þess að njóta hinnar síðari þyrfti maður ekki að hafa gengið í gegn um lærða skólann; það gæti t. d. verið nógur undirbúningur að hafa verið á Möðruvallaskólanum. Jeg er viss um að efnaðir feður vildu gjarnan senda syni sína til slíks laganáms 1 vetur eða 2 eptir að þeir hefðu gengið á einhvern gagnfræðaskóla, þessir menn ættu ekki aðgang að embættum lagamanna, en þeir hefðu margföld not af þessari kunnáttu sinni í lögum, þegar þeir fengju sæti í sveitanefndum, sýslunefndum og hvar sem þeir kæmu nálægt almennum málum, ekki að tala um hve miklu færari þeir væru til þingsetu. Nei, jeg segi, að ef þörf er á 23 mönnum í embættin, þá verða það 3 sinnum þeir sem þörf er á í embætti sem sæktu lagaskólann án þess að hugsa upp á embætti. Þm. Ef. veit það mjög vel, að slík stofnun á eigi einungis að skapa embættismenn. Æðri stofnanir, sem þessi, hafa tvenns konar mark og mið, praktískan og vísindalegan tilgang, og hafa bæði fyrir augum embættiskennslu og vísindalega menntun.

Þm. talaði um að mörg lög væru sam-

eiginleg fyrir Ísland og Danmörku og benti á hegningarlögin. Þá vil jeg spyrja hann hvort þau l. er ávöxtur af sjálfsforræði Íslendinga? Það fer svo fjarri því, að þeim var öllu heldur þröngvað upp á oss þvert ofan í vilja þingsins. (*A. Ó.*: Þau eru þó l.). Skilyrðið fyrir því að lögfræðin geti verið þjóðleg er einmitt, að þjóðin hafi sjálfsforræði (*B. Sv.*: Heyr!), og eptir það að sjálfsforræði vort tók að vaxa hafa lög vor og lagasetning orðið æ frábreyttari dönskum lögum, og eru öll líkindi til að mismunurinn á danskri og íslenzkri lögvísi fari framvegis sívaxandi.

En jeg vil spyrja þm.: hvað er sameiginlegt í atvinnulagabálki vorum? (*A. Ó.*: Jeg gat þess). Sumar sameiginlegar ákvarðanir í lögum, sem eru haganlegar líka fyrir Ísland, eru ekki fremur sameiganlegar fyrir Ísland og Danmörku heldur en Ísland og önnur lönd, t. d. víxillög. Og hvað hegningarlögin snertir, þá veit jeg ekki betur, en að Danir hafi sótt hegningarlög sín mest til Austurríkis, og Skandínavar sækja yfir höfuð margt í lögum sínum til Þjóðverja, en af því leiðir ekki, að nokkur vilji fara fram á, að háskólarnir á Norðurlöndum sjeu óþarfir, þó að þeir sæki margt sunnan að.

Þorkell Bjarnason: Jeg gat trúað því að lagaskólahugmyndin bæri þm. D. (J. G.) svo langt, að hann vonaðist eptir því að fólkið mundi syndga minna þegar innlend lagakennsla væri komin á; hann talaði svo fagurlega um það við 1. umræðu málsins, hvernig fólk syndgaði af vankunnáttu í lögum og að þessar syndir mundu hverfa við hina innlendu lagakennslu, en jeg gat ekki hugsað mjer að þessi lagakennsluhugmynd bæri hann svo langt að hann heyrði ekki mælt mál hjá sessunaut sínum. Jeg sagði alls ekki að innlend lagakennsla drepi niður lagamenntun, en það sagði jeg að hjer á landi fengi maður vart eins góða almenna lagakennslu og erlendis.

Hinum h. 2. þm. Sm. (J. O.) þótti jeg vera nokkuð mikill materíalisti eða hugsa heldur holdlega, þar sem jeg hafði sagt að meiri þörf væri að koma upp búnaðarskólum, barnaskólum, alþýðuskólum og kvennaskólum en lagaskóla. Þessi ummæli þm. væru ef til vill rjett, hefði svo staðið á að vjer ættum eigi kost á lagakennslu neinsstaðar annarstaðar en hjer á landi; þá gengi lagaskólinn fyrir öllu öðru. En nú stendur oss enn til boða kennsla erlendis í lögum eins og hún hefur staðið, en hina skólana kostar enginn fyrir oss; vjer verðum að vera án þeirra eða kosta þá sjálfir.

Jeg gef atkv. mitt fyrir brt. frá meiri hluta n. Það er mín skoðun, að ungir menn eigi fyrst að fá hina almennu lagakennslu erlendis, og því næst væri gott að fá um nokkurn tíma hjer á landi hina meir eða minna sjerstöku lagakennslu í íslenzkum lögum.

Jakob Guðmundsson: Hinn h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) hefur að mestu tekið það fram, sem jeg ætlaði að segja; þess vegna skal jeg að eins fáu við bæta. Þm. Ef. (A. Ó.), sem, eins og honum er allt af lagið, reyndi að halda kjarnanum en kasta skelinni, gekk inn á það, hvað er almennt og hvað er sjerstaklegt í lögum. Þetta er mikilvægt atriði. Hið fyrra er þá hin almenna siðferðislega skoðun, sem er grundvöllur allra laga. Hið sjerstaka kemur fram þegar lögin verða útfærð praktískt, þá eru lögin ekki annað en hinn ytri búningur þjóðlífsins hjá hverri einstakri þjóð. (*B. Sv.*: Heyr!). Þannig gjöra menn mun á þjóða-rjetti og þjóðarrjetti. Þjóðarrjetturinn er hið sjerstaka, en þjóðarjetturinn er hið yfirgripsmeira í lögunum og um það er viðvíkur samskiptum þjóðanna. En jeg legg ekki áherzlu einungis á hið sjerstaklega og praktíska, heldur legg jeg einnig áherzlu á hinn systematíska grundvöll hinna norrænu laga. Jeg hygg að Íslendingar hafi gott af því að innræta sjer hann, og að þeir málsins og annara hluta vegna eigi ljettast með það af öllum þjóðum, og að þeir geti við það aflað sjer frægðar um hinn menntaða heim. Þessi þekking á hinum norræna lagaanda, eða hinum systematíska grundvelli, hygg jeg að geti lypt mönnum á langt um hærra stig, en þeir standa nú á.

Vjer vitum hvað mikið íslenzkir lagamenn þurfa að læra í Höfn af lagaboðum og fyrirskipunum o. s. frv., sem eingöngu snerta Danmörku; til þess eyða þeir miklum tíma og peningum. Betra væri þá að að láta þá jafnvel eyða meiri peningum og meiri tíma, til að læra það sem ætti við þjóðháttu vora og lífið hjer á Íslandi.

Th. Thorsteinson: Jeg er fullkomlega sömu meiningar og jeg var áður við 1. umr. þessa máls. Nafninu hefur að eins verið breytt; það er ekki annað og veit jeg ekki hver er meiningin með þá breytingu. Það er búið að ræða málið svo mikið og ýtarlega,

að jeg álít nóg að gjöra þessa yfirlýsingu. Jeg ætla samt að taka það fram, sem jeg gjörði áður, að jeg álít lagaskóli mundi verða landinu ópolanlega kostbær. Það hefur verið sýnt af 1. þm. Ef. að það mundi í raun og veru ekki einn ganga á hann á ári. (*B. Sv.:* Er það sannað?). Eða rjettara sagt eptir venjulegum reikningi þá þurfum við ekki að halda á meira en einum lagamanni útskrifuðum á ári eptir þeirri embættismannatölu sem hjer er á landi, og eg vona að þeim ekki verði fjölgað. Þessi eini maður mundi kosta lsj. 8000—10000 kr. á ári. Má jeg nú spyrja flm.: Heldur hann að við með þessari dýru kennslu, einasta af því hún er dýr, muni eptirláta eptirkomendunum andlegan arf? Jeg er hræddur um það mótsetta og ætla það verði heldur andleg deyfð nema allir viðkomendur sem á þennan skóla gengju yrðu styrktir enn meira, til þess að ferðast til útlanda, og yrði þá kostnaðurinn enn meiri. Mjer er óskiljanlegt að þetta mál er komið svona langt, og enn þá óskiljanlegra, að það skuli komast enn lengra, sem þó lítur út fyrir, og þetta er mjer þeim mun óskiljanlegra, sem flm. málsins var ákafur sparnaðarmaður í sparnaðarn., sem hafði þann tilgang, að spara allt sem mest, og enginn neitar því, að sparnaður er góður. Mjer sýnist einnig nauðsynlegt, að spara, og í öllu falli á maður á þessum tíma að forðast að gjöra það mótsetta, sem er að ausa út peningum, enda þótt maður óskaði að þetta fyrirtæki gæti komizt á, en þá ætti að vera gullöld í staðinn fyrir ísaöld, sem nú gengur yfir. Mjer finnst það vera að setja sig í draumanna land, að hugsa um að koma á fót slíkum skóla á þessum hallæristímum; að breyta nafninu og telja kostnaðinn svo lítinn, já svo lítinn, að allir hljóta að sjá, að hann minnst verður þrefaldur, já fjórfaldur, það álít jeg sje gjört til þess að smeygja inn hendinni í landssjóð til þess að koma inn öllum skrokknum á eptir. Jeg furða mig á, að þm. D. (J. G.), sem svo opt hefur sparnaðinn á vörunum, skuli ekki sjá, að hjer er ekki um sparnað að ræða, þar sem við erum að búa út svona kostnaðarsaman skóla sem háskóla. Eptir útlitinu er öll ástæða til að halda, að það verði niðurstaðan, að á næsta þingi verðum við að setjast niður og nema úr lögum það sem við höfðum samið og samþykkt á þessu þingi, og þetta sýnist fleiri að hafa hugsað sjer, með því að búa til lög svo löngu áður en þau eiga að ná gildi.

Arnljótur Ólafsson: Sá er munurinn á 2. þm. Sm. (J. Ó.) og mjer — sem jeg hugsaði að ekki mundi koma fyrir — að þegar um landskólann er að ræða, þá gengur hann í trú og von og kærleika og það svo langt, að mjer er ómögulegt að fylgja honum, og vildi jeg þó vera eigi síður trúaður en hann í öðrum greinum. Hann heldur, í þessari miklu trú sinni, að langt um fleiri muni gangi á þennan skóla en á prestaskólann Má jeg spyrja: Á hverju byggir hann þessa áætlun sína nema á reynslulausri von og trú? Hafa nú, má jeg spyrja, fleiri gengið á prestaskólann en þeir er ætluðu að sækja um prestsembætti? (*J. Ó.:* já! *H. Kr. Fr.:* nei!). Hafa fleiri gengið á læknaskólann en þeir einir er ætluðu sjer að sækja um læknisembætti? (*J. G.:* já!) Nei, jeg þekki ekki einn einasta sem gengið hefur á prestaskólann í þeim hug að sækja aldrei um prestsembætti.

En eitt verður 2. þm. Sm. að fyrirgefa mjer. Jeg get ómögulega blandað saman skólum fyrir embættlínga (embættismannaefni) og skólum fyrir almenna menntun og fróðleik. Margir ganga hjer í latínuskólann til þess að afla sjer almennrar menntunar. Sama er að segja um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, nema hvað þar lærir engin til embættis. Jeg hefi barizt fyrir Möðruvallaskólanum til þess að landsmenn geti átt kost á að afla sjer almennrar menntunar, eður þó heldur geti numið stafróf almennrar menntunar. Það er og önnur aths., er jeg vildi gjöra við ræðu hans. Hann segir: «Hegningarlögin eru svo lík dönskum lögum, *af því að* þeim hefur verið neytt upp á oss». Ástæða þessi hygg jeg sje eigi rjett, og skal jeg benda h. h. þdm. til þess, að hjer var frv. rætt um daginn sem hann sjálfur umfaðmaði í trú, von og kærleika, frv. um «lausasöfnuðina», og það frv. var alveg sniðið eptir dönskum lögum. (*J. Ó.:* jú). Þar var engin ákvörðun, sem ekki væri tekin upp úr dönskum lögum. Þá vil jeg snúa mjer að þm. D. (J. G.). Hann gekk fram hjá því, að aðalefnið í lögunum er, ekki síður en öllum öðrum greinum, bæði hið almenna og hið sjerstaka. Hið almenna í lögunum er rjettlæti og haganleiki eður almannagagn. Annaðhvort eru lögin byggð á rjettlæti, eins og t. a m. hegningarlögin, ellegar þá á almennri nytsemi og gagnsemi,

sem þá einkum er fólginn í skattalögum, tolllögum og mörgum greinum atvinnulaganna. Lögin geta nú, að því er hið almenna snertir, átt við öll lönd, sem standa á líku menntastigi. Og má jeg nú spyrja, hvað gjörðu hinir fornu Íslendingar, þá er þeir fundu að þá vantaði lög eður vildu rjetta lög sín? Stofnuðu þeir lagaskóla? *Nei*, þeir sendu Úlfljót til Noregs, og hann kom út með lögin. Og þá er þeir vildu síðar rjetta lög sín, hvað gerðu þeir þá? Var þá stofnað kennaraembætti í íslenzkum rjetti? *Nei*, þeir settu nefnd manna; «at Hafliða Másssonar» um veturinn 1117 var saminn Vígslóði og fl. Hvað er og sagt um forfeður vora í fornöld? Hver efnilegur bóndason fór utan, til hvers? «*til fjár og frama*». Meðan gullöld vor stóð í blóma, voru utanferðirnar tíðastar til annara landa. Merkur vísindamaður og rithöfundur, Weinholdt, endar bók sína með þessum orðum: «Svo sem núningur vekur eld, svo vekja og milliferðir þjóðanna andlegan eld og andlegt fjör». Sagan sýnir einnig, að á meðan við sigldum til annara landa til þess að framast og fræðast, þá var eigi einungis fróðleikur og menning landsmanna með blóma, heldur og iðni og dugnaður, og þá vegnaði Íslendingum vel; en sem siglingarnar hættu og vjer fórum að einangrast og setja þessar skólakompur á Hólum og í Skálholti, þá fór öllu hnignandi, þá varð Island eins konar steingjörfingur, eitthvert vesaldar-Kína, yzt út «við norðurhjara heims». Þessi orð mín eru eigi þannig að skilja, að jeg vilji ekki að menntun færist inn í landið. Jeg vil þvert á móti að vjer færum eigi að eins fje og frama, heldur og skóla inn í landið, eins og nauðsyn krefur, en jeg vil einnig, að vjer sækjum jafnframt menntun til útlanda. Norðmenn og Danir finna að þetta er hollt og gott. Flestir háskólakennarar í Danmörku hafa fengið ferðastyrk til Þýzkalands áður en þeir settust í embætti, og það er þó undarlegt að heyra, að Danir og Norðmenn skuli gjöra þetta, en vjer skulum ekki geta lært íslenzk lög nema hafa innlendan lagaskóla.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal ekki neita því, að umræðurnar um þetta mál eru orðnar lengri en jeg hafði búizt við, og sjálfsagt lengri en þörf var á og sóma þingdeildarinnar er samboðið gagnvart þessu máli. Jeg læt mjer nægja að geta þess, gagnvart *öllum* þeim mótbárum, sem fram eru komnar í ræðum nokkurra h. þingmanna. þingmanns Borgfirðinga, 2. þingmanns Kjósar- og Gullbringusýslu, þingmanns Ísfirðinga og 1. þingmanns Eyfirðinga, að þær eru ekkert annað en marg-*upptuggnn þvættingur* allra þeirra manna, sem á öllum tímum frá því fyrsta hafa risið andstæðir móti þessu máli, sem risið hafa andstæðir móti rjettbærum frelsishreifingum og framfaratilraunum á Íslandi, móti þeim hreifingum, sem miðað hafa til þess. að efla og grundvalla sanna og sjálfstæða stjórn þessa lands. Hvar stæði 1. þm. Ef. (A. Ó.), ef jeg heimtaði af honum að hann sannaði það, að nokkurt land í heiminum gæti haft sjálfstæða frjálsa stjórnarskipun og löggjafarvald án sjerstakra laga? Þar sem sami þm. þóttist geta reiknað út, að einungis einn einasti maður myndi ganga á lagaskóla hjer, árlega, þá ímynda jeg mjer að honum yrði jafn torvellt að ábyrgjast. þann reikning sinn og það enda þótt jeg gæfi honum að hann mætti hnitmiða júristatöluna við hin núverandi júridisku embætti landsins. En væri það nú þar að auki, eður án tillits til þessara fjarmæla, væri það, má jeg spyrja, svo ótilhlýðilegt, að einhver maður væri til í landinu sem gæti flutt mál fyrir bændur, svo að prestar þyrftu ekki að ganga úr prjedikunarstólnum til að prókúrera? Það sem þm. gjörði mest úr, var það, að lögin væru hin *sömu* hjer á landi og í Danmörku. Taki menn eptir því, að hinn h. þm. sagði þetta, sem er öllu sönnu fjarstætt, skýlaust og afdráttarlaust. Jeg ætla nú samt að sleppa þessu í þetta sinn, því að eins og það hefur heyrzt fyrri, eins hefur því verið svarað fyrri, og það þarf ekki að taka það upp aptur. En það segi jeg, að meiri rjettareining var milli Noregs og Danmerkur 1814 en nú er milli Íslands og Danmerkur, og hvað gjörðu þó Norðmenn? Jeg læt mjer nægja að minna þm. á þetta; hann veit það vel sjálfur. En jeg verð að minnast á annað, sem hann sagði. Hann hjelt eins konar fyrirlestur um það, að grundvöllur allra laga, sjerstakra og almennra, væri einungis í tveim atriðum fólginn, og það væri *gagnsemi* og *rjettlæti*. Væri þm. ekki þarfara að minnast þess og kenna það, af hvaða rót okkar íslenzku lög eru runnin. Hvaðan er Grágás? Er hún sótt út fyrir Ísland? Þm. þekkir kann ske Konráð Maurer; hann mun þó hafa ritað það, að íslenzk lög sjeu *ekki* sótt til ann-

ara landa, heldur sjeu þau í eðli sínu og uppruna *íslenzk* lög, og þennan vitnisburð verður þm. að taka gildan, því hjer hefur hann þá bók, sem hann getur verið þekktur fyrir að láta sannfæra sig. Jeg hef tekið þessi örfáu dæmi einungis til að benda á, að allar þessar mótbárur hinna h. þm. eru teknar úr lausu lopti, að þær eru ekki til annars en að verja og vernda með ástæðulausum útúrdúrum og endalausum vafningum þetta gamla klafaband, þessa marg-röngu og marghröktu hugmynd, að rjettareiningin sje svo rík milli Íslands og Danmerkur, að vjer höfum á engri annari lögfræði þörf en þeirri, sem danskur lagaskóli eða háskóli, veitir oss. Jeg segi það eitt að síðustu, með tilvitnun til alls þess, sem jeg fyr og síðar hef framfært í þessu máli, að hver sá þm., sem greiðir atkv. móti þessu frv., gjörir sitt til, leggur sinn skerf í metaskálina til þess, að íslenzku frelsi og íslenzku sjálfsforræði sje miður borgið.

ATKVGR: Brt. við viðaukatill. 9 þm. (C 283) felld með 11 atkv. gegn 6.

Fyrsta viðaukatill. 9 þm. (C 282) samþ. óbreytt með 15 atkv. gegn. 6, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 8 nafngreindra þm. *Nei* sögðu Halldór Kr. Friðriksson, Grímur Thomsen, Lárus Blöndal, Tryggvi Gunnarsson, Þorkell Bjarnason og Th. Thorsteinson. Aðrir allir *já*, nema Holger Clausen, sem ekki var viðstaddur, og Arnljótur Ólafsson, er ekki vildi greiða atkv; hans atkv. því talið með meira hlutanum.

Önnur viðaukatill. sömu 9 þm. sþ. án atkvgr.

Þriðja vtill. sömu 9 þm. sþ. m. 13 atkv. gegn 3.

Viðaukatill. 6 þm. við viðaukatill. 9 þm. við frv. (C 284) sþ. m. 13 atkv.

Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum sþ. með 14 atkv. gegn 4. Síðan sent e. d.

Þrítugasti og sjötti fundur, þriðjudag 7. ágúst kl. 5—7 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um stofnun landsbanka á Íslandi (frá e. d., C 276); 1. umr.

Grímur Thomsen: Jeg skal fúslega viðurkenna, að mjer þykir mál þetta eitthvert mesta áhugamál og vona jeg því, að hin h. deild hlynni að því eins og mögulegt er. En eins og frv. liggur fyrir frá hinni h. e. d., virðast mjer talsverðir gallar á því. Án þess að fara út í einstakar greinir skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að í frv. er gjört ráð fyrir, að til stofnunar bankans skuli verja 500 þúsund krónum af viðlagasjóði, og að bankinn fái þessa upphæð að helmingi greidda með 250 þús. af innritunarskírteinum viðlagasjóðs og að helmingi með 250 þús. kr. af veðskuldabrjefum einstakra hjerlendra manna eða stofnana. Nú er eign viðlagasjóðs í konungl. skuldabrjefum 307 þús. kr. alls. Þar af eru 100 þús. kr. ætlaðar á liðnu tímabili til búnaðarskóla, fastar, og þess vegna eptir orðum hinnar h. fjárl.n. ekki «tagltækar» fyr en í árslok 1883, ef þá er ekki búið að brúka þær, og nú mun enda þegar vera búið að borga nokkuð af þeim til hins fyrirhugaða Hólaskóla. Eru þá eptir 207 þús. Nú er enn fremur ætlað til fangelsa-kostnaðar 29 þús. kr. Þá verða að eins eptir 178 þús. Þótt jeg nú ekki efist um stefnufestu hinnar h. d., þá greiðir hún stundum öðruvísi atkvæði við 3. en 2. umr. málanna, en allt um það virðist mjer ekki ómögulegt, að við 3 umr. yrði greidd atkv. með 100 þús. kr. hallærisláni. Yrði þá að eins disponibelt eða tagltækt um 78 þús. En þar sem nú í frv. stendur að 250 þús. krónur skuli afhendast í innritunarskírteinum, sje jeg ekki að stjórnin geti með nokkru móti ráðið konungi til að undirskrifa slík lög. Frv. er því ómögulegt. — Svo er enn önnur ákvörðun sem mjer sýnist nokkuð viðsjál. Frv. ákveður að hinn helmingurinn, 250 þús. kr., skuli afhendast bankanum í veðskuldabrjefum einstakra manna og stofnana. Nú hafa þessir einstöku menn fengið lánið með vissum skilyrðum og skuldbindingum og þeir hafa því lagaheimtingu á að halda því með öllum hinum sömu skilmálum meðan þeir standa í skilum. Þeir verða því að semja nýja samninga við bankann, sem ef til vill verða þeim óhaganlegri. En samt sem áður og með því, að stefna frv. er sú, að bæta hag landsmanna og bæta úr peningaeklu í landinu, vil jeg vera frv. hlynntur, og af því að jeg álít að það þurfi nákvæmrar íhugunar við, leyfi jeg mjer að stinga upp á að í það verði kosin 5 manna nefnd.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hefði ekki beðið strax um orðið, ef jeg hefði haldið að 1. umr. yrði löng. Jeg skal játa það satt að vera, sem hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) tók fram, að ákvæðin í 2. gr. geta ekki staðizt eptir því ástandi viðlagasjóðs sem nú er. En jeg ætla heldur ekki þörf, að bankinn hafi helminginnn í kgl. skuldabrjefum. Meining e. d. hlýtur að vera sú, að til skyldi vera svona mikið fje í veðbrjefum, sem hægt er að selja hvenær sem vill. En jeg sje enga þörf á að bankinn hafi svona mikið fje í auðseldum veðbrjefum. Að svo sje eigi sjest og á ákvörðununum í 5. gr., þar sem ákveðið er að bankinn skuli jafnan hafa svo mikið fje fyrirliggjandi í slegnum gullpeningum og silfurpeningum, er svari $^2/_5$ hlutum af verði seðla þeirra, sem eru í veltu. Af þessu flýtur að bankinn þarf aldrei að selja nema fyrir 2 kr. í silfri um leið og hann lætur úti 5 kr. í seðlum. Líklega ganga seðlar dræmt út fyrst — því mönnum er eins og meðskapað óbeit á þeim. Yrði því varla að gjöra ráð fyrir meiru fyrsta árið en 100 þús. Þá þyrfti líka bankinn ekki að hafa meira en 40 þús. kr. virði í kgl. skuldabrjefum. Úr þessum ágalla á frv. hygg jeg mætti bæta með brt. í þá átt að í stað 250 þús. kr. kæmi 100 þús. í kgl. skuldabrjefum.

Að því er snertir hina aðra mótbáru hins h. þm. Bf. að þeir privatmenn og stofnanir sem fengið hafa lán mætti ekki sviptast þeim rjetti, sem þeir hafa fengið með lántökunni, svo sem uppsagnarfresti, þá sje jeg enga hættu í því tilliti, því það flýtur af sjálfu sjer, að bankinn verður að vera bundinn við hina gömlu skilmála og þess gjörist heldur engin þörf fyrir hann að segja lánunum upp, heldur verða þau trygging fyrir þeim $^3/_5$ sem ekki eru fyrirliggjandi í slegnu gulli og silfri. Nefnd álít jeg ekki nauðsynlega, því eins og jeg gat um, er hægt með brt. að koma 100 þús að í stað 250 þús. (*Gr. Th.:* Það er ekki til 100 þús.) Jú, þó hallærið tæki 100 þús. kr., fara kannske ekki til búnaðarskóla nema 40 þús. á fjárhagstímabilinu, svo þá er þó æfinlega eptir 100 þús. kr.

Landshöfðingi: Jeg vil vekja athygli h. h. deildar á því, hvert samband er milli landssjóðs og banka, eða með öðrum orðum hver meiningin sje með fjárframlagi úr viðlagasjóði. Mjer skilst ekki betur, en að landssjóður gefi þessa $^1/_2$ miljón án þess ætlazt sje til að nokkuð verði borgað. Jeg sje heldur ekki betur en að bankinn sje sjálfstæð stofnun, sem landssjóður hafi enga ábyrgð á, hvernig gengur. Jeg skal fúslega viðurkenna að banki sje mjög nauðsynleg stofnun ef hann getur þrifizt hjer, en mjer virðist það líka auðsætt, að ef landssjóður á að gefa eða lána svona mikið fje, þá verði stofnunin að vera í alla staði tryggileg; þó að stofnunin vitanlega sje gagnleg, er þó vert að gæta þess, hvort landsjóður nú megi samt missa allt þetta fje og hvort viðlagasjóður ekki veikist of mjög við það. Nýjar stofnanir og fyrirtæki eru ætíð nokkurri óvissu bundnar og mjer virðist því ástæða til að yfirvega málið sem allra bezt. Jeg vildi reyndar helzt óska að nú frá þessu þingi gætu komið lög um stofnun slíks banka sem gæti blómgazt landinu til hags. En því betur sem slík lög eru yfirveguð þess rjettari og heppilegri verða þau. Þó að málið ekki yrði búið nú í ár, væri því betur á veg komið ef vel mótíverað nefndarálit lægi fyrir um það, heldur en þó frv. miður úr garði gjört væri samþykkt. Málið gæti þá gengið greiðlega gegn um næsta þing, ef það fengi nú góðan undirbúning.

Jakob Guðmundsson: Þá er jeg heyrði það, sem hinn h. lh. sagði, datt mjer í hug að taka það fram með hvaða fje bankinn er stofnaður og hverjir eiga að stjórna honum. Hann er stofnaður samkvæmt 2. gr. af landsfje, en eptir 3. gr. má auka hann með samlagshlutum einstakra manna. En meðan þessir samlagshlutir eru litlir eða engir, þá geta einstakir menn eigi fengið yfirráð og yfirstjórn yfir bankanum og fje hans, heldur verður hann að standa undir yfirráðum landstj. og sje jeg eigi að það sje verra eða hættulegra heldur en þegar viðlagasjóðurinn stendur undir hinni umboðslegu stj. Það er fyrst þegar hinir einstöku menn eru farnir að leggja töluvert fje í bankann, að menn geta farið að tala um að þeir eigi að ráða, og þætti mjer viðkunnanlegra, að það væri með skýrum og ljósum orðum sagt, hversu mikið fje einstakir menn ættu að hafa í bankanum til þess að fá meiri eða minni hlutdeild í stjórn hans. Nafnið landsbanki bendir á að hann sje stofnaður af landsfje og landsstjórnin eigi að stjórna honum, en ef einstakir menn fá lagaheimild til að stofna banka af eigin

efnum, þá verði það þjóðbanki, að mestu undir stjórn eiganda hans.

Halldór Kr. Friðriksson: Mál þetta var rætt svo vandlega á síðasta þingi, að jeg tel óþarfa að fara mörgum orðum um það nú. H. h. lh. og h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) hafa sýnt svo ljóslega fram á, að lsj. getur eigi lagt fje það til bankans, sem hjer er gjört ráð fyrir; þar að auki er áhættan fyrir lsj. eigi lítil. Menn ættu því vandlega að athuga þetta mál. Mjer fyrir mitt leyti er óskiljanlegt, hvernig banki á að geta staðizt. Á síðasta þingi áleit jeg að lánsstofnun væri reynandi, en jeg hygg bankann alls eigi reynandi. Hvað hugsa menn sjer með banka? Hann á að vera lánsstofnun. Hann á sjerstaklega að lána móti veði eða víxlum um stuttan tíma. En hverjir eiga að nota hann? Landsmenn geta eigi notað hann, því að þeir þurfa að fá fje að láni, til þess að kaupa jarðir, byggja hús o. s. frv. Þeir verða að geta haft fjeð að láni um all-langan tíma. En er bankinn þá fyrir kaupmenn? Geta þeir lánað eða ávísað upp á hann? Kaupmenn hjer geta eigi ávísað upp á hann, því að þeir kaupa vörur sínar erlendis og seljendur vörunnar geta eigi notað ávísun upp á banka hjer. Kaupmenn erlendis geta heldur eigi notað hann, því að þeir geta eigi ávísað upp á hann; þeir setja ekkert veð hjer, og bankinn mundi nauðugur vilja lána upp á veð erlendis, og jafnvel nauðugur taka víxla upp á erlenda menn, því að það er óhentugt að þurfa að sækja fje sitt í önnur lönd. Jeg sje heldur eigi, að íslenzkir kaupmenn þurfi þessa peninga við, því að öll verzlunin er þannig á sig komin, að þeir flytja eigi peninga inn í landið, heldur þvert á móti flytja peninga út úr landinu, og það leiðir auk annars af því að afrakstur landsins er minni heldur en aðflutningarnir; það sýna auk annars skuldir landsmanna. Þess vegna er lánstofnun ein reynandi, og þess vegna þykir mjer mjög varhugavert að verja þessu mikla fje út í bláinn, sem lítið útlit er fyrir að komi að notum, en hætta mikil fyrir lsj., því allur kostnaður leggst á hann.

Grímur Thomsen: Það lýsir sjer á umræðunum, að hjer er margt að athuga. Jeg skal að eins benda á, að í 2. gr. er talað um að verja til bankans 500,000 kr.; þetta er skoðað sem tillag. En á öðrum stað er talað um að verja til hans 15000 kr., en það er skoðað sem lán. Bankinn á nú víst að fá hvorttveggja úr lsj. og þykir mjer þetta undarlega til orða tekið; það er líkt og maður færi í búð og bæði að gefa sjer 50 kr. en lána sjer 15 aura. En það er og annað athugavert við þetta, því að það gjörir vafasamt, hvort bankinn er landsbanki eða eigi. Ef hann er landsbanki, á að gefa allt fjeð, en ef hann er það eigi, ef hann er privatbanki, þá á hann einungis að fá fjeð að láni. Þótt h. h. forseti hafi bent á, að þetta mál hafi verið í n. í e. d., þá furðar mig þó stórum á, að málið skyldi geta komizt í gegnum hana, svona úr garði gjört. Athugasemdir h. h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) sanna mitt mál, en jeg er hlynntari bankanum en hann, og því vona jeg að menn verði á því með mjer, að það er eigi einungis þarft að setja n. í málið, heldur og nauðsynlegt.

Jón Ólafsson: Af því að nú er 1. umr. málsins skal jeg eigi fara út í hinar einstöku greinir frv.; jeg er samdóma hinum h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) um, að koma megi með brtill. við hinar einstöku greinar og laga þannig frv., en að stinga upp á n. nú, þegar svo er orðið áliðið þingsins, álít jeg sje að eins til þess að fella málið. Þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) hjelt að menn mundu hjer á landi ekki getað notað bankann, því að sú þörf, sem mest væri hjer, væri að fá langan lánsfrest. Þessi þörf er líka til hjer, en það er þó fullt eins opt að menn þurfa fljótt á lánum að halda að eins um skamman tíma til þess að geta sparað sjer selflutning á peningum, og geta lagt fje í bankann til geymslu og geta svo gefið ávísun upp á hann. Hann sagði að kaupmenn mundu ekki þurfa að nota bankann, því að þeir flyttu ekki peninga inn í landið, heldur út úr landinu. Það getur verið að þetta sje svo í Reykjavík, og eptir því dæmir þm. allt landið, því að hann hefur aldrei fyrir utan Reykjavík verið, síðan hann var barn, og þekkir ekki hvernig til hagar með verzlun annarstaðar en þar. En jeg get sagt honum það að fyrir utan Rvík flytja kaupmenn víða peninga inn í landið, að minnsta kosti er það töluvert á Austurlandi. Kaupmenn eiga og við fleiri að skipta en verzlunarmenn sína, þeir þurfa að greiða tolla, og mjer sýnist þingið hafa gengið í þá átt að þeim muni heldur fjölga en fækka framvegis. Þeir þurfa að hafa mikla peninga til þess að standast slíka greiðslu, og

það er þeim mikið óhagræði að þurfa að liggja með þá arðlausa út á einhverju landshorni, þangað til þeir þurfa til þeirra að grípa; það væri því ólíku arðmeira að geta lagt þá í banka í Rvík og ávísa svo upp á hann. Enn fremur er það, að eins og nú er, þá eru á hverju ári fluttir út margir tugir þúsunda af fjenaði og hestum, og er það þá bæði ómak, kostnaður og áhætta að flytja marga tugi þúsunda króna í gulli og silfri út um allt land til þess að kaupa þennan fjenað fyrir; jeg held því að þessir menn mundu fegnir vilja nota bankann. Síldveiðamenn, sem hjer koma margir á hverju sumri, þurfa og að hafa mikið af peningum fyrir liggjandi, því þeir verða að taka alla þá peninga með sjer sem þeir þurfa að brúka yfir sumarið, áður en þeir fara frá Noregi, en vita þá eigi hversu mikil útgjöld þeirra kunna að verða; væri þá ekki munur fyrir þá að geta látið þessa peninga liggja í banka hjer og geta gefið ávísun upp á hann, hve nær sem þeir þurfa á fje að halda? Jeg vona að þetta sýni ljóslega, að það er ekki rjett, sem þm. Rvk. tók fram, að þörfin væri svo lítil fyrir banka og fáir mundu nota hann. Jeg skildi eigi vel í hverju sambandi það stóð við banka, þar sem hann sagði, að afrakstur landsins væri miklu minni en sem svaraði því, er innflutt væri; en með hverju borgum við þá það sem innflutt er meira en afrakstrinum svarar? Þar sem hann minntist á verzlunarskuldirnar þessu til sönnunar, þá komst hann í mótsögn við sjálfan sig, því einmitt hið mikla lánstraust, sem landsmenn hafa hjá kaupmönnum, sýnir, að þeir álíta, að landsmenn muni með vörum sínum ekki einungis geta borgað það, sem þeir þurfa að brúka af innfluttum vörum heldur einnig gamlar skuldir.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla að gjöra stutta aths. Ef kaupmenn flytja peninga inn í landið, því er þá allt af verið að kvarta um peningaeklu í landinu? Það er ljós vottur um, að kaupmenn flytja meira af peningum út úr landinu en inn í það um land allt, að menn ávallt eru að kvarta um peningaeklu, því að peningaeklan gæti eigi átt sjer stað, ef kaupmenn flyttu meiri peninga inn í landið en út úr því.

ATKVGR.: Samþykkt 5 manna nefnd og kosnir í hana:

Arnljótur Ólafsson	með	19 atkv.
Grímur Thomsen	—	18 —
Eiríkur Briem	—	17 —
Tryggvi Gunnarsson	—	15 —
Þorkell Bjarnason	—	12 —

Lfrv. um útflutningsgjald af hrossum (C 279); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Þegar um tolla er að ræða, þá geta menn haft tvöfaldan tilgang með hverjum toll sem vera skal. Í fyrsta lagi er tilgangurinn að auka tekjur lsj., og í öðru lagi leggja menn útflutningstoll á vöru, sem menn vilja ekki að flytjist út, og innflutningstoll, þegar menn vilja síður fá vöruna inn í landið. Þá er tilgangurinn að gjöra gagn með tollinum á annan hátt en beinlínis að auka tekjur landsins.

Það sem hefur vakað fyrir oss ustm., er það, að hrossaverzlunin er sem stendur sjerlega athugaverð. Það er kunnugt að eins þörf og hrossin eru oss Íslendingum, eins óþörf eru þau þegar þau eru of mörg. Það er eðlilegt þó að hrossunum fjölgaði meðan verðið á þeim var svo hátt einar 80—100 kr,, en nú er verðið ekki nema helmingur við það sem verið hefur, en þó hefur hrossunum ekki fækkað í landinu. Nú hafa 2 harðir undanfarandi vetrar sýnt hversu óskynsamleg þessi mikla hrossaeign er, því að það er ljóst að hestafjöldi á mikinn þátt í fellinum, ekki einungis vegna þess að hestarnir koma á heygarðinn þegar tekur fyrir hagann, heldur líka vegna þess að þeir hafa uppurið allt beitilandið og gjört það ónýtt fyrir sauðfjenaðinn.

Frv. hefur þess vegna bæði þann tilgang að auðga lsj., sem ekki veitir af; það mætti og verja fjenu sem inn kæmi til vegabóta, svo að það kæmi hrossunum til góða, og um leið þann tilgang að kenna mönnum að ala ekki ofmikið upp af hrossum, en ala þau betur upp en áður, og mundi það borga sig hvort sem hrossin væri ætluð til sölu eða til brúkunar heima; það kostar aldrei eins mikið að ala upp 1 hross vel og 2 ljelega hvorki á högum nje heyi.

Jeg er viss um að allir ksynsamari bændur á Suðurlandi sjá hversu þessi hrossafjöldi er óþarfur og skaðlegur. Afrjettirnir eru litlir hjer á Suðurlandi víða, og allir skemmdir af hrossafjöldanum; eins eru vetrarhagarnir. Jeg veit dæmi til þess, þar sem

1 eða 2 tryppi hafa valdið felli á sauðfje; kæmi útflutningstollur á hestana, þá væri það bending fyrir bændur að fara hyggilegar að ráði sínu í þessu efni.

Menn hafa horft allt of mikið á þennan gullstraum, sem rennur inn í landið fyrir hrossin, en ekki að sama skapi gætt hins óbeina tjóns sem af sölunni leiðir eða rjettara sagt af miklu hrossa uppeldi, sem leiðir af söluhugsuninni. Jeg vona að hin heiðraða deild íhugi þetta mál vandlega. *(L. Bl.:* Setja nefnd). Jeg skal taka það fram að jeg álít n. óparfa. Það má breyta upphæð tollsins og hinum einstöku gr., ef vill, en jeg skoða að þeir sem nú stinga upp á n. þegar svona er liðið á þingtímann, gjöri það að eins til að svæfa málið. Það er skylda þingsins að ræða þetta mál, og vona jeg því að það fái að ganga til 2. umr.

Friðrik Stefánsson: Jeg skal játa að 1. þm. Á. (Þ. G.) talaði búhyggnislega um það að ofmikil hrosseign væri óþörf. En jeg verð þó að segja um þetta frv., að það sje ótímabær burður, það getur flm. (Þ. G.) sjálfur bezt sjeð á því, að frv. til laga um útflutnigstoll á öllum landvarningi sem átti að koma í staðinn fyrir ábúðar- og lausafjárskatt, er nú fallið hjer í deildinni, og búið að snúa því upp í aðflutningstoll á tóbaki og brennivíni, og fór þó það frv. ekki lengra en að leggja 1 kr. á hrossið í útflutningsgjald. Þegar svona gekk um þetta frv., sem tók þó allan landvarninginn fyrir, hyggur flm. og hinir aðrir ustm. að það geti komið til tals að leggja gífurlegan toll á hrossin eða 4 kr. á hvert útflutt hross, sem nú sem stendur má ekki heita nema 1 kaupandi að, hinn enski hestakaupmaður? Því vilja þá ekki uppást.mennirnir fara lengra og leggja toll á útflutta sauði? Því það sjá allir að útflutninsgjald á hrossum kemur eingöngu á nokkrar sýslur: 3 fyrir norðan, 3 fyrir sunnan og 1 í vesturamtinu, og væri sannarlega hart að leggja þær í einelti, til að auðga landssjóðinn.

Jeg vil og benda mönnum á það að hross eru nú tíunduð fullhátt móts við annan pening, og nú er líka komin tíund á tryppin, og sem einmitt komst á 1877 eptir að fellt var útflutningsgjald af hrossum. Og þessi tíund er mjög óvinsæl, þar sem jeg þekki til, þó ekki sje farið að leggja þetta gjald á þau líka.

Þm. sagði allir skynsamir menn hjer á Suðurlandi sæu hve skaðlegur hrossafjöldinn væri. Nú vil jeg spyrja hann, hvort svo til hagar hjer fyrir sunnan, að hinir heimskari hafi ráð fyrir hinum skynsamari? Jeg vona að það eigi sjer ekki stað, og menn muni brátt átta sig á því, hvað þeim er fyrir beztu; það eina sem þingið ætti að gera, til að takmarka ofmikla hrossaeign, væri að gefa sveitarstjórnunum vald til að meta, hvað mörg hross ættu að vera á hverri jörðu, en samt held eg það megi bíða eptir landbúnaðarlögunum, því þau hljóta að hafa ákvörðun um það, jafnvel þó búast megi við, að það dragist nokkuð enn að þau komist á; þá er þess að gæta að sauðfjenaður hefur fækkað svo mikið að undanförnu, að því minni skortur hlýtur að vera á hagrými, þó hross væru á sumum stöðum helzt til mörg. Jeg veit líka til þess, að fyrir norðan, í Húnavatnssýslu og í Skagafirði, hefur hrossum fækkað hin síðustu ár.

Mjer þykir það hart af þm. að hann skuli vilja leggja toll á kjósendur sína, nema það skyldi vera til þess að hugga þá eptir að þingdeildin felldi frv. til laga um að landssjóðurinn legði fje til að byggja brú yfir Ölvesá. Vilji þm. ekki taka frv. aptur, þá sje jeg ekki annað rjettara en að setja n. í málið, en helzt vil jeg mæla fram með því að þingd. felli það.

Vjer tölum mikið um að fá peninga inn í landið, og í dag hefur þingd. haft til umr. frv. til laga um bankastofnun til þess að ráða bót á peningaeklunni, en eigum vjer þá um leið með þessu útflutningsgjaldi að setja slagbrand fyrir það, að peningar komi inn í landið þá leið sem á mörgum stöðum hingað til hefur að kalla verið sú eina? Jeg skil eigi að nokkrir vilji samþykkja það, nema ustm. sjálfir.

Hagfræðingar í útlöndum álíta að útflutningstoll eigi að leggja á þá vöru sem maður sízt vill missa út úr landinu, en h. h. 1. þm. Á. (Þ. G.) virðist eigi að heyra þeim skóla til, þegar hann vill meina landsmönnum að verða af með hin óþörfu hross sín.

Grímur Thomsen: Jeg er þessu frv. mjög hlynntur, því jeg hygg að það geti orðið til góðs. Hrossasalan er, nú sem stendur, — og jeg get borið um það, því að jeg sel sjálfur hross, — fremur til ills en góðs. Margur maður lætur þetta vaxa upp hjá sjer, ekki eins og skepnur, heldur eins og strá á jörðunni, í þeirri von að fá 30—40 kr. fyrir tryppið þegar það er þre-

veturt. Það var allt annað mál, þegar hrossin voru í 100 kr.; en nú er verðið svo lítið að það er ekki tilvinnandi að ala upp hross, og þá kvelja menn þeim upp, sjálfum sjer til skammar og skaða. Jeg skal að eins geta þess, að mjer þykir tollurinn heldur lágur; jeg vil heldur setja 5 kr. í staðinn fyrir 4 kr. Um undanfarin ár hafa upp og niður verið seld út úr landinu 3—4000 hross, og gæti maður fengið 15000 kr. á ári af þessum söluhrossum, þá kalla jeg það sannarlega gott fyrir lsj.

Þorkell Bjarnason: Það er langt síðan menn hafa fundið hjer á landi, hvað ofmikil hrossaeign er skaðleg og sízt mundi Skúla fógeta hafa grunað það, er hann var sýslumaður Skagfirðinga og reyndi að koma samkomulagi á við bændur í firðinum um að fækka hrossum, að þingmaður Skagfirðinga talaði 140 árum síðar á móti frv., sem fer í sömu stefnu og samþykkt hans, nefnil. að hemja óhóflega og skaðlega hrossaeign. Allir munu vera samdóma um það, að ofmikil hrossaeign er skaðleg fyrir búnaðinn. Þm. Bf. (Gr. Th.) hefur sýnt fram á, hvernig hrossin eru látin vaxa upp eins og sina á jörðunni, og þegar hart fellur, þá eru þau sumstaðar látin ganga þangað til þau falla eða þau eru tekin á hey og gjöra þá opt annan pening ófæran, og verða þannig orsök til stórfellis. Af því hrossin eru þannig tíðast látin ganga úti og alast á jörðunni nálega eingöngu, þá verða þau illa upp alin, og eru því í lágu verði. Þm. Skg. (Fr. St.) þótti þetta frv. «ótímabær burður» af því annað frv. um útflutningstoll af ull, dún, fiðri o. fl.. kom breytt úr n., en jeg vil benda honum á, að þetta frv. hefur nokkuð annan tilgang en hitt. Það hefur þann tilgang, að auka aukatekjur lsj. og líka þann, að takmarka þessa óþörfu hrossaeign. Hann sagði einnig, að ef ætti að leggja toll á hrossin, þá ætti einnig að leggja toll á sauðfje; en það held jeg ekki geti komið til álits. Jeg held hver góður bóndi vilji hafa svo margt sauðfje, sem jörð hans ber, og það sje gagnlegt, en fleiri hross, en þarf til flutninga og annara heimilsþarfa eru skaðleg. Það er satt sem flm. (Þ. G.) sagði, að flestir skynsamir menn eru á því, að hrossafjölgun sje skaðleg; en þar af er ekki hægt að draga þá ályktun, að hinir heimskari ráði yfir hinum hyggnari. Hinir hyggnu búmenn hafa engin ráð til að koma í veg fyrir, að hinir óhyggnari búmenn fjölgi hrossum. Jeg held að jafnvel þó við þm. Skg. (Fr. St.) værum nágrannar, og hann ætlaði mig «miður hyggginn búmann» og skipaði mjer að fækka hrossum mínum, þá segði jeg, að jeg mundi hafa það af hrossum, sem jeg hjeldi, að jörðin bæri, og mundi ekki fara að því, þó hrossin mín gengi við og við á honum; honum væri til lítils að tala um það við mig, því að jeg mundi fara fram mínum ráðum, treystandi því, að hann hefði engan rjett til að takmarka hrossaeign mína. Sem sagt, jeg held þetta frv. sje alveg nauðsynlegt, einkum eins og hagar til sumstaðar hjer á Suðurlandi, og jeg felli mig vel við þá tillögu þm. Bf., að hækka tollinn. Jeg ætla, að þá mundu menn síður ala upp hross að óþörfu, eins og sinustrá í haganum, heldur miklu fremur á húsum og heyjum; þá gæti það verið hættulaust að ala þau upp, og þá mundi það borga sig betur; vel upp alin hross mundu margfallt útgengilegri, en hinar vesælu útigangsskjátur.

Jeg vona þd. sjái að málið er nauðsynlegt og láti það fá framgang.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Hinn 2. þm. G. K. (Þork. B.) hefur svarað 1. þm. Skg. (Fr. St.) að mestu. Mjer fannst hann fara ómjúkum orðum um frv. Honum þótti það ótímabær burður. Jeg skal játa, að það er það að því leyti, að það hefur komið of seint fram. Jeg verð að öðru leyti að halda, að honum sje gefin meiri málsnilld á þingi en búheppni í hjeraði heima. Jeg get vel trúað því, að Skagfirðingar sjeu lengra komnir í því, að setja vel á hey, og hafa hús fyrir hesta sína, en jeg hygg þó, að Skagafjörður sje allt of mikil hrossasýsla. Hann talaði um að tryppatíund væri óvinsæl. En það væri gaman að vita hvað mörg tryppi eru tíunduð, sem eru útflutt. Það er fróðlegt að fá hagfræðislega skýrslu um, hvað mörg tryppi eru tíunduð í landinu, og hvað mörg útflutt. Jeg held þar komi ekki öll kurl til grafar og muni ekki stór skaði fyrir lsj. Jeg vildi ekki fara fram á að aftaka tíundina vegna prestanna og kirknanna. Ef maður fengi yfirlit yfir það sem út er flutt af hrossum, og það væri borið saman við tíundartöflurnar, þá sæist bezt, hvort hvert tryppi er talið fram og tíundað.

Hann var og að tala um, að jeg vildi leggja toll á kjósendur mína. Já, jeg er viss um þeir þökkuðu mjer fyrir þann toll.

Meir að segja, ef þessi tollur hefði verið lagður á, þó ekki hefði verið nema fyrir Árness- og Rangárvallasýslu, þegar hrossasalan byrjaði þar, þá væri nú kominn drjúgur sjóður, og jeg vil segja svo mikill, að þeir væru færir um að byggja fyrir hann brú á eina á eða jafnvel tvær, og það væri þó þakkavert, þegar ekki fæst fje til þess á annan hátt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að taka fram 2 röksemdir við frv. þetta. Önnur er sú, að jeg er alveg á móti því, að leggja útfl.toll á vörur hjeðan í því skini að aptra mönnum frá að framleiða vöruna; sú setning er horfin. Hitt er annað mál, að aðflutningsgjald af brennivíni er ekki beinlínis til þess að hindra innflutning þess, heldur af því, að það er óþörf vara.

Menn geta alltaf rifizt um gagnsemi og ógagnsemi hrossa, vegna þess að ein jörð er löguð fyrir hross, önnur fyrir sauðfje og sú þriðja fyrir kýr. Nú finnst mjer ekki rjett að leggja eina vöru í einelti, heldur hitt að leggja á alla landvöru eins og sjávarvöru, eptir rjettum jöfnuði, það er verði hvers hlutar. Það má ekki setja lög um að fyrirgirða hrossaeign; það á sveitarstjórnin og búskaparvitið að gjöra. Ef mín jörð er vel löguð fyrir hrossaeign en miður fyrir sauðfje, eður alls ekki fyrir það, þá segi jeg við flm.: Vilt þú kenna mjer hentugri og happasælli búskap með því að setja toll á gripi mína og gjöra mjer þannig örðugra fyrir að hafa fullt gagn af þeim, þá gjöri jeg það sama við sauðabóndann; jeg set drepandi toll á sauðfje. Þannig kemur upp stríð milli manna, sem þó stunda sama atvinnuveg.

Hin röksemdin er sú: Nú liggur hjer fyrir lfrv. um að ljetta af lausafjárskattinum einungis til bráðabirgða, en setja meiri toll á áfenga drykki og tóbak, og þó að meiri hluti n. hafi komið með bratkv. um að afnema alveg lausafjár- og ábúðarskattinn, þá ætla jeg, þegar jeg virði fyrir mjer þessa föstu stefnu þd. í þessu máli, — að bratkv. fái ekki framgang, heldur frv. Þar af leiðir þá, að eitt af fyrstu verkefnum næsta þings verður að smíða lög, er veita lsj. fullar tekjur í staðinn fyrir lausafjárskattinn og ábúðarskattinn, og jeg geng ekki frá því, að einmitt útflutningstollur af öllu, bæði sjóarvöru og landvöru, er einmitt langhentugastur fyrir oss. Það er alveg sjerstakt ástand þessa lands, að útflutningstollur er hentugri fyrir oss en aðflutningsgjald af öllum öðrum vörum en brennivíni og tóbaki, og sá tollur er orðinn svo hár, að kaupmönnum er víst ekki um, að hann sje hækkaður, og jeg vil vera kaupmannavinur, ekki síst þeirra, sem sitja í þd.

Þannig er þá þetta frv. brot af þessu stóra tollmáli. Jeg vil þá biðja flm. að taka þetta frv. aptur, ef frv. um stundarhækkun á tolli á áfengum drykkjum gengur fram, og vil jeg svo hugga hann með því, að frv. í þessa átt mun ásamt öðrum tollmálum koma fyrir næsta þing og þá skal jeg styðja hann í því að koma á útflutningstolli af hrossum. Jeg er ekki á móti, að þetta frv. gangi til 2. umr.; þá er hægt að sjá hvernig hinu frv. — um hækkun á tolli á tóbaki og áfengum drykkjum — reiðir af, og ef það gengur fram, þá virðist mjer rjettast að þetta frv. falli í bráðina.

Jakob Guðmundsson: Jeg skal fúslega játa, að of mikil hrossaeign gjörir víða mjög mikinn skaða, sumstaðar jafnvel óbætanlegan skaða. En af hverju kemur nú þessi nærri því óbætanlegi skaði, sem hross gjöra sumstaðar á jörðum bænda? Það hefur verið tekið fram í þingræðunum í dag, að hinir hyggnari menn sjái þetta, að jarðirnar sjeu í veði fyrir hrossayfirgang; en hvernig stendur þá á því, að þessir hyggnu menn skuli ekki fækka hrossunum? Það kemur til af því, að ráðdeildarmennirnir geta ekki vegna lagaleysis og óreglu í landinu fengið framgengt þeim rjettarbótum í þessu efni, sem þeir sjá, að eru nauðsynlegar. Óreglumenn ala upp hross, sem ganga öðrum til tjóns, og verður ekki komið í veg fyrir þetta, annaðhvort af því, að engin lög eru til, sem skipa mönnum að passa skepnur sínar svo þær gjöri ekki öðrum skaða, eða þá af því að lögunum er ekki framfylgt. Þó að jeg þannig sje nú samþykkur flutningsmanni þessa máls og ýmsum öðrum þm. um skaða þann, sem hestaeign, ef hún er hóflaus, veldur mönnum, þá get jeg þó engan veginn fallizt á þetta ráð, sem hjer liggur fyrir, til að afstýra þessum skaða. Jeg vil heldur bíða eptir nýjum og betri lögum, bíða þangað til landbúnaðarlögin eru komin í það horf að þau verndi rjett manna og ákveði skyldur manna í þessu efni. Jeg skal geta þess að jeg þekki jarðir, sem geta framfleytt mjög mörgum hestum alveg að skaðlausu

fyrir landið, ef skynsamlega er að farið. Ef hrossin nefnil. eru látin vera á vissum stað í landinu í stað þess að vaða um alla landareignina innan um málnytupening, þá sannast það, að «hross eru hagabót», því að þau bíta sinuna sem annars yrði jörðinni til skaða, ef hún fengi að vaxa og standa ár eptir ár. Jeg vil því allrasízt leggja toll á þessar einstöku skepnur.

ATKVGR.: Samþykkt að hætta umræðunum, eptir ósk 8 nafngreindra þingmanna.

Frumvarpið *fellt* frá 2. umr. með 11 atkv. gegn 11.

Frumvarp til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu (C 200); 2. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg verð að mæla með þessu frv., því að mjer sýnist það bein rjettarkrafa Rangvellinga, að þeir sjeu ekki skyldir að borga af þeim jörðum sem eru eyðilagðar; á þetta sjer einkanlega stað um 2 hreppa sýslunnar. Hjer stendur einnig alveg einstaklega á, allt öðruvísi en annarstaðar, svo jeg get ekki skilið, að nokkur hlutur geti orðið frv. þessu til fyrirstöðu, nema ef vera skyldi sá kostnaður, sem af því leiðir, að taka matsmenn; en hann getur þó aldrei orðið svo mikill eða óvægilegur, að nokkur munur verði að fyrir landsjóð. Jeg vil því benda á að það er sanngirnis- og rjettlætiskrafa sem mælir með þessu frv.

Jakob Guðmundsson: Þessi ósk Rangvellinga sýnist mjer svo rjettlát og sanngjörn, að mjer finnst maður gæti sp. frv. umræðulaust. Jeg finn vel til þess, hversu ósanngjarnt það er, að leggja gjald á jarðarhundruð, sem einungis eru nafnið eitt, og afnotalaus. Jeg vildi óska, að okkar jarðamatsmál kæmist sem fyrst í það horf að ekki þyrfti framar að kosta lundsfje til þess að meta þær upp. Jeg er frv. að öllu leyti samþykkur.

ATKVGR.: Fyrsta gr. frumvarpsins (C 200) samþykkt með 18 atkv.

2. gr. sþ. m. 18; 5. gr. sþ. m. 16;
3. — — — 17; 6. — — — 12:2;
4. — — — 16; 7. — — — 17;

Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Þrítugasti og sjöundi fundur, miðvikudag 8. ágúst kl. 12—3½. Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885. Tekjubálkurinn. (Frumvarpið C 85; nefndarálit C 245; atkvæðaskrá C 305). Önnur umræða.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg vona, að nefndarál. sje svo ljóst fyrir h. h. þm. og ástæður n. svo ljóslega teknar fram, að h. h. þm. þurfi ekki að vera í miklum vafa um hverjar ástæðurnar eru fyrir breytingum þeim, sem nefndin hefur gjört við stjórnarfrumvarpið. Jeg skal þó stuttlega ryfja breytingar þær upp, sem á hafa orðið stjórnarfrv. Það er þá fyrst 2. gr. frv. N. hefur gjört 2 breyt. við 1. tölul. Í fyrsta lagi hefur hún skipt honum í tvennt: þótti n. það ljósara og eðlilegra, þar sem hjer er um 2 ólíka gjaldstofna að ræða; annar þeirra er nokkurn veginn fastur og óhreytilegur, sem er ábúðarskatturinn, en hinn lausafjárskatturinn getur auðveldlegast breytzt. Í öðru lagi hefur n. breytt tölunum. Við höfum gjört ráð fyrir að fyrra árið muni skatturinn nema 35000 kr., og mun það varla of hátt til tekið, þegar þess er gætt, að árið 1881 náði hann 52000. Sú lækkun, sem n. gjörir ráð fyrir á þessum skatti, mun varla verða talin of lítil, því að þó gjört væri ráð fyrir, að hann lækkaði um helming, þá verða þó eptir 17000 kr. Seinna árið hefur n. þar á móti sett skattinn nokkru hærri, því að hún gjörir ráð fyrir að harðærinu verði þá svo af ljett, fjenaður verði farinn að fjölga að mun, og það að svo miklum mun, að ekki sje of hátt farið, þó að gjört sje ráð fyrir að lausafjárskatturinn það ár verði 5000 kr. hærri en fyrra árið; en allt um það vantar samt 12000 kr. til þess að hann nái sömu upphæð og hann náði 1881. 2. tölul. þessarar gr. hefur n. einnig hækkað lítið eitt. Það er kunnugt að húsum er allt af að fjölga og eptir því ætti skatturin að hækka líka, en veðskuldir fjölga og ávallt; en þær eru dregnar frá áður en gjaldið er greitt til landsjóðs. Tekjuskattinn (3. tölul.) höfum við aptur á móti lækkað, því að gjöra má ráð fyrir, að margur hafi misst nokkurs í við harðærið 4. tölul. hefur n. hækkað, því að aukatekjurnar fara allt af vaxandi. N. gat því ekki sjeð betur en óhætt væri, að setja þær að minnsta kosti eins hátt og þær voru 1881, en þá

voru þær 19,423 kr. Tölul. 5 hækkaði n. nokkuð, af þeirri ástæðu, að vitagjald fer allt af sívaxandi með vaxandi skipasiglingum fyrir Reykjanes. Tölul. 6, 7, 8 og 9 ljet n. óbreytta eins og þeir eru settir í stjórnarfrv. Tölul. 10 hefur n. þar á móti breytt. Það er auðvitað, að þessi tekjuliður getur jafnan breytzt, og verður að fara eptir aflanum, en sú hækkun sem n. fer fram á, virðist þó ekki of mikil, ef þess er gætt, að síðastliðið ár náði tollurinn þessari upphæð, og reikningar frá fyrri árum 1876 og 1877 bera með sjer, að hann náði þá fullum 20 þús. kr. og var þá þó enginn tollur á síld og hin mestu fiskileysisár. 11. tölul. hefur n. fært upp, úr 122,500 kr. upp í 125,000 kr. Árið sem leið var tollur þessi 147000 kr. og gat n. því enga skynsamlega ástæðu sjeð til þess, að setja hann hjer lægra en gjört er. 12. tölul. er hækkaður úr 16000 kr. upp í 18000 kr. og það af þeirri ástæðu að þessi tekjuliður fer allt af vaxandi. Tölul. 13 er hækkaður um 2000 kr. fyrra árið og 3000 kr. seinna árið, eða alls 5000 kr. Tekjur af póstferðum aukast allt af að nokkrum mun. En þar að auki hefur n. stungið upp á að auka póstferðum, eins og síðar kemur til greina við 12. gr., og hlýtur þessi aukning póstferðanna og að gefa af sjer aukning á tekjum. Hitt er annað mál, hvort tekjurnar aukast að sama skapi og í rjettu hlutfalli við gjöldin; en fyrir því er og ráð fyrir gjört í 12. gr. að talsverður munur hljóti að verða, og skal jeg geta um það á sínum tíma.

N. hefur breytt 3. gr. að tvennu leyti. Henni þótti fyrst og fremst rjettast. að taka allar jarðir landssjóðsins undir eitt, og gat ekki sjeð neina ástæðu til þess að Lundey þá væri ein undanskilin, eða að hún fylgdi brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu. Í öðru lagi hefur nefndin sett gjaldið niður. Við bjuggumst við, að landssjóður kynni að bíða nokkurn baga af harðærinu að því er innheimtu tekna snertir. Gjaldið hefur n. reiknað svo nákvæmlega út, að það mun varla vert að breyta þeirri upphæð, sem n. setur; en auðvitað breytist tölul. við það, að Lundey er tekin frá. 4. tölul. lækkaði n. vegna hallærisins. Við 4. gr. er það að athuga, að fyrri liðurinn ætlast n. til að standi óbreyttur, en síðari liðurinn þar á móti falli alveg burt, eins og jeg gat um við 1. umr.; verð jeg að biðja h. h. forseta að leita sjerstakl. atkvæða um þann lið gr., þegar þar að kemur. Þá skal jeg minnast á 2 aðrar breyt.uppást., sem komnar eru fram við þessa gr. Önnur er frá þm. Bst. (E. K.), og skal jeg geta þess um hana, að n. getur ekkert haft móti henni, eigi hún að skiljast eins og orðin liggja. Eptir því, sem orðin liggja beint fyrir, er ekki farið fram á annað en það, að leiga sú, sem fallin er í gjalddaga 1884 og 1885, megi borgast fyrst árið 1886 og 1887, og afborgun frestað um 2 ár; er hjer því ekki beðið um neina *uppgjöf*, heldur einungis *frest* á greiðslunni. Afleiðingin verður þá ekki önnur en sú, að skuldinni verður lokið 2 árum síðar en vera bar. Hin breyt.till. er frá h. hæstv. landsh. og fer fram á, að stjórninni sje veitt leyfi til, að verja 80—100 þús. kr. til að bæta úr hallærisvandræðum, sem uppá kynnu að koma. Þetta er nú að nokkru leyti samkvæmt ákvæðum n. í hallærismálinu; því að jeg tek það svo, að í breyt.till. sje meint lán, en ekki gjöf í þessu augnamiði. Nú ímynda jeg mjer, að það sje ekki skoðun landsh. að grípa skuli til þessa fjár fyr en brýnustu nauðsyn ber að höndum, sem vjer vonum að ekki komi fyrir, en þá liggur það beint við, að stjórnin hefur þegar svo stendur á heimild til að grípa til þeirra úrræða, sem nauðsynleg eru til að afstýra bersýnilegum voða. Þó er hjer eitt. sem jeg vildi minnast á. Í br.till. er tekin til viss upphæð 80—100 þús. kr. Það virðist vera óþarfi, að tilgreina upphæðina, því að enginn getur vitað fyrir víst. hverjar þarfirnar verða. N. þótti yfir höfuð br.till. þessi óþörf, af þeim ástæðum, sem jeg tók fram. En skyldi nú breyt.till. verða sþ. allt að einu, tel jeg sjálfsagt rjettast, að hún komi seinast í lögunum.

Við 1. tölul. 5. gr. er fram komin önnur brt. frá h. hæstv. lh., að í stað 4000 kr. komi 3650 kr. Jeg skal geta þess um þessa upphæð, að þar sem við Odda-prestakall stendur 300 kr., þá á það að vera 350 kr.; þetta er ekki annað en yfirsjón, eða prentvilla. En eptirgjöf þeirri, sem hjer er farið fram á, á eptirgjaldi af Oddaprestakalli, verður n. alveg að mótmæla. Slík lögboðin gjöld, sem þetta er, telur n. órjett að gefa eptir fyr en í fulla hnefana; verður n. því að að telja það allsendis skakkt, að gefa þessar tekjur eptir fyr en að full raun er á komin um það, að brýna nauðsyn beri til þess; en sú raun er enn ekki á orðin, og verður því að minnsta kosti að bíða þangað

til fjáraukalög næsta þings verða gefin út. N. hefur enn fremur lækkað 1. tölul. 5. gr. af þeirri ástæðu, að henni þótti ráðlegra að setja þessa tölu heldur of lága, en of háa, því að því verður ekki neitað, að hún kann að vera nokkuð óviss. Jeg held, að jeg hafi þá minnzt á öll þau aðalatriði, sem þörf er á að minnast, og skal því ekki tala lengra um málið að sinni.

Landshöfðingi: H. h. frsm. (H. Kr. Fr.) hefur gjört svo ljósa grein fyrir brtill. frá h. h. fjárlagan. og í n.álitinu eru þessar br. teknar svo greinilega fram, að jeg hygg að það hljóti að liggja ljóst fyrir h. h. þd., hvernig n. hefur hugsað sjer þær. Hjer er nú að eins að ræða um tekjurnar. Hefur n. fært þær upp um hjer um bil 25,000 kr. Þessi uppfærsla er ekki óverulег, þótt hún komi fram á mörgum einstökum tekjuliðum og sje ekki mikil á hverjum. En eins og jeg tók fram við fyrstu umr. þessa máls, þá þykir mjer þessi uppfærsla á tekjunum samt mjög ísjárverð, því að þetta eru allt áætlaðar upphæðir, sem enginn getur vitað um, hversu háar þær verða. Nú má reyndar svara, að þær upphæðir, sem til eru færðar í stjórnarfrumvarpinn, sjeu einnig áætlaðar og ekki vissar, en n. getur eigi betur vitað um hina rjettu stærð þessara áætluðu upphæða. Ef nú niðurstaðan væri sú, að afgangurinn af tekjum landsins væri mikill, þá gætu menn sagt, að eigi stæði á miklu hvort tekjurnar væru áætlaðar hærri eða lægri; en nú er eigi svo; afgangurinn er lítill og nálega enginn, og því þykir mjer uppfærslan ísjárverð, því að á þessum uppfærðu tekjum, sem enginn veit hvort nokkurn tíma koma í lsj., eru byggðar fjárveitingar eigi litlar, og þegar um tvennar fjárupphæðir, hærri og lægri, hvorutveggi áætlaðar, er að ræða, þá verður maður að játa, að sá byggir á fastara grundvelli, sem byggir á lægri upphæðinni, en sá, er byggir á hinni hærri; því þykir mjer ráðlegra og hættuminna fyrir þingið að fara eptir þeirri tekjuupphæð, sem stjórnin hefur stungið upp á, heldur en tekjuupphæð n. Þess vegna verð jeg eindregið að ráða til þess, að þessi hækkun verði eigi tekin til greina, og h. h. þd. haldi sjer við ust. stj. Eins og menn almennt viðurkenna, er eigi gott að segja um, hvort ein tekjugrein megi teljast 100 kr. meiri eða minni, en ef menn hækka hvern lið töluvert upp, þá mega menn fara að verða varkárir og nú hefur n. hækkað tekjurnar um 25000 kr. og byggt fjárveitingar á þessari uppfærslu, og því mega menn sjer í lagi vera varkárir. Þessar aths. mínar eiga sjerstaklega við 2. gr. Hvað 3. gr. snertir, þá hefur n. gjört lækkun í einu atriði og get jeg fallizt á þær tillögur n. En þar sem n. ræður frá því, að Reykjavíkurdómkirkju sje gefnar eptir leigur af láni hennar, þá finnst mjer sú ust. mjög varhugaverð, og held jeg n. hafi gjört sjer betri vonir um fjárhag kirkjunnar, en ástæða var til, því að það hafa komið fram kröfur um ýms gjöld, sem eru nauðsynleg; það þarf að kaupa til kirkjunnar ýmsa nýja hluti, sem hún getur eigi án verið, og sem eigi hefur verið tekið fram í yfirliti því, sem n. hefur haft fyrir sjer og byggt á álit sitt. Jeg held að reikningar kirkjunnar sýni, að fjárhagur kirkjunnar er eigi eins góður og n. álítur; því að þar sem n. einkum byggir á einstöku ári, þá er sá tekjuauki orsakaður af sjerstökum ástæðum og sjerstökum atvikum; þá voru nefnilega svo mörg legkaup af því almenn sótt geysaði yfir og manndauði var óvanalega mikill, en þetta vona menn að eigi komi fyrir að jafnaði. Ef dómkirkjan ekki getur staðið í skilum með vexti af láni því, sem henni hefur verið veitt, þá sje jeg eigi ráð til að fá þá, þegar kirkjan eigi hefur fje til; því þykir mjer eiga betur við að gjöra eigi ráð fyrir að dómkirkjan borgi meira en hún getur borgað. Enn fremur verð jeg að geta þess, að kirkjan er lsj. eigi óviðkomandi, þar sem hún í raun og veru er eign hans, eins og hann einnig áður hefur borgað til hennar. Þar sem sagt er í n.álitinu, að kirkjan eigi í jarðabókasjóði 966 kr., þá er mjer eigi ljóst, hvernig þeirri eign er varið. Ef nú hin h. þd. vildi láta borga þetta fje og það væri gjört, þá batnaði fjárhagurinn að vísu nokkuð og kirkjan mundi komast af á fjárhagstímabilinu. En jeg veit eigi, hvort telja má jarðabókarsjóðnum þessa fjárupphæð til skuldar, því þetta eru tekjuleifar kirkjunnar, er hafa verið greiddar inn í jarðabókarsjóð og taldar með hreinum tekjum jarðabókarsjóðsins en standa þar ekki sem depositum. Því verð jeg að minnsta kosti að telja eign þessa mjög vafasama.

Jeg hef leyft mjer að koma með vtill. við 5 gr., um að stj. veitist heimild til að verja allt að 100,000 kr. af innstæðufje viðlagasj. til að afstýra hallæri í landinu, ef brýna nauðsyn beri til. Hinn h. frsm. tók vel

undir þessa vtill. að efninu til, þótt hann væri henni í rauninni ekki hlynntur; hann tók það fram, að stj. hefði heimild til að verja fje lsj. til slíks, þótt engar sjerstakar ákvarðanir væru um það settar í fjárlögunum. Jeg er honum samdóma um það, að stj. hefur heimild til að verja fje af viðlagasj. til að afstýra stórum voða og vandræðum fyrir land allt, og jeg er líka viss um, að ekkert þing mundi neita um aukafjárveiting til slíks; en mjer finnst þó rjettara að þess sje farið á leit við þingið, þegar mikil líkindi eru til að slíkt geti fyrir komið á næsta fjárhagstímabili, og einmitt svo vel stendur á að þingið er saman komið. Hinum h. frsm. þótti þessi upphæð nokkuð óákveðin, en mjer skildist þó á honum að hann vildi heldur gefa stj. heimild til slíkrar fjárbrúkunar, án þess að hún væri bundin við neina vissa upphæð, en þá þykir mjer vtill. mín að minnsta kosti ákveðnari en tillaga hins h. þm., með tilliti til þess að stj. hafi þegar heimild til að gjöra það. Það er sjálfsagt að það yrði ávallt að vera á ábyrgð stj. að nota eigi þessa heimild nema brýnustu nauðsyn beri til, og nota ekki meira fje á þann hátt en ýtrasta nauðsyn krefði. En mjer finnst að stj. hefði þó, ef þessi vtill. yrði sþ., frjálsari höndur til að ráða fram úr þeim vandræðum, sem að höndum kynnu að bera. Þessi vtill. fer í líka stefnu og ust. hallærisnefndarinnar, og vona jeg því, að hún fái meðmæli hjá þeim þm., sem voru þeirri ust. hlynntir. Ef engin ákvörðun væri sett um þetta efni í fjárlögunum, þá yrði stjórnin í meiri vafa, hvenær hún mætti grípa til þessara úrræða, einkanlega ef það skyldi koma fyrir, að hún yrði neydd til að veita fjeð án þess að það væri sem lán, því það tilfelli getur auðveldlega komið fyrir. Það eru 2 ár þangað til næsta alþingi kemur saman, og á þeim tíma getur margt komið fyrir, en það er skylda stj. og þingsins að sjá um að vandræðum verði afstýrt, ef þau skyldu bera að höndum á þeim tíma. Jeg hef til tekið 100,000 kr. rjett af handahófi, en það getur náttúrlega komið fyrir að annaðhvort þurfi ekki svo mikið, eða þá ef til vill meira, og svo er um hverja þá fjárveiting, sem áætluð er, en mjer finnst það viðkunnanlegra að stj. hafi eitthvað að halda sjer til, en að ekkert sje ákveðið í því efni, engin upphæð tiltekin. Jeg vona að þessi vtill. fái beztu undirtektir hjer í d. og nái samþykki hennar. Þá er önnur brt. sem jeg hef komið fram með og hinn h. frsm. gat um, sem hljóðar um nokkra eptirgjöf á árgjaldinu frá Oddaprestakalli; jeg skal geta þess, að hjer er prentvilla á atkvæðaskránni, eins og frsm. gat um. að þar sem stendur 300 kr. hvort árið, þá á það að vera 350 kr., og þar af leiðandi eiga tölurnar á undan að lækka sem því svarar. Þessi ust. er samkvæm því sem fallizt var á í fjáraukalögunum fyrir 1882 og 1883, að því er liðna tímann snertir. Hinn h. frsm. tók ekki þvert fyrir að þessi eptirgjöf eða lækkun á árgjaldinu kynni einhvern tíma að verða veitt, ef nægar ástæður virtust þá til þess, en jeg held að menn geti nú þegar sjeð fyrir, að prestakallið muni ekki ná sjer svo aptur á næsta fjárhagstímabili, að það geti greitt þetta gjald allt, enda mun því veita fullerfitt að greiða þann helminginn af gjaldinu, sem það á að greiða fyrir það fjárhagstímabil, sem er að líða. Mjer finnst ekki rjett að telja það með tekjum og byggja svo aptur útgjöld á þessum tekjum, sem maður er hjer um bil viss um að ekki muni koma inn í lsj. Jeg leyfi mjer því að mæla með þessari brt. og vona að hin. h. d. fallist á að færa þessa upphæð niður, fyrir fjárhagstímabilið. Mjer gleymdist áðan að geta um eina tekjugrein í 2. gr., sem n. hefur ráðið til að færa upp, og það ekki svo lítið, sem er tekjur af póstferðunum. N. hefur ráðgjört að tekjur þessar mundu verða 27000 kr. í staðinn fyrir að stj. hefur áætlað þær 22000 kr., og þannig hefur hún grætt, eða aukið tekjurnar um 5000 kr. Þegar um eins óvissar tekjur er að ræða eins og af póstferðunum, þá held jeg að það sje mjög ísjárvert að byggja aptur útgjöld á því að tekjurnar aukist um 5000 kr. Það er líklegt að tekjur af póstferðum mundu eitthvað aukast, en jeg ímynda mjer að það yrði heldur lítið; það burðargjald sem kemur inn á vetrum, er vanalega heldur lítið, og þótt jeg sje þeirri ust. n. hlynntur að fjölga póstferðunum, þá held jeg að það muni ekki leiða, sízt í bráð, til svo verulegs tekjuauka, sem n. gjörir sjer von um. Mjer sýnist að þetta geti verið sem dæmi upp á hversu varúðarvert það er að byggja útgjöld á svo óvissri tekjuhækkun, sem þessi er, en sem hin h. n. hefur verið allt of gjarnt til að gjöra.

Grímur Thomsen: Jeg gat þess við 1. umr. og get ítrekað það, að jeg álít að hin

h. n. hafi yfir höfuð sýnt alla varfærni og áhuga á að spara landsins fje. Jeg gat þess og þá, að jeg væri ekki samdóma n. í 2 atriðum og liggur nú annað þeirra hjer fyrir, þar sem verið er að ræða tekjukaflann.

Hinn h. lh. sagði að n. hefði fært tekjurnar upp um 25000 kr. frá því sem það er í frv. stj.; en það er meira, því að það eru 29,200 kr. Ástæðurnar fyrir þessari hækkun eru skýrslur hins umboðslega endurskoðara fyrir árið 1882, því að n. hefur byggt mest á þeim, en jeg hygg að n. hafi eigi gætt þess að hinum umboðslega endurskoðara er að kalla ómögulegt enn þá að gefa fullnægjandi skýrslur fyrir næstliðið ár. Þeir sem þekkja til um reikninga landsins, vita að sumir reikningshaldarar senda reikninginn án þess að tilfæra hina einstöku liði, og það kemur fyrst fram við nákvæmari skoðun, hvað hverjum lið tilheyrir. Þess vegna er skýrsla endurskoðara fyrir umliðið ár ekki heppilegur grundvöllur að byggja á.

Það hefur áður verið vandi að byggja á 5 árum. N. virðist að hafa tekið tillit til 2 eða 3 undanfarinna ára.

Til þess að byrja á hinum 1. lið í 2. gr., þá hefur n. fært ábúðarskattinn og lausafjárskattinn upp um 5000 kr. N. setur lausafjárskattinn fyrra árið á fjárhagstímabilinu 17000 kr., en síðara árið 22,000 kr., það er að segja, *ef* árferðið verður ekki lakara en í meðallagi; en um það veit n. jafnlítið og við hinir og upp á þetta «ef» þykir mjer varlegt að færa upp þessa tekjugrein. N. færir það sem ástæður fyrir þessari ágizkan, í 3. klausu í 1. blaðsíðu nefndarálitsins, að fækkun penings í landinu hafi mest komið niður á veturgömlu fje og hrossum, en jeg verð þó að ætla að n. sje kunnugt að kýr hafa fækkað stórum í landinu, sem einmitt nema miklu í tíund. Það mun sjást þegar skýrslur koma fram um það.

Jeg vil gjöra þá almennu aths. við n., að það er jafnan gott og skynsamlegt að áætla tekjurnar í lægra lagi, og þau orð postulans eru rjett — og jeg vona að þm. D. (J. G.) sje mjer samdóma um það —, að menn eigi að búast við hinu illa, hið góða skaði ekki. Við töpum ekki eyri við það þó að við áætlum tekjurnar í lægra lagi, tekjurnar koma inn fyrir það. Annað mál er um útgjöldin, þau koma öll til útborgunar og jafnvel meira en áætlað er. Þess vegna er það alveg hættulaust að áætla lausafjárskattinn minni hið annað ár fjárhagstímabilsins; verði hann þessar 22000 kr., þá koma þær í lsj. hvað sem stendur í fjárl.

Aukatekjur í 4. tölulið hafa 1880 verið fullar 16000 kr., 1881 yfir 19000 og 1882 eptir skýrslu hins umboðslega endurskoðara, sem jeg verð að álíta óáreiðanlega, 23,000 kr.; n. ætlar á að það verði 19000 kr. á ári; það er byggt á hinu síðasta ári, sem ekki getur verið fullsjeð um hvað gefi af sjer.

Þá kemur vitagjaldið í 5. lið. N. hefur sett það 5000 kr. Það var 1880: 3750 kr., 1881: 4600 kr. og 1882: 6594. Það er að meðaltali 4981 kr. N. hefur því hækkað það eptir hinni sömu óvissu skýrslu.

Þá koma 4 liðir sem n. hefur ekkert að athuga við og eru sameiginlegir bæði í frv. stj. og nefndarálitinu, og gef jeg þeim fúslega atkvæði mitt.

Jeg held áfram og tek næsta lið fyrir. Það er útflutningsgjald af fiski og lýsi. Það kemur fyrst til greina 1881; þá var það 31,499 kr., og árið eptir, samkvæmt þessari margnefndu skýrslu 36,678 kr.; það er að meðaltali rúm 34,000 kr. Hvaða ástæðu hefur n. til að færa þessa tekjugr. upp um 2000 kr. frá því sem hún hefur verið að meðaltali þennan stutta tíma.

Aðflutningsgjaldið var af áfengum drykkjum 1880: 106,403 kr., 1881: 126,078 kr. og 1882 eptir hinni sömu skýrslu um 128,000 kr., að því er sjeð verður af nefndarálitinu. Meðaltalið af þessu verða fullar 120,000 kr., þegar innheimtulauni 2% dragast frá verða eptir tæp 118,000 kr. N. bætir þannig fullum 7000 kr. við á ári hverju, þar sem hún setur 125,000 kr. bæði árin. Þar á jeg bágt með að fylgja henni. Aðflutningsgjald af tóbaki var 1880: 17226 kr., 1881: 16723 kr. og 1882 enn eptir hinni sömu skýrslu: 19,236 kr.; meðaltalið af þessu er 17,395 kr., og að frádregnum 2 % 17049 kr. Hvað gjörir n.? Hún ætlar á að þessi tekjuliður verði 18000 kr. hvort árið fyrir sig um fjárhagstímabilið.

N. færir þannig alla þessa tekjuliði upp, án þess að hafa neinar verulegar ástæður til þess. Jeg skil mikið vel, hvernig þetta hefur gengið til, því að jeg hef líka setið í fjárln.

Þegar n. hefur litið yfir verk sín og sjeð hvað afgangurinn ætlaði að verða lítill eða minni en enginn, þá hefur hún hugsað sem svo: Þetta dugir ekki; útgjöldin er ekki hægt að færa niður, og þá er ekki

annað fyrir en að færa tekjuliðina upp. Svona er þetta sjálfsagt til komið.

Þá kemur 13. liður, tekjur af póstferðum. Þær voru 1880: 11152, 1881: 11553 og 1882: 13950 kr., eptir sömu skýrslu, sem í þessu atriði ómögulega getur verið áreiðanleg. Meðaltalið af þessu er 12151 kr. Hjer tekur n. einna stærst stökk, því að hún setur þennan tekjulið 13000 kr. fyrra árið og 14000 kr. hið síðara ár fjárhagstímabilsins. N. byggir náttúrlega á tekjuauka af hinu nýja fyrirkomulagi, sem hún vill koma á og sjá má af 12. gr. nefndarálitsins. En hefur n. nokkra vissu fyrir, að hin umboðslega stjórn vilji fylgja tillögum hennar og fjölga póstferðunum og koma þeim fyrir eins og hún álítur hentugast? Það væri því rjettast að halda sjer til hinna áætluðu upphæða í stj.frv., en í 18. gr. mætti setja þann fyrirvara, að þetta breyttist, ef hið tilætlaða fyrirkomulag kæmist á. Jeg er samdóma n. um það, að breyta fyrirkomulaginu, en líka samdóma hinum hæstv. lh. að búast eigi við miklum tekjuauka, þar eð póstferðum verður helzt bætt við á vetrardag, sem lítið gefa af sjer. N. segir að tekjur af póstferðum fari vaxandi ár frá ári og það er rjett þegar að eins er litið á hin síðustu ár, en 1876 og '77 voru tekjurnar af póstferðum mun hærri en 1878 og 79, nefnilega hjer um bil 9000 kr. seinni árin, en 11,000 kr. fyrri árin.

Það gengur þannig upp og niður með þessar tekjur og nokkuð undir atvikum komið. Það gengur ekki hjer til eins og í stóru og auðugu löndunum, þar sem pósttekjur aukast ár frá ári; samgöngum vorum er svo háttað, að því er ekki að treysta. Þess vegna neyðist jeg, þegar að þessum lið kemur, að greiða atkv. mitt fyrir stjfrv. og móti n.

Hvað 3. gr. snertir, þá er jeg alveg með n. Eins hvað 4. gr. snertir. Þar yfirgef jeg hreint stjórnina. En við 4. gr. vil jeg þó gjöra dálitlar aths. Jeg hef ekki viljað koma með bratkv., en leita fyrst upplýsinga hjá n., hinum hæstv. lh. og jafnvel einstökum mönnum hjer í deildinni. Svo er mál með vexti, að landið hefur lánað og á veð í 3 eignum, sem mjer finnst dálítið athugavert við. Þessar eignir eru Laugarnes, Elliðaárnar og kalkofninn. Viðvíkjandi Laugarnesi vil jeg leyfa mjer að spyrja hinn hæstv. lh., hvort ný virðing hafi farið fram á Laugarnesi síðan húsið þar var selt og rifið niður, svo að vissa sje fyrir að Laugarnesið sje enn veðbært fyrir þessum 3690 kr., sem lesa má um á 16. bls. stjfrv. Hvað Elliðaárnar snertir, þá kann jeg illa við að enn skuli standa eptir af andvirði ánna, eða fyrir laxveiðina í ánum 1600 kr., þegar ríkur maður á í hlut, sem stöðugt á í málaferlum við lsj. Hin 3. eignin var kalkofninn. Viðvíkjandi því atriði gæti jeg ef til vill snúið mjer til hins h. þm. M. (E. E.) og spurt hann, hvort lánið nú sem stendur gangi til að framkvæma það, sem til var ætlazt með láninu. Spurningin er um það, hvort kalkbrennsla fari fram í kalkofninum eða ekki. Jeg legg enga áherzlu á það þó að hún sje lögð niður í bráðina; en sje svo, að henni sje alveg hætt, þá er jeg mikið í vafa um, hvort eigi ætti að segja því láni upp þegar tilgangurinn næst eigi lengur og þar að auki vafasamt, hvort þá er lengur nægilegt veð í kalkofninum.

Þegar jeg hef fengið svar upp á þetta, get jeg skoðað huga minn um það, hvort vert sje að reyna að koma með bratkv. við 3. umr. þess efnis að segja upp þessum lánum.

Mjer láðist áðan að geta þess um póstferðirnar og tekjurnar af þeim, að skýrsla hins umboðslega endurskoðara fyrir árið 1882 hlýtur að vera svo vafasöm af þeirri ástæðu, að viðskipti hinnar íslenzku póststjórnar við dönsku póststjórnina eru aldrei útkljáð fyr en árið eptir og það seint á árinu; þess vegna getur endurskoðarinn ekki gefið örugga skýrslu um þetta fyr en seinna; en þessi viðskipti hafa mikið að þýða á reikningunum.

Hvað dómkirkjuna snertir er jeg ekki samdóma hinum hæstv. lh. Jeg get eigi ætlað að n. hafi villzt á því að kirkjan eigi þessar 966 kr. í jarðabókarsjóði; jeg þekki suma af hinum h. nefndarmönnum svo vel, að jeg veit að þeir færu ekki með það, ef þeir vissu ekki að það væri áreiðanlegt. Þegar svo er að kirkjan á þetta fje, sje jeg ekki ástæðu til að fara svo langt í tilslökunarseminni við hana sem stjfrv. vill.

Hinn hæstv. lh. á hjer bratkv., þess efnis að fá 100,000 kr. úr lsj. til hallærislána. Svo vondur sem jeg kann að vera, þá segi jeg það, að sje eða verði virkilegt hallæri á ferðum, þá vil jeg ekki að eins lána heldur gefa allan viðlagasjóðinn til að afstýra harðæri og manndauða, og alls ekki tala um vöxtu, eins og þegar brúin á Öl-

fusá var á ferðinni. Nei, þá er betra að gefa allan viðlagasjóðinn heldur en sníkja hjá Evrópu. En jeg er ekki svo góður í mjer að jeg vilji fyrir fram gefa lh., og er hann þó góður kunningi minn, leyfi til þess að verja þessu fje til útlána eptir því sem honum bezt lízt. Jeg þekki brjóstgæði hins hæstv. lh. svo vel, að hann kynni að ætla að hallæri væri komið þó að ekki væri full ástæða til þess. Þá vil jeg heldur ef að því kemur láta kalla saman aukaþing samkvæmt 6. gr. stjórnarskrárinnar; þingið er eitt bært að dæma um það hvort eigi að brúka 100,000 kr. af viðlagasjóði eða hann allan til þessa.

Jeg trúi því heldur eigi, að ekki verði komizt af með allar þessar gjafir og með lán það sem þessi deild hefur þegar leyft að verði lánað og nemur 100,000 kr. Dugi þetta ekki þá má stefna til aukaþings 1884. *(H. Kr. Fr.:* Hvað kostar það?). Það kostaði einar 5000 kr., en hefði þingið hönd í bagga þá held jeg að styrknum yrði ekki útbýtt eins og gjöfunum frá Englandi; jeg tala ekki um gjafirnar frá Danmörku; en ensku gjöfunum var sumstaðar útbýtt eptir kúafjölda, þannig að þeir fengu mest sem tíunduðu hæst.

Það er varasamt að gefa hinni umboðslegu stjórn heimild til þess að veita svo mikið fje áður en maður sjer, hvort brýn nauðsyn er til þess.

Hvað Oddaprestakall snertir, þá er jeg með n. að engin ástæða sje til þess að gefa einu af hinum stærstu brauðum landsins afgjaldið upp hálft eða heilt ár eptir ár. Slíkt eptirdæmi má þingið ekki gefa. Geti presturinn sem nú er í brauðinu ekki lifað þar með hinu lögákveðna eptirgjaldi, þá verður hann að sækja burtu, og þá getum við sjeð hvort enginn annar fæst til að sækja um brauðið, sem getur lifað þar.

Jeg skal að endingu brýna það enn þá einu sinni fyrir hinni heiðruðu þd., að það er engin hætta að áætla tekjurnar í lægra lagi, en það getur valdið vandræðum og orðið hættulegt að setja þær of hátt, því að þá fær maður á pappírnum afgang, sem kann að svíkja mann. Útgjöldin þurfa að byggjast á áreiðanlegum og vissum tekjum, en ekki á góðum vonum um tekjur, ef vel á að fara.

Eiríkur Briem: Hinn hæstv. lh. og hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) álitu ísjárvert, að fylgja n. í því, að færa upp tekjugreinir landssjóðsins frá því, sem áætlað er í stjórnarfrumvarpinu. Þetta gæti og sjálfsagt verið ísjárvert, að því leyti sem á því væri byggð veruleg hækkun útgjaldanna, en jeg skil svo, að í tekjudálkinum í fjárlögunum sje eigi um það að ræða, hvaða upphæðir sje víst að inn muni koma, því þá væri einnig stj.frv. of hátt. Mjer sýnist að eigi verði farið út í það, að tiltaka þær upphæðir, sem auðsjánlega minnst geta inn komið. Miklu fremur álít jeg að maður eigi að setja þær upphæðir, sem mest líkindi eru til að fari næst lagi. En það er auðvitað, að svo getur farið, að þessi upphæð komi ekki heim. Jeg skal játa það, að afgangurinn eptir nefndarálitinu er ekki nógur til að mæta þeirri lækkun, sem gæti orðið á tekjunum. En eins og jeg minntist á við 1. umr. frv., þá væri nú, ef annars nokkurn tíma, ástæða til að gjöra ráð fyrir, jeg vil ekki segja ávöntun, en litlum afgangi. Það er ekki mögulegt að fá vissu fyrir því, að þessi eða þessi upphæð komi út, því enginn liður getur verið viss af lausum tekjum; en eins og jeg áður gat um, virðist mjer bezt að fara sem næst því sem líklegt er, en ekki svo lágt eða hátt að maður væri viss um að ekki kæmi minna eða meira. Að því er snertir ástæðuna fyrir því, hver líkindi sjeu helzt til að upphæðirnar komi sem næst út, þá skal jeg viðurkenna, að það er mikilsvert, að byggja á skýrslum undanfarinna ára, en það getur maður því að eins með fullum árangri, að kringumstæðurnar sjeu hinar sömu. Nú eru ekki skattar af ábúð og lausafje settir með þeirri upphæð, sem reikningar undanfarinna ára sýna, að þeir hafa verið, því ástæðurnar eru nú aðrar og því veldur harðærið. En einmitt af sams konar ástæðum er aptur tilefni til að hækka sumt, þegar maður sjer að gjaldið að undanförnu hefur farið sívaxandi, og engin ástæða eða líkindi eru til, að það muni aptur rjena. Af þessum ástæðum hefur nefndin þannig hækkað húsaskatt, því auðsætt þykir, að húsum er allt af að fjölga og tekjugreinin því að hækka og af sömu ástæðu get jeg ekki álitið að nefndin hafi fært tekjugreinarnar upp meir en góðu hófi gegnir. Af tekjugreinunum hafa allar farið hækkandi undanfarin ár, og verið þannig hærri 1881 en 1880, nema tóbakstollurinn var dálítið lægri 1881 en 1880, og jeg ætla enga ástæðu að halda, að þær fari lækkandi. Hinum hæstv. lh. og hinum h. þm. Bf. (G.

Th.) þótti tekjurnar af póstferðunum settar of hátt. Jeg skal viðvíkjandi þessu geta þess, að stjórnarfrv. áætlar þessa tekjugrein 11,000 kr. bæði árin, en n. hefur fært hana upp í 13,000 kr. fyrra árið og 14,000 kr. síðara árið, og það fyrst af þeirri ástæðu, að reynslan hefur sýnt, að tekjugrein þessi síðan 1876 og 1877 hefur farið síhækkandi, og jeg veit enga ástæðu til að þessar tekjur verði minni þó póstferðunum verði ekki fjölgað; en þar sem n. gjörir ráð fyrir, að fjölga póstferðunum svo að kostnaðurinn vaxi um $^1/_3$, þá þykir mjer sennilegt, ef það yrði gjört, að tekjurnar hækki töluvert, þó engan veginn væri að sama skapi. En þetta getur verið komið undir álitum. Hinn h. þm. Bf. tók fram eitt formlegt atriði, er laut að því, að það þyrfti að setja ákvörðun um, að uppfærslan væri gjörð með þeim fyrirvara, að auknar póstgöngur kæmust á; jeg skal ekki segja að þetta ekki hefði verið nauðsynlegt, ef um önnur lög en fjárlög hefði verið að ræða, en ef það stendur þannig í fjárlögunum, má gjöra ráð fyrir því sem sjálfsögðu þegar þau hafa öðlazt staðfesting konungs, að fjárveitingin til fjölgunar póstferðanna verði notuð eptir tilganginum. Viðvíkjandi því sem hinn h. þm. Bf. tók fram, að 1876 og 1877 hefðu tekjurnar af póstferðunum verið meiri en 1878 og 1879, þá skal jeg ekki segja hvernig á því muni standa, en það mun hafa verið af því, að einhverjar sjerstakar ástæður hafa valdið því; þannig gæti jeg ímyndað mjer að það hafi komið af því, að póstferðunum hagaði þá öðruvísi til. *(Gr. Th.:* Nei, það kom af peningaskiptunum). Gott, að þm. gefur upplýsingu, sem er móti hans eigin málsstað. Þar sem hinn hæstv. lh. benti á, að n. hefði ekki fallizt á það, sem í stj.frv. stendur, að gefa dómkirkjunni í Reykjavík upp leigur af láni því, sem hún fjekk 1879, og að n. hefði of mjög byggt skoðun sína um hag kirkjunnar á einu einstöku ári, þá vil jeg taka fram, að n. að vísa kannast við, að tekjur kirkjunnar þetta umrædda ár hafi verið í einni grein óvenjulega háar, en hún áleit samt að tekjurnar með hagsýni gætu náð hjer um bil sömu upphæð framvegis, þó nefnd tekjugrein væri allt að helmingi minni, einkum af því að húsaskattur eykst svo mjög. Enn fremur tók hinn hæstv. lh. fram, að kirkjuna vantaði ýms áhöld. Stj.frv. hefur ekki minnzt á neina slíka fjárveitingu, og mjer virðist það haganlegra, að fje sem veitt yrði til slíks, væri veitt á öðrum stað með sjerstakri fjárveitingu, eins og t. a. m. þar sem í fjáraukalögunum fyrir 1882 og 1883 er beðið um fje til að kaupa fyrir altarisklæði handa Munkaþverárkirkju og hjer í fjárlögunum til viðgjörðar Vestmannaeyjakirkju. Viðvíkjandi þeim 966 kr., sem tilfærðar eru sem eign dómkirkjunnar, get jeg ekki sagt annað um það með fullri vissu, en að þannig var þetta eptir reikningum þeim, sem n. fjekk að láni; hvort það er skakkt í reikningunum eða ekki, skal jeg láta ósagt, en þannig hefur það stöðugt verið tilfært, og eptir öðru gat nefndin eigi farið.

Landshöfðingi: Undirtektir h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) gefa mjer tilefni til að lýsa yfir því, að jeg álít mjög nauðsynlegt að deildin samþykki þá brt. mína, að stjórninni veitist heimild til, ef brýna nauðsyn ber til að verja 100,000 kr. af viðlagasjóði til að afstýra hallæri. Þm. hjelt því fram, að stj. ætti ekki að gefast fyrirfram heimild til, að grípa til viðlagasjóðs til að afstýra hallæri, en benti á að hún ætti ef í raunirnar ræki að kalla saman aukaþingfund. Á þessu er jeg hræddur um að verða kynnu æðimiklir erfiðleikar og jeg held að stjórninni geti orðið mjög torvelt að gjöra ráðstafanir til að afstýra hallærisvandræðum, ef til þess ætti að þurfa að kveða alþing til aukafundar. H. h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) var á annari skoðun en þm. Bf. Hann hjelt því fram að stjórnin, hefði hvort sem tillagan yrði samþykkt eða ekki heimild til að grípa til fjárins ef brýna nauðsyn bæri til. Við þetta felli jeg mig betur. Að kalla saman aukaþingfund mundi verða erfitt og kostnaðarsamt eða jafnvel ómögulegt, ef til vill um hávetur, og gæti einnig orðið of seint. Jeg held að það væri með öllu hættulaust, þótt tillagan yrði samþykkt, því það get jeg fullvissað h. h. d. um að stjórnin álítur það skyldu sína að taka ekki til fjárins fyr en í fulla hnefana. Þm. Bf. (Gr. Th.) sagði enn fremur, að hann vildi ekki gefa stjórninni þessa heimild að raunalausu. En hjer er ekki um það að ræða að veita neina heimild að raunalausu, eða út í bláinn. Hjer eru kringumstæðurnar fyrir hendi, sem gefa ástæðu til, að óttast fyrir að vandræði kunni að koma upp á. Þessar kringumstæður, sem eiga rót sína í umliðnum harðindaárum, gjörðu það að verkum að jeg kom með þessa uppástungu. Jeg álít því, að skoðun hins h. þm. Bf. gjöri

það nauðsynlegt, að tillagan verði samþykkt. Eins og jeg áður tók fram hefur stjórnin fulla ábyrgð á því, hvernig fjenu yrði varið og hún mundi álíta sig skuldbundna til að grípa ekki til þess fyr en brýna nauðsyn bæri til, eins og líka hún mundi annast um að fjenu yrði varið á sem beztan hátt. Þm. Borgf. benti á að fjenu kynni að verða misjafnt varið og dró líking frá einhverjum gjöfum, sem landsstjórnin hefur ekkert haft með að sýsla. En jeg verð að ætla að sama hætta væri með fje sem veitt væri á aukaþingi, því stjórnin hefur hvort sem er fyllstu skyldu til að verja fjenu vel og ábyrgð á því, að því leyti slík ábyrgð getur átt sjer stað. Jeg vona, að allir verði að álíta till. eðlilega, mjög sanngjarna og nauðsynlega og jeg vona að d. samþykki hana.

Viðvíkjandi þeim upplýsingum, sem hinn sami h. þm. óskaði að fá með tilliti til nokkurra af þeim veðum, sem landssjóði er sett sem trygging fyrir láni einstakra manna, skal jeg geta þess, að því er Laugarnes snertir, að nýtt mat hefur að vísu nú ekki fram farið á þessari eign, en jeg verð að álíta að hún sje fyllilega veðfær og nóg trygging fyrir ekki stærri upphæð, þótt húsið sem í sjálfu sjer var lítils virði sem veð, væri rifið. Með tilliti til Elliðaánna, sem þm. einnig talaði um, vil jeg taka það fram, að jeg álít það engan sjerlegan velgjörning þó landssjóður eigi fje hjá manni, sem stendur í skilum, greiðir fulla rentu og setur veð fyrir skuldunni. Jeg fyrir mitt leyti álít engu skipta hver maðurinn er. Þm. talaði enn um litla skuld, sem landssjóður á hjá vissum mönnum. En jeg álít að það eigi hjer ekki við að fara út í einstök skuldaskipti landssjóðs. Að mínu áliti er hjer engin hætta búin þótt veðið fyrir þessu síðast nefnda litla láni að áliti þm. sje ekki mikils virði, því viðvíkjandi þessu láni er að mínu áliti landssjóðnum engin hætta búin, og eptir atvikum verð jeg að álíta veðið viðunandi, þótt þeirri atvinnu um stund hafi verið hætt, sem kalkofninn var notaður til.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Sumpart hefur þeim aths. verið svarað, sem fram eru komnar, sumpart verða þær varla teknar til greina. Jeg skal stuttlega svara hinum hæstv. lh. og þm. Bf. (Gr. Th.). Þeir sögðu báðir, að það væri áríðandi að áætla tekjurnar ekki of háar heldur *of lágar*. Þm. Bf. tók það fram, að það gæti aldrei orðið til skaða, þó að tekjurnar væru áætlaðar of lágar, því að það, sem afgangs yrði, rynni þó í landssjóð. Nei, það er langt frá, að á sama standi, hve lágt tekjurnar eru metnar. Þingið þarf að vita sem allra næst hinu rjetta, hverjar tekjurnar verða, því að hinn mikli munur, sem fram getur komið, ef því er ekki sinnt, getur orðið til þess að hepta allar framkvæmdir. Jeg verð því að telja hvorttveggja skaðlegt, bæði að ætlast of hátt og of lágt á tekjurnar. Það er ekki rjett að gjöra ráð fyrir versta ári, heldur ekki rjett að gjöra ráð fyrir bezta ári; við verðum að gjöra ráð fyrir meðalári, að svo miklu leyti sem ekki eru sjerstakar ástæður til að víkja frá þessari reglu. H. hæstv. lh. sagði, að það væri því ísjárverðara, að setja tekjurnar hátt, sem hinn áætlaði afgangur sje lítill. En jeg held, að n. hafi ekki sett tekjurnar hærra en svo að fyllsta ástæða sje til að búast við því, að þær muni fyllilega ná þeirri upphæð sem gjört er ráð fyrir.

Þm. Bf. (Gr Th.) byrjaði á lausafjárskattinum, og lagði mikið út af því, hvað kúnum hefði fækkað í þessu harðæri. Um þessa fækkun á kúm hafði n. engar skýrslur. En það má virðast ólíklegt, að þeim hafi fækkað um meira en helming. N. hefur gjört ráð fyrir, að allur peningur hafi fækkað um helming, hvort heldur er að ræða um hesta, sauðfje eða nautgripi; en nú er það þó auðvitað, að kúm hefur fækkað að tiltölu langminnst, svo jeg vona að þm. játi, að n. hafi farið hjer svo varlega sem framast mátti af henni heimta.

Vitagjaldið þótti hinum h. þm. nefndin hafa fært um of upp; en hann veit þó sjálfur, að vitagjaldið er allt af að hækka og verður enn að fara hækkandi, því allt af eykst tala þeirra skipa, einkum gufuskipa, sem hingað koma, og yfir höfuð að tala eykst skipaferð fyrir Skagann. Þá kemur útflutningsgjaldið. Þm. þykir n. hafa sett það of hátt. Jeg skal nú fúslega játa, að þetta er gjald, sem ýmist getur hækkað eða lækkað. En þegar þess er gætt, að jafnvel í verstu fiskiárum svo sem 1876 og 77 hefði útfl.gjaldið þó orðið um 20,000 kr. og þegar þess er gætt, að í fyrra varð útfl.gjald af síld 23000 kr., þó að síldarveiði brygðist mjög, þá get jeg ekki annað skilið, en að þm. sannsist á, að n. hafi ekki gjört ráð fyrir of háu gjaldi. Þó vjer tækjum þessi 2 óvenjulega slæmu ár, þá er gjaldið þó yfir 40000 kr., og hvaða ástæða er þá til þess fyrir n.

að búast við verri árum eptirleiðis en verstu ár hafa verið að undanförnu bæði að fiskiafla og síldarveiðum? Mjer hefði satt að segja þótt meiri ástæða til þess, að þm. álasaði n. fyrir að hafa sett þessi gjöld of *lág*.

Annað aðalatriði í útásetningum þm. var það, að n. hefði sett aðflutningsgjald af brennivíni ög vínanda of hátt, þar sem hún hefur hækkað það upp í 125.000 kr. og tóbakstollinn upp í 18000 kr. Jeg verð nú að benda h. h. þm. á, að síðastliðið ár, í sjálfu harðærinu, var tollur af brennivíni 147000 kr. og tóbakstollur 19000 kr.: get jeg því ekki sjeð að n. hafi farið hjer of hátt, þar sem hún setur þennan tekjulið 22000 kr. lægri en hann reyndist síðasta ár. 3. aðalatriðið var um póstferðirnar. H. h. 2. þm. Hv. (E. Br.) hefur sýnt nægilega ljóslega, að hjer er ekki of hátt farið. En auðvitað er það að þessi upphæð verður að breytast, ef þingið fellir tillögu n. um að fjölga póstferðum. Þar sem n. stingur upp á, að fjölga póstferðunum um $^1/_3$, en gjörir ekki ráð fyrir, að tekjurnar vaxi meira en um $^1/_5$, þá virðist hjer fullkomlega svo varlega farið sem þörf er á, og heimta má. Þm. Bf. (Gr. Th.) talaði enn um það, að skýrslur endurskoðunarmanns væru ekki svo áreiðanlegar, að á þeim yrði byggt með fullum rökum. Já, það getur vel verið, að einhver ónákvæmni kunni að finnast í þeim eins og öðrum skýrslum, en jeg verð þó að vekja athygli þm. á því, að það, sem er komið inn, það er komið inn. Skattheimtumenn munu ekki almennt borga meira en þeim ber, og fremur mun vera ástæða til að kvarta undan að á vanti það, sem inn á að koma, en að of mikið sje komið inn. Það er annars illa farið, ef þm. Bf., sem er svo góður liðsmaður, getur ekki fylgt n. í sumum atriðum, þar sem hann virðist geta fellt sig við sumar aðgjörðir hennar. N. hefur þó af sömu hvötum lækkað þá tekjuliði sem hún hefur lækkað, eins og hún hefur hækkað þá, sem hún hefur hækkað. Jeg get með engu móti verið samdóma h. h. þm. Bf. í því, er hann sagði um vtill. lh. Hann sagði, að það væri nauðsynlegt, að kalla saman aukaþing til að veita fje, ef alvarlegt hallæri ber að höndum. Þetta skil jeg ekki hvernig þm. hugsar sjer auðið. Hjer þarf skjót ráð til. Lh. getur ef til vill ekki sjeð fyr en næsta vor, t. d. í maímán., hvort nokkurrar hjálpar þarf; en þá yrði nokkuð seint að fara að kalla saman þing. Enda þarf þessa alls ekki. Landstjórnin verður að hafa heimild til að grípa til fjárins til að afstýra óumflýjanlegum vandræðum, þó að ekkert ákvæði liggi fyrir frá þinginu. En það verður auðvitað á stjórnarinnar ábyrgð að verja fjenu vel og skynsamlega, og að grípa ekki til þessa úrræðis nema bráðustu nauðsyn beri til. Annað mál er það, að slíkar aðgjörðir stjórnarinnar lægju undir þingið á eptir, og hefði stjórnin ekki gjört annað en það sem gjöra bar, og hlaut að gjöra, þá myndi þingið varla gjalda henni annað en þakkir fyrir. Jeg verð að taka það upp aptur, sem jeg sagði áðan, að verði þessi viðaukatill. lh. samþ., þá ætti hún að koma aptast við lögin.

Þar sem h. hæstv. lh. minntist á Oddabrauð, þá verð jeg að segja það, að jeg vil heldur gjöra Odda að uppbótarbrauði en að samþ. þá tillögu, ef presturinn getur ekki borgað helming afgjaldsins. Jeg held því föstu, að þingið geti ekki gefið þessar löglegu tekjur eptir, nema það sjái, að brýna nauðsyn beri til þess, en það getur þingið ekki sjeð nú, heldur fyrst 1885.

Þórarinn Böðvarsson: Hjer er að eins að ræða um tekjurnar, áætlaðar tekjur, um það, sem enginn maður getur vitað fyrir víst hvernig verði. Það, sem hjer er að fara eptir, er það, sem verið hefur, og eptir því hefur n. farið, og tel jeg að henni hafi yfir höfuð tekizt vel. Þó held jeg, að hún hafi eigi farið nógu langt, og held jeg að tekjurnar verði enda töluvert hærri, en n. hefur áætlað, svo framarlega sem eigi bera sjerstök vandræði að höndum, svo framarlega sem eigi dynur yfir mjög mikið harðæri og neyð bæði á sjó og landi. Ef sjóinn bregzt eigi mjög mikið, þá verður útflutningsgjaldið á fiski og lýsi töluvert meira en n. ætlar á. Sömuleiðis held jeg að ábúðar- og lausafjárskatturinn verði nokkrum mun meiri en hún fer fram á. En í einu atriði get jeg eigi fylgt h. h. n.; jeg held að pósttekjurnar sjeu áætlaðar of háar, og það þó að póstferðunum verði fjölgað eins og n. leggur til. En hvort sú fjölgun er skynsamleg, efast jeg mjög um, því mönnum hefur eigi þótt það lakast, hversu fáar póstferðirnar eru, heldur hitt, hversu óáreiðanlegar þær eru. Er það meðfram orsakað af því, hve erfiðar vetrarferðir eru hjer. Jeg vildi helzt að þessari fjölgun á póstferðum væri frestað um næsta fjárhagstímabil. Þess má meðal annars geta, að á veturna koma hingað suður margir sjómenn

að norðan, austan og vestan, og er þess vegna síður þörf á pósti um þann tíma. Suma liði hefur n. fært niður og þar á meðal 3. tölul. í 2. gr. um tekjuskatt og 4. tölul. í 3. gr. um tekjur af kirkjum, og gleður mig að sjá ástæður n. fyrir þessari niðurfærslu, þær sem sje, að hún kannast við að tekjur presta og kirkna hafi rýrnað í harðærinu, og vænti að h. h. n. muni til þess, þegar til útgjaldanna kemur og leggja á fátækum brauðum.

Hvað sjerstaklega dómkirkjuna snertir, þá ætla jeg að geta þess, að jeg er því máli kunnugur, því að jeg hef sjeð reikninga kirkjunnar, já, athugað þá og skoðað. Kirkja þessi er í því sjerstaklega ástandi, að engin vill eiga hana, hvorki lsj. nje söfnuðurinn, hvað þá einstakir menn. En um það get jeg ekki verið í neinum efa, að hún sje eign landssjóðsins, eins víst og sjálfsagt og nokkur önnur landssjóðskirkja. Kirkjan hefur verið eign landssjóðs frá upphafi og er hægt að leiða ljós rök að því. Satt er það, að mjer sýnast útgjöldin ærið mikil, borin saman við útgjöld annara kirkna, en ekki svo að jeg treysti mjer til þess að setja út á það, eða segja að þau gætu verið minni. Útgjöld kirkjunnar eru á ári um 2000 kr. og eru það óvanaleg útgjöld til kirkju hjer á landi; en jeg verð að treysta því, að umsjónarmenn láti eigi brúka neitt að óþörfu, enda eru gjöld kirkju þessarar fyrir margra hluta sakir miklu meiri en annara kirkna. Nú er hag kirkjunnar svo varið, að hún getur eigi borgað vexti af láni sínu og er það með fram fyrir þá sök, að hún hefur haft mikinn kostnað, en þarf þó ýmsra hluta, sem kosta töluvert fje. Við síðustu skoðun á kirkjunni benti sóknarnefndin á margt, sem nauðsynlegt væri að fá. Í fyrsta lagi þarf að auka líkhúsið, því að lík ferðamanna og lík fátæklinga þurfa að fá húsrúm. Í öðru lagi, að kirkjan að eins á einn vel brúkanlegan skrúða: enn fremur vantar bekki í kirkjuna og sálmabækur. Úr öllu þessu mun nauðsynlegt að bæta og því held jeg að mikil ástæða sje til að gefa kirkjunni upp leigur af láni sínu fyrir næsta fjárhagstímabil.

Hvað vtill. hins h. lh. snertir, þá tel jeg hana mjög nauðsynlega og enda alveg ómissandi. Jeg held að það sje miklu rjettara að ákveða þetta nú þegar, en að láta stj. vera í vafa í þessu máli, enda er hjer engin hætta, því að stj. verður sjálfsagt að hafa ábyrgð á því, hvernig hún ver fjenu og hún ver því sjálfsagt ekki að þarflausu. Þar sem minnzt var á úthlutun gjafanna, þá voru margar sögur um það sagðar, og margar allt of sannar, en það kemur eigi þessu máli við, og er ekkert á móti því. Þar sem talað var um að kalla saman þing til að gjöra út um þetta mál, þá tel jeg slíkt mjög óheppilegt, og mundi illa mælast fyrir því, ef miklu fje væri varið til þess að borga alþingismönnum, þegar þyrfti að afstýra hallæri. Hvað sem alþingi ályktaði, þá yrði úthlutunin að vera einmitt í höndum hinna sömu, sem úthlutuðu gjöfunum á síðast liðnum vetri; því ekki gætu þm. skipt því milli allra búenda í kjördæminu. Einnig gæti verið að þessa brýnu nauðsyn bæri eigi að höndum fyr en komið væri fram á vetur, þegar ferðir eru orðnar mjög illar eða enda ómögulegar. Hvað eptirgjöfinni á tillaginu til Oddaprestakalls víkur við, þá hefur frsm. (H. Kr. Fr.) talið það sem aðalástæðu móti eptirgjöfinni, að það yrði eigi sannað fyr en eptir á, að brauðið hefði rýrnað svo mikið. En það einmitt hefur verið sannað með skýrslum og skjölum, að brauðið hefur rýrnað mjög mikið. Og hafi nú verið rjett að gefa brauðinu eptir 700 kr. fyrir síðastliðið fjárhagstímabil, þá held jeg að eigi sje rjett að láta það svara meiru en hálfu tillaginu á næsta fjárhagstímabili. Og hafi verið rjett að láta ekki svara meiru en 700 kr. af prestakallinu meðan það var óskert og í blóma, þá hlýtur að vera rjett, að gefa það eptir, sem það hefur rýrnað um, því að sú regla gildir, að embættismenn eiga ekki að missa í af tekjum sínum, og hjer er að tala um miklan tekjumissi, að vísu eigi af manna völdum, heldur af náttúrunnar völdum, og vona jeg því að menn greiði atkv. fyrir þessu bæði af því að það er rjettvíst og að hinu leytinu af því, að hjer á sá prestur í hlut, sem í mörgu tilliti er sómi landsins, en efnahagur hans er vegna harðæris þess, sem yfir hefur dunið, mjög erfiður.

Jakob Guðmundsson: Það hefur verið tekið fram við umr., að tekjugreinirnar einungis verði áætlaðar. Maður getur eigi vitað þær fyrir fram, og getur því munað nokkru hvort maður telur þær hærri eða lægri, en það er trú mín, að n. hafi eigi farið of hátt. Það er trú mín. *(Gr. Th.:* Mikil er trú þín, sagði hann*).* Já, en verði þjer eptir trú þinni, sagði hann líka, og

mjer verður eptir trú minni, tekjurnar verða meiri en þær eru áætlaðar. Það er einungis um 1. gr. 1. tölul. a. og b., sem jeg er í vafa. Jeg held að skatturinn á ábúð og afnotum jarða kunni að verða minni en n. ætlar; menn vita eigi hversu margar jarðir munu standa í eyði. Sama er að segja um lausafjárskattinn; að vísu má telja það víst, að fjenaðinum fjölgi, en lausafjárhundruðin fjölga eigi að sama skapi, því að fjeð verður mest veturgamalt, og af því þarf svo mikla tölu í hundraðið, þar sem þarf 24 kindur veturgamlar í hundraðið. Þessi atriði leiða mig í vafa um það, hvort eigi muni rjettast að gjöra br. við þessar till. n. Enn fremur hafa komið fram ust. um að afnema þessa skatta; ef þetta kemst á, þá verðum vjer að hugleiða, hversu mikið þarf af tekjum í móti þessum sköttum. Þá er nú vtill. h. h. lh., og ætla jeg nú að tala um aðalmismun á þessari ust. og ust. hallærisnefndarinnar. Fyrst kom lík ust. frá n., en síðar var því breytt svo að lánið varð eigi harðærislán, heldur atvinnulán, veitt móti vanalegu veði og með vanalegum vöxtum. Hjer er nú farið fram á að rg. veitist heimild til að verja fje til þess að bæta úr harðæri, ef brýna nauðsyn ber til; og skil jeg þetta svo að hann megi lána bágstöddum sveitum nokkuð fje, en lánið verði að vera með þeim kjörum, sem alþ. síðan setur, eins og rg. tók fram í brjefi sínu til lh. í fyrra sumar, mig minnir 18. júlí. Slíkt var álit harðærisn. um sína upphaflegu uppástungu, og eins verður þessi vtill. lh. að vera, og aðalmismunurinn á milli þessarar till. og till. n. í harðærismálinu er, að eptir þessari er fjeð veitt með vanalegum kjörum, en eptir hinni er fjeð veitt með þeim kjörum, sem alþ. setur síðar. Þm. Bf. (Gr. Th.) vildi ekki veita lán, heldur láta kalla saman þing til þess að gjöra út um, hvað gjöra skyldi, ef hallæri bæri að höndum. Þetta veit jeg að eigi getur verið meining h. h. þm.; hann er allt of skynsamur til þess, heldur mun þetta vera einhverjar malurtarpillur, sem honum er svo tamt að hnoða saman og gefa mönnum inn, því að hvaða vit er í því, að verja stórfje til þess að kalla saman aukaþing, þegar fólk ef til vill er dáið áður en þetta allt er komið í kring? Hver getur einu sinni vitað, hvort þingmenn hafi nesti, og kunna aðrir en þeir, sem eru hjeðan af Nesjunum. að vera dánir úr hungri áður, en þeir komast hingað suður til þingsins.

Lárus Blöndal: Frsm. (H. Kr. Fr.) er þegar búinn að svara h. h. þm. Bf. (Gr. Th.), sem vildi vekja athygli manna á því, að n. hefði byggt á lausum grundvelli, þar sem hún hefði farið eptir skýrslum og upplýsingum endurskoðara; h. h. þingmaður sagði, að skýrslur þessar gætu eigi verið áreiðanlegar, af því að hlutaðeigandi gjaldheimtumenn borguðu hin opinberu gjöld í stórum upphæðum, án þess að sundurliða þessar upphæðir og gjöra grein fyrir hverjum tekjulið fyrir sig. En þetta kannast jeg eigi við, og verð jeg að telja það sem hreina undantekning, ef gjaldheimtumönnum líðzt slíkt eptir margítrekaðar áminningar frá yfirvöldunum; jeg veit heldur eigi betur en að hlutaðeigandi gjaldheimtumenn greiði gjöldin í sundurliðuðum upphæðum upp í hverja tekjugrein fyrir sig. Þar sem nú fjárlaganefndin byggir tillögu sína á ýmsum tekjuliðum á skýrslum endurskoðara, þá er þess vel að gæta, að upphæðirnar í skýrslum endurskoðara eru einmitt samkvæmt kvittunum landfógetans, og að upphæðir þessar eru því sannarlega borgaðar inn í landssjóð. Þá sagði h. h. þm. Bf. (Gr. Th.), að stundum væri borgað of mikið af hlutaðeigandi gjaldheimtumönnum, en það getur að eins komið fyrir í einstöku tilfelli, en er eigi almennt svo. Jeg held því, að n. hafi byggt á föstum grundvelli, og að hún hafi sýnt alla skynsamlega varúð og varfærni, með því hún með stöðugri hliðsjón af því, hvort hinar faktísku ástæður fyrir hækkun hinna ýmsu tekjuliða mundu breytast frá því 1882, hefur alstaðar áætlað upphæðirnar talsvert lægri en stendur í skýrslu endurskoðanda fyrir þetta ár. Þar sem h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) minntist á vtill. h. h. lh., þá gat hann þess að það væri varúðarvert að gefa stj. þessa heimild, þar sem menn hefðu enga tryggingu fyrir því, hvernig þessu fje yrði varið, og benti á að menn hefðu dæmin fyrir sjer með það, hvernig hinu enska gjafakorni hefði verið útbýtt. Af því að Húnavatnssýsla fekk allmikinn skerf af þessu enska fóðurkorni, þá skal jeg leyfa mjer að skýra frá, hvernig sýslunefndin leit á það mál. Jafnvel þótt hinar dönsku og ensku kornvörur, sem fluttust til sýslunnar síðastl. haust, væru allmiklar, þá áleit sýslunefnd-

in, — þar sem um svo fjölbyggt sýsluhjerað væri að ræða — að ekki gæti verið tiltök að verja kornvöru þessari til fóðurs fyrir sauðfjenað, en tiltækilegast og hyggilegast væri að brýna fyrir hreppsnefndum að verja henni til fóðurbætis fyrir kúpening; sýslunefndinni þótti þetta því fremur það eina tiltækilega og nauðsynlega, sem töðubyrgðir manna voru næsta rýrar og það sem verra var: töður manna voru því nær á hverjum einasta bæ skaðskemmdar af illri verkun og bruna og ekki óvíða logaði upp í þeim. Jeg held því að menn verði að játa að sýslunefndin hafi undir þessum atvikum gjört rjett í því að verja þessu korni einkum og sjer í lagi til fóðurbætis fyrir kýr, sem ætíð reynast heilladrjúgastar í harðærum, enda er jeg viss um, að kýr hefðu víða drepizt úr hor, ef ekki hefði verið fóðurkornið til að gefa þeim. Sýslunefndin var samhuga á því, að brýna þetta fyrir hreppsnefndum, að hafa ekki kornið til manneldis, nema brýnustu nauðsyn bæri til, enda var ekki jafnnauðsynlegt að brúka kornið til manneldis, því að það var eigi svo mjög mikill skortur á því og kjötbyrgðir manna enda í bezta lagi.

Þar sem h. h. þm. D. (J. G.) ætlaði, að eigi væri annar mismunur á milli vtill. h. h. lh. og till. í harðærismálinu, en sá, að hjer á þingi væri ákveðnir kostirnir fyrir láni samkvæmt till. harðærisn., en þingið 1885 ætti að gjöra fullnaðarákvæði um lán samkv. vtill. lh., þá held jeg að þetta sje eigi rjett, því að jeg skoða þessar 100,000 kr. sem má brúka eptir vtill. lh. ekki sem lán, heldur sem hreina og beina gjöf til þess að sporna við manndauða. Þar sem þm. kallaði hitt atvinnulán, þá er það tæplega rjett, því að það lán þarf eigi að koma við neinu harðæri. Fjárveiting sú, sem h. h. lh. fer fram á, skoða jeg ekki sem lán, og þá er heldur ekki spurning um að ákveða neina skilmála eptir á. Jeg kynni nú bezt við, að báðar þd. samþykkti þingsályktun í þessa stefnu, og tiltæki eigi neina upphæð, heldur að þingið skoraði á stjórnina að verja svo miklu fje, sem nauðsynlega þyrfti til þess að sporna við mannfelli. Þetta form kynni jeg fyrir mitt leyti bezt við, og vil fastlega mæla með því að þingið taki þessa stefnu í málinu.

Eiríkur Kúld: Jeg er fyrir mitt leyti þakklátur hinni h. n. og get hvað þessar fyrstu 10 gr. snertir í flestum atriðum fallizt á tillögur hennar. Sömuleiðis er jeg þakklátur fyrir undirtektir h. h. frsm. (H. Kr. Fr.) við bratkv. mitt. Jeg legg hina sömu þýðingu í það sem hann og að greiðslan á aðalskuld kirkjunnar með þessu verði seinni um 2 ár.

Jeg skal leyfa mjer að geta þess viðvíkjandi fyrri ræðu hans, að jeg skildi ekki vel orð hans, þar sem hann hjelt að ábúðarskatturinn gæti ekki breytzt. Það held jeg ekki sje rjett. Hann getur breytzt á tvöfaldan hátt, bæði þegar jarðir leggjast í eyði og það á sjer eigi óvíða stað, og svo við verlagsskrárnar. Sama er að segja um lausafjárskattinn. Hann er ef til vill ofhár hjá n., þar sem tíundin hefur lækkað fjarskalega og svo geta einnig verðlagsskrárnar hækkað og hefur þetta eðlilega áhrif á upphæð lausafjárskattsins. Að öðru leyti vildi jeg helzt, að báðir þessir skattar væru afnumdir. Jeg er í vafa um — út af ræðu hins hæstv. lh. og h. h. þm. Bf. — hvernig jeg á að haga orðum mínum þegar um Rvíkur-dómkirkju er að ræða. Jeg sje að sönnu á bls. 17. í stjfrv., að þar er kirkjan talin landseign. En þetta þykir mjer mjög vafasamt. Jeg spyr: Hver á lóðina, sem kirkjan stendur á? Jeg held Rvíkurbær. Er ekki svo? Ef lsj. á lóðina, þá get jeg skilið, að kirkjan sje lsj. eign, og þá er auðvitað að lsj. á að kosta kirkjuna. Sje það ekki og Rvík eigi kirkjuna, þá á Rvík að kosta kirkjuna, nema ef til vill að því leyti sem hún er dómkirkja og notuð við vígslu presta og til að halda «synodus» í, og sje jeg ekkert á móti því, að lsj. taki einhvern lítinn þátt með fjárframlagi til kirkjunnar í þessu skyni. En auðvitað er, að einhver á kirkjuna, því annars væri hún undantekning frá öllum öðrum kirkjum hjer á landi, sem allar eru annaðhvort beneficeraðar kirkjur, sem beneficiarius á að viðhalda, eða bændakirkjur, sem sjálfseignarbóndinn kostar, eða kirkjan er eign safnaðarins, sem þá kostar kirkju sína, eða eign lsj., sem þá hlýtur að standa kostnað af henni, og eitthvað af þessu hlýtur Reykjavíkur dómkirkja að vera. En hver svo sem kirkjuna á, er enginn efi á því, að prófasturinn í Kjalarnesþingi hefur fullan rjett til, að yfirskoða reikninga hennar og leggja þá undir úrskurð hjeraðsfundarins; það er mjer kunnugt eptir brjefi til pró-

fastsins í Snæfellsnessýslu út af reikningum Ingjaldshólskirkju; en með því jeg veit til þess, að hinn h. 1. þm. GK. muni nákunnugur prófastinum í Kjalarnesþingi leyfi jeg mjer að beina þeirri spurningu að honum, hvort reikningar kirkjunnar hafa verið nákvæmlega rannsakaðir, því að jeg get eigi þeirra orða bundizt, að lýsa undrun minni yfir því, sem stendur í aths. n. á bls. 3., þar sem sagt er t. a. m. að kol til kirkjunnar til uppkveykju í ofnunum að eins 26 sinnum skuli kosta kirkjuna 187 kr. 50 aura og skipd. af kolunum 6 krónur til kirkjunnar, en til latínuskólans 3 kr. 84 aura. Og fyrir að *leggja þessi kol í þar að auki 104 kr.* Og svona er fleira í reikningum kirkjunnar. Jeg hef þetta eptir nefndarálitinu og hef sjálfur enga ábyrgð á, hversu áreiðanlegt það er, heldur n. Út af ræðu hins h. lh. og hins h. þm. Bf. viðvíkjandi þessum 100,000 kr., er stj. veitist heimild til að verja ef harðindin, sem vonandi er ekki verði, halda áfram, til að afstýra hungurdauða hjer á landi, þá kom mjer til hugar, þegar jeg heyrði ræðu þm. Bf. (Gr.Th.): «misvitur er Njáll nú», því auk þess sem hann með því að vilja binda hendur stj. svo að hjálpin ef á henni þarf að halda verði of sein, ef við það á að binda hjálpina, að fyrst sje kallað saman aukaþing, þá bakar þessi heiðraði þm., sem vjer daglega heyrum svo trúlega berja barlómstrumbuna fyrir lsj., lsj. mikinn óþarfakostnað með tillögu sinni. Setjum svo, að aukaþing þetta stæði fram í oktbr. eða nóvbr., eins og frsm. benti á, og þá yrði heimferð sumra þm., t. a. m. úr Múlasýslum, Þingeyjarsýslu og víðar, ef til vill ókleyf um hávetur, fyr en máske seint á útmánuðum, og hvað kostar þá þetta aukaþing? Jeg er viss um að sá kostnaður sem við þetta kæmi á landssjóðinn mundi snerta hjartataugar hins h. þm. Bf. (Gr. Th.), sem eru svo viðkvæmar. Hvað snertir tillögu hins h. lh. viðvíkjandi Oddaprestakalli, þá held jeg helzt, að jeg gefi henni atkv. mitt, með því að vitanlegt er að tekjur prestakallsins hafa gengið til stórkostlegrar rýrnunar, og jeg gjöri það með fram í þeirri von, að þeim prestum, sem orðið hafa fyrir líku tjóni á embættistekjum sínum sökum harðærisins, og þar af leiðandi tekjumissi, verði sýnd lík línkind eða að minnsta kosti meiri en prestar hjer á þingi hafa orðið fyrir þegar um kjör þeirra hefur verið að ræða.

Landshöfðingi: Það hefur komið fram hjá nokkrum h. þm. spurning um hver væri tilgangurinn með þessa viðaukaust., er jeg hef leyft mjer að fara fram á. Það hefur einnig komið fram sú tilgáta eða þýðing á tilgangi hennar, sem er rjett. Jeg skal lýsa yfir því, að jeg gjörði það til þess, að fá heimild hjá þinginu fyrir stj., svo að stj. hefði óhundnari hendur til þess að geta ráðið fram úr stórkostlegum vandræðum, sem fyrir kynnu að koma, og vegna þess, að þær kringumstæður eru fyrir hendi, sem benda á að þetta kunni að koma fyrir, þó að vonandi sje það ekki verði. Þess vegna virtist mjer þetta ráðlegt og rjett, þar sem þingið nú er komið saman og jeg líka hef fengið sjerstakt umboð frá stj., að koma fram með slíka ust., ef þess virtist þörf; mjer virtist það rjett, segi jeg, að leita þessarar heimildar hjá þinginu, með því nú er tækifæri til þess, en heimildin verður sjálfsagt ekki notuð nema tilknýjandi ástæður sjeu til þess. Jeg ítreka það að óska að stj. fengi þá heimild, að hún hefði óbundnar hendur til að ráða fram úr þeim vandræðum, er ef til vill að höndum bera. Í hvaða formi þingið veitir slíka heimild, hvort það er veitt með því að sþ. þetta bratkv. mitt, sem bezt ætti við, eða með vust. á annan hátt, þykir mjer ekki miklu skipta. Einn h. þm. hefur bent á að semja þingsályktun í líka stefnu, en jeg sje ekki hvað er unnið við það fremur en sþ. það á þennan hátt, ef meiningin í þingsályktuninni er að veita hina sömu heimild, sem beðið er um fyrir stj. í þessari tillögu. Jeg hef orðað viðaukatillöguna í almennum orðatiltækjum og ekki talað um lán eða á hvern hátt fjenu yrði varið, en jeg vil leyfa mjer að benda á, að það gæti komið fyrir, að gjöra þyrfti einhverjar almennar ráðstafanir, sem væru þannig vaxnar, að þær ekki yrðu borgaðar af lánum, er veitt væru einstökum hjeruðum. En það yrði komið undir atvikum, hvort lána skyldi á þennan hátt ellegar hvort ekki mætti bæta úr vandræðunum með hallærisláni. En það er sjálfsagt skylda stj. að haga láninu á þann hátt, að það verði sem minnstur skaði fyrir lsj., en þó þannig að tilganginum verði náð.

Það hefur verið rætt um Rvíkur-dómkirkju. Jeg verð að taka fram að kirkjan er eign lsj., eins og tekið er fram í aths. við stjfrv. En hvað reikningana snertir, þá ætla jeg að þeir sjeu eins vandlega endur-

skoðaðir eins og reikningur nokkurrar annarar kirkju hjer á landi. Það er enginn vafi á því, að hlutaðeigandi prófastur hefur rjett á að kynna sjer reikningana, en hann hefur ekki þá hina sömu skyldu til að endurskoða þá eins og hin umboðslega endurskoðun, sem tekur þá til nákvæmrar rannsóknar til undirbúnings undir úrskurð lh. Þess vegna er það ekki ætlunarverk prófastsins að rannsaka hinar einstöku gjaldagreinir, eins og hin umboðslega endurskoðun verður að gjöra. Þar sem reikningar kirkjunnar eru þannig, að hin umboðslega endurskoðun hefur rannsakað þá og lh. lagt úrskurð á þá, þá virðist mjer ekki eiga við hjer, að fara að fara út í einstaka gjaldliði, hvort eitthvað hefur verið dýrt eða ekki, heldur ætti að treysta því, að endurskoðunin og lh. gættu þess, að engin útgjöld væru gjörð að óþörfu eða of há. Þar sem hinn h. þm. Bst. (E. K.) bar saman einn gjaldlið, eldiviðinn, við annan eldivið, þá hefur hann ekki gætt þess, að hjer ræðir um 2 eldiviðartegundir og sú er mun dýrari, sem stendur í reikningi dómkirkjunnar. Jeg álít enn sem fyrri mjög æskilegt og nauðsynlegt ef þd. vildi samþykkja ust. stjórnarinnar í þessu atriði. Hvernig sem litið er á málið, þá er ekki farið fram á annað en að hið veitta lán megi vera rentulaust; það er sjálfsagt ívilnun, en mjer virðist það nauðsynleg ívilnun og líka eðlileg eptir sambandi kirkjunnar og lsj.

Þrítugasti og áttundi fundur, miðvikudag 8. ágúst kl. 5—8½ em. Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885. Tekjukaflinn. (C 85). Önnur umræða (niðurlag).

Þorkell Bjarnason: Eins og jeg er samþykkur hinum h. þm. Bf. (Gr. Th.) og líka því, sem hinn hæstv. lh. sagði, að ofhátt áætlaðar tekjur hvetji ef til vill til ofhárra útgjalda, eins er jeg á þeirri skoðun að n. hafi ekki áætlað tekjurnar yfir höfuð of hátt. Þó eru það 2 liðir í tekjugreinunum, sem mjer fyrir mitt leyti sýnist nefndin hafa áætlað ofhátt. Það er 11. liður 2. gr., nefnil. tollurinn af brennivíni, og 12. liður, sem sje tollurinn á tóbaki. Þessa liðu hefur n. fært upp um 9000 kr. frá því, sem stendur í stj.frv.

Sem sagt, þegar afleiðingar harðærisins eru fyrst fyrir alvöru að koma fram nú á þessu og næsta ári, þá skil jeg ekki annað en hver maður með sómatilfinningu finni sjer skylt, áður en hann fer að þiggja gjafafje, að spara við sig kaup á óþarfavörum, vínföngum og tóbaki. Þess vegna get jeg ekki skilið, að þessi tekjugrein verði líkt því eins há á komandi fjárhagstímabili og á næstliðnu fjárhagstímabili. Það væri að minnsta kosti ekki sómi fyrir þjóðina. Fram hefur komið uppástunga um að lána 100,000 kr. til að afstýra hallæri, ef til kemur, og mikið talað um hvernig skipta eigi gjöfunum. Þetta ætti nú að benda mönnum á að spara, og sama hefði n. átt að gjöra með því að áætla tekjurnar heldur lágt en of hátt. Við 4. gr. er jeg samþykkur n. í flestu og jeg er henni einnig þakklátur fyrir það, að hún hefur stungið upp á að 1. málsliður falli burt. Það hefur komið fram spurning um það, hvers eign Rvíkurdómkirkja væri. Lh. áleit að hún sje lsj. eign og jeg er líka á þeirri skoðun, og því að eins álít jeg þingið hafa rjett að minnast á reikningsfærslu hennar, en annars ekki.

Hinn h. 1. þm. G. K. (Þórar. B.) sagðist hafa skoðað reikninga hennar og ekki treysta sjer til að finna að þeim. (*Þórar. B.:* Svo?). Já, svona hef jeg skrifað orðin upp eptir honum. En jeg er viss um, að hann er svo kunnugur prófastinum í Kjalarnesþingi, að hann veit, að prófasturinn muni hafa leitað upplýsinga hjá reikningshaldara um ýmisleg einstök atriði, t. a. m. um það hvers vegna breinsun kirkjunnar kostaði 1882 150 kr. í stað rúmra 70 kr. næsta ár á undan, eða meir en helmingi meira, og sömuleiðis hvernig á því stendur að reikningsfærslan þetta sama ár er 100 kr. en áður að eins 68 kr. Enn fremur er fyrir sama ár taldar 100 kr. fyrir «umsjón» kirkjunnar. Þetta veit jeg prófasturinn hefur spurt um og fengið fullnægjandi skýringar um það, og því ætla jeg ekki að tala meira um það, en eptir þeim aths. sem liggja fyrir frá n., þá er jeg henni samdóma um að það megi spara svo fje kirkjunnar, að hún sje fær um að borga leigur af láni sínu. Við 5. gr. er komið fram bratkv. frá hinum hæstv. lh. um að gefa Oddaprestakalli eptir 350 kr. af afgjaldinu fyrir hvert ár. Jeg fyrir mitt leyti er á því, að þegar

tekið er tillit til brauðsins sjálfs, þá get jeg ekki skilið að það hafi gengið svo af sjer, að þessu nemi En þegar hins er gætt, að það hefur komið til orða á þinginu áður, að veita þeim manni, sem nú þjónar brauðinu, skáldalaun eða heiðurslaun, og jeg hins vegar veit að hann hefur beðið um þessa eptirgjöf því að eins að hann hefur fundið til þess að undir núverandi kringumstæðum mundi sjer verða erfitt og kannske ókleyft að borga allt afgjald brauðsins, þá þykir mjer sanngjarnt og rjettlátt, að samþykkja þessa breytingartillögu og þess vegna gef jeg henni atkv. mitt.

Grímur Thomsen: Jeg hef leyft mjer, að sýna d. fram á, að h. h. fjárln. jafnvel eptir sínum eigin grundvallareglum, hefur reiknað allar tekjurnar ofhátt, nema í 3. gr. Allt að einu er mjer svarað, að líkindi sjeu til að tekjurnar hækki, því þær sjeu allt af að hækka ár eptir ár, og það þótt jeg hafi sýnt að síðara árið stundum lækkar tekjur hins fyrra. Frsm. (H. Kr. Fr.) og n. segja að 1876 hefði orðið eins mikið útflutningsgjald og nú er áætlað og það þótt þá væri eitthvert hið minnsta aflaár. En jeg bið h. h. frsm. að gæta þess, að það ár var reiknað eptir og miðað við afla hins *fyrra* árs. Hvað útflutningsgjaldið verður fyrir árið 1882 getum við ekki vitað enn. Loks hefir frá nefndarinnar hálfu verið tekið fram að það gæti aldrei skaðað að setja tekjurnar heldur of hátt eða að það væri ekki betra að setja þær heldur í lægra lagi, því það dragi úr áhuga og framkvæmdum. Frsm. benti líka jafnvel á að aðflutningsgjaldið væri of lágt reiknað hjá nefndinni og að það ætti í rauninni að setja það 147 þús. En jeg get ekki skilið að þessi reikningur sje rjettur, nema ef svo fer að landsmenn fari að drekka út úr ergelsi yfir harðærinu. Jeg skal bæta því við, að það er svo langt frá því. að þessir reikningar sjeu áreiðanlegir, að það er hægt að benda á ósamhljóðanir á hverju ári í jarðabókarsjóðsreikningnum, kassabók ráðgjafans og landsreikningnum, og landshöfðinginn hefur jafnvel kvartað yfir því, hve örðugt það væri að fá á þá alla samhljóðun. Þessu munar svo miklu, að á einni sýslu hefur ósamhljóðunin verið eigi minni en yfir 3000 kr. á einum tekjulið. Þessi ósamhljóðun kemur af því, að sýslumenn og tollheimtumenn senda gjöldin ósundurliðuð í landssjóð í tugatölum. Svo er og opt það, þegar telja á tekjur landssjóðs fyrir eitthvert ár, að þær eru að meir eða minna leyti fólgnar í eptirstöðvum frá fyrri árum. Jeg geng því að því vísu, að af þessum 147 þús. kr., sem frsm. reiknar, sje ekki lítið eptirstöðva frá fyrra ári, en jeg ætla að það sje í meira lagi hæpið, að gjöra eptirstöðvar frá fyrri árum að undirstöðu fyrir reikningi ársteknanna. Það kom til tals hjer í salnum í morgun að hæpið væri að gefa umboðsstjórninni vald til að hafa hönd yfir landsfje, því hún kynni að flaska á útbýtingunni eins og með gjafirnar. En því má svara, að það sje ekki landstjórnin, heldur nefndin í Kaupmannahöfn sem útbýtti gjöfunum. En sem eitt dæmi vil jeg geta þess, að þessi nefnd hefur útbýtt í einu sveitarfjelagi, þar sem hjer um bil 500—600 manns voru, 600 tunnum af korni og 3000 kr. í peningum. Þetta nefni jeg ekki í því skyni að lasta neinn, heldur til að sýna hvernig þess leiðis útbýting getur gengið, þegar ókunnugir fjalla um. Eins fús eins og jeg væri til þess að gefa allan viðlagasjóð, ef sporna þyrfti við því, að fólk dæi úr harðæri og hungri, eins ófús er jeg til að veita stjórninni heimild eða aðgang að landssjóði; því spá mín er sú, að sjáist fjeð veitt á fjárlögum, þá mun ekki vanta bænir og barlóm nje skýrslur um harðæri og hungur. Menn munu þá ótrauðir knýja hjálpardyrnar. Aptur á móti er jeg samþykkur tillögu h. háttv. þm. Rvk., og samdóma honum, að stjórnin geti, ef í raunirnar rekur, gripið til fjárins og þurfi ekki að óttast að þ. taki illa undir, hafi um sanna þörf verið að ræða. Mönnum varð bilt við till. mína um aukaþing, en það erum ekki við, sem ákveðum það, heldur stjórnin. Ef stjórnin álítur nauðsynina brýna, fær hún samþykki þingsins án þess að ákveða aukaþing. Jeg er þess vegna á því, að hæpið sje að samþykkja till. landshöfðingja. Þessar 100 þús. kr. eru ekki heldur til, því að vel getur verið að tölul. 3 í nefndaráliti um hallærismálið nái samþykki deildarinnar. Jeg nenni ekki að vera að reikna upp aptur það sem jeg áður er búinn að reikna og jeg veit að d. er ljóst. Nokkuð er það, 100 þús. kr. verða ekki til nema gripið sje til veðskuldabrjefa einstakra manna. Jeg reyndar ímyndaði mjer að nokkur afgangur kynni að verða frá árinu 1882; en hver hann verður í árslok 1883 — og afgangarnir eru reiknaðir

fyrir fjárhagstímabilið — mun vera vafasamt, og verði hann lítill sem enginn, þá sje jeg ekki hvaðan á að taka þetta fje.

Að öðru leyti er það á valdi deildarinnar, hvort hún vill halda tekjunum svona hátt. Í peningalegu tilliti gjörir þetta lítið til, en það getur gjört mikið til með jöfnuð á reikningunum.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal reyna að tala stutt. Það voru einkum tvö atriði sem jeg vildi minnast á. Annað atriðið er uppfærslan á 2. grein og hitt atriðið brt. h. hæstv. landshöfðingja. Jeg skal þá alls ekki neita því, að mjer virðist nefndinni hafa tekizt vel með allan tekjukaflann. Einungis er það, sem sagt, uppfærslan á 2. gr. sem mjer finnst nokkuð athugaverð. Mjer þykja 29 þús. kr. uppfærslan á greiniuni helzt til há. Jeg skal enn fremur játa, að nefndin hefur byggt reikning sinn á sennilegum rökum og jeg vona að mikið af reikningi hennar rætist, en þó finnst mjer hann ekki allur á fullkomlega rjettum rökum byggður. Jeg skal taka til dæmis lausafjárskattinn sem n. hefur hækkað úr 17 þús. upp í 22 þús. sem sje sett hann 1884: 17 þús., en 1885: 22 þús.; þetta er fjarskamikil uppfærsla. Hún munar 5 þús. kr. eða rúmlega 29 af 100. Nú er þess að gæta að af framtalinu í vor verður greitt 1884 og af framtalinu 1884 verður aptur greitt 1885; svo er og athugandi að ástand landsmanna, að minnsta kosti fyrir norðan, þar sem jeg þekki til, er þannig, að fjárfækkunin er einkum fólgin í engri lambaásetningu síðastl. haust. Setjum nú svo, að heyskapur verði góður og öll lömb sett á komanda haust. En svo þarf að gá að því, að flestir bændur eiga ekki annað sauðfje en ær og þeim geta þeir ekki haldið; nokkru af þeim verða þeir að lóga til heimilisþarfa, nokkuð að leggja í kaupstaðinn bæði sakir kaupstaðaskulda, landskulda er þeir áttu að greiða í vor, og annara skulda. Þess vegna er óhætt að fullyrða að ærnar fækka um ¼ allra minnst. Nú koma lömbin. Gjörum ráð fyrir að þau lifi öll til vors. En eptir gildandi reglum um tíundarframtal þarf 4 gemlinga móti hverri á. Lömbin verða því varla meir en móti fækkuninni. Til þess að ná niðri, þyrfti sá sem á 100 ær nú, en lógar ¼ þeirra í haust, að eiga 4 sinnum 25 gemlinga að vori í staðinn; það er 100 gemlinga. Hjer fyrir sunnan er nú auðvitað ástandið nokkuð annað en fyrir norðan, því hjer heyaðist svo miklu betur; hvernig fyrir vestan er veit jeg ekki. *(J. G.:* Þar er verst). En hvað um það, það er auðsætt að skepnufjölgunin verður ekki svo mikil, að lausafjárhundruðin vaxi til muna. Þess vegna held jeg mjer til stj.frv. í þessari grein; jeg vil ítreka það, sem jeg tók fram við 1. umr. málsins, að vjer verðum að hafa hugfast fyrst það, að ef tekjurnar eru settar háar, verður afgangurinn að vera því frekari, en sá er gallinn á frumvarpi n., að það setur tekjurnar háar en afganginn lítinn. Svo verður og í annan stað að hafa það hugfast, að hjer fyrir þessu þingi liggja engin lög er hækki tekjurnar í neinu. Ef jeg því gef atkv. mitt fyrir uppfærslunni á 2. gr, vil jeg að afgangurinn verði hækkaður.

Þá skal jeg minnast fám orðum á brt. hins h. lh. Jeg skal geta þess, að þótt hann útskýrði hana á margan hátt, gat jeg þó ekki skilið til fullnustu, hvað lægi í orðunum *að verja*. Jeg skal sleppa því hversu tvíræðar merkingar orð þetta getur haft, svo sem t. a. m. lána, nota, neyta. Það gæti því hjer verið tvírætt, hvort verja ætti til gjafa, til lána, vaxtalaust eða með vöxtum. Jeg ætla helzt að hjer sje meint vaxtalaust lán, og það dreg jeg af þeirri ástæðu, að þetta er sett inn í 4. gr., og virðist því ekki geta verið að ræða um að skerða höfuðstól, heldur að eins vöxtu af fje viðlagasjóðsins, og samband þessarar till. við 3. stafl. í tillögum harðærisnefndarinnar verð jeg að skilja þannig, að 3. stafl. falli niður, ef þessi till. verður samþykkt. Þeir sem því gefa atkv. með þessari till., verða að gefa atkv. móti 3. stafl. Tilgangurinn með þessar 100,000 kr. er að nokkru leyti hinn sami, þ. e. að verja þeim til styrks; en mismunurinn er sá, að 3. stafl. í till. n. fer fram á, að lánið verði veitt með vanalögum kjörum gegn fullri veðtryggingu; en lh. vill hjálpa með einhverjum vægari kjörum. Væri till. orðuð svo, að lána skyldi amtsráðum og sýslunefndum, ef nauðsyn bæri til, vaxtalaust lán til 11. júní 1885, þá skyldi jeg vera með því. Hjálpræðið er einmitt fólgið í láninu vaxtalausu handa öllum bágstöddum nema hreppsómögum. Allir sem vilja heita sjálfstæðir, þurfa ekki nema lán um lengri eður skemmri tíma. Ómagar einir þurfa gjöf. Jeg álít einnig hentugra fyrir landstjórnina, að lána ekki einstökum mönnum, heldur fjelögum, sem aptur lána einstaklingunum

og standa í ábyrgð við landssjóðinn. Þetta er umsvifaminnst og kemur að líkindum að beztum notum, því einmitt sýslunefndir og amtsráð vita bezt, hvar skórinn kreppir, af því þau hafa meiri staðarþekking en landstjórnin. Væri það tekið fram, að lánið væri veitt vaxtalaust, held jeg þó að ekki yrði um það sótt, nema ef brýn nauðsyn væri til, með því að lánið skal endurgoldið. En ef um gjafir væri að ræða, er jeg hræddur um, að handagangur yrði í öskjunni. Loks vona jeg, að h. hæstv. lh. sjái, að þessi tilaga mín er ekki sprottin af vantrausti, heldur af viðleitni til að firra brjóstgóðan mann þeim vanda, sem hann gæti komizt í þegar hann hefur hönd yfir annara fje, en sjer aumingjana kringum sig.

Landshöfðingi: Jeg get ekki annað en þakkað h. h. þm. Ef. (A. Ó.) fyrir undirtektir hans undir brt. mína; tilgangurinn með henni var einungis sá, að stj. fengi fje til umráða, sem hún gæti gripið til, ef einhver vandræði bæri að höndum; hún var því áþekk þeirri skoðun sem kom fram hjá hinum h. þm. En ef hin h. þd. álítur að betra sje að einskorða þessa fjárveiting eða heimild nákvæmar, þá skal jeg ekki hafa á móti því að svo sje gjört. Jeg skildi h. h. þm. Ef. svo, að hann ætlaði að koma með brt. um þetta, til 3. umr, og það er honum líka innan handar að gera þá, ef brt. verður nú sþ.. eins og hún er. Það er eins og þm. benti á eðlilegra í flestum tilfellum að fje lsj. sje lánað en að það sje gefið, og að því leyti, sem spurning væri um lán, þá mætti setja fyrir því vissar reglur, en eins og jeg tók fram í dag, þá gæti það einnig fyrir komið að gera þyrfti ráðstafanir frá stj. hálfu um hjálp til að afstýra vandræðum, án þess að það snerti einstök hjeruð, og án þess hægt væri að borga kostnaðinn með láni veittu einstöku hjeraði. Og að þessu undanteknu mætti orða ust. samkvæmt því sem h. h. þm. Ef. (A. Ó.) tók fram, þannig að þetta væri þó ekki útilokað. H. h. þm. Bf., sem hafði svo mjög á móti þessari ust., tók fram sem ástæðu, að fjeð væri ekki til í kgl. skuldabrjefum. Ef það væri öldungis ekki til, þá hefði hún mikið að segja; en jeg hefi ekki neitt talað um að til þessa skyldi einmitt verja hinum kgl. skuldabrjefum viðlagasjóðsins. Ef ekki verður samþykkt nema önnur af þeim ust., sem liggja fyrir þinginu um þetta efni, þá get jeg ekki betur sjeð, en að fjeð sje til, en verði þær báðar sþ. þá er það rjett, að fjeð er ekki til í kgl. skuldabrjefum; en vlsj. á líka annað fje, sem stj. mundi geta varið á einhvern hátt til að afstýra vandræðum. Í fjárlögum fyrir 1882 og 83 er gjört ráð fyrir hjer um bil 50000 kr. eptirstöðvum, en eptir því, sem jeg þekki bezt til reikninganna fyrir 1882, þá munu þessar eptirstöðvar verða talsvert meiri, og því er ekki svo ólíklegt að talsvert fje verði til. En hjer má álíta eptir því sem komið hefur fram í þingræðunum, að ekki sje nema um form að gjöra, þar sem margir hafa tekið fram að stjórnin geti án sjerstakrar heimildar varið fje úr viðlagasjóði til að afstýra hallæri; en jeg álít þó rjettara að þingið veiti stj. formlega heimild til að verja tiltekinni fjárupphæð, til þess á einhvern hátt að gera þær ráðstafanir, sem henni virðast nauðsynlegar til þess að afstýra uppákomandi vandræðum. Það geta alltaf verið skiptar skoðanir um, hve rík nauðsynin hafi verið, og því álít jeg rjettara að leita slíkrar heimildar í tíma, þegar kostur er á því. Jeg hef áður rætt hin önnur atriði í þessum kafla fjárlaganna, nefnilega með uppfærsluna á tekjunum, og í því tilliti er jeg samdóma þeim þm., sem hafa talað í sömu stefnu, og sýnt að þessi uppfærsla væri ísjárverð, og jeg álít því rjettara að fylgja áætlun stj.-frv. en tillögum n.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg ætla mjer nú eigi að vera langorður, enda mun mönnum vera farið að þykja umr. þessar nógu langar. Jeg ætla að eins, að leiðrjetta misskilning h. h. 1. þm. G. K. (Þór. Böðv.). Jeg skildi svo, að hann væri á móti aukning póstferðanna, af því, að póstferðirnar væru svo óáreiðanlegar; en hjer er til ætlazt að ferð hvers pósts verði styttri, og það er auðsætt, að því styttri sem leiðin er, því áreiðanlegri verður ferðin. Þar sem mönnum hefur þótt ábúðarskatturinn of hár, þá verð jeg að geta þess, að n. hefur áætlað skattinn fullum 1000 kr. minni en hann er eptir jarðarhundruðum. Þar sem 2. þm. G. K. (Þork. Bj.) þótti aðflutningsgjaldið af áfengum drykkjum reiknað of hátt, og hafði það sem ástæðu, að menn mundu spara drykkina við sig nú í harðærinu, þá ætla jeg að geta þess, að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, einmitt eigin kjördæmi þm., hefur sagt mjer, að nú sje hann búinn að taka á móti meira aðflutningsgjaldi af áfengum drykkjum en nokkru sinni fyr á heilu ári. H. h. þm. Bf. (Gr. Th.) vildi eigi, að

farið væri eptir reikningum endurskoðara, af því að þeir væru svo óáreiðanlegir; en þá verð jeg að benda honum á það, að gjöldin eru reiknuð eptir reikningum sýslumanna sjálfra, sem þeir senda þegar árið er liðið. Sýslumennirnir hljóta að vita, hversu mikið gjaldið hefur verið í heild sinni, og reikningarnir verða að vera öldungis rjettir, og er engin ástæða til þess að rengja þá. Sama er að segja um útflutningsgjaldið; sýslumenn vita við árslok, hversu mikið gjaldið er, og því er engin ástæða til að vefengja að reikningarnir sjeu rjettir og áreiðanlegir. Því sem h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) talaði um lausafjárskattinn, get jeg eigi verið samdóma, því að n. hefur farið svo lágt, sem verða má. Skatturinn er áætlaður helmingi minni en að undanförnu. Þó að fje hafi fækkað mjög mikið, þá hefur því þó eigi fækkað svo mjög, og það er jeg viss um, að fækkunin hjer á Suðurlandi hefur eigi orðið að þriðjungi, að öllu samanlögðu. Og er jeg viss um, að allir búendur að minnsta kosti hjer syðra munu setja hvert og eitt lamb á vetur nú í haust og þó lítið fækka fullorðu fje. Jeg hefði nærri því að segja heldur búizt við því, af 1. þm. Ef. (A. Ó.), að honum mundi þykja skatturinn áætlaður of lágt en of hátt. Vjer höfum farið að eins og fjárlagan. 1881 og allar fjárlagan. verða að gjöra; vjer höfum farið eptir því, sem verið hefur að undanförnu, og því sem líkindi eru til að verði framvegis, þegar allt fer í meðallagi. Það getur verið að afgangurinn þyki lítill, en þá verð jeg að geta þess, að töluverður afgangur er frá árinu 1882; og getum vjer að skaðlausu tekið þetta fje, ef nokkuð skyldi vanta.

ATKVGR: (Sbr. atkvæðaskrá C 305). Brt. n. v. 2. gr. 1. tl. fyrri liður sþ. m. 20 atkv.; síðari liður sþ. m. 18 atkv.; 1. tl. 2. greinar stjórnarfrumvarpsins þar með fallinn; brt. n. v. 2. tl. sþ. m. 19 atkv., 2. tl. stjfrv. þar með fallinn; brt. n. v. 3. tl. sþ. með 21 atkv., 3. tl. stjfrv. þar með fallinn; brt. n. v. 4. tl. sþ. m. 18 atkv., 4. tl. stjfrv. þar með fallinn; brt. n. v. 5. tl. sþ. m. 18 atkv., 5. tl. stjfrv. þar með fallinn; 6. tl. stjfrv. sþ. með 19 atkv.; 7. tl. stjfrv. sþ. m. 20 atkv.; 8. tl. stjfrv. sþ. m. 18 atkv.; 9. tl. stjfrv. sþ. m. 18 atkv.; brt. n. v. 10. tl. sþ. m. 19 atkv., 10. tl. stjfrv. þar með fallinn; brt. n. v. 11. tl. sþ. m. 15 atkv., 11. tl. stjfrv. þar með fallinn; brt. n. v. 12. tl. sþ. m. 13 atkv. gegn 2, 12. tl. stjfrv. þar með fallinn; brt. n. v. 13. tl. sþ. m. 16 atkv., 13. tl. stjfrv. þar með fallinn; 14. tl. stjfrv. sþ. m. 20 atkv.; 2. gr. frv. m. áorðnum breytingum sþ. m. 19 atkv.

Brt. n. v. 1. tl. 3. greinar sþ. í e. h., 1. og 2. tl. stjfrv. þar með fallnir; brt. n. v. 3. tl. sþ. m. 21 atkv., 3. tl. stjfrv. þar með fallinn; brt. n. v. 4. tl. sþ. m. 21 atkv., 4. tl. stjfrv. þar með fallinn; 3. gr. með áorðnum breytingum sþ. í e. h.

Fyrri hluti 1. tl. 4. greinar sþ. í e. h., síðari hluti sama tl. sþ. m. 21 atkv.; brt. n. v. 1. málsgr. 4. gr. sþ. m. 18 atkv., 1. málsgr 4. gr. stjfrv. þar með fallin; vtill. E. K. v. 2. málsgr. 4. gr. sþ. m. 15 atkv.; fyrri hluti brt. n. v. 2. málsgr. 4. gr. sþ. m. 21 atkv.; síðari hluti sömu brt. sþ. m. 18 atkv., málsgreinin með áorðn. breytingum sþ. m. 20 atkv.; 3 málsgr. felld m. 14 atkv. gegn 2; vtill. lh. tekin aptur; 4. gr. m. áorðnum breytingum sþ. m. 20 atkv.

Brt lh. v. 1. tl. 5. gr. felld með 14 atkv. gegn 5; vtill. n. innan stryks sþ. m. 16 atkv.; 1. tl. þannig breyttur sþ. með 16 atkv.; 2. tl. sþ. m. 21 atkv.; 3. tl. sþ. í e. h.; 5. gr. með áorðnum breytingum sþ. m. 21 atkv.

Fyrri liður 6. gr. sþ. m. 21 atkv., síðari liður sþ. m. 21 atkv.; 6. gr. í heild sinni óbreytt sþ. m. 21 atkv.

Fyrstu grein frumvarpsins samþykkt án atkvgr. að breyta samkvæmt þessum áorðnu breytingum á hinum greinunum.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885. Annar kafli, 7.—12. gr. (C 85). Önnur umræða.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg skal að svo stöddu fara mjög skammt í þessu máli. Við höfum í n.ál. gjört grein fyrir breytingum vorum. Við 10. gr. A. 3. höfum við fært töluliðinn niður frá því, sem er í stj.frv., af þeim ástæðum, að oss þótti óviðkunnanlegt að hækka laun einstaks manns á hverju og einu fjárhagstímabili.

Við B. 3., kostnaðinn til við fangelsa, höfum við einnig gjört breytingu. Jeg verð að álíta, að eptir því sem reikningarnir sýna, þá sjeu þessi útgjöld nægileg, sem n. hefur áætlað. Aptur á móti hefur n. hækkað C 3., af því hún ætlaði nauðsynlegt, að skólahúsið á Möðruvöllum væri tryggt fyrir eldsvoða eins og aðrar opinberar húseignir, og þess vegna gjörði n. ráð fyrir að Möðruvallaskólanum yrði bætt við. Til eflingar búnaði höfum við ætlað sömu upphæð og áður og að eins breytt einu orði — *„eptir“*, í: *„með hliðsjón af“* — til þess að gefa lh. dálítið meira ráðrúm, enda þótt n. áliti sjálfsagt, að hann mundi fara *„eptir“* tillögum amtsráðanna. Svo hefur n. og seinast í þessum tölulið sett «búnaðarskóla» í st. f. «búnaðarsjóða», og ætlaðist n. þá sjerstaklega til að búnaðarskólinn á Hólum yrði tekinn til greina og fengi ríflegt tillag, án þess þó að aðrir skólar væru útilokaðir, sem kynnu að komast á fót á fjárhagstímabilinu. N. ætlaði búnaðarskólunum svo ríflegt tillag vegna þess, að hún ætlaði, að fleiri skólar kynnu að verða stofnaðir, og svo einnig til þess, að skólinn í Ólafsdal fengi nokkurt fje, og svo hafði hún einnig í huga búnaðarskóla, sem verið er að stofna á Austurlandi. Vegabótafjenu hefur n. skipt nokkuð öðruvísi en áður. Hún vildi einnig taka upp ust. fjárln. 1881 um að útvega erlendan, vegafróðan mann, því að hún þóttist vita til viss, að það mundi sparnaður síðar, ef vegirnir væru svo gjörðir að upphafi, sem bezt mætti verða. Eins var um sýsluvegina; en þar er komið fram bratkv. frá 1. þm. Ef., sem fer fram á, að öllu vegabótafjenu sje varið *„til póstvega“*, en það getur n. með engu móti fallizt á. Það eru sumir fjallvegir, sem er mjög svo nauðsynlegt að gjöra við, þótt ekki sjeu þeir póstvegir, t. a. m. Mosfellsheiði. Þar er nauðsynlegt að gjöra góðan veg. Þar er umferð mikil, bæði af Arnessýslubúum og öðrum ferðamönnum, og einkum þurfa margir útlendingar um hann að fara, og er óviðkunnanlegt að þurfa að vísa þeim út á vegleysu.

Kostnaðinum til vitans á Reykjanesi höfum vjer breytt nokkuð eptir reynslu undanfarinnar ára, en aptur höfum vjer hækkað gjaldið «til vörðuvita», og vona jeg þd. fallist á það. Eins og kunnugt er, voru á síðasta þingi veittar 500 kr. til vörðuvita, «einkum á Garðsskaga», en þetta fje hefur ekki verið notað og mun vera óeytt enn. En til þess að vitinn á Reykjanesi verði að fullu gagni, þá þyrfti leiðbeining á Skagann. Þegar skipin koma fyrir Reykjanes, vita þau ekki í náttmyrkri, hvort þau eiga að stefna, og það eru eitt eða tvö dæmi til þess, að skip hafa strandað fyrir þær sakir. N. hugsaði sjer, að þar yrði sett ljósker eins og er í Engey. Jeg get gefið þær skýringar að slíkt ljósker kostar 90 kr. að upphafi; þar er einnig gjört hús, og þannig tilhagað, að hægt er að draga ljóskerið upp og niður. Húsið kostar um 200 kr. Þetta ljósker kostar 1 kr. á dag gæzla með olíu og öllu sem til þess þarf. Bæjarstjórninni hefur reyndar þótt þetta nokkuð dýrt, en nefndin ætlaði, að það gæti ekki fengizt fyrir minna á Garðsskaga, og þótti hæfilegt að veita 1000 kr. til þess að koma vita á á Skaganum og árlegs kostnaðar við hann. Viðvíkjandi Vestmannaeyjakirkju skal jeg láta mjer nægja að vísa til nál. Við 10. gr. B. 1. varð n. að taka upp laun hreppstjóra, samkvæmt lögum 13. jan. 1882. Stj. hefur gleymt þessum launum, svo n. varð að bæta þeim inn í á þessum lið. Viðvíkjandi póstflutningunum höfum við einnig í nefndarálitinu gjört ljósa grein fyrir, hvernig á þeirri hækkun stendur. Það voru allir einhuga í n. um, að það væri æskilegt að fjölga póstferðunum og jeg vona þd. sje einnig fús á það. Við ætluðum að aukning póstferðanna mundi kosta 8000 kr. og skiptum því fje niður á þessa 3 tölulið: 1. til póstmeistarans og póstafgreiðslumanna; 2. til póstflutninga; 3. til áhalda og annara útgjalda. Jeg vona þd. sje svo nærgætin, að hún fallist á þessar tillögur, þó að þær hafi nokkurn kostnað í för með sjer. Það er mikils vert að greiða samgöngurnar og getur verið áríðandi að fá brjef sem fyrst, og þurfa ekki að bíða eptir þeim um 2 mánuði, eins og stundum hefur átt sjer stað, eptir því sem póstferðum hagar nú. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um það að sinni.

Þá er komið bratkv. við 10. gr. 6 frá 1. og 2. þm. G. K. Nefndin getur engan veginn fallizt á það, hún sjer enga ástæðu til þess. Hafi hlutaðeigandi gjört þetta að skipun yfirvaldanna, þá haldi hann sjer til þeirra; en hafi hann ekki gjört það að þeirra skipun, þá er ekki um borgun að tala. Svo er önnur frá A — (stryk) J — (jeg veit ekki hvernig á að kveða að því) til «málaflutn-

ings» (*A. Ó.:* það er prentvilla fyrir málaflutningsmanns) «800 kr.»

Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð ástæðu fyrir þessari fjárveitingu. Þessi maður hefur verið skipaður af stj.; hann hefur gjört að eins skyldu sína og fengið sína borgun fyrir það, svo jeg sje ekki ástæðu til að veita honum þetta fje. Skal jeg svo ekki segja meira um þetta að sinni.

Landshöfðingi: Það eru ekki margar verulegar brust. frá hinni h. n. viðvíkjandi þessum kafla. Hin h. fjárlagan. hefur í flestum greinum fallizt á frv. frá stjórninni; þó hefur hún í einstökum greinum fundið ástæðu til að gjöra breytingar.

Fyrsta br. er við 10. gr. A. 3. Þar hefur stjórnin farið fram á að launin fyrir hina umboðslegu endurskoðun væru hækkuð um 500 kr. Hin h. fjárlagan. ræður frá þessari hækkun. En þar sem h. h. fjárlagan. annars almennt færir ljósar ástæður fyrir tillögum sínum, þá finnst mjer henni ekki hafi tekizt að gjöra það í þetta skipti og frsm. ekki heldur, þegar hann ræddi um þessa br. Eptir því sem mjer skildist var aðalástæða hans eins og nefndarinnar sú, að laun þessa embættismanns hefðu svo nýlega verið hækkuð — úr 2000 upp í 2500 kr. — að nú væri ekki ástæða til að færa þau upp um 500 kr. Jeg get nú ómöguleg annað álitið, en það sje fyllsta nauðsyn að fara eptir frv. stj. í þessu atriði. Jeg vona hin h. þd. viðurkenni og ekki sízt hin h. fjárlagan., að endurskoðunarembættið er *mjög áríðandi*, og að það sje ekki lítið undir því komið, að hinir sjerstöku reikningar yfir tekjur og gjöld landsins sjeu nákvæmlega endurskoðaðir. Störf þessa embættismanns, þar sem um alla reikninga landsins er að ræða, eru mjög umfangsmikil, og hafa ekki lítið vaxið síðan þetta embætti eða sýslan var stofnuð; og þó launin væru hækkuð á síðasta þingi, þá var það svo lítið að það var ekki nægilegt; 3000 kr. eru sannarlega ekki há laun fyrir embættismann, er þarf að verja ekki svo litlu fje til skrifstofukostnaðar og það þarf hann að gjöra fyrir ritstörf. Það er eins og jeg hefi sagt, áríðandi embætti sem hjer er um að ræða; það er mjög svo mikilsvert, að undirstaðan undir úrskurðum reikninganna sje áreiðanleg. Það er mjög áríðandi að fá til þessa hæfan mann, og mjög áríðandi að sá maður, sem gegnir embættinu, gjöri það ekki um mjög stuttan tíma, heldur að það sje launað svo, að hann uni við það um lengri tíma, því að við það fæst sú æfing, sem ekki er hjá óæfðum manni, og sá kunnugleiki á reikningum undanfarinna ára, sem nauðsynlegur er fyrir þann, sem hefur endurskoðun reikninganna á hendi. Sá, sem leggur úrskurðinn á reikningana, verður að byggja mikið á hans rannsókn; hann verður að byggja á því að endurskoðandinn hafi ekki hlaupið yfir neitt, og að hans útreikningar sjeu rjettir, þar sem engar athugasemdir eru af honum gjörðar.

Jeg verð því mikillega að leggja með því, að hin h. þd. samþykki þessa launahækkun eins og farið er fram á í frv. stj. Jeg get ekki álitið minni laun viðunandi fyrir það embætti, sem hjer er um að ræða.

Hinar aðrar breytingar hinnar h. fjárlagan. eru ekki þýðingarmiklar og skal jeg því ekki fara um þær mörgum orðum, en að eins geta þess, að jeg álít að þessi litla niðurfærsla á kostnaðinum til hegningarhúsanna sje ekki á fullum rökum byggð. En þar sem sá kostnaður er áætlaður, þá er ekki gott að segja, hvort hann verður 100 kr. meiri eða minni. Þar sem hin h. fjárlagan. stingur upp á þeirri br. við 10. gr. C. 4., að fje til eflingar búnaði, sem áður gekk til búnaðarsjóða, gangi til búnaðarskóla, þá get jeg að vísu að sumu leyti ekki svo mikið haft á móti því, enda hefur nokkrum hluta þess fjár að undanförnu verið varið á þennan hátt; en þó leiddi þetta til þess ójafnaðar, að það amt, sem engan búnaðarskóla hefði, ekki yrði hluttakandi í þessum helmingi fjárins, og þetta á sjer stað um suðuramtið. Hvað hreppstjóralaunin snertir, sem n. hefur bætt við, þá get jeg ekkert haft á móti því, að þau komi inn í fjárlagafrv. á þessum stað. En jeg skal leyfa mjer að geta þess, að orsökin til þess, að stj. hefur sleppt þeim úr sínu frv., mun vera sú, að þessi laun eru ekki greidd úr lsj. heldur af sýslumönnum á manntalsþingum, af tekjum, sem þeir innheimta, áður en þær eru greiddar inn í lsj. og skil gjörð fyrir þeim. Þess vegna mun stj. hafa ætlazt til að þau væru talin frá á þennan hátt, sem borguð áður en tekjurnar renna í lsj. En í sjálfu sjer get jeg ekki verið á móti því, að þessi till. sje tekin til greina eins og hin h. fjárlagan. hefur farið fram á.

Jón Ólafsson: Jeg ætlaði eiginlega að standa upp vegna 2 brt., sem jeg er viðriðinn; en úr því jeg er nú staðinn upp, skal jeg stuttlega minnast á 2 atriði í

ræðu h. hæstv. lh. Hann nefndi „*embætti*“ endurskoðunarmannsins; það hefur víst verið mismæli h. hæstv. lh., því að mjer er ekki kunnugt, að nokkurt *embætti* sje til með því nafni. En þó að jeg sje ósamþ. h. hæstv. lh. um þetta nafn, þá er jeg honum alveg samdóma um málið sjálft. Jeg verð að vera á sömu skoðun og jeg var í hitt eð fyrra um það, að enginn maður geti lifað sómalega hjer í Rvík og staðið vel í sinni stöðu og verið öllum óháður, ef hann hefur ekki að minnsta kosti 2400 kr. að launum um árið. En það mun eflaust, að það sje nauðsynlegt fyrir endurskoðunarmanninn að hann sje öllum óháður. Sjeu laun hans hækkuð upp í 3000 kr., þá virðist það engan veginn of hátt, þegar á það er litið, að hann verður að hafa 5—600 kr. útgjöld á ári í skrifstofukostnað; þess ber að gæta, að hann þarf að hafa hús til skjalageymslu, sem hann getur ekki haft sjer að kostnaðarlausu. Hitt atriðið, sem h. hæstv. lh. minnist á, var það, að það væri ekki svo nauðsynlegt, að áætlunin væri svo nákvæm um kostnaðinn til hegningarhússins. Jeg get nú ekki verið honum samdóma um þetta atriði. Jeg get ekki verið honum samdóma um, að það standi á sama, þó að stjórnin sjái sig neydda til að fara fram úr þeirri áætluðu upphæð, heldur álít jeg þvert á móti, að þingið gefi stjórninni siðferðislegt aðhald til að fara ekki fram úr hinni áætluðu upphæð, með því að hafa hana sem næst sanni.

Þá kem jeg til breyt.till. Hin fyrri er um borgun til málsfærslumanns við hæstarjett. Þessi málsfærslum. hefur unnið verk sitt eptir skipun stjórnarinnar, og skipun stjórnarinnar var eptir beinni áskorun þingsins. Allir þeir, sem nokkuð þekkja til málsfærslu við hæstarjett, vita, að engum privatmanni gæti dottið í hug, að segja við málsfærslumann sinn: «Þjer hefur verið dæmt þetta í málsfærslulaun, og því færðu ekki meira». Það er því hreint og beint sómaspurning fyrir þingið að fallast á þessa breyt.till. Þingið getur ekki verið þekkt fyrir, að gjöra minna úr sjer, en aumasti fátæklingur, allra sízt í slíku máli sem þetta er, þar sem það er svo umfangsmikið, að málsfærslumaðurinn hefur orðið að hafa mikla fyrirhöfn fyrir því og leita sjer ýmissa upplýsinga um það, sem hefur kostað hann ærið ómak.

Þá skal jeg minnast á 10. gr. C. 4. í stjórnarfrv. Jeg vildi gjarnan að þessi upphæð væri minnkuð, og heldur sæi jeg að hún væri felld alveg burtu, en að hún stæði; því að mjer er kunnugt um, að árangurinn af þessari fjárveitingu hefur verið mjög lítill víða út um land, svo að þessu fje hefur verið kastað hjer um bil í sjóinn. Sumstaðar hafa jafnvel orðið vandræði úr að brúka fjeð, svo sem hjer í Rvík. Hafi mjer ekki verið skýrt rangt frá, þá hefur fjenu verið varið til að bera sand í gróf hjer nálægt bænum; og gæti víst verið áhorfsmál að brúka fje sem veitt er til búnaðar til þeirra hluta.

Lárus Blöndal: Jeg skal að eins gjöra stutta yfirlýsingu um 10. gr. A 3. Það var ekki samhuga álit fjárl.n. að færa þennan lið niður; heldur voru sumir nefndarmenn á því, að halda fast við uppástungu stjórnarinnar. H. hæstv. lh. hefur fært svo gild rök fyrir því, hversu nauðsynlegt það sje, að hafa til þessa starfa þann mann, sem fullkomlega væri til þess trúandi, að jeg get ekki skilið að nokkrum þingmanni, sem ber nokkurt skyn á reikningsmál landsins, geti blandast hugur um það, að nauðsynlegt er að sá maður, sem þessari sýslan gegnir, þurfi ekki að kasta til þess höndunum. 2. þm. Sm. (J. Ó.) hefur einnig tekið þetta skýrt og skorinort fram, svo jeg vona að h. h. d. skoði vel huga sinn áður en hún gefur atkv. með því að færa þennan lið niður.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Það eru enn ekki komnar margar mótbárur fram, sem þarf að svara. Jeg skal taka það fram út af orðum hins hæstv. lh. og 2. þm. Sm. (J. Ó.) að það er sjálfsagt, að allir menn þurfa að vanda verk sín, eins endurskoðunarmaðurinn og aðrir. En hjer er heldur ekki um annað að gjöra; hann hefur enga peningaábyrgð, eða neitt þess háttar. Þennan skrifstofukostnað þekki jeg ekki. Það sem 2. þm. Sm. sagði um nauðsyn húss til að geyma í skjalasafn, er alveg skakkt; endurskoðunarmaðurinn geymir ekkert skjalasafn, nema þau skjöl sem hann þarf að nota í þann svipinn; skjalasafnið er allt geymt upp á kirkjulopti. Jeg get satt að segja ekki betur sjeð, en að einn maður geti komizt yfir það verk, sem hann hefur að vinna, enda lítur undarlega út með þessa árlegu hækkun á launanum. Árið 1879 faladist þessi maður eptir embættinu, og sótti fast að fá það; honum var einnig veitt það, og það með loforðsbroti til annars manns. Svo kemur hann á næsta þingi og biður um hækkun á launum, og enn kem-

ur bæn um sama í ár. Hvar á þetta nú að enda? Jeg verð að taka það fram, að það er mjög viðsjált að koma mönnum upp á að sækja um embætti upp á það, að fá hækkun á launum þegar á næsta ári. Jeg vil minna þingið á, að hjer hefur áður komið fram beiðni um launahækkun frá 2. kennara við læknaskólann; en þeirri beiðni var þá neitað af þeirri ástæðu, að kennarinn hefði verið svo stutt í embættinu. Nú er aptur komin fram beiðni um hækkun á sömu launum, og nú eru menn fúsir á að veiti henni áheyrn, því að nú er komin nokkur raun á. Jeg verð því að telja ástæðulaust að hækka launin að þessu sinni, og það með þeirri ástæðu — jeg skal segja það fyrst jeg er neyddur til þess — að hann hefði getað komizt yfir starfið hjálparlaust. Viðvíkjandi launum til málsfærslumanns við hæstarjett skal jeg geta þess, að jeg veit ekki til, að nokkur landssjóður eða ríkissjóður hafi nokkurn tíma borgað nokkrum málsfærslumanni meira fje en honum var dæmt. Það er allt öðru máli að gegna um prívatmenn; þeir geta gjört sem þeim sýnist. Það væri sannarlega slæm venja, að borga meira en dæmt er fyrir málsfærslu, hversu vel sem hún kann að vera af hendi leyst. Að minnsta kosti held jeg það væri bezt fyrir landsjóð, að eiga í sem fæstum málum. Hversu vel sem þessi málsfærslumaður hefur leyst verk sitt af hendi, þá er alls ekki víst, að það sje honum að þakka, að málið vannst; það getur eins verið undirdóminum að þakka. Það er ekki málsfærslumaðurinn, sem dæmir málin, heldur dómararnir.

Arnljótur Ólafsson: Jeg mun eiga ofurlítið bratkv. við 10. gr. C. 5. a. Ástæðan fyrir bratkv. þessu er fyrst sú, að mjer var kunnugt að sumir þeirra fjallvega, sem hingað til hafa verið ruddir og við haldið, svo sem Grímstunguheiði, eru næsta sjaldfarnir vegir. Það vakti líka fyrir mjer, að það væri mikill hagur fyrir hjeraðsbúa að geta fengið atvinnu við vegagjörðir kringum sig í sýslunum; en að eins örfáir sýslubúar geta fengið atvinnu við vegagjörðir á fjöllum uppi. Þær vegagjörðir, sem mest um varðar, eru og óneitanlega póstvegirnir; en þeir hafa orðið á hakanum fyrir þessum löngu, en lítið notuðu fjallvegum, og er það þó hart, að póstvegirnir einmitt skuli ekki sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum vegum, því að því verri sem þeir eru, því meira er slit á hestum, því meiri kostnaður og því óvissari allar póstferðir. Jeg vona að allar þessar ástæður, þó ekki sjeu fleiri taldar, vegi nokkuð upp á móti því, sem kann að mæla með því að leggja veg yfir Mosfellsheiði fyrir útlendinga, eða þá aðra, sem langa kynni til að sjá Geysi. Þá er að minnast á brtill. við 10. gr. B. 4. Jeg ætla ekki að mæla mikið með þessari brtill.; jeg vona, að hin h. d. gjöri það bezt sjálf. Jeg vona, að d. muni eptir því, hvílíkt fylgi hún sýndi í þessu máli 1881, þar sem hún jafnvel kaus menn úr sínum flokki til að fylgja þessu máli utanlands, og að sjálfsögðu tók upp á sig þann kostnað, sem af því mundi leiða. Nú er þetta mál að kostnaðarlitlu til lykta leitt, og hefur fengið þau úrslit í hæstarjetti, sem allir deildarmenn mundu hafa óskað sjer, ef til vill að þm. Reykvíkinga einum undanteknum. Jeg get ekki skilið það öðruvísi en svo, að hin h. d. hafi alveg snúizt hugur, ef hún greiðir nú ekki atkv. sitt með þessari brtill., og að hún hafi iðrazt þess er hún gjörði 1881, eða að hún hafi fengið ákúrur hjá landsmönnum fyrir þær aðgjörðir sínar. Jeg álít, að það væri að misbjóða hinni h. d., ef jeg mælti meira með þessu bratkv. Því næst skal jeg minnast á gjaldliðinn 10. gr. C. 5 a. Þessi viðauki n. er samkv. till. fjárlagan. 1881. En jeg vil benda hinni h. d. á, að nú stendur öðruvísi á en þá; nú er hallæri. Það er einhver hin bezta bót í hallæri, að hjálpa mönnum til að fá atvinnu. Þessar 2500 kr. sem ætlaðar eru til að fá vegfróðan mann frá útlöndum tel jeg betur komnar í vasa þeirra manna hjerlendra, sem gætu unnið fyrir þeim í vegagjörð, með því að nú þurfa allir sveitabændur svo mjög þessarar atvinnu við. Í Eyjafjarðarsýslu reyndist mönnum það í vor næsta góð hjálp, að sýslumaðuinn lagði út fyrir fram úr sínum eigin vasa fje til þess að láta gjöra að póstvegum sýslunnar svo mikið sem kostur var á. Slík hjálp getur opt verið betri og hollari en gjöf eða lán, jafnvel þótt vaxtalaust væri. Ef vjer Íslendingar hefðum jafnan nóga atvinnu, þá hefðum vjer og ávallt nóg að borða og nóg að klæðast fyrir. Jeg skal aptur á móti lofa því, komi jeg á næsta þing, og verði hallærinu þá afljett, sem jeg og vjer allir óskum og vonum, að gefa þá atkv. með líku ákvæði sem þetta er hjá n. Jeg skal að síðustu geta þess, að jeg sje ekki eina brtill. n. á atkvæðaskránni, sem þó stendur í nefndarál. bl. 18 C, 4. Jeg

veit ekki hvernig á þessu stendur, hvort það er gleymska, eða hvort hin h. n. hefur verið í nokkrum efa um, hvort hún ætti að taka brtill. þessa upp eða láta hana niður detta.

Jakob Guðmundsson: Viðvíkjandi launum til hins umboðslega endurskoðara þá vil jeg vekja athygli d. á því, að þar sem það hefur fram komið að þessi maður sem nú er í embættinu hefur fengið það fyrir öðrum, er um það sótti, þá er jeg sannfærður um að það má álíta að enginn maður sje hæfari og máske enginn eins hæfur til þessa starfa eins og einmitt hann; þá ætti þingið ekki að skera við neglur sjer að launa honum viðunanlega. Jeg þykist hafa tekið eptir því, að ýmislegt er betur og glöggvar af hendi leyst síðan hann tók við endurskoðunni, en áður var. Þessi sami maður hefur og gefið yfirlit yfir fjárhag landsins, sem getur verið til mikils gagns fyrir þjóðina að fá að vita, og það væri æskilegt að hann hjeldi áfram í sömu stefnu, og gæti af því orðið góður árangur; en ef hann ver miklum tíma til þessa, þá er því meiri ástæða til að bæta kjör hans, til þess að gjöra honum það mögulegt. Jeg held að þessi maður hefði ekki of mikil laun, þótt laun hans væru hækkuð upp í 3000 kr., og ekki get jeg heldur ímyndað mjer að svo geti farið eins og hinn h. frsm. sagði, að hann mundi aldrei hætta að biðja um launaviðbót. Hið annað atriði, sem jeg vildi minnast á, er brt. um að veita málaflutningsmanni við hæstarjett Levinsen einskonar viðurkenningu frá þinginu. Jeg ímynda mjer að fáum þdm. detti í hug að vilja láta þinginu farast miður en einstökum mönnum, heldur muni d. sýna enn sem áður að þetta mál hefur verið henni mikið áhugamál, og að henni þykir mikils um vert, að það er unnið fyrir ötula málfærslu L. Þar sem hinn h. frsm. (H. Kr. Fr.) sagði að eins mætti launa málaflutningsmanni þeim sem flutt hefði málið fyrir landsyfirrjettinum, því að hann hefði ef til vill upplýst málið svo vel, að það hefði unnizt, þá finnst mjer að slíkt geti ekki komið til nokkurra mála, því yfirrjetturinn komst að allt annari niðurstöðu, en menn almennt og þar á meðal alþ. áleit rjett, og það má ekki drótta því að honum að hann hefði komizt að þeirri niðurstöðu, ef málaflutningsmaður sá, er sótti málið við þann rjett, hefði upplýst málið nógu vel. Jeg að minnsta kosti vil ekki drótta slíku að yfirrjettinum, þótt þm. Rvík. kannske vilji gjöra það. Mjer finnst það óviðurkvæmilegt af þinginu ef það sýnir ekki þessum málaflutningsmanni við hæstarjett einhverja viðurkenningu. Jeg vil ætíð ef jeg hef gott hjú sýna því að jeg vilji launa því meira en gefa því að borða; jeg vil sýna það að jeg kunni að meta það, að það hefur verið dyggt og gott hjú.

Grímur Thomsen: Mátti jeg ekki vita, að ef n. klofnaði mundi það verða af ágreiningi um eitthvert persónulegt atriði, en ekki í neinu því sem miðaði til almenningsheilla. Hvernig var nú endurskoðunin fyrir 1875, 76, 1877 og 1878 launuð? þá hafði einhver hinn duglegasti maður, sem völ er á, starfa þennan á hendi og hafði fyrir þann starfa 1200 kr.; en annar maður hafði 400 kr. fyrir að endurskoða jarðabókarsjóðsreikninginn; þá þótti nóg að borga 1600 kr. fyrir þennan starfa, og þykist jeg þó ekki gjöra þeim manni neitt rangt til, sem nú hefur þennan starfa á hendi, þótt jeg ekki setji hann hærra en þann mann sem þá gegndi þessum starfa, sem var landfógetinn. Þá var engin sparnaðarnefnd fædd, en nú þegar hún er fædd, þá er það hið fyrsta sem menn vilja gjöra að hækka launin fyrir þennan starfa, jafnvel þótt þau nú þegar sjeu miklu hærri en þau voru þá. Þá er enn ein aths., sem jeg vildi fara fáum orðum um, sem ekki stendur á atkvæðaskránni; það er þessi dæmalausa kurteysis- og jafnrjettisaths., sem fylgir styrk þeim, sem veittur er til eflingar búnaði. Menn skyldu halda að n. væri ekki kunnugt hvernig sýslun. verja því fje, sem þeim hefur verið veitt þannig, en mjer er nokkuð kunnugt um það, og skal jeg því gefa dálitla skýrslu um það. Í einni sýslu biður einn sýslunefndarmaður um styrk til að bæta hestakyn sitt og fær hann. Í annari sýslu er styrknum úthlutað milli hreppsnefndanna. Í þriðju sýslunni, sem fær 60 kr., veit sýslunefndin ekkert hvað hún á að gjöra við fjeð, en þá vill svo vel til að þar eru 11 menn, sem hafa nýlega keypt jagt, sem heitir «Vilhelmine», og veitir sýslunefndin þeim fjeð og fær hver þeirra 5 kr. 45 a. Ekki er nú kyn þótt n. vilji veita þetta fje, sem svona vel er varið, án þess nokkurt eptirlit sje með sýslunefndunum, hvernig þær verja því, og hinn 1. þm. Hv. (L. Bl.), sem stendur þó undir amtmanni, er svo kurteys, að hann vill ekki láta taka tillit

til tillaga amtsráðanna, til þeirra á að eins að líta hornauga, en sýslunefndirnar eiga að vera einvaldar yfir því fje, sem þær eiga að úthluta. Það á að fara *eptir* tillögum sýslunefndanna, en að eins *hafa hliðsjón af* tillögum amtsráðanna. En hvernig hafa nú amtsráðin varið þessu fje? Amtsráðið í Suðuramtinu hefur varið því til að bæta og umgirða Safamýri, gullnámu Rangárvallasýslu. Það hefur ekki varið fjenu til kynbóta á hrossum, og ekki heldur til verðlauna fyrir að kaupa jagt. Það var líka merkilegt að maðurinn sem fjekk fjeð til kynbóta á hrossum, fjekk það einungis til að bæta kyn á *sínum eigin* hrossum, en ekki annara. Kann ske mig hafi annars misminnt, að það hafi verið sýslunefndarmaður, sem fjekk það til kynbóta á hrossum sínum; það hefur ef til vill verið amtsráðsmaður fyrir norðan. Jeg vona jafnvel að n. klofni yfir þessari aths.; þótt ekki virtist hönduglег aths. sú sem komst inn á fjárlögin 1881, þá vildi jeg hana þúsund sinnum heldur en þetta. Hvað snertir viðurkenning þá, er menn vilja veita málaflutningsmanni við hæstarjett, Levinsen, þá játa jeg að það sje rjett, að maður eigi að virða það við þá menn, sem eru valdir að því, að lsj. vann þetta mál; en jeg er í efa um, hvort það er svo mjög þessum manni að þakka, jeg held að hann hafi fengið miklar og góðar skýringar frá mönnum hjeðan, og helzt frá erindsrekum þingsins, sem það kaus 1881 til að framfylgja málinu við ráðgjafann. Annar þeirra fór til Khafnar og jeg ímynda mjer að einmitt hann hafi bezt útbúið Levinsen með skýrslur þær, sem nauðsynlegar voru. Jeg vil þá stinga upp á, að þessar 800 kr. gengju til erindsreka þingsins 1881. Jeg er samdóma 1. þm. Ef. að betra sje að setja: sem eru póstvegir, en einkanlega póstvegi. Vegalögin gera ekki ráð fyrir að þingið kosti aðra vegi en þá sem eru fjallvegir, og einkanlega póstvegir, en þingið er nú á hinum síðari fjárlögum farið fjarlægjast vegabótalögin ávallt meira og meira; jeg veit eigi hversu rjett er að bæta sýsluvegi með styrk úr lsj. eins og farið er fram á í 5. *b*. Það held jeg sje ekki samkvæmt vegabótalögunum, heldur að styrkja til að bæta fjallvegi og þá sjer í lagi þá, sem eru póstvegir.

Tryggvi Gunnarsson: Það eru tveir stórir tölulíðir eptir, sem enginn hefur minnzt á, annar er um gufuskipsferðirnar kring um landið, en hinn um póstferðirnar um landið. Jeg held nú að það sje miklu meira varið í bæði þessi atriði sem snerta samgöngur í landinu heldur en þessar 500 kr. til endurskoðanda, sem svo margir hafa rætt um með miklu kappi. Nefndin ljet ekki fylgja með áætlun yfir ferðir gufuskipanna, því að hún vildi í því efni fara sama veg sem gjört hefur verið á undanförnum þingum, að koma fram með sjerstaka þingsályktun um tilhögun á ferðunum. Hinn töluliðurinn hljóðar um, að auka ferðir landpóstanna og verja til þess 16000 kr. fyrir fjárhagstímabilið. N. hefur eigi komið fram með sjerstök ákvæði, hvernig þessum ferðum skyldi haga, en hún ætlaðist til að það yrði rætt hjer í d. og hefur því látið ust. um ferðaáætlun fylgja með nefndarálitinu til leiðbeiningar, án þess að hún væri nokkuð bindandi fyrir póststj., en vjer álítum að það væri gott fyrir lh. að heyra álit n., og það gæti líka verið æskilegt fyrir hann að heyra álit d. N. fannst heppilegra að hafa póstferðirnar styttri fyrir hvern sjerstakan landpóst en þær nú eru, og henni hefur enda komið til hugar að betra mundi að stytta þær enn þá meira en farið er fram á í ferðaáætlaninni. N. gerði nl. ráð fyrir að hafa aðalpóststöðvarnar til norður og vesturlandsins á Stað í Hrútafirði, þannig að Akureyrar og Reykjavíkur póstarnir mættust þar og þangað færi líka pósturinn frá Ísafirði; en jeg held að það væri heppilegra að stytta póstleiðirnar enn meira, þannig að Reykjavíkurpósturinn færi ekki lengra en upp í Borgarfjörðinn, helzt að Steinum, en svo gengi þaðan annar póstur norður í Húnavatnssýsluna. t. d. að Reykjum á Reykjabraut og mætti þar Akureyrarpóstinum; en þá yrði Ísafjarðarpósturinn sjálfsagt að fara í Borgarfjörðinn en ekki í Hrútafjörðinn. Jeg vildi skjóta því til h. h. d, hvort ekki væri meira um vert að ræða þetta mál nokkuð vandlegar, heldur en að vera allt af að prátta um þessar 500 kr. í launaviðbót handa hinum umboðslega endurskoðanda og póstmeistaranum. Jeg skal þó einnig minnast lítið eitt á þetta atriði. N. áleit að það ætti að launa þennan starfa eptir því, hvað hann væri mikill, og hún áleit að sú borgun, sem nú er geidd þar fyrir, væri nægileg. Jeg verð og að biðja þm. að gá að því, að hjer er um meiri fjárveiting að ræða en þessar einu 500 kr.; hjer er verið að ræða um það að veita 500 kr. á ári fyrir allan ókominn

tíma, sem er 10000 kr. fyrir 20 ár. Nefndin vildi því ekki ráða til að auka borgunina fyrir þennan starfa fyr en það væri sýnt og sannað, að sú borgun, sem nú er greidd fyrir hann, væri ónóg; hún vildi ekki taka tilit til persónunnar, sem starfann hefur á hendi, eins og allt of mörgum hættir við, heldur einungis líta á það, hvað væri nægileg borgun fyrir þetta verk. Þá koma þessar 20,000 kr., sem veittar eru til eflingar búnaði. Jeg varð alveg hissa, þegar jeg heyrði h. h. 2. þm. Sm. segja, að hann hefði greitt atkv. meðþessari fjárveiting með hálfum huga og hangandi hendi á þingi 1881, og nú ætlaði hann að greiða atkv. á móti henni. Er þá búnaðurinn hjá oss í svo góðu lagi, er upplýsing bænda svo góð, að ekki þurfi að auka hana? Er sjáfarútvegurinn kominn í svo gott horf? Er þá ekkert af þessu svo að ábóta sje vant, eða full þörf sje á, að veita fje til að hvetja menn til framfara í þessum greinum? Jeg held að þótt veitt væri tvisvar sinnum þessi upphæð, þá mundi ekki af því veita til þess að hrinda búnaðinum hjer á landi í lag. Hinn h. þm. Sm. og þm. Bf. sögðu að fjeð væri svo illa brúkað, og því væri eigi vert að veita það. Miklir skelfilegir aumingjar erum við Íslendingar, ef ekki má trúa beztu mönnunum í hverri sýslu fyrir að úthluta 10000 kr. á ári, svo sæmilega sje. Jeg get ekki skilið að það sje alvara þm. að hafa það vantraust á þjóð vorri, að henni sje ekki trúandi fyrir að verja þessu litla fje vel, því að þá værum við sannarlega ekki hæfir til að hafa sjálfsforræði, eða stjórna málum vorum í landinu. Já það væri hörmulegt ástand ef ekki mætti trúa beztu mönnunum í hverri sýslu fyrir útbýtingu þessa fjár. Þótt n. væri kunnugt um, að sumu af þessu fje hefði ef til vill ekki verið sem bezt varið, í einstaka sýslu, þá áleit hún það skyldu sína að sýna þjóðinni það traust, að hún kynni að verja þessu fje til gagns, eða þá í hið minnsta lærði að brúka það rjettilega, þótt það kunni að hafa mistekizt sumstaðar í fyrsta sinn. Jeg held að n. hafi verið í sínum fulla rjetti bæði með að veita fjeð, og hafa hað álit á þjóð sinni, að hún mundi verja fjenu sjer til gagns. Þá er að minnast á fjárveiting n. til þess að fá vegafróðan mann frá útlöndum. Jeg skyldi ekki vel, eða þótti kátleg sú mótbára sem h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) kom fram með á móti þessari ákvörðun. Hann vildi ekki fá þennan vegafróða mann frá útlöndum til þess að innlendir menn misstu eigi atvinnu við það; svo nærsýn var n. ekki. Þessi útlendi maður vinnur þó ekki meira en svo sem á við 1 mann eða 2, og væru þá að eins 1 eða 2 innlendir menn sem misstu atvinnu við það. N. vara ekki að hugsa um það, að útvega einum manni atvinnu, heldur að fá góða vegi og spara lsj. fjölda peninga með því að fá mann, sem bæði gæti kennt öðrum að búa til góða vegi, og jafnframt að gjöra vegina svo trausta, að ekki þurfi sífelldlega að verja miklu fje til að gjöra við þá, eptir að þeir eru nýlega lagðir. Jeg man eptir því, að þegar menn heyrðu að jeg ætlaði að útvega útlenda menn til byggingar á alþingishúsinu, þá fjekk jeg mörg brjef frá mönnum heiman frá Íslandi, sem báðu mig fyrir hvern mun að taka ekki þessa atvinnu frá landsmönnum; það væri hreinasta gjörræði; en jeg vona að reynslan hafi sýnt. að sú ráðstöfun jók við atvinnu manna í landinu, en tók ekki atvinnu frá þeim. Í rauninni eru þessar 2500 kr. til vegfræðingsins engin útgjöld fyrir landið, því að þessi maður vinnur að vegagjörðinni eður stýrir verkinu svo, að vinnan fyrir það verður miklu ódýrari, trúrri og kemur að miklu meiri notum; svo getur farið að þetta verði hreinn sparnaður fyrir landið, en ekki útgjöld. Þá hefur mönnum orðið tíðrætt um brt. þá, sem fer fram á að veita málaflutningsmanni við hæstarjett, Levinsen, 800 kr. sem viðurkenning fyrir það, að hann hafði mikla fyrirhöfn og tilkostnað við að vinna Elliðaármálið. Það er sjálfsagt að á þinginu hvílir engin lagaleg skylda til þessa, en mjer finnst þó að það geti verið siðferðisleg skylda þess. Þar sem alþingi var hjer annar málsaðili og hefur lagt mikinn áhuga á þetta mál, þá finnst mjer það ekki samboðið sóma þingsins að láta sjer ver farast en privatmönnum, sem vanir eru að borga málaflutningsmönnum töluverða aukagetu, er þeir vinna mál fyrir þá. Jeg hef verið mikið með því, að spara fyrir lsj. þar sem mjer hefur sýnzt það betur fara og eigi öðrum gjört rangt til, en jeg vil aldrei spara þegar það getur verið þingi og þjóð til hneysu, Hinn h. þm. Bf. talaði um að það væri ekki víst, hver ætti að fá þessi verðlaun, hvort það væri málaflutningsmaðurinn eða erindrekar þingsins eður upphafsmennirnir; kannske þingið ætti að fá þau, því að það hóf málið fyrst, og kaus þessa erindreka. Jeg verð þó að álíta rjettast að þessi verð-

laun gangi til málaflutningsmannsins, enda getur það verið hentugt fyrir eptirtíðina, því þingið getur aptur þurft á því að halda, að hafa málaflutningsmann í útlöndum sem hefur áhuga á að vinna áríðandi mál fyrir landið, t. d. hefur þingið ákvarðað að byrja mál við dönsku stj. upp á 34000 kr. fyrir lestagjaldið gamla. En þar sem þm. Bf. vildi helzt að þessi verðlaun gengju til erendreka þingsins 1881, þá skal jeg taka það fram, að jeg efast ekki um, að þd. mundi hafa borgað kostnaðinn til erendrekanna, ef til þess hefði komið, en jeg segi fyrir mig, að jeg vil enga frekari borgun hafa í *peningum*, en fyrir þau beinu útgjöld, sem jeg hef gjört reikning fyrir, og sem eru 70 kr. fyrir þýðingar á ýmsu málinu til skýringar, en mjer væri kært að taka þá borgun, að það væri tekið til greina, sem jeg segi í þessu máli, af því jeg er því kunnugri en nokkur annar, sem hjer er til staðar. Mjer er fullkunnugt að þessi málaflutningsmaður, Levinsen, hefur haft mikið fyrir þessu máli, ekki til þess að fá þessar 50—60 kr., sem honum yrðu dæmdar fyrir sókn málsins, heldur af því að hann áleit sóma þingsins og gagn landsins undir því komið að málið ynnist. Það er því sú borgun, sem jeg vildi óska mjer fyrir fyrirhöfn mína, að orð mín í þessu efni væru tekin til greina, og honum verði borguð þessi verðlaun.

Jón Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að svara nokkru af því sem sagt hefur verið síðan jeg mælti áðan. Þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) sagði að hinn umboðslegi endurskoðari hefði hingað til komizt af hjálparlaust, en jeg get fullhermt að það er ekki rjett, og þm. varðar ekkert um hvaðan sú hjálp kemur. Þm. Rvk. sagði enn fremur, að endurskoðarinn hefði með mestu ákefð sótt um þetta endurskoðarastarf 1879 með þeim launum sem því þá voru ætluð og voru 1600 kr. Jeg vil segja að hann sótti um það í trausti til gðfuglyndis þingsins 1881, að það mundi gjöra launin sæmileg, og hefði þingið ekki bætt stöðu hans í hitt ið fyrra, þá hefði hann ekki lengur getað gegnt þessu starfi.

Þm. Rvk. segir að launin hafi verið hækkuð 1881 eptir beiðni endurskoðarans sjálfs og nú komi aptur ósk um launahækkun og þessari fjárbón muni aldrei linna; en jeg verð að benda honum á að nú er alveg farið fram á hið sama, hvorki meira nje minna en sumarið 1881.

Þm. Bf. (Gr. Th.) minntist á að 1875 hefði það þótt nóg að launa endurskoðunina með 1200 kr. til eins embættismanns og 400 kr. til annars hjer í Reykjavík, það er í allt 1600 kr. Þetta er satt; en hann gáir ekki að því að þá var ekkert sjerstakt endurskoðaraembætti; þessar 1200 kr. gengu til landfógetans, hann hjelt mann til þess að sinna þessum störfum, og hann gat ekki vel tekið meira fyrir það, en það sem gekk til þess að launa þessum manni. Það gat einhleypur maður tekið að sjer 1 ár eða svo, en öðru máli er að gegna þegar þarf að fá sjerstakan mann til langframa, sem á að geta sjeð fyrir konu og börnum. Þm. gæti með sama rjetti sagt, að af því að kandídat í lögum getur staðið sig við að ganga frá examensborðinu og gjörast fullmektugur einhverstaðar fyrir einar 1000 kr. á ári, þá geti hann líka staðið sig við að lifa með þeim launum alla æfi. Þm. Bf. sagði enn fremur að það hefði verið unnið að endurskoðaninni af manni sem hann setti jafnan þeim sem nú hefði það starf á hendi, og er það ekki svo undarlegt, þegar það er *sami* maðurinn sem vinnur að því nú og þá, því að líklega hefur honum ekki farið aptur síðan.

Þegar starf hins umboðslega endurskoðara er miðað við störf endurskoðunarmannanna, sem alþ. skipar, þá er auðsjeð að hinn umboðslegi endurskoðari leggur þeim allt upp í hendurnar og þeir raska sjaldan gjörðum hans, og fyrir þetta fá endurskoðunarmennirnir 800 kr. hvor — áður var það 1000 kr. — og er annar þeirra þó uppgjafaembættismaður með eptirlaunum, en hinn hálaunaður.

Jeg vík mjer þá að þessum launum til málafærslumannsins við hæstarjett. Þm. Rvk. sá enga ástæðu til þess að veita honum þessi laun; hann sagði að málafærslumennirnir dæmdu ekki málin; ætti þá kann ske að veita dómurunum laun? Þm. sagði að þá væri eins ástæða til að þóknast málafærslumönnunum fyrir undirrjetti og yfirrjetti. Jeg er viss um, að þm. Rvk. hefur jafnmikla virðingu fyrir landsyfirrjettinum og jeg, og þá vona jeg að hann játi, að hefðu jafngóð gögn komið fram í málinu fyrir landsyfirrjetti og fyrir hæstarjetti, þá hefði niðurstaðan hjá landsyfirrjettinum orðið hin sama og hjá hæstarjetti. Þessi niðurstaða er málafærslu Levinsens að þakka, og því á hann einn að fá þessa viðurkenningu. Þm. Rvk. þótti það næg og sóma-

samleg borgun, að málafærslumaðurinn fengi 60 kr. fyrir ómak sitt. Jeg get komið með dæmi, sem er mikið upplýsandi, þó að það sje nokkuð einstaklegt, að þm. Rvk. tekur sjálfur 50 kr. fyrir að mæta í undirrjetti í máli móti mjer; það þykir honum víst sæmileg borgun og hitt líka sæmilegt að launa málafærslu fyrir hæstarjetti í hinu mesta stórmáli með 60 kr. *(H. Kr. Fr.:* Kemur alls ekki við málinu). Jú, það kemur sannarlega málinu við, því það er mjög upplýsandi. Jeg veit af eigin reynslu, hvað það kostar að eiga mál fyrir hæstarjetti og hvað er sómasamleg borgun fyrir það, þó um lítið sje að tefla og prívatmaður eigi í hlut. Getur þá slíkt lítilræði á nokkurn hátt verið sómasamleg borgun fyrir annað eins stórmál fyrir landsins hönd sem varðar alla þjóðina? Jeg verð að álíta það beinlínis sóma þjóðarinnar að launa þessum manni. Við þessa ust. hefði ekki átt að athuga annað, en að þessi laun væru of lág; þau hefðu átt að vera tvöfallt hærri.

Jeg verð að drepa á eitt atriði í ræðu hins h. 1. þm. Sm., sem jeg þó var í flestum atriðum samdóma. Hann sagði að sig hefði furðað á því, að það hefði hneykslað mig að n. hefði veitt fje til búnaðarins eins og undanfarið, og það af þeirri ástæðu, hvað fje þessu væri illa varið. Jeg vil leyfa mjer að benda honum á nefndarálitið sjálft, sem er hin mesta authoritet á þessu þingi, eins og allt sem kemur frá fjárln. Þar stendur á 5. bls. að n. hafi orðið þess áskynja að skiptar skoðanir sjeu um, það hvort sýslunefndir allar hafi notað þennan styrk eins vel og æskilegt væri. Þetta hefur þá verið hinni h. fjárln. fullkunnugt. *(L. Bl.:* Lesa lengra). Jeg skal eptirláta 1. þm. Hv. (L. Bl.) að lesa gr. út; hann finnur ekkert í henni sem stríðir á móti þessu.

Allir sem ekki horfa til himins og byggja skoðanir sínar í lausu lopti á því sem ætti að vera og gæti verið, munu álíta það næsta náttúrlegt, að þessu fje hefur verið varið svona eins og tekið hefur verið fram hjer í deildinni. Menn þekkja hvernig það gengur, að hávaði af þessu fje gengur til gæðinga sýslunefndanna án tillits til annars. Sýslusjóðirnir ættu sjálfir að vera einir um að styrkja búnaðinn, en ekki að vera að taka úr lsj. til þess. Þm. Bf. (Gr. Th.) hefur sem blaðamaður sagt, að margur hver af þessum styrkjum úr lsj. sje eins og feitur hvalbiti, skorinn í fjárlaganefndinni. Sýslunefndirnar færu betur með fjeð úr sýslusjóðnum, og sýslurnar gætu staðið sig við þetta fjárframlag þegar þeim kæmi það sjálfum til góða. Það sæust meiri og betri afleiðingar af þessu fje, ef því væri eigi skipt í ótal parta, en haldið saman til gagnlegra fyrirtækja; 20,000 kr. í 4 ár væru 80,000 kr., og væru þær nú fyrir hendi, mætti byggja brú á Ölfusá fyrir það. Þm. Rvk. hefur ekki enn þá svarað mjer upp á það, hvernig þessum búnaðarstyrk hefur verið varið hjer í Reykjavík; hann sjer víst ekki fært að segja frá því.

Hvað fje til þessa útlenda verkfræðings snertir til að kenna mönnum að leggja betri vegi en nú gjörist, þá er jeg n. samdóma um þá fjárveitingu. Jeg hygg að því fje sje betur varið en fje því er hingað til hefur gengið til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, sem hefur verið útbýtt í smápytlingum, t. d. til að styrkja ungling að sigla til þess að finna upp og úthugsa einhverjar vjelar gagnlegar fyrir landið. Þessi maður lærir síðan handverk fyrir þennan styrk og kemur inn aptur sem úrsmiður. Það er betra að veita þetta fje, sem n. fer fram á, en minnka stórum eða afnema þessa fjárveitingu til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, sem kemur mönnum til að spekúlera í að hlaupa í lsj. og sigla út yfir pollinn til að leggja fyrir sig eitthvert misjafnlegt nám með óvissum afleiðingum.

Þrítugasti og níundi fundur, fimmtudag 9. ágúst, kl. 12—3¼. Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir 1884 og 1885 (C 85; nefndarálit C 245). Framh. 2. umræðu. Kaflinn 7.—12. gr. (niðurlag).

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vil minnast lítið á fje það, sem veitt er til eflingar búnaði, því það mætti andróðri hjer í deildinni í gærkvöldi. Mjer finnst það eitthvað undarlegt, ef þingið færi nú að nema af það, sem byrjað var á að veita á hinum fyrstu löggefandi þingum. Árið 1875 bar bóndi fyrst upp þetta fjárframlag á þingi; hann vogaði ekki að stinga upp á miklu, og byrjaði á 1200 kr. eða 1400 kr., en samt komst þessi fjárupphæð upp í 2400 kr. á fjárlögunum fyrir 1876 og 1877. Þetta var nú góð byrjun frá því sem áður var, þegar ekkert var veitt. Árið 1877 var fjárupphæð

þessi hækkuð upp í 5000 kr. fyrir hvort ár af fjárhagstímabilinu 1878 og 1879, eða 10,000 kr. alls; árið 1879 var sömu upphæð haldið fyrir næsta fjárhagstímabil, og í stjórnarfrumvarpinu, sem kom til þingsins 1881, var einnig sömu upphæð haldið, nfl. 10,000 kr.; en fjárlaganefnd n. d. færði þessa upphæð upp í 15,000 kr. Þegar málið kom til 2. umr., hreyfði jeg því, að mjer þætti þessi upphæð of lág í samanburði við margt annað; nefndin færði þá þessar tölur til 3. umræðu upp í 20,000 kr., og þessi upphæð var samþykkt í báðum deildum, og þessi upphæð er það, sem stjórnin nú hefur haldið og nefndin ekki breytt. Þessi upphæð er sannarlega ekki of mikil, þegar litið er á þarfir landsins; hitt er annað mál, hvort því ætið hefur verið varið svo heppilega. En jeg held að segja megi um fleiri fjárveitingar, að það falli ekki hver eyrir í góðan akur. Jeg skal taka t. d. laun og eptirlaunin, sem jeg ætla að mætti segja ýmislegt um, hvernig varið væri, þegar það fje gengur til þeirra embættismanna, sem lafa í embætti til að lifa á því, eða fleygja sjer fyrir tímann upp á landssjóð sem eptirlaunamenn, og til eptirlauna og styrktarfjár er veitt 51,000 kr., og að auki 9000 kr. til fátækra presta, ekkna þeirra og barna; til verklegra og vísindalegra fyrirtækja 12,000 kr.; til óvissra útgjalda 6000 kr. Svo skal jeg nefna styrkinn til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Jeg held að eitthvað mætti um hann segja eða brúkunina á því fje. Þá eru brúkaðar 20,000 til vegabóta. Engum dettur í hug að hætta þeim, þó deildar sjeu meiningar um það, hvernig sumu af því fje er varið. Latínuskólinn kostar okkur liðugar 70,000 kr. á fjárhagstímabilinu eða sem næst 1 kr. fyrir hvert nef á landinu Þegar allra þessara fjárframlaga, sem samtals nema 147,000 kr., er gætt, held jeg engum þurfi að óa við því, þótt nokkurt fje sje veitt til eflingar búnaði. Jeg vildi fyrir mitt leyti heldur bæta við en rýra þessa upphæð, ef fjárhagur landsins væri nú betri en hann er, það er að segja, að afgangurinn væri meiri en hann lítur út fyrir að verða. Mjer þótti hinn h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) tala undarlega harðlega um þetta mál — hann sem þó hefur ferðast svo víða, og sjeð hvílíkan árangur yrking jarðarinnar hefur haft fyrir hinar menntuðu þjóðir heimsins, og hverja blessan og auðsæld þær hafa uppskorið af því að yrkja jörðina og vakta og hann sem líka hefur farið víða um þetta land og sjeð hversu flest liggur hjer í rofum og ræktarleysi. Það er mín sannfæring að oss sje engra framfara von nema vjer lærum að rækta betur jörðina. Vjer verðum án þessarar kunnáttu aldrei land með landi eða þjóð með þjóð, því eins og maður lifir ekki af einu saman brauði, þannig lifir hann heldur ekki af einum saman vísindum. 2. þm. Sm. (J. Ó.) kom með þá mótbáru, að sýslunefndir verðu þessu fje illa. Nefndin vissi líka að þetta var ekki ómögulegt, en hún hafði það traust til framtíðarinnar að sýslunefndunum mundi lærast að meðhöndla fjeð. En hún sá ekki neina ástæðu til að veita það ekki fyrir því; þá hefði n. farnazt eins og manni sem fær barni verk í höndur og tekur það svo af því aptur, af því það kann ekki verkið undir eins, og svo fer svo, að barnið lærir aldrei neitt að gjöra. Er þetta viturlegt? Jeg held líka, að þó að sumum sýslunefndum hafi misheppnazt, þá sjeu hinar fleiri, sem varið hafi fjenu vel og hyggilega, og var þá eins rjett að nefna þær til eins og hinar. Það er ekki fundið neitt að meðferð amtsráðanna á fjenu, það jeg veit; þó jeg viðurkenni að amtsráðunum kannske yfir höfuð hafi heppnazt vel að ráðstafa fjenu, er þau hafa til umráða, en ekki eykst þeim allt vit amtsráðsmönnum, þó þeir fái þetta nafn; en dæmi eru til, að svo hefur eigi alltíð verið; getur vel verið að sandyrkingin í Skaptafellssýslu hafi verið vel meint; en hvernig fór? Ekkert nema kostnaður. Jeg skal einnig minnast lítið eitt á till. h. h. þm. Ef. (A. Ó.) viðvíkjandi vegabótum á póstvegum. Jeg hlýt að geta þess, að það er auðsætt að þm. er ekki kunnugur á Mosfellsheiði. Mjer finnst maður verði einnig að líta á sóma landsins. Mosfellsheiði er er ekki einungis sá vegur sem allir útlendir fara er ferðast á Þingvöll og til Geysis, heldur er hún einnig tvöfaldur þjóðvegur á landinu allt austur að Kárastöðum í Þingvallasveit. Yfir hana fer allur þorri manna úr efra hluta Árnessýslu, margir úr efra hluta Borgarfjarðarsýslu, og loks allir, sem fara suður eða norður Kaldadalsveg, t. d. kaupafólk, skólapiltar og ferðamenn; þessi þjóðvegur er því sjerstaklega nauðsynlegur, þó hann ekki sje póstvegur; hann var fyrrum sá fjölfarnasti þjóðvegur á öllu landinu. Það er því bæði gagn og sómi fyrir landið að endurbæta þennan veg og meira fje þarf til hans en ætlað er. Að því er það snertir

að fá hingað vegfróðan mann, þá var það skoðun n. að það væri óumflýjanlega nauðsýnlegt, og ekki halda svona lengur áfram í myrkri vankunnáttu, að fleygja fje út í ónýtar vegagjörðir. Þm. Ef. (A. Ó.) taldi hallærið því til fyrirstöðu, að fá vegfróðan mann; en jeg held það bætti lítið úr hallærinu að skjóta þessari framfaratilraun fram í ókomna tíð, og hvern veg sem það gefst, er hjer um bil sjálfsagt að gjöra þessa tilraun, að fá vegfróðan mann frá öðrum löndum.

Þorkell Bjarnason: Jeg byrja á 10. gr. A. 3. og get þess, að jeg verð að vera sp. hinni h. fjárlagan., en ekki stjórnarfrv. Þess verður að gæta, að hjer er einungis um sýslan að ræða, þar sem endurskoðunin er, en ekki embætti, og þessari sýslan er svo varið, að til hennar má hæglega fá háskólakandídata fyrir 2500 kr. og ef til vill fyrir minna, og verð jeg að álíta, að þeir væru fullfærir um, að leysa starfa þenna vel af hendi, og þess vegna sje óþarfi að hækka borgunina fyrir endurskoðunina upp í 3000 kr.; það væri óþörf eyðsla. Það lítur líka út fyrir, að stjórnin hafi viljað benda til þess, að önnur störf gætu orðið höfð á hendi með þessu, því að hún kallar fjárveitinguna *þóknun;* en þóknun bendir á það, að þá sje ekki um fullkomið starf handa viðkomandi að ræða. Þá kem jeg til bratkv. við 10. gr. B. 4. Jeg verð að vera þessu bratkv. alveg sp., því að hjer stendur mjög sjerstaklega á. Mjer þykir það samboðið sóma þingsins, að gjöra vel við þann mann, sem flutt hefur þetta mál, sem var áhugamál þingsins, með dugnaði. Hver privatmaður, sem hefði átt í slíku máli, mundi hafa viljað sýna sínum málfærslumanni, að hann kunni að meta það gagn, sem hann hafði af, að málið vannst, og þingið ætti ekki síður að kunna að meta, hversu æskilegt það var, að málið fjekk þessi afdrif. En jeg hefði kunnað jafnvel betur við, að það fje, sem hjer er gjört ráð fyrir, að borgað verði málfærslumanninum, hefði verið afhent 1. þm. Sm. (Tr. G.), og honum falið á hendur, að kaupa einhvern grip og afhenda hann síðan málaflutningsmanninum til minningar um drengilega málssókn hans í þessu áhugamáli þjóðarinnar. Að því er snertir tillag til landbúnaðarins, verð jeg að vera alveg á máli og h. h. 1. þm. (Á. Þ. G.); jeg verð að álíta, að 20,000 kr. sje jafnvel of lág upphæð, því að jeg get ekki verið samþ. 2. þm. Sm. (J. O.) í því, sem hann sagði í gær, að þessu fje hefði að undanförnu hjer um bil verið kastað í sjóinn. Þm. hlýtur að vita, að síðan þessi fjárveiting kom fyrst til, hafa búfræðingar ferðazt um sveitirnar, og menn getað mikið af þeim lært og margir hafa líka mikið af þeim lært; þar að auki eru búnaðarskólar stofnaðir, sem einnig miða óneitanlega til framfara í búnaði. Jeg þekki nokkuð til hjer á Suðurlandi, og get því borið um, að fjenu hefur þar ekki verið illa varið að mínu áliti. Jeg skal geta þess, að jeg kann ekki við hvernig aths. við 4. tölulið eru orðaðar; það getur ekki verið meiningin, að gjöra amtsráðum lægra undir höfði en sýslunefndum; enda getur enginn með sanni sagt, að amtsráðum hafi mistekizt svo að úthluta þessu fje, að þeim sje ekki lengur til þess trúandi að hafa höfuðatkvæðið í því máli. Þá er nú bratkv. við 10. gr. C, 12; breyt.till. þessi er frá mjer og h. h. samþingismanni mínum og höfum við komið fram með hana af því, að þessir menn sem þar er talað um hafa ekki borið upp þann kostnað, er þeir höfðu við niðurskurðinn á hinu kláðagrunaða fje í Grindavík, sem þá var hið mesta þarfa- og nauðsynjaverk. Mjer er það kunnugt síðan jeg bjó á Mosfelli og jeg og sveitungar mínir læknuðum kláðann árlega, að hann kom árlega á hverju hausti sunnan frá sjó; þar var hans gróðrarstía, og er það vel skiljanlegt, því að menn sem búa við sjó, hafa ekki sömu kringumstæður til að lækna eins og þeir sem í sveit búa; þá vantar hús og hey, og eiga bágara með að stunda hjúkrun skepnanna þar sem þeir verða að gefa sig alla við sjónum; þessir menn eiga því sannarlega skilið, að fá kostnað sinn goldinn, með því þeir útrýmdu hinu grunaða fje. Jeg er líka viss um, að um það leyti, sem kláðinn vofði yfir landinu með öllum sínum ótta og illu afleiðingum, þá hefðu menn tekið fegins hendi því boði, hefði einhver komið og sagt: Nú skal jeg fara suður með sjó og rífa kláðann þar upp með rótum. Menn ættu ekki að gleyma því, hvílíkt þarfaverk þessir menn hafa unnið og vera þeim þakklátir. En af því að mjer þó segir svo hugur um, að d. muni fella þetta bratkv., þá ætla jeg að taka af henni það ómak og taka það aptur, þó að mjer þyki mjög slæmt að þurfa að gjöra það.

Egill Egilsson: Það tókst nú af mjer mjög óþægilegt ómak í þessu augnabliki, þar

sem brt. við10. gr. C 12 var tekin aptur; jeg er mjög ánægður með það, að þurfa ekki að standa upp hennar vegna; en úr því jeg nú er staðinn upp, þá verð jeg að minnast á skuld, sem jeg stend í við þm. Bf. (G. Th.). Hann minntist í gær allra vinsamlegast á skuld til landsjóðs, sem hvílir á kalkofninum, og var ekki laust við, að honum þætti efi geta leikið á því, hvort skuld þessi væri allsendis trygg. Þm. nefndi til 3 skuldir til landsjóðs, nfl. Laugarnesskuldina, Elliðaárskuldina og kalkofninn, og áminnti um, að það veitti ekki af að fara að hafa gætur á þessum skuldum. Þar sem þm. tekur þessar 3 skuldir undir sama flokk, efast jeg um, að honum hafi tekizt að flokka rjett, því að þessar 3 skuldir eru alls ekki sama eðlis. Tvær af þeim eru nefnilega fastar skuldir, sem standa fyrir föstu, fullnægjandi veði. Hvað getur verið móti því, að láta skuldir þessar standa meðan hlutaðeigendur standa í skilum, án tillits til þess, til hvers peningarnir eru brúkaðir? Úr því að þm. minntist á kalkofninn og þá skuld, sem á honum hvílir, þá skal jeg upplýsa hann góðfúslega um, hvernig á þeirri skuld stendur, úr því honum er ókunnugt um það. Þetta lán, sem tekið var til kalkofnins, var lán til 10 ára, og er nú svo komið, að helmingur þess er endurborgaður, en tryggingin er enn hin sama óskert. Þar sem því skuldarupphæðin fer minnkandi, en tryggingin er óbreytt, þá leiðir af sjálfu sjer, að sá pantur, sem stendur fyrir fjenu, verður allt af gildari og gildari, og hættan fyrir landsjóð því ávallt minni og minni. Þessi skuld, sem hvílir á kalkofninum, samrýmist betur við aðra skuld en þær, sem þm. tilgreindi, nefnil. þá skuld, sem hvílir á Bessastaðakirkju. Þar stendur nokkuð líkt á; þar er steinhús, eins og kalkofninn er steinhús; en kalkofninn hefur þann kost fram yfir Bessastaðatrygginguna, að það er engin freisting til að taka neitt burt úr honum; hann stendur órúinn. Jeg verð að vekja athygli þm. á því, að það hefur stundum komið fyrir, að fyrirtæki hafa hvílt sig um stund, en risið upp aptur. Að því er kalkvinnsluna snertir, þá er henni að vísu ekki haldið áfram nú sem stendur, en hún er allt um það ekki hætt. Sá staður, sem byrjað var á, var svo óhentugur, að það var fyrirsjáanlegt, að það myndi til niðurdreps að halda þar áfram; en næst þegar verður byrjað, verður byrjað á öðrum hentugri stað. Jeg skal minna þm. á annað stærra og umfangsmeira fyrirtæki en kalkvinnsluna, og það er brennisteinsvinnsluna í Krysuvík og Brennisteinsfjöllum. Það fyrirtæki er nú stanzað, en það er ekki hætt.

Af því jeg hef þá æru að vera í bæjarstjórn Reykjavíkur, skal jeg minnast á ummæli annars þm. Sm. (J. O.), þar sem hann tók Reykjavík til dæmis upp á, hversu illa því fje hefði verið varið, sem veitt er til framfara í búnaði. Hann talaði mjög óvirðulega um, að þessu fje hefði verið kastað ofan í einhverja gróf, og getur nú verið að þessi gróf sje lítilfjörleg í augum þm. þeirra, sem ekki eru kunnugir hvernig á stendur; en það getur breytzt, þegar þeir fá að vita, að þessi gróf er líflending hjer í Reykjavík og jafnvel opt fyrir Seltjerninga. En peningarnir frá fyrra ári eru enn óbrúkaðir, því þeir voru ekki einhlítir til að gjöra við þessa lendingu, og var því beðið eptir meira fje, og verður fyrst byrjað á verkinu í haust. Þar sem þetta fje er veitt til framfara búnaði til lands og sjávar, verður ekki annað álitið, en að því sje rjett og skynsamlega varið, þegar það er brúkað til að gjöra við lendingu, sem er líflending margra manna, en sem er orðin skemmd af sjáfarróti. Jeg vona jeg hafi þannig sannað að Reykvíkingar hafi ekki vanbrúkað þann umrædda styrk.

Þórarinn Böðvarsson: Hvað málfærslumann Levinsen snertir, þá hygg jeg það nokkuð sjaldgæft, að málaflutningsmaður, sem færir opinbert mál, fái sjerstök laun af opinberu fje; en sá maður, sem hjer ræðir um hefur haft mikið fyrir málinu og á að því leyti laun skilið. Hvað styrkinn til eflingar búnaði snertir, þá held jeg að enginn vafi sje á því, að búnaðinn ber að styrkja og styrkja rækilega; en það hefur að eins verið talað um hvernig ætti að úthluta styrknum, eða hverjir ættu að hafa hann til umráða til að verja honum, svo honum yrði sem bezt varið. Í raun rjettri held jeg að rjettast væri, að sýslunefndirnar fengju allan styrkinn til umráða. Það er ómögulegt að ætla, að nokkur geti varið styrknum búnaðinum til framfara, ef sýslunefndirnar geta það ekki, eptir því sem bezt hagar í hverju hjeraði.. Þar sem sagt var, að styrknum hefði eigi alstaðar verið heppilega varið, þá sýnir það að eins að sýslunefndirnar þurfa að læra að fara með fjeð. Það er varla til þessað ætla að sýslunefndirnar, sem aldrei hafa haft á-

stæðu til að hugsa um þess konar, út hluti styrknum hönduglega í fyrstu; enda er fjárhluti sá, sem kemur á hverja sýslu, svo lítill að úthlutanin verður við það erfiðari. En hvað snertir fje það sem varið hefur verið til búnaðar í því sýslufjelagi sem jeg þekki bezt, Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá held jeg, að þar sje unnið mesta þarfaverk fyrir sjáfarbúnaðinn, að gjöra við lendingu, já, við líflendingu okkar í Gullbringusýslu. Þá vildi jeg leyfa mjer að tala um annað atriði, um það nýmæli, að fjölga póstferðunum. Jeg er í vafa um það, hvort rjett sje að þessu sinni að verja 16000 kr. til þessa nú á næsta fjárhagstímabili. Held jeg, að eigi verði jafnmiklir hagsmunir við þetta, sem til þess er kostað. Um þetta leyti er eigi jafnmikill skortur á ferðum, því að sjómenn koma hópum saman úr öllum áttum hingað suður. Jeg er eigi á móti þessu af því að jeg sje á móti samgöngum, þvert á móti; en jeg álít að þetta framlag sje mikið eptir hag landsins og árferðinu nú og jafnvel, að það eigi komi að þeim notum sem menn hyggja, og jeg ætla þar á ofan að það sje eigi nóg, og að töluvert meira muni þurfa, jeg ætla t. a. m. að benda á að viðaukinn við póstmeistarann er allt of lítill. Þessi embættismaður, sem hefur svo mikla ábyrgð, hefur nú að eins 1700 kr. og með þessari litlu viðbót 2000 kr. Jeg er þakklátur hinni h. n. fyrir ferðaáætlunina, sem hún hefur látið fylgja með nefndarálitinu; þó verð jeg að telja það mjög óheppilegan krók, að vestanpósturinn skuli þurfa að fara norður að Stað í Hrútafirði; það er hjer um bil þver krókur og lengir það ferð hans um 1 dag og þennan krók fer hann til þess að eiga fyrir sjer Holtavörðuheiði, sem hann annars slyppi við, en hún er ein sú lengsta heiði, sem póstar þurfa að fara; jeg held að það væri betra að norðanpósturinn og vestanpósturinn kæmu saman fyrir sunnan Holtavörðuheiði í Borgarfirði og að þaðan og þangað færi einn póstur. En jeg skal nú eigi fara fleirum orðum um þetta af því að jeg skoða þetta að eins sem bendingu frá h. h. n. En í sambandi við þetta vildi jeg leyfa mjer að koma fram með eina ust., sem skorað hefur verið á mig að bera fram, um að póstur verði látinn ganga úr Keflavík fyrir Grindavík, Selvogshrepp að Arnarbæli, og snúa svo við. Hjer er sjerstök þörf, því að þessir menn á suðurnesjum og í Grindavík hafa miklar samgöngur við Árnessýslu, Rangárvallasýslu og jafnvel Skaptafellssýslu. Þeir hafa í seinni tíð haft póst fyrir sig á þessari leið og segja þeir að pósturinn borgi sig vel, og þeir, sem hafi farið þessa ferð, hafi grætt á því; vil jeg því benda landsstjórninni á, hvort eigi mundi ráðlegt, að lsj. næði í þennan gróða, og að koma meiru skipulagi á þessar ferðir, sem verður við það að landstj. tekur þær að sjer. Jeg ætla líka eins og h. h. samþingismaður minn (Þorkj. Bj.) að leyfa mjer að minnast á brtill., sem við höfum komið með; jeg gjöri þetta samt eigi af því að jeg álíti að það sje rjett, að láta þessa menn ekkert fá. Nei; sá sem skipaði þeim að skera niður fjenað þann sem þar ræðir um fjekk heiðurslaun, og þá er sannarlega hart að þeir fái eigi skaða sinn bættan, og fje það endurgoldið, sem þeir hafa lagt út. Og allir verða að játa, að einmitt það verk, sem þeir unnu, varð til að gjöra enda á kláðanum. Þeir hafa þó þá huggun, þó að þingið ekki vilji bæta þeim skaðann.

Þórður Magnússon: Jeg ætlaði að tala fáein orð um fjeð, sem er veitt til búnaðarins. Það er nú búið að svara orðum 2. þm. Sm. (J. Ó.), þar sem hann var að bera það á sýslunefndir, að fjenu hefði eigi verið varið vel á mörgum stöðum. Jeg ætla nú eigi að minnast á orð hans til Reykjavíkurbúa, því jeg skoða þau sem spaug eða gamanyrði. Hann sagði að fjenu hefði verið fleygt ofan í einhverja gröf, en svo sannast á eptir að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur varið fjenu vel, hún hefur varið því til þess að bæta líflendingu sína. Er nú gott að reiða sig á svona orð? Hvað sem nú þessu líður, þá þori jeg að segja það, að engu fje hefur verið jafnvel varið á Vesturlandi. Þar sem enginn hugsaði um að efla búnaðinn, þá hefur þetta fje vakið krapt og framfarir. Menn hafa vaknað eins og af svefni; þeir þurftu þetta brýni, sem þingið ljet á þá. Nú brúka þeir tífallt meira fje en áður til búnaðareflingar. Jeg vil taka til dæmis Ísafjarðarsýslu, sem hefur lítinn búnað; hún hefur nú 5 búfræðinga, einn til að ferðast og fjóra til að halda áfram vinnu með 2 ungum mönnum hvern, og er hver þeirra ráðinn með piltunum allt sumarið í sama hreppi.

Sú upplýsing, sem ferðir búfræðinganna hafa vakið, er margra 1000 kr. virði, eptir því sem þeir hafa leiðbeint mönnum í búnaði og kennt mönnum aðferðir að ýmsum jarðabótum. Þetta kalla jeg eigi að fleygja

í sjóinn og er það makalaust, að menn skuli koma með annan eins óþverra á þingi og að segja þetta. *(Forseti:* Jeg verð að biðja þm. að hafa ekki svona sterk orð). Já, það er satt, en mjer varð að segja þetta, því hitt voru eigi góð orð. Það getur verið að fjenu hafi á einstöku stað eigi verið varið sem heppilegast, en það stendur til bóta og jeg er viss um, að þegar sýslubúar sjá, að sumar sýslunefndir fara illa aða ráði sínu, þá velja þeir aðra sem eru betri. Jeg segi það að engu fje er jafnvel varið og þessu og þó það væri margfallt meira, þá væri ekkert á móti því. Jeg vil nú taka þessar 20,000 kr. til spítala t. d. Þeir kunna nú að vera mjög gagnlegir, en það er jeg þó viss um að þetta fje gjörir ekki jafn-almennt gagn sem hitt. Vona jeg því að mönnum blandist eigi hugur um, að gefa atkv. með þessu. Og vildi jeg óska að 2. þm. Sm. (J. Ó.) færi einn á báti til 3. umr., hvað um þetta atriði snertir. Svo ætlaði jeg að minnast á hina umboðslegu endurskoðun; það er staðföst meining mín, að hún sje mikilsverð, og þurfi að vera vel launuð, og þó að menn hafi sagt, að það væri hneyksli að bæta við manninn ár eptir ár, þá held jeg þessi maður þurfi 3000 kr. til þess að standa vel í stöðu sinni. Hvað viðvíkur póstferðunum, þá tel jeg það ófært, að vestanpósturinn fari norður í Hrútafjörð; mjer finnst að það þurfi að skipta um póstana fyrir sunnan fjall. Að bæta 300 kr. til póstmeistarans þykir mjer mjög eðlilegt, því að maðurinn á að fá meiri laun eptir því sem póstferðirnar aukast. En er nú þarft að fjölga póstferðunum svona að vetrinum? Það er eigi mikið sem þá þarf að senda. *(A. Ó.:* Blöðin). Já, blöðin, þau eru nú eigi meira en svona, svona. *(J. Ó.:* Þau eru ekki lesin vestur í Hattardal). Ójú, en þau eru lengi á leiðinni þangað líka, og gott ef þau væru þá góð þegar þau koma, einkum þessi *þjóðlegu blöð!!*

Arnljótur Ólafsson: Jeg ætlaði að minnast lítið eitt á póstmálið. Það hefur þegar verið tekið fram, að eigi sje heppilegt allt sem n. hefur gjört í því efni. Hjer liggur nú fyrir sýnishorn af áætlun ferða landpóstanna, og skil jeg eigi allt í því. Jeg skil t. a. m. eigi hvernig menn ætla sjer að kubba í sundur ferðina frá Reykjavík sunnanlands austur til Eskifjarðar. Pósturinn fer fyrst frá Reykjavík og austur að Breiðabólsstað, þaðan áfram austur að Prestbakka, þaðan en austur að Bjarnanesi og þaðan á Eskifjörð. Póstleiðin er kubbuð sundur á 5 stöðum, og er í 4 köflum. Líkt er að segja um póstferðina vestur. Jeg skil nú eigi hvenær nefndin hugsar að menn fái svar aptur t. a. m. í Reykjavík frá Seyðisfirði, og eins hvort hver póstur á að snúa tómhentur aptur, þegar hann er búinn að fara sinn spöl af póstleiðinni. Jeg ætla, að brjef. sem fer frá Reykjavík 11. jan. til Eskifjarðar, geti eigi orðið svarað fyr en með 3. póstferð. Held jeg og að það væri betra, að póstarnir legðu á sama tíma á stað frá endistöðvunum til einna og sömu miðstöðva, svo sem er Staður í Hrútafirði, því að þá mætast þeir og taka hvor við annars bögglum. Enn fremur verð jeg að geta þess, að það er betra, að hafa þann kafla styttri, er póstur flytur tvöfaldan farangur, og því ætti að hafa skiptastað fyrir sunnan Holtavörðuheiði en eigi norður í Hrútafirði, því að sá sunnanpóstur flytur fyrir hina tvo, norðanpóst og vestanpóst. Þá er eigi gott, að pósturinn þurfi að gjöra marga óþarfa króka. Hann á að fara sem beinast og halda áfram viðstöðulaust. En út af þessu er brugðið á stundum. Þannig er tilætlazt, að pósturinn fari út að Möðruvöllum. En þetta er vondur krókur. Hörgá er opt ófær fyrir vatnavöxtum, og einkanlega á vetrardag hindrar jakaburður yfirförina. Held jeg því að betra væri að sleppa þessum póststöðvum; og setja brjefhirðingarstað hinu megin við ána á Laugalandi á Þelamörk andspænis Möðruvöllum. Sýnir það sig bezt. hversu góð tilhögunin er, sem nú er, á því, að pósturinn lætur áburðarhesta sína fara beina leið frá Laugalandi fram Þelamörkina og fer sjálfur lausríðandi yfir að Möðruvöllum, ef hann þá kemst yfir ána; svo má hann ríða allt hvað af tekur, og ætlar varla að ná lest sinni á Steinstöðum. Þetta þyki mjer óhentugt fyrirkomulag og vildi jeg að á því yrði breyting hið allra fyrsta.

Þá ætla jeg að leyfa mjer að svara hinum h. 1. þm. Sm. (Tr. G.), þar sem hann var að tala um hinn vegfróða mann; þessi maður á að fá allt að 2500 kr.; ef hann nú fær þetta allt, þá fær hann '/s hluta af öllu því fje, sem ætlað er til vegabóta. Jeg hafði eigi á móti þessu í sjálfu sjer, því að það er gott og gagnlegt að kunna sem bezt að vegabótum; en í þessu harðæri held jeg að landsmönnum veiti eigi af þeirri atvinnu

sem á nokkurn hátt er mögulegt að þeir fái, því að í harðærinu er það einmitt atvinnan, fjeð til að kaupa mat fyrir, sem fólk brestur. Að svifta innlenda menn atvinnu í harðæri er því hið sama sem að synja þeim matar, með því að ekki lifir fólkið á þeim mat, sem þessi útlendi maður jetur. Það dugir eigi að segja sem h. h. 1. þm. Sm. að mest sje um vert að verkið sje vel unnið, því það er hið sama sem að segja, að mestu máli skipti í harðæri, að maturinn sje vel jetinn og afurðin verði eptir í landinu, því að í harðæri stendur það á mestu ofan í hvern maturinn fer, útlendinginn ósvanga eða innlendinginn horaða og svanga.

Gufuskipaferðirnar eiga að fá hið sama tillag sem áður, og er eigi vert að tala um þær fyrri en áætlunin er komin. Þá er gott að efla búnaðinn, en það er ef til vill varið of miklu til sveitabúnaðarins en rjett er í samanburði við efling sjáfarútvegsins. Að endingu ætla jeg að nefna orðalagið í 10 gr. C. 4. Mjer þykir eigi fara vel á, að lh. skuli að eins hafa hliðsjón af tillögum amtsráðanna. Eg skil orðalag þetta svo, sem nefndin ætlist til að lh. skuli úthluta sýslunefndum þeirra fje orðalaust og skilyrðislaust, en aptur á móti gjóta bara hornauga til amtsráðanna. En jeg vona að n. breyti þessu við 3. umr.

Jakob Guðmundsson: Viðvíkjandi þessum 20,000 kr., sem veittar eru til eflingar búnaði, ætla jeg lítið að tala, því að jeg er sannfærður um, að það er flestum ljóst, að það er nauðsynlegt, að verja ekki einungis þessu fje til búnaðarins, heldur líka meiru fje, ef tök væru á því. En mjer dettur í hug út af umræðunum, sem spunnizt hafa út af þessu atriði, hvort ekki væri æskilegt, að það væru prentaðar skýrslur um það, hvernig þessu fje er varið, og svo skyldu þessar skýrslur liggja fyrir prentaðar við enda fjárhagstímabilsins. *(J. Ó.:* Stjórnartíðindin). En þær skýrslur eru allsendis ónógar til að sjá hinn verulega árangur af þessari fjárveitingu.

Viðvíkjandi því, sem 2. þm. G. K. (Þ. Bjarnason) sagði, viðvíkjandi endurskoðunarmanni landsreikninganna, að það væri ekki þarfi að bæta við laun hans, vegna þess það mundu verða nógu margir aðrir, einkum ungir lögfræðingar, er vildu takast þennan starfa á hendur, þá vil jeg segja það, að það getur verið bezti guðfræðingur, læknir eða lögfræðingur, og þó getur hann verið alveg óhæfur til þess að yfirskoða landsreikningana. Jeg tók það fram áður, að það mundu fáir eða enginn jafnhæfur og þessi maður til þessa starfa. *(H. Kr. Fr.:* Það er heldur mikið sagt). Jeg tók það einnig fram, að hann hefði byrjað á að gefa út hagfsæðislegar skýrslur, sem hann ekki var skyldugur til og það mundi mikilsvert og gott ef hann gæti haldið því áfram. Hvað viðvíkur póstgöngunum, þá er jeg n. samdóma um að fjölga þeim, en hitt er efasamt, hvort sú ust. er æskileg eða heppileg, að einn póstur fari með allan póstinn norður að Stað. Jeg held það væri betra að skipta honum fyrir sunnan Holtavörðuheiði. Annars held jeg það væri hyggilegra að láta þetta bíða þetta fjárhagstímabil, heldur en að kasta fje alveg út í óvissu.

Benidikt Sveinsson: Jeg held það sje synd fyrir mig að bera í bakkafullan lækinn og auka þessar löngu umræður. Samt sem áður vildi jeg leyfa mjer að tala nokkur orð viðvíkjandi fáeinum atriðum, og er það þá fyrst við 10. gr. A. 3. Jeg er alveg samdóma því, sem tekið hefur verið fram af hinum hæstv. lh. og h. h. 1. þm. Hv. (L. Bl.), að hjer ræðir um svo mikilvægt og vandasamt starf, að jeg efast ekki um að fjárln. og öllum þm. sje ljóst, hversu áríðandi það er fyrir allt landið, að það sje vel og vandlega af hendi leyst. Það er efalaust öllum ljóst og eins hinni h. h. fjárln., hversu áríðandi það er, ekki einungis fyrir lh., sem á að leggja úrskurð á reikningana, heldur og fyrir reikningshaldarana sjálfa, að eiga kost á þeirri endurskoðun, sem hefur vit og lag á að leiðrjetta, ef eitthvað er talið of eða van í reikningunum gagnvart lsj. Jeg vil segja, þetta er svo mikið vandaverk, að það getur enginn óæfður maður leyst það vel og viðunanlega af hendi. Þess ber og að gæta, að föst venja og föst stefna er hjer einkar-áríðandi, en ef skipt væri um endurskoðunarmann annað eða þriðja hvert ár — þótt um nýta menn væri að velja — þá mundi komast slíkur ruglingur á endurskoðun og úrskurði á reikningana, að ekki væri viðunandi, vegna þess að þá mundi sinni reglunni verða fylgt í hvert skipti, eða svo opt sem skipt væri um endurskoðanda, og þetta yrði því tilfinnanlegra fyrir reikningshaldarana, sem aldrei er búið að úrskurða fyrri árs reikning þegar reikningurinn er aflagður næsta ár á eptir. Jeg skal geta þess að jeg álít og jeg vona að

þetta verði ekki álitnar persónulegar athugasemdir, nje heldur þó jeg segi, að þessi maður, sem hjer á í hlut, er ekki einungis sá eini á öllu landinu, sem getur heitið fagmaður í þessari grein, heldur álít jeg einnig, að hann gegni starfa sínum með sjerlegri vandvirkni og samvizkusemi. Þd. hefur nú nýlega viðurkennt, að 2400 kr. væru hin minnstu sæmileg laun fyrir familíufóður hjer í Reykjavík, og þá eru þessar 2500 kr. sannarlega það allra minnsta og of lítið fyrir þetta starf. Það kann að vera, að einn maður geti gegnt þessu starfi hjálparlaust svo sem eitt eða 2 ár, en að hann geti gjört það vel og vandlega ár eptir ár, eða til lengdar, því neita jeg. Jeg mun því gefa atkv. fyrir stjfrv. í þessari grein.

Það hefur mikið verið talað um 10. gr. C. 4. sjerstaklega viðvíkjandi þessum 800 kr. til málaflutningsmanns Levinsens við hæstarjett. Í því tilliti skal jeg einungis halda mjer að orðum þeirra manna, sem hafa stutt þetta atriði. Jeg er þeim fullkomlega samdóma um það, að það sje vansæmandi fyrir þingið að fella þessa brtill., úr því hún er fram komin, meir að segja það er vansæmandi, að aðrar eins mótbárur skuli hafa komið fram gegn þessari ust. eins og komið hafa frá 2 h. þm. Það er vansæmandi af því, að hver einstakur maður finnur það skyldu sína, ekki að eins siðferðislega skyldu heldur einnig lagalega skyldu, að borga sómasamlega þeim málaflutningsmanni, sem flytur vel mál hans, og með því nú þingið má heita *lagalegur aðili þessa máls*, vona jeg að það finni *þess vegna skyldu sína til að borga* á móts við hvern heiðarlegan einstakan mann.

Það hefur verið tekið fram að þetta væri óvanalegt. Þetta er að vísu satt, en það er nú svo *margt óvanalegt í þessu* máli. Það er sannarlega *óvanalegt ráðgjafabrjefið* góða 1877. Það er *óvanalegt* að *ráðgjafinn* leyfi sjer að gefa «authentisk Fortolkning» af nýjum lögum, sem snerta rjettindi einstakra manna, gagnvart löggjafarþingi, sem hæstirjettur hefur nú sýnt og sannað, að ekki sje á neinum rökum byggt. Það er *óvanalegt* að hið opinbera skuli á allar lundir sperrast móti því, að hlýtt sje lögum þeim, sem er bein skylda þess að framfylgja, en láti hefja rannsókn og ófsóknir gegn þeim mönnum, sem reyna að styðja að því, að lögunum sje framfylgt um leið og þeir framfylgja rjettindum sínum í krapti laganna, og eptir beinum og bókstaflegum ákvörðunum þeirra, eður sem menn segja með lögin í höndunum. Það er *óvanalegt*, að sjá annað eins og *umboðsskrána* frá 1881, sem gefur einum manni heimild til að hefja rannsókn um þvert og endilangt land eins og í stórkostlegasta óbótamáli og til að setja menn í bönd og bann og sneiða *fram hjá* hinum *venjulegu dómstólum*. Það var allt *þetta óvanalega*, auk ótal fleira, sem hjer verður ekki talið, sem var svo knýjandi orsök og ástæða til þess, að skerast í málið gagnvart framkvæmdar- eða umboðsvaldinu. Það er fleira en krónur, sem þingið þarf að spara og hafa gát á; þingið þarf líka að virða og vernda *fasteignir lsj.*, og jeg vona þingið kannist við ályktun sína frá 1879.

En það er fleira *óvanalegt* í *þessu* máli; það er sannarlega *óvanalegt*, að þegar þessi umtalaði heiðraði málfærslumaður hefur rekið þetta mál svo vel, þegar hann hefur hrakið og brotið á bak aptur alla þá lagakróka, vafninga og vífilengjur, sem búið var að tvinna inn í málið, og unnið málið þjóðinni og þinginu til fagnaðar og sóma, já *þá* kemur enn það *óvanalega*, að þingið hefur ekki einu sinni fengið formlega vitneskju um árangurinn af ályktun þess gagnvart umboðsvaldinu; en það *allra-óvanalegasta* er þó það, að jeg veit ekki betur en að hæstarjettardómnum sje *ekki fullnægt* enn þann dag í dag. Jeg hef sjeð og allir þingmenn hafa sjeð *kæru* hjer á lestrarsalnum um það, að landsstj. hafi enn *ekki* látið *fullnægja* hæstarjettardómnum frá 8. maí þ. á., kæru um það, að landsstjórnin hafi ekki látið ganga eptir því, að kaupmaður sá, sem hæstarjettadómurinn gekk á móti, fullnægði friðunarlögunum 11. maí 1876 2. gr., þar sem hann enn þvergirðir syðri Elliðaána. Jeg hefði því sannarlega heldur óskað og ætlað, að frms., sem annars lætur sjer svo annt um hag lsj., og sem annars er ekki eptirbátur annara í löghlýðni, að hann, segi jeg, hefði andað í þá átt að þessi hæstarjettardómur hefði orðið landsjóðinum og landinu að tilætluðum notum, en að hann gjörðist talsmaður þeirra ranginda og lögleysu, sem enn á sjer stað, opinberum eignum landsins til mesta skaða. Jeg hefði heldur vænzt þess, að hann hefði sýnt fram á, að Elliðaárnar væru nú orðnar fríar og frjálsar fyrir hinum óhelgu þvergirðingum, sýnt fram á hvað þetta er mik-

ils virði enn sem fyrri fyrir land og lýð. En hinu hefði jeg sízt búizt við, að hann mundi anda í þá átt, að *þingið skyldi ekki sýna* þeim manni neinn *sóma,* sem hefur komið málinu á rjettan rekspöl.

Þá er að minnast á það, að nefndin leggur það til að fá erlendis frá vegafróðan mann. Jeg er alveg samdóma hinum h. form. fjárln. að það sje miklu hyggilegra og rjettara, að fá inn í landið einn vegafróðan og verkæfðan mann heldur en að senda óreynda unglinga til Norvegs eða Danmerkur til að nema vegafræði. Því fyrst og fremst er óvíst hvernig þeir reynast, og þó að þeir reyndust vel, þá er þó ungur maður jafnan ungur og óreyndur, sem ekki getur komizt í samjöfnuð við þann mann, sem bæði hefur sýnt dáð og dugnað og er sannarlega fróður í því, sem lýtur að vegagjörðum. Jeg vil minna hinn háttvirta 1. þm. Ef. (A. Ó.) á það, að það má svo að orði kveða, að hjer sje ekki einungis um *„bók“*, heldur um lifandi bók að ræða, sem mun reynast heilladrjúgara en þó óreyndir unglingar sjeu að labba um á götunum í Kaupmannahöfn eða á landsbyggðinni í Norvegi!

Þá er enn um styrkinn til eflingar búnaði. Jeg er í því tilliti í «principinu« samdóma hinum háttvirta sessunaut mínum (J. Ó.). Jeg vildi sannarlega óska að sýslunefndir eða hjeraðsstjórnirnar þyrftu ekki að sækja fjeð til lsj. heldur hefðu þá sjálfstjórn og fjárforræði sjálfar, að þær gætu veitt það fje sem nauðsynlegt væri til þeirra vegagjörða í hverri sýslu fyrir sig sem henni eptir hlutarins eðli heyrir til að framkvæma, við hliðina á þeim almenna landsvegi, sem landstjórnin og landssjóðurinn einn á að sjá um. En eins og vegalögin nú einu sinni eru, þá hafði fjárln. ekki önnur úrræði, til þess að hlynna að þessari stefnu sem fjárlaganefndin 1881 tók, en það sem hún hefur gjört; og er jeg henni því næst þakklátur fyrir aðgjörðir hennar í þessu efni. Jeg skal taka það fram, að það er *mögulegt,* að fje þessu hafi *sumstaðar* ekki sem bezt verið varið. En jeg skal einnig taka það fram, að í Þingeyjarsýslu var því varið mjög vel. Með öllum harðindunum í fyrra vor og öllum þeim ósköpum, ísreki, hretum og hríðum, sem dundu yfir Þingeyjarsýslu næstliðið sumar, þá voru fengnir 2 beztu búfræðingar, sem völ var á, ekki einungis til þess að ferðast um, skoða og leiðbeina í búnaðarefnum, heldur til þess að *vinna* víðsvegar um suðurhluta sýslunnar og það ekki einir, heldur með kjörnum efnilegum ungum mönnum *úr hverjum hreppi,* sem áttu að læra og lærðu verklega vinnu. Svona var fjenu varið þar. Verkið eptir þennan vinnuflokk var svo mikið, að alla mundi furða á í slíku óári, sem var í fyrra, og hefði þó orðið meira ef mislingarnir hefðu ekki lagt flokkinn í valinn um lengri tíma. Ef hinn h. forseti sæti á þingmannabekkjunum, þá mundi hann sanna sögu mína í þessu efni. Í sumar átti Þingeyjarsýsla að vísu ekki kost á lærðum búfræðingum, en það var ráðgjört að sami flokkurinn og í fyrra — að undanteknum búfræðingnum — skyldi enn ferðast og vinna að ýmsum jarðabótum, þannig að hver hreppur skyldi nota sinn mann, til að standa fyrir vinnu sinni. Einn þeirra sem lært hefur búfræði í vetur ferðast í sumar um í norðurhluta Þingeyjarsýslu til að leiðbeina bændum og standa fyrir jarðabótavinnu þar sem hennar verður óskað. Þingeyjarsýsla á því sannarlega ekki ámæli skilið hvorki fyrir að hún hafi vanbrúkað fjeð eða ekki notað það, og jeg er viss um að það þarf ekki að vantreysta Þingeyingum eða áminna þá um að nota þetta fje vel framvegis.

Þorsteinn Jónsson: Jeg finn mjer skylt að gjöra grein fyrir atkv. mínu í þessum kafla fjárl. Jeg mun ekki tala opt í þessu máli og ætla því að lýsa því yfir, að jeg er n. yfir höfuð þakklátur. En þó eru nokkur atriði í þessum kafla, sem jeg vil benda á, þar sem jeg er á móti n. Það er þá fyrst 1. staflið á atkvskránni A. 3. Þar get jeg ekki verið n. sp. af þeim ástæðum, sem drepið hefur verið á. Fyrst er það sannfæring mín, að þessi maður hafi nóg að starfa, og svo er hann ekki embættismaður, svo hann hefur ekki rjett til eptirlauna, og svo er það einnig samkvæmt hugsun minni, að jeg vil launa vel fyrir unnið verk; þess vegna mun jeg aðhyllast stj.frv. Hvað þennan vegfróða mann snertir, sem talað hefur verið um, þá er jeg alveg samdóma n., að það sje nauðsynlegt að fá þess konar mann frá útlöndum. Jeg er fullkomlega kominn að raun um, að handverksmenn frá öðum löndum hafa gjört hjer mikið gott. Það kom útlendur byggingamaður til Vestmannaeyja fyrir nokkrum árum og hann hefur gjört þar mikið gott. Menn hafa hagnýtt sjer ýmislegt byggingarefni síðan, sem áður varð ekki að notum og brúka nú kalk fyrir mold o. s. frv. Jeg

hef reyndar grun um, að það sje ekki einungis af vankunnáttu, að menn eru svo hirðulausir með vegina og þeir eru svo illa gjörðir, heldur er jeg hræddur um, að þessi akkorðsvinna sje að mestu gjörð til þess að fá peningana, hvað sem veginum líður. Hvað um það, jeg held það sje gott að fá vegfróðan mann og það sje ekki of mikið að ætla honum 2500 kr., því að jeg treysti því, að honum verði ekki borgað meira en þörf er á. — Svo er 8. tölul. undir C. — Jeg hef ekki fasta sannfæring um, að þessi vörðuviti sje til bóta, en jeg mun ekki gjöra það að kappsmáli. Hvað 11. tölul. snertir, um viðgjörðina á Vestmannaeyjakirkju, þá treysti jeg n. að hún hafi sjeð fært að framkvæma þessa viðgjörð fyrir minna en stj. ætlar, því að jeg get ekki fylgt n. í því. Svo er þessi stóra br. við 12. gr. Jeg kalla það stóra br., því það er mikið peningaspursmál. Jeg hef tekið það fast í mig, að greiða ekki atkv. með neinu stóru peningaspursmáli, þegar jeg er ekki sannfærður um nytsemina sem af því leiðir, og eptir því sem jeg þekki bezt, þá er jeg ekki sannfærður um að þetta borgi sig vel, einkum á vetrum, þegar margt er til tálma. Jeg held það sje ekki áreiðanlegt, og sízt að ágóðinn verði svo mikill að hann svari kostnaðinum. Þess vegna er jeg á móti þessari br.

Jeg hugsa mjer ekki að tala lengi, en það er samt út af umr. um 10. gr. C. 4. til eflingar búnaði, sem jeg vil enn mæla nokkur orð. Þm. Bf. hefur ekki verið svarað upp á sínar aðfinningar að fullu, en 1. þm. Sm. meiru upp á sitt. En af því jeg er frá sjávarsveit og þessu var beint að sjávarsýslu, þá vil jeg segja það, að sýslunefndin mun hafa álitið, að það mundi heyra til búnaði að kaupa þessa »jagt», það gjörir ekkert til hvort kaupendurnir voru einn eða fleiri. Sýslunefndin mun hafa villzt á eða ætlað að allt mundi heita búnaður eins það sem heyrði til framfara í sjávarútvegi og landbúnaði. En að viðbótin varð svona lítil, var líklega af því, að peningarnir hafa verið svo litlir. Hefðu peningarnir verið miklir og þó kaupandinn hefði ekki verið nema einn, þá hefði sýslun. líklega látið hann fá þá alla. Fyrst það voru ekki nema 60 kr. —eins og sagt hefur verið — þá er líklegt að þó sýslun. hefði dottið í hug að láta sá í sand, þá hefði orðið lítið gjört að því og lítið komið upp fyrir þessar 60 kr. Og þótt hún hafi villzt í þetta skipti, að taka þetta fje til eflingar sjávarútbúnaði í staðinn fyrir landbúnaði, þá gef jeg óhræddur þessum staflið atkv. mitt í því trausti, að hvorki þessi sýsla nje aðrar láti sjer verða á að verja þessu fje illa. Jeg er líka sannfærður um, að mörgu fje er ver varið.

Jeg hef svo held jeg gjört grein fyrir mínu atkv. í flestum greinum, sem fyrir liggja.

Landshöfðingi: Jeg hef áður látið í ljósi álit mitt um flest það, sem mjer virðist þörf vera á, í þessum kafla. Samt sem áður finn jeg tilefni til að mæla nokkur orð, sem umræður þær, er fram hafa farið hjer í salnum nú upp á síðkastið, gefa mjer tilefni til. Jeg skal þá fyrst snúa máli mínu að fje því sem ætlað er til eflingar búnaði. Jeg hefi heyrt af ræðum þeim, sem hjer hafa hnigið að þessu efni, að ástæða kynni vera til að ætla, að sumum sýslunefndum hafi ekki tekizt sem heppilegast að verja sams konar fje undanfarandi. En jeg verð að benda mönnum á, að það er vandi, að verja slíku fje svo að sýnilegir eða miklir ávextir sjáist, og þetta er því erfiðara, sem upphæðirnar eru smærri og skiptast í smærri parta. Jeg er nú sannfærður um, að þó sýslunefndunum kunni að hafa misheppnazt skiptingin, þá muni þær taka bendingar þingsins til greina og þeim því hjer eptir farnast betur. Nokkrir h. þm. hafa talað á þá leið að amtsráðunum hafi farnazt betur og h. h. þm. Bf. (Gr. Th.), sem og sjálfur hefur setið í amtsráði suðuramtsins, gaf góðar bendingar að því er það snerti og læt jeg mjer það því nægja að skýrskota til þeirra. En að því er vesturamtið snertir hefur eitt mikilsvert fyrirtæki verið sett á stofn fyrir fje það sem hjer er um að ræða, þar sem þar hefur verið komið á fót kennslustofnun í búfræði. Þetta fyrirtæki eða stofnun hefur sýnt mjög góða ávexti og hjer í salnum hefur verið skýrskotað til þeirra manna, er frá nefndri stofnun hafa komið, sem gagnlegra manna. Jeg vona því að engum þingm. blandist hugur um, að greiða atkv. með þessari fjárveitingu, eins og hún er í stjfrv. eða nál. Annað atriði, sem jeg vildi minnast á, var um breyting á póstgöngunum. Allir háttv. deildarmenn munu víst játa, að póstferðir hafa hin síðari ár tekið mjög miklum framförum, og að greiðkað hafi mjög með samgöngur á landinu. En þó nú svo sje, má auðráðið virðast, að tilhögun sú, sem nú er, muni geta tekið end-

urbót og reynslan er nú búin að sýna hvar og á hvern hátt þeirrar endurbótar þurfi helzt við. Jeg skal því játa að mjer þykir gott að tilraunir í þessa stefnu koma frá fjárlaganefndinni og vil vera henni hlynntur; mjer virðist skipta miklu að póstferðum verði fjölgað einkum á vetrum þegar samgöngur eru strjálar og þetta finnst mjer fullkomlega þess vert, þótt kostnaður verði nokkur við það. Að því er það atriði snertir hvort fjárlagan. hafi farið nærri um upphæð kostnaðarins, þá er ekki auðvelt að gjöra sjer fullkomlega grein fyrir, hvað mátulegt væri. En mjer sýnist áætlun n. sennileg, án þess jeg þó hafi haft tækifæri til að kynna mjer útreikning n. á einstökum atriðum kostnaðarins. En jeg efast ekki um, að n. hafi rannsakað allt eins nákvæmlega og kostur var á; en mjer finnst eðlilegt, að kostnaður þessi geti ekki verið ákveðinn mjög nákvæmt.

Það er eitt í þessari áætlun, nfl. launaviðbót við póstmeistarann, sem jeg vil minnast nokkuð á. Eptir till. n. fær hann 300 kr. launaviðbót. Jeg er á þeirri skoðun að þetta sje of lítið, þegar um svo verulega aukningu á störfum þessa embættismanns er að ræða. Jeg verð að geta þess, að laun þau sem póstmeistarinn hefur nú, 1700 kr., eru allt of lág í samanburði við störf þau og ábyrgð, sem þessu embætti er samfara. Jeg held að nauðsynlegt væri að íhuga nokkuð nákvæmara hvort ekki væri ástæða til að fara nokkuð lengra; þó bætt væri við 700 kr., svo að launin alls yrðu 2400 kr., verða þau fyrir því að álítast fremur lág. Þetta tek jeg fram h. h. d. til íhugunar, ef einhver vildi koma með brt. í þá átt. Svo vildi jeg minnast á eitt atriði, sem jeg talaði um í gær og sem síðan hefur verið talað nokkuð um hjer í salnum og það er laun hins umboðslega endurskoðanda. Jeg álít nauðsynlegt að launin verði ekki ákveðin lægri en stjfrv. fer fram á, því annars geta þau ekki álitizt viðunandi nje samsvarandi stöðu endurskoðarans og þýðingu hennar. Það var sagt að hægt væri að fá mann í hans stað og að hverjum flínkum háskólakandídat væri trúandi fyrir starfa þessum og minnir mig að það væri h. h. 2. þm. G.K. (Þ. Bj.), er þannig fórust orð. Jeg skal nú láta ósagt um það; en mitt álit er að engum óreyndum manni sje kvíðalaust trúandi fyrir endurskoðuninni; þingið á mikið undir hinum umboðslega endurskoðanda og áreiðanlegleik hans og það er mikilsvert að sú reynsla og þekking sem hann fær komi að notum með því að hann ílengist við embætti þetta. Jeg hef ekki getað breytt skoðun minni við mótbárur þær, sem hreift hefir verið gegn þessari hækkun launanna, sem stjfrv. fer fram á; en jeg hef miklu fremur styrkzt í skoðun minni við þau meðmæli, sem málið hins vegar hefur fengið. Það hefur verið sagt, að starfi þessi væri ekki mikill. Jú, þetta er mikill starfi. Áður en endurskoðunin var flutt hingað var höfð sjerstök skrifstofa með skrifstofustjóra fullmektugum, assistent og skrifara. Og allir höfðu nóg að gjöra. Reyndar voru þar endurskoðaðir fleiri reikningar en reikningar Íslands, þar voru einnig færeyskir og grænlenzkir reikningar; en hinir íslenzku reikningar voru þá eigi heldur nærri eins umfangsmiklir og margbrotnir eins og þeir eru nú, svo þetta jafnar sig upp. Hinn h. þm. Ef. (A. Ó.) hefur gjört brt. við 10. gr. C. 5. a. í þá átt, að í staðinn fyrir «einkanlega póstvegi», komi «sem eru póstvegir». Brt. er ekki stór og jeg legg ekki mikla áherzlu á, hvort hún verður samþykkt eða ekki; en jeg held að í ákvæðum stjórnarfrv. felist nægilegt aðhald til að verja fjenu til póstveganna, nema brýnustu nauðsyn beri til að verja nokkru af því til annara vega. En yrði brt. samþykkt, finnst mjer fjárveitingin of einskorðuð, og get því ekki fallizt á hana. N. hefur enn fremur stungið upp á því að verja fje til þess að útvega vegfróðan mann. Þessari till. n. verð jeg að vera í mesta máta hlynntur. Nálega æfinlega þegar menn takast hjer eitthvert fyrirtæki á hendur, bagar vankunnátta, og það hefur opt komið fyrir við vegagjörðirnar, að þó allt hafi verið álitið í bezta lagi, vegirnir útteknir af verkstjóra og af úttektarmönnum álitnir gildir og góðir, þá hafa þeir síðar reynzt öðruvísi. Jeg álít það því vel hugsað, að fá vegfræðing. En hvort þetta beri að gjöra nú eða á næsta fjárhagstímabili, læt jeg ósagt, en tek fram, að nauðsynlegt er að fá hann sem fyrst, svo menn sem fyrst geti fengið nauðsynlega þekking á vegagjörðum.

Eins og h. h. þm. V. (Þ. J.) benti á verð jeg að ætla að örðugt sje að sanna, hvort upphæð sú sem ætluð er til viðgjörðar Vestmanneyjakirkju, sje of há. Að vísu stendur það ekki á miklu, hvort töluupphæðin í stjfrv. eða tillaga fjárln. verður samþykkt, en af því jeg sje enga ástæðu til þessarar breyt-

ingar, vildi jeg helzt að hún yrði felld. H. h. fjárln. hefur enn fremur fært niður 11. gr. 2. um 2000 kr., af þeirri ástæðu að ekki ætti að veita fje til uppdráttar á sjúkrahúsi handa Reykjavík. Jeg verð þó að halda því fram, að þessi undirbúningur hafi verið nauðsynlegur, eins og það líka er auðsætt að stofnun spítala hefur þýðingu fyrir allt landið og þess vegna finnst mjer eðlilegast að landið leggi fje til þessa undirbúnings. Jeg skal svo minnast á brt. nokkurra h. þm. við 10. gr. B. 4., þar sem stungið er upp á þóknun til málaflutningmanns eins við hæstarjett. Mjer virðist d. hafa áður fylgt þeirri reglu, að veita ekki annað fje en það sem nauðsynlegt er. Jeg held að því er þetta snertir að fjárveiting þessi sje ekki nauðsynleg fyrir landssjóðinn. Það er að minnsta kosti engin lagaskylda, en það gæti samt verið skylda nfl. siðferðisleg skylda; en jeg get heldur ekki fundið að svo sje, því jeg get ekki litið svo á að alþingi þó það hafi gefið sig meir við þessu máli en öðrum, hafi nokkra siðferðislega skyldu til að veita fje þetta. Það einungis hvatti valdstjórnina til að höfða málið og láta það sæta úrslitum dómstólanna sem opinbert mál; en síðan hefur það gengið sinn gang. H. h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) sagði það væri vansæmandi fyrir þ. að veita ekki fje þetta. Jeg get ekki fallizt á að svo sje. Málaflutningsmenn við hæstarjett verja svo opt eða nærri því á hverjum degi stærri og minni mál opinber, sem þeir fá enga aðra þóknun fyrir, en þá sem þeim er dæmd. Hjer er nú um mál að ræða sem varðaði hinn kærða að eins 10 kr. sekt, en vera má samt að málsflutningurinn hafi kostað fyrirhöfn og erfiði. Jeg skal svo að öðru leyti ekki fara út í mál, sem til lykta er leitt; en af því að einn heiðraður þm. hefur talað um að dómi þessum ekki væri enn fullnægt, skal jeg geta þess, að jeg að vísu eigi get sýnt kvittun fyrir sektinni, en það er þó ekki svo stutt síðan gjörðar voru ráðstafanir til að dómnum yrði fullnægt, og ef svo skyldi vera, að það ekki væri orðið, en sem þó mun vera, ímynda jeg mjer að engir örðugleikar þurfi að verða á því að það verði gjört. Skal jeg svo ekki fara frekar út í þennan kafla fjárlaganna að sinni, en fel h. h. d. að íhuga tillögur mínar og taka tillit til þeirra, þegar gjört verður út um hin einstöku atriði málsins.

Ólafur Pálsson: Jeg stend upp einungis til að þakka h. h. fjárln., sem mjer virðist hafa leyst mjög vel starf sitt af hendi. Einungis vil jeg taka fram einkum tvö atriði, sem jeg ekki fyllilega er samþykkur. Annað er snertandi endurskoðanda reikninganna, og er það skoðun mín á því atriði, að verk endurskoðandans sje svo vandasamt og þýðingarmikið, að nauðsynlegt sje maður sá sem hefur það á hendi sje vel fær og viðunanlega launaður. Jeg mun því greiða atkv. með stj.frv. Annað atriðið sem jeg vildi minnast á var breyting á póstferðunum. Jeg verð að segja, að jeg efast um að þessar breytingar á póstferðunum sjeu svo nauðsynlegar, að þær borgi svo mikið. Jeg þekki nú ekki svo vel sem skyldi nema veginn frá Reykjavík að Prestsbakka, að póstinum sje heppileg sú ferð. Jeg get heldur ekki annað skilið, en að betra sje fyrir póstinn að hafa eina póstferð að Prestsbakka. Jeg set mig sem póst, og úr því að jeg verð að taka hest minn með veturnóttum austur að Breiðabólstað, þá eru þeir komnir á hús og hey hvert eð er eins og jeg færi alla leið, svo sú breyting á póstferðunum verður dýrari með því að hafa 2 pósta úr Reykjavík heldur en einn austur að Prestsbakka, því ef tvær ferðir að Breiðabólsstað koma í stað einnar að Prestsbakka, eins og jeg tók fram áðan, að úr því póstur á annað borð er kominn á stað og búinn að taka hesta sína á fóður, verður ekki mikill munur fyrir hann hvort hann fer skemur eða lengra, hvað hús og hey áhrærir. Svo finnst mjer þessi aukning ekki svo nauðsynleg. Á vetrum er lítið sent með póstum annað en dagblöð, sem ekki liggur svo mjög á. Þannig er það að minnsta kosti í Skaptafellssýslu. Væri það samt sem áður samhuga álit deildarinnar að koma breytingum fram, væri jeg ekki ótilleiðanlegur til að gefa þeim atkv. mitt. Hvað svo loks snertir styrkinn til eflingar búnaði, vil jeg geta þess, að jeg mundi gefa atkv. mitt með honum, þótt hann væri svo miklu meiri, því jeg álít þann styrk mjög nauðsynlegan, því hann örfar áhuga hjá mönnum og kveikir nýtt líf og eykur nýjar framkvæmdir. Jeg álít því að hann geti aldrei orðið of mikill.

Eiríkur Kúld: Jeg er hinni h. n. þakklátur fyrir fjölgun póstferðanna, en þar á móti er jeg ekki samdóma sýnishorni því yfir ferðir landpóstanna, er hún hefur látið fylgja með nál.; jeg álít að það sje ófært

að láta einn mann fara bæði með vestan- og norðanpóstinn norður að Stað í Hrútafirði, því að sá maður hlyti að hafa mjög marga hesta; og jeg tel það mjög óvíst, að hann geti fengið þar hey fyrir svo marga hesta. Jeg held að það væri heppilegra að láta 2 pósta fara hjeðan frá Rvík af stað í einu, og hafa vegalengd þá, sem þeir ættu að fara, enn styttri. Jeg vona að enginn eigni mjer það, að jeg sje of sýtingssamur með laun embættismanna, en jeg verð að segja það, að mjer finnst að n. hafi verið hjer nokkuð mislagðar hendur með að ákveða launaupphæðir, þar sem hún ætlar hinum umboðslega endurskoðanda 2500 kr. (stj. 3000 kr.), en hefur ekki tekið nægilegt tillit til launa póstmeistarans, sem hefur að eins 1700 kr. í laun, en nú hefur, síðan þessi laun voru ákveðin, bætzt við hann talsverð ábyrgð fyrir póstávísanir, og sömuleiðis mikið ómak við strandferðirnar og nú þegar póstferðunum er fjölgað, þá bætast enn við hann ný störf. Þegar laun póstmeistarans eru borin saman við laun endurskoðandans, og þegar maður lítur á hve mikil skrifstörf póstmeistarinn hefur, þá sje jeg ekki að hjer sje neinn jöfnuður á. Jeg hafði því löngu áður en jeg heyrði orð hins hæstv. lh., hugsað mjer að koma með brt. við 3. umr. um að setja laun póstmeistarans að minnsta kosti upp í 2400 kr., en hvaða álit jeg hef um launahækkun endurskoðanda geta menn sjeð af atkvgr. Jeg er n. þakklátur fyrir að hún hefur viljað verja nokkru fje til að fá vegafróðan mann frá útlöndum til að annast vegagjörðir hjer; en jeg er þó samdóma h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.), að hversu nauðsynlegt sem það er, þá beri ekki að verja fje til þess fyr en þetta fjárhagstímabil er úti.

Lárus Blöndal: Það eru tvö atriði í ræðu hins h. þm. Bf. (Gr. Th.) í gær, sem gefa mjer tilefni til að tala fáein orð. Jeg er sannfærður um, að hversu óhönduglega sem hann álítur að nokkrum sýslunefndum hafi farizt sumstaðar að úthluta styrk þeim, sem veittur hefur verið til eflingar búnaði, þá hefur hann ekki meint slíkt til sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu; en jeg finn þó ástæðu til að lýsa því hjer yfir, að í Húnavatnssýslu var þessu fje varið svo vel, sem framast var kostur á, og get jeg, þótt málið snerti mig nokkuð, sagt það því fremur óskorað, þar sem hjer á þingmannabekkjunum er einn amtsráðsmaður úr norður- og austuramtinu, sem getur borið vitni um, að jeg hermi hjer rjett. *(A. Ó.:* Það er rjett!) Jeg veit að það muni hafa verið í alvöru, þegar h. h. þm. Bf. sagði, að fjárlaganefndin hefði klofnað af persónulegum ástæðum, því að jeg gæti t. d. allt að einu og með jafngildum rökum sagt, að það hafi verið af persónulegum ástæðum fyrir h. h. þm., þegar hann vildi hækka laun hins fasta kennara við læknaskólann, og dettur mjer þó ekki í hug að segja og því síður að álíta slíkt. Það er svo sem auðvitað, að þegar ræðir um embættislaun, þá ber að líta á embættin sjálf, en alls ekki á hitt, hverjir í embættunum sitja; og einmitt frá þessu sjónarmiði, og af því að jeg álít störf og stöðu hins umboðslega endurskoðara svo umfangs- og þýðingarmikla, þá greiði jeg og þeir tveir heiðruðu meðnefndarmenn mínir hiklaust atkvæði okkar með frumvarpi stjórnarinnar. Hjer er alls ekki um neinar persónulegar ástæður að ræða, og að líkindum dettur þó engum í hug, að ætla stjórninni eða hinum hæstv. landshöfðingja slíkar ástæður fyrir tillögu sinni í þessu máli enda væri það og ósæmandi, að ætla nokkrum þingmanni slíkt.

Holger Clausen: Það hafa nú svo margir talað í þessu máli, að jeg þori varla að sitja einn kyr eptir, því annars munu kjósendur mínir, þegar jeg kem heim, spyrja mig: «Varst þú ekki þar, hvar varst þú þá, karl minn? Jeg sje ekki að þú hafir talað neitt». Jeg álít því skyldu mína að segja fáein orð. Hvað snertir þessi laun til málaflutningsmanns við hæstarjett Levinsen, þá sýnist mjer það ekki benda á mikið harðæri hjá oss, ef vjer förum að gefa út nú 800 kr., sem við ekki þurfum að gefa út. Það er heldur ekkert víst, að hann hafi unnið til þess; það getur verið að málið hafi verið svo vel upplýst áður, og það getur líka verið, að mótpartur hans hafi verið svo óduglegur, og málið hafi unnizt þess vegna. Þessi maður fær sín laun, sem honum hafa verið dæmd, og þar með punktum og basta. Mjer finnst undarlegt að gjöra svo mikið veður út af því, þótt þetta mál ynnist, eins og það væri áríðandi fyrir allt landið, þótt fólk fiskaði fáeinum löxum meira í Elliðaánum. Hvað snertir þessa fjölgun á póstferðunum, sem kostar okkur 16000 kr., þá held jeg að hún sje ekki nauðsynleg. Fólk hefur ekki svo mikið að skrifa, nema það sje eitthvað persónulegt. Jeg held að menn

geti komizt af með þær póstferðir, sem eru; það mætti fækka sumarferðunum og fjölga svo vetrarferðunum að því skapi, og það held jeg að væri betra en að gefa út 16000 kr., því sumarpósturinn fer opt ekki nema með 2 brjef frá Stykkishólmi til Reykjavíkur, og þótt hann fari 8 dögum fyr þaðan en gufuskipið, þá kemur hann ekki hingað fyr en 8 dögum eptir að gufuskipið er komið hingað.

Th. Thorsteinson: Mig furðaði sannarlega á því að heyra að h. h. þm. Snf. skuli ekki vilja efla samgöngur í landinu; jeg get sagt honum það, viðvíkjandi því sem hann tók fram um sumarpóstana, að það eru fleiri sem þurfa að nota póstferðir á sumrin, en þeir sem búa á þeim stöðum, sem gufuskipin koma á; menn uppi í landinu hafa líka gott af póstferðum, og þeim duga ekki gufuskipaferðirnar. Jeg alít að það sje eitt af því nauðsynlegasta að hafa póstferðirnar sem flestar, og jeg held, að þrátt fyrir það sem n. hefur aukið þær, þá hafi hún sýnt þar heldur mikla sparsemi, og jeg vona að ekki líði á löngu áður en þær verða auknar enn þá meira en nú hefur verið gjört. Það er undarlegt af þm. Vsk. að segja, að ekkert komi með póstunum, nema blöð með hrossalýsingum og þess konar; jeg held þrátt fyrir þetta, að Skaptfellingar gætu haft mikið gott af því að fá blöð og brjef með póstunum. Jeg held að málið hafi fengið svo góðar undirtektir hjá flestum þm., að ekki gjöri mikið til með þessa tvo þm., þm. Snf. og Vsk. Hvað áætlun þá snertir, sem við höfum látið fylgja með nefndarál. yfir ferðir landpóstanna, þá er það hreint ekki meiningin að slá því föstu, sem þar er tekið fram, heldur að eins til leiðbeiningar fyrir umboðsstjórnina, sem að öðru leyti ræður hvernig ferðunum er hagað. Jeg held að það væri mikið heppilegra að stytta póstferðirnar enn meira, enda mundi það verða ódýrara, og þá ferðaáætlun sem hjer fylgir hefi jeg fyrir mitt leyti alls ekki verið ásáttur við n. um, af því mjer þykir hver póstferð enn þá of löng og svo t. d. það óhafandi, að póstur til Vesturlands, og eins þaðan á ferð sinni til og frá Ísafirði til Reykjavíkur, skuli eiga að gjöra þann langa krók á leiðina og fara til Hrútafjarðar. Þar sem hinn h. þm. Bst. (E. K.) sagði, að n. hefði verið mislagðar hendur með tilliti til launa póstmeistarans, þá skal jeg taka það fram, að n. bætti við launin eptir því sem hún áleit í sama hlutfalli og hún jók störf hans, og þetta vona jeg að þm. eða hinni h. þd. ekki þyki nein ósamkvæmni eða sýni sem þm. Bf. (Gr. Th.) kallar mislagðar hendur; en jeg skal viljugur játa, að laun hans eru þó allt of lágt sett, eptir þeim mikla og áríðandi starfa, sem hann hefur á höndum.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Það er sjálfsagt, að það þarf að ræða fjárlögin vandlega, enda eru nú umr. orðnar nokkuð langar. Það eru að eins fáein atriði, sem menn hafa gjört sjer að umræðuefni, og sem jeg þarf að svara, því í flestum atriðum hafa menn verið n. samdóma. Það hefur verið mikið rætt um hækkun á launum hins umboðslega endurskoðanda, og það hefur verið sagt, að sumir ljetu þar hið persónulega ráða helzt til mikið. Já, jeg veit ekki hvað er persónulegt, ef það er ekki t. a. m. það sem hinn h. þm. D. (J. G.) sagði, að ekki væri auðið að fá jafnfæran mann til þessa starfa, sem þann, sem nú hefur hann á hendi. Það er hart að segja þetta, þar sem, eins og jeg áður hef tekið fram, einn embættismaður bauðst til að takast hann á hendur, og jeg get ekki ímyndað mjer að neinn vilji segja, að hann hafi ekki verið fullhæfur til þess. Áður fjekkst líka cand. jur. Kristján Jónsson, sem nú er orðinn sýslumaður, við þennan starfa, og efaðist enginn um að hann væri hæfur til þess, og enginn hefur borið honum það á brýn, að hann hafi leyst hann illa af hendi. Nú er von á mörgum kandídötum í lögum, sem hægt mundi að fá til þess að takast þennan starfa á hendur, og jeg vona að enginn geti sagt, að þeir sjeu ekki eins hæfir til þess eins og þessi maður var þegar hann byrjaði; þeir geta líka æfzt eins og hann; hann var fyrst líka óæfður. Jeg get engan veginn sjeð, að störf þessi sjeu enn þá svo mikil, að það þurfi að borga þeim manni, sem þau hefur á hendi, hærri laun, en honum hafa verið ætluð. Jeg neita því, að enginn geti verið jafnhæfur honum til að gegna þessum störfum, og jeg get ekki fallizt á það, sem hinn hæstv. lh. sagði, að þessi störf sjeu svo áríðandi, að engum ópekktum og óreyndum manni sje fyrir þeim trúandi kvíðalaust; eða hvernig á þá að fara að, ef þessi maður fjelli frá? Yrði þá ekki að trúa ópekktum manni fyrir þeim. Það er eins með þann mann, sem fenginn er þessi starfi, eins og

hvern annan embættismann, sem er trúað fyrir embætti, að ekki er unnt að vita fyrir fram, hvernig hann muni reynast. En ef þd. vill endilega borga þessum manni svo vel, þá er hún um það sjálfráð. Það er sjálfsagt að það er áríðandi að þetta starf sje vel af hendi leyst, en ef launin eru í sjálfu sjer nóg, og hann leysir starf sitt nú vel af hendi án hjálpar, þá gjörir hann það ekki betur, þótt hann fái meiri laun. Annað atriðið, sem mikið hefur verið rætt um, er sú ust. n., að útvega vegafróðan mann hingað upp, og var h. h. 1. þm. Ef. á móti því að gjöra það að þessu sinna vegna harðærisins, svo að menn misstu ekki atvinnu við það. En jeg held, að þegar litið er á það, að til þessa er að eins varið 2500 kr., þá muni menn sjá, að alla landsbúa mundi ekki muna mikið um þá atvinnu, sem þeir misstu við þetta, og jeg held að það sje meira vert að fá góða vegi og trausta og að menn læri að gjöra vegi. Það er auðvitað að þar sem stendur, að til þessa skuli verja *allt að* 2500 kr. á ári, þá gekk n. út frá því, að stj. sæi um, að fá þennan mann sem ódýrastan að auðið væri. Að því er snertir fje það, sem veitt er til eflingar búnaði, þá skal jeg taka það fram, að þar sem sumir hafa haft á móti þessari fjárveiting af því að því fje hefði sumstaðar ekki verið vel varið, þá hefur enginn borið á móti því, að það geti verið, að sýslun. hafi sumstaðar ekki notað þetta fje sem heppilegast eða bezt; en þessi ust. er ekki frá n. heldur frá þinginu 1881. Enn fremur verð jeg að geta þess, að jeg ímynda mjer að lh. heimti skýrslur um, hvernig sýslun. verja þessu fje, og ef honum sýndist því ekki vera vel varið, þá segi hann þeim að þær fái ekki fjeð framvegis. Yfir höfuð að tala held jeg að lh. geti haft nægt eptirlit með því, að sýslun. verji þessu fje skynsamlega og samkvæmt tilgangi þingsins. Þar sem n. hefur stungið upp á að breyta orðinu *eptir* í *með hliðsjón af*, þá var það ætlun n., að lh. skyldi ekki vera rígbundinn við tillögur amtsráðanna, svo að hann mætti aldrei frá þeim víkja, heldur skyldi hann hafa hliðsjón af þeim; en n. áleit sjálfsagt, að lh. mundi þó fara beinlínis eptir tillögum amtsráðanna, nema honum þætti brýn nauðsyn til, að breyta út af þeim. Það eru einkum þeir 2 amtsráðsmenn, sem hafa fundið að þessari breytingu, og jeg held að þeim sje sárt um hið fyrra orðalag, að því sje haldið. Þá hefur verið talað um fjölgun póstferðanna. Jeg get ekki skilið, hvernig nokkur þm. getur verið að berjast á móti því, að samgöngurnar sjeu greiddar í landinu; því að eptir því sem samgöngurnar eru betri, eptir því er meiri framfara von. Það er ekki eingöngu áríðandi fyrir einstaka menn að geta fengið brjef sín sem fyrst, heldur einnig fyrir lstj. Það getur opt verið mjög áríðandi fyrir hana, að geta fljótt fengið skýrslur um ýmislegt og geta fljótt greitt fyrir málum þeim, sem til hennar koma. H. h. þm. Vsk. misskildi þetta mál mjög; hann ímyndaði sjer, að ferðirnar gengju ekki fljótar fyrir það, þótt póstarnir væru tveir milli Rvíkur og Prestsbakka; en hjer eru einmitt farnar tvær ferðir í staðinn fyrir eina á jafnlöngum tíma, sem nú er farin ein, svo að flýtirinn verður helmingi meiri. Hinn sami þm. hjelt og, að ferðirnar mundu verða dýrari með þessu móti; en jeg get ekki skilið að það sje nein ástæða til þess að 2 ferðir austur að Breiðabólstað verði dýrari en 1 ferð austur að Prestsbakka. Það getur vel verið, að ferða-áætlun vor sje ekki eins haganleg og æskilegt væri; en hún er að eins sýnishorn, sem umboðsstj. er frjálst að breyta, ef henni þykir annað fyrirkomulag hentugra. Það sýnir einmitt nauðsynina á að fjölga þessum póstferðum, að einmitt í sömu andránni sem h. h. þm. G.K. (Þ. B.) var að mæla á móti þeim, þá kom hann með ust. um að auka póstferðir í sínu kjördæmi. Hann áleit, að yfir höfuð væri bezt að fresta þessari fjölgun póstferðanna sökum harðærisins; en jeg get eigi sjeð ástæðu til þess, enda er það ein ástæða fyrir því að fjölga póstferðunum nú þegar, að þær veita mönnum atvinnu, sem menn hafa talað um að væri svo mikils vert í þessu harðæri. Að því er kostnaðinn snertir, sem leiðir af þessari fjölgun póstferðanna, þá fór n. þar sem næst því, sem reynslan hefur sýnt að verið hefur að undanförnu og bar sig saman við þann mann, sem hlýtur að vera því máli kunnugastur. Að því er viðvíkur launum póstmeistarans, þá skal jeg játa það, að þau eru næsta lítil, en n. þóttist þó bæta þau ríflega að tiltölu við það sem störf hans jykjust; en ef þd. vill hækka laun hans meira, þá má koma með brt. um það til 3. umr. Hinn hæstv. lh. var mótfallinn því, að færa niður upphæð þá, sem ætluð er til viðgjörðar á Vestmannaeyjakirkju, um 100 kr., og sagði að það munaði litlu; en jeg skal svara

honum því, að margt smátt gjörir eitt stórt, og þegar n. var sannfærð um, að beðið var um 100 kr. of mikið, eptir skýrslum þeim, sem n. hafði fyrir sjer, þá var alveg óþarfi að veita þær. Þar sem hinum hæstv. lh. líkaði ekki, að n. hafði ráðið frá að veita 2000 kr. styrk til að útvega uppdrátt af spítala, þá er engin þörf á þessum uppdrætti, ef þd. eigi vill veita neitt fje til spítalans sjálfs, enda veit jeg ekki betur, en að búið sje að gjöra uppdrátt af húsinu. Það virðist líka nokkuð mikið að borga 2000 kr. fyrir einn uppdrátt, og jeg veit ekki hver hefur beðið um hann. Jeg þarf ekki að minnast á þessi 800 kr. laun til málaflutningsmannsins við hæstarjett, Levinsens. H. b. þm. Nm. (B. Sv.) sagði, að það væri vansæmandi að neita um slík laun, en jeg held að það sje mestur vansóminn að koma með annað eins inn á þingið og þetta.

ATKVGR.: Sjöunda gr. stjfrv. (C 85) ekki að svo stöddu borin undir atkv.

Áttunda gr. sþ. m. 19 atkv.

Níunda gr. sþ. m. 20 atkv.

Tíunda gr. A. 1. sþ. m. 21 atkv.; A. 2. sþ. m. 21 atkv.; brt. n. v. A. 3. (C 306) felld m. 12 atkv. gegn 8; A. 3. sþ. óbreytt m. 14 atkv.; B. 1. a. í stj.frv. sþ. m 21 atkv.; brt. n. v. B. 1. b. sþ. m. 20 atkv.; B. 2. í stj.frv. sþ. m. 20 atkv.; brt. n. v. B. 3. sþ. m. 20 atkv.; B. 3. í stj.frv. þar með fallinn; brt. A.—J. v. B. 4. felld með 11 atkv. gegn 9; brt. n. v. B. 4. sþ. m. 16 atkv.; B. 4. í stj.frv. þar með fallinn; C. 1. í stj.frv. sþ. m. 20 atkv.; C. 2. sþ. m. 21 atkv.; brt. n. v. C. 3. sþ. m. 18 atkv.; C. 3. í stj frv. þar með fallinn; C. 4. í stj.frv. sþ. m. 21 atkv.; brt. n. v. málsgreinina innanstryks sþ. m. 14 atkv., málsgr. innanstryks v. C. í 4. stj.frv. með áorðnum br. sþ. m. 15 atkv.; brt. n. v. C. 5. a. sþ. m 19 atkv.; C. 5. a. í stj.frv. þar með fallinn; brt. A.—J. v. C. 5. a. tekin aptur; brt. n. v. C. 5. b. sþ. m. 21 atkv.; C. 5. b. í stj.frv. þar með fallinn; C. 6. sþ. m. 21 atkv.; brt. n. v. C. 7. sþ. m. 19 atkv.; C. 7. í stjfrv. þar með fallinn; v. brt. n. v. C. 8. sþ. m. 13 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvgr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Halldór Kr. Friðrikss.	Benidikt Sveinsson,
Magnús Andrjesson,	Friðrik Stefánsson,
Arnljótur Ólafsson,	Grímur Thomsen,
Egill Egilsson,	Gunnlaugur Briem,
Eiríkur Briem,	Holger Clausen,
Eiríkur Kúld,	Jón Ólafsson,
Jakob Guðmundsson,	Ólafur Pálsson,
Lárus Blöndal,	Þorkell Bjarnason,
Tryggvi Gunnarsson,	Þorsteinn Jónsson.
Þórarinn Böðvarsson,	
Þórður Magnússon,	
Þorl. Guðmundsson,	
Th. Thorsteinsson;	

C. 8. í stj.frv. þar með fallinn; C. 9. sþ. m. 20 atkv.; C. 10. sþ. m. 18 atkv.; brt. n. v. C. 11. sþ. m. 18 atkv.; C. 11. í stj.frv. þar með fallinn; vust. 2. þm. v. C að nýr tl. (12. tl.) bætist við (C 294) tekin aptur. Tíunda grein m. áorðn. br. sþ. öll í einu lagi m. 20 atkv.

Ellefta gr. 1. tl. sþ. m. 18. atkv.; brt. n. v. 2. tl. sþ. m. 18 atkv.; 2. tl. í stj.frv. þar með fallinn; 11. gr. m. áorðn. br. sþ. m. 19 atkv.

Brt. n. v. 12. gr. 1. tl. sþ. m. 16 atkv.; 1. tl. í stj.frv. þar með fallinn; brt. n. v. 2. tl. sþ. m. 15 atkv.; 2. tl. í stj.frv. þar með fallinn; brt. n. v. 3. tl. sþ. m. 17 atkv.; 3. tl. í stj frv. þar með fallinn; 12. gr. m. áorðn. br. sþ. m. 18 atkv.

Fertugasti fundur, fimmtudag 9. ágúst, kl. 5—12 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885 (C 85; nefndarálit C 245). Kaflinn 13.—18. gr. Önnur umræða.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Hjer kemur þá til umræðu hinn þriðji og síðasti kafli fjárlaganna, og vona jeg að geta verið fáorður um aðgjörðir n., þar eð hún í ástæðum sínum fyrir nefndarálitinu hefur gjört skýra grein fyrir skoðunum sínum.

Við 13. gr., A. b. 2., hefur n. gjört br. á ust. stj. um bráðabirgðaruppbót fátækra brauða, og fært hana niður úr 7000 kr. í

5000 kr. Jeg hef áður haft tækifæri til þess, þegar fjáraukal. um árin 1882 og 1883 voru til umræðu, að færa ástæður fyrir því, að þessi brauð þyrftu eigi jafnmikið til uppbótar og stj. hefur ætlað þeim. Þessi brauð, sem eptir lögum 27. febr. 1880 eiga að fá uppbót, þegar þau losna, en eru eigi orðin laus enn, eru nú eigi orðin fleiri en svo, að það vantar ekki nema 5600 kr. til þess að þau geti öll fengið þá uppbót, sem lögin áskilja þeim. Þegar nú eitthvert af þessum uppbótarbrauðum losnar á fjárhagstímabilinu, þá fær það jafnskjótt og það er veitt uppbótina eptir lögum 27. febr. 1880, og þá þarf ekki lengur að taka af þessu fje til bráðabyrgðaruppbótarinnar, og virðist því þessi 5000 kr. veiting vera kappnóg. Þess ber að gæta, að prestar, sem hafa fengið þessi uppbótarbrauð áður en lögin frá 1880 komu til, hafa enga lagaheimtingu til þess að fá uppbótina, en það er sanngjarnt að láta þá fá hana að mestu.

Laun uppgjafapresta í 4. tölul. hefur n. hækkað um 2200 kr. beinlínis eptir brjefi frá lh. þar sem hann skýrði n. frá, hversu mikið gengi til þeirra útgjalda.

Þá kemur 5. tölul. Stj. hafði þar farið fram á viðbót til 3 uppgjafapresta. Nú stendur svo á, að 1 þeirra er dáinn, 2. þessara uppgjafapresta hefur meiri eptirlaun en nokkur annar uppgjafaprestur í landinu, og n. þótti því óviðkunnanlegt og óþarft að hækka hjá honum, en n. hefur virzt það sanngjarnt, að veita hinum 3. þessa umbeðnu viðbót, þar sem eptirlaun hans eru ekki nema 190 kr.

Uppbótina til Dvergasteinsbrauðsins í 10. tölul. stj.frv. hefur n. eigi þótt ástæða að veita. Brauðið er sem stendur allsæmilegt og í sumum árum tekjumikið. Það er satt að vísu, að Fjarðarprestakallið er tekið undan nú, svo að brauðið er nú minna en áður. En þyki nauðsynlegt að bæta þetta brauð, þá getur n. ekki betur sjeð, en að svo ríflega sje veitt til bráðabyrgðaruppbótanna, að af því fje megi taka 1—200 kr. til þessa brauðs.

Viðvíkjandi B. I. b. 1. um húsaleigustyrk handa lærisveinum prestaskólans, þá hefur n. fært hann niður úr 1200 kr. í 960 kr., vegna þess að það er fyrirsjáanlegt að það verða svo fáir á prestaskólanum hinn næstu 2 ár, að meira fje getur eigi komið til útbýtingar. Í haust verða 8 eptir á skólanum og 1 eða í hæsta lagi 2 bætast við, og þegar þessir 8 fara næsta haust, þá er óhugsandi að fleiri komi en 11, svo að þeir 12 sem þá kynnu að verða í skólanum, geta allir fengið húsaleigustyrkinn, sem er 80 kr. handa hverjum fyrir sig. N. virtist af sömu ástæðum að nóg væri að veita 2 ölmusur til skólans, þar sem stj. fer fram á 3. Prestaskólamenn hafa töluverðan annan styrk auk þessa, því að leigur af eignum prestaskólasjóðsins jafnast við hjer um 2 ölmusur, eða 400 kr. á ári, og er þeim því vel borgið þegar allir fá húsaleigustyrk. N. hefur fært 5. og 7. tl. dálítið niður og farið þar eptir því sem gengið hefur til þessara gjaldliða undanfarin ár.

Þá kemur læknaskólinn, eða B. II.; þar hefur n. fært upp laun hins fasta kennara um 400 kr. Allir verða að viðurkenna, að 1800 kr. eru of lítil laun fyrir mann í þeirri stöðu; það er mikill munur á þeim launum og 2500 kr. Það gæti verið spurning, hvort þessi viðbót ætti ekki að falla burtu úr fjárl. á þessum stað, þar eð sjerstakt lfrv. um laun kennendanna við læknaskólann er á prjónunum hjer á þinginu, en n. hefur ekki viljað ráða þd. til þess. Lfrv. þessu hefur verið breytt í ed. og óvíst er hvort það gengur í gegn um þd. og síðan nær staðfestingu kg.

N. hefur og fært húsaleigustyrkinn upp handa lærisveinum læknaskólans um helming, svo að 4 geti orðið hans aðnjótandi. Það er sennilegt, að 8 lærisveinar verði í þessum skóla í vetur og er þá sanngjarnt að helmingur þeirra að minnsta kosti fái húsaleigustyrk, þegar allir fá hann á prestaskólanum

Þá kemur lærði skólinn undir B. III. N. hefur ekki gjört aðrar br. á fjárveitingunni til hans, en að færa laun dyravarðarins niður um 100 kr. eða úr 1000 í 900, og þó að jeg sjálfur álíti að 1000 kr. sje ekki of mikið, skal jeg játa að dyravörður getur komizt af með 900 kr. N. hefur sömuleiðis fært borgunina til tímakennslunnar niður úr 1600 kr. í 1500 kr. N. hefur gjört það sjerstaklega vegna þess, að hún gat ekki sjeð, að umsjónarmaðurinn þyrfti svo mikla eptirgjöf á kennslustundunum sem hann fær, sem nú eru 10 stundir á viku. Þess er enn síður þörf, þegar umsjónin skiptist milli 2, og ef til vill milli 3, ef hinum nýja kennara, sem bætist við í sumar, verður gjört að skyldu að taka þátt í henni. Það er ríflega í lagt, ef umsjónarmannin-

um er gefin eptir 1 stund frá kennslu á dag í stað hinna 3 tíma sem hann á að vera bundinn við skólann síðara hluta dagsins, þar sem hann þá býr í skólanum. Alþ. veitti 1881 1500 kr. til ýmislegra útgjalda við lærða skólann, en n. virðist eptir undanfarinni reynslu, að 1200 kr. sje nóg. Menn muna, að þessar 1500 kr. voru veittar 1881 með sjerstöku tilliti til orðasafns Dr. Jóns Þorkelssonar, en n. álítur að til þess eigi að veita af útgjaldaliðnum til verklegra og vísindalegra fyrirtækja. N. ætlast eigi til að neitað sje um styrk til orðasafnsins; en álítur, að hann eigi heldur að koma niður á þennan útgjaldalið, enda er í nefndarálitinu svo ríflega lagt til þess gjaldliðs, að vel má taka af honum.

Við Möðruvallaskólann hefur n. eigi athugað annað, en breytt liðnum b. 3. og fært útgjöldin til viðhalds skólahússins niður í 300 kr.; því að henni þótti undarlegt að mikið þyrfti að ganga til viðhalds spánnýju húsi

Tillag til kvennaskólanna er hið sama sem að undanförnu, en til barnaskóla hefur n. ætlað 500 kr. minna síðara árið á fjárhagstímabilinu en verið hefur, en hið fyrra árið eins og undanfarið, eða 2000 kr. Þessi niðurfærsla er samkvæmt vilja alþ. 1881, því að í ust. n., sem sett var til að íhuga skólamál landsins yfir höfuð, kom sú skoðun fram, að lsj. ætti ekki að veita beinan styrk til hinnar lögboðnu kennslu barna fyrir innan fermingu.

Þá koma alþýðuskólarnir. N. hefur ráðið til að veita meira hið síðara árið. Það komu til n. 3 bænarskrár, 1. frá stjórnarnefnd Flensborgarskólans, 2. frá forstöðumanni skólans, og hin 3. frá sýslunefnd Árnessýslu um styrk til skóla á Eyrarbakka. Jeg vona að þd. kannist við, að það er fullrífleg veiting 1600 kr. hvort árið til Flensborgarskólans, og n. hefur sett sama skilyrðið fyrir þessari veitingu og veitingunni til hinna annara skóla, að hann njóti einnig annars tillags, sem altjend sje helmingur móts við styrkinn úr lsj. Nefndin gjörir þetta skilyrði ekki að neinu kappsmáli. Jeg álít að skilyrðinu sje fullnægt, þegar skólinn sjálfur á svo mikið að rentur af eign hans er jafnmikið tillag og helmingur tillagsins úr lsj., en ef þd. álítur að nýtt tillag eigi að koma til móts við veitinguna úr lsj., þá má sleppa skilyrðinu. Forstöðumaður skólans sótti um 300 kr. til að kaupa fyrir áhöld og bækur handa skólanum. N. getur skilið að það sje nauðsynlegt að kaupa áhöld til að hafa við kennsluna og veitir þess vegna 200 kr. Nefndin gat síður skilið þessa ósk um að fá fje til að kaupa hentugri bækur; forstöðumaðurinn nefnir þessar nýju kennslubækur Bókmenntafjelagsins, og álítur þær ekki sem heppilegastar; en jeg verð að ætla að þær sjeu einmitt hentugar í alþýðuskólum, þar sem þær gefa lærisveinum greinilegt og stutt yfirlit. Viðvíkjandi skólanum á Eyrarbakka, þá höfum vjer ekki ætlað honum neitt sjerstaklega vegna þess, að vjer getum ekki álitið að hann sje stofnaður. En til vonar og vara höfum vjer ætlað töluvert meira fje bæði árin en það sem er ætlað Flensborgarskólanum, svo að Eyrarbakkaskólinn, og þeir skólar sem kynnu að koma á fót á fjárhagstímabilinu, geta orðið styrks aðnjótandi, og af þeirri ástæðu að vjer búumst við, að fleiri alþýðuskólar kunni að koma upp á fjárhagstímabilinu höfum vjer veitt meira síðara árið. N. þótti og sjálfsagt að binda veitinguna til kvennaskólanna hinum sömu skilyrðum og áður, að þeir fengju jafnmikinn styrk annarstaðar að eins óg þeir fá úr lsj., til þess að þeir lægju ekki með öllu á honum, og menn gætu sjeð að nokkur áhugi væri á að halda þeirri kennslu uppi.

Viðvíkjandi umsjón þinghússins undir C. 2., þá hefur n. fært þóknunina fyrir það úr 200 kr. niður í 100 kr. N. þykist vita að stj. hafi stungið upp á þessari fjárveitingu með sjerstöku tilliti til bóna bókavarðarins, en sjer ekki ástæðu að veita meira til umsjónarinnar en gjört hefur verið að undanförnu, og álítur það nægja. Aptur á móti vill n. færa upp um 100 kr., úr 500 í 600 kr., styrkinn til landsbókasafnsins til ýmislegra áhalda, sjerstaklega til að kaupa járnhlera fyrir gluggana, sem snúa út að öðrum húsum. Slíkt mundi ekki kosta mikið, en bókasafninu getur án þeirra verið hin mesta hætta húin, ef eldur kviknar í næstu húsum.

Bókasöfnunum á Akureyri og í Stykkishólmi er veitt hið sama og áður, en n. hefur enga vitneskju fengið um það, að skýrsla sje komin um bókasafnið á Akureyri, og er það tilætlan n., að styrkurinn veitist eigi fyr en skýrslan kemur. N. hefur hækkað fjárveitinguna til forngripakaupa, sjerstaklega með tilliti til þess, að n. fjekk bænarskrá eða tilboð frá sjera Helga Sigurðssyni á Melum, að selja forngripasafninu ýmsa muni,

alla í einu lagi fyrir 600 kr. N. hefur fengið vísbendingu um það, að þessir munir sjeu ekki allir þess verðir, að þeir sjeu keyptir, en þess mætti fara á leit við hlutaðeigandi, hvort hann vildi selja nokkra af þeim. N. hefur þannig aukið þennan gjaldlið um 100 kr.

Þá hefur n. einnig fært upp um 200 kr. styrkinn til rannsóknar fornmenja. Það er óskandi, að það gangi sem greiðast, og má eigi dragast lengur. Það mælir og mikið með þessari veitingu, að maður sá, sem nú hefur þennan starfa á hendi, gjörir það með hinni mestu alúð og hefur sannarlega allan huga á því, að leysa það sem bezt af hendi. (Heyr!). Þessum peningum er því vel varið, og jeg treysti því, að þd. samþykki það orðalaust.

Við 15. gr. er það að athuga, að n. ætlar 5000 kr. minna en stj. til eptirlauna og styrktarfjár, og hefur sett 45,000 kr. í staðinn fyrir 50,000 kr. Nú sem stendur ganga hjer um bil 38,000 kr. til eptirlauna um fjárhagstímabilið, og þó að eitthvað bætist við á hinu næsta fjárhagstímabili, þá er vel í lagt, þegar 7000 kr. eru fyrir hendi að hlaupa upp á í viðbót við þessi 38,000. Af þessu eptirlaunafje ætlast n. til að 200 kr. veitist ekkjufrú Valgerði Ólafsdóttur frá Hofi. Það er viðurkenning frá þinginu til hins látna manns hennar, Halldórs prófasts Jónssonar. Þingið getur eigi betur minnzt þessa ágætismanns, sem alla æfi vann með alúð og sóma fyrir þjóð sína, en með því að veita ekkju hans, sem við lítið hefur að styðjast, þennan styrk. (Heyr!). Þó að engin lagaskylda sje fyrir þessu, vona jeg að þd. samþykki það í einu hljóði.

Áður en jeg kem til 16. gr., vil jeg minnast á bratkv. við 13. gr. frá 5 þm. Möðruvallaskólinn mætti nú sannarlega segja: Svo bregðast krosstrje, sem önnur trje, þegar 1. þm. Ef. (A. Ó.) er fremstur á blaði *(A. Ó.:* Það gjörir stafrófið) að færa niður fjárveitingar til skólans. Jeg vil minna þm. á, hvernig hann barðist fyrir skólanum 1879; nú þykir honum of mikið veitt til skólans. Bratkv. fer fram á að færa niður útgjöldin til eldiviðar og ljósa úr 600 kr. í 400 kr. Jeg álít þessa niðurfærslu óaðgengilega, því að það verður að gá að því, að eldiviður og ljósmatur er dýrari á Möðruvöllum en hjer í Reykjavík. Vjer verðum að vona, að stjórn skólans eyði ekki meiru en þörf er á, svo að afgangur verði, ef 600 kr. er of mikið. Sama er að segja um hinn gjaldliðinn til ýmislegra útgjalda, sem þessir 5 h. þm. vilja færa niður úr 500 kr. í 300 kr. Jeg hef áður talað um skilyrðið við fjárveitinguna til Flensborgarskólans, sem 3. brt. þessara 5 manna við fjárlögin fer fram á að taka burtu.

Þá kemur 16. gr., þar sem n. hefur farið nokkuð öðru vísi að ráði sínu en áður hefur verið vandi til. Áður hefur verið veittur styrkur til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, án þess að þd. hafi haft hönd í bagga með, hvernig því hefur verið varið. Nefndarmönnum virtist það rjettara, að þd. veitti sjálf töluvert af þessu fje, en ljeti stj. samt sem áður hafa nokkuð milli handa, ef verðugar bænir koma fram á fjárhagstímabilinu. N. ætlar stj. 6000 kr. og ætlar að það sje ríflegt, þegar svo mikið er veitt áður, og víst fullríflegt, þegar þess er gáð, að því verður ekki neitað að þessu fje til verklegra og vísindalegra fyrirtækja er stundum ekki varið sem bezt.

Jeg skal stuttlega drepa á hina einstöku liði í 16. gr. Fyrsti liðurinn er 20000 kr. veiting til spítalagjörðar í Reykjavík. Spítali hjer í Reykjavík er alveg nauðsynlegur ekki að eins fyrir bæinn heldur fyrir allt landið. Jeg skal að eins benda á samband spítalans við læknaskólann, sem er opinber stofnun fyrir allt landið. Það getur engin læknakennsla átt sjer stað án þess að hafa spítala, lærisveinar geta ekki lært að neinu ráði og til gagns, nema kennarinn geti daglega sýnt þeim sjúklinga og meðferð á sjúklingum. Af eintómum bókum verður þessi kennsla dauð og þýðingarlaus.

Næsti liður er styrkur til þriggja lækna á Seyðisfirði, í Dalasýslu og á Akranesi, 800 kr. til hvors um árið. Bænarskrár hafa optar en einu sinni komið fram um þessa fjölgun lækna í landinu. Dalasýsla er að kalla læknislaus, því þótt læknirinn sitji í Stykkishólmi, þá verða hans sjaldnast not innst í Dalasýslu. Jafn nauðsynlegur er læknirinn á Seyðisfirði, þar sem fólkinu hefur fjölgað svo mikið á seinni árum og margir útlendingar koma. Á Akranesi er sama þörf sem á Seyðisfirði, og læknirinn í því læknishjeraði sem Akranes nú heyrir undir hefur látið í ljósi að hann vildi helzt losast við Akranes. En n. þótti ekki ráðlegt, að stofna 3 ný föst embætti, heldur veita þann styrk árlega um fjárhagstíma-

bilið. Það hefur komið fram ust. að veita þessum læknum, sem fyrst áttu að vera 4, 1000 kr.; en með því landlæknirinn hefur álitið að reynandi væri að fá fyrir 800 kr. unga menn á þessa staði til þess að reyna sig, þá hefur n. hneigzt að þessu.

Þá kemur 3. liðurinn, sem er styrkurinn til kennara Þorvaldar Thóroddsen. Meiri hluti n. var fús á að veita honum þennan styrk, og skal jeg fyrir mitt leyti ekkert um hann segja.

Þá kemur styrkur til gufubáta á Ísafjarðardjúpi og á Faxaflóa, 1500 til hvors fyrir sig hvort árið. N. fjekk bænarskrá frá báðum stöðunum, þess efnis að veita 10,000 kr. til að kaupa gufubátana fyrir, en n. varð að vera á þeirri skoðun, að hvert hjerað yrði sjálft að leggja fje til slíkra kaupa, en þar sem n. játar að hve miklu gagni þetta getur orðið, þá virðist henni ástæða til að styrkja þessi fyrirtæki og vonar að þd. fallist á það.

Enn fremur leggur n. til, að fyrverandi skólakennara Benidikt Gröndal sje veittar 400 kr. á ári til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, og verða víst allir að játa, að hann sje í alla staði fær til þess, ef hann vill leggja sig niður við það.

Hinn 6. tl. er þessi 200 kr. styrkur eitt skipti fyrir öll til Stefáns Jónassonar að fullkomna þúfnasljettunarvjel, sem hann hefur búið til. Hann hefur dvalið í Noregi 2 ár og skrifað þaðan bænarskrá sína um þennan styrk, og hefur við að styðjast hin beztu vottorð bæði yfir höfuð og hvað þessa sljettunarvjel snertir sjerstaklega. N. fannst því ástæða að styrkja þennan mann.

Næsti tölul., hinn 7., er 3000 kr. til að útvega laxfróðan mann frá útlöndum. N. fjekk bænarskrár frá 2 mönnum um ferðastyrk til útlanda að kynna sjer laxveiðar. N. varð í þessu máli að hafa hina sömu skoðun sem hún hafði viðvíkjandi hinum verkfróða manni til vegagjörða, að kennslan yrði affarabezt í landinu sjálfu, og yrði bezt notuð á þann hátt, og því ætti að fá inn til landsins fróðan mann í þeirri grein. Aptur á móti þótti n. óráðlegt að senda erlendis óreynda menn, sem ekki væri fyrir sjeð um að kæmi að verulegu gagni.

Að því er 17. gr. snertir, þá ætlar n. til óvissra útgjalda ekki nema 4000 kr. um fjárhagstímabilið, í staðinn fyrir 6000 kr. að undanförnu. Þessu fje hefur áður verið á stundum varið nokkuð misjafnlega, og skal jeg geta þess, að n. ætlast ekki til að stj. veiti embættismanni framvegis 800 kr. í ferðakostnað.

Þá eru hjer og nokkrar brt. við frv n. Fyrst er frá þessum sömu 5 þm. ust. að veita ekkjufrú Guðrúnu Brynjólfsson í Kaupmannahöfn 150 kr. á ári. Tilefnið til þessarar ust. mun vera, að hingað kom bænarskrá, eða hvað jeg á að kalla það, ef til vill öllu heldur umkvörtun frá syni hennar yfir því, að móðir hans, ekkjufrú Guðrún, hefði ekki fengið það sem henni bæri af Hólmaprestakalli samkvæmt lögum 15. des. 1865. Þetta skjal skorar á alþ. að ganga í málið, og eru það upptökin til þessarar till. N. virðist reyndar þessi beiðni koma nokkuð seint, en ætlar ekki að skipta sjer af þessu atriði, enda nemur það ekki miklu. Þessir sömu þm. vilja og færa styrkinn til Þorvaldar Thoroddsens niður um helming, eða rjettara sagt svipta hann styrknum til utanlandsferðar, og skal jeg láta ótalað um það. En um þennan 500 kr. styrk til bóksala Kr. Ó. Þorgrímssonar verður n. að segja hið sama og áður, þegar farið var fram á 1000 kr., að hún sjái enga ástæðu til þeirrar fjárveitingar. Allt annað mál er um þessar 400 kr. til organista Bjarnar Kristjánssonar. Þó að n. gæti ekki gengið að því að veita honum 800—1000 kr., þá kannast hún við, að nokkuð mæli með því, að veita honum þennan hinn minni styrk, og þá með því skilyrði að hann byggi á Norðurlandi, og einkum að hann skyldi kenna söng og organleik nokkra mánuði á hverjum vetri á Möðruvöllum.

Seinasta brt. eða vtill. frá þessum mönnum er að aptan við fjárl. komi sú ákvörðun, að bókaverði Eiríki Magnússyni í Cambridge sje veitt 5400 kr. lán. N. finnst, að það hefði verið beinni leið að fara til stj. með þetta; hafi stj. peninga og álíti veðið fullgilt, þá er líklegt að hún veiti lánið. Þetta kemur þinginu síður við, og n. þykir heldur óviðkunnanlegt að þingið blandi sjer í slíkt mál. Hjer er og sá galli á, að herra Eiríkur Magnússon þarf á peningum að halda nú í októbermánuði, því komi þeir seinna, segir hann að þeir komi sjer ekki að haldi til þess að ná þessari patent-tryggingu, en veitingin á þessu láni kemur honum fyrst að notum í ársbyrjun 1884.

Enn þá er ein brt. eptir frá einum þm. (J. Ó., C 309). Það er brt. sem jeg helzt hefði óskað að þurfa eigi að minnast á.

Hún fer fram á að veita Þorvaldi Thóroddsen ekki nema 500 kr. hvort árið, en veita skólastjóranum á Möðruvöllum 500 kr. styrk til að fara erlendis að ganga undir próf í ensku og öðrum námsgreinum, er hann á að kenna. Að koma með slíka ust. hjer inn á þingið er beinlínis að misbjóða þinginu, og jeg verð að álíta að forseti hafi ekki gjört rjett í því að veita þessari brt. móttöku. Brt.. eins og hún liggur hjer fyrir, gjörir bersýnilega gabb að þinginu og hún hefði heldur átt að koma fram í Þjóðólfi, eða slíkum blöðum, en inn á þingið. Jeg þarf ekki að ráða þd. neitt í þessu efni; jeg veit, að henni kemur ekki til hugar að gefa þessari ust. atkv. sitt.

Forseti: Jeg verð að bera beint af mjer það ámæli, að jeg hafi gjört rangt í, að taka móti þessari brtill. frá 2. þm. Sm. (J. Ó.). Það getur verið, að þessi brt. sje ekki borin upp af heilum hug; en það ber hún ekki beinlínis með sjer; eins og hún er orðuð, hefur maður ekki heimild til að skilja hana öðruvísi en sem fulla alvöru, hvað sem annars kann að liggja bak við orðin. Framsögumaður (H. Kr. Fr.) má að vísu skilja till. hvernig sem hann vill fyrir mjer, en hann getur ekki heimtað að jeg leggi í hana sömu þýðingu sem hann.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir við þær brt., sem fram eru komnar við frv. stjórnarinnar. Jeg vík þá fyrst máli mínu að 2. tölul. undir A. b. í 13. gr. N. hefur sett þennan lið niður; þetta vildi jeg að vísu óska að hin háttvirta nefnd hefði ekki gjört, en þar sem n. hefur gjört grein fyrir þessari ákvörðun sinni, og einnig fært nokkuð sennilega ástæðu fyrir því, að upphæðirnar muni ná heim allt að einu, þá skal jeg ekki fara frekara út í það, heldur fela það áliti h. h. deildar; en það verð jeg að taka fram, að hin fátæku prestaköll þurfa mjög uppbóta við, og það ekki sízt í svo erfiðum árum sem þessum. Hvað 4. tölul. snertir, þykir mjer n. þar á móti hafa verið heldur örlát, þar sem hún hefur fært hann upp um 2200 kr. En þessu mun valda nokkur misskilningur. H. h. nefnd sýnist hafa litið svo á, sem hinn tilgreindi töluliður í stj.frv. væri eptirlaun handa prestum samkv. lögum um eptirlaun presta 27. febr. 1880; en sá gjaldliður á alls óskylt við lög um eptirlaun presta, heldur kemur hann í stað hinnar fornu contributionar, eða árgjalds af brauðunum, samkvæmt 6. greininni í lögunum um skipun prestakalla, sem dagsett eru sama dag. Eins og jeg hefi tekið fram fæ jeg ekki betur sjeð en að n. hafi litið hjer skakkt á; að minnsta kosti sje jeg ekki ástæðu til að sp. verði bratkv. n. eins og það kemur hjer fram. Jeg hef nýlega tekið eptir þessu, svo jeg hef ekki haft tíma til að benda hinni háttvirtu nefnd á það; en jeg vænti þess, að jeg geti með því að bera mig saman við h. h. n. komið á þeim breytingum, sem jeg álít nauðsynlegar í þessu atriði. Þar sem nefndin hefur lækkað 5. tölul. niður í 50 kr, þá skal jeg geta þess, að mjer hefði sýnzt rjettara að taka tillit til beggja þeirra presta, sem nú lifa, og færa þennan gjaldlið ekki niður um meira en það, sem svarar þeim styrk, er þeim presti var ætlaður, sem er dáinn; en jeg skal reyndar ekki gjöra svo sjerlega mikið úr því spursmáli. Hvað snertir gjöld til húsaleigustyrks á prestaskólanum, þá hef jeg ekki ástæðu til að athuga neitt um aðgjörðir n. í því efni, þar eð sennilegt er að ekki muni ganga fleiri á prestaskólann en nefndin hefur gjört ráð fyrir. En þar á móti verð jeg að telja það ógjörning að lækka ölmusustyrkinn frá því sem farið er fram á í stj.frv. Það er nefnil. alkunnugt, hversu erfitt stúdentum veitir að komast áfram við nám, ekki síður eptir að þeir eru komnir gegnum latínuskólann en meðan þeir voru í honum. Jeg held því að enginn efi sje á því, að full nauðsyn sje á þeirri hækkun, sem uppástunga stjórnarinnar fer fram á. Þar sem n. hefur hækkað húsaleigustyrk við læknaskólann, þá er það víst á góðum rökum byggt, og ekkert móti því, að færa þann lið upp. Þá hefur h. h. n. fært niður dýravarðarlaunin við lærðaskólann. Jeg verð nú að álíta, að rjettara hefði verið, að halda sjer hjer við uppástungu stjórnarinnar. Þessi staða er talsvert vandasöm, og ekki auðgjört að fá í hana mann, sem vel er trúandi til þess, að standa vel í henni. Dýravörðurinn hefur einnig talsverðan tilkostnað við hjúahald, sem hann getur ekki komizt af án. Þess ber einnig að gæta, að hjer er um talsverða lækkun að gjöra, þar sem hún er $^1/_{10}$ af öllum laununum. Jeg verð því að álíta af þeim ástæðum, sem jeg þegar hef tekið fram, að það hefði verið rjett-

ara, að láta þennan gjaldlið standa óbreyttan eins og hann var í stjfrv.; enda hefur n. ekki gjört nein gild skil fyrir því, hví hún hafi farið fram á þessa lækkun. Jeg skal geta þess viðvíkjandi orðasafni Jóns rektors Þorkelssonar, sem h. h. fjárln. hefur stungið upp á að fært sje inn á annan gjaldlið, að orðasafn þetta hefur allt af fylgt skólaskýrslunni, og verið skoðað sem nokkurs konar skólaboðsrit. Það sýnist þess vegna eiga vel við, að orðasafnið eins og áður borgist af því fje sem veitt er til skólans; en af því að þetta stendur í rauninni á sárlitlu, þá skal jeg ekkert kappsmál gjöra úr því. Þá hefur hin heiðraða fjárln. farið fram á að lækkuð verði upphæð sú, sem ætluð er til tímakennslu í hinum lærða skóla, og hefur hún stutt þessa skoðun sína með því, að sá kennarinn, sem umsjónina hefur á hendi, þurfi ekki eins mikla ívilnun eða eptirgjöf á tímum (nefnil. 10 tíma á viku) eins og hann hefur. En jeg verð að benda á það, að þessi umsjónarstörf, sem hjer ræðir um, eru svo umsvifamikil og valda svo miklu ónæði og tímatöf, auk annara óþæginda, sem ekki verða borguð með peningum, að það er ekki meira en sanngjarnt að þeim kennara sem hefur þau á hendi, sje sýnd sú tilslökun að losa hann við 10 kennslustundir á viku. Jeg get því ekki sjeð, að þessi niðurfærsla sje á nægilega góðum rökum byggð. Þær lítilfjörlegu niðurfærslur, sem stungið hefur verið upp á við Möðruvallaskóla, skal jeg ekki fara mörgum orðum um; það eru áætlaðar upphæðir, sem hjer er um að ræða, og virðist mjer ekki ástæða til lækka þær. Þá er enn ein niðurfærsla, sem jeg ekki get álitið að sje á rökum byggð, nefnil. niðurfærsla á borgun fyrir umsjón þinghússins. H. h. n. hefur stungið upp á, að upphæð þessi verði færð niður í 100 kr. Það er nú auðvitað, að þessi umsjón er ekki umfangsmikil, en henni er þannig varið, að það varðar miklu að fá til hennar áreiðanlegan mann, sem leysi starfið vandlega og dyggilega af hendi.

Breytingaruppástungur þær, sem fram hafa komið, skal jeg ekki fara langt út í, heldur láta á deildarinnar vald, hvernig hún vill taka í þær. Jeg vil einungis leyfa mjer að minnast á eina, sem mestu varðar að því er fjárupphæðina snertir. Það er till. um lán handa Eiríki meistara Magnússyni gegn veði í lífsábyrgðarskírteini, eða öðru gildu veði. Hinn h. frsm. (H. Kr. Fr.) gat þess áðan, að lánbeiðandinn þyrfti ekki að fara til þingsins til að öðlast þetta lán, heldur lægi honum hinn vegurinn opinn, að fara til stj. til að fá lánið. Jeg verð að taka það fram viðvíkjandi þessum orðum hins h. frsm., að hjer stendur ekki svo á. Beiðandinn fer hjer ekki fram á lán á venjulegan hátt með venjulegum skilyrðum, með því hann getur ekki boðið fram það veð, sem vant er að taka gilt fyrir lánum úr landsjóði. Hjer er um að ræða *undantekningu* frá hinni almennu reglu, og einmitt þess vegna er farið til þingsins og leitað samþykkis þess. Spurningin verður þá hjer: Er ástæða til að gjöra þessa undantekningu? Jeg skal fúslega játa, að það er mín skoðun, að eigi beri að gjöra þess háttar undantekningar, nema eitthvað sjerstaklegt og óvanalegt mæli með því. En eru þá þessar sjerstöku ástæður hjer fyrir hendi? Jeg verð að álíta að svo sje. Það er kunnugt, að herra Eiríkur Magnússon hefur lagt sig allan fram til að vinna landi voru gagn, þegar neyðin þrengdi að og hallæri var í landinu, og hann hefur gjört það optar en einu sinni; honum hefur líka heppnazt að vinna landinu stórmikið gagn með viðleitni sinni, og bætt hag þess, þegar voði hefur verið fyrir hendi. Þó að þingið fallist nú á þessa beiðni hans, mun það varla þurfa að óttast, að það komist í mótsögn við sjálft sig, af því að það verði að neita öðrum, sem kynnu að bera fram líkar bænir; fyrir utan það, að það er mín skoðun, að kæmi annar með líka beiðni undir sömu kringumstæðum, þá ætti þingið ekki að segja honum *nei*. Þetta er, eins og jeg sagði, nokkuð, sem þarf ekki að óttast, því það mun ekki títt, að menn komi, sem svo bersýnilega hafa unnið landinu stórhagnað, eða sem bent verði með vissu á, að landið hafi hlotið aðra eins hjálp af. Það er nú ekki skoðun mín, að þingið eigi að kasta þessu fje út án nokkurrar tryggingar. Þess þarf heldur ekki, og um það er ekki beðið, því að tryggingin er hjer boðin fram, að mínu áliti nægileg, því að þingið getur heimtað lífsábyrgðarskýrteininu haldið við, og heimtað árlega skýrslu um, að þetta skilyrði sje uppfyllt. Jeg verð nú af þeim ástæðum, sem jeg þegar hef tekið fram, að álíta, að þingið hafi í þessu tilfelli ástæðu til að gjöra þá undantekningu, sem þó eigi ber að gjöra nema sjerstakar ástæður sjeu til, og það því fremur, sem lánbeiðandinn telur sig miklu varða,

að hann fái lánið. (*Gr. Th.*: Já, fyrir október í haust!). Það var gott, að h. h. þm. minnti mig á þetta atriði, sem jeg hefði ef til vill annars gleymt. Hinn h. frsm. (H. Kr. Fr.) taldi einmitt þetta, að lánbeiðandinn æskir fjárins svo snemma, ástæðu til þess, að synja um lánið. En þetta er ekki synjunarástæða, því að það er ekki ótítt, að fjárlögin öðlist staðfestingu í októbermánuði; það hefur komið fyrir, að þau hafa verið staðfest 15. október. En þegar lögin eru staðfest, er vissa fengin fyrir því, að fjeð muni verða útborgað, og gæti lánbeiðandinn þá sjálfsagt haft einhver ráð þangað til fjeð yrði útborgað. Telji þingið því manninn verðan að fá áheyrn, vona jeg, að það láti ekki þetta verða til fyrirstöðu.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg gleymdi áðan að minnast á 2 breytingaruppástungur; er önnur þeirra frá hinum hæstv. lh., og fer hún fram á, að bæta einum lið (11. lið) við 13. gr. Þetta hefur nú komið tvisvar fyrir, og þykir mjer ekki ólíklegt að það komi í 3. sinn. Jeg verð að telja heppilegast að bíða með þess konar till. þangað til betra skipulag er komið á prestakallalögin, sem er mjög ábótavant, og því sjálfsagt ekki langt að bíða að verði endurskoðuð. (*Arnl. Ó.*: Hvenær verður það?) Jeg man ekki betur en þm. Ef. (Á. Ó.) væri sjálfur að berjast fyrir br. á þessum lögum, og er þá víst ekki að efa, að reka muni brátt að endurbótinni. Hin brust. átti við 13. gr. B. III. a. Tilætlunin með brust. þessari á víst að vera sú, að *fækka* kennurum við latínuskólann. Hver hugsun liggur til grundvallar fyrir þessari br., er mjer ókunnugt. En jeg vonast til, að allir skynsamir menn verði að vera mjer samdóma um það, að það sje yfir höfuð að tala nauðsynlegt að hafa fasta kennara við slíkan skóla, en að miður ráðlegt sje, að hlaða allt of miklu upp á tímakennarana. Jeg gæti helzt hugsað mjer að peningasparnaður hefði vakað fyrir ust.m. Það væri nú gott í sjálfu sjer, en fylgir þá ekki þessum peningasparnaði annað óhagræði, sem fyllilega vegur móti honum, og ef til vill meira til? Tímakennslan jafngildir, eins og hún nú er, hjer um bil 2 föstum kennurum, og held jeg að það verði að álítast nær sanni. Þar að auki kemur þessi br.ust. of seint, þó hún annars hefði kunnað að verða samþykkt, því að jeg veit ekki betur en að veitingin fyrir þessu embætti komi með næsta skipi. Jeg vil því vona að brust. verði tekin aptur; það verður víst ekki annað betra við hana gjört. Hinn hæstv. lh. minntist á ölmusurnar við prestaskólann og gat þess, að stúdentar hefðu svo mikinn kostnað meðan þeir gengju á prestaskólann, að ekki mundi af veita þeim ölmusufjölda, sem til er tekinn í stj.frv. Það er mikið rjett, að það getur verið nauðsynlegt að styrkja þessa menn, en jeg vil ekki hlynna í öllu að öðrum skólanum, en láta hinn sitja á hakanum. Jeg held að hjer megi segja sem optar: «Jöfnuður góður allur er». Prestaskólinn er sannarlega ekkert olnbogabarn með þeim ölmusustyrk, sem hann hefur, eða honum er ætlaður. Jeg skal fúslega játa það, að í dyravarðarstöðuna er vandfenginn hæfur maður. En n. varð að álíta, að þau laun, sem hún stakk upp á, væru viðunanleg. Enda verð jeg að geta þess, að það er ekki allt undir fjárveitingunni komið, hvort dyravörður fæst eða ekki; til þess gæti borið aðra ástæðu, að torvelt væri að fá hann. Um fjárveiting til *orðasafnsins* skal jeg geta þess, að eigi kostnaður við prentun þess að greiðast af því fje, sem ætlað er til annara útgjalda skólans, verður orðasafnið að verða á hakanum, ef svo stendur á, að fjeð nær ekki til. Til dæmis í fyrra, þegar mislingarnir geysuðu í skólanum, varð afgangurinn af þessu fje lítill. Lh. þar á móti hefur allt af frjálsari hendur, þegar hann getur veitt af því fje, sem ætlað er til verklegra og vísindalegra fyrirtækja. Um eptirgjöf á kennslustundum fyrir þann kennarann, sem hefur umsjónina, geta verið ýmsar skoðanir; en þess verð jeg að geta, að þegar þessi maður, sem nú hefur umsjónina á hendi, fjekk embættið, hafði hann enga von fengið um eptirgjöf á kennslustundum. Enda fær hinn kennarinn, sem einnig hefur umsjón á hendi í skólanum, mjög litla eptirgjöf. Viðvíkjandi því að veita Eiríki meistara Magnússyni lán, með öðrum skilyrðum en þeim venjulegu, skal jeg taka það fram, að mjer er ekki kunnugt að nokkurn tíma hafi verið veitt *lán* með öðrum skilyrðum en þeim, sem eru fast ákveðin; jeg gæti betur skilið, að það hjeti *gjöf* til lánbeiðandans. Hinn hæstv. lh. tók fram, að lífsábyrgðarskírteinið væri fullgilt veð, því að heimta mætti árlega skýrslu um, að því væri við haldið. En hvernig fer nú, ef þessi skýrsla kemur ekki allt um það? Hvað tekur þá lh. til

bragðs? Jeg verð að álíta það alveg rjetta reglu, sem stjórnin fylgir, að hætta aldrei neinu upp á lán.

Eiríkur Briem: Jeg vildi að eins bæta stuttri aths. við það, sem h. h. frsm. sagði um 4. tölul. í 13. gr. Það er sjálfsagt alveg rjett aths. sem h. hæstv. landshöfðingi gjörði um þetta atriði. Þegar maður lítur á lögin, þá er 6. gr. til bæði í prestalaunalögum og lögunum um skipun prestakalla, og hvortveggja lögin eru frá 27. febr. 1880; mun þetta hafa verið orsök til misskilnings nefndarinnar.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins gjöra stutta aths. viðvíkjandi brt. um Stóruvallaprestakall. Eptir l. 27. febr. 1880 á þetta prestakall að fá 300 kr. viðbót úr landsjóði. En síðan hafa stórkostlegar skemmdir orðið á brauðinu. Afleiðingar þessara skemmda geta ef til vill seinna horfið, og þá kynni að verða mögulegt að komast af án þessarar bráðabyrgðaruppbótar, sem jeg hafði farið fram á fyrir fjárhagstímabilið. Jeg get heldur ekki álitið rjett að tillag til Dvergasteinsprestakalls falli burtu, því að þetta brauð þyrfti að vera fremur aðgengilegt, svo að í það fengist hentugur og vel fallinn prestur; á Seyðisfirði er, eins og kunnugt er, mikill fjöldi útlendinga og virðist mjer mjög óheppilegt, ef á þeim stað væri ekki viðunanlega góður og hentugur prestur. Það mun að vísu satt vera, að brauðið hafi batnað nokkuð síðan síld fór að veiðast á Seyðisfirði; en það getur þó ekki verið að neinum mun, þar sem landshlutur sá sem tilfellur kirkjujörðunum eðlilega tilfellur ábúendum jarðanna, að minnsta kosti þangað til ábúandaskipti verða. Mjer getur því ekki betur sýnzt, en að uppástunga n. ætti ekki að takast til greina. Jeg skal svo ekki svara h. h. frsm. frekara; hann hefur skýrt ýtarlegar ástæður nefndarinnar, en ekki að mjer finnst veikt ástæður mínar. Um hið umbeðna lán til Eiríks meistara Magnússonar skal jeg ekki tala fleira; en h. h. frsm. hefur ekki komið mjer í skilning um það, að *lán* verði ekki veitt með undantekningu frá aðalreglum, sem um lángreiðslu gilda. Jeg tek það einungis fram aptur, að það er nauðsynlegt, að þingið veiti samþykki sitt, þegar um slíkar undantekningar er að ræða. Hitt hefi jeg ekki lagt til, að þingið láni fjeð eða gefi heimild til að greiða það tryggingarlaust.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal leyfa mjer að fara nokkrum orðum um brt. sem jeg ásamt nokkrum öðrum h. þm. hef komið fram með við frv. stj. og n. Hvað snertir brt. v. 13. gr. B. III. c. 4, þá er það rjett, sem fram hefur verið tekið, að breytingin er fólgin í því, að eigi væri nema 4 fastir kennarar í staðinn fyrir 5, en tímakennslan aukin, og til hennar yrði varið 800 kr. meira en stungið er upp á í stj.frv., en ef fastur kennari yrði skipaður við skólann, sem hinn 5., er gjört er ráð fyrir, að laun hans mundu verða 2000 kr., og því sparast með þessari tilhögun 1200 kr. á ári. Brt. er að því leyti á rökum byggð, að í hinum almennu launalögum er ekki gjört ráð fyrir að hinir föstu kennarar sjeu fleiri en 4; en hitt veit jeg, að satt er, að annaðhvort mun vera verið að, eða búið að veita hið 5. embætti fyrir fasta kennara við skólann, og þótt jeg nú ekki álíti að stj. hafi fulla heimild til að veita embætti sem engin laun eru veitt til með lögum, þá vil jeg þó ekkert kapp á leggja með að halda þessari ust. fram; en jeg áleit að hjer mætti spara og það var einkum sú ástæða, sem kom mjer til að koma fram með þessa ust. En það var líka annað sem vakti fyrir mjer. Frsm. veit, að víða í útlöndum, og einkum í Svíaríki, eru mjög margir aukakennarar. Þegar ungir og nýir menn koma til skólanna, þá er það kostur við þá, að þeir fylgja betur með tímanum, en hinir eldri hafa aptur þann kost, að þeir þekkja betur skólalífið, og ef þeir eru vísindamenn, þá hljóta þeir að vera búnir að afla sjer meiri og dýpri þekkingar í einhverri sjerstakri grein. Þess vegna er bezt að hafa hverja með öðrum, tímakennara og fasta kennara. Öllum háskólum fer fram, og þeir menn sem frá þeim koma fylgja betur með tímanum og hinum nýju framförum, en hinir gömlu kennarar. En sem sagt: jeg skal ekki halda fast við þessa brt. mína, ef þd. álítur að hún sje ekki til bóta. Jeg geri það ekki að gamni mínu að koma fram með brt. v. frv. n. eða af neinu kappi, heldur til að vita hvort þær ekki kynnu að geta náð hylli þingsins og álitast vera til bóta. Enn fremur hef jeg leyft mjer að koma með brt. um að færa niður upphæðina við 13. gr. B. IV. 2. og 4., sem er fjárveiting til Möðruvallaskólans. N. hefur einnig fært niður 2 liðu, svo þar er ekki mikill munur á mjer og n. Jeg held sömu tryggð við Möðruvallaskólann sem áður; en nú er mikið

breytt frá því sem var 1881. Nú er sú breyting á orðin, að veturinn sem leið voru skólapiltar þar helmingi færri en að undanförnu, og það eru ekki líkindi til að tala þeirra aukist mjög í þessu harðæri. Þegar piltarnir eru svo fáir þarf ekki að kenna nema í 2 bekkjum í staðinn fyrir 3, og jeg áleit að minna þyrfti af ljósi og kolum í 2 bekki en 3, og því hef jeg fært þá upphæð, sem til þess er ætluð niður um $^1/_3$. Jeg get líka sagt Möðruvallaskólanum það til hróss, að þar er haldið spart á kolum og ekki brúkað meir en þarf, því að þar hefur stundum verið kvartað um kulda í bekkjunum, eins og í latínuskólanum í Rvík, svo eigi þarf að gera ráð fyrir of mikilli koleyðslu. Ekki þarf heldur að gera ráð fyrir of miklu til ljósa við Möðruvallaskólann, ef það er satt, sem fleygt hefur verið, að þegar glas brotnaði af einhverjum lampa, þá væri ekki haft fyrir að kaupa það aptur, heldur væru menn látnir sitja í myrkrinu. N. hefur fært ýmisleg útgjöld niður í 400 kr., en jeg hef gengið feti lengra og sett þau niður í 300 kr. Hús skólans eru alveg ný og þarf því ekki mikið til þeirra, og mjer er ekki kunnugt, hver þessi ýmislegu útgjöld eru eða geta verið við svo lítinn skóla. Jeg býst við að n. hafi ekki haft fyrir sjer reikninga skólans og því ekki getað haft hliðsjón af þeim. Verði ekki mín brt. við þessa gjaldgrein sþ., þá er það sjálfsagt, að jeg fellst á ust. n. Þá koma brt. mínar v. n. frv., sem mjer fannst frsm. taka vel í, nema þá síðustu. Er þá fyrst brt. mín v. 15. gr. um styrk handa ekkjufrú G. Brynjúlfssonar í Höfn; þótt mjer ekki detti í hug að bera Gísla sál. Brynjúlfsson saman við Halldór heitinn Jónssou á Hofi, af því að Gísla naut svo skamma stund við, þá verða þó allir að játa að hann var mesti afbragðsmaður á sinni tíð að gáfum og lærdómi. Eptir hann liggur ritgjörð um rúnir (Periculum runologicum), er þótti ágæt á sinni tíð, og ber enn ljósan vott um skarpleik og lærdóm. Þá er brt. mín v. 16. gr. 3, að orðin: og til utanferða 1000 kr. hvort árið, falli niður. Þessi eini maður fær hjá n. 4000 kr. Um jarðfræðisrannsóknir hans er ekkert að segja nema hið bezta, en að hann fái styrk til utanlandsferða, því get jeg ómögulega verið með. Þar sem n. hefur neitað öllum öðrum um styrk til utanlandsferða, þá hljóta að vera einhverjar sterkar og sjerstakar ástæður fyrir því, að hún skuli vilja veita þessum kennara þennan styrk, sem að eins hefur verið kennari í 3 ár, en neita þar á móti manni sem hefur verið kennari í 35 ár (*H. Kr. Fr.*: Það er nú af því að komið er að sólarlagi fyrir honum) um sams konar styrk, þ. e. til utanlandsferðar. Hver er nú meiningin með að veita þennan styrk? Það hefur þó ekki verið meining n., að hann færi utan til að ganga undir próf, eða á hann að fara utan einungis til þess að prófa þessa steina, sem hann hefur tínt saman hingað og þangað um landið? (*H. Kr. Fr.*: Til þess að fræðast líka). Ef styrkja á hann til að fara utan til þess að fræðast, þá sýnist mjer nú lenda að því sama, sem brt. um styrk til skólastjórans á Möðruvöllum fer fram á. Jeg get ekki álitið að nein þörf sje á þessum utanferðum til þess að analysera steina, því jeg ímynda mjer að hann hafi þar ekki neitt laboratoríum, nema hann fái það að láni. Ferðirnar eru óþarfar, því að steinana má senda þeim mönnum, sem hafa tök á og kunna að rannsaka þá. Jeg veit til að steingjörvingar voru fyrir fám árum síðan sendir frá Grænlandi til hins mikla náttúrufræðings Heers í Sviss, og er það lengri vegur. Náttúruvísindin eru orðin nú svo yfirgripsmikil, að vísindamennirnir hljóta að skipta þar verkum með sjer. Jeg álít enn fremur, að ekki ætti að láta þessar menjar fara út úr landinu sjálfu, heldur ætti að búa til náttúrugripasafn bæði hjer við latínuskólann og jafnvel við Möðruvallaskólann, og þar ætti að geyma þessar menjar, og einungis senda þær út til prófuna, er tvennt væri til af sömu tegund og eins skipta þeim fyrir aðra náttúrugripi. Jeg ímynda mjer að það eigi þó eigi að fara að verja þessum styrk til að senda erendreka, eins og 1881 (*L. Bl.*: sællar minningar!), já, sællar minningar, því að lögunum á maður að halda uppi, og að minnsta kosti veit jeg að sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu muni bera mikla virðingu fyrir lögunum.

Þá eru 2 aðrar brt. sem jeg hef komið fram með ásamt fleirum þm., nefnilega um styrk handa Kr. Ó. Þorgrímssyni til að gefa út prjedikanir Helga biskups Thordersens, og um styrk til Bjarnar Kristjánssonar til kennslu í kirkjusöng og organleik. Hvað styrkinn til Kr. Ó. Þorgrímssonar snertir, þá er nú fyrst, að sá styrkur, sem farið er fram á, er mjög lítill fyrir verk, sem er 45 arkir með 3000 stöfum á hverri bls., enda útgáfan mjög vel vönduð og með stein-

prentaðri mynd höfundarins fyrir framan. (*L. Bl.*: Myndin er ekki góð). Hún er þó altjend betri en frummyndin er nú orðin. Aðalástæðan, sem mælir fram með þessari fjárbæn, er sú, að Helgi biskup var með rjettu álitinn einhver hinn bezti, ef ekki hinn allrabezti prjedikari hjer á landi í sinni tíð, og það er hins vegar mikið í ráðizt af bóksalanum, að kaupa fyrst handritið að svo stórri bók fyrir 1000 kr., myndina fyrir á þriðja hundrað króna, og gefa bókina út með ærnum kostnaði, og jeg vil segja, að það væri nánasarlegt af þinginu, að vilja ekki heiðra minningu þessa síðast liðna byskups vors og ágæta prjedikara, með því að veita einar 500 kr. til að koma á prent prjedikunum hans. Það er og líka kunnugt, að þessi sami bóksali hefur gefið út margar sögur og skáldrit, beztu bækur, án þess að detta í hug að biðja um minnsta styrk til þess. En ástæðan fyrir því að jeg mæli með að hann fái styrk til að gefa út þessa bók, er sú, að jeg vil heiðra minningu þess manns, sem prjedikaði svo vel, og til þess að bókin verði seld við svo *vægu* verði, að allir geti keypt hana, sem unna guðsorði og góðum prjedikunum. Hvað snertir þann 400 kr. styrk til Bjarnar Kristjánssonar, sem jeg hef farið fram á að yrði veittur, þá skal jeg játa það, að jeg þekki ekki manninn, en jeg hef sjeð ágæta vitnisburði frá kennendum hans utanlands og veit að hann lifir með lífi og sál fyrir sönglist sína. Að vísu höfum vjer hjer í Reykjavík ágætan söngkennara, launaðan af landsfje; en því er svo varið, að menn í Norðurlandi og einkanlaga á Austurlandi kostar miklu meira ferðin hingað suður til Rvíkur til að læra hjer söng, en kennslukaupinu sjálfu nemur, og annað það, að menn af norður- og austurlandi geta borgað kennsluna með ávísun á Akureyri, sem menn ekki geta hingað suður til Rvíkur.

Þá kemur brt. um að meistara Eiríki Magnússyni verði veitt 5400 kr. lán. Hinn hæstv. landshöfðingi hefur mælt svo vel með þessari brt. og skýrt svo vel og útlistað allan þann skilning sem í henni liggur, að það er óþarfi fyrir mig að gjöra það frekara. En aðalefni hennar er það, að alþingi votti þessum manni virðing sína og þakklæti, og geri sig í þessu virðingar og þakklætis skyni ánægt með minna veð en almennt gjörist, og sem er svo mikið vonarveð, að stj. getur eigi upp á eigin ábyrgð lánað gegn því. Í sannleika, jeg veit eigi hvað er orðið af gestrisni og drengskap Íslendinga, ef þeir ekki vilja voga nokkrum hundruðum, já, jeg vil segja nokkrum þúsundum króna fyrir þann mann, sem hefur gert annað eins fyrir ættjörð sína og hann hefur gert, sem hefur lagt líf sitt í hættu til þess að hjálpa oss á tímum neyðarinnar, sem hefir hætt mannorði sínu og fengið óorð á sig í öðrum löndum fyrir velvilja sinn við oss, velvilja sem hann hefir auðsýnt oss ekki einungis nú í ár heldur einnig 1875, þegar öskufallið varð fyrir austan og hann reyndist þeim, sem fyrir því óhappi urðu, hinn mesti bjargvættur. Jeg þekki enga þjóð, sem ekki mundi fús á að voga svo lítilli upphæð fyrir þann mann, sem hefði unnið henni annað eins gagn eins og þessi maður hefur unnið vorri þjóð. Það er á þd. valdi, hvað hún gjörir við þessa brt.; en mjer dylst það eigi, að ef þd. veitir eigi þetta fje, þá muni ekki margir framvegis verða til þess að leggja lífið í sölurnar fyrir þetta land, því að þá liti sannarlega svo út sem Íslendingar væru þjóð, sem að eins vildi þiggja og taka á móti gjöfum, en ekkert láta af hendi rakna í móti nema róg frá hatursmönnum velgjörðamannsins, en vanþakklæti og nirfilshátt frá þingi þjóðarinnar.

Jón Ólafsson: Með því að jeg er riðinn við nokkrar brt. við þennan kafla fjárlaganna, þá ætla jeg að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þær. Hvað snertir brt. um að færa niður launaupphæðina til hinna föstu kennara við hinn lærða skóla, þá er þess að geta, að hjer er að ræða um laun handa einum föstum kennara fleira en gert er ráð fyrir í hinum almennu launalögum, og hefur fje til þessa embættis að eins verið veitt á fjárlögum um nokkur undanfarin ár, án þess þó að embættið væri fast ákveðið með lögum. Oss var nú reyndar kunnugt um, að stj. hafði slegið þessu embætti, sem í rauninni ekki er til, upp; en með því að ekki er veitt fje til þess í hinum almennu launalögum, þá hefur stj. enga heimild til að veita þetta embætti og oss virtist ólíklegt að stj. mundi nú, einmitt þegar þingið stendur yfir, sýna það gjörræði að veita þetta embætti áður en þingið væri búið að láta vilja sinn í ljósi, og hvort það vildi veita fje til embættisins. Þetta eru hinar formlegu ástæður fyrir þessari brt. Þótt stj. veiti þetta embætti, sem hún hefur enga heimild til, þá getum vjer ekki tekið það til greina, því að ef þingið synjar um að veita laun

þessa embættis, þá verður hún sjálf að sjá þeim manni fyrir launum, sem hún veitir það. Efnisástæðan fyrir þessari brt. var sparnaður, og vona jeg að flestir viðurkenni að það er góð ástæða, þegar hægt er að viðhafa þennan sparnað, án þess að leggja nokkuð annað í sölurnar; það er reynsla fyrir því, að þegar ungum og óreyndum mönnum eru veitt embætti, þá reynast þeir opt misjafnlega. Tímakennsla hefur opt reynzt eins góð eins og kennsla fastra kennara; en við hana eru þeir tveir aðalkostir, að hún er ódýrari og svo er hægra að skipta um, ef tímakennarar reynast eigi vel; en þeir hafa opt reynzt fullt eins vel og hinir föstu. Jeg vil taka það t. d. tímakennsluna í sögu hjer við latínuskólann; hana hefur um mörg undanfarin ár haft á hendi sá maður sem flestir munu játa að sje öllum öðrum hæfari til að kenna þá vísindagrein, og þegar tímakennslan er góð, þá er hún opt líka stöðugt höfð á hendi af sama manninum, og það stundum heilan mannsaldur. Svo var það hjer við skólann einmitt í þeim fræðigreinum, sem nú vantar kennara til að kenna. meðan sjera Hannes sál. Árnason kenndi þær. Tímakennslan getur einmitt verið góður forskóli til að reyna menn, hvę hæfir þeir eru til að vera kennarar, einkum ef þeir hafa ekkert embættispróf áður, eins og á sjer stað nú með suma af hinum föstu kennurum. Jeg álít líka ástæðulaust að láta landið fleygja út 1200 kr., sem má spara, en það sparast líka meira en þessar 1200 kr.; það sparast líka eptirlaunabyrði sú, sem leggst á lsj. með hinu fasta kennaraembætti, því að tímakennarar hafa engan rjett til eptirlauna. En ef embættið væri veitt föstum kennara, gæti svo farið að 2—3—4 þyrftu í einu að fá eptirlaun úr lsj., og að koma í veg fyrir, að slíkt geti fyrir komið, það er ekki svo lítilsvert. Þar sem n. hefur farið fram á að færa niður fjeð til tímakennslunnar af þeirri ástæðu að n. sjer eigi næga ástæðu til að losa þann kennara, sem umsjón hefur í skólanum, við 10 kennslustundir á viku hverri á móts við hina kennarana, þá skal jeg geta þess, að þessi kennari hefur, þegar maður leggur saman umsjónartíma hans og kennslutíma, og umsjónartímarnir eru hreint ekki betri en kennslutímarnir,' þá hefur hann eins marga tíma og hinir aðrir kennarar, og það væri ósanngjarnt að heimta af þessum eina kennara að hafa fleiri tíma en aðrir endurgjaldslaust. Jeg veit ekki betur en að hinir föstu kennararnir taki sjerstaka borgun fyrir þá tíma, sem þeir hafa fram yfir þann tímafjölda, sem þeir eru vanir að hafa. Þá er brt. mín við 16. gr. 3. Hinn h. frsm. sagði, að jeg mundi ekki hafa komið fram með brt. af heilum hug, og að það væri að gjöra gabb að þinginu að koma með slíka brt. Jeg veit nú ekki hvaða þýðingu hann leggur í þetta «af heilum hug», eða eptir hvaða mælikvarða hann mælir brt., en jeg skal segja það, að það er ekki samboðið nokkrum þm. að drótta slíku að samþingismanni sínum, nema þm. Rvík. (H. Kr. Fr.). Ástæða mín fyrir að koma með þessa brt. er mjög einföld, og er alls ekki sú, að jeg vilji gjöra gabb að þinginu; reynslan hefur sýnt, að það er mjög mikilsvert að fá vel hæfa menn í embætti, og af því að þetta hefur alla jafna verið viðurkennt, þá hefur það verið alvandi, að heimta það af þeim mönnum er í embætti eru skipaðir, að þeir hafi gengið undir próf, og þegar vikið er frá þeirri reglu, þá er það meira eða minna upp á óvissu, hvernig kennarinn muni reynast, því að prófið veitir tryggingu fyrir að maðurinn sje hæfur til þess embættis sem honum er trúað fyrir. Það er opt að próflausir kennarar eru eigi eins góðir, og æskilegt væri, og jeg veit að þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) kannast við það, að einn fastur kennari við latínuskólann hjerna var búinn að vera milli 10 og 20 ár þýzkukennari við hann, þegar hann sótti um og fjekk ferðastyrk til að ferðast til Þýzkalands til að læra þýzku, og mig undrar það að þessi *góði* kennari skyldi þá ekki ganga undir próf í þýzku, því að jeg efast þó eigi um að hann hefði haft gott af því, og jeg vil segja að skólinn hefði getað haft gott af því, að minnsta kosti ekki skaða. Hann hefur líklega og heyrt getið um, að einn kennari, sem verið hafði kennari yfir 30 ár, og hafði um nokkur ár haft umsjón með skólahúsi, sótti um styrk til þess að fara utan og *læra* að hafa umsjón með skólahúsinu. Jeg veit líka til, að einu sinni ætlaði enskur vísindamaður að tala við mann, sem var kennari í ensku hjer við skólann, og kennarinn varð að sækja túlk til þess að geta talað við hann, og þessi kennari var fastur kennari, sem þm. Rvík. þarf ekki nema að líta í spegil til að sjá. Jeg held að þessi kennari hefði haft gott af að ganga undur próf í ensku áður

en hann tókst á hendur að kenna hana. Menn hafa stundum fengið styrk til að efla þekkingu sína í þeirri grein, sem þeir hafa átt að kenna, og þó orðið lítill árángur að; en nú vildi jeg óska að þessi styrkur, ef hann verður veittur, kæmi að tilætluðum notum. Jeg held að reynslan hafi sýnt það, að kunnátta skólastjórans á Möðruvöllum í ensku er ekki á marga fiska, því það hafa verið lagðir á hana þungir dómar, og það einnig af þeim manni, sem er miklu færari en jeg, og jeg leyfi mjer að segja færari en þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) að dæma um slíkt. Jeg get lagt hendina á brjóstið og vitnað það hátíðlega, að jeg hefi komið fram með þessa brt. í fullri sannfæringu um, að hennar væri ekki vanþörf. Jeg álít það skyldu mína að koma fram með það, sem jeg álít rjett, og sem hefur sýnt sig að ekki er óþarft, *(A. Ó.: Heyr!)*, og jeg er sannfærður um að þetta er mjög þarft. Það er nú á þd. valdi, hvern framgang þessi brt. mín fær. Ef jeg sje að mjög margir eru henni mótfallnir, þá getur skeð, að jeg verði tilleiðanlegur að taka hana aptur síðar við umræðurnar, en að svo stöddu ætla jeg ekki að gjöra það. Það er að eins ein brt. enn þá, sem jeg vildi minnast á fám orðum. Það er um lán til meistara Eiríks Magnússonar í Cambridge. Það hefur verið tekið fram sem ástæða móti því að veita þetta lán, að hann hafi ekki gagn af því að þetta lán sje veitt í fjárlögunum, því að hann þurfi á láninu að halda fyrir lok októbermánaðar. En eins og hinn hæstv. lh. tók fram, þá mundi hlutaðeiganda ekki veita mjög erfitt að fá skyndilán, ef fjárlögin yrðu staðfest fyrir þann tíma; það hefur átt sjer stað áður, að þau hafa verið staðfest 20. okt., og vona jeg því að menn sjái, að þessi mótbára er ekki á marga fiska. Hinn h. frsm. (H. Kr. Fr.) sagðist ekki sjá neina ástæðu til að víkja hjer frá hinum almennu reglum um lán úr lsj.; jeg get vel skilið að *honum* þyki ekki ástæða til þess, því að *honum* hefur aldrei þótt mikið í það varið, sem Eiríkur Magnússon hefur gjört fyrir þetta land; en jeg vona að *aðrir* þm. sje ekki á sömu skoðun og hann. Það hefur verið sagt, að það væri vogun að veita þetta lán, en vogunin er ekki stór; hún er að eins sú, að hann, ef hann lifir, viðhaldi lífsábyrgð sinni, og jeg vona að enginn vantreysti þeim manni, sem hefur sýnt af sjer jafnmikinn drengskap og hann, til þess að halda henni við. En þótt það væri nokkur vogun, þá ættu menn ekki að láta sjer slíkt í augum vaxa, því hverju hefur hann ekki vogað, og hvað hefur hann ekki afrekað fyrir þetta land bæði nú í ár og 1875? Jeg vona því að þd. verði fús á að fallast á þessa ust. og að sem fæstir þm. fari að dæmi frsm. Það er ein ástæða enn fyrir utan þakklætiásstæðuna, sem mælir með því að veita þetta lán. Það er ekki svo títt að Íslendingar gjöri uppáfinningar og fái patent fyrir þeim; en eptir þeim skýrslum, sem vjer höfum fengið um þessa uppáfinding, þá má ætla að þessi uppáfinding verði höfundinum til mikils sóma, en jafnframt og hún verður honum til sóma, verður hún líka landinu til sóma, þar sem hann er Íslendingur.

Þorarinn Böðvarsson: Það er að eins fátt, sem jeg vil leyfa mjer að minnast á og um þetta fáa skal jeg fara sem fæstum orðum. Jeg verð fyrst að játa það, að jeg er knúður til að minnast á fátæku brauðin í landinu. Hin h. n. hefur komizt að þeirri niðurstöðu að færa tillagið til þeirra niður um 2000 kr. Það hefur opt verið erfitt að fá presta til fátæku brauðanna, en aldrei eins og nú. Það hafa komið margar skýrslur til biskups um að kirkjukvígildin sjeu fallin og prestarnir sjeu ráðalausir með að fá jarðirnar byggðar. Jeg held það sje öllum þm. kunnugt, að harðærið hefur komið mest á prestastjettina. Prestarnir hafa misst eignir sínar og fjenað og þar á ofan mikið af tekjum sínum. Jeg skal geta þess, að jeg legg mikla áherzlu á það, að sú upphæð sje tekin til greina, sem er í stj.frv., sú upphæð sem einmitt er tekin eptir tillögum hins háæruverðuga biskups. Með þessari upphæð treystir hann sjer til að halda áfram kenningu guðsorðs og stjórn kristilegrar kirkju hjer í landi. Þess vegna vona jeg þd. fylgi frv. stj., en taki ekki tillit til þess, sem n. stingur upp á. Jeg skal ekki fara út í ástæður n..; en jeg held fyrir mitt leyti að þær sjeu ekki allar á góðum rökum byggðar.

Jeg get ekki heldur leitt hjá mjer að minnast lítið eitt á 3 uppgjafapresta, sem standa í stj.frv.; sjerstaklega vil jeg minnast á þetta atriði af þeim orsökum, að mörgum þm. mun ekki ljóst, hvernig þetta er til orðið í fjárl.frv. stj. Það er til orðið af því, að ráðherra Íslands áleit, að þeim prestum, sem hafa fengið eptirlaun eptir lögum 27. febr. 1882, þeim mætti ekki veita styrk af

öðru fje. Synodus hafði veitt þessum uppgjafaprestum, sem allir voru fátækir, styrk af því fje, sem hann hefur til útbýtingar, en ráðherrann áleit eigi heimild til þess, af því að með hinum nýju eptirlaunalögum væri nægilega sjeð fyrir þeim prestum, sem eptirlaun tækju eptir þeim, og synodus varð náttúrlega að lúta í lægra haldi, þótt hún gæti ekki haft sama skilning á þessu. Nú vildi ráðgjafinn þó bæta úr þessu með því að veita prestum þessum tiltekna fjárupphæð á fjárlögunum. Fyrir þessa sök er þessi fjárveiting komin inn í fjárl.frv. stj. Og eins og hún kemur þar fram, þá er ekki um sjerlega háa upphæð að ræða; að eins 300 kr. En hinni h. fjárl.n. hefur þó sýnilega þótt hún of há, þar sem hún færir hana niður í þessa einstaklega hógværu og — að hennar áliti — hæfilegu upphæð 50 kr.! Hin h. n. tilgreinir, sem rjett er, að 1 þessara 3 presta sje dáinn, og færir þau rök fyrir að synja öðrum þeirra, sem lifir, áheyrnar, að hann hefði svo mikil eptirlaun, að þau væru meiri en nokkur annar uppgjafaprestur hefði hjer á landi. Jeg skal ekki deila um það; en hitt þori jeg að segja, að hver sem eptirlaun hans eru, þá er hann bágstaddari en nokkur annar uppgjafaprestur á landinu. Hvað snertir þennan eina prest, sem fyrir náð og miskunn n. á að fá 50 kr., þá skal jeg geta þess, að hann hefur áður 150 kr. í eptirlaun. *(H. Kr. Fr.:* 190 kr.). Jeg held hann hafi ekki nema 150 kr.; en jeg skal játa það, að prestastefnan bætti við hann fje nokkru, en hans eiginlegu eptirlaun eru að jeg ætla 150 kr., svo að öll eptirlaun hans eru 190 kr. En hann er alveg blindur prestur með nokkra fjölskyldu. Jeg tek þetta fram af því að jeg vil vona, að margir hverjir þm. greiði atkv. með uppbótinni í stj.frv., og ætli svo hinni h. landsstjórn að skipta viturlega á milli þeirra 2 presta, sem enn lifa. Þá er 13. gr. A. b. 10., og verð jeg með öllu að samsinna hinum h. lh., þar sem hann sagði að það væri mjög áríðandi, að halda þeim presti, sem nú er í brauðinu. Jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að nauðsynlegt sje að hafa góða presta í öllum brauðum; en hvað nauðsynlegast í þessu brauði, þar sem útlendir menn eru opt og margt um að vera. Það er hörmulegt, að það hefur átt sjer stað, að prestur þar hefur, eins og kunnugt er, orðið landinu til vansæmdar í norskum og dönskum blöðum. Þessa vill þó hin heiðraða n. líklega ekki verða ollandi. Það er hægt að lá landsstjórninni, ef hún neyðist að setja á slíka staði og víðar einhvern miður hæfan prest, en ef það ætti að lá henni það með rjettu, þá ætti ekki að sjá eptir hverjum eyri til þess að brauðið sje sæmilega launað, eða svo að mögulegt sje að fá þangað nýtan mann. Jeg held n. hafi ekki vel yfirvegað tekjur brauðsins, er hún telur þær 800 kr. eptir brauðamatinu; það mun hafa verið áður en Fjörður var fráskilinn, en nú eru þær engan veginn svo háar, heldur má ætla að þær sjeu 500 kr. Sá hagur, sem er af síldarveiðunum, hefur verið stopull og mun verða stopull, og svo heyrir hann ekki prestinum til eptir lögunum, heldur landsetunum. Jeg verð einnig með fám orðum að minnast á Stóruvallabrauðið. Það brauð hefur orðið fyrir svo miklu tjóni vegna harðærisins, að ósýnt er hvenær það rjettir við aptur. Hinn h. frsm. n. sá það þjóðráð, að láta það bíða eptir algjörðri breytingu á brauðskipuninni, en hann veit ekki fremur en jeg, hvenær eða hvort sú «meiri breyting» kemst á. Jeg tek það upp aptur, sem jeg hef áður tekið fram, að sá heppilegasti vegur til að koma brauðunum í það skipulag, sem bezt er og hagkvæmast, er einmitt sá, sem prestakallalögin benda á, að gjöra það smámsaman, eptir því sem reynslan sýnir, að þess þarf. Og þó brauðaskipunin verði öll endurskoðuð, mun reka að því sama, að breyta þarf á eptir, þegar tímar líða. Það getur verið að þegar fjárhagstímabilið er úti, þá þurfi þessarar uppbótar ekki við; hjer er að eins að ræða um bráðabirgðaruppbót.

Þá verð jeg að fara fám orðum um barnaskólana. Jeg skal játa það, að jeg þekki hugmyndina frá 1881, að það beri að hækka tillögin til barnaskólanna smátt og smátt. Jeg samsinni því fullkomlega; en jeg held það sje of snemmt að byrja það þegar á þessu fjárhagstímabili yfir höfuð. H. h. frsm. talaði vel um viðaukatill. n. um að veita ekkjufrú Valgerði Ólafsdóttur nokkurn styrk. Hún þarf sannarlega á honum að halda og maður hennar var þess verður að honum væri sómi sýndur, og skal jeg að þessu sinni ekki fara um það mörgum orðum, en jeg get þó ekki varizt að lýsa því yfir, að úr því hin h. n. fór að opna lsj., þá virðist mjer hún hafa tekið í allra minnsta lagi úr honum, og þess vegna vona jeg hún bæti við 100 kr. við 3. umr.

Hvað lán það snertir, sem jeg ásamt

fleirum þm. hef komið með tillögu um, til hins heiðraða landa vors, meistara Eiríks Magnússonar, þá er fyllsti óþarfi fyrir mig, að bæta við þær ágætu meðmælingar, sem það hefur fengið hjá hinum h. lh. og tveim öðrum þm. Jeg get ekki óttast fyrir að þd. hiki við að veita þetta lán. Þingið þekkir gjöf í þúsundum króna og það optar en einu sinni, til þeirra manna, sem hafa verið landinu til sæmdar og gagns, og fyrst það þekkir að gefa heiðursgjafir, þá þekkir það einnig heiður og þakklæti, og þá mun það ekki hika sjer við að sýna heiður og þakklæti, með því að veita þetta lán, sem engin hætta er á, veita það þeim manni. sem hefir unnið landinu mikið gagn og verið því til sæmdar. Að rjettu lagi hefði hann átt að fá heiðursgjöf, en jeg efast um að hann vilji þiggja gjöf.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg skal vera fáorðari en sá háttv. þm., sem síðast talaði (Þór. B.), um presta og uppbót til fátækra brauða; það hefur opt á þessu sumri komið og verið notað tækifærið til að eyða tíma þingsins í það. Jeg skal heldur ekki rekja hina einstöku liði frv., þar sem n. hefur stungið upp á br., heldur skal jeg að eins leyfa mjer að drepa á einstaka atriði, sem mjer þykja ekki fullskýrð, eða jeg lít öðru vísi á en sumir heiðraðir þm., er talað hafa.

Af því að jeg er vel kunnugur á Austurlandi, þá get jeg vel borið um Dvergasteinsbrauðið, hvort það þarf uppbótar við. Jeg skal játa það gagnvart orðum hins hæstv. lh., að í n. voru misjafnar skoðanir, hvort þörf væri á að veita þessa 300 kr. uppbót eptir ósk stj. Jeg varð eptir mínum kunnugleik að álíta að þess væri eigi þörf. Bæði er brauðið hægt, og í öðru lagi getur presturinn gjört sjer von um talsverðar tekjur af síldarveiðum þegar vel aflast á Seyðisfirði. Það varð því ofan á í n. að veita ekki þessa uppbót. Jeg hugsaði um það eptir á hvort þetta hefði ekki kunnað að vera rangt, og fjell það illa ef svo væri. Þá var jeg svo heppinn, að geta spurt prest af Austurlandi, sem var nýkominn hingað til Rvk. og er gagnkunnugur á þeim stöðum, hvort jeg hefði ekki litið rjett á þetta mál. Hann svaraði mjer á þá leið, að það yrði þá að bæta flest brauð á landinn með styrk úr landssjóði, ef Dvergasteinsbrauðið ætti að fá þessa uppbót. Jeg vona því að hvorki jeg nje n. hafi villzt í þessu atriði.

Hvað 4. tl. undir A. b. snertir um viðbótina við eptirlaun fátækra uppgjafapresta, sem n. hefur fært upp úr 2000 kr. í 4200 kr., þá kannast n. við að hún hafi villzt í þeirri gr., en hugsar sjer að koma sjer saman við lh. um að leiðrjetta það atriði, áður en til 3. umr. kemur.

Þá hefur mikið verið rætt um þetta 5400 kr. lán til hins mikilsverða landa vors Eiríks Magnússonar. Þd. hefur víst sjeð, að á listanum sem n. samdi yfir bænaskrár sem hún gat ekki tekið til greina, að þá hefur hún ekki haft slík ummæli um nokkra aðra bænaskrá eins og um þetta atriði. Fjárln. hafði margar bænaskrár, sem hún varð að vega á metaskálunum, og þá varð að taka til greina um hverja og hvað eina, hvort sanngirni mælti með því, að hið umbeðna fje yrði veitt, og hvort þörf væri til þess, og hvert gagn kynni af því að leiða. Þegar þetta umtalaða atriði var lagt á metaskálarnar, þá hölluðust þær mjög lítið eða með öðrum orðum munurinn varð mjög lítill. Fjárln. hefur sjálf lýst því yfir hversu kært henni hefði verið að verða við þessari ósk, en henni þótti varasamt að ráða þd. til að breyta frá algildum reglum, sem hingað til hefur verið fylgt með lán af landsfje. Hvaða skoðun n. nú hefur eptir að hafa heyrt tillögur manna hjer í salnum, skal jeg ekki segja, en líklega hafa þær riðið baggamuninn svo að n. verði eigi ófúsari til að veita þetta lán en aðrir þm.

Hinn h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) hefur með 4 öðrum þm. komið fram með brt. þess efnis, að lækka útgjöldin til eldiviðar og ljósa við Möðruvallaskólann, auk annarar niðurfærslu á hinum ýmislegu útgjöldum. Mjer sýndist hann með skrýtnu brosi tala um það, að þar væri kalt á vetrum, eigi síður en í Reykjavíkurskóla og eigi síður lítið um ljós, þegar líta þarf í bækur. Þm. færir það sem ástæðu, að nú sjeu hálfu færri piltar í skólanum en áður. Hann getur nú alls ekki sagt um það, hvort þar verða margir eða fáir 2 hina næstu vetur til að hafa not af fje því, sem nú á að veita, og auk þess vil jeg benda honum á, að þessar 600 kr til eldiviðar og ljósa, sem hann vil færa niður í 400 kr., eru þó ekki nema helmingurinn af því sem eytt er til Reykjavíkurskóla, og enn fremur má þess geta. að kol og annar varningur verður miklu dýrari fluttur upp að Möðruvöllum en hjer í Reykjavík. N. hefur því gjört rjett að mínu áliti

í að halda stj.frv. í því atriði óbreyttu, til þess að vera ekki orsök til þess, þó að sumum kunni að þykja kalt í skólanum og birtulítið.

Þá kemur tillaga frá þessum sömu 5 þm., að fella burtu 1000 kr. styrkinn hvort árið um sig til utlandsferða handa kennara Þorvaldi Thoroddsen. Jeg sagði það í gær, að það væri leiðinlegt þegar meira væri talað um einstakar persónur en málið sjálft, en þegar um jafneinstaklegt atriði er að ræða, þá neyðist maður til að tala um viðkomandi mann. Það rætist kannske á þessum manni máltækið, að flestir sjeu sízt viðurkenndir í sínu eigin föðurlandi. En jeg ætla nú að leyfa mjer að skýra frá, hvað sagt er um þennan mann erlendis. Hjer hefur verið vitnað af þm. Ef. (A. Ó.) til meðmæla frá söngkennara í Höfn til að útvega ungum organista styrk. En hvað þennan mann snertir, sem hjer ræðir um, þá hefur hann hin öflugustu meðmæli frá merkum mönnum og vísindafjelögum erlendis. Það geta menn kynnt sjer betur á lestrarsalnum. Jeg skal að eins nefna 2 menn, sem almenningi eru kunnir. Það eru þeir Willard Fiske og Konrad Maurer. Konrad Maurer segist óska að honum (Þorv. Thoroddsen) yrði gjört það mögulegt um nokkurn tíma erlendis að fullkomna og halda áfram rannsóknum sínum og lærdómi. Hin verklega framför Íslands verður að byggjast á náttúrufræðisrannsókn á landinu. Willard Fiske segir: «Íslendingar ættu sannarlega sjálfir að meta þennan mann».

Jeg get fullvissað hina h. þd. um, að mjer gengur ekki persónulegt til þess, að jeg held þessum manni fram, heldur að eins það, að jeg er þess fullviss, að vinna hans fyrir þetta fje yrði landinu til gagns og sóma. Jeg er sannfærður um það, að ef jeg hefði fyrir mjer lista, sem jeg gæti sýnt þm. yfir öll þau góðu mannsefni hjer á landi, sem á þessari öld hafa orðið að engu eða litlu vegna fjeleysis og þess, að enginn hefur viljað styðja þá til þess að verða síðar sjer og öðrum að gagni, þá er jeg sannfærður um, að engum myndi blandast hugur um að styrkja þennan efnilega mann. Því hefur verið fleygt, að undarlegt sje að láta kennara fara utan til að fullkomna sig í sinni vísindagrein. Jeg hygg að þetta hafi ekki verið sagt af ókunnugleik, heldur til þess að setja annan blæ á málið. Vita þm. ekki að vísindamenn þurfa að ferðast og bera sig saman, og læra hver af öðrum? Jeg hef líka talað við prófessóra í Kaupmannahöfn, sem sögðu að það væri leiðinlegt og illt, að Þorvaldur Thoroddsen hefði ekki haft fje til þess að verða fullnuma í sinni vísindagrein. Jeg veit, að sú skoðun ríkir hjá deildinni, að hún eigi að hlúa að hverjum vísi eða neista, sem felst hjá hverjum þeim, er skarar að einhverju fram úr öðrum, og gjöra úr honum skært ljós. *(A. Ó.:* Ekki má brenna landið).

Þessir sömu 5 þm. komu fram með ust., að veita 500 kr. til að gefa út prjedikanir og 400 kr. til söngkennara. Svona hugsa þessir menn; þeir hugsa að það sje landinu gagnlegra að verja 500 kr. til postillu, heldur en auka þekkingu ungs og mjög efnilegs náttúrufræðings, sem með því gæti gagnað landinu á margan hátt. *(A. Ó.:* Til þess að flytja út steina). Hverjir hafa gagn af veitingunni til postillunnar? Líklega á útgefandinn ekki að stinga þessum 500 kr. í vasann; þá eiga kaupendurnir að njóta þess, og sje upplagið 2000, þá koma 25 aurar á hvern kaupanda, sem hvern dregur ekki mikið. Ástæðum h. þm. Ef. (A. Ó.) fyrir þessari veitingu vil jeg svara á þá leið, að sje postillan góð, þá flýgur hún út og þarf ekki styrk til að gefa hana út; sje hún það ekki, þá á hún ekki skilið að fá styrk.

Styrkurinn til Bjarnar Kristjánssonar er svo lítill og maðurinn á sjálfsagt gott skilið; en jeg er ófúsari til að greiða atkv. með því nú einmitt af því að það kemur frá þessum smekkgóðu postillumennum.

Þá er hjer ofurlítil brt., sem rekur lestina. Hún er auðvitað til sparnaðar þar sem færa á 4000 kr. niður í 1500 kr. Af þessum 1500 kr. eiga svo 500 að ganga til skólastjórans á Möðruvöllum til utlandsferða til þess að hann gangi undir próf í ensku. Hvernig stendur á þessari brt., vil jeg spyrja? Jeg hef ekki fundið neina bænaskrá, sem fer fram á þetta. Það er því nokkuð óvanaleg aðferð að veita fje, sem ekki er beðið um. Fari jeg betur að gá að, þá finn jeg hvergi aðfinningar að enskukennslu þessa manns nema í Þjóðólfi *(J. Ó.:* Það er margt gott í Þjóðólfi). Þá fer maður skilja í þessari brt. Ustm., 2. þm. Sm. (J. Ó.), má gjarnan leggja höndina á brjóstið og fullvissa deildina um sínar hjartans tilfinningar, alvöru og einlægni í þessu efni; en jeg trúi því ekki, og get ekki betur sjeð,

en að þessi ust. komi frá manni, sem ekki ber nægilega virðingu fyrir sjálfum sjer og þingdeild þeirri sem hann sjálfur situr í. (*J. Ó.:* Þetta eru ósæmileg orð).

Forseti: Jeg býst ekki við að umræðum linni að sinni, svo jeg vil gefa þm. kost á að hvíla sig hálfa stund; en jeg get þess um leið, að fundinum verður ekki slitið fyr en málið er út rætt, eða 2. umr. lokið.

Fundarhlje hálfa kl.stund.

Jakob Guðmundsson: Það er kunnugra en frá þurfi segja, að mörg brauð á Íslandi eru enn svo óaðgengileg, að enginn prestur fæst til að þjóna þeim. Jeg ætla því mjög varhugavert að takmarka til muna það fje, sem ætlað er til uppbótar prestaköllum; verð jeg að vera á þeirri skoðun, að uppástunga stjórnarinnar sje ekki hærri en svo, að þingið geti með góðri samvizku haldið sjer við hana. Jeg skal játa það að það er ekki rjett, að fara mikið eptir persónum, þegar um laun er að ræða; en þar sem um er að ræða eptirlaun presta, virðist nauðsyn að gjöra undantekningu frá þessari meginreglu. Jeg leyfi mjer að benda hinu háttvirta þingi á eitt dæmi, sem jeg meina þetta sjerstaklega til, og það er uppgjafapresturinn í Saurbæjarprestakalli í Dalasýslu. Hann er orðinn blindur maður, og hefur svo að segja á unga aldri orðið að segja af sjer embætti sínu fyrir þær sakir; ómagamaður er hann mikill, og hefur lifað fremur við fátækt alla sína prests-tíð, svo það væri full ástæða fyrir þingið, að hafa sjerstaklegt tillit til þessa manns, sem í alla staði er hinn mesti sómamaður og sannarlega þurfandi. Jeg var farinn að halda, að spítalinn yrði annaðhvort sp. þegjandi, eða drepinn orðalaust; en nú hefur þm. Bf. (Gr. Th.) minnzt á hann, og verð jeg að vera honum samdóma að mestu leyti. Það er bersýnilegt, að góðum spítala verður ekki komið upp fyrir minna en 100,000 kr. og væri því víst rjettast, að fresta þessari fjárveitingu fyrst um sinn, og það einmitt vegna málsins sjálfs, því að það er betra að bíða, heldur en að gjöra þær ráðstafanir, sem ekki koma að því haldi, sem til er er ætlazt. Jeg efast heldur ekki um það, að á sínum tíma muni þessi spítali komast á fót svo að viðunanlegur verði, ekki fyrir fje úr landssjóði eingöngu, heldur með styrk Reykjavíkur og einstakra manna og hjeraða. Það annað, sem jeg vildi minnast á, eru einungis smá atriði. Hvað snertir 500 kr. styrk handa bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni, skal jeg geta þess, að það hefur alls ekki verið meining þessa manns, að fá fjeð veitt til að auðga sjálfan sig, heldur til þess, að geta selt prjedikanir Thordersens biskups svo ódýrt, að þær gætu fengið sem mesta útbreiðslu út um landið. Hjer er þá á það að líta, hvort Helgi biskup Thordersen var sá maður, hvers minningu vjer viljum halda á lopti og heiðra eða ekki, og þegar um það er að ræða, skil jeg ekki, að nokkrum manni geti blandast hugur um, að hann var einn af þeim mönnum, sem í alla staði átti skilið, að minningu hans væri haldið á lopti hjá eptirkomendum. Hann var einn hinn mesti mælskumaður sinnar trúar og einn af þeim mönnum, hvers orð og eptirdæmi getur verkað kröptuglega hjá hinni ungu kynslóð, og því er það heilög skylda okkar að útbreiða verk hans meðal landa vorra.

Það hefur hjer í deildinni áður verið borið saman, að veita Þorvaldi Thoroddsen styrk til að sigla til útlanda og bera sig saman við vísindamenn þar, við styrkbeiðslu Björns Kristjánssonar til að nema söngfræði og fullkomna sig í þeirri íþrótt. Við þennan samanburð verður það ljóst fyrir mjer, að fyrr liggi á að styrkja þennan söngfræðing. Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji ekki viðurkenna þennan efnilega mann Þorvald Thoroddsen. En hann er ungur enn, og virðist því ekki svo hættulegt þó hann bíði nokkuð eptir þessum styrk, því hann hefur þess meiri not af sigla sjer til vísindalegra framfara, sem hann hefur kannað betur landið áður en hann fer. Þar á móti sjá allir að sanngirni mælir með því, að Norðlendingar fái söngfræðing nær sjer en nú er, svo að þeir þurfi ekki að sækja allan söngvísdóm suður í Rvík. Jeg vil því fastlega mæla með því, að styrkur verði veittur Birni Kristjánssyni; en tel hina styrkveitinguna ekki eins nauðsynlega fyrst um sinn. Þá vildi jeg minnast á beiðni meistara Eiríks Magnússonar um 5400 kr. lán. Jeg verð að álíta sjálfsagt, að þingið verði við þessari beiðni hans. Þinginu má þykja vænt um, að því gefst nú tækifæri til að sýna, að það kann að meta þær velgjörðir, sem þessi maður hefur sýnt ættjörðu sinni; því má þykja ánægja, að geta nú sýnt honum, þó í litlu sje, hversu það álítur hann góðs maklegan.

Sömuleiðis er jeg meðmæltur því, að Gröndal, sem nú er hættur við embætti og því hefur næði til að vinna ættjörð sinni mikið gagn, fái þann styrk, sem upp á er stungið. Það kemur víst öllum saman um, að það sje rjett af þinginu að styrkja menn til þess að vinna ættjörðu sinni til gagns og sóma, þegar þeir eru hæfir til þess, eins og enginn efast um, að þessi maður sje.

Grímur Thomsen: Jeg vil ekki bræða bratkv. þau öll sem hjer hafa komið, heldur ætla jeg að eins að svara fáeinum. Jeg ætla þá fyrst að leyfa mjer að minnast fám orðum á það bratkv., sem snertir hinn lærða skóla. Jeg verð að segja, að mjer þykir í sannleika undarlegt, að þegar verið er að veita fje til einhverrar stofnunar, skuli ekki vera minnzt á stofnunina sjálfa því það væri sannarlega eðlilegt, að þegar veitt er fje til svo dýrra stofnana, að þess þá væri gætt og til greina tekið, hvernig stofnunin svari tilgangi sínum. Því sumum kynni að blandast hugur um fjárveitinguna, ef það kæmi upp úr kafinu, að sumt væri ekki eins og ástæða væri til að ætla. Mjer finnst engin ástæða til, að láta það liggja í láginni, sem svo margir tala um, ástandið í hinum lærða skóla landsins. Jeg veit vel að n. er sett til þess að íhuga skólamálið, og gjöri jeg ráð fyrir að hún muni senn hafa lokið störfum sínum og má því líklegast álíta snjallast ráðið að bíða þangað til maður fær að sjá niðurstöðu þá sem hún kemst að. En því verð jeg að lýsa yfir, að reynist jafnvel lítill hluti sannur af því, sem skrafað hefur verið um agaleysi og óreglu í skólanum, geymi jeg mjer rjett til að koma með til 3. umr. brtill. um niðurfærslu á ölmusunum, því landssjóður er ekki ætlaður til þess, að uppala ósiðsemi og óreglu í æskulýð landsins. Í Danmörku og Noregi hefur fjárveitingarvaldið sýnt álit sitt á ástandi opinberra stofnana með lægri fjárveitingu, ef eitthvað þykir grunsamt. Annars finn jeg ekkert að athuga við brtill. n. og er henni samdóma. Viðvíkjandi niðursetningu á fje því, sem ætlað er til eldiviðar og ljósa Möðruvallaskólans, vil jeg geta þess, að það er skylda þ. að fylgja hinni lægri upphæð. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að þótt víða sje pottur brotinn, þá er þó hvergi önnur eins óregla og vanskil á reikningum opinberra stofnana hjer á landi eins og er með Möðruvallaskólann. Af 10,585 kr. 77 a. sem varið var til skólans 1881 hafa fengizt reikningsskil fyrir 1921 kr. 76a. Árið 1879 var 27564 kr. 50 a. varið til skólahússgjörðar og á árunum 1880 og 1881 var enn fremur varið í þarfir hans 13757 kr. 55 a. Engin reikningsskil fyrir neinu þessu. Jeg skal svo snúa mjer að brtill. 5 h. þm. og fyrst nefna brtill. við 5. e. í 13. gr., nfl. styrk til Flensborgarskólans, sem brtill. vill veita án skilyrðis. Jeg er þessari till. samþykkur, því vel getur farið svo, að erfitt verði að fullnægja skilyrðinu, og það er vel hugsanlegt, að sýslunefndin annaðhvort gæti ekki eða vildi ekki uppfylla það og væri þá rangt að svipta skólann styrkinum fyrir það. En jeg vil þá að Eyrarbakkaskólinn verði sömu kjara aðnjótandi. Við þennan skóla kenndi í hitt eð fyrra sami kennari og sá, er var við Flensborgarskólann árið sem leið. En svo varð skólinn að hætta af því, að mótmæli komu frá hreppsnefndunum um fjárveitingu af hálfu sýslunefndar. Væri skilyrðið nú burtu numið, yrði skólanum gjört mögulegt að halda áfram. Jeg vil því skjóta því til hinna h. uppástungumanna, hvort ekki sje ástæða til að nema burt skilyrðið einnig fyrir þennan skóla.

Að því er snertir viðaukann við niðurlag 15. gr. 150 kr. til ekkjufrú G. Brynjúlfssonar í Kaupmannahöfn, þá er jeg þeirri uppástungu samþykkur.

Svo kem jeg til vtill. við 16. gr., að bóksali Kr. Ó. Þorgrímssyni veitist 500 kr. styrkur til að gefa út prjedikanir Helga biskups Thordersens. Jeg held nú að ekki sje þörf á nýjum postillum eða hugvekjum. Jeg held við höfum ekki tilfinnanlegan skort á þeim. Ef við lesum þær 3 postillur sem til eru, nefnil. Vídalíns, Árna og Pjeturspostillu vel og guðrækilega, held jeg við getum komizt af. Væri svo, að þörf væri á nýrri, þá kemur líka þessi, því jeg trúi það sje komið langt með að prenta hana. Jeg held því enga þörf að veita styrk til að koma henni út.

Þá kem jeg til uppástungu um að lána Eiríki Magnússyni meistara í Cambridge 5400 kr. gegn veði í lífsábyrgðarskírteini. H. h. frsm. tók rjettilega fram, að þ. þyrfti ekki að blanda sjer í þetta, því landsstjórnin hefði heimild til að veita slíkt lán ef henni sýndist svo. Jeg skal leyfa mjer að bæta við þeirri athugasemd, að valdsstjórnin *hefur* áður veitt einstökum manni fje að láni gegn veði í lífsábyrgð hans og jeg

vona, að hjer sje einn heiðraður þm. í deildinni, sem geti vottað að þetta er satt. Enn fremur skal jeg bæta við, að þar sem hinn heiðraði beiðandi, sem oss er að öllu góðu kunnur og sem við allir berum mestu velvild til, sökum þess hve mikið hann hefir lagt í sölurnar til að bæta hag okkar þegar við vorum í kröggum staddir, þar sem hann segi jeg hefur lýst því yfir að hann ekki hefði gagn af þessari lánveitingu nema hann fengi hana í október, því annars væri tilgangur lántökunnar glataður, sýndist mjer eina ráðið til að bæta úr þessu vera það, að veita lán þetta á fjáraukalögunum; þá fengi hann það strax. En jeg álít það líka óþarft, þar stjórnin eins og jeg hef bent á, hefur heimild til að veita lánið, ef veðið er gott og tryggilegt. Mig furðar stórlega á einu, og það er það, að sumir þm. virðast vilja skoða þessa lánveitingu sem eins konar viðurkenningu til h. heiðraða beiðanda. Nei, þessu get jeg ekki verið með. Mjer þætti þetta sannarlega lítil viðurkenning. Þá vildi jeg heldur veita honum svo sem helmingi meira sem *heiðursgjöf*. Hitt er hvorki heilt nje hálft. Annars veit jeg ekki betur, en að þessi heiðursmaður sem hjer á í hlut, hafi fengið heiðarlega viðurkenningu. Jeg veit ekki betur en stjórnin hafi sjeð svo um, að hann var sæmdur riddarakrossi dannebrogsmanna, og er jeg viss um að flestir h. h. deildarmenn muni kannast vil að «krossar eru krónum betri».

Þá er og enn eitt, sem mjer þykir undarlegt, og það er það, að úr því þessir heiðruðu uppástungumenn fóru að tína saman úr fylgiskjölunum við nefndarálit fjárlaganefndarinnir hvað þeir nú ættu að taka og ekki taka — að þeir þá skyldu taka þessar persónulegu fjárveitingar til Kr. Ó. Þorgrímssonar, frú G. Brynjólfssonar, Bjarnar Kristjánssonar og Eiríks meistara, en gleyma eða hlaupa fram hjá bænaskránni um styrk til barnaskóla á Siglufirði, og mig furðar á því sjerstaklega að sá af þessum heiðruðu herrum sem hefur lagt svo mikið í sölurnar fyrir skóla og uppfræðslu ungdómins, skuli hafa gleymt þessari almennu bænarskrá. Einn góður þingbróðir okkar, sem nú er hjeðan farinn, Snorri heitinn Pálsson, hafði komið upp barnakennslu á Siglufirði með tilstyrk prestsins þar og annars þingbróður okkar Einars á Hraunum. Nú hvarf Snorri Siglfirðingum og þess vegna leita þeir styrks hjá þ., en enginn vill hlynna að máli þeirra. Það er svo almenns eðlis, og jeg held jeg þori þó að fullyrða að bænaskrá Siglfirðinga sje ekki minna virði en hinar. Enn fremur furðar mig á því að h. h. þm. Ef. (A. Ó.), sem hefur barizt svo mikið fyrir því, að kennarar gæfu út fyrirlestra sína, skuli ekki hafa komið með bænaskrá frá Sigurði kennara Sigurðarsyni um styrk til að gefa út franska málfræði.

Þá eru og enn tvö atriði, sem jeg get ekki verið n. samdóma um, nefnil. fyrst og fremst þessar 20 þúsund kr., sem ætlaðar eru til spítalagjörðar í Reykjavík. Af ástæðunum í frv. stj. sjest, að fyrir hafa legið 2 uppástungur, önnur um 40 þús., hin um 100 þús. Stjórnin gat ekki fallizt á þetta, af þeim ástæðum að málið var svo illa undirbúið. Nú kemur n. með 20 þús. og jeg skal játa það, að mig furðar stórlega, að nefndin skuli hafa kastað þessu máli svona lauslega og ósamhljóða inn á þ. og það er eins og n. ögri þ., um að ef þessar 20 þús. kr. ekki verða veittar, þá muni heldur ekki hinar 15 þús. kr. verða tagltækar, eins og n. svo smekklega kemst að orði. Hvernig stendur nú á þessum 15 þús. kr.? Frsm. (H. Kr. Fr.) segir, að spítalinn hafi verið stofnaður með samskotum bæjarmanna. Þetta er ekki rjett. Jeg man svo langt og jeg segi það ekki til að raupa af, að jeg safnaði samskotum í Kaupmannahöfn til spítalastofnunar hjer fyrir tilmæli Árna landfógeta Thorsteinssonar og jeg veit svo mikið, að þar gáfu menn og sjerstaklega einn ísl. kaupmaður ekki til spítalastofnunar fyrir Reykjavík heldur landið, sem einnig hefur styrkt spítalann með 16000 kr. — 800 kr, árl. frá 1865 til 1883 — 2000 eitt sinni fyrir öll í eptirgefnu láni, 18000 kr. samtals. Fjeð hlýtur því að vera tagltækt hvenær sem vera skal. Ef hjer lægi áætlun fyrir, hvernig spítalinn ætti að vera, gæti jeg skilið, að þessi brt. væri lögð fyrir þ. Hver vetna annarstaðar, þegar byggja á þvílíka byggingar, eru, áður en farið er að tala um að veita fje til þeirra, lagðar fram áætlanir um kostnaðinn og lýsing á því, hvernig byggingin á að vera. Jeg held þess vegna nauðsynlegt að fresta þessari fjárveiting til næsta þings, sjerílagi þegar tekjuliðir fjárlaganna eru reiknaður í hærra lagi og afgangurinn ekki meiri en hann er. Jeg skora því á deildina, að skoða vel huga sinn áður en hún greiðir atkv. með þessari fjárveitingu.

Svo vil jeg minnast sem snöggvast á

3. tölul. í 16. gr.; hinum h. 1. Sm. (Tr. G.) hitnaði svo mjög um hjartarætur þegar hann talaði áðan um hann. Jeg er með þeim, sem ekki vilja veita þessum unga efnilega manni nema 1000 kr. hvort árið til rannsókna hjer á landi, en þar á móti ekki einn eyri nú sem stendur til utanferða. Jeg sje enga skynsemi í að manninum verði veittur styrkur til að vera burtu frá embætti sínu ár eptir ár og jeg held líka að erfitt yrði að fá mann í hans stað. Hver ætla kenndi það, sem hann kennir á Möðruvöllum? Mjer finnst það og sjerlega slæmt eptirdæmi, að líða mönnum að vera burtu frá embætti sínu ár eptir ár. H. h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) talaði um vottorð frá Konráð Maurer og professor Fiske. En jeg veit nú ekki hvað maður græðir mikið á þeim. Mjer er með öllu ókunnugt um að þessir menn beri mikil kennsl á jarðfærði. Jeg held því að þm. sanni lítið með vottorðum þessum; það væri eins og ef jeg fengi vottorð hjá h. h. þm. um kunnáttu mína grísku; en jeg held satt að segja með allri virðingu fyrir menntun og kunnáttu þm. að slíkt vottorð væri ekki mjög þýðingarmikið. Annað mál væri ef þm. gæfi mjer vottorð um kunnáttu í verzlunarfræði. Jeg held að við 3. umr. ætti að takmarka þessa fjárveitingu. En jeg skal aptur á móti vera með því, að veitt væri ungum, efnilegum embættislausum kandídat styrkur til að framast erlendis. En að moka svona fje í sama mann ár eptir ár get jeg ekki sjeð að sje heppilegt og held að 1000 kr. hvort árið sje nóg.

Loks er mjer með öllu óskiljanlegt, að nefndin skuli enn fremur vilja veita 6000 kr. til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja, þrátt fyrir allt það, sem reynslan hefur sýnt oss um brúkun stjórnarinnar á þessu fje undanfarandi. Er ástæða nú til að veita svona mikið, fyrst stjórnin áður hefur varið þessu fje illa og óheppilega? Jeg held að enginn skaði væri skeður, þótt ekki væri lagt svona mikið upp í hendurnar á stjórninni til að gefa henni enn þá einu sinni tækifæri til annara eins fjárveitinga og 600 kr. styrk til að gefa út hugvekjur. Hvað á þessi austur til útgáfu guðsorðabóka að gjöra? Eða tökum annað dæmi: er nokkurt þreifanlegt vit í að veita mönnum, þótt efnilegir kunni að vera, 600 kr. styrk til að ferðast 6 vikna tíma til Þýzkalands og Englands til að nema mál? Hvað ætli þeir læri á þeim tíma? Jeg mun koma með brtill. til að setja upphæð þessa niður í 4000 kr.

Loks get jeg þá þess, að það er alveg nauðsynlegt, eins og h. h. þm. Ef. (A. Ó.) tók fram, að þeim ekkjum, sem ekki hafa lagarjett til eptirlauna, en sem veittur hefur verið eptirlaunastyrkur á fjárlögunum, verði komið inn á eptir Valgerði Ólafsdóttur og ekkju G. Brynjúlfssonar, því þessara ekkna eptirlaun eru bundin við fjárhagstímabilið. Á eptir þessum ekkjum, sem jeg nú nefndi, verður því að tilfæra ekkjufrú G. Guðjohnsen, Elínu Thorsteinsen og Önnu Johnsen. Annars hafa þær engan rjett til eptirlauna, þegar þetta fjárhagstímabil er liðið.

Svo skal jeg ekki mæða deildina með lengri ræðu, en að eins skjóta því til hins h. 2. þm. Sm. (J. Ó.), hvort hann, fyrst hann ekki hefur tekið aptur brtill. sína um styrk kanda kennara Möðruvallaskólans, ekki vildi breyta síðari hluta tillögunnar í þá átt, að kennari þessi kæmi hingað suður og gengi undir próf hjá tímakennara í ensku við lærða skólann, — því þar er maður sem er að sjer í þeirri grein —, og mundi þá kennarinn fá bæði mildan og góðfúsan dómara.

Eiríkur Kúld: Jeg ætla að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um brtill., sem jeg ásamt 4 öðrum h. þm. hef komið fram með. Þessar brtill. hafa mætt nokkuð ómildum dómum hjá sumum þm. og verð jeg að reyna til að mæla nokkuð á móti þeim dómi, sem þær hafa orðið fyrir, því að «argur er sá með engu verst». Menn hafa haft mikið á móti styrknum til þess, að gefa út prjedikanir Helga biskups Thordersens. Styrkur þessi varð fyrir hörðum dómi hjá hinum h. varaforseta (Tr. G.) og þótti mjer það undarlegt eptir því sem jeg þekkti þann mann, og hjelt jeg eigi að hann mundi einnig láta sjer annara um steina, en útbreiðslu guðsorðs; en þó virðist hann gjöra það með því að vilja veita 2000 kr. ef til vill út úr landinu, og þar sem steinarnir gætu verið góð eign í safni hjer, og má ske þess vegna mælir svo mjög í móti þessum styrk til útgáfu prjedikananna. Þm. Bf. (Gr. Th.) sagði, að nóg væri til af prjedikununum. Satt er það, að til eru prjedikanir eptir mikla ræðusnillinga, biskupana Jón Vídalín, Árna Helgason og Pjetur biskup og fl., og er öllum kunnugt, hvílíkri ástsæld þessar bækur hafa náð og hversu mikið gagn þær

hafa gjört; en þessar bækur ganga úr sjer og seljast upp. Og nú eru þær eigi lengur til að fá. Jeg veit ekki betur til en Vídalínspostilla fáist eigi, og að það, sem eptir var af Pjetursprjedikunum, hafi brunnið fyrir skömmu. Mjer þykir það óheppilegt ef menn eigi unna svo mikið guðsþjónustu í heimahúsum og húslestrum, að menn vilja veita einu sinni lítinn styrk til að efla slíkt. Hjer er þó einungis um einar 500 kr. að ræða. Það er eigi vegna útgefandans, sem jeg mæli fram með veitingunni, því fjeð er eigi til þessa manns í sjálfu sjer, ef rjett er álitið, heldur til þess að að bókin geti selst með vægara verði og sem flestir fengið hana. Þessi maður hefur gefið út margar mjög góðar bækur alveg styrklaust, og nýlega hefur hann gefið út fyrirskriptir, sem eru mjög nauðsynlegar, ef uppfræðing barna á að verða svo sem til er ætlazt. Stundum hefur verið veittur styrkur til þess að gefa út bækur sem svo hafa aldrei komið út t. d. styrkur sem mun vera veittur fyrir, jeg held um 20 árum, til að gefa út Eddu, og annar styrkur fyrir nokkrum árum til að gefa út sparisjóðsbók; jeg verð að játa að það er leitt, þegar fje er veitt úr lsj. eins og þetta, og aldrei kemur neitt út af því, að minnsta kosti er hvorug sú bók enn komin út, svo því fje hefur verið óhappalega varið. En hjer er eigi hætt við slíku, því að bókin er rjett að segja fullprentuð.

Mjer finnst að menn ættu að hafa nokkuð tillit til dugnaðar þessa manns, útgefandans, sem hefur gefið út mörg góð rit áður og líka veita þennan styrk í heiðursskyni við dáinn heiðursmann, er menn, sem heyrðu hann, munu verða að játa, að fæstir voru, er gætu farið í fötin hans, þegar hann prjedikaði. Þegar menn meta svo lítils guðsþjónustu í heimahúsum, að menn eigi vilja veita þennan styrk, þá þykir mjer það sannarlega hryggilegt, og með tilliti til orða sumra í þessu máli vildi jeg ekki óska að hitta marga í Israel með slíka trú, og jeg hefði sízt búizt við að finna svo litla trú hjá hinum h. varaforseta (Tr. G.). Hann (Tr. G.) vill veita mjög mikið fje til utanlandsferðar náttúrufræðings. Jeg ann auðvitað mikið náttúruvísindum og kannast við að þetta muni vera mjög gagnlegt, en þó verð jeg að ætla, að eigi sje rjett að veita þennan styrk nú, fremur en að gefa út prjedikanirnar. Maðurinn er ungur og það gjörir því eigi til þó þetta dragist í þetta sinn til 1885. Þar að auki hefur hann embætti á hendi, og er því eigi heppilegt að hann fari utan, meðan eigi er víst að hann geti fengið annan góðan kennara í sinn stað. Jeg held eigi á móti þessu, af því að jeg sje of spar á fje, en þeir sem vilja spara allt núna ættu til að vera sjálfum sjer samkvæmir fremur að vera á móti þessu í þetta sinn, og sjerstaklega furða jeg mig á því, að hinn h. varaforseti (Tr. G.) skuli halda þessu svo fast fram, af því að mig minnir, að hann væri eitthvað talsvert riðinn við sparnaðarnefndina. Hvað viðvíkur fjárbón meistara Eiríks Magnússonar, þá skal jeg eigi taka upp aptur orð hins hæstv. lh., þar sem hann hrakti h. h. frsm. (H. Kr. Fr.) og fjárlagan., er álítur að þetta fje muni eigi koma að tilætluðum notum, af því að E. M. yrði að vera búinn að fá peningana nú í október og fjárlögin mundu þá eigi hafa náð staðfestingu konungs. H. h. lh. sýndi ljóslega fram á, að beiðandinn mundi samt geta þá aflað sjer peninga, ef þingið samþykkti bón hans. H. h. frsm. (H. Kr. Fr.) sagði, að stjórnin mætti eigi gjöra neina undantekning frá hinni almennu reglu um að lána að eins gegn fasteignum. En hví má eigi stjórn og þing gjöra undanteknungu? Jeg fæ eigi skilið það, og finnst mjer lítið gefandi fyrir þess konar mótbárur. Þm. Bf. (Gr. Th.) kvað sjer þykja lán þetta óþarft, en h. h. lh. þótti það eigi óþarft. Enn má geta þess, að dæmi eru til, að lán hafi verið veitt móti veði í lífsábyrgðarskírteini, og væri gott að hinn h. frsm. (H. Kr. Fr.) gæfi gaum að því. H. h. þm. Bf. (Gr. Th.) tók líka fram, að meistari Eiríkur væri búinn að fá laun, þar sem hann hefði verið sæmdur riddaramerki af stj. En ef stj. er búinn að viðurkenna, til hvílíkra verðleika þessi maður hefur unnið, sem hefur orðið saklaus að líða í öðrum löndum ámæli fyrir atorku sína og áhuga að bjarga nauðstöddum Íslendingum bæði áður og nú, og lagt alla krapta sína fram til þess, já, jafnvel líf sitt í hættu á ferð sinni hingað í fyrra vetur, og þannig átt mikinn hlut í að bjarga mörgum manni hjer á landi frá eymd og hungri, á þá þetta eigi einmitt að vera hvöt fyrir þingið, til þess að verða við þessum litlu tilmælum hans? Ef þingið vill eigi gjöra það, þá þykir mjer það sannarlega hryggilegt, og er jeg viss um, að þingmenn úr þeim sveitum, þar sem mest bágindin urðu í fyrra

vor, mundu eigi fá þakklæti hjá kjósendum sínum fyrir að gefa atkvæði mót þessari lánveitingu.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg skal eigi vera langorður, því að jeg sje, að þingmenn eru farnir að verða þreyttir að sitja. Þegar jeg talaði áðan, þá þótti mjer undarlegt að eigi var minnzt á 16. gr. Mjer var að detta í hug, hvort menn ætluðu að samþykkja greinina þegjandi, eða hún væri þegar dæmd til dauða. Í fyrsta lagi eru hjer nú 20,000 kr., sem eiga að veitast til spítalagjörðar í Reykjavík. Enginn minntist á þetta, þangað til þm. Bf. (Gr. Th.) loksins fór að andæfa á móti þessu. Jeg fyrir mitt leyti var eigi á því, að veita alla þessa upphæð, en sýnist þó að rjett væri að veita fje nokkurt; því að hjer er læknaskóli, og þeir sem á honum læra, þurfa nauðsynlega að hafa töluverða verklega kennslu. Enn fremur koma hingað margir útlendingar, sem menn verða að hafa til spítala fyrir, og að síðustu koma hingað margir sjúklingar víðsvegar af landinu, sem leita til læknanna hjer í Reykjavík. Þess vegna finnst mjer rjett, að Rvík kostaði spítalann að nokkru, en landið legði töluvert fje til hans líka, en veitti fjeð með þeim skilyrðum, að það fengi að hafa þau not af spítalanum, sem jeg hef tekið fram.

Enn fremur hefur eigi verið minnzt með einu einasta orði á 4,800 kr. fjárveitingu til þriggja lækna. Er þetta þá svo ómerkilegt, að þm. þyki það eigi umtalsvert? Eigi hafa menn heldur talað eitt orð um 6000 kr. fjárveitingu til gufubáta á Ísafirði og Faxaflóa. Er nú eigi meira vert um þetta en styrkinn til efnaðs manns fyrir það að hann æt'ar sjer að græða á mjög útgengilegri postillu? N. þótti meira um vert að efla samgöngur á sjó og landi, og vil jeg leggja það til, að menn greiði atkvæði fyrir þessu, og það því fremur, sem öll líkindi eru til, að fje þetta verði eigi notað á fjárhagstímabilinu. Þá er 800 kr. styrkur til Benidikts kennara Gröndals; þegar fjárlagan. sá bænarskrána, hvar í hann sókti um styrk þennan, þá sagði hún strax: nei, þessum snillingi get jeg eigi neitað um þetta litla fje, og sama vona jeg, að þeir þm. segi við atkv.greiðsluna, sem sjeð hafa bænarskrána. Þá er en 200 kr. styrkur til sljettunarveljar, og vænti jeg að menn samþykki það; því að flestum mun eigi vel við þúfurnar fremur en mjer. Enn fremur er 7. liðurinn, sem enginn hefur minnzt á, um að verja 3000 kr. til þess að útvega laxfróðan mann frá útlöndum. Það höfðu 2 menn ungir beðið um styrk til þess að læra að ala upp laxa og silunga, en n. þótti vissara að fá laxfróðan mann vel æfðan frá útlöndum til þess að kenna mönnum hjer á landi aðferðir til þess að auka veiði í vötnum og ám, bæði með því að unga út fiskum, og líka að fram leiða veiði, þar sem engin hefur áður verið. Jeg hef verið í Norvegi og sjeð þar ýmislegt til að efla laxveiðar og silungs; þar hef jeg sjeð ákaflega miklar laxatröppur við hliðina á háum fossum; eptir tröppum þessum hefur laxinn getað komizt upp fyrir háa fossa og síðan verið góð veiði í ánni þar fyrir ofan, sem engin var áður. Sömuleiðis flytja menn þar fiska úr einu vatni í annað. Jeg þekki tvö vötn hjer á landi; annað er Mývatn, þar er bezta fiskakyn; hitt er Ljósavatn og þar er mjög ljelegt fiskakyn; væri nú eigi gott að flytja silung frá Mývatni til Ljósavatns, og þannig gjöra kynbætur í vatninu? Jeg þekki fleiri vötn hjer á landi, sem líkt er ástatt. Norðmenn verja stórfje til manna, sem eru fróðir um þessa hluti og ferðast um landið til þess að leiðbeina fólki. Að síðustu eru 6000 kr., sem stj. hefur til umráða; þetta er ekki mikið fje til þess að verða við nærri því að segja endalausum bænum frá hinum og þessum, en þetta fje er þó nóg til þess að veita mönnum styrk, þegar brýn nauðsyn krefur. Hvað styrkinn til Þorvaldar Thoroddsens snertir, þá ætla jeg að geta þess, að þar sem þm. Bf. (Gr. Th.) var að gjöra lítið úr vottorðum prófessor Fiske og Konráðs Maurer, af því að þeir væru eigi jarðfræðingar, þá veit jeg eigi til að hann sjálfur sje heldur jarðfræðingur, svo að sögn hans um þetta atriði er að minnsta kosti, að dómi sjálfs hans, eigi svo mikilsvirði, eða sízt meira virði, en þeirra manna, er jeg áður nefndi. Hann var líka að tala um, að menn væru að moka peningum í þennan unga mann, en jeg held að það sje miklu betra og rjettara, að veita fáum en duglegum mönnum styrk svo að gagni verði, já, jeg vil segja moka í þá, heldur en að píra smáræði í marga, eða veita mörgum svo lítinn styrk, að ekkert lið verði að því. Jeg hef sjeð marga menn í Höfn, sem hafa komið hjeðan með 200 kr. styrk af landssjóði, og veit hvert gagn hefur orðið að þessu. Jeg ætla svo að endingu að leyfa mjer að leiðrjetta hinn h. þm. Bst.

(E. K.), að það er hvorki af virðingarleysi fyrir hinum ágæta Helga biskupi eða af trúleysi, að jeg mæli á móti styrknum til bóksalans, heldur eins og jeg hef áður sagt, af því, að sje bókin eigi góð, þá eigi ekki að veita styrk til að gefa slíka bók út, en sje bókin góð, þá þurfi þess eigi, því þá muni hún mæla með sjer sjálf, seljast vel, eins og aðrar góðar guðsorðabækur hjer á landi, og gefa útgefandanum töluverðan ágóða í aðra hönd.

Þorsteinn Thorsteinson: Jeg er á sama máli og h. h. varaforseti (Tr. G.) um þessar hugvekjur. Það er eigi í óvirðingarskyni við höfundinn, og ef menn væru að tala um minnisvarða fyrir hann, þá skyldi jeg manna fúsastur greiða atkv. fyrir því. En það er nú eigi, heldur er verið að tala um að styrkja útgefandann í atvinnu sinni, sem eptir því sem mjer er kunnugt ekki þarf styrks við, af því hans atvinna er víst góð og arðberandi. Mig hálfvegis furðar á, að þessir 5 h. þm. skuli koma með aðra eins brtill. og vonast til að þeir taki hana aptur sem allra fyrst, enda eru þeir nú búnir að mæla svo mikið með bókinni, að það er bóksalanum á við 500 kr. Því meðmæli þessara manna sem hjer eiga hlut að máli hljóta að hafa mikla þýðingu og áhrif. Því vart mun öðrum betur tiltrúandi.

Eptir því sem jeg hef heyrt er nú þegar búið að panta svo mikið af þessari bók að 500 kr. skipt niður á þá stóru upphæð mundi verða sárfáir aurar á hvert exempl., svo að kaupendur ekki mundi muna það, þó þeir fengju hana það ódýrari, sem jeg efast um að yrði. Hvað viðvíkur brtill. við fjeð, sem á að veitast til Möðruvallaskólans, þá vil jeg benda hinum h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) á það, að n. hafði enga reikninga þaðan. Þar sem sami h. þm. sagði, að svo fáir skólapiltar hefðu verið þar í fyrra, þá er engin ástæða til að ætla að svo verði framvegis, *(A. Ó.:* Jú), sökum þess, að þessi skóli stöðugt ávinnur sjer betri og betri orðstír eða álit.

En í sjálfu sjer er það ekki þýðingarmikið, hvað áætlað er til þess sem hjer um ræðir, því það er sjálfsagt, að verði oftlítið áætlað, þá kemur það á viðaukafjárlög seinna. Hvað viðvíkur brtill. v. 16. gr., þá skil jeg hana eigi fullkomlega; þar er talað um styrk til skólastjóra á Möðruvöllum til að fara erlendis til að ganga undir próf í ensku og öðrum námsgreinum, er hann á að kenna. Þetta skil jeg eigi, því að ef það væri hinn núverandi skólastjóri, þá hefur hann dvalið mörg ár í Skotlandi og mun enginn efast um að hann geti kennt ensku (*Tveir þm.:* Jú), enda þó jeg hafi sjeð að honum í því efni ekki beri saman við suma blaðamenn; en ef það á við hinn tilkomandi skólastjóra, þá væri slíkt æskilegt, svo framarlega sem sá yrði tekinn, sem ekki væri fær til kennslunnar, en það þarf víst eigi að gjöra ráð fyrir því að annar komi í stað hins núverandi eða þó skipti yrði, að þá yrðu tekinn maður, sem fyrst þyrfti að læra. Og er því eigi ástæða til þess, að samþykkja brtill. að sinni. Að veita skólanum í Flensborg styrkinn skilyrðislaust, hef jeg ekkert í móti, en skilyrðinu má þó eigi sleppa við alla aðra skóla. Þar sem þm. D. (J.G.) sagði, að það væri nógur tími til þess að veita Þorvaldi Thoroddsen styrkinn til siglinga, þá ímynda jeg mjer að þó hinn h. þm. sje læknisfróður, þá geti hann þó vart sagt, hvað langan tíma hjer er um að ræða, og eitt vona jeg að hinn h. þm. D. játi, nfl. það, að nú sje einmitt bezti tíminn til þess, að veita honum, nfl. Thoroddsen, þennan styrk, meðan hann er á námsaldri; þessi tími hleypur burtu og kemur aldrei aptur. Jeg held því, að það sje bezt að veita styrkinn nú þegar, og hafa hann svo mikinn, að gagn verði að, því jeg þykist fullviss um, að hjer sje um að ræða einn af þeim ungu mönnum, sem landið mun hafa þann mesta sóma af, ef við styrkjum, en ekki heptum hann á því sem hann svo fallega hefur byrjað, að enda margir annara landa vísindamenn láta hrós sitt í ljósi yfir. Hvað viðvíkur spítalanum, þá vona jeg að frsm. (H. Kr. Fr.) svari þeim mótbárum, sem fram ern komnar. N. var öllá því, að spítala þyrfti sem allra fyrst hjer í Reykjavík. Sá, sem er nú, er alveg ónógur; það þarf auðvitað töluvert fjárframlag, sem kann að verða alltilfinnanlegt í öðru eins harðæri og nú er, en spítalinn er líka nauðsynlegur og alveg ómissandi bæði fyrir læknaskólann og fyrir þá mörgu sjúklinga víðsvegar úr landinu. Jeg er nú búinn að tala um flestar brtill. og skal ekki tala um þær meir. *(B. Sv.:* Gott að taka nokkuð af þeim upp aptur). Jeg ætla að eins að minnast á lánið til meistara Eiríks Magnússonar; það eru allir á eitt sáttir, nfl. það, að sá maður, sem hjer ræðir um, sje þessa vel maklegur. Jeg vildi fyrir mitt leyti gjarn-

an vera með því að gefa slíkum manni heiðursgjöf, enda þó slík gjöf ætti að nema stærri upphæð en hjer ræðir um; en mjer þykir undarlegt að lána upp á veð, sem ómögulega getur verið tryggjandi, nema því að eins að lífsábyrgðin («policen») stöðugt sje borguð, og þyrfti þá einlægt að fá kvittanir fyrir því að svo væri, og gæti slíkt litið út sem einhvers konar vantraust til hans, og vildi jeg því miklu heldur greiða atkv. fyrir því, að honum væri gefin enda töluvert hærri fjárupphæð, en þessi er.

Holger Clausen: Jeg skal ekki tala lengi; það er að segja um þessa lærðu menn, að þeir byrja með því að fara á barnaskóla, og svo fara þeir á lærða skólann, svo á prestaskólann, svo verða þeir embættismenn og svo fá þeir eptirlaun. Við höfum á hverjum degi eitthvað um presta, en þess minna sem sagt er um þá, þess betra. Það hefur mikið verið talað um að spítalinn væri nauðsynlegur. Það væri eins nauðsynlegt að koma með skýrslur um, *hvernig* þessi spítali á að verða. Það hefur ekkert verið sýnt um það; þess vegna er nægur tími að veita þetta fje þegar þær upplýsingar koma fram, en ekki fyrri.

Svo kem jeg til þessa læknis eða lærða manns Thoroddsen. Jeg er eins og þm. Ef. (A. Ó.) ekkert á móti að gefa honum nokkuð fje til að ferðast hjer á landi, en jeg er á móti að veita honum styrk til utanfarar. Þó hann fari til útlanda, gjörir það ekkert gagn. Hvað 1. þm. Sm. (Tr. G.) segir um það, að hann hafi fengið brjef frá Maurer, þá þekki jeg ekki að Maurer sje mikill steinafræðingur *(A. Ó.:* Hann er skinnbókafræðingur, Grágásarmaður). Svo er styrkur til gufubáta, jeg er ekki viss um þeir komist á, en fyrir því vil jeg hafa vissu áður en jeg greiði atkv. með að veita fjeð.

Svo er til B. Gröndals 800 kr. Það er mikið upphyggilegt, en vafasamt þykir mjer að hverjum notum það kemur. Hann er snillingur í höndunum, enda varð form. fjárln. uppveðraður þegar hann las upp bænarskrána, svo listilega skrifaða. En jeg er ekki viss um, að hr. Gröndal geti samið, eða þótt hann gæti, efni það, að semja þjóðmegunarsögu, og fyr en jeg sje það, vil jeg ekki láta þetta fje.

Svo kemur Stefán Jónasson með sljettunarvjel. Það vil jeg ekki, því að jeg hef sjeð sljettunarvjel frá Ameríku, og þessi er víst ekki skárri. Þessi laxfróði maður er nauðsynlegur, og jeg ætla að gefa atkvæði fyrir þeirri veitingu. Hvað bratkv. snertir frá fjórum háttvirtum herrum *(Margir:* Fimm!) — það er þá frá fjórum háttvirtum og einum óháttvirtum. — (hlátur mikill), þá get jeg ekki gefið atkv. fyrir því (bratkv. C 297) og sízt fyrir veitingunni til Kristjáns bóksala Þorgrímssonar. Þó það sje mikið gott að lesa guðsorð eptir biskupa — og jeg hef mikla virðing fyrir öllum biskupum, — þá verða *þeir, sem vilja lesa, að borga* sjálfir sitt guðsorð, en ekki landssjóður fyrir þá (hlátur), og sama er um organistann; þeir, sem heyra hann, þeir eiga að borga honum líka. Um bón herra E. Magnússonar er það að segja, að jeg get ekki gengið inn á það, sem þm. Rvík (H. Kr. Fr.) fleygði út, sem svo mörgu öðru, að það væri hættulegt að veita þetta lán. Það er engin hætta. Hvað 1. þm. Ísf. (Th. Th.) sagði, að hann vildi heldur gefa það, þá er ekki víst að hr. E. M. vilji þiggja það sem *gjöf.* Hann biður um þetta sem *lán*, af því hann þarf á láni að halda en ekki gjöf *(Margir:* Rjett!), og við værum skyldir, þótt ekki væri það vogunarlaust, eins og jeg ætla það sje, að sýna honum þakklæti. (Rjett!)

Landshöfðingi: Það er að eins stutt skýring, sem jeg vildi gefa, með tilliti til þeirrar ust., að færa niður upphæð föstu launanna við lærða skólann og auka aptur tímakennsluna. Þessu viðvíkjandi hafa þau ummæli komið fram frá einstökum þm., að það væri ólíklegt, að kennaraembættið yrði veitt, og það hefur jafnvel verið einkennt með því, að það væri gjörræði af stj. að veita það nú þegar. Jeg skal leyfa mjer að skýra frá því, sem mörgum þm. er kunnugt, að það var fyrst á alþingi 1877, að það var samþykkt, eptir ust. lh., sem hann bar fram eptir fyrirmælum ráðgjafans, að bæta við launum handa einum föstum kennara við lærða skólann, svo að þeir yrðu einum fleiri en áður. Þingið 1877 veitti í því skyni 2000 kr. á fjárlögunum 1878 og 1879. Síðan hafa þessi laun verið tekin upp á fjárlögin fyrir eptirfarandi ár, bæði 1880 og 1881, og 1882—1883. Það hefur engin aths. verið við það gjörð, heldur hefur það verið samþykkt ásamt launum hinna kennaranna í latínuskólanum. Jeg get nú ekki betur sjeð en þingið hafi með þessu staðfest stofnun þessa embættis, sem fasts embættis, sem þingið þó aptur gæti fengið breytt með

aths. á fjárlögunum. En þingið verður á hinn bóginn að finna það rjett og eðlilegt að stj. gangi út frá því, að embættið sje enn fast, meðan engin aths. og engin bending hefur komið fram um annað frá þinginu. Þess vegna hefur stj. látið slá því upp sem lausu og er ef til vill búin að veita það, án þess þingið hafi, að mínu áliti, ástæðu til að finna að slíku. Þess vegna getur eins og þegar hefur verið athugað, vel verið að búið verði að veita embættið áður en fjárlögin verða staðfest, svo að það yrði ómögulegt að taka þetta til greina, þótt þingið óskaði þess, af því það kæmi of seint. Jeg vona þess vegna, að þd. finni ekki ástæðu til að taka þessa breytingu til greina.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg vona þessar umræður fari nú að styttast, enda skal jeg ekki vera langorður. Hinn h. lh. hefur skýrt frá, hvernig stendur á þessu 5. kennaraembætti, er 1. þm. Ef. hjelt að ekki væri eptir launalögunum. Það eru engin lög um það, hvað margir fastir kennarar eiga að vera við skólann, en á þingi 1877 þótti nauðsynlegt að fjölga þeim. 1. þm. Ef. barði því við að tímakennarar gjörðu meira gagn, því að þeir gætu fylgt með tímanum. Jeg held þeir geti ekki betur fylgt með tímanum en hinir föstu kennarar, því að tímakennararnir eru allt af nýir og nýir, og einn fastur kennari kemur á eptir annan. Jeg má ekki fara nú að rekja það, hversu mikill hagur er að hafa fasta kennara, en jeg verð að segja það, að það er ekki svo mikil völ á tímakennurum hjer í Rvík, að það sje vert að sleppa hinum föstu, því að tímakennsluna taka ekki aðrir en þeir. sem hafa fasta atvinnu hjer í bænum. Hinn 1. þm. Ef. (A. Ó.) vill einnig lækka útgjöldin «til eldiviðar og ljósa á Möðruvallaskólanum» vegna þess að lærisveinarnir sjeu svo fáir. Það er mikið rjett að þeir voru nær helmingi færri næstliðinn vetur en áður, en fyrir það er ekki sagt að þeir geti ekki fjölgað aptur; þeir geta komið þegar minnst vonum varir, þegar í haust eða að hausti, og þá þarf hvorttveggja við. Ef ekki þarf að halda á allri þessari upphæð til eldiviðarins og ljósanna, þá er hægt að geyma afganginn.

Fyrsti þm. G. K. (Þ. Böðv.) sagði að uppgjafapresturinn hefði ekki nema 150 kr. í eptirlaun, en hann hlýtur að hafa 190 kr. því að þjónustuárin eru 19 og það eru 10 kr. fyrir hvert ár. Að öðru leyti skal jeg ekki fara lengra út í það atriði. Ræðu 2. þm. Sm. (J. Ó.) skal jeg ekki svara. Mjer finnst margt svo skringilegt, sem hann sagði, að það væri ekki svara vert. Þá skal jeg geta þess, að jeg kannast ekki við, að jeg hafi beðið um styrk til þess að læra umsjón og jeg kannast ekki heldur við hitt, að jeg hafi siglt til þess að ganga undir próf í þeim greinum sem jeg kenni. N. gleymdi ekki Siglfirðingum eins og þm. Bf. (Gr. Th.) hjelt; en hún skoðaði skóla þeirra jafnan barnaskólum yfir höfuð og hjelt því að lh. myndi sjá honum borgið eins og öðrum barnaskólum. Þm. Bf. (Gr. Th.) kom líka með ust. um að fækka ölmusunum við lærðaskólann vegna agaleysis. Það er mikið rjett, að þeir piltar, sem ekki eru siðsamir og ástundunarsamir, eiga enga ölmusu að fá, en þá þarf líka að sjá hvernig á þessu agaleysi stendur. Viðvíkjandi því að veita Flensborgarskólanum fjárstyrkinn skilyrðislaust, þá virðist mjer rjett að láta það ná til Eyrarbakkaskólans líka. því að jeg þykist fullviss um, að lh. muni ekki veita þessum skóla neinn styrk fyrr en hann er fullviss um, að hann er kominn á stofn og fastan fót.

Jeg var orðinn góðrar vonar um, að spítalinn mundi fá góðan byr hjer í þd.; en þegar kom að þm. Bf. (Gr. Th.), þá virtist mjer heldur anda á móti. Hann vitnaði til stj., að hún hefði ætlazt til að Reykjavík og næstu hjeruð bæru kostnaðinn við spítalann. Nei, ef það á að vera landsspítali, þá verður hann að vera kostaður af landinu. *(Gr. Th.*: Spítalinn á Akureyri). Hann er gefinn af einstökum mönnum, og eins er hjer; fjeð sem spítalanum heyrir til, er hans eign en eigi landssjóðs. Þetta fjelag, sem hefur spítalafjeð undir höndum, getur veitt það hverjum sem vill, Rvík eða landinu yfir höfuð. Fjelagið mundi gjarnan gefa landinu fjeð, ef það vildi byggja spítalann. Að Rvík kosti spítalann, verður með engu móti heimtað. Það væri næsta ósanngjarnt, ef hún ætti ein að kosta þann spítala, sem er ómissandi fyrir kennsluna á læknaskólanum, þann spítala, sem landsmenn víðsvegar um landið verða að leita til, er þeir þurfa lækningar við, þann spítala, sem útlendingar leita hælis á, ekki einungis af hendingu, heldur koma frakkneskir fiskimenn beinlínis í þeim tilgangi á hverju vori, að koma sjúklingum sínum þar af sjer. Það er ekki skylda

Rvíkur heldur landsins yfir höfuð. Hann var einnig að tala um að það væri eitthvað skrítið fyrirkomulag, þar sem lægju fyrir 3 ust.: 1., 100,000 kr.; 2., 35.000 kr.; 3., 2000 kr. En hann blandaði því saman, að ust. er að fá 30000—40000 kr. alls: 20000 kr. úr lsj. og hinir 15000 kr. er spítalinn á. Hitt er satt, að spítalinn mundi kosta 100,000 kr. eptir því fyrirkomulagi, sem landlæknirinn hefur hugsað sjer; en það er eigi ætlazt til að slíkur spítali komist á allt í einu. Það er ekki satt, að það hafi engar skýrslur komið um fyrirkomulagið á spítalanum. Landlæknirinn hefur fullkomlega gjört grein fyrir, hvernig hann hefur hugsað sjer spítalann. *(Gr. Th.:* Ekki segir stjórnin það). Það er þó fleiri þm. kunnugt, að uppdrátturinn af húsinu hefur verið hjer á þinginu; en jeg get ekki gjört að því, þó að þm. Bf. hafi ekki sjeð hann. Þar að auki talaði hann um þetta fje, sem komið hefði frá Höfn. Það getur vel verið að nokkrir menn í Kaupmannahöfn hafi gefið fje, þegar verið var að koma spítalanum upp, en það var til þess, að stofnaður yrði spítali fyrir Rvík, sem þeir gáfu fjeð, en alls ekki með því skilyrði, að spítalinn væri landsins eign. *(A. Ó.:* Jú!). Nei! Fyrsti þm. Sm. (Tr. G.) sagði að Rvík ætti að kosta nokkru til. af því hún þyrfti spítalann. En jeg segi, að ef nokkur hluti landsins getur verið án spítala, þá getur Rvík það. *(E. K.:* Nei!). Jú, hjer er miklu betri aðbúnaður, en annarstaðar; það sýnir líka bezt, að það eru fæst Rvíkingar, sem fara á spítalann. Í vetur voru $^2/_3$ sjúklingar í spítalanum frá landinu móts við $^1/_3$ úr Rvík. En hvernig fer nú, ef þetta verður ekki samþykkt um spítalann? Þá verður enginn spítali hjer. Húsið er selt og á að afhendast 1. október í haust. Þar af leiðir, að fjelagið verður annaðhvort að leigja annað hús eða vera spítalalausir. Þegar Rvík sjer. að þingið vill ekki sinna þessu máli, þá mun hún fara að hugsa sig um og sjá fyrir sjer, og þá má læknaskólinn gjarnan hætta, og aðrir landsbúar geta þá ekkert hæli í honum fengið. Hitt er annað mál, að svo framarlega sem lsj. vill taka að sjer spítalann með þessum 15000 kr. frá Rvík, þá þori jeg að segja, að Rvík mundi fús á að leggja honum árlegan styrk til að viðhalda spítalanum, sökum hagræðis þess sem hún mundi hafa af honum. Þá leggur Rvík. til *tvöfalda* hlutdeild, ef hún leggur fram árlegt gjald, *(H. C.:* Svo?), því að Rvík á hlut í lsj. eins og hver annar hluti landsins, svo hún leggur með hinum öðrum pörtum landsins til af fjenu úr lsj., og svo frá sjálfri sjer. Sem sagt, ef bæjarstjórnin í Rvík leggur fram árlegan styrk, þá getur hún ekki meira gjört *(H. C.:* Skaði!), Þm. Snf. (H. C.) hefur aldrei verið í bæjarstjórn Rvíkur og mun aldrei í hana komast.

Forseti: Nú hafa 8 þm. beðið um orðið og aðrir 8 um að umr. hætti. Fundurinn er orðinn ærið langur, en jeg er samt fús á að halda áfram. Jeg vil trauðlega taka orðið af þm., en jeg vil biðja þá, sem þurfa að tala, að halda sjer sem næst efninu og taka fram einhver ný eða órædd atriði, en vera ekki allt af að taka upp næstum það sama og snúa upp á sömu atriðin, sem búið er að margræða.

Jakob Guðmundsson: Jeg ætlaði að minnast nokkrum orðum á 2. lið í 16. gr. Eins og þd. er kunnugt, hafa komið til þingsins margítrekaðar óskir um að Dalasýsla yrði gjörð að sjerstöku læknisumdæmi ásamt Bæarhrepp í Strandasýslu, og síðasta þing hafði næstum lofað að svo skyldi vera þegar nóg læknaefni væru til. Jeg kom því hingað til þings í þetta sinn, ekki að eins í von, heldur í fullkominni trú, að þessu mundi nú verða framgengt. En þegar jeg heyrði að þingið mundi mjög ófúst til að stofna nokkur ný föst embætti, þá kom jeg mjer saman við nokkra þingmenn, sem höfðu lík mál til meðferðar, um að biðja í þetta sinn að eins um styrk handa praktiserandi læknum, og stungum við upp á 1000 kr. handa hverjum. En landlæknirinn hafði stungið upp á að eins 800 kr. handa hverju hjeraði, en ætlazt til að hjeruðin sjálf bættu öðrum 800 kr., en það var nú nokkuð ósanngjarnt, einkum í því árferði sem nú er. Mjer kom því mjög á óvart, þegar jeg sá að fjárlagan. hafði fært þessar 1000 kr. niður í 800 kr. hvað Dalasýslu snertir, því að í Dalasýslu stendur nokkuð öðruvísi á en í hinum umdæmunum; þar er enginn kaupstaður, og hvergi þjettbýli, svo að margt manna sje saman komið á lítið svæði. Erfiðleikarnir við að gegna þessu embætti eru því meiri en á hinum stöðunum. Þar við bætist, að ætlast er til að læknirinn í Dalasýslu þjóni einum hreppi í Strandasýslu. Jeg hef því hugsað mjer, að fá menn með

mjer til að gjöra brust. við 3. umr., til þess að fá upphæðina hækkaða aptur upp í 1000 kr. hvað Dalasýslu snertir.

Magnús Andrjesson: Jeg hef ekki heyrt minnzt á bratkv. við 13. gr. A. b., en það getur komið til af því, að jeg hafi ekki verið viðstaddur. Jeg ætla, að sú viðaukatill., sem komin er frá hinum hæstv. lh. við þennan lið, sje svo vaxin, að nauðsynlegt sje, að hún verði samþykkt, það er kunnugt, að Stóruvallaprestakall er allsendis óaðgengilegt eins og það er nú, enda flýði presturinn þaðan í fyrra fyrir því, að þar var allsendis ólífvænlegt. Er því ekki annað fyrirsjáanlegt, en að prestlaust verði þar eptirleiðis, fái brauðið ekki meiri uppbót. Þeir þm., sem óska, að svo verði ekki, finnst mjer hljóti að greiða atkv. með þessari viðaukatill. lh. Að því er snertir, að nema burt þetta skilyrði við alþýðuskólann í Flensborg, þá verð jeg að vera því meðmæltur; en jeg vil að eitt gangi yfir þá báða, alþýðuskólann í Flensborg og alþýðuskólann á Eyrarbakka. Við Eyrarbakkaskólann var áður sami kennarinn eins og var við Flensborgarskólann árið sem leið, og hlýtur hann að hafa verið jafngóður í hvorum skólanum sem hann kenndi. En hann gat ekki haldið áfram að kenna í Eyrarbakkaskólanum, og skólinn gat ekki haldið áfram, af því að hann gat ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem sett voru við fjárveitinguna til hans. Yrðu nú þessi skilyrði burt numin, gæti hann að líkindum aptur haldið áfram næsta ár.

Þorkell Bjarnason: H. háttv. fjárl.n. hefur fært niður tillagið til barnaskóla, og segist í því hafa fram fylgt skoðun þingsins 1881; en það var að mínu áliti ekki tilætlun þingsins þá, að færa þennan styrk niður, fyr en gjöldin færu að hækka til alþýðuskólanna. Jeg ætla að þá væri ráðgjört fyrir 14 alþýðuskólum alls, og skyldi hver þeirra fá 1000 kr. árlegan styrk. Mun þá hafa verið meiningin, að þetta tillag til barnaskóla hjeldi sjer, þangað til áhugi manna á að stofna alþýðuskólana sýndi sig að vera svo mikill, að meira fje þyrfti til þeirra en áður hefir verið; en það var víst ekki meining þingsins að lækkað skyldi tillag til alþýðumenntunar yfir höfuð að tala. Sú upphæð, sem nú stendur í stjórnarfrumv., er hin sama sem í hitt eð fyrra var samþykkt af þinginu; en þessa upphæð hefur fjárl.n. nú sett niður, fyrra árið alþýðuskólatillagið um 500 kr. en seinna árið barnaskólatillagið um sömu upphæð. Mjer þykir ekki ólíklegt, að þetta hafi orðið í einhverju ógáti hjá n., og vona jeg, að h. h. d. haldi sjer heldur við stjórnarfrv. í þessu efni, heldur en breytingu nefndarinnar.

Gunnlaugur Briem: Jeg vildi að eins áður en atkvæði eru greidd, að fram kæmi álit þingmanna Skagfirðinga um nokkur atriði í fjárlagafrv. Það er mikilsvert að 1. tölul. í 16. gr. fái góðar og sanngjarnar undirtektir á þingi og að þetta spítalamál nái þeim úrslitum, er gagni landi og lýð. Jeg verð að vera á þeirri skoðun, að spítalinn sje ekki eingöngu spítali fyrir Rvík, heldur fyrir allt landið. Hingað eru fluttir sjúklingar víðsvegar að, því að hjer er helzt læknahjálp að fá. En aptur á móti er spítalinn ekki nærri því notaður af öllum bæjarmönnum. Jeg segi fyrir mig; jeg vonast til þess, að jeg þurfi aldrei á honum að halda, þó að jeg sje nú orðinn búsettur hjer í Rvík. Jeg veit líka til þess, að sjúklingar eru allvíða stundaðir hjer í bænum í privatmanna húsum. Nú er það kunnugt, að hið núverandi spítalahús hjer er að láni, og getur því láni orðið sagt upp, og verður eflaust sagt upp innan skamms. Þar að auki er það, þó kostur væri á að halda því, þá er það svo fornfálegt, og innanbyggingunni svo illa og óhentuglega komið fyrir, að það fyrir þá sök er óbrúkandi. Þessu er nauðsyn að ráða bót á, og það verður ekki með öðru móti gjört en því, að byggja nýtt hús. Sú upphæð, sem til þess er ætluð, 20.000 kr., virðist vera nóg fyrst um sinn í viðbót við þær 15000 kr., sem til eru fyrir, og mun jeg greiða atkvæði mitt með þeirri fjárveitingu.

Viðvíkjandi ferðastyrk handa Þorvaldi Thoroddsen mun skoðun mín vera nokkuð sjerstakleg. Mjer ofbjóða þessar 4000 kr. En til þess það rætist ekki á Þorv. Thóroddsen, sem 1. þm. Sm. (Tr. G.) sagði, að menn væru sjaldnast viðurkenndir á fósturjörð sinni, vildi jeg sýna þessum vísindamanni einhverja viðurkenningu, t. d. veita honum nokkra fjárupphæð, en þó lægri en þetta, og gjöra honum svo ekki að skyldu að verja því fje eingöngu til rannsókna innlands, heldur veita honum leyfi til ef hann vildi fara utan fyrir það fje, eða láta hann yfir höfuð sjálfan ráða hvernig honum þætti hentugast að verja því, einungis að hann verji fjenu í þá átt, að auka fróðleik sinn,

til þess hann verði fær um, að gjöra oss meira gagn síðarmeir með vísindum sínum og rannsóknum.

Fyrsti þm. Sm. (Tr. G.) sagði áðan, að það væri óhugsanlegt, að styrk til gufubáta þyrfti að brúka á þessu fjárhagstímabili. En þó svo væri nú, vil jeg ekki láta það hafa nein áhrif á atkvæðagreiðsluna í þessu atriði, og ekki að greidd verði atkvæði með því í þeirri von, að ekki komi til þess, að það verði brúkað, ef að menn að öðru leyti eru ekki sannfærðir um nytsemi þessa fyrirtækis. Það hefur verið tekið fram af þm. Bf. (Gr. Th.), að styrkur til vísindalegra og verklegra fyrirtækja sje of hátt áætlaður með 6000 kr. En þar sem sami þm. minntist á, að fjárl.n. hefði ekki veitt barnaskóla á Siglufirði neinn fjárstyrk, þá skal jeg benda honum á, að það getur verið gott, að hafa nokkurt fje fyrir hendi til að styrkja slík fyrirtæki, og því verð jeg að álíta gott, að hafa ekki of lága þessa upphæð; að minnsta kosti ætla jeg, að 6000 kr. sje ekki of hátt ætlað. Jeg efast ekki um að þessi styrkur fyrir sljettunarvjel sje veittur í góðu skyni, en eptir venjulegri aðferð við slíkar veitingar virðast hjer vanta allar upplýsingar um þessa vjel, einkanlega, að sýnt væri fram á, að hverju leyti hún gæti komið að liði, eða sje betri til þúfnasljettunar en þau tæki, sem menn hafa haft hingað til. Viðvíkjandi styrk til Kr. Ó. Þorgrímssonar til að gefa út prjedikanir Helga Thórdersens, skal jeg benda á það, að Kristján sótti um 1000 kr. upphaflega. Þessa fjárbeiðslu hefur fjárl.n. ekki tekið til greina, en breytingartillaga er kominn fram fyrir því að þingið veiti 500 kr. eða helminginn af fyrnefndri upphæð, og verður ekki annað sagt, en að það sje farið varlega í sakirnar.

Það hefur annars verið farið mörgum orðum um þennan styrk, er að nokkru leyti benda á, hver úrslit breytingartillagan muni fá hjá hinni háttv. þingdeild, og það hefur ekki verið skemmtilegt fyrir hlutaðeiganda að standa hjer uppi yfir þingdeildinni í allan dag, og heyra hversu óvægilega nokkrir h. þm. hafa farið með jafnmeinlaust málefni, og missa þannig vonina smátt og smátt, þangað til hún, ef til vill, með atkvæðagreiðslunni hverfur alveg; en það er bót í máli, að bókin mun mæla með sjer sjálf og gengur líklega út, þó hún verði þeim mun dýrari sem styrknum hefði numið, einkum eptir að búið er að hluta hann í sundur. Jeg held því, að þm. þurfi ekki að taka sjer það nærri, þó synjað verði þessarar fjárbeiðslu, og ekki kalla jeg það «nánasarlegt», eins og 1. þm. Ef. (A. Ó.) komst að orði, þótt einhver kynni að líta öðruvísi en hann á þetta mál.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þessa lánbeiðslu meistara Eiríks Magnússonar. Jeg vona að þingið gefi honum ekki ástæðu til að minnast orða Franklíns: «viljirðu láta eitthvað ógjört, þá sendu aðra, en viljurðu fá eitthvað gjört, þá farðu sjálfur».

Grímur Thomsen: Jeg vil að eins minnast á tvö atriði, sem hinn h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) og hinn h. 1. Ísf. (Th. Th.) hafa neytt mig til að tala um fáein orð. Annað er skólinn á Eyrarbakka, hitt hinn títtnefndi spítali. Jeg skal þá leyfa mjer að segja hinum h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) það, að mjer þykir mjög leitt, að hann er alveg ókunnugur Eyrarbakkaskólanum. Þessi skóli var álitinn góður 1881; þá var þar ágætur kennari, sá hinn sami maður, sem kenndi í vetur við Flensborgarskólann. Svo varð skólinn að hætta; en ástæðan til þess var sú, að sýslunefndin gat ekki fullnægt því skilyrði, sem sett var í fjárlögunum fyrir því, að skólinn yrði styrks aðnjótandi. Nú er þar til hús og önnur áhöld, sem með þarf. Þess vegna er nauðsynlegt, að skilyrðið fyrir að skólinn geti byrjað aptur verði veitt með því að nema burt skilyrðið fyrir fjárveitingunni á fjárlögunum, og mjer finnst það vera sanngjarnt að gjöra báðum skólunum jafnhátt undir höfði. Svo sný jeg mjer, að því er hitt atriðið snertir, til hins h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.), og jeg ætla að segja honum það, að jeg held að það megi með sanni segja um nefndina, að hún hafi höndur Esaú en raust Jakobs. Hinn h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) og hinn h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) hafa haldið því fram, að það sje enginn spítali til í Reykjavík. Samt hafa á hverju ári verið og eru enn veittar 800 kr. til spítala í Reykjavík; 800 kr. eru þá veittar til spítala, sem ekki er til! Er ekki þetta mótsögn? Framsögumaður fjárlaganefndarinnar veitir 800 kr. til spítala, sem þm. Rvk. neitar að sje til. En nú er ekki þar með búið. Spítalinn hefur fengið meira en þennan styrk. Hann fjekk hjer um árið vaxtalaust lán, 2000 kr., sem svo var eptirgefið 1879. Jeg skil þess vegna ekki í, hvernig þm. Rvk. getur sagt, að spítali sje ekki til, eða hann sje ekki opin-

ber stofnun. Jeg held að þá væri bezt að koma með brtill. um að burttaka styrk til þessarar stofnunar. Spítalinn á Akureyri hefur fengið 400 kr. Óþarfi er, að þessi spítali, sem ekki er til, fái tvöfallt. Jeg er annars hræddur um, að þessi kenning þm. sje byggð á einhverjum nýjum hugsunarreglum. Hvernig getur maður líka sagt, að sjóður spítalans, þessar 15,000 kr., sje eign einstaks fjelags, þrátt fyrir það, þótt skotið hafi verið saman til stofnunarinnar fyrir utan Reykjavík, árlegur landssjóðsstyrkur verið veittur, og rentulaust lán loks uppgefið? Hitt er að vísu satt, að Reykjavík á spítalann í sameign með landssjóði. Það væri dágott, fyrst að fá lán, svo styrk á hverju ári, og svo eiga spítalann á eptir! Þessu mótmæli jeg alveg. Þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) sagði, að uppdráttur hefði verið til, en stjórnin biður um 2000 kr. til að láta gjöra uppdrátt fyrir. Hvaða samhljóðun er í þessu? Þm. Rvk. og nefndin vill hvorki uppdrátt nje áætlun, heldur 20,000 kr. Jeg held nefndinni sje ekki sjálfrátt, og vona að þingmenn sannfærist um, að ef 20 þús. krónur verða veittar, þá verður bráðum beðið um 30 þús., svo um 50, svo um 70 og loks um 100 þús., eins og landlæknirinn bað um; það er maður sem hugsar hátt.

Arnljótur Ólafsson: Landshöfðinginn gat þess, að brt. við 13. gr. um hinn fasta kennara væri ekki á góðum rökum byggð; í launalögunum væri reyndar ekki ákveðin laun nema handa 4 kennurum, en alþingi hefði samt veitt launin til hins 5. Þessu hef jeg ekki á móti. En út af þessu dró nú h. h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) þá ályktun, að kennarinn væri orðinn fastur sökum hinnar stöðugu fjárveitingar. Þessu mótmæli jeg, og styð þessi mín mótmæli einkum á 20. gr. fjárlaganna fyrir árin 1882 og 1883, þar sem svo er kveðið á, að allar þær fjárveitingar, sem eigi sjeu ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögunum, gildi einungis fyrir fjárhagstímabilið. Hjer af leiðir, að þessi hin síðasta veiting, sem gjörð var með fjárlögum þeim, sem þingið samþykkti 1881, gildir einungis fyrir það fjárhagstímabil, sem nú er að líða. Hins vegar játa jeg, að það er varlega gjörandi fyrir þingið, að halda þessu fast fram, ef búið er að veita embættið. Jeg segi fyrir mitt leyti; jeg vil slaka til, en samt láta stjórnina sjá, að við stöndum á okkar fjárveitingarrjetti.

Svo vildi jeg minnast fám orðum á annað atriði, sem sje hinn títtnefnda spítala. Hinn h. flm. (H. Kr. Fr.) hefur í nafni fjárlaganefndarinnar haldið því fram, að spítalinn væri eign Reykjavíkurbæjar, en aptur á móti hefur hinn h. 2. þm. Skg. (G. Br.) ætlað, að spítalinn væri landsspítali. Jeg skal ekki skera úr, hvort rjettara sje. Setjum að spítalinn sje landspítali, þótt hann reyndar að vitni þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) sje ekki til. Ætli nú að spítalinn, ef sjúkdómar t. a. m. flyttust inn í landið og fylgja þyrfti sóttvarnarlögunum, yrði þá tagltækur, eða ætli að ætti að «transportera» sjúklinga ofan úr landi á þennan spítala, sem ekki er til? Annaðtveggja er, að spítalinn er landsspítali, og verður sem slíkur að uppfylla skyldur sínar, eða hann er spítali fyrir Reykjavík og hefur ekkert tilkall til fjár af landssjóði. Hjer er ekki einungis að ræða um þessar 20 þús., ekki einungis um þennan spítala, heldur um alla spítala út um allt land, sem vilja verða landsspítalar. Jeg vil því byrja mitt atkvæði með því, að segja ekki einungis *a*, heldur og *b*. Því að mjer virðist fyrirsjáanlegt bratkv. um hina spítalana, svo sem spítalana á Akureyri, Ísafirði og Stykkishólmi. En ef þeir koma allir, er jeg ekki óhræddur um, að mjelsníkja kunni að verða í landssjóði.

Th. Thorsteinson: Jeg ætla að leyfa mjer að geta þess, að jeg hef eigi sagt það, sem h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) talaði um, og hljóta orð hans að hafa byggzt heldur á misheyrn, en á misskilningi, og vil jeg vona að þm. fleygi eigi opt út í þingsalinn slíkum ástæðulausum orðum; jeg hefi sagt um þann núverandi spítala, að hann væri ónógur, en ekki það að spítalinn ekki væri til.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg ætla nú eigi að tala mörg orð; fundurinn er orðinn nógu langur. Jeg ætla að eins að geta þesss, að nú í haust fer svo, að enginn spítali verður hjer í Reykjavík, og bærinn verður annaðhvort að leigja sjer spítala fyrir sig einan eða vera spítalalaus. Húsið, sem nú er spítali, er selt, enda var það alveg ónógt og óhaganlegt; rúmin voru svo fá, að mörgum mönnum varð að vísa frá. Fjelagið, sem hafði spítalann, fjekk að vísu nokkurn styrk úr lsj. og þess vegna hefur það lánað hann til læknakennslu og fyrir sjúklinga utan af landi eptir því, sem föng vöru á, en fjelag þetta stendur í engu undir umsjón eða umráðum landsjórnarinnar; það hefur fullan rjett

og heimild haft til að selja spítalann, og átti að selja hann, af því að hann var orðinn óhæfilegur. Að því er uppdrættinum af spítalanum víkur við, þá er undarlegt að tala ókunnuglega um hann. *(Gr. Th.:* Jeg hef eigi sjeð hann). Það get jeg eigi gjört að. Uppdrátturinn hefur legið til sýnis fyrir þm. í 6 vikur. Þar sem 1. þm. Ef. (A. O.) dró þá ályktun út af því, ef fje væri veitt til spítalans, að þá þyrfti að stofna spítala af landsfje víðs vegar um land allt, þá nær slíkt engri átt, því að jeg ímynda mjer að h. h. þm. ætlist eigi til, að stofnaðir verði margir læknaskólar á landinu.

ATKVGR.: Þrettánda gr. A. a. í stj.-frv. (C 85) sþ. m. 19 atkv.; A. b. 1. sþ. m. 20 atkv.; brt. n. v. A. b. 2. (C307) sþ. m. 15 atkv., A. b. 2. í stj.frv. þar með fallinn; A. b. 3. sþ. í e. h.; A. b. 4. sþ. í e. h.,, brt. v. þann tölul. tekin aptur af n.; brt. n. v. A. b. 5. sþ. m. 16 atkv., orðabr. n. innanstryks v. sama tölul. sþ. m. 16 atkv.; A. b. 5. í stj.frv. þar með fallinn; A. b. 6. sþ. í e. h.; A. b. 7. sþ. í e. h.; A. b. 8 sþ. í e. h.; A. b. 9. sþ. í e. h.; brt. n. um að A. b. 10. falli burt sþ. m. 16 atkv.; brt. lh. að nýr liður (11. liður) bætist við felld m. 11 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli sökum ónógrar atkvgr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	H. Kr. Friðriksson,
Arnljótur Ólafsson,	Egill Egilsson,
Benidikt Sveinsson,	Eiríkur Briem,
Eiríkur Kúld,	Grímur Thomsen,
Friðrik Stefánsson,	Gunnlaugur Briem,
Jakob Guðmundsson,	Holger Clausen,
Lárus Blöndal,	Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,	Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,	Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,	Þorl. Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.	Th. Thorsteinsen.

13. gr. B. I. a. í stj. sþ. í e. h.; brt. n. v. B. I. b. 1. sþ. m. 20 atkv.; B. I. b. 1. í stj.frv. þar með fallinn; brt. n. v. B. I. b. 2. sþ. m. 17 atkv., B. I. b. 2. í stj.frv. þar með fallinn; B. I. b. 3. í stj.frv. sþ. í e. h.; B. I. b. 4. í stj.frv. sþ. m. 19 atkv.; brt. n. v. B. I. b. 5. sþ. m. 18 atkv., B. I. b. 5. í stj frv. þar með fallinn; B. I. b. 6. í stj.frv. sþ. í e. h.; brt. n. v. B. I. b. 7. sþ. m. 18 atkv., B. I. b. 7. í stj.frv. þar með fallinn; brt. n. v. B. II. a. sþ. m. 15 atkv. gegn 5; B. II. a. í stj.frv. þar með fallinn; B. II. b. 1. sþ. m. 18 atkv.; B. II. b. 2. sþ. í e. h.; B. II. b. 3. sþ. í e. h.; B. II. b. 4. sþ. í e. h.; brt. n. v. B. II. b. 5. sþ. m. 16 atkv., B. II. b. 5. í stj.frv. þar með fallinn; B. II. b. 6. sþ. í e. h.; brtill. A.—J. v. B. III. a. felld með 16 atkv. gegn 3, B. III. a. í stjfrv. sþ. með 17 atkv.; B. III, b. 1. tl. sþ. í e. h. 2. tl. sþ. í e. h.; brt. n. v. 3. tl. sþ. m. 14 atkv., 3. tl. í stj.frv. þar með fallinn; 4. tl. sþ. m. 20 atkv.; B. III. c. 1. sþ. í e. h.; B. III. c. 2. sþ. í e. h.; B. III. c. 3. sþ. í e. h.; brt. A.—J. v. B. III. c. 4. sjálffallinn; brt. n. v. B. III. c. 4. sþ. m. 14 atkv.; B. III. c. 4. stjfrv. þar með fallinn; B. III. c. 5. sþ. m. 16 atkv.; B. III. c. 6. sþ. m. 16 atkv.; brt. n. v. B. III. c. 7. sþ. m. 19 atkv.; B. III. c. 7. í stjfrv. þar með fallinn; B. III. c. 8. sþ. m. 14 atkv.; B. IV. a. sþ. m. 20 atkv.; B. IV. b. 1. sþ. m. 19 atkv.; brt. 5 þm. v. B. IV. 4. b. 2. (C 297) sþ. m. 14 atkv.; B. IV. b. 2. í stj.frv. þar með fallinn; brt. n. v. B. IV. b. 3. sþ. í e. h., B. IV. b. 3. í stj.frv. þar með fallinn; brt. sömu 5 þm. v. B. IV. b. 4. sþ. með 14 atkv.; brt. n. v. B. IV. b. 4. þar með fallin, og sömuleiðis B. IV. b. 4. í stj.frv.; B. V. a. sþ. m. 21 atkv.; brt. n. v. B. V. b. sþ. m. 14 atkv.; B. V. b. stj.frv. þar með fallinn; tölubr. n. v. B. V. c. sþ. m. 16 atkv., brt. 5 þm. v. B. V. c. sþ. m. 20 atkv., orðabr. n. v. B. V. c. sþ. m. 14 atkv.; B. V. c. í stj.frv. þar með fallinn; B. V. d. sþ. m. 20 atkv.; C. 1.—3. í stj.frv. sþ. hver um sig í e. h.; brt. n. v. C. 4. a. sþ. m. 20 atkv.; C. 4. a. í stj.frv. þar með fallið; C. 4. b. sþ. í e. h.; brt. n. v. C. 4. c. sþ. m. 20 atkv.; C. 4. c. í stj.frv. þar með fallið. Þrettánda gr. öll með áorðnum breytingum sþ. í e. h.

Fjórtánda gr. sþ. m. 20 atkv.

Brt. n. v. 15. gr. sþ. m. 20 atkv. Málsgr. n. innanstryks sþ. í e. h. Vust. 5 þm. v. niðurlag gr. í nefndarfrumvarpinu (C 297)

sþ. m. 16 atkv.; 15. gr. í stj.frv. þar með fallinn.

Sextánda gr.: Viðauki nefndarinnar (C 308) 1. tl. felldur með 12 atkv. gegn 9, 2. tl. sþ. m. 19. atkv.; brt. J. Ó. v. 3. tl. (C 309) tekin aptur; brt. 5 þm. v. 3. tl. (C 297) sþ. m. 12 atkv. gegn 9, 3. tl. í viðauka nefndarinnar þannig breyttur sþ. m. 21 atkv.; 4. tl. sþ. með 16 atkv.; 5. tl. sþ. m. 19. atkv.; 6. tl. sþ. m. 15 atkv.; 7. tl. sþ. m. 16 atkv.; vtill. 5 þm. fyrir framan 8. tl. a. (C 297) felld m. 14 atkv. gegn 8, b. felld m. 11 atkv. gegn 8; 8. tl. sþ. m. 21 atkv.; 16. gr. n. með áorðnum br. sþ. m. 21 atkv., 16. gr. stj.frv. þar með fallin.

Brt. n. v. 17. gr. sþ. m. 17 atkv.; 17. gr. stj.frv. þar með fallin.

Átjánda gr. var ekki að svo stöddu borin undir atkvæði.

Vtill. 5 þm. um lán til Eiríks Magnússonar (C 297) sþ. m. 19 atkv.

Allt frv. í heild sinni með áorðnum breytingum sþ. í e. h.

Frv. vísað til 3. umr. í e. h.

Fertugasti og fyrsti fundur, föstudag 10. ágúst kl. 12—3. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um horfelli á skepnum (C 279); ein umræða.

Holger Clausen: Jeg ætla bara að segja fá orð. Mjer þykir makalaust vænt um þetta frv. Þetta er eitt af þeim lögum, sem hafa ekkert að þýða, það gjörir hvorki til nje frá og því vil jeg hafa það. Jeg get því ekki nógsamlega þakkað þetta frv.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg ætlaði helzt ekki að tala að þessu sinni í málinu. N. er búin að lýsa því yfir í áliti sínu (C 294) að hún hefur fallizt á frv. eins og það kom frá e. d. (C 279). Það er að vísu komið aptur með nokkrum br., en þær br. eru ekki verulegar og eru samkvæmar hinu upphaflega frv. Jeg ætla ekki heldur að svara þm. Snf. (H. C.); þó að *hann* álíti «þetta eitt af þeim lögum, sem hafa ekkert að þýða», þá gjöri jeg mig ánægðan með að hann tekur frv. svo þakklátlega, og greiðir atkvæði með því, eins og hann hefur lofað, hvort sem hann álítur lögin rjett eða ekki.

ATKVGR: Frv. samþykkt með 19 atkvæðum. Síðan sent lh. sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu (C 195); 3. umr.

Jakob Guðmundsson: Jeg er á sömu skoðun og seinast, að það muni ekki þurfa mikið að ræða um þetta frv. Jeg ímynda mjer þm. sje fullljóst, að það er nauðsynlegt, og að þeir muni geta sþ. það án þess að tefja tímann með löngum umræðum.

ATKVGR: Frv. sþ. m. 20 atkv. Sent síðan lh. sem *lög frá alþingi.*

Lagafrumvarp um viðbót við toll á tóbaki og um að heimta eigi skatt af lausafje árin 1884 og 1885 (C 281); 3. umr.

Eiríkur Briem: Af því jeg á bratkv. við þetta frumvarp (C 281), þá vil jeg minnast á það með fám orðum. Eins og þm. sjá er hjer einungis að ræða um bráðabyrgðarákvörðun er gildi fyrir fjárhagstímabilið. Það hefur komið fram sú skoðun, að það væri æskilegt að ljetta að einhverju byrðunum á bændum vegna hinna undanfarandi harðinda. Hafa sumir viljað aftaka bæði ábúðarskattinn og lausafjárskattinn *eða* þá annanhvorn þeirra. Um þetta hafa verið skiptar skoðanir, en öllum komið saman um hitt, að ljetta eitthvað á landbúnaðinum. Annað atriði er það, að breyta til frambúðar þeim núgildandi ákvörðunum um það, hvernig lsj. fær tekjur sínar. En eins og það er nauðsynlegt að ljetta gjöldunum á bændunum, eins er það viðsjárvert, að gjöra fullgilda ákvörðun um það í þetta skipti; atkvgr. í þessu máli síðast sýndi, hvað deildar meiningar manna eru um það. Eins og nú er orðið áliðið þingtímann, þá er jeg sannfærður um, að þingið hefur ekki tíma til að koma sjer niður á þeim fullnaðarákvörðunum, sem hagfeldastar eru. Þar sem jeg hafði þessa skoðun og mjer jafnframt virtist full ástæða til að ljetta á sköttum bænda fyrir næsta fjárhagstímabil, þá sýndist mjer helzt að heimta ekki lausafjárskattinn; en þá varð aptur að líta á það, að lsj. er ekki fær um að missa þessar tekjur án þess að fá eitthvað í staðinn. Þessum tekjuhalla virtist mjer liggja næst að ná, með því að hækka toll af tóbaki og áfengum drykkjum,

en þó ekki meir en svo, að það er engin veruleg breyting. Eins og frv. liggur fyrir nú kemur ekkert í saðinn fyrir lausafjárskattinn nema $^2/_5$ af tóbakstollinum, sem ekki mun nema meiru en 7000 kr., og það er of lítið; þess vegna hef jeg komið með brt. um að auka það með $^1/_{10}$ af tollinum af áfengum drykkjum. Sá viðauki mun nema um 12000 kr., svo að með hinum 7000 kr. fyrir tóbakstollinn nær þetta tekjuupphæðinni fyrir lausafjárskattinn, svo að lsj. mun ekki bíða halla fyrir næsta fjárhagstímabil.

Benidikt Sveinsson: Jeg gæti verið samdóma 2. þm. Hv. (E. Br.) um það, að tilgangurinn með frv. hans og brt. sje sá að ljetta á bændum eða búandi mönnum og að það sje eins tilgangurinn að auka tekjur lsj. með því að auka tollinn á tóbaki og áfengum drykkjum, eða þeirri munaðarvöru, sem eptir gildandi lögum er tolluð. En það er tvennt athugavert við þetta. Fyrst gengur hann alveg fram hjá ábúðarskattinum, og tekur að eins lausafjárskattinn; en báðir þessir skattar eiga alveg að afnemast landbúnaðinum til ljettis, því þeir eru hvor í sínu lagi þegar á allt er litið alveg *óhafandi*. Hinn h. þm. getur ekki neitað því, að ábúðarskatturinn var *óhafandi* frá öndverðu og því löngu áður en hallærið kom og þyngdi svo mjög á landbúnaðinum. *(H. Kr. Fr.:* Það er í Þingeyjarsýslu). Já, jeg mun ekki kynoka mjer við, að játa það, að þegar um *skynsemismál* er að ræða, mundu ekki aðrir eiga ríkara atkvæði en Þingeyingar og ekki einn kjósanda hins háttvirta þingmanns sjálfs. Það er þá víst og viðurkennt, að þessi skattur er *óhafandi* og sá þm. sem færastur ætti að vera að dæma um það mál, hefur nú játað, að það sje satt sem jeg sagði og þóttist sýna og sanna á alþingi 1877, að *ábúðarskatturinn* var á engum skattlöggjafarreglum eða grundvelli *byggður*. Jeg hef reyndar aldrei verið eins mikið á móti lausafjárskattinum. En aðrir hafa álitið hann *„óhafandi“* vegna *framtalsins*. Þetta er óneitanlega gamalt vöggumein, þó minnkun sje frá að segja, en vjer hljótum að taka tillit til sjúkdóms þjóðarinnar, sem vjer fáum ekki út rýmt með lögum, og það hefur reynslan sýnt að vjer ekki getum. Jeg veit sannlega ekki eptir hverju er að bíða eða eptir hverju hinn háttvirti þingmaður vill bíða, ef ekki er hægt að fella rjettan dóm um það málefni *nú*, sem hefur legið öllum til íhugunar og úrlausnar um fleiri mannsaldra og allir vita í hverju er fólgið; þá vil jeg spyrja, hvenær sá dagur muni renna upp, er betur en þessi geti opnað augu þings og þjóðar. Mjer fyrir mitt leyti hefði ekki dottið í hug að gefa atkvæði mitt fyrir því, að afnema ábúðar og lausafjárskattinn vegna þess *eingöngu*, að landbúnaðurinn stendur hæpið sökum harðærisins; með öðrum orðum, jeg hefði ekki gefið atkvæði mitt fyrir þessari breytingu á hinum gildandi skattalögum, ef jeg væri ekki alveg sannfærður um það eptir ýtarlega yfirvegun, að það er alveg rjett að afnema *báða þessa skatta*, án tillits til ástands landbúnaðarins nú sem stendur. Annað atriðið er það, að þessi ljettir í lausafjárskattinum er einungis bundinn við fjárhagstímabilið,

Ef það eru margir gallar á þessum skatti, og ef það er rjett eins og jeg sagði, að afnema hann, því á þá þessi geigvænlega *svipa* að standa reidd yfir höfði þjóðarinnar við endalok fjárhagstímabilsins? Því á þá þessi siðum spillandi voðaskuggi að læðast yfir þjóð vora aptur? Heldur hinn h. 2. þm. Hv. að nokkur trygging sje fyrir því, að landbúnaðurinn hafi fengið svo mikla viðreisn eptir fjárhagstímabilið, að lausafjárskatturinn geti «eo ipso» gengið aptur í gildi? Heldur hann að Íslendingar muni *læra* betur að telja fram lausafje sitt *afdráttarlaust*, ef þeir ekki hafa verið skyldir til að gjöra það um 2 ár? Á hvaða innri eðlilegum rökum skyldi þetta og því um líkt geta verið byggt? Það er þá nýlega tilkomið, ef eigi skyldi rjett til getið, að það verður 10 sinnum verra aptur eptir 2 ár en áður! Jeg held menn hafi þá einmitt heldur *gleymt* að telja fram, og að það mundi þurfa jafnvel að skerpa tilsjónina meir og betur en hinn háttvirti 2. þingmaður Húnvetninga er fær um að gjöra, svo framtalið verði ekki margfalt verra en nú er. Og hvað meinar svo hinn h. þm. á hinn bóginn með því að vægja þessum skaðlegu munaðarvörum tóbaki og vínföngum aptur eptir 2 ár? Hvers vegna má ekki viðhafa þá reglu, að íþyngja þeim vörum tímatakmarkslaust, sem landsbúum eru bæði til skaða og skammar, þar sem aptur til samanburðar um það er að ræða að ljetta á framleiðslu landsins? Þegar um það er að ræða, segi jeg, að auka og efla pródúktíónina í landinu, er það þá ekki rjett að veita þeim sem

mestan ljettirinn í gjöldunum, sem auka hana mest, sem sýna atorku, dáð og dugnað, landinu til uppbyggingar og sóma, eru sannir máttarstólpar þess, en íþyngja *heldur* hinum, sem ekki nota fjeð til annars en að eyða því, sem eru landinu til niðurdreps og jeg vil segja vansæmdar? Og sje nú þetta gott fyrir eitt fjárhagstímabil, því skyldi það þá ekki eins rjett fyrir fleiri, eða jafnvel öll fjárhagstímabil? Það er ekki þar fyrir, að þessari tollhækkun verði ekki hæglega breytt aptur, þegar reynslan hefur sýnt að hún er of há; en jeg vil geta þess, að hún er mjög lík hjá þm. og í hinu frv., sem komið er fram sem brt.

Svo er enn eitt merkilegt atriði, og það er þessi brotareikningsrolla hins háttvirta þingmanns. Jeg veit að 2. þm. Hv. (E. Br.) er fjarskalega góður í reikningi og mesti brotameistari, en af því þetta meistarastykki á að ganga gegnum alla tollreikninga, alla endurskoðun — sem kostaði okkur 500 kr. aukagetu í gær — þá held jeg þingmaðurinn hafi ekki gjört sjer fulla grein fyrir, hvaða erfiðleika þessi talnaleikur hans hefur í för með sjer. En jeg vil spyrja hann að einu: Hvað er $^1/_{10}$ af 45 aurum? (*Tr. G.:* $4^1/_2$ eyrir). Já, $4^1/_2$ eyrir, mikið satt. En $^1/_2$ *eyrir* er ekki til sem gjaldeining og því á ekki að hafa það í lögum, sem ómögulega getur verið til. Allt annað mál er það, þó talnabrot eður brot úr hinni minnstu gjaldeiningu komi fram við samþönd fleiri talna eður gjaldeininga. Má jeg spyrja hinn háttvirta þingmann: Hver á að borga þenna hálfa eyri, á *kaupmaðurinn að borga hann* eða á *kaupandinn að borga* hann? Jeg vildi biðja þm. að segja mjer — breytingartillaga hans greiðir ekki úr þeirri spurningu — hver á verklega að borga þennan $^1/_2$ eyri? Ef hann nú getur ekki gjört það, og ef hann kemst í vandræði með þenna $^1/_2$ eyri á 1 potti, þá hljóta sömu vandræðin að koma fram á miljón pottum á *öllum* einstökum pottum í það *óendanlega* og það er þetta sem er alveg óhafandi. Úr því hann leggur pottinn til grundvallar fyrir tollinum, svo má hann til að miða við hann heilar gjaldeiningar, en ekki hálfar. Jeg hef annars allt af ímyndað mjer að tolla- og skattalög ættu að vera svo ljós og laus við allar flækjur, vafa og brotareikning, að gjaldandi og gjaldheimtandi gætu horft á það eins og hendurnar á sjer, hvað gjalda ætti. Jeg hef reyndar aldrei verið sterkur í reikningi eða góður að greiða úr reikningsflækjum; en allt um það mundi jeg ekki vera svo mjög á móti þessari aðferð þingmannsins, væri ekki innan handar að viðhafa hina rjettu og einföldu aðferð. Hjer á engin reikningsfordild við, útbrot, kenjar eða firrur, sem ekki eiga að sjást í lögum!

Jeg vil ekki um skör fram rífa þetta brotafrv. niður, sem jeg ætla að ekki muni eiga langan aldur í vændum; en mjer kemur ekki í hug að greiða atkv. mitt með því, ekki einu sinni þó að hitt frv. verði fellt. Jeg sting upp á því, að umræðunum um *þetta* frv. verði *frestað*, og að hinu frumvarpinu, sem komið er fram sem breytingartillaga, verði vísað til *annarar* umræðu, svo menn geti valið það af þessum frumvörpum, sem betur hentar. Verði þetta eigi gjört, hefur þetta brotafrumvarp eyðilagt gott og gagnlegt mál, og er þá betur farið en heima setið?

Tryggvi Gunnarsson: Jeg held að engum blandist hugur um, að varlega sje farandi í að breyta og umsteypa tolllögum landsins, þegar slík ósamhljóðan er á skoðunum hinna h. deildarmanna, að einn vill þetta og annar hitt. Jeg held þessi mörgu og ólíku bratkv., sem komið hafa fram í þessu máli, sýni bezt, hvað skoðanir manna eru á reiki. Jeg ímynda mjer, að varla nokkur heiðraður deildarmaður nema hinn h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) muni nú þora að leggja út í eins vandasamt og flókið mál, eins og skattamál landsins eru, til að umsteypa þeim á fáum dögum. Jeg álít að þar sem nú er orðið svo áliðið þingtímans, þá væri rjettast að fella öll þessi frv. og brt. í þetta sinn. En af því jeg vil gjarnan ljetta álögum á landbúnaðinum í þessu harðæri, sem gengið hefur yfir landið, þá vil jeg helzt hallast að því, ekki að láta málið falla alveg, heldur samþykkja minna frv. með brtill. og láta svo þar við sitja til næsta þings. Þetta frv. hefur þann kost, að það að eins gildir fyrir tvö ár til næsta þings, og þann tíma geta menn notað til að hugleiða og undirbúa málið betur en nú er kostur á að gjöra. Jeg er að vísu ekki fyllilega samþykkur frv., en hefi ekki vogað að koma með brtill. af þeim ástæðum, að jeg hjelt, að meiri flækjur kæmust þá inn í málið, sem yrðu til þess að það svo loks fjelli. Mjer þykir tóbakstollurinn verða of hár, en tímabilið er stutt, svo hættan verð-

ur ekki svo mikil. Aptur þykir mjer vera oflágt að bæta ekki við meira en 1/10 á vín-tollinn, og það af þeirri ástæðu, að jeg ætla að landssjóður fái við þá hækkun hvergi nærri svo mikið sem svarar lausafjárskattinum. Í ágreiningsatkvæði mínu við nefndarálitið hefi jeg tekið fram, að jeg hefði heldur viljað ljetta af landsbúum ábúðar- en lausafjárskattinum. Ástæða *mín* er sú: að þeir, sem hafa sökum harðærisins orðið fyrir fjárfækkun og eiga örfáar skepnur eptir, hafa þá svo lítið gagn af þessari eptirgjöf á skattinum, því þeir þurfa þá hvort sem er lítið eða ekert að gjalda af búsmala sínum þegar hann er ekki til; en þegar þeir búa á stórum jarðarskrokkum, sem hafa sama dýrleika og áður, en litla áhöfn, þá verður ábúðarskatturinn þeim tilfinnanlegur. Aptur á móti: þeir sem ekkert hafa fellt og engan skaða hafa beðið við harðærið, hafa allan haginn við að lausafjárskatturinn sje aftekinn, og því meiri hag sem þeir hafa meiri búpening og hafa minnst liðið við hallærið. Það er því auðsjeð að eptirgjöf á lausafjárskatti kemur ekki niður á rjettan stað, og það eru þeir sem búa fjárlitlir á jörðunum, sem eiga að fá eptir gefinn ábúðarskattinn. Jeg hefi samt ekki viljað setja mig upp á móti frv., af því jeg hugði, að með því kynni að komast á nokkur linun á gjöld bænda í þessum bágindum, og þessu mætti þá breyta við 3. umr. Hinn h. 2. þm. Nm. undraðist mög yfir því, að 2. þm. Hv. (E. Br.) ekki vildi hækka toll á áfengum drykkjum um leið og hann þó játaði, að þessar vörur hefðu orðið svo mörgum til minnkunar og skaða. Þessi forundrun hefði verið rjett hjá þm., ef hann hefði hugsað sjer, að tollhækkunin væri gjörð í þeim tilgangi að hindra innflutning og vanbrúkun á víni, en það kemur alveg öfugt við þegar hin mikla hækkun er gjörð í þeim tilgangi að *auka* tekjur lsj.; það sýnist ekki vera mikil samkvæmni í því, að hækka til þess að auka tekjur lsj. og þó í sömu andránni láta sem svo, að það sje gjört í þeim tilgangi að tálma innflutning og skaðsemi áfengra drykkja. Viðvíkjandi brotareikningnum, sem þm. Nm. (B. Sv.) talaði svo mikið um, þá held jeg að hann verði ekki torskilinn. Sýslumenn heimta sjálfsagt aldrei toll af einum vínpotti eða 1/10 af 45 aurum. En þeir heimta t. d. 1/10 af 45 kr. og get jeg sagt þm., að það er auðvelt að reikna þetta, því að þá koma út 4 kr. 50 a. af 45 kr., sem leggjast við tollinn. Annars talar þm. alveg eins og hann hefði aldrei heyrt getið um brot í neinum opinberum skattareikningum. Jeg vona þó að hann þekki dálítið til sýslureikninga og hreppstjórareikninga og hafi orðið var við brotareikning svo sem þegar tíundir manna eru reiknaðar til afgjalds. Jeg álít aðfinningar þm. sjeu ekki á nægum rökum byggðar; en eins og jeg hef tekið fram halla jeg mjer að brtill. þm. Hv., þó jeg sje þeim ekki fyllilega samþykkur, því jeg vil fyrir hvern mun ljetta nokkrum gjöldum af bændum á þessum árum.

Þorlákur Guðmundsson: Ef það er alvara að fá einhverju framgengt, þá er held jeg ráðlegast að halda sjer við þetta frv., en sleppa þessu 12 álna langa frv.; því mjer sýnist auðsætt, að mál, sem koma hjer eptir inn á þing og eru eins umfangsmikil og þetta mál er, sem fer fram á að breyta aðalskattamáli landsins, geti með engu móti gengið í gegn nema með hroðvirkni, svo þó það gengi hjeðan frá deildinni gegnum e. d., þá yrði það svo óvandlega úr garði gjört, að konungur ekki gæti staðfest það. Jeg álít því rjettast að geyma aðalmálið til næsta þings, því það er svo vandasamt, að jeg held að ekki veitti af þó þingið byrjaði á því strax og tæki það til meðferðar jafnframt fjárlögunum, því það er líka auðvitað, að þó að þinginu hafi farið talsvert fram í lagasmíði hin síðustu ár, þá er það þó ekki enn svo fullnuma, að það ekki þurfi að leggja sig fram í öðrum eins stórmálum og hjer er um að ræða. Í þessu máli þarf nákvæmlega að gæta þess, hvað þarfir og kringumstæður útheimta. Það er heldur engri loku skotið fyrir að aðalmálið fái framgang 1885, þó ekki verði gjört frekara nú. Það eru þvert á móti meiri líkindi til að svo verði, því að þetta er undirbúningur; nú er stigið spor fram á leið til framkvæmdar málinu. 2. þm. Nm. (B. Sv.) sagði, að það væri vilji hvers mannsbarns í Þingeyjarsýslu, að afnema ábúðarskattinn; getur verið, að það sje búið að koma þeim skoðunum inn hjá Þingeyingum; það eru einstakir menn sem hafa prjedikað það fyrir þjóðinni síðan hann var á lagður, að hann væri ranglátur; en jeg verð nú reyndar að efast um, að það sje nauðsynlegt, ef fastur skattur á að vera, að afnema hann, hvað sem Þingeyingar segja. Hvað brotareikninginn snertir, þá sje jeg ekki að neitt geti verið á móti honum; því kaupmenn leggja aldrei toll á staup, pela

eða potta. Jeg get ekki verið samdóma hinum h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) um að rjettara væri að afnema ábúðar- en lausafjárskattinn. Jeg skal taka t. d., að þeir sem búa á sjávar- og hlunnindajörðum, en hafa lítið eða ekkert misst; það er óvíðast að þær jarðir hafa af sjer gengið; en þá verða þeir gjaldfríir.

Eiríkur Kúld: Jeg hefði getað sætt mig við þessa brt., ef það hefði eigi gjört skoðun mín á ábúðar- og lausafjárskattinum. Jeg get vitnað það með hinum h. 2. þm. Nm. (B. Sv.), að þessir skattar eru alstaðar, þar sem jeg þekki til, þeir óvinsælustu skattar, sem til eru. Ábúðarskatturinn er í alla staði óeðlilegur og kemur mjög misjafnt niður, auk þess sem hann hefur svipt tíundartakendur rjetti, sem þeir áður höfðu; til dæmis, þær jarðir eru ekki fáar, einkum kirkjueignir, sem áður en skattalögin komu, voru lausar við tíund, og voru í þeim notum jafnvel dýrara leigðar; en jeg veit dæmi til þess, að með því að ábúðarskatturinn kom á þær, varð að lækka afgjaldið. Jeg verð að játa það, að það kann að vera nokkurt varhugamál, að kippa báðum þessum sköttum burt. hvað tekjumissinn snertir; en jeg verð þó að álíta það rangt af þinginu, að sýna ekki þessa tilslökun, þar sem aðrar þjóðir hafa gjört svo mikið til að ljetta á mönnum hjer þessu eptirminnilega harðæri. Hjer er þó ekki um hærri upphæð að gera, en einar 18.000 kr. (ábúðarskattinn), einkum þegar þessi ívilnun er að minnsta kosti fyrst um sinn bundin við fjárhagstímabilið. Þó að lausafjárskatturinn væri tekinn af einsamall, þá er það fyrir mjög marga sárlítil ívilnun og enda engin, nema fyrir þá efnuðu, sem mest lausafje tíunda, því að þeir, sem hafa misst mestallan bústofn sinn, hafa lítinn lausafjárskatt að borga. En ábúðarskatturþar á móti lækkar ekki við það, þó að minnki aflið til að bera hann. Jeg get ekki verið á sama máli og hinn h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) um þennan brotareikning, sem honum þótti svo varúðarverður; jeg held að það verði aldrei að neinum vandræðum.

Benidikt Sveinsson: Það var einungis eitt orð í ræðu hins h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) sem jeg vildi minnast á; það er orðið *mótsögn*. Hann kallar það mótsögn hjá mjer, að jeg vil með hækkun vínfangatollsins koma í veg fyrir ofdrykkju, en ætla mjer þó um leið að auka tekjur landssjóðs með þessari tollhækkun. Þessi «mótsögn» hefur þó að minnsta kosti staðið síðan þessi tollur var fyrst á lagður, og þm. var einmitt sá, sem kom fyrst með þetta, sem hann nú kallar mótsögn. Hver var þá ástæðan í *orði* og hver á *borði?* Ástæðan var í *orði*, að minnka ofdrykkju, en á *borði* varð aukning tekja landssjóðs. Er það, má jeg spyrja, meining h. h. þm., að löggjafarvaldið skuli nú *láta undan*, þegar það sjer, að lögin ná ekki þeim tilgangi, að minnka ofdrykkjuna? Er það meining þm., að þingið skuli standa upp og segja: «Jeg sje nú, að þið viljið ekki hætta að drekka, og get því ekki verið að pína ykkur lengur með þessum brennivínstolli». Nei, þvert á móti! Löggjafarvaldið á að *herða á* þessu bandi, í stað þess að slaka það eða leysa.

Hinn h. 1. þm. Á. (Þ. G.) var að tala um eitthvert 12 álna langt frumvarp. Hvaða frv. er það? Það vill nú svo illa til, að það frv., sem þm. líklega meinar, liggur hjer ekki fyrir til umræðu, svo jeg get ekki bent honum á, hverja kosti og ókosti það hefur til að bera. En það get jeg sagt honum, að í því frv. stendur ekkert annað, fyrir utan 1. gr., en áður gildandi lög. *(Tr. G.:* Þá er óþarfi að prenta þau upp aptur). Nei, það er ekki óþarfi. heldur er nauðsynlegt, að hafa þau lög öll á einum stað, í einni heild, og veitti jafnvel ekki af að leggja þau síðan út á ensku og jafnvel frönsku, því að opt kann að flytjast hjer að landi talsvert af vínföngum með t. a. m. frönskum og enskum strönduðum skipum; meira að segja verzlunarskipum. Hinn h. þm. var að tala um, að það dygði ekki «að hugsa of hátt». Er það að hugsa of hátt, þó maður ætlist til að menn þekki lög um tollheimtu? Mjer liggur við að segja, að jeg geti sannað, að hinn h. þm. sjálfur sje ekki of vel að sjer í þeim. Að því er snertir ummæli þm. um þessa 2 skatta, sem jeg nefndi áðan, þá má segja, að hjer «höggur sá, er hlífa skyldi», þegar hann fer að halda varnarræðu fyrir þessum óeðlilegu og ópolandi sköttum. Jeg skýt þessu áliti mínu um lausafjárskattinn og ábúðarskattinn til hans sjálfs, til deildarinnar, og til allra Íslendinga; þeir, sem mæla þessum sköttum bót, verða víst ekki margir!

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal ekki svara h. h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) mörgu. Jeg gat eins vel kallað þetta frv. 13 álna frv. eins og 12 álna, því að í því eru 13 atriði eða 13 greinir. Jeg meinti ekki annað með ræðu

minni áðan en það, að ef vjer aðhyllumst ekki þetta frv. sem hjer liggur fyrir til umræðu, þá fáum vjer engu til vegar komið á þessu þingi. Það er auðsætt, að verði nú farið að yrkja upp á nýjan stofn, þá er tíminn orðinn svo naumur, að því verður ekki aflokið á þessu þingi. Jeg hef aldrei haft móti, að afnema þá 2 skatta, sem þingm. minntist á; en jeg hef sagt og segi enn, að þeir eru ekki eins illa þokkaðir hjá almenningi eins og þm. lætur, og þar sem þeir eru verst metnir, kemur það af fortölum einstakra manna í blöðunum og annarstaðar. Jeg bæti því við, að þessir skattar eru í nánu sambandi hvor við annan, og húsaskatturinn, og jafnvel tekjuskatturinn verða þá að fara á eptir; því er þetta ekki minna en að breyta öllum skattalögum landsins.

Mig furðar ekki á því, þó að hinn h. 2. þm. Nm. (B. Sv.), sem er svo stefnufastur, haldi fast við, að hafa á móti ábúðarskatti; því jeg man það vel, að þegar skattamálið var hjer fyrir á þinginu 1877, þá var hann á móti öllu, sem aðrir vildu í því máli. En segi hann mjer eitt: hver er betur farinn, sá sem hefur jörð til ábúðar og afnota, t. a. m. 10 hundraða jörð, með 2 kúgildum, eða hinn, sem hefur jafnmörg hundruð í lausafje, en má hvergi hafa það nema milli himins og jarðar? Er ekki jörð og búskapur eða kvikfjenaður óaðskiljanlegir hlutir? Því það þarf fjenað til að nota jörðina og jörðina til að fóðra fjenaðinn. En að öðru leyti má hann skjóta því til allra Íslendinga; jeg mun óhræddur halda minni skoðun á þessu máli.

Eiríkur Briem: H. h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) skoðaði frv. þetta eins og yfirlýsingu um að afnema megi eigi ábúðarskattinn, en slíkt er alls eigi rjett. Frv. þetta hefur að eins inni að halda bráðabyrgðarákvörðun, sem miðar til þess að ljetta beinum gjöldum af bændum um næsta fjárhagstímabil. Ábúðarskatturinn kemur þessu frv. ekki við, hvorki til nje frá, og það er svo langt frá, að það sje yfirlýsing um að afnema skattinn eigi, að jeg enda hallast mjög að þeirri skoðun, að aftaka skattinn og leggja heldur tolla á vörur kaupmanna. En það er eigi tími til þess nú. *(B. Sv.:* Nógur tími). Nei, það er alls enginn tími til nú, að koma hinu frv. í gegn á þessu þingi; þar að auki er það eigi rjett að gjöra svo stórkostlegar og umfangsmiklar breytingar á sköttum landsins svo hastarlega, að flestum landsbúum fornspurðum. Þar sem h. sami h. þm. (B. Sv.) hjelt, að tollheimtan yrði erfiðari eptir þessu frv. en hinu, þá er það eigi rjett, því að það liggur í augum uppi, að það er hægra fyrir sýslumanninn að leggja $^1/_{10}$ hluta við alla tollupphæðina, en að þurfa að reikna tollinn út með óhentugri tölu fyrir hvern einstakan pott.

H. h. sami þm. (B. Sv.) kvað frv. vera samkvæmt gildandi lögum, en til hvers er þá að koma með það, sem þegar hefur gildi í lögum, og fara að lögleiða það á ný? Enn fremur verð jeg að geta þess, að tekjuaukinn, sem 2. þm. Nm. (B. Sv.) vill gjöra með tolli sínum, kemst eigi í samjöfnuð við þann tekjumissi, sem lsj. verður fyrir, ef lausafjár- og ábúðarskatturinn verður afnuminn, og því verður að hækka tollinn eða með einhverju öðru móti að sjá við því, að lsj. verði eigi fyrir svo miklum tekjumissi, sem annars liggur við. Þetta tek jeg sem dæmi upp á, hversu viðsjárvert og umfangsmikið þetta mál er, og það bið jeg h. h. þm. Nm. (B. Sv.). og alla aðra þingmenn um, að gá vel að því, að það er eigi tiltök enn, að koma jafnumfangsmiklu máli og lfrv. um afnám lausafjár- og ábúðarskattsins í gegn á þessu þingi, og þá þm., sem vilja ljetta gjöldum á landbúnaðinum, bið jeg því að athuga vel, að ef þeir neita þessu frv., þá gefa þeir tilefni til þess, að eigi verður unnt að ljetta gjöldum á bændum um næsta fjárhagstímabil.

Jón Ólafsson: Mig furðaði ekkert á orðum h. h. 1. þm. Á. (Þorl. G.), en mig furðaði þar á móti meira á orðum h. h. 2. þm. Hv. (E. B.). Þm. Á. hefur skoðað frv. frá n. frá sínu sjónarmiði; það er nú ekki svo hátt, að hann kæmist hærra, en að mæla það í álnatali; hann hefur enn þá eigi komizt að innihaldinu. Frv. frá n. er miklu umfangsminna en þetta frv., því það gjörir meiri breytingu við tollmál landsins. Það er og undarlegt, að vera með því, að afnema lausafjárskattinn um 2 ár; en ef það er hættulaust og rjettlátt að afnema hann um þann tíma, því þá eigi að afnema hann fyrir fullt og fast? Hitt leiðir einungis til þess, að fá þetta mál aptur inn á þing 1885, láta menn verja löngum tíma til þess af nýju, og er það undarlegt, að vera að gjöra sjer leik til þess, að draga málið sem lengst og eyða tíma þingsins. Þar sem sagt var, að þeir, sem væru á móti þessu frv., væri á móti öllum ljetti í gjöldum á

bændum, þá er slíkt alveg öfugt og rangt; það er vel hægt, að koma frv. frá n. í gegn enn þá. 2. þm. Hv. (E. B.) segir að þinginu 1885 muni veita ljett að breyta lögunum um þetta efni, en það er til mikils óhagræðis að samþykkja þetta frv. Jeg tel því bezt, að fella þetta frv. nú þegar og greiða svo veginn fyrir frv. n.

Forseti: Af því að menn hafa deilt um það, hvort frv. frá n. muni hafa nógan tíma til þess, að komast gegnum báðar þingdeildir, þá vil jeg leiða athygli manna að því, að slíkt er að vísu eigi óhugsandi, ef málið gengur með svo miklum hraða hjer í deildinni, sem unnt er, og síðan verði engar br. gjörðar á því í e. d. En geta menn búizt við þessu? Jeg held varla. Menn vita, að það er öllu til skila haldið, ef 3 umr. komast af á viku, og svo ef br. eru gjörðar í e. d., þá er útsjeð um að málið nái fram að ganga á þessu þingi.

ATKVGR.: Ný gr. frá 6 þm. (C 281) samþykkt með 14 atkv.

Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum og að fyrirsögninni breyttri samkv. brt. frá meiri hluta nefndarinnar (C 282) samþykkt með 15 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 7 nafndgreindra þingmanna. *Nei* sögðu: Halldór Kr. Friðriksson, Benidikt Sveinsson, Friðrik Stefánsson, Holger Clausen, Jakob Guðmundsson, Jón Ólafsson, Lárus Blöndal. Aðrir allir *já*, nema Arnljótur Ólafsson greiddi eigi atkvæði og var því atkv. hans talið með meiri hlutanum.

Frv. síðan sent e. d.

Tillaga til þingsályktunar um harðærismálið (C 277); síðari umr.

Eiríkur Briem: Jeg hef leyft mjer ásamt nokkrum öðrum h. þm. að koma með brt. við tillögu til þingsályktunar um harðærismálið, eins og hún var samþykkt við 2. umr. (C 304). Hin fyrsta br. miðar til þess að einskorða eigi rjettinn til útbýtingar nú í haust við helming kornsins, heldur megi taka nokkuð meira en helminginn, ef svo sýnist; þó liggur í tillögunni að nokkuð skuli þó geymast þangað til skýrslur eru komnar í vetur. Hin önnur fer fram á, að menn fái lánið nú þegar í haust, því að það er næsta áríðandi að menn fái lán svo snemma, að þeir þurfi eigi að skerða bústofn sinn, sem er orðinn svo lítill vegna fjárfækkunarinnar í fyrra haust; og það verður því sárara fyrir fólk, þar sem lítur út fyrir að menn hafi nóg hey í haust. Hin 3. brt. fer fram á, að lánið veitist einkum sveitabúendum. Þetta held jeg sje í fullri samkvæmni við það, sem kom fram við umræðuna um daginn. Menn vildu bæta hag þeirra, er liðið hafa við harðærið, og sem afleiðingarnar af harðærinu verða nú mest tilfinnanlegar. Þetta lán mun koma að mjög miklum notum; hjálpa mönnum til þess að reisa sig við áður en þeir eru fallnir í valinn. Og þetta verður einna bezt ráð til þess að koma í veg fyrir að þörf sje á hallærisláni, sem margir þm., og þar á meðal h. h. forseti, sýndu svo ljóslega fram á um daginn, að væru miklum vandkvæðum bundin og hreinustu neyðarúrræði. Menn verða að gá að því, að tölurvert er eptir af gjöfunum, og ef nú verður samþykkt að veita einstökum mönnum lán, og verja til þess 100,000 kr., þá er líklegt að þetta mundi nægja til að bæta úr hinum bráðustu þörfum; sem stendur er útlit fyrir, að harðindin sjeu rjenuð, og þess vegna er nú jafnframt áríðandi að veita fje til þess að fólk geti sem fyrst rjett við eptir hallærið.

Arnljótur Ólafsson: Jeg ætla mjer að eins að gjöra litla aths. við 3. tölul. þgsál. og brt. við sama tl. Efnið er þetta, að þingd. skorar á rg. Íslands, að hann verji 100,000 kr. af innskriptarskýrteinum viðlagasjóðsins í peninga, og veiti lh. heimild til að lána þá út með venjulegum kjörum og nægum tryggingum, og viðaukinn fer fram á, að lánið veitist einkum þeim sveitabúendum, sem þurfa að auka bústofn sinn. Jeg vil nú spyrja h. h. ustm., hvernig þeir hafa hugsað sjer þetta? Á þetta að vera hjálp í hallæri? Skilmálarnir eru þessir, að maður fær lánið með venjulegum kjörum og gegn nægum tryggingum. Þessi trygging verður sjálfsagt að vera fullt fasteignarveð. En hverjir geta sett þau veð? Eru það fátæklingarnir. Nei. Eru það miðlungsmenn? Nei, það eru einungis efnamennirnir, en þeir hafa vanalega nægan bústofn, og þurfa ekki að auka hann, en það eru einmitt fátæklingarnir, sem ekki hafa bústofn, er hjálparinnar þurfa. Jeg held því að hinir h. til-

lögumenn hafi eigi skoðað mál þetta nógu rækilega og vandlega. Það er allt öðru máli að gegna um till. h. h. lh., er jeg vona að hann taki upp aptur við 3. umræðu fjárlaganna. Í tillögu lh. er farið fram á að veita reglulegt hallærislán, sem getur komið öllum til góða, hreppum, sýslum og ömtum. Tillagan býður bæði lán og þá hjálp, að menn þurfa eigi að greiða vöxtu af láninu. Þá er önnur spurning, sem jeg vildi bera upp fyrir h. h. þdm. Ætla menn að veita 200,000 kr. vegna hallærisins, fyrst 100,000 kr. samkvæmt till. lh., og aðrar 100,000 kr. eptir 3. tölul. þgsál.? Jeg álít að eigi þurfi 200,000 alls; jeg held að ef till. h. h. lh. nær fram að ganga, þá þurfi eigi meira fje. Það eru um 10—11 þúsund heimili í landinu. Af þessum þarf fullur þriðjungur eigi lán, bæði sjáfarbændurnir og ýmsir bændur í sveitum, og þá einkum heimili í kauptúnunum. Verða þá eptir í mesta lagi frá 6000 til 7000 heimili, og ætla eg að eigi þurfi að lána þeim 200,000 kr. Ef þeir þyrftu svo mikið, þá mundu þeir aldrei geta borgað það aptur. En ef 100,000 kr. væru lánaðar, þá jeg hygg jeg það nærri sanni, með því að þá getur hvert heimili, sem þarf, fengið 16 til 20 króna lán, og þegar gjafirnar bætast við, þá tel jeg öllu óhætt. Jeg hika mjer því eigi við að fallast á till. h. h. lh., að mega úthluta meiru eða minna af 100,000 kr. vaxtalaus. Enn fremur vil jeg spyrja h. h. þm., hvað þeir hugsa sem vilja veita 200,000 kr. til lána? Hvað hugsa þeir um landsbanka? Ætla þeir að gjöra landsbanka alveg ómögulegan með atkvgr. sinni nú? En það gjöra þeir, ef þeir ætla að samþykkja báðar ust. En ef þeir ekki vilja báðar, þá verður að taka aðrahvora, og álít jeg að menn eigi því að fella þessa, því að hún kemur eigi við harðindunum í landinu, og er einungis til hags fyrir ríkismenn, en þeir þurfa sízt á hjálp að halda í harðindum.

Landshöfðingi: Jeg er á sama máli og hinn h. 1. þm. Ef. (A. Ó.), að tillaga n. að veita 100,000 kr. úr viðlagasjóði til að lána einstökum mönnum mót veðtryggingu geti ekki fullnægt því augnamiði sem jeg vil ná. Þetta fje gengur ekki til að afstýra harðærisvandræðum í landinu, sem upp á kynnu að koma, þó að jeg skuli játa, að það geti óbeinlínis bætt nokkuð úr ástandinu fyrir ekki svo fáum einstökum mönnum.

Mín ust,, sem jeg ráðgjöri að koma fram með við 3. umr. fjárl,. lýtur að hinu sama sem tillaga 1. þm. Ef., að stj. veittist heimild til að verja allt að 100,000 kr. af viðlagasjóði, ef brýna nauðsyn ber til þess að afstýra hallæri í landinu, með því að veita sýslunefndum og amtsráðum lán vaxtalaust til 11. júní 1885, en þá skuli alþ. gjöra ákvarðanir um afborgun og vexti framvegis. Slíkt lán með þessum kjörum er hið einasta, sem getur ráðið bót á vandræðunum. Geti viðlagasjóður risið undir því jafnframt að lána þessar 100,000 kr. til einstakra manna, þá er það auðvitað gott, en jeg efast um að svo mikið fje sje fyrir hendi í viðlagasjóði. Báðar ust., bæði mín og n., eiga rót sína í hallærinu; þess vegna verður að líta á, hvor þeirra getur betur náð tilgangi sínum, og þá er sá munurinn, að mín ust. fer fram á að bæta beinlínis úr vandræðunum, en hin ust. ekki nema óbeinlínis eða að nokkru leyti og á takmarkaðan hátt. Þegar svona stendur á, að þd. líklega verður að hafna annarihvorri ust., og hjer liggur ekki nema önnur þeirra fyrir til umræðu, þá vil jeg leyfa mjer að hreifa því við hina h. þd., hvort ekki sje ástæða til að fresta umræðunni, og gjöra eigi út um þessa till. fyr en 3. umr. um fjárl. er lokið, og fyrir er sjeð, hvernig fer um ust. mína. Það er ekki svo langur tími þangað til og ekki hætt við að till. n. verði útundan fyrir það hjá þinginu.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Jeg skal játa að þó að jeg hafi setið í n. og sje frsm. hennar, þá kann jeg þó betur við till. hins hæstv. lh., sem einmittá betur við ástandið en till. n.; sjáfsagt verður að velja þeirra í milli, því að efnahagur landsins leyfir víst ekki að samþykkja báðar, að minnsta kosti er varla svo mikið fje fyrir í viðlagasjóði að hægt sje að grípa til 200,000 kr. í einu. Mjer finnst því rjettast að verða við ummælum hins hæstv. lh. og gjöra ekki fullnaðarákvæði í þessu máli fyr en fjárl. hafa verið til 3. umr. og þm. hefur gefizt kostur á að samþykkja eða fella ust. hans.

Eiríkur Briem: Jeg skal játa, að þessi ust. n. er nokkuð annars kyns en ust. hins hæstv. lh., en jeg get ekki sjeð að hún komi í bága við ust. lh. Ust. n. vill bæta úr því sem nú er, en ust. lh. fer fram á að gjöra ráðstöfun fyrir því, sem upp á kann að koma. Þessar ust. geta því að eins komið í bága hvor við aðra, að efnahagur landsins leyfi ekki svo mikla útborgun á stuttum

tíma. Jeg hygg, þótt jeg sje ekki fullkunnugur fjárhag landsins, að þó að þessi ust. sem hjer liggur fyrir, verði samþykkt, þá sje ekki þar með loku fyrir skotið að ust. lh. geti orðið framkvæmd. Jeg hygg að fyrir utan innskiptarskýrteini viðlagasjóðs sje töluvert fje til í lsj., og sem er ekki lánað til einstakra manna, því að töluverður afgangur hlýtur að vera frá árinu 1882. Jeg legg sjerstaklega áherzlu á það, að það er sitt hvað að gjöra ráðstafanir til að bæta úr þörfum, sem nú eru, og að gjöra ráðstafanir til að ráða fram úr vandræðum, sem upp á kunna að koma. Þess vegna álít jeg ekki að ust. n. þurfi að koma í bága við ust. lh., og megi því vel ræðast og vera útkljáð nú þegar.

Landshöfðingi: Jeg álít að það sje mjög áríðandi að ust. mín sje samþykkt eptir þeirri kynningu, sem jeg hef á ástandinu, en álít í annan stað að það geti spillt fyrir ust. minni, ef þessi ust. n. yrði nú þegar samþykkt. Þess vegna vil jeg leggja til að umræðunum sje frestað þangað til að sjeð verður fyrir forlög ust. minnar við 3. umr. fjárl.

Arnljótur Ólafsson: Jeg leyfi mjer þá að gjöra till. hins hæstv. lh. að minni ust. Mjer gengur það og til þess, að jeg get ekki fallizt á skoðun hins h. 2. þm. Hv. (E. Br.) Ust. sem hjer liggur fyrir og ust. lh. hljóta þó að grípa yfir sama tíma.

Síðan var það sþ. m. 12 atkv., að umræðunum skyldi frestað.

Frumvarp til laga um samþykkt landsreikninganna 1878 og 1879 (C 1); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg vona að skoðun n. sje ljós af nefndarálitinu (C 180). Jeg skal eigi fara út í hin einstöku atriði sem eru 3 talsins, heldur geyma það til 2. umr. Hjer liggur að eins fyrir landsreikningamálið árin 1878 og 1879; jeg tek það fram, því að fjáraukalög um hið sama tímabil eru að eins afleiðing af landsreikningamálinu.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að láta í ljósi þá skoðun mína, að n. hafi sýnt mikla sanngirni í meðferð þessa máls í heild sinni; en hvað hin einstöku atriði snertir, þá gefst mjer kostur á að tala um þau við 2. umr.

Grímur Thomsen: Jeg hef ef til vill nokkuð aðra skoðun en hin heiðraða n., og vona jeg að hún fyrirgefi mjer það sem endurskoðunarmanni. Hin h. n. ræður til að gefa þessar gömlu 500 kr., eptir af þeirri ástæðu að maðurinn sem þeirra hefur notið sje þeirra svo maklegur og hafi verið svo varfærinn og sparsamur á landsins fje. En jeg verð enn að vera á þeirri skoðun, að það komi alls ekki þinginu eða hinu löggefandi valdi yfir höfuð við, hvort fjenu er eytt af varfærnum og sparsömum manni, eða einhverjum eyðslusegg; hitt er merguinn málsins, að þessu er eytt fram yfir veitinguna á fjárl. Stj. hefur og tekið þetta fje af þeim gjaldlið, þar sem sízt er þörf á umframgreiðslu; það er nefnilega styrkurinn til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, og er henni því engin vorkunn. Stj. er aptur á móti meiri vorkunn, þar sem ekki er hægt að sjá fyrir, eða reikna út, hvað mikið þurfi, þó að hún þá bruki meira fje en veitt er. Jeg styrkist og í þessu máli, þegar jeg sje stj. eigin skoðun, að minnsta kosti þá skoðun, sem hún hefur haft. Jeg hef það fyrir mjer svart á hvítu í brjefi kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi um rjettan skilning á fjárlögunum. Brjefið er frá 26. sept. 1861 og allir geta lesið það í Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands. Þá var stj. strangari en hún er nú, enda var þá ekki kominn aðskilnaðurinn á fjárhagnum. Þá var umframgreiðslan þó ekki nema 1 rd. og 24 sk. og um það segir stj., að óleyfilegt sje að brúka meira en veitt er í fjárl. á nokkrum um gjaldlið. Stj. endar þetta brjef sitt með því, að það sje vitaskuld að eigi megi fara fram yfir það sem er ákveðið í fjárl. nema brýna nauðsyn beri til þess Þessari skoðun stj. ætti þingið að fylgja. Hafi þetta verið rjett 1861, þá er það ekki síður rjett árið 1883, eptir að fjárhagurinn er aðskilinn. Stj. getur ekki verið það ógeðfellt að fylgja reglum sem hún sjálf hefur sett, svo að ekki sje brúkað fram yfir annað en það sem er óhjákvæmilega nauðsynlegt *(Forseti:* Það er 1. umr. málsins). Þetta er ekki nema almenn athugasemd. Jeg skal og benda þinginu á, að ein af þeim upphæðum, sem farið er fram á, er þess eðlis, að hún heyrir undir úrslit dómstólanna, og er þess vegna ekki rjett af þinginu, að taka fram fyrir hendurnar á dómstólunum og ákvarða hana með lögum.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson):

Jeg skal lofa hinum h. þm. Bf., að taka athugasemdir hans til greina við 2. umr., en það á eigi við að gjöra það nú. Jeg ætla þá og að biðja hann svo vel gjöra, að skýra mjer frá því, hvort það eru þessar 500 kr. til Feilbergs, sem að hans áliti hafa valdið ofgreiðslunni.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1878 og 1879 (C 7, nefndarálit C 180); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafson): Þetta frv. er að eins áframhald og afleiðing af landsreikningamálinu 1878—1879 og er því sjálfsagt að vísa því til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Fertugasti og annar fundur, laugardag 11. ágúst kl. 12—3. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hinn lögákveðni þingtími væri nú útrunninn og þætti sjer því hlýða að gefa þd. stutt yfirlit yfir mál þau, er hún hefði haft til meðferðar; 38 frv. hefðu komið fram í þessari d. frá einstökum þm., 9 frá stjórninni og 14 frá e. d. Alls 61 frv. Þar af væru 26 afgreidd; felld eða tekin aptur 9; eptir 26. Af þessum 26 væru sum komin nokkuð á leið, sum til 1. umr., en allur fjöldinn óhreyfður; það væri sjálfsagt ósk þd. að fá þingtímann lengdan, svo lokið yrði við hin nauðsynlegustu mál; kvaðst hann því snúa sjer til lh. með þá ósk sína og þd., að hann vildi lengja þingtímann svo sem með þyrfti, til þess að hinum helztu málum yrði lokið.

Landshöfðingi gat þess, að hann, samkvæmt ósk þd. og eptir þeirri heimild er hann þar til hefði, vildi fallast á að þingið hjeldi áfram störfum sínum fyrst um sinn og kvaðst þannig lengja þingtímann til 26. ágúst.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1884 og 85 (C 309); 3. umr.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Brt. þær, sem hjer liggja fyrir, eru ekki margar nje verulegar, en flestar smáatriði, sem ekki breyta principi n. Jeg skal því ekki vera margorður, en drepa með fám orðum á nokkrar þeirra. Það er þá fyrst vtill. við 4. gr., um að bæta við þeirri athugasemd, að lánunun gegn veði í Laugarnesi og laxveiðinni í Elliðaánum skuli segja upp (C 316). Jeg get nú með engu móti sjeð, að þess konar uppástunga eigi við í fjárlögunum. En mjer finnst, að ef þinginu þætti það svo mikilsvert, að þessum lánum yrði sagt upp, þá þyrfti að gjöra það sjerstaklega með áskorun til umboðstjórnarinnar í þingsályktunarformi. En jeg get heldur eigi sjeð, að nein ástæða sje til þessarar uppsagnar. Ef þingið ætti að gjöra nokkuð, yrði fyrst að vekja athygli umboðsstjórnarinnar á því, hvort veðið væri nægilegt. Og ef svo þ. væri hrætt um, að veðið væri ónógt, ætti það að skora á umboðsstjórnina, að segja láninu upp; en að segja láninu svona upp, getur ekki gengið. Þm. Bf. (Gr. Th.) talaði um við 2. umr., að Laugarnes sýndist ónógt veð fyrir 3600 kr.; en jeg get gefið þingmanninum upplýsingu um, að ekki einungis Laugarnes, heldur einnig Kleppur stendur í veði fyrir þessum 3600 kr., þannig, að Kleppur er veðsettur fyrir 1000 kr. og Laugarnes fyrir 2600 kr. Skyldi nú ekki þetta veð álítast tryggilegt, er það umboðsstjórnarinnar að rannsaka það. Sama er að segja um Elliðaárnar, og jeg get bætt því við, að jeg veit ekki betur, en að þessi veðsetning sje byggð á konungsúrskurði, sem ákveður, að nokkur hluti af söluverði Elliðaánna skuli standa inni hjá kaupanda með veði í ánum. *(J. Ó.:* Um aldur og æfi?). Það verður þá að nema konungsúrskurðinn úr gildi með lagaboði. Jeg get líka bætt því við, sem jeg reyndar veit að þm. Bf. (Gr. Th.) man, að þ. einu sinni fjekk ávítur fyrir að taka burt gjöld, sem konungsúrskurður var fyrir.

Ust. h. h. lh. um heimild til að verja 100 þús. kr. af viðlagasjóði til hallærisláns (C 316) getur nefndin ekki fallizt á, og jeg skal taka það fram bæði í nafni n. og jeg vona fleiri deildarmanna *(Margir:* Nei!) að hún er óþörf. Ef í nauðir rekur hefur stjórnin heimild til upp á væntanlegt samþykki þ. að grípa til viðlagasjóðs.

Viðvíkjandi brt. við 10. gr. C, 4 (C 316), þá hefur n. slakað nokkuð til við þm. Bf. (Gr. Th.) og þm. Ef. (A. Ó.), og sætt sig við þá ákvörðun, að landshöfðingi úthluti helmingi af styrk þeim, sem veittur er, til

búnaðar að hálfu milli búnaðarfjelaga eptir tillögum amtsráða, en að hálfu milli búnaðarskóla. Jeg vona því að h. h. þm. verði ánægður.

Svo er næsta brt. við 12. gr. um hækkun á launum póstmeistarans (C 317), og skal jeg eigi tala neitt um hana, og eigi mótmæla henni, ef þingdeildin er einhuga samþykk þessari hækkun.

Svo kemur brt. við 13. gr. um uppbót handa Stóruvallaprestakalli (C 317). N. gat ekki verið þeirri till. samþykk, því hún áleit að bráðabyrgðaruppbót sú, sem brauðunum er ætluð, væri svo rífleg, að hægt væri að bæta við þetta brauð af bráðabyrgðartillaginu, ef þess væri þörf; eins og líka jeg verð að vera á því, að ekki eigi við að gjöra neina breytingu á þessu brauði fyr en prestakallalögin í heild sinni væru endurskoðuð, því það virðist ljóst, eptir þeim bænarskrám og umkvörtunum sem til þ. koma að dæma, að eigi muni þess langt að bíða, að breyta verði lögum þessum, og virðist þá fara bezt á því, að þau væru tekin fyrir öll í einu. Sama er að segja um Dvergastein. Nú eru ætlaðar 5000 kr. til bráðabyrgðaruppbótarinnar í fjárlögunum og er því hægt að veita brauðinu af þeirri upphæð og það því heldur sem ekki er ólíklegt, að eitthvert af þeim brauðum, sem þessi bráðabyrgðaruppbót er ætluð, muni losna og þannig ljetta af henni. Alveg sama er nú að segja um Húsavík. Það var talað um, að hús og staður hefði verið svo niðurnítt, þegar hlutaðeigandi prestur tók við; en jeg held það sje þá ekki landssjóður, sem á að borga. Presturinn á auðsjáanlega aðgang að fráfaranda. En væri það samt rjett að veita einhverja upphæð, færi bezt á að hún væri veitt eitt skipti fyrir öll. Svo kemur þessi brt. við 13. gr. B. III c. 5. (C 317) nefnil. að lækka ölmusur hins lærða skóla. Jeg skil ekki ástæðurnar fyrir þessari brt. einmitt nú þegar þing og þjóð talar svo mikið um framfarir og menntun, því þetta er sannarlega ekki til að efla menntun, að færa ölmusurnar niður. Þessar ölmusur eru orðnar svo gamlar. Þær eru ekki annað en það, sem var á Hólum og í Skálholti, og að fækka þeim, væri því að breyta gömlu fyrirkomulagi. Hvernig væri hægt að finna ástæðu til þess? Það er kvartað yfir, að foreldrar eigi örðugt með að koma sonum sínum í skóla, og jeg skil þá ekki hvers vegna ekki má ljetta dálítið þessa örðugleika, ef hlutaðeigandi piltar eru maklegir. Mjer skilst að lækkun in eigi að haldast í höndur við lækkunina á barnaskólastyrknum og ef til vill hverfa á endanum. Jeg er hræddur um að þetta verði ekki vinsælt.

Svo kemur enn önnur brt. við sömu gr. V. b. (C 317) um hækkun á styrk til barnaskólanna. Þessi tillaga er nú andstæð við hina áðurnefndu brt. um ölmusurnar. Mjer finnst þessi brt. borin saman við ályktanir þ. 1881 lýsa heldur lítilli staðfestu.

Viðvíkjandi brt. um Flensborgarskólann (C 317) vil jeg taka það fram, að það lítur svo út, eins og skilyrðið næði ekki heldur til hinna alþýðuskólanna. N. fannst ekki ástæða til, að skilyrðinu væri sleppt við aðra skóla en Flensborgarskólann.

Svo er brt. við 15. gr. um hækkun á eptirlaunum handa frú Valgerði Ólafsdóttur og ekkjufrú G. Brynjólfssonar (C 317). En á það ætla jeg ekki að minnast. Svo hefur nefndin bætt 3 ekkjum aptan við 15. gr. (C 317). Þetta virtist n. nauðsynlegt, bæði af því, að ekkjur þessar njóta eptirlauna ekki eptir neinum lögum, öðrum en fjárlögunum, og svo af hinu, að sú veiting nær að eins yfir fjárhagstímabilið. Þetta þótti n. rjett að tiltaka nákvæmar, jafnvel þótt lh. 1881 ljeti í ljósi, að þessa væri í rauninni ekki þörf, þar veitingin yrði að álítast sem sjálfsögð. En ef þessu er viðbætt, þá er allur efi horfinn. Svo kemur brt. við 16. gr. um skiptingu á þóknun til 3 lækna í Dalasýslu, á Seyðisfirði og Akranesi (C 317). Eins og þd. man var við 2. umr. samþykkt, að hver þessara lækna skyldi fá 800 kr., og mjer virðist það eitthvað óeðlilegt, og sjálfu sjer ósamkvæmt, að vera að hnitmiða þetta svona niður; en með því að aðalupphæðin er hin sama, legg jeg ekki svo mikla áherzlu á þetta. Það má mæla bæði með og móti að setja hærri borgun til læknis í Dalasýslu. Hjeraðið er stærst, fólkið flest og praxis því mest; aptur er þörfin þar meiri, því Dalasýsla er eins og jeg áður hef sýnt fram á hjer á þinginu alveg læknislaus, þó læknir sje í Stykkishólmi og í Bæ við Króksfjörð, og væri því rjettast að setja þar fastan lækni. En nú sem stendur virðist mjer rjettast að láta tölurnar halda sjer, eins og þær voru við 2. umr. samþykktar.

Þá kemur enn brt. við 16. gr. um ferðastyrk handa kandídat (C 317). Jeg vil leyfa mjer að spyrja, hver er þessi kand-

ídat? Meðan engin upplýsing er um, hver þessi kandídat sje, getur n. ekki verið með þessari brt. En það getur vel verið að öðru máli væri að skipta, ef sagt væri, hver hann er.

Svo kemur enn brt. við 16 gr. um að lækka styrkinn til verklegra og vísindalegra fyrirtækja niður í 4000 kr. (C 318). Það kynni nú að sýnast nóg að veita 4000 kr., þegar svona mikið er veitt tilteknum mönnum til ákveðinna fyrirtækja, en jeg held þó að varla sje gjörlegt, að setja upphæðina meira niður, ef eitthvað skyldi koma fyrir, sem væri þess vert að fje væri veitt til, t. d. ef senda þyrfti menn á sýning til útlanda.

Svo er hjer viðaukatill. við 17. gr. um að eigi megi greiða af óvissum útgjöldum ferðakostnað til embættismanna eða embættismannaefna (C 318). Mjer finnst vera mikið komið undir, hver ferðakostnaðurinn er. Það er mikill munur á 800 kr. og 200 kr.

Loks kemur viðaukatillaga um spítalann (C 317). Við vildum hliðra til og settum 15 þús. í stað fyrir 20, og hugsuðum að með þessum 15 þús. og því fje sem til er mætti þó fá upp haganlegan spítala, til bráðabyrgðar, sem væri nokkurn vegin viðunandi. Það verður raunar ekki mikið hús fyrir 30 þús. kr., en mundi þó duga ef laglega væri að farið. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira, en verð að treysta því, að deildin samþykki þetta.

Landshöfðingi: Jeg ætla að minnast með fám orðum á þær tvær viðaukatillögur sem hjer eru á atkvæðaskránni frá mjer. Hin fyrri er um, að stjórninni veitist heimild til að verja 100 þús. kr. af fje viðlagasjóðsins á þann hátt sem nákvæmar er tiltekið. Jeg skal að því er hana snertir geta þess, að mig furðar á, að h. h. frsm. (H. Kr. Fr.) skyldi leggja móti henni, einkum vegna ástæða þeirra, sem hann byggði mótbárur sínar á. Hefði n. álitið, að stjórnin alls eigi ætti að hafa heimild til að grípa til þessa fjár, gæti jeg skilið mótbárur h. h. þm. En hann tók fram, að stjórnin hefði þessa heimild og þess vegna væri uppástungan óþörf; það mundi ekki verða gjörð gildandi nein ábyrgð gegn stjórninni, þótt hún, ef með þyrfti, gripi til fjársins. Um þetta atriði get jeg verið honum samdóma; en jeg verð samt að halda því fram, að það sje rjettara fyrir stjórnina að leita þessa samþykkis nú þegar, fyrst á annað borð tækifæri er til þess, heldur en fá það síðar, ef svo skyldi fara að mikil útgjöld yrðu óumflýjanleg. Nú er þingið saman komið og tækifærið til að leita samþykkisins því til staðar. Væri það nú ekki eðlilegra að þingið segði, þegar farið væri fyrst eptir á að leita samþykkisins: Því hefur stjórnin greitt þetta fje án leyfis þ.? því var samþykkis þess ekki leitað þegar tækifæri var til þess? Mjer finnst jafnvel að það væri ástæða til fyrir þ. að segja þetta. En hvað sem þessu líður, jeg vona að h. h. þd. fallist á tillögu mína, þar eð hún að efninu til er samkvæm skoðun d., þótt hún í forminu kunni að vera nokkuð frábrugðin.

Jeg skal svo í annan stað minnast á brt. sem jeg kom með við 15., gr. í þá átt að færa eptirlaunaupphæðina upp úr 45 þús í 56 þús. Ástæður þær, sem hafa komið mjer til þessarar hækkunar, eru þær, að í fjárln.frv. var upphæðin eins og kunnugt er sett 45 þús. og í stjfrv. 50 þús., en í hvorugu frv. var tekið tillit til eptirlauna uppgjafapresta samkvæmt lögum 27. febr. 1880. Jeg get verið því samþykkur, að eptirlaunaupphæð stjórnarinnar þoli nokkra lækkun. Og það getur að vísu haft nokkra þýðingu, þó hjer sje reyndar að ræða um áætlun en ekki veitingu og allt komi á sínum tíma í sama stað niður, að því er útborgunina snertir, að farið sje sem næst því rjetta, því við það verður afgangurinn ákveðinn með meiri nákvæmni. Jeg get vel ímyndað mjer að það verði nærri sanni að eptirlaun til verzlegra embættismanna svari þessum 45 þús. En þar við verður að bæta eptirlaunum presta. Eins og jeg áður hef skýrt h. h. fjárlaganefnd frá, nema þessi gjöld rúmlega 4200 kr. á ári; þetta tvöfaldað verður hjer um bil 8500 eða 9000 kr. Lög um eptirlaun presta eru ung og þess vegna ekki farin að verka með fullum krapti, enn og byrði sú sem þau baka landssjóði verður því að öllum líkindum meiri framvegis. Jeg hefi við nákvæmari yfirvegun komizt til þeirrar niðurstöðu, að útgjöld þessi muni á ári baka landssjóði hjer um bil 5500 kr. kostnað, eða hjer um bil 11000 kr. fyrir fjárhagstímabilið. Fyrir því hef jeg komið með þessa brt. um hækkun. Hjer er, eins og jeg benti á, ekki um fjárveiting heldur um áætlun að ræða, sem að eins hefur þýðing fyrir afganginn og jöfnuð reikninganna.

Jeg skal svo snúa máli mína að hinum öðrum brt. Jeg er að því er snertir vtill. v. 4. gr.

um uppsögn á lánum þeim, sem þar eru nefnd, samdóma hinum h. h. þm. Rvk. um að ákvörðunin um þessar uppsagnir eigi ekki heima í fjárlögunum, og að miklu viðkunnanlegra hefði verið, að þessi áskorun, ef hún álitist svo nauðsynleg, hefði komið fram í þingsályktunarformi.

Snertandi brtill. við 10. gr. C. 4., um að helmingi af styrk þeim, sem ætlaður er til eflingar búnaði, skuli skipt þannig, að helmingnum úthluti landshöfðingi að hálfu milli búnaðarfjelaga að tillögum amtsráða, en að hálfu milli búnaðarskóla, þá hef jeg að vísu ekki mikið á móti þessari ákvörðun í sjálfu sjer; en auðsjeð er, að eptir þessu fá sumir landsfjórðungar öðruvísi hlutdeild í þessum styrk, en verið hefur. Þannig færi t. a. m. suðuramtið, sem engan búnaðarskóla hefur, á mis við þennan styrk, og væri það enginn jöfnuður.

Brtill. við 12. gr., sem lýtur að hækkun á launum póstmeistarans, verð jeg að vera meðmæltur, því jeg hlýt að álíta, að laun hans, þegar þau eru miðuð við störf þau og ábyrgð, sem þessu embætti er samfara, sjeu allt of lítil, og virðist því mjög eðlilegt og sanngjarnt, að till. verði tekin til greina. Einnig verð jeg að fallast á brtill. viðvíkjandi Stóruvallaprestakalli; þar sem hinn h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) hefur lagt móti brtill. þessari af þeirri ástæðu, að bíða ætti eptir endurskoðun prestakallalaganna, vil jeg taka það fram, að hvorki er vissa fyrir því, að endurskoðun þessi fari fram á næsta fjárhagstímabili, nje heldur nær fjárveitingin lengra en yfir það, nema nauðsyn beri til.

Mig furðar mjög á brtill. við 13. gr., B. III. c. 5., um að færa niður ölmusurnar við hinn lærða skóla. Þessari brtill. veldur víst ókunnugleiki og ónærgætni um þarfir hlutaðeigenda. Þeir, sem veita eða útbýta ölmusum hins lærða skóla, geta um það borið, að þörfin fyrir ölmusurnar er mikil, og geta ekki verið í vafa um það, hversu nauðsynlegt það er, að veita skólapiltum styrk, og það þótt meiri væri en sá, sem nú er. 1864 var ákveðið, að ölmusurnar skyldu vera sömu sem þær eru nú, og þó voru skólapiltar þá miklu færri en þeir eru nú. Þessi hækkun orsakaðist af bænarskrá frá alþingi 1861, er fór fram á, að ölmusunum yrði fjölgað þannig, að þær yrðu eins margar og þær voru í Skálholti og á Hólum, og þessa bæn tók ríkisþingið til greina, og veitti fjeð. Nú vil jeg spyrja: Eru nú kringumstæðurnar breyttar? Að nokkru leyti er það svo, því nú eru skólapiltar meira en helmingi fleiri en 1861. En er þá þessi breyting ástæða móti minni skoðun? Nei, þetta er sterk ástæða með ölmusunum. En er þá velmegun landsmanna meiri nú, en þá? Þvert á móti. Allir játa, að nú sje þannig ástatt, að sízt muni henta að minnka styrkinn. Jeg vona þess vegna fastlega, að deildin felli þessa ust.

Þar sem farið er fram á, að styrkur handa barnaskólum verði hækkaður, virðist mjer full ástæða til að taka það til greina, þar það og er samkvæmt stj.frv.

Þá skal jeg viðvíkjandi brtill. við 16. gr., um laun til aukalækna og sundurliðun á þeim, geta þess, að mjer finnst ekki ástæða vera til að gjöra í þessu efni greinarmun, og er jeg því í þessu tilliti samdóma h. h. þm. Rvk. Mjer virðist það sanngjarnara og samkvæmara hinum lögunum um laun lækna, að laun þessara aukalækna sjeu jöfn. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að mjer virðist þessi ákvörðun ætti betur heima í 12. gr.; en undir því er ekki mikið komið.

Eins og þm. Rvk. (H. Kr. Fr.), verð jeg að vera á því, að ust. um ferðastyrk erlendis handa einhverjum kandídat sje nokkuð óákveðin, þó það sjálfsagt væri gott, að geta veitt slíkan styrk, ef sjerstakar kringumstæður mæltu með. Þar sem sú vtill. er við 17. gr., að eigi megi greiða ferðastyrk embættismanna af þessum gjaldlið, þá mun meiningin vera sú, að ekki megi greiða ferðastyrk til þess, að taka að sjer embætti; en snertir víst ekki 10. gr. C. 9. Við þessa ákvörðun get jeg ekki fellt mig, því það virðist sanngjarnast, eins hjer eptir sem hingað til, að greiða þennan ferðastyrk, og jeg vona, að ust., sem í fjárhagslegu tilliti ekki er þýðingarmikil, verði ekki tekin til greina. Um lækkun þess fjár, sem ætlað er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, er það álit mitt, að þetta fje ætti ekki að færa niður úr því, sem stj.frv. hefur sett, ef annars nokkuð á að veita. Það er ekki mikið fje, 6000 kr., og helmingi minna en 1881; en jeg læt það samt vera, fyrst aðrar fjárveitingar hafa verið gjörðar sjerstaklega á þessum gjaldlið.

Jeg skal loks geta þess, viðvíkjandi brtill. við 15. gr., að jeg álít, að upphæðir þær, sem ætlaðar eru ekkjum þeim, sem

þar eru nefndar, ekki megi vera minni en farið er fram á í brtill. Annars geta þær ekki kallast verulegur styrkur, og það er þó meiningin, að styrkurinn muni nokkru fyrir ekkjur þær, sem hann er veittur.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Viðvíkjandi eptirlauna- og styrktarfje, þá fjellst fjárlagan. á að auka það að nokkru eptir ust. hins h. lh.; hún hafði áður áætlað það 45000 kr., en þegar hún nú vill veita 5000 kr. í viðbót, þá get jeg eigi annað skilið en að það nægi. Nú ganga til eptirlauna og styrktarfjár rúmar 18400 kr. á ári eða næstum 37000 kr. á fjárhagstímabilinu, og jeg sje eigi ástæðu til að það muni verða meira framvegis; því að þótt nokkrir kunni að bætast við, þá deyja aðrir í þeirra stað, og því get jeg eigi sjeð að þingið þurfi að ætla meira til þess en 5000 kr. í viðbót við þá upphæð, sem n. áætlaði í fyrstunni; en að fara að bæta 6000 kr. enn þá við til vonar og vara, það get jeg eigi sjeð, að sje til annars en að hamla því, að þingið veiti það fje til einhverra nauðsynlegra og nytsamra fyrirtækja, og jeg verð að mótmæla brt. hins hæstv. lh. um að hækka þessa gjaldagrein upp í 56000 kr., sem allsendis óþarfri, því að það er hreinn og beinn óþarfi að gjöra ráð fyrir meiri breyting á henni, en að 5000 kr. nægi til þess að standast þau ófyrirsjáanleg útgjöld, sem fyrir kynnu að koma. Jeg verð því að mæla með því að þessi brt. hins hæstv. lh. verði felld.

Jakob Guðmundsson: Hvað snertir vtill. v. 4. gr. um að segja upp lánunum úr viðlagasj. gegn veði í Laugarnesi, þá þykir mjer ólíklegt að ustm. hafi verið kunnugt, að Kleppur hafi verið innibundinn í veðinu. Hvað hina skuldina snertir, sem laxveiðin í Elliðaánum er veð fyrir, þá vakti það fyrir ustm., að það veð sje að því leyti orðið rýrara en áður, að nú er það útkljáð með hæstarjettardómi að ekki megi þvergirða Elliðaárnar, og virðist því laxveiðin orðin miklu óvissari fyrir Ártúns og Bústaðalandi en áður, meðan þvergirðingarnar áttu sjer stað. Hvað laun póstmeistarans snertir, þá er embætti hans svo vandasamt og ábyrgðarmikið embætti, að hann virðist ekki vera hátt launaður, þótt hann fengi 2400 kr. Hvað ölmusurnar við hinn lærða skóla snertir, þá getur árangurinn af ofmörgum ölmusum orðið ofmikil aðsókn að latínuskólanum. Ustm. álitu, að ofmargir sæktu að latínuskólanum í samanburði við tölu landsmanna, og að af því leiddi aptur, að of fáir sæktu að hinum öðrum skólum, gagnfræða- og alþýðuskólum, og þegar ofmikið er af einhverju, eins og orðið er af latínunáminu, þá á að minnka það, og því verður ekki neitað, að 130 piltar í latínuskólanum sýnist vera heldur mikil aðsókn í samanburði við fólksfjölda í landinu, og þegar þess er gætt, að af þessum fjölda heltast opt helzt til margir og dragast aptur úr lestinni, og enda það orð leikur á, að þeim sje ekki sem bezt stjórnað, þá virðist full ástæða til að reyna að hepta þessa aðsókn að nokkru, því að það er sannarlega of mikið af latínulærdómi og of lítið af alþýðumenntun. Hvað snertir ust. lh. um að færa eptirlauna- og styrktarfjeð upp úr 45000 kr. upp í 56000 kr., þá skal jeg geta þess, að mjer finnst ástæða til að glöggva sig á því, að hvort sem þessar upphæðir eru hærri eða lægri, þá verður fyrir það hvorki borgað meira eða minna á fjárhagstímabilinu, og þar sem það hefur verið tekið fram, að 45000 kr. mundu nægja, þá sje jeg ekki ástæðu til að færa þessa áætlun hærra en upp í 50,000; því að þótt mögulegleikar sjeu á því, að þessi útgjöld verði meiri, þá hefur stj. heimild til þess eptir gildandi lögum, að greiða það fje, sem á kynni að vanta. Hvað snertir brt. um laun til 3 praktíserandi lækna, þá tók frsm. það fram, hvað Dalasýslu snerti, að það væri óumflýjanlega nauðsynlegt, að hún væri gjörð að sjerstöku læknishjeraði; en úr því það er ekki gjört, þá mælir mjög mikið með því að veita svo mikið fje til praktíserandi læknis þar, að líkindi sjeu til að þangað fáist læknir. Þótt nú í Dalasýslu og Bæjarhrepp að samanlögðu sje meiri mannfjöldi en á hinum öðrum stöðum, sem hjer er um að ræða, þá er það svo víðlent svæði og strjálbyggt, að ekki er líklegt að praktíserandi læknir fái þar eins mikil aukalaun eins og á Seyðisfirði og Akranesi, því menn vita, að þar sem þjettbýlt er, í bæjum og í sjóplássum, er miklu meiri aðsókn að læknum en upp í sveitum, þar sem strjálbyggt er. Þar sem skammt er að sækja til læknis er farið til hans með hvern smákvilla, en þar sem langt er til hans að sækja er ekki farið til hans nema með stórkostlega sjúkdóma. Hvað snertir þennan 2000 kr. styrk handa einum íslenzkum kandídat, þá er sú ust. mjög skynsamleg, og því verð jeg að vera með henni,

og þótt hún sje nokkuð óákveðin, þá dettur mjer í hug, að auk þess sem lögfræðingum mundi nauðsyn á að fá tækifæri til að búa sig undir lagakennslu við hinn tilvonandi landsskóla, þá væri nauðsynlegt að geta veitt styrk einhverjum kandídat, sem tekið hefði próf í læknisfræði, því að það er máske brýnust nauðsyn á fyrir þá að fara utan og ganga þar á sjúkrahús, og æfast enn betur en hjer er kostur.

Þórður Magnússon: Jeg er einn af þeim, sem hef skrifað undir ust. um fjárveiting til barnaskólanna, að hún skyldi vera jöfn bæði árin. Þingið tók þá stefnu 1881 að veita fje til barnaskóla þangað til alþýðuskólar væru komnir á, en nú eru þeir eigi komnir á fót enn þá, og því vil jeg halda þessari fjárveiting allri og láta hana vera jafna fyrir bæði árin. Barnaskólar eru líka margir í barndómi enn og því er æskilegt að þeir fái að halda þeim styrk, sem þeir hafa gert sjer von um, því að annars gæti svo farið, að sumir þeirra dyttu úr sögunni, og það væri mjög illa farið. Hvað snertir brt. lh. um þessar 100,000 kr., þá hefur orðið misskilningur um þær hjer í d., því að n. í harðærismálinu var alveg á sömu skoðun og lh., að stj. ætti að fá þetta fje til umráða, til þess að grípa til, ef á þyrfti að halda; en svo kom brt., sem breytti ust. harðærisn.; en jeg get eigi betur sjeð en að fátæklingar sjeu alveg útilokaðir frá að fá lán, eptir þeirri ust., og því verð jeg að mæla með ust. lh., því að varla mun það vera meiningin að samþykkja báðar ust. Jeg veit að það er nauðsynlegt að efnaðir menn geti fengið lán til þess að kaupa fjárstofn, en það er ekki til þess að koma í veg fyrir hallæri. Hvað snertir ölmusurnar við latínuskólann, þá get jeg ekki ímyndað mjer að betri regla komist á í skólanum þótt ölmusunum sje fækkað, heldur kemur það mest niður á fátækum piltum, sem ef til vill verða að hætta námi sínu fyrir bragðið, og það er þó ekki víst að þeir sjeu meiri óreglumenn eða óiðnari en aðrir, og yfir höfuð held jeg að það kippi aldrei skólanum í lag að afnema ölmusurnar, ef ólag er á honum á annað borð.

Grímur Thomsen: Jeg þakka h. h. n. fyrir undirtektir hennar undir brt. þær, sem fram hafa komið; jeg held hún hafi slakað til í einu einasta atriði. En mjer virðist frsm. hreykja sjer heldur hátt af eptirlæti sínu; og þegar eitthvert það mál kemur fyrir, sem snertir tilfinningar hans, þá lítur svo út sem hann hvorki kunni að lesa nje sítjera rjett. Hann telur það sem ástæðu móti því að segja megi upp lánum þeim, sem brt. vor fer fram á að upp sje sagt, af því að lánin sjeu veitt með kgsúrskurði, og þar tekið fram að þau eigi að standa; en í þessum kgsúrskurði stendur, að fara skuli með þessi lán sem með ómyndugra fje, en fyrir eptirliti með því eru hinar ströngustu reglur, og hægast að upp segja þeim lánum, enda eru þessi lán talin í stj.frv. á 16. bls. með þeim lánum, er upp megi segja með hálfs árs fyrirvara, og hvernig gæti stj. dottið í hug að setja þau þar, ef ekki mætti segja þeim upp? Það er satt sem þm. D. tók fram viðvíkjandi láninu gegn veði í Laugarnesi, að jeg hjelt að Kleppur væri þar undanskilinn, en Laugarnes hefur mjög mikið rýrnað nú á seinni árum, og síðan húsið var rifið þar hefur engin virðingargjörð fram farið; 1877 fól þingið nokkrum mönnum á hendur að skoða Laugarnes, og þá var það álit þingsins, að ástæða væri til að segja upp helmingi lánsins, og jeg held að Laugarnes hafi svo rýrnað ár frá ári síðan, að full ástæða sje til að segja láninu upp að fullu og öllu, eða að minnsta kosti að skora á stj. að hún láti fram fara virðingargjörð á Laugarnesi, svo að sjá megi, hvort nóg veð er fyrir láninu. Hvað snertir brt. lh. um að stj. veitist heimild til að verja allt að 100000 kr. úr lsj. til vaxtalausra lána, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að ef þessi brt. nær fram að ganga, og hinar aðrar brt., sem nú liggja fyrir, einnig ná samþykki d., þá verður afgangurinn + 3967 kr. eða það verður reikningshalli upp á 3967 kr. Það lítur stundum svo út sem bæði þm. og hinn hæstv. lh. gleymi bæði að leggja saman og draga frá. Jeg skal nú leyfa mjer að gefa hinni h. d. dálítið yfirlit yfir hvernig reikningarnir standa, ef allar þær brt., sem hjer liggja fyrir, ná fram að ganga. Eins og nú stendur er áætlað að afgangurinn verði 32433kr. Þar frá dragast eptir brt.:

Í viðbót við eptirlaun og styrktarfje	11000 kr.
eptirgjöf á rentum af 100000 kr.	8000 —
til spítala	15000 —
til póstmeistara	800 —
Flyt	34800kr. 32433kr.

	Flutt	34800kr. 32433kr.
til prestak. (Stóruvalla og Húsavíkurbr.)	800—	
styrkur til ekkna . . .	300—	
hækkun á styrk til barnaskóla	500—	
	til samans	36400 —
og verður þá afgangurinn	÷	3967kr.,

sem er reikningshalli. Og nú vil jeg spyrja, hvaðan á að taka þetta fje? Það er að eins við 10. gr. C. 4., að n. hefur sýnt nokkra tilslökun, og þótt mjer ekki líki enn, hvernig aths. er orðuð, þá mun jeg þó greiða atkv. með henni, því að hún er þó kurteyslegar orðuð en áður. Hvað snertir launahækkun til póstmeistarans, þá hafa störf hans mikið aukizt í seinni tíð og hann ávallt sýnt sig sem duglegan og samvizkusaman embættismann, og mun jeg því greiða atkv. með þessari hækkun á launum hans.

Þar á móti verð jeg að vera á móti þessari uppbót til tveggja brauða, Stóruvalla og Húsavíkur, því að það á nákvæmlega að athuga, hvort veruleg nauðsyn sje á slíku, og það er fyrst tími kominn til slíkrar uppbótar, þegar búið er að endurskoða prestakallalögin. Viðvíkjandi ölmusunum til hins lærða skóla, þá ljet 2. þm. Ísf. í ljósi nokkurn efa um, að nokkurt ólag væri á skólanum; en það hafa komið fram almennar kvartanir yfir ástandinu í honum, og það bæði frá þeim mönnum sem nýlega hafa verið komnir úr skólanum, og þeim, sem enn eru í honum, bæði um ósamlyndi milli kennaranna sjálfra og stjórn skólans yfir höfuð; enda er það óheyrilegt, að piltum skuli haldast það uppi að ganga flokkum saman niðri í bæ meðan á kennslustundum stendur, og bæði að koma alls ekki í tímana, og ganga úr sumum tímum leyfislaust niður í bæ, þegar þeim svo lízt sjálfum, þótt þeir sjeu í sumum tímunum. Þessi ust. er því gerð til þess að menn sjái, að það sje ekki hættulaust að koma óorði á skólann, enda ímynda jeg mjer, ef þessar umkvartanir vara, þá muni foreldrar út um landið fara að hika við að senda sonu sína í skólann, og þá verður ekki þörf á eins mörgum ölmusum. Það er líka sannast að segja að þessi lærisveinafjöldi í latínuskólanum er ekki eðlilegur í samanburði við fólkstölu í landinu; aðsókn til skólans er nú komin á hæsta stig, og það mun sannast, að hún mun hjer eptir fara minnkandi ár frá ári. Jeg skal þá snúa mjer að brt. hins hæstv. lh.; það er alveg tilgangslaust að setja eptirlauna- og styrktarfjeð svona hátt, því að það er aldrei nema áætlað, og verði þörf á meira fje til þessa, þá verður það greitt sem greiðast á eptir núgildandi lögum. Hvað snertir hækkun á styrk til tveggja ekkna, þá þykir mjer það furða, að ustm. skuli fara fram á slíkt; þeir þorðu ekki að fara lengra við 2. umr. en þeir þá fóru, en þegar þeir sáu hvað vel d. tók þá í ust. þeirra, þá vilja þeir reyna hvort sjer ekki takist að hækka þennan styrk við 3. umr., og væri umræðurnar 4, þá mundu þeir vilja hækka hann enn meira. Þar sem farið er fram á að gera mun á styrknum til 3 lækna, þá vona jeg að menn sjái, að það er eins og að taka frá einni kirkjunni og leggja til annarar, og mun jeg greiða atkv. á móti því. Hvað snertir 2000 kr. ferðakostnað handa einum íslenzkum kandídat, þá tók hinn hæstv. lh. fram, að það væri fögur ust., en hún væri óákveðin; en mjer finnst að hann hefði mátt vera þakklátur fyrir það, að hann ekki skyldi vera bundinn við neitt einstakt nafn, heldur mætti kjósa úr hópnum hvern þeirra, sem efnilegastur væri álitinn og bezta hæfileika hefði, og maður verður að bera það traust til stj., að hún sjái um, að þessi styrkur verði ekki veittur öðrum en þeim, sem þess er verður að fá hann. Það var undarleg ástæða, sem frsm. tók fram á móti því að færa niður það fje sem veitt er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, að það gæti komið fyrir, að haldin yrði einhver sýning, sem æskilegt væri að styrkja menn til að fara á, og þá væri gott að stj. hefði nokkurt fje til umráða. Þessi ástæða er því undarlegri, sem það hefur sýnt sig, að þegar stj. hafði meira fje til umráða í þessu skyni, þá styrkti hún engan til að fara, hvorki á sýninguna í Lundúnum nje í Edinborg, þar sem þó þessar sýningar, sem voru fiskisýningar, gátu verið mikilsvarðandi fyrir Íslendinga að sækja, og þeir hefðu að líkindum getað mikið af þeim lært. Nú heldur hinn h. frsm., að stj. muni veita mönnum styrk til að fara á sýningar, þegar hún hefur að eins 6000 kr. til umráða, þótt hún ekki gerði hið minnsta til þess meðan hún hafði yfir 12000 kr. að ráða. Þar sem farið hefur verið fram á, að eigi megi greiða ferðakostnað embættismanna af því fje, sem veitt er

til óvissra útgjalda, þá skal jeg geta þess, að það hefur sýnt sig, hvílíkt gjörræði og hvílíka eyðslusemi stj. hefur viðhaft í þessu tilliti, þar sem hún hefur greitt einum embættismanni 800 kr. og öðrum sem ekki var orðinn embættismaður 600 kr. í ferðakostnað hingað til lands, og þegar maður sjer að þetta fje er svona brúkað, sem engin lög eru fyrir, enginn kgsúrskurður, heldur að eins tekið fram í einu stjórnarbrjefi að borga skuli embættismönnum 200 kr. í ferðakostnað, þá held jeg að full þörf sje á að koma í veg fyrir slíka eyðslusemi, og að það sje því skylda hvers eins, sem vill fara með nærgætni með fje landsins, að greiða atkv. með þessari ust.

Hinn h. frsm. sagði um daginn, að frá því í haust væri spítalinn í Rvík húsvilltur, og hinn h. 1. þm. Ísf. vildi neita því, að eigandi hins núverandi spítalahúss hefði boðið spítalafjelaginu þetta hús til leigu, og að það væri rangt að kasta slíkum ástæðulausum aths. inn á þingið. En jeg get sagt þm. það, og fullyrt að það er satt, að sá, sem nú á þetta hús, hefur boðizt til að leigja þetta hús fyrir 600 kr. um árið, og að stjórn spítalans er búin að gjöra við hann leigusamninga fyrir tvö ár, og sömuleiðis var hún einu sinni búin að semja við einn snikkara hjer í bænum (Jakob Sveinsson), að byggja nýtt spítalahús. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að spítali þessi er stofnaður 1863, og hefur hann síðan fengið 800 kr. styrk úr lsj. á hverju ári í 20 ár, sem eru 16000 kr., og auk þess 2000 kr. lán, sem honum hefur verið eptir gefið, svo að hann hefur í allt fengið 18000 kr. úr lsj., án þess að lstj. eða lsj. hafi haft nokkurt atkv. með í stjórn spítalans, og það þótt áskilið sje, að hver sá, sem gefur spítalanum 40 kr. í eitt skipti fyrir öll, eða 50 kr. í fimm ár, eigi að hafa atkvæðisrjett í málefnum spítalans. Það er satt að hinn fyrverandi lh. kom á fundi spítalafjelagsins, en hann kom þar ekki sem lh., heldur sem Hilmar Finsen, sem fjelagslimur, því að hann hafði gefið fje til spítalans. Viðvíkjandi því, hve nauðsynlegur spítalinn sje fyrir læknaskólann, þá hefur einn læknirinn hjer í bænum sagt mjer, að í því tilliti væri spítalinn mjög þýðingarlítill, og væri miklu meira varið í það sem menn kalla «klinik» við sóttarsængur manna úti í bæ. Jeg vil því fresta spítalabyggingunni að svo stöddu eða þetta fjárhagstímabil, enda álít jeg að það sje nauðsynlegt, áður en menn fara að gefa fje til dýrrar byggingar, að hafa góða áætlun um kostnaðinn; en eins og nú er, er áætlun um hann mjög á reiki, því að stundum er kostnaðurinn áætlaður 40000 kr. stundum 100000 kr. og við 1. og 2. umr. var farið fram á að veittar yrðu 20000 kr., til hans, en nú er að eins farið fram á að veita 15000 kr. Þetta er ekki gert ástæðulaust, heldur er það gert til þess, að ef þetta fje er veitt svona út í bláinn, að koma fingrinum inn í lsj. og byggt á því, að þegar þingið sje búið að segja *a*, þá verði það og að segja *b* og veita meira fje. Sá sem kveykti þetta mál, er mjög stórhuga maður; það er hinn nýi landlæknir, og ef vjer veitum þetta fje nú, þá mun á næsta þingi verða beðið um, — ekki 15000 kr. til, heldur 50000 kr. Hvað snertir brt. um styrk til kennara Þorv. Thoroddsens, þá fellst jeg á hana. Mjer sýnist og skynsamlegt að hækka styrkinn til barnaskólanna seinna árið, því að mjer þykir ótilhlýðilegt að styrkurinn til barnaskólanna sje minni en það, sem vjer borðum upp hjá hinum hæstv. lh., því þar er þó ólíku saman að jafna hvort nauðsynlegra er fyrir landið, og mjer þykir hart að láta matarkrónurnar vera fleiri en þær, sem ganga eiga til barnaskólanna.

Landshöfðingi: Jeg sje að mjer er það ekki gefið, að gjöra mig skiljanlegan fyrir þm Bf. (Gr. Th.). Jeg skal játa það, að jeg er ef til vill ekki jafnsnjall honum í reikningi, en jeg er þó svo góður í reikningi, að jeg veit, að þegar áætlaðar eru tekjur og gjöld lsj., þá verður það að álítast rjettara, sem er nær sanni, en það, sem fer fjarri öllum líkindum. Þess vegna er þetta rjettari ust. um upphæð eptirlaunanna, en ust. sú, sem kom frá fjárl.n. og samþykkt var við 2. umr. Sjálfsagt gjöri jeg ekki þessa upphæð að kappsmáli, en jeg tók þetta til, af því jeg hjelt það færi nær sanni um þau eptirlaun, sem þarf að greiða á fjárhagstímabilinu. Ef þetta þykir of hátt, og þó að sú hærri upphæð verði samþykkt, þá er það ekki til neins kostnaðarauka fyrir lsj., því að gjöldin eru þau sömu, þar sem þau eru lögákveðin, hvort sem meira eða minna fje er ætlað til þeirra. Samt sem áður hefur það þýðingu, að gjöldin sjeu sem næst hinu rjetta, svo að menn gjöri sjer ekki von um of mikinn afgang. Þar sem gengið er út frá, að eptirlaunaupphæðin aukist um eptirlaun prestanna á næsta fjár-

hagstímabili, þá skal jeg geta þess, að eptirlaunin voru á fjárhagstímabilinu 1878—79 49000 kr., og 1880—81 45000 kr. Eptir því skyldi maður halda, að 45000 kr. væri ekki of hátt, heldur of lágt, og svo hef jeg bætt við 11000 kr. sem hæfilegri upphæð til eptirlauna uppgjafapresta fyrir fjárhagstímabilið. Jeg tók fram áðan, að nú hvíldi á lsj. 4200 kr. sem eptirlaun presta, en að sú uppbæð mundi árlega vaxa fyrst um sinn, því eptirlaunalög presta væru svo nýlega komin, að þau væru ekki búin að ná fullri verkun. En þar sem hin h. fjárl.n. ætlar nú með brust. að færa eptirlaunin úr 45,000 kr. upp í 50,000 kr., þá nálgast það nokkuð þá upphæð, sem jeg álít þurfi, þótt það eptir minni meiningu sje ekki nóg. Jeg skal taka það fram aptur, að hjer er ekki verið að biðja um fjárveiting, heldur er hjer að ræða um, hvað sje rjettast að áætla að muni ganga til lögákveðinna gjalda.

Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) gjörði ráð fyrir við 2. umr. að koma með þessa merkilegu breytingu, að færa niður ölmusurnar við lærða skólann, *ef* ástandið í skólanum væri eins og hann þá talaði um. Jeg veit ekki til að neitt það hafi komið fram, sem gjöri þetta „*ef*“ að «realitet», og þykir mjer því undarlegra, að hann er kominn fram með ust. Mjer þykir sannarlega ólíklegt, eins og 2. þm. Ísf. (Þ. M.) tók fram, að lækkun ölmusanna bæti úr brestum skólans. Jeg sje ekkert samband þar á milli. Jeg ætla hinn h. þm. muni hafa leitað upplýsinga — til að sanna sitt mál —; en að rannsóknir hans hafi orðið árangurslausar, þar sem hann ekki hefur komið með neinar sannanir eða skýrslur, því að þótt hann hafi bent á sögur og blöð, þá er það svo lítilsvert, að það geta ekki kallast ástæður, og þykir mjer ólíklegt, að fjárveitingarvaldið fari eptir slíkum rökum.

Þar sem þm. Bf. (Gr. Th.) heldur því fram, að setja inn í fjárlögin aths. um uppsögn á tveim skuldabrjefum, þá er það á móti því, að mjer finnst slík ákvörðun ekki eiga við um einstök skuldabrjef. Mjer er heldur ekki kunnugt að nokkrar sjerstakar ástæður sje til þess. (*Gr. Th.*: Ekki virðingargjörð?). Jeg skal segja þm. það, að jeg ímynda mjer, að sú von hans rætist — með því þessu máli hefur verið hreift — þá muni þetta mál verða athugað og ef til vill virðingargjörð látin fram fara. (*Gr. Th.*: Sjálfsagt). Þá hefur þm. náð tilgangi sínum ekki síður en þó þetta væri sþ. af þd. Það er sjálfsagt, eins og hinn h. þm. Bf. sagði satt frá, að útgjöldin eru töluvert aukin við þær tillögur, sem nú eru komnar fram. Hinn h. þm. spurði, hvar ætti að taka það, sem á vantaði, og benti á að mínar tillögur styddu að því, að 4000 kr. mundu vanta. Jeg efast ekki um, að reikningur hans sje rjettur; en jeg skal segja hinum h. þm. það, að mínar tillögur auka ekki kostnaðinn, að mínu áliti. Það sýnist ef til vill undarlegt, að fyrri tillagan, 100,000 kr., auki ekki kostnaðinn. En ýmsir þm. hafa sagt, og þar á meðal hinn h. frsm. sjálfur, að stj. væri sjálfsagt heimilt að verja fje til hallærislána, ef þörf gjörðist. Jeg ímynda mjer, að þótt þessi till. verði sþ., þá muni stj. ekki verja fjenu nema brýn nauðsyn beri til, það er: undir sömu kringumstæðum, hvort sem ust. er sþ. eða ekki. Sá er einungis munurinn, að eptir þessari till. má stj. verja fjenu með leyfi hins h. þings. Hvað eptirlaunin snertir, þá hef jeg margtekið það fram, þótt mjer hafi ekki tekizt að gjöra sumum þm. það skiljanlegt, að gjöld lsj. verða ekki *einum eyri hærri* fyrir það, þótt eptirlaunin sjeu áætluð eins og jeg hef farið fram á. (*Gr. Th.*: Vaxtalaust). Ef svo ólíklega skyldi fara, að 4000 kr. vanti á — eins og þm. vildi benda á — að tekjur landsins hrykkju fyrir því, sem þingið sþ. að mætti greiða, þá er sjálfsagt, að greiða þessar 4000 kr. úr viðlagasjóði; það veit hinn h. þm. sjálfur mjög vel. En það er mín meining, að ekki muni til þess koma, því að það hafa komið fram till. frá þm. sjálfum og fleirum þm., að fallast ekki á allar þessar brust., sem fyrir liggja. En jeg vil leyfa mjer að taka það enn fram, að mínar till. eru hinar saklausustu fyrir landssjóð.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla fyrst að minnast á brt. um Laugarnes og Elliðaárnar, af því jeg er þessum stöðum kunnugur. Jeg hygg að vísu, að það sje engin áhætta, að þessi eign, Laugarnesið, standi ekki fyrir skuldinni, því allar jarðir hjer í grend við Reykjavík, hversu illa sem þær eru leiknar, munu haldast í nokkru verði í samanburði við aðrar í líku ástandi út um land. En allir, sem þekkja Laugarnes, vita að það hefur rýrnað. Það hefur mikið rýrnað við það, að húsið var rifið, því jeg gjör ekki mikið úr steininum, sem stendur, því það er ekki ráð fyrir að gjöra,

að þar verði reist neitt stórhýsi að svo komnu, og það er auðvitað, að hver jörð, sem ekki er búið á, rýrnar; taðan er burt flutt, en áburður lítill og ljelegur til baka; húsin hrörna og falla, og túnin komast í órækt og verða að engu, þar sem þau eru þrælbeitt af hrossum meiri tíma árs. Steingrímur biskup ljet byggja túngarð, mikinn túngarð og heldur vel gjörðan á þeirri tíð, en sem nú er orðinn mjög hrörlegur, því ekkert er við hann gjört nema ef eitthvað er tínt upp í skörðin. Þess vegna finnst mjer ekkert á móti því, þó að því sje hreift, að jörðin sje ekki eins mikils virði nú og áður, eða þó hún væri virt upp á ný, enda vakir það fyrir mjer, að jeg álít enga nauðsyn til að láta slíkt lán standa svo tugum ára skiptir hjá ríkum mönnum, en fátæklingar mega ganga biðjandi og fara synjandi og fá ekkert lán, þó þeir hafi veð að bjóða, því það geta verið fátækir menn þó þeir hafi veð annaðhvort frá sjálfum sjer eða að láni; þó virðist mjer öllu fremur umtalsmál um Elliðaárnar; þar á ríkur kaupmaður í hlut, sem ekki munar mikið um að borga þessa skuld; en það er auðvitað, að hann sem kaupmaður kann að fara með peningana, svo að hann fær meiri arð af þeim en 4%, eins og lsj. fær hjá honum. Og á hina hliðina fá Elliðaárnar ekki meira gildi í augum manna, hvorki utanlands nje innan, við þennan síðasta hæstarjettardóm; það fá þær sannarlega ekki, það þarf enginn að hugsa.

Jeg skal ekki þrátta um formið við frsm., en jeg geng beinlínis út frá hinu, sem jeg hefi sagt.

Jeg verð að minnast ógnlítið á alþýðuskólana, því að það mætti þykja undrum gegna, ef við þm. Á. minntumst ekki á alþýðuskólann á Eyrarbakka. Skólinn er ekki til að öðru leyti, en sýslan hefur tekið lán og byggt hús. Við höfðum fengið frv. svo gott sem frá sýslunefndinni í Árnessýslu, þar sem er farið fram á (sbr. alþt. 1881), að mega jafna niður $^1/_3$ af kostnaðinum við þennan fyrirhugaða alþýðuskóla á alla hreppa sýslunnar, eptir fólksfjölda. En okkur þótti ekki tiltækilegt að bera þetta frv. upp, því að það mundi ekki ná fram að ganga, fyrst skólinn er ekki kominn á fót, og svo þótti okkur ísjárvert að leggja töluverðan skatt á hjeraðsbúa, sem voru svo bágstaddir næst liðinn vetur, að þeir urðu að þiggja ærið gjafafje. Þessi skattabyrði hefði að minnsta kosti orðið 1000 kr., því ekki mun unnt að koma upp nýtilegum alþýðuskóla, þó að húsið sje til, fyrir minna en 3000, þegar alla hluti vantar nema húsið. Mjer sýnist því heppilegast að Árnesingar haldi sjer að svo komnu til Flensborgarskólans, meðan búnaðurinn er að rjetta við aptur, en ef þeir treysta sjer út í það, að koma upp gagnfræðaskennslu hjá sjer á fjárhagstímabilinu, með nokkru fjárframlagi frá hjeruðum, þá er nú svo ríflega lagt fje til alþýðuskóla, af því að þeir eru svo fáir til, að þessi skóli á Eyrarbakka vona jeg að geti þá fengið verulegan styrk.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg verð að svara nokkrum orðum út af 1. tölul. í brtill. Jeg tók það skýrt fram, að slík ust. væri ekki formleg í fjárlögum. Þm. Bf (Gr. Th.) sagði, að þetta gjörði br. á tekjum lsj.; það get jeg ekki sjeð. Þetta fje er eign viðlagasjóðs en ekki landssjóðs. Það er ekkert tilætlað eyðslufje sem stendur í láninu. Ef breyting er orðin á eigninni, þá er ekki annað en senda áskorun til lh. um að láta virða hana upp aptur.

Það þykir mjer skrítið, ef Laugarnes og Kleppur er ekki nægt veð fyrir 3600 kr. þegar þd. nýlega *neitaði* að selja Arnarhólstún fyrir *10000 kr.* (*Tr. G.:* Það var aldrei boðið 10000 kr.) Renta af 10000 kr. er 400 kr. árlega. Þetta þykir mjer skrítin samkvæmni. Þm. Á. sagði, að einmitt fátæklingarnir þyrftu að geta fengið þetta lán; en þeir menn væru ríkir, sem hefðu það nú. En það eru sannlega ekki fátæklingarnir, sem fá lán úr lsj., þegar þeir þurfa að setja jarðarveð fyrir láninu, og það eru víst fæstir fátæklingar, sem eru jarðeigendur. Viðvíkjandi fækkuninni á ölmusunum, þá þóttist þm. D. geta sætt sig við það, af því of margir færu í skólann og skólinn mundi draga um of frá bændastjettinni; eins og enginn frá skólanum mætti verða bóndi! Jeg held, að menntunin í skólanum mundi ekki vera til skaða fyrir bændastjettina. Því fleiri menntaða bændur, sem við höfum, því betur. (*H. C.:* Nei). Jú, það er áreiðanlegt. Ölmusurnar fara ekki eptir fjöldanum í skólanum; það geta verið 100, 80, 60, og ölmusurnar eru þó jafnmargar fyrir því. En ef eitthvað þykir að stjórn skólans, þá er að bæta það; en það er ekki ástæða til að fækka ölmusunum.

Um barnaskólann skal jeg ekki fara mörgum orðum. Það er mín skoðun, að barnaskólar í sveit komi ekki ætíð að til-

ætluðum notum og yfir höfuð sje heimakennslan betri og notalegri. (*B. Sv.*: Rjett). Enda virðist mjer nokkuð mikið að veita einu heimili 200 — 300 kr., þó að það sje kallaður barnaskóli, þar sem 2 eða 3 börn njóta tilsagnar af næstu bæjum, og 4 — 5 börn frá heimilinu sjálfu. (*L. Bl.*: Heyr!). Jeg skal játa það, að barnaskólar eru nauðsynlegir við sjávarsíðuna, því að þar er næsta örðugt að koma heimakennslunni við; en í sveitum er það mun hægra, og þar kemur heimakennslan að betri notum. Það getur verið, að heimakennslan hafi minnkað, en jeg vildi óska að hún batnaði aptur. (*B. Sv.*: Rjett; heyr!).

Þar sem lh. talaði um, að suðurumdæmið mundi far á mis við sinn hluta af búnaðarskólafjenu, þá getur verið að svo fari, en jeg verð að ætla, að ef til er einn góður búnaðarskóli, þá geti Sunnlendingar notað hann eins og aðrir, þangað til þeir hafa manndáð og framkvæmd til að stofna skóla sinn, sem þeir ættu að gjöra sem fyrst, því að hvað sem hver segir, þá verður þó skólinn hentugastur á Suðurlandi.

Viðvíkjandi þessum ferðastyrk til útlanda handa einum íslenzkum kandídat, þá vildi þm. D., að það kæmi helzt niður á lækni; en jeg skal geta þess, að læknaefni hjeðan fá ferðastyrk úr landssjóði og allmikinn styrk að auki til þess að dvelja í Höfn, svo jeg held fæstir þeirra þurfi að leggja mikið fram af sínu fje, þó að þeir dvelji hálft eða heilt ár í Kaupmannahöfn.

Þm. Bf. sagði það væru komnir samningar á um spítalann. (*Gr. Th.*: Já). Jeg þekki ekki þessa samninga. Það hefur að eins verið umtal, en enginn samningur gjörður enn. (*Gr. Th.*: Tilboð). Það kom tilboð frá eiganda um að leigja húsið í 2 ár. (*Gr. Th.*: Ákveðið á fundi). En þetta er ekki nema 2 ár. Og þótt nú samningur væri, hvað verður svo eptir 2 ár? Þá er enginn spítali, og landið allt um það spítalalaust. Það er auðsjeð, að þessi spítali verður ekki byggður í snatri; þó að fjeð væri veitt nú, þá væri samt nauðsynlegt að leigja hús þangað til spítalinn kæmist upp. Hann sagði einnig, að þessi spítali væri þýðingarlítill, því að þar væru svo fáir sjerstaklegir sjúkdómar. En vegna hvers? Vegna þess sjúklingarnir fá ekki inngöngu á spítalann, af því hann er ónógur. Ef spítalinn væri svo stór, að hann gæti tekið á móti öllum sjúklingum, þá væri öðru máli að gegna; þá gætu læknaefnin fengið færi á að sjá sjerstaka sjúkdóma. En vegna húsleysis verður að vísa svo mörgum frá nú. Þetta bál, sem hann segir að landlæknirinn hafi kveykt, þekki jeg ekki. En vegna hvers vill landlæknirinn fá spítala? Vegna þess hann segir, að þessi spítali sje ekki nógur fyrir kennsluna og þá sjúklinga, sem að honum sækja, því að hann geti ekki tekið inn á spítalann þá sjúklinga, sem nauðsynlegt væri að lærisveinarnir sæju. Landlæknirinn er þakklætisverður fyrir þann áhuga, sem hann sýnir í þessu máli.

Jeg þekki heldur engan samning við Jakob Sveinsson. Fjelagið hefur engan samning gjört við hann. Jeg vil biðja hina h. þd. að gá að því, að þetta fje, eign fjelagsins, peningar og húsverðið, er um 16000 kr. og svo nokkuð í útistandandi skuldum; en hvar eru þessar skuldir? Þær eru hjá fátæklingum út um landið, sem ekki geta borgað. (*Gr. Th.*: Hrepparnir borga). Þeir borga ekki. Þeir sem fengizt hafa við fátækramál, vita hvernig það gengur, að krefja það inn. Það er ekki rjett hjá honum heldur, «að hjer vanti undirstöðu». Við höfum uppdrátt af húsinu, og vitum hvað það hús muni kosta, sem við getum látið okkur nægja. (*Gr. Th.*: 100.000 kr.?). Nei; 35,000 kr. nægja okkur. Við höfum áður byggt hjer hús, og vitum hvað það kostar. Viðvíkjandi fjeskorti, þá verður sjálfsagt ekki svo mikill afgangur, að vert sje um að tala, hvernig sem fer með þessar brtill., en jeg vona, að þegar búið er að ganga frá þeim, þá verði afgangurinn nægur til spítalans, en þar að auki hlýtur að vera mikill afgangur í sjóði frá þessu fjárhagstímabili; byggi jeg það á því, að það hafa ekki verið gjörð nein sjerstök útgjöld fram yfir fjárlög 1881 og 82, en þá voru ætlaðar 100,000 kr. til búnaðarskóla, og þetta fje hlýtur að vera því nær alveg óeytt enn.

Jeg verð því enn þá að vona, að hin h. þd. samþykki þessa ust. mína. Ef hún verður ekki samþykkt, þá sjá Reykvíkingar, hvers þeir mega vænta og hvernig þeir eiga að haga sjer í þessu efni framvegis.

Th. Thorsteinson: Jeg skal að eins stuttlega minnast á brtill. þær, sem nafni mínu er blandað við. Jeg hef ekki skilið hina h. þd. öðruvísi en svo, að það sje einhuga skoðun hennar, að sanngirni tali fyrir þessari lítilfjörlegu hækkun til póststjórnarinnar, sem meint er til launahækkunar póst-

meistarans; enda mun flestum koma saman um, að þau laun, sem hann nú hefur, sjeu of lág í samanburði við það verk, sem hann hefur að vinna; jafnvel þm. Bf. (Gr. Th.) hefur ekki tekið sig hjer út úr, þó um fjártillag sje að ræða. Jeg verð að vera á sama máli og hinn h. frsm. (H. Kr. Fr.), að því er snertir veðgildi Elliðaánna og Laugarness. Það mætti virðast undarlegt, ef veiðivötn þessi yrðu minna virði við það, að lög um þvergirðingu eru komin í gildi; að minnsta kosti væri það sorgleg reynsla fyrir oss, sem sitjum hjer og búum til lög, ef það kæmi upp á eptir, að þessi nýju lög lækkuðu verð eignarinnar; það er þó víst ekki meiningin. Jeg ímynda mjer líka, að það sje langt frá, að verð Elliðaánna hafi minnkað við þvergirðingabannið; jeg ímynda mjer, að það hafi heldur hækkað. En hvað sem því líður, þá verð jeg að vera á því, að verði veðinu sagt upp, eða ef menn vilja fá því sagt upp, að þá beri að gjöra það með þingsályktun, en ekki með ákvörðun í fjárlögunum. Þá eru 2 bratkv., sem jeg hef skrifað undir einungis til þess, að þau kæmust að, en alls ekki af því, að jeg hefði svo góða von um, að þau myndu verða sþ., einkanlega að því er snertir spítalatillagið. Þm. Borgf. sagði, að fjárbeiðsla þessi væri grundvallarlaus, og vildi styrkja þetta mál sitt með því að enginn undirbúningur væri á undan genginn í málinu o. s. frv. En jeg segi: þessi orð þm. eru grundvallarlaus. Málið er undirbúið eins og þörf er á. Enn fremur hvað það snertir, að það sje ástæðulaust að biðja um svona lítið, af því að nægilega góðum spítala verði ekki komið upp fyrir það, þá eru þetta jafn ómerkilegar mótbárur. Þegar maður vill gjöra eitthvað gott og nauðsynlegt, eða styrkja eitthvert gott og nauðsynlegt, fyrirtæki, þá getur víst enginn láð þeim, sem vill gjöra það sem hann getur eða hefur kringumstæður til í svipinn, þó að honum heppnist ekki að ná hinu fullkomnasta og bezta, sem hann vildi óska. Þm. Borgf. minntist þess, að jeg hefði borið honum það á brýn, að hann hefði kastað fram ástæðulausum ummælum hjer í deildinni um þetta mál. Það hef jeg ekki gjört. En jeg mun hafa haft einhver lík ummæli út af því, sem þm. sagði um skólann á Eyrarbakka. Jeg benti honum þá á bænarskrána, sem jeg get sýnt honum enn, ef hann vill; en í þessari bænarskrá stendur útþrykkilega, að enginn skóli, eða að minnsta kosti enginn alþýðuskóli sje til á Eyrarbakka. Þessi misskilningur þm. ímynda jeg mjer að hafi komið hreint og beint af heyrnarleysi. Þar sem þm. sagði að ekki bæri að líta á erfiðleika embættisins þegar um það væri að ræða, hvernig ætti að launa það, þá ímynda jeg mjer, að þessi skoðun þingm. sje nokkuð frábrugðin flestra skynsamra manna skoðun; því að flestir munu telja það rjett, að launa verkið því betur, sem það er erfiðara og vandasamara. Þegar vjer nú lítum á það starf, sem læknir í Dalasýslu hefur á hendi að leysa, þá er það ekki ljett starf. Hjeraðið er strjálbyggt, aukatekjurnar verða sárlitlar, og aðflutningar talsvert örðugir. Það er því margt, sem talar fyrir því, að hækka styrkinn til þess manns, sem þessu starfi á að gegna; en auðvitað gat verið spurning um það, hvort heldur skyldi gjöra þessa skiptingu á fjenu, sem upp á er stungið, eða þá bæta nokkru við þennan styrk til 3 lækna. Það hefði ef til vill verið rjettara að hækka allt tillagið; en það þorðum við ekki að gjöra. Raunar hefði okkur kannske aukizt hugur, hefðum við þá haft fyrir okkur þennan lista (atkvæðaskrána), sem gefur þá skemmtilegu upplýsingu, að jafnvel þingm. Borgf., sem hefur verið svo gjarn á að «safna í þumalinn», nú allt í einu vill fara að veita 2000 kr. ferðastyrk handa einhverjum manni sem hvorki hann eða nokkur annar í deildinni víst þekkir. Maður gæti af þessari uppást. þm. freistast til að láta sjer detta í hug, að hann væri ekki svo einlægur við kolann sem hann sjálfur vill láta álíta sig. Þm. hefur þá með þessu sýnt, að honum hefur verið gjört rangt til, hafi honum verið borið á brýn, að hann væri svo fastheldinn á skildingnum, að hann vildi engu til kosta, hvað sem um væri að gjöra. En hann hefur einnig sýnt annað með því, það nefnil., að hann hefur betra traust á stjórninni til þessara hluta en á þessari þingd., því að stjórnin mun eiga að veita þennan ferðastyrk. Jeg kynni fyrir mitt leyti betur við, að einhver annar þekkti þann mann, sem á að verða styrksins aðnjótandi, og það vona jeg h. h. þm. Bf. sannsist einnig á; hann, sem var svo andvígur því, að styrkur væri veittur öðrum manni, sem almennt er þekktur og talinn þess maklegur, að hann væri styrktur á líkan hátt.

Ólafur Pálsson: Jeg ætla ekki að minnast á allar brust.; þær eru svo margar,

jeg kenni mig ekki mann til að tala um þær allar. Hvað ölmususstyrkinn snertir, skal jeg geta þess, að maður hefur heyrt margt um skólann og jafnvel lesið margt óviðkunnanlegt um hann í blöðunum, en maður vill ekki hirta börnin, nema full ástæða sje til, og því vil jeg ekki taka af þessum ölmususstyrk, nema fullar sannanir sjeu fyrir því, að skólinn hafi brotið hann af sjer. Hvað þessa 3 lækna snertir, þá getur mjer ekki sýnzt rjettur jöfnuður á með þeim. Þar að auki eru þeir drifnir upp á aðra lækna, sem fyrir eru, að þeim fornspurðum. Þeir hafa víst ekki beðið um þessa aukalækna, vilja ekkert aptur borga af sínum launum og álíta að þeir grípi inn í sinn rjett. En við þekkjum, hvernig byr þær uppástungur fá, sem fara fram á að bæta upp eitthvert ólífvænlegt brauð; þá eru allir vegir ófærir, og engu má til kosta. Mjer skilst að styrkur til Þorvaldar Thoroddsens sje hjer hinn sami og um daginn var um talað, en honum einungis varið öðruvísi eptir þessari nýju uppástungu. Jeg verð þessu því samþykkur, þó að mjer raunar þyki veitingin of óbundin. Hver á t. d. að eiga þá steina, sem hann kann að finna? Á hann að eiga þá sjálfur, eða landið? Ef hann ætti að eiga steinana sjálfur, þá þyrfti hann ekki mikinn ferðastyrk, því jeg er viss um, að verð þeirra gæti numið mörg þúsund kr. Jeg held að það væri bezt, að steinarnir væru fluttir hingað til Reykjavíkur; svo gætu náttúrufræðingar sem hingað koma skoðað þá. Menn verða að gæta að því, að sá, sem fer til útlanda til aða sýna steina, kennir ekki mikið á meðan; hann en tapaður landinu meðan hann er á því ferðalagi, og ekki rannsakar hann landið hjer á meðan hann er utanlands.

Fertugasti og þriðji fundur, laugardag 11. ágúst kl. 5 em. til sunnudags 12. ágúst kl. ½ fm. Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir 1884 og 1885 (C 309); frh. 3. umr.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal fyrst geta þess, að þótt jeg sje einn af þeim, sem standa undir brt. v. 4. gr., þá hlýt jeg þó að greiða atkv. á móti þeirri brt. eins og hún nú liggur fyrir, vegna þess að í kgsúrskurði 11. maí 1853 er þess getið að þessi upphæð skuli standa ógoldin gegn veði í veiðinni, og það var að eins af aðgæsluleysi fyrir mjer, og jeg held líka fyrir hinum öðrum þm., á þessu, að vjer skrifuðum undir þessa brt.; því þótt það standi í aths. við stj.frv., að þessu láni megi upp segja ásamt fleirum með hálfs árs fyrirvara, þá nær það að eins til þeirra lána, sem enginn kgsúrskurður er fyrir, þar sem ákveðið er að tiltekin upphæð skuli standa ógoldin.

Þá er till. lh. við 4. gr., um að stj. veitist heimild til að verja allt að 100,000 kr. af fje vlsj. til að afstýra hallæri. Það er mjög satt, sem frsm. tók fram, að það er skylda stj. að afstýra hallæri, og það er meira að segja skylda sveitastjórnanna að gjöra það. Það er skylda allrar lstj. að afstýra öllu því, sem rýrir, skerðir og skaðar almenningsheill. En hver er þá skylda þingsins í því efni? Hefur n. d alþingis enga skyldu á herðum til að afstýra hallæri? Jeg efast ekki um að menn segi jú. Alþingi er mikill hluti af stjórn landsins, og þótt það hafi ekki framkvæmdarvald, þá hefur það vald til að veita fje til þess, sem miðar til almenningsheilla, og eins hefur það vald til að herða á framkvæmdarvaldinu að gjöra það, sem miðar til almenningsheilla, ef þinginu sýnist þess við þurfa. Það gleður mig því mikillega, að hinn hæstv. lh. kom fram með þessa brtill., því að hann hefur með því sýnt þá virðingu, sem hann ber fyrir alþingi, og gefið því tækifæri til að gjöra skyldu sína, þ. e. að ráða bót á almenningsböli, afstýra hallæri og almennri neyð, og efla þar með almenningsheill, eins og það hefur rjett til og skyldan býður því að gjöra. Jeg get eigi betur sjeð, en að efni till. fullnægi alveg þeim tilgangi, sem hún hefur, að afstýra hallæri. Lh. úthlutar fjenu til amtsráða eða fjórðungsráða, ef þau komast á; þau úthluta því aptur til sýslunefnda, þær aptur til hreppsnefnda, og hreppsnefndirnar láta hina beztu menn í sveitinni úthluta fjenu, svo því verði varið samkvæmt tilgangi sínum. Amtsráðin og eins sýslunefndirnar safna skýrslum um, hvar þörf sje að hjálpa, ekki einungis örreiga fátæklingum, sem ætla að deyja úr hungri, heldur einnig bjargálnamönnum, svo þeir ekki þurfi að lóga skepnum sínum í haust, og verði svo hvorki færir um að hjálpa sjálfum sjer nje öðrum, og allar þessar skýrslur verða á síðan sendar lh., og hann fær amtsráðum umráð yfir svo miklu

fje, sem honum virðist þörf á, samkvæmt skýrslum þessum eða öllum málavöxtum. Jeg verð því að mæla fastlega fram með þessari brtill., bæði sem hinni hentugustu tillögu, og sem hinni samkvæmustu stjórnarskrá vorri og rjetti þingsins.

Þá er brt. n. v. 10. gr. C. 4., að aths. innan stryks sje breytt. Þessi brt. hjer á atkvæðaskránni er fólgin í tvennu, önnur breytingin er sú, að í staðinn fyrir: *„með hliðsjón af“* komi *„eptir“* tillögum amtsráðanna; en hin breytingin er miklu meiri efnisbreyting. Þar sem fje það, sem lagt er til búnaðarskóla, er tekið undan tillögum og því öllum afskiptum amtsráðanna, því að lh. á að úthluta þeim helmingi fjárins, sem ætlaður er búnaðarskólunum og að undanförnu hefur verið úthlutað eptir tillögum amtsráðanna, án tillits til amtsráðanna. Það er nú reyndar mannúðlega hugsað, að ljetta nokkru á amtsráðunum, en þetta mun þó eigi gert eingöngu í þessum brjóstgæðatilgangi, heldur er það sprottið af sama trausti sem hefur komið fram hjá sumum h. þm. á amtsráðum og amtmönnum; en ef fjórðungsráð hefðu verið komin á, þá þykir mjer líklegt, að þeim hefði verið fengið hvorttveggja þetta fjárforræði í hendur. En hvernig skilur nú fjárlaganefndin, sem á að vera bezt að sjer í öllum fjármálum hjer á þingi, þessi orð? Er lh. *skyldur* til að úthluta fjenu? Eptir fyrra hluta greinarinnar á hann að úthluta fjenu til bæjarstórna og sýslun. eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða og eptir fólksfjölda. Hann má eigi veita neinni sýslu meira en að tiltölu við samanlagða tölu jarðar- og lausafjárhundraða og fólkstölu; hann er skuldbundinn til að gjöra það. En þótt nú landshöfðingi sje skyldur til að *skipta fjenu milli* sýslnanna optir þessum mælikvarða, þá leiðir engan veginn þar af, að hann sje skuldbundinn til að *úthluta* þeim fjenu. Hin fyrri fjárlagan. áleit að hann væri eigi bundinn við það, nema hann áliti fjenu væri eða yrði varið samkvæmt tilgangi þingsins. Jeg held því að það sje ekki svo mikið varið í þessa breytingu, sem fjárl.n. hefur til ætlazt.

Hvað snertir ölmusurnar til hins lærða skóla, þá dettur mjer ekki í hug að færa þær niður af *þeirri* ástæðu, að ástand skólans sje nú það, að piltar verðskuldi eigi að fá ölmusur, heldur er það önnur skoðun, sem kemur mjer til þess. Þótt ölmusurnar til Hólaskóla og Skálholtsskóla að samanlögðu væru veittar jafn-margar, eins og þær hafa veittar verið við latínuskólann síðan 1863, þá var ástæðan til þess meðal annars sú. að Hóla- og Skálholtsskólar voru þá ríkir gjörðir af stólseignunum. Árið 1863, ef jeg man rjett, veitti hinn ágæti snillingur Dana, Monrad, er þá var ráðgjafi kennslumálanna, þá hina sömu ölmusutölu sem áður hafði verið við báða skólana á Hólum og í Skálholti. En vjer megum eigi blína á ölmusufjöldann í Hóla- og Skálholtsskóla. Skólarnir fluttust frá Skálholti og síðan frá Hólum til Reykjavíkur, þaðan að Bessastöðum og síðan til Rvíkur aptur. En kostnaðurinn til skólans, einkum kennslukostnaðurinn, hefur aukizt svo mjög síðan á fyrri öldum, með því að auka verður æ lærdóminn, samkvæmt kröfum og þörfum þjóðarinnar. Nú kemur þá sú spurning: er nauðsyn á öllum þessum ölmusum? læra ekki nógu margir, þótt ölmusurnar væru færri? Jeg held að menn geti ekki neitað því, að menn mundu læra eins fyrir því, þótt ölmusunum væri nokkuð fækkað. Það er og úrelt skoðun, að taka nokkra menn af allri þjóðinni, gefa þeim ölmusur í skóla, og síðan aptur á embætlinga — svo kalla jeg embættismanna-efnin — skólana, og gjöra þá síðan að leiðtogum þjóðarinnar til að efla velmegun meðal manna, undir eins og þeir eru komnir út úr lærdóms- og ölmususkólum þessum. Jeg álít þetta ekki hentugt. Áður voru ölmusur veittar til þess að fá nógu marga menn, sem gætu tekið að sjer embætti landsins, er þá voru flest næsta rýr. Embættin eru nú orðin allt öðruvísi launuð en þau voru áður. Nú vilja menn láta embættismenn hafa nóg laun, því að nú eru menn komnir á þá skoðun, að verður sje verkamaðurinn launanna. Fyrir því ætti eiga að draga þá í gegnum skólalífið eins og ölmusumenn. En hins vegar álít jeg að hægt skuli fara í að aftaka ölmusurnar, úr því að fátækir piltar eru komnir í skólann, í þeirri von, að þeir haldi þeim styrk, sem veittur hefur verið að undanförnu, til þess að þeir ekki komist í vandræði, og verði kann ske að hætta því námi, sem þeir eru nýbyrjaðir á. Það má því ekki taka ölmusurnar af í einu, heldur minnka þær smátt og smátt.

Jeg skal eigi tala um brt. hins hæstv. lh. við 15. gr., því að hann hefur sjálfur sýnt fram á, hver þörf væri á henni, og n. hefur hjer um bil fallizt á þá upphæð, sem

þar hefur verið stungið upp á. Jeg á brt. v. 15. gr. um að færa upp styrkinn til ekkjufrúr G. Brynjúlfssonar, og hef jeg einungis komið með hana af því að styrkurinn til hinnar ekkjunnar var færður upp, til þess að ekki skyldi verða svo mikill mismunur á styrk þessara tveggja ekkna. Jeg skal einnig geta þess, að ekkjufrú G. Brynjúlfssonar hefur, eins og bænarskráin sýnir, eptir því sem sonur hennar, háskólakennari Gísli Brynjúlfsson álítur, rjett til eptirlaunastyrks frá Hólmabrauði samkvæmt tilsk. 15. des. 1865, og því finnst mjer rjett að þessi styrkur, sem hún þannig hefur gjört sjer von um að fá, kæmi frá lsj., fyrst hann kemur eigi frá Hólmabrauði. Það hefur verið mikið rætt um brt. v. 16. gr. um ferðastyrk handa einum íslenzkum kandídat. Jeg skil þessa brt. svo, að hún sje brt. við bratkv. við upphæð þá, sem veitt er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja (16. gr. stafl. 7.), þar sem hinir sömu menn vilja færa þá upphæð niður í 4000 kr. Jeg skil það því svo, að meiningin sje einungis sú, að taka 2000 kr., er veittar eru, og að ákveða nákvæmar, hvernig verja skuli þessum 2000 kr., og því sje meiningin sama eins og ef upphæðin stæði eins og hún er 6000 kr. og þar af 2000 kr. til ferðakostnaðar handa einum íslenzkum kandídat til að ferðast til útlanda. Að öðru leyti kemur þessi br. mjer ekkert við. Af velvild við hann hefi jeg gjört þessa aths., ef hún kynni að vera til upplýsingar.

Þá er brt. v. 16. gr. 3. tölul. um styrk til kennarans við Möðruvallaskólann Þorvaldar Thoroddsen. Þessi br. er fólgin í því að upphæðin er færð niður um helming, en sömu hugmynd haldið sem áður, þannig að annar helmingurinn gangi til jarðfræðisrannsókna hjer á landi, en hinn helmingurinn gangi til þess að styrkja hann til utanferða með grjótið. *(L. Bl.:* Plebeiisme!). Jeg er nokkuð í vandræðum með þessa till., því að vjer höfum veitt þessum manni 1000 kr. á ári um 2 ár, og mjer vitanlega hefur engin skýrsla komið frá honum um árangurinn af þessari fjárveiting. *(Tr. G.:* Andvari). Já, en það er að eins ferðasaga, þessi ritgjörð í Andvara, og mjer þykir það of dýr ferðasaga, ef á að honorera hann með 2000 kr.; en fyrir utan hana er engin jarðfræðisleg skýrsla komin. Jeg vil minna þingið á, að þegar það veitir fje til einhvers slíks fyrirtækis, þá áskilji það sjer að fá skýrslu, um hver árangur verður af fjárveitingunni. Jeg hlýt að spyrja, hvar er þetta steinasafn, liggur það við Möðruvallaskólann, við latínuskólann, í Kaupmannahöfn eða hvar er það? Er ferðalagið til sannarlegs gagns fyrir landið? Um þetta er engin skýrsla komin; það er ekki nóg að verkið hafi verið unnið, ef þingið sjer engan árangur af fjárveitingunni, að hún hafi komið að tilætluðum notum. Ef mikið er varið í þessa steina, sje þeir margra þúsunda gyllina virði, þá þykir mjer ískyggilegt, að hleypa þessum manni út úr landinu með heila dótið. (Hlátur). En þegar jeg tala nú í alvöru, þá sje jeg ekki að það sje til gagns fyrir landið, að hann fari til útlanda til þess að prófa steina. *(Tr. G.:* Hver segir að hann eigi að fara til þess? Hann á að fara til þess að menntast betur). Nú, liggur sá fiskur hjer undir steini, að það sje persónan sem fjeð er veitt? Því hefði jeg aldrei getað trúað um hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.), sem svo opt hefur verið að bregða mönnum um að þeir ljetu hið persónulega of mikið ráða, og þar með gefið í skyn, að hann sjálfur væri ópersónulegur — að jeg eigi segi: neutrius generis. Enn fremur skal jeg geta þess, að þar sem þessi kennari er aðalstoð Möðruvallaskólans, þá álít jeg ískyggilegt að kippa þessari stoð undan skólanum, því að jeg álít að það sje mjög svo hið sama sem að kippa fótunum undan menntuninni á Möðruvallaskólanum, því að jeg hef enga tryggingu fyrir að hann fái jafnhæfan mann í sinn stað. Er líka nokkur vissa fyrir að hann fái ferðaleyfi? hefur formaður fjárlagan. útvegað honum ferðaleyfi? *(Tr. G.:* Nei). Nú, hann á að fara án ferðaleyfis. *(L. Bl:* Hann getur fengið það, þótt hann sje ekki búinn að fá það enn þá). Jeg skal nú ekki orðlengja meira um þessa ust., því að jeg heyri að 1. þm. Hv. (L. Bl.) er orðinn svo fullur, að hann langar til að fara að gjósa.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg vil að eins í viðbót við það sem jeg hef sagt áður gjöra eina stutta aths. við eitt bratkv. frá nokkrum heiðruðum þm. við 4. gr., sem fer fram á að segja upp 2 lánum úr viðlagasjóði, sem eru veitt gegn veði í Laugarnesi og laxveiðinni í Elliðaánum. Þeir segja, að þessi lán sjeu veitt með alveg sömu skilyrðum og önnur lán úr viðlagasjóði, sem veitt eru með $^1/_2$ ár uppsagnarfresti. En jeg vil biðja þm. að líta

í athugasemdirnar við fjárl.frv. stj., og þá geta menn sjeð að öllum lánum úr viðlagasjóði er skipt í 3 flokka. Í 1. flokki eru konungleg skuldabrjef, í 2. flokki eru skuldabrjef með árlegri afborgun, og í 3. flokki eru skuldabrjef, sem má segja upp með eins árs fyrirvara. Nú stendur í athugasemdunum neðan við þennan 3. flokk: «Enn fremur skal hjer telja eptirstöðvar af andvirði fyrir jörðina Laugarnes» og «eptirstöðar af andvirði fyrir laxveiðarnar í Elliðaánum». Hefði stj. álitið að þessi 2 lán væru alveg veitt með sömu skilyrðum og hin, þá hefði hún ekki greint þau frá, heldur talið upphæð allra þessara skuldabrjefa í einu. En það er skiljanlegt að stj. fer ekki að gjöra sjerstakan flokk úr þessum 2 smálánum, heldur hnýtir þeim svona aptan við 3. flokkinn.

Tryggvi Gunnarsson: Þegar jeg lít yfir þennan langa lista af bratkv., þá kemur mjer til hugar orðtækið: «Margt er smátt í vetling manns». Jeg finn hjer margt smávegis, þar sem verið er að raka eldi að kōku ýmsra manna og stofnana, en lítið af því sem getur heitið almenns efnis. Jeg vil helzt tala um þau atriði, sem eru almenns efnis. Undir þennan flokk færi jeg brtill. frá hinum hæstv. lh. við 4. gr., sem fer fram á, að stj. veitist heimild til að veita amtsráðum og sýslunefndum lán úr viðlagasjóði til að afstýra hallæri, og þessi lán sjeu vaxtalaus til miðsumars 1885 og bíði ráðstafana hins næsta þings, hvað snertir borgunarskilmála og leigu fyrir framtíðina; til þessa á að verja allt að 100,000 kr. Eins og kunnugt er, þá er hjer á ferðinni í þessari þd. till. til þgsál. þess efnis, að verja megi af viðlagasjóði jafnmiklu fje, eða 100,000 kr., til að lána mönnum með venjulegum kjörum og fullu veði; tilgangur þessara ust. er einnig sá, að bæta úr vandræðunum eptir harðærið undanfarin ár. Um þessa ust. verður, sem menn muna, ekki greitt fullnaðaratkvæði fyr en sjeð er fyrir afdrif þessarar till. frá hinum hæstv. lh. Það væri auðvitað gott, ef þingið mætti og gæti fallizt á báðar tillögurnar. En jeg er samdóma hinum h. þm. Bf. (Gr. Th.), að það sje ekki skemmtilegt að heyra tómahljóðið í landskassanum, þegar búið væri að samþykkja báðar þessar tillögur, því lítið yrði þá eptir á botninum, þegar viðlagasjóður þyrfti að punga út með 200,000 kr.; jeg álít þess vegna, að þd. sjái sjer ekki fært að samþykkja þær báðar. Jeg hygg og að sessunautur minn, hinn h. 1. þm. Ef. (A. O.), vilji síður hafa botninn tómann í kassanum, þegar hann ætlar að sækja í hann nokkur 100,000 kr., eða líklega allt að 500,000 kr., til að stofna landsbanka. Það mun því verða að hafna annari hvorri till., og með leyfi hins hæstv. forseta vil jeg leyfa mjer að líta á báðar þessar till. og bera þær saman, þó að ekki liggi fyrir nema önnur þeirra. Tillaga lh. er sú, að sýslunefndir og amtsráð taki vaxtalaust lán til útbýtingar milli þurfandi manna. Hin till. ætlast til, að sýslubúar taki sjálfir hver um sig þetta lán með venjulegum kjörum. Sá er þá munurinn á þessum tveimur tillögum, að hin fyrri fer fram á að styrkja ósjálfstæða menn, og gjöra þá enn þá skuldugri við landssjóð og sveitarsjóði, en þeir nú eru, sem þó í flestum sveitum þykir ærið nóg; hin síðari vill hjálpa sjálfbjarga mönnum og gjöra þá færari til að hjálpa sjer og öðrum. Hjer við bætist enn þá, að eptir till. lh. þá má ekki verja lánum þessum til annara en fátæklinga og þeirra manna, er ekki geta bjargað sjer sjálfir, eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða, og er þá með því að samþykkja þessa tillögu og fella hina hjer um bil loku fyrir skotið að stj. lánaði fje á fjárhagstímabilinu úr viðlagasjóði einstökum mönnum til gagnlegra fyrirtækja eins og að undanförnu, því hún mundi ekki þora annað, en vera við því búin að hafa fje á reiðum höndum, ef hallærið og skorturinn kynni að magnast aptur. Það vinnst varla annað með þessu láni en aukning á þurfamannalánum, sem hjer á landi eru of mikil áður, og líklega gengi með þessi lán líkt og hallærislánið til Snæfellsnessýslu, að erfitt yrði að innheimta það aptur. Nái aptur á móti till. í áður nefndri þingsál. fram að ganga, þá ganga lánin til einstakra manna, sem hafa vit og krapta til að verja þeim sjer og öðrum til gagns; að minnsta kosti verða menn að ætla að svo fari um meira hluta lánanna. Í annan stað hygg jeg að þetta lán sje ekki eins einskorðað eins og hitt lánið, og að ekki sje með öllu útilokað að sýslufjelög geti fengið lán af þessu fje, ef sýslunefndin sjálf vill taka lán, og ábyrgjast full skil; en í því tilfelli mætti treysta því, að sýslunefndirnar tæku ekki óþarfalán, þegar þær sjálfar eru í ábyrgðinni. Það kann að vera að þetta sje ekki rjett skilið hjá mjer; en þá vil jeg segja það, að jeg verð að álíta að stj. hafi

óefað heimild til að veita sýslu- eða sveitafjelögum lán, þegar hungursnauð eða manndauði er fyrir höndum, þó sjerstök ákvörðun sje ekki gjörð um það af þinginu. En vilji hinn hæstv. lh. endilega láta þingið kveða upp einhvern dóm um þetta hallærislán, þá álít jeg betra að gjöra það með þgsál., og get jeg því ekki gefið atkv. mitt með till. þessari á fjárlögum.

Þá er önnur till. almenns efnis, og sem fer fram á að hækka þessar 45,000 kr., sem nefndin hefur ætlað til eptirlauna, upp í 56,000 kr. Þessi till. er frá hinum hæstv. lh. Frá n. sjálfri er og komin brtill. um, að setja þennan útgjaldalið 50,000 kr. Jeg vil heldur leggja til, að þd. aðhyllist þennan milliveg frá n. Það er auðvitað, eins og hinn hæstv. lh. hefur tekið fram, að það eykur ekki hin virkilegu útgjöld fyrir landssjóðinn, þó þessi útgjaldaliður sje áætlaður óþarflega hátt, því að eptirlaunin verða útborguð lögum samkvæmt á fjárhagstímabilinu, hvort sem þau verða áætluð mikil eða lítil; en jeg hygg að þegar öll kurl eru komin til grafar útgjaldamegin, og búið að samþykkja mikið af fyrirliggjandi brtill.lista, þá verði afgangurinn ekki svo glæsilegur, eða að það sje vert að ætla þennan útgjaldalið óþarflega háan. Í athugasemdunum við fjárl.frv. stj. eru eptirlaunin, sem nú eru borguð út, talin að vera full 18.000 á ári, eða 36—37,000 kr. bæði árin; við það bætast nú 700 kr. til þeirra tveggja ekkna, sem bætt hefur verið við á þessum fjárl.; svo bætast við eptirlaun til uppgjafapresta, sem samkvæmt skýrslu hins hæstv. lh. eru sem stendur 4200 kr. á ári, það er 8400 kr. bæði árin. Þetta allt verður hjer um bil 46,000 kr., og þá er nægilegt að hafa 4000 kr. til vara og setja þennan gjaldlið 50,000 kr.

Jeg skal fara sem styztt í þetta sem jeg kalla smávegis. Jeg ætlaði mjer alls ekki að minnast á kennara Thoroddsen optar, en hinn h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) hefur neytt mig til að gjöra það. Þm. hefur nú farið eins og þegar síðast var rætt um að fá verkfróða manninn frá útlöndum, til að kenna mönnum vegagjörð. Hann sá þá ekki að annað ynnist við þennan verkfróða mann en að hann tæki atvinnu frá landsmönnum. Þm. sjer nú ekki annað gagn af utanferð þessa manns en að hann flytji nokkra steina út úr landinu, en jeg og n. leit svo á þetta mál, að hann mundi ekkert flytja út úr landinu, heldur mundi hann flytja inn í landið fróðleik og þekkingu um þá hluti, sem því eru gagnlegir. Jeg hefði annars haft gaman af að hlusta á ræðu þm., hún var ekki sem bezt sjálfri sjer samkvæm; þegar hann var framan af að tala um ferð viðkomandi kennara til útlanda, þá var hann eigi mikill maður í augum þingm., en þegar hann var kominn heim að Möðruvöllum, og var borinn saman við annan kennara skólans, þá var hann orðinn mikilmenni, já! stoð og stytta Möðruvallaskólans. En jeg vil segja, að hvorttveggja þetta eru öfgar; þó Þorvaldur Thoroddsen sje ágætur kennari, þá er við Möðruvallaskóla annar ágætur maður, svo skólanum er engin hætta búin, þó hinn væri utanlands einn aða tvo vetur. Sjálfsagt kemur mjer ekki til hugar að þm. sje persónulegur í þessu máli, þó till. hans sjeu nokkuð breyttar frá undanförnum þingum. Þá kemur ust. frá nokkrum þm. að veita einhverjum íslenzkum kandídat 2000 kr. styrk; hvar er þessi kandídat? Einhverstaðar í loptinu. Það er annars nokkuð skrítið að sömu mennirnir sem neituðu við 2. umr. að veita vissum og þekktum manni um 2000 kr. styrk til utanferða, vilja nú veita þessa sömu fjárupphæð út í loptið. *(J. Ó.:* Það er ópersónulegt). Þessir menn sem undir þessari till. standa hljóta að ganga meira í trú en skoðun, og get jeg skilið það um hina geistlegu menn, sem eru þar á meðal. Önnur ósamkvæmni virðist mjer vera hjá þessum sömu mönnum, sem líka eru undir annari brt.; þar vilja þeir færa styrkinn til vísindalegra og verklegra fyrirtækja úr 6000 kr. niður í 4000 kr., af því þeir vilja að sem minnstu sje óráðstafað af þessu fje í höndum stjórnarinnar, en þó jafnframt koma þeir með ust. um að veita 2000 kr. rjett út í bláinn til manns, sem hún sjálf á að velja.

Hvað þessa 3 nýju aukalækna snertir, sem nefndir eru í annari brt., þá kynni það að virðast rjettast að þeir fengju allir jafnt, en jeg felli mig þó vel við þessa brt. að skipta þannig, að Dalasýslulæknirinn eigi að fá 900 kr., læknirinn á Seyðisfirði 800 kr. og Akraneslæknirinn 700 kr. Margir h. þm. hjer munu muna eptir því, að minnsta kosti þeir, sem hafa setið nokkur ár á þingi, að hinn mikli ágætismaður, sem var fulltrúi Dalamanna, en nú er dáinn, sótti það mál mað kappi hvað eptir annað, að fá lækni í Dalasýslu, og hann fjekk von og vissu um það, að þegar þingið fjölgaði lækn-

um á ný, þá skyldi Dalasýsla ganga fyrir öllum öðrum. Þessu loforði yrði ekki fullnægt, ef launununum væri jafnt skipt milli þessara þriggja hjeraða, því þá mundi Dalasýsla verða það hjerað, er síðast fengi lækni. Þess vegna er rjett að láta Dalasýslu fá mest, þar sem störfi eru mest, en sízt von á að menn sæktust eptir. Jeg hefði ekkert haft á móti því að aukalæknirinn í Dalasýslu fengi 1000 kr., en hvor hinna 700 kr., en nú liggur ekki fyrir ust. um það, og gef jeg því atkv. fyrir brt. eins og hún er.

Þá eru ölmusurnar. Lh. spurði um það hvort efnahagur landsmanna væri nú svo betri en áður, að þeirra væri eigi þörf. Það fer víst fjærri því. Ef jeg skyldi hneigjast að því að fækka ölmusunum við hinn lærða skóla, þá mundi það ekki verða af þeim ástæðum, og ekki heldur til að straffa skólasveina fyrir ástandið í skólanum, eins og þm. D. (J. G) sagði, en ef jeg gjörði það, þá væri það af líkum ástæðum og þm. Ef. (A. Ó.) tók fram. Nú sækja miklu fleiri skólann en þörf er til að skipa embætti landsins, þessi ölmusufjöldi kann að eiga þátt í því, þær eru nokkurs konar tálbeita, sem dregur svo mikið að sjer, að offermi verður, og eins og sagt er á sjómanna máli, að línan flýtur ofansjávar. Jeg hefði sannarlega ekki á móti því, þó að miklu fleiri lærðu í skólanum en þeir sem þurfa í embættin, ef þeir vildu setjast að við búskap upp í sveitum, en jeg er hræddur um að allmargir uni því eigi, en taka heldur taka það ráð, að leita út úr landinu t. d. til Vesturheims, ef þeir fá ekki viðunanleg embætti hjer á landi. Þegar svona gengur, þá segi jeg, að línan sje ofbeitt, og kann því að vera að jeg greiði atkv. fyrir þessari brt.

Enn þá er eitt smávegis, og það eru laun póstmeistarans. Fjárlagan. kom fram með ust. um að fjölga póstferðunum og um leið auka laun póstmeistarans um 300 kr. Ust. fjárlagan. var, sem menn muna, sú, að póstferðirnar væru 12 á ári; hún þorði ekki að fara lengra í þetta sinn; en hugsaði sjer að innan skamms ættu þær að geta orðið 16. Fjárlagan. veitti póstmeistaranum þessa viðbót með tilliti til þess sem jykist við störf hans, og hugsaði um leið að laun hans hækkuðu aptur, þegar póstferðunum fjölgaði í næsta sinn. Það er þess vegna of snemmt, eða tekið fram fyrir hendurnar á fjárlagan. með þessari ust. að hækka launin nú þegar um 700 kr., einkum meðan óvíst er, hvort þessar 12 ferðir komast á á næstu árum. Þessi embættismaður hefur heldur ekki svo lítið, þegar allt er talið til. Launin sjálf eru reyndar ekki nema 1700 kr.; en haldi maður áfram að lesa aths. við 12. gr. í stjfrv., þá sjest að hann fær 600 kr. endurgjald fyrir skrifstofukostnað og 400 kr. viðbót, veitta á fjárl. 1881, auk 200 kr. sem hann fær fyrir vanhöldum á peningum sem ganga í gegnum hendur hans og hann á að telja. (*J. Ó.:* Fyrir að telja rangt). Allt þetta samanlagt með 300 kr. viðbótinni í ár verður 3200 kr.

Það er heldur ekki órjettlátt að taka nokkurt tillit til þess, að póstmeistarinn getur jafnhliða embætti sínu haft töluverð önnur arðberandi störf á hendi. Jeg get því ekki sjeð ástæðu til frekari launaviðbóta til þessa manns en þeirrar sem fjárln. fór fram á, og hefur áður verið vel tekið hjer í þd.; meiri launahækkun ætti að bíða þess að póstferðunum verði fjölgað meira síðar. Það er vonandi og óskandi að störf hans aukist töluvert og þá er rjettlátt að auka laun hans. Jeg vona að þd. ætli mjer ekki neitt persónulegt hvað þetta mál snertir.

Þorkell Bjarnason: Jeg ætlaði að minnast fáeinum orðum á brt. lh. við 15. gr. 1. tölul. H. h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) sagði, að það gjörði ekkert til í tilliti til fjárhags landsins, hvort þessi brt. væri sþ. eða ekki; en þessi skoðun þm. efast jeg um að sje rjett. Er það eigi hugsanlegt, ef stjórnin hefur meira fje til umráða til eptirlauna en af mætti komast með, að hún ljeti freistast til að veita þeim mönnum lausn frá embætti með eptirlaunum, sem ekki væri nægileg ástæða til að gefa lausn frá embætti, sem ekki væru t. d. orðnir svo hrumir fyrir sakir heilsulasleika eða elli, eða af öðrum löglegum ástæðum svo bilaðir, að þeir væru ekki færir um að þjóna embætti lengur? Jeg held að það sje eflaust, að dæmi sjeu til þess að þeim mönnum hafi verið veitt lausn frá embætti, sem maður ekki getur sjeð næga ástæðu til að veitt hafi verið lausn, og að maður gæti sagt, að þúsundum króna saman sje búið að borga til þeirra manna sem eptirlaun, er ekki hefðu þurft að fá lausn frá embætti með eptirlaunum. Einnig hefur það komið fyrir, því miður, að mönnum hefur verið veitt lausn frá embætti og gefin eptirlaun, sem engin

eptirlaun áttu skilið. Jeg gef atkvæði mitt með uppástungu n. til að sýna, að jeg vilji ekki verða til þess, að gefa kost á, eða jafnvel freista til þess, að fleiri þvílík dæmi komi fyrir. H. h. frsm. talaði um að brust. um fje til barnaskóla færi fram á að hækka tillagið. Já, hún fer fram á að hækka það upp úr því sem n. stakk upp á, en ekki upp úr því, sem stendur í stj.frv. Hann sagði og, að barnaskólakennsla væri ekki eins góð, eða barninu eins holl, eins og heimakennslan. Hvernig skyldi þá standa á því, að allar siðaðar þjóðir hafa skóla til að láta kenna börnum í? Jeg hef þá skoðun, að börn eigi einmitt hægra með að læra í skólum, því að þar truflar minna, heldur en í heimahúsum, því að húsrúmi hagar víðast svo til hjá almúga, að það er óhentugt til þess, að börn geti þar haft nægilegt næði við nám. Börnin læra einmitt betur reglusemi í skólanum; þau læra betur að nota tímann; læra að bera bróðurhug til skólabræðra sinna og systra; læra fjelagsanda; en þetta þurfum vjer að læra; þetta ber góða ávexti, þegar barnið er orðið fullorðinn maður. Jeg hef allt af skilið það svo, þegar síðasta alþ. stakk upp á, að tillag til barnaskóla færi minnkandi, þá hefði það komið til af fátækt landsins, en alls ekki af því, að þingið hefði þá skoðun að skólakennslan væri ekki eins notadrjúg og heimakennslan. Heimakennslan hlýtur að verða dýrri en skólakennslan, eins og allt verður dýrara sem gjört er út af fyrir sig einstaklega, heldur en það, sem gjört er í fjelagi. Mjer skildist á h. h. þm. að þessi skoðun hans næði heldur ekki til allra skóla, því að hann játaði, að skólar væru nauðsynlegir við sjóinn. Þess ber þó að gæta, að við sjóinn er opt betra húsnæði heldur en í sveit, svo heimakennsla ætti að vera þar eins möguleg, og jafnvel hægri. Það er ekki svo að skilja, að jeg ámæli þinginu 1881; ákvæði þess um þessa fjárupphæð var efalaust ekki sprottin af öðru en fjárskorti. En það hefur ekki verið þingsins meining — um það er jeg viss — að minnka það fje, sem ætlað var til alþýðumenntunar yfir höfuð, enda verða allir að játa, að því er vel varið, sem varið er til hennar; undir menntun alþýðu er framför alþýðu komin; en nú er alls til barnaskóla á öllu landi varið upphæð, sem væri að eins lítilfjörleg laun eins kennara, t. d. við latínuskólann, og er þetta fremur lítið. Þar sem h. h. frsm. talaði um, að skakkt væri að veita fje til þess skóla, sem að eins gengju í börn þess manns, sem hjeldi skólann, þá vek jeg athygli hans á því, að veitingarvaldið mun láta sjer annt um, að heimta árlegar skýrslur um það, hve mörg börn ganga á hvern skóla árlega, og varla þarf að óttast að rangar skýrslur sjeu gefnar. Það væri að gjöra hlutaðeigendum ótilhlýðilegar getsakir, svo í þessu tilliti er víst engin hætta búin. Með tölul. 3 við 16. gr. verð jeg að greiða atkv. mitt. Jeg hef allt af skilið það svo, að sá maður, sem fjeð er ætlað, vilji fá það til að ferðast fyrir, sjer til fróðleiks, en ekki til að flytja grjót út úr landinu, eins og 1. þm. Ef. (A. O). talaði um. Eptir því sem hinn h. þm. Ef (A. Ó.) talaði, mun engin bera honum á brýn, að hann sje persónulegur maður.

Jón Ólafsson: Jeg skal geta þess, hvað snertir brust. um uppsögn á þessum lánum, að sú meginregla gildir um öll lán, sem tekin eru gegn veði í fasteign, að lántakandi hefur enga heimild til að rýra veðið nema með leyfi lánveitanda. Lánveitandi sjer um, að veðið sje nægilegt, þegar lánið er tekið, en verði nokkur breyting á því, þ. e. láninu, síðarmeir, er það skylda lántakanda, að láta virða veðið upp aptur og færa sönnur á, að það sje enn gilt veð fyrir skuldinni. Nú verður ekki betur sjeð, en að þeir lántakendur, sem hjer eiga í hlut, hafi forsómað að gefa skýrslu um veðið, eptir það að breyting hefur orðið á því. Þetta fje er annars eins lánað og ómyndugra fje, og má því segja eins upp eins og ómyndugra fje.

Þegar jeg gef atkvæði með því að lækka ölmusustyrkinn við skólann, gjöri jeg það ekki af þeirri ástæðu, sem þm. Bf. tók fram, að skólinn væri svo straffsverður, að hann mætti ekki halda þeim. Jeg man svo langt, að jeg var í skóla, og var hann ekki betri þá. Jeg hafði langt um fremur þá ástæðu til að skrifa undir bratkv., sem 1. þm. Sm. og aðrir hafa tekið fram, að aðsóknin að skólanum er orðin svo mikil, að hún hlýtur að tálma framförum piltanna, eins og gefur að skilja; þar sem svo margir eru í bekk, verða ekki sömu not að kennslunni, eins og ef færri væru. Önnur ástæðan var sú, að mjer þóttu ölmusurnar of margar. Jeg vil, að piltur, sem á að fá ölmusu, hafi þrennt til að bera. Hann á að vera *fátækur;* en jeg veit dæmi til að vel launaðir embættismenn hjer í bænum hafa fengið ölmusu

handa sonum sínum. Hann þarf að vera *hæfur til að læra;* en mjer er kunnugt, að í skólanum eru þeir til og fá styrk, sem ættu hæfilegleikanna vegna að stunda annað en nám. Hann þarf í þriðja lagi að hafa *vilja* til að stunda skólanám; en þennan vilja vantar hjá ekki allfáum, sem látnir eru fást við nám og fá ölmusur. Og er þetta vottur þess, að þær eru óþarflega margar. Að því er snertir sundurliðunina á læknastyrknum, get jeg ekki betur sjeð, en að Dalasýsla muni verða bezt sett. Hinn h. frsm. (H. Kr. Fr.) sagði óþarft, að hafa launin misjöfn; það er ekki óþarfara en í sýslumannaembættum og ýmsum öðrum embættum. Þá er vtill. frá 6 þm. við 16. gr. Það virðist í alla staði sanngjarnt, að Reykjavík beri þennan spítalakostnað með landssjóði, því að auðvitað hefur hún mest not af spítalanum, eins og sjá má af skýrslu frá landlækninum; skýrslan ber með sjer, að spítalinn er notaður allt að því að hálfu af Reykjavík móti landinu, og því er það ekki ósanngjarnt, að Reykjavík beri kostnaðinn hjer um bil að hálfu. En það vil jeg með öllu móti styrkja, að fjeð verði veitt með einhverju móti; því að það er mjög svo nauðsynlegt fyrir landið og bœinn, að hafa hjer spítala, og alveg nauðsynlegt við kennslu á læknaskólanum. Enginn getur sagt, að þm. Bf. (T. Th.) sje persónulegur, þar sem hann vill veita ferðastyrk persónu, sem enginn þekkir, og líklega er ekki til. En tilgangurinn mun vera sá, að einhver cand. jur. geti fengið þennan styrk til að ferðast fyrir og fullkomna sig svo í lögum, að hann geti orðið kennari við hinn fyrirhugaða landsskóla. Jeg vildi gjarnan, að þessi skoðun kæmi berlega fram í umræðunum; jeg efast þá ekki um að hinn hæstv. lh. taki hana til greina við veitingu ferðastyrks þegar þar að kemur. Styrk til verklegra og vísindalegra fyrirtækja finnst mjer óráðlegt að lækka nú meira. Það er kunnugt, að byrjað er að gefa út bækur með styrk af þessu fje, og verður víst haldið áfram með von um að fá styrkinn framvegis, og svo kann að vera um fleira, sem nauðsyn ber til að styrkja. Jeg er satt að segja enn ekki á því hreina með ferðastyrk handa Þorv. Thoroddsen. Jeg er sannfærður um, að hann og jafnvel landið eptir á gæti haft gott gagn af því, að honum gæfist kostur á að fara utan; en jeg verð að vera 1. þm. Eyfirðinga samdóma um, að óhentugt muni fyrir skólann, að hann fari um skólatímann. Jeg vil því skjóta þeirri spurningu til hins hæstv. lh., hvort hann geti gefið von um að slíkt fararleyfi fáist, og mun atkvæði mitt falla eptir því, hvernig svar lh. fellur; því jeg vil að hann fái fjeð, en ekki leyfi til að nota það um skólatímann.

Holger Clausen: Það er gömul og góð regla, að maður á ekki að kasta óhreina vatninu burt fyr en maður hefur fengið það hreina. Þessari reglu hafa Rvíkingar ekki fylgt. Þeir hafa kastað óhreina vatninu, en hafa ekkert hreint vatn fengið. Þeir eru ekki komnir lengra en það, að hafa fengið einhverja teikningu af þeim fyrirhugaða nýja spítala; en um það fær maður ekkert að vita, úr hvaða efni hann á að vera, hvort hann á að vera úr trje eða torfi eða steini eða pappa. Mjer finnst við eigum ekki að hleypa okkur út í fyrirtæki, sem kosta landið kannske 100,000 kr., með tilbundnum augum. Því það dugar ekki að fara að byggja spítala fyrir næstu 10 ár, heldur næstu 100 ár. Svo veit heldur enginn, hvar þetta hús á að standa. Við munum þó eptir vrövlinu sem varð um alþingishúsið um árið. Þessi teikning er nú líka svoleiðis, að hún getur vel verið gerð af manni, sem einhverju tíma hefur verið á spítala; en það er auðsjeð, að enginn arkítekt hefur gert hana. Þessi teikning getur eins vel verið af sýningarhúsi, sem líka vantar, því að nú er verið að halda sýning í barnaskólanum.

Benidikt Sveinsson: Það hefur verið sagt að viðaukatillagan við 4. gr. væri persónulegt mál, og hún væri komin af kala til þess manns sem veðið hefur sett. En jeg held að þetta sje eigi rjett. Jeg er ekki frumkvöðull þessarar tillögu; jeg hef ekki skrifað undir hana af persónulegum ástæðum, og sama er mjer óhætt að fullyrða um sjerhvern af hinum öðrum þm., sem undir tillöguna hafa skrifað. Þá hafa menn sagt, að þetta ætti eigi við á fjárlögunum; en þessu verð jeg algjörlega að mótmæla, því að við öll lán og þar á meðal sjerílagi við hin opinberu lán er lántakandi *skyldur* til að halda við veðinu í sama ástandi eður eigi lakara en það var, er hann tók lánið, og af þessu flýtur beinlínis, að þegar lántakandinn sjálfur rýrir veðið, einkum með sjálfráðri gjörð, þá brýtur hann skyldu sína við lánveitandann, og lánveitandinn hefur því fullkominn rjett til að segja láninu upp. Nú er það víst og viðurkennt, að lántakandi

in casu hefur rýrt veðið að miklum mun að sjálfráðu með því að rífa Laugarnesstofuna. Hjer er og víst að opinbert fje er lánað, og það er því *skylda* vor við þjóðina, að sjá um að fje hennar fari eigi að forgörðum. Jeg man eigi betur en þetta mál kæmi fyrir á fjárlögunum 1877, og því má það þá eigi koma eins fram á fjárlögum 1883, úr því jafnvel brýnni ástæða er fyrir hendi? Jeg vil eigi að þessi maður sem hjer er um að ræða sje privilegeraður fremur öllum öðrum mönnum í landinu; en allir mega vera vissir um, að ef um aðra væri að ræða, þá mundi láninu hafa verið sagt upp fyrir löngu síðan, nema því að eins að lántakandi hefði með skoðunargjörð sýnt og sannað, að enn væri fulltryggjandi veð fyrir láninu; en þetta hefur hann eigi gjört, og úr því að stjórnin eigi hefur fundið hjá sjer köllun til að segja upp láninu, þá á að setja þessa aths. inn í fjárl. og held jeg því fast fram, svo að eigi þurfi nú að vera að ýta undir landsstj. í 3. sinn 1885, að framfylgja almennri reglu við þennan mann.

Viðvíkjandi brtill. lh., þá þykir mjer það eins og h. h. lh. tók skýrt fram, að vísu mjög eðlilegt, að stj. vilji hafa heimild til að verja fje til þess að forða mönnum við dauða og harðrjetti; en jeg held þó, að heimild þessi, ef hún er sett svona í fjárlögin, verði heldur sterk og að lh. muni engan frið hafa fyrir bænum úr öllum áttum, fyr en þessu fje er alveg eytt. Eg er hræddur nefnil. um að þessi fjárveiting muni vekja þann misskilning hjá almenningi, að lh. sje skyldur til að lána og lána, meðan nokkuð er til. Enn fremur kann jeg eigi við að skerða sjálfan viðlagasjóðinn, á þenna hátt, heldur vildi jeg að tekinn væri afgangurinn frá næsta fjárhagstímabili á þann hátt, að þingsályktun yrði samþykkt um að verja þessum afgangi til þess að afstýra hallærinu, ef á þyrfti að halda. Þá er hjer br.till. um uppbót á Húsavíkurbrauði. Jeg hef eigi komið opt áður með fjárbænir fyrir alþingi og allra sízt fyrir presta og það er því skiljanlegt, að jeg muni vera knúður til þessa af *sjerstökum* ástæðum, enda er það og svo. Frá þessum ástæðum vil eg nú skýra í stuttu máli, sem gagnkunnugur því, hvernig hjer stendur á; en jeg er svo óheppinn, að sá maður sem líka þekkir málavexti og gæti sannað mál mitt, situr í forsetastólnum; en jeg vil þó vona að menn trúi því, að jeg segi satt og hermi rjett frá. Eg vil þá fyrst leyfa mjer að lesa upp vottorð þá fyrverandi prófasti í Suður-Þingeyjarsýslu þingmanni Norður-Þingeyinga svohljóðandi: «Kjartan prófastur Einarsson, sem um 3 ár hefur verið prestur á Húsavík, elskaður og virtur dugnaðar- og ágætismaður, tók við stað að Húsavík alveg föllnum í rúst, en hefur byggt hann upp að öllu vel og traustlega, þótt hann sje mjög efnalítill, og hafi ekki fengið nema lítinn hluta álagsins, og geti ekki haft nema óvissa von um að fá það seint og síðar.

Að vísu á kirkjan talsvert fje nú sem stendur í sjóði, en nokkuð af því mun vera í láni hjá *Þönglabakkakirkju vaxtalaust*, enda getur þess eigi verið langt að bíða, að Húsavíkurkirkja þurfi að gjörast af nýju».

Þetta eru sannarlega sjerstakar ástæður. Presturinn, beiðandinn, getur eigi notið rjettinda sinna, vegna þess, að presturinn, sem frá fór, gat eigi borgað álagið og kirkjuportionin getur eigi komizt í hans hendur. Enn fremur var þessi prestur alveg húsvilltur í fyrra vor; hann neyddist því til þess, að byggja staðinn alveg upp af nýju, því að hann var svo niðurfallinn, að það var engri manneskju inn í hann farandi. Vorið í fyrra vor var eins og allir muna og þó hvergi eins og í Þingeyjarsýslu og byggingin varð prestinum því óendanlega miklu erfiðari og dýrari en orðið hefði undir venjulegum kringumstæðum. En nú er enn eins að gæta. Jeg þori að fullyrða, að þessu litla fje sem hjer ræðir um verður eigi kastað í sjóinn sem eyðslufje. Nei! því verður áreiðanlega að eins varið til þess að gjöra landinu gagn með endurbót á prestssetrinu Húsavík, því þessi prestur er mjög hneigður fyrir jarðabætur, eins og allar framfarir lands og þjóðar. Altsvo, þessu fje verður, ef hann fær það, varið til þess að bæta prestsetrið, en ef hann fær engan styrk, hver verður þá afleiðingin? Sú, að hann verður neyddur til að fara burtu og mun honum veita það ljett að fá betra brauð; því að hann er mesti merkisprestur, og tel jeg sjálfsagt, að hann muni geta nú þegar fengið gott brauð, því að eg tel það víst og sjálfsagt, að veitingarvaldið verði að kannast við að fáir prestar — ef nokkrir, sem jeg efa — hafa á 3 árum aflað sjer slíkrar ástsældar og maklegrar viðurkenningar hjá sóknarbörnum sínum sem hann og enda ekki þegar á allt er litið

komið jafnmiklu góðu til leiða. En auðvitað mál er það, að þingdeildinni er það innanhandar að virða orð mín að vettugi.

Viðvíkjandi ölmusunum við lærða skólann, þá verð jeg að lýsa því yfir, að jeg hallast mikið að þeirri skoðun, sem 2. þm. Sm. (J. O.) ljet í ljósi. Mjer þykir það eigi eðlilegt að hlynna að of mikilli aðsókn að latínuskólanum í Reykjavík undir þessum kringumstæðum. Jeg kann yfir höfuð ekki við, að landsstj. leggi annað til en menntunarstofnanina sjálfa; hún á þó eigi að vera að mata þessa ungu menn, eins og með spæni, og *ginna* þá til að ganga hinn svonefnda lærða veg, með matargjöfum, sem teknar eru frá fátækum bændum; einkum á þetta illa við, þegar embættismennirnir eru farnir að vilja fá svo mikil laun, það var öðru máli að gegna hjer áður, þá voru ölmusur á góðum rökum byggðar, þegar prestar lifðu á fátækum brauðum, lifðu meira bændalífi, unnu að bústörfum og undu vel við lítið, en nú er andinn annar, nú vilja embættismenn hafa há laun, í krónutali, og þá dugir eigi annað en draga nokkuð úr mennta-agninu, og það því fremur, sem sú stefna er komin inn hjá þjóð og þingi, að telja allt eptir embættismönnum, eins og þeir sjeu niðurdrep og átumein þjóðarinnar.

Hvað *styrknum* til *barnaskólanna* víkur við, þá hryggir mig í rauninni að sjá *hann* í fjárlögum frá alþingi Íslendinga, og hefur gjört það öll þessi ár, því það sýnir berlega, að vjer tökum landsstjórnarmál vor frá rammskökku sjónarmiði. Þetta sýnir fyrst og fremst að menn eigi að fara að hætta við *heimakennsluna*, sem hefur alið og glætt menntun þjóðar vorrar frá öndverðu. Jeg þekki mörg fátæk heimili, þar sem jafnvel fátækir foreldrar mennta börn sín ágætlega, og mjer þætti gaman að sjá börn í útlöndum öllu betur menntuð, þó þau hafi gengið á barnaskólana þar. Jeg hef til dæmis að taka hitt Norðmenn fullorðna sem hafa gengið í mörg ár á barnaskóla, en sem varla hafa getað lesið eða stafað nafnið sitt, því síður skrifað það; en jeg þori að segja það, að það munu jafnvel örfáir kvennmenn í Þingeyjarsýslu, sem ekki geta skrifað og stafað nafn sitt og þó hafa þær aldrei gengið í barnaskóla. Jeg held sannarlega eigi af þessari *útlendu* hugmynd um ágæti barnaskólanna. En þó menn nú vildu ganga inn á það, að vilja eyðileggja heimilismenntunina á Íslandi, þennan andlega og sögulega fjársjóð lands og þjóðar, þá ættu menn þó ekki að gleyma því, að barnaskólarnir er *hjeraðsmál*, en ekki *almennt landsmál;* hjeruðin ein eiga að hafa vald til þess, að veita fje til þeirra; slíkt fje ætti aldrei að koma inn í landssjóð, og aldrei að veitast af alþingi. Jeg ætla að biðja þingmenn að fylgja þessum krónum til barnaskólanna frá því að þær koma úr vasa bóndans í gegnum hönd sýslumannsins og annara umboðsvaldsmanna, reikna svo þessi fáu orð þingsins sem varið er til að deila um þær, og fylgja svo krónunum aptur sama veg til baka, til hjeraðanna og til barnaskólanna. Skyldu þá krónurnar ekki hafa ódrýgzt nokkuð? Skyldu þær ekki orðnar nokkuð dýrar? Skyldu öll kurl þá komin til grafar? Getur h. h. þd. ekki skilizt, að þessi hringrás krónanna innibindur í sjer ófuga og ófrjálsa landstjórn? Jeg held enginn h. h. þm. ætti að halda upp á þessa króka, og þetta hringsól. Nei, þegar til alvörunnar kemur, þá ættum vjer að geta sjeð, að landstj. á einungis að gefa sig að *almennum landsmálum*, og sleppa öllum öðrum málum í hendur hjeraðsbúa. Þetta er mín skoðun, sem jeg hirði eigi að rekja frekar í þessu augnabliki, en jeg vona að þessi stefna fari bráðum að ryðja sjer til rúms hjá þjóð minni, ef henni á að verða nokkurra sannarlegra framfara auðið.

Því er *ferðastyrkur* til kandídats til útlanda. Það hefur verið sagt, að þetta lýsti oftrausti til landstj., en mjer hefði fremur skilizt, að mönnum hefði fremur þótt ust. lýsa vantrausti til stj., því það var satt sem þm. Ef. sagði, að þetta mundi standa í sambandi við ust. um niðurfærslu á styrknum til vísindalegra og verklegra fyrirtækja; en ástæðan til þess var þó eiginlega sú, að uppástungumenn voru hræddir um, að þingið mundi eigi vera fúst á að veita *þetta*, nema *hitt* væri fært niður. Reyndar fer hvorttveggja í sömu áttina, og hjer er eiginlega ekki gjört annað en ákveða, að af þessum 6000 kr. skuli verja 2000 kr. til að styrkja efnilegan kandídat til utanlandsferðar, og hjer er því sannarlega ekkert oftraust á stj., og þó að vjer getum eigi bent á neinn vissan kandídat, þá megum vjer þó þekkja hans almennu hæfilegleika, af hlutarins eðli, og því, sem sæmilegt *getur* verið fyrir stjórnina eptir þeirri heimild, sem hjer um ræðir; *því* landstj. getur *eigi* verið *þekkt* fyrir að velja annan en kandídat með beztu hæfilegleikum,

þar á meðal *bezta* vitnisburði til *embættisprófs*, því *stjórn*-gæðingar eru ekki meintir með þessari fjárveitingu. Það er því *sjálfsagt* að sá yrði að vera með bezta vitnisburði, sem þessa styrks yrði aðnjótandi. Ef lögin um landskóla verða staðfest, þá tel jeg víst að til þess yrði valinn einhver af þeim ungu kandídötum, er sem bezta hæfilegleika hafa sem lögfræðingar. Viðvíkjandi *ferðastyrknum* til kennara Þorvaldar Thóroddsens, þá er jeg samdóma h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) og er alveg á móti brt. um hann; það kann vel að vera að hann sje ágætur og duglegur maður, en jeg held að hann sje engan veginn búinn að rannsaka til hlítar hjer á landi, það sem hann þarf að rannsaka, en þegar hann er búinn að gjöra það vel og vandlega, þá vil jeg veita honum ríflegan styrk, til erlendisferðar, en þó með því skilyrði að hann gefi skýrslu um rannsóknir sínar hjer á landi út í yztu æsar. Hann á að gefa glöggva og greinilega skýrslu. (*Tr. G.*: Hann hefur gefið skýrslu í Andvara). Já, en jeg heimta fullkomnari skýrslu, og áður en hún er komin tel jeg það hlægilegt, að veita þessum manni ferðastyrk til útlanda. Hvað niðurfærslu á styrknum til vísindalegra og verklegra fyrirtækja snertir þá er jeg ekki fastur á henni; jeg legg það alveg á þd. vald, hvort hún vill samþykkja hana eða eigi, samkvæmt því, sem eg benti til áðan. Þá er hjer enn fremur ust. um að veita 1000 kr. til erindreka alþingis í Elliðaármálunum. Það var hjer við 2. umr. ust. um að veita Levinsen 800 kr. fyrir málfærslu hans, en sú ust. var felld með mjög litlum atkvæðamun, en eptir því sem mjer skildist á orðum manna og h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) tók það enda beinlínis fram, þá var það *formsins* vegna, en ekki af öðru að uppástungan var ekki samþykkt. Jeg játa það líka að það á betur við að greiða erindrekum þingsins ómak það, sem þeir hafa haft og látið aðra hafa fyrir málinu, altsvo bæði með að útvega málfærslumann og að öðru leyti að hafa styrkt málið með öllu því, sem í þeirra valdi stóð, svo að vilja þings og þjóðar yrði fullnægt. Annar fjekk að vísu eigi fararleyfi, en málið er þó komið í það horf, sem þingið óskaði. Vjer munum allir, hvernig á stóð í hitt eð fyrra; ályktun þingsins í þessu máli var gjörð svo seint, að tími var eigi til að veita fjeð, en kostnaðinn á að borga af landssjóði eigi að síður. Því eins og þingið 1881 hefði veitt fje til að borga kostnaðinn viðstöðulaust, eins er það bein skylda fyrir þetta þing, að borga erindrekunum ómak sitt og Levinsen málsvörn sína, og hefur hún eigi verið fyrirhafnarlaus; það hefur maður áreiðanlegur skrifað mjer frá Höfn, að hann hafi dáðzt að, hversu hann hafi verið búinn að kynna sjer málið frá rótum, og verið orðinn gagnkunnugur öllum staðháttum hjer á landi, og slíkt er eigi vanalegt um málfærslumann við hæstarjett. Enn fremur verð jeg að geta þess, að þetta mál var landsmál í fyllsta skilningi, því að spurningin var um það, hvort lögin, sem þingið 1875 samþykkti, um friðun laxa, væru friðunarlög gildandi fyrir landið allt eður eigi. Þetta var mjög þýðingarmikið og þýðingarmeira fyrir sóma þings og þjóða, en menn máske sjá, og nú staðfesti hæstirjettur, að lögin sjeu friðunarlög, og þá er þessari mikilsverðu spurningu svarað til hlítar, hvor rjettara hafi haft fyrir sjer, þingið, eða umboðsvaldið og yfirdómurinn á Íslandi. Jeg skal geta þess, að eitt af hinum stærri dagblöðum í Kaupmannahöfn sagði, að hæstirjettur hefði skoðað málið sem mjög mikilsvarðandi fyrir landið, af því að það snerti einn af aðalbjargræðisvegum þess. Það er þó eptirtektavert, að útlent blað skuli dæma svona rjett um þetta mál. Jeg ímynda mjer af öllum þeim rökum, sem eg hefi tekið fram, að þingið samþykki þessa ust. viðstöðulaust. Hjer liggur fyrir það tilfelli, sem menn kalla að þingið «voterer Foretagendet»; það er að segja: það ákveður að eitthvað skuli gjörast án þess að ákveða borgunina þegar, en þá er verkinu er lokið borgar það kostnaðinn sem leitt hefur af ákvæði þess ekki síður en hver annar ærlegur prívatmaður. Jeg geng þess vegna að því vísu, að þingið gjöri skyldu sína og greiði þessa litlu fjárupphæð og að jeg þurfi eigi að fara frekari orðum um þetta mál.

Eiríkur Kúld: Jeg skal geta þess við 4. gr. II., að jeg ætla að gefa ust. hins hæstv. lh. sþ. mitt, bæði af ástæðum þeim, sem hinn h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) hefur fært fyrir ust., og líka af því, að hún fer einmitt í sömu átt og hin upprunalega ust n. í harðærismálinu.

Jeg skal lauslega drepa á brtill. við 12. gr., sem jeg með fleirum h. þm. stend undir. Það er um laun póstmeistarans. Jeg hygg að margir sjeu ekki á móti þessari litlu uppfærslu, og þeir sem eru það, hafi ekki fullkomlega gjört sjer ljóst, hvað mikið

þessi maður hafi að starfa. Það hefur verið aukið við störf hans að stórum mun, og um leið bætt við laun hans 300 kr. eptir ust. hinnar h. fjárl.n., en þessi viðbót er of lítil móts við þann aukna starfa, sem hann hefur fengið. Þess verður og að gæta, að enginn embættismaður á öllu landinu hefur jafnmikla peningaábyrgð og þessi maður, að fráskildum landfógetanum. Þessi embættismaður þarf og langtum meira húsrúm en nokkur annar embættismaður í þarfir embættis síns, auk skrifstofukostnaðar, og þó að hann hafi fjárstyrk til þess, þá er hann víst tæpast nógur. Þd. skipti og þá ójafnt á milli og sýndi litla sanngirni, ef hún neitaði að færa upp laun þessa embættismanns úr 2000 kr., sem þau nú eru orðin við þessa 300 kr. viðbót, þegar þd. nýlega hefur fært upp laun endurskoðarans úr 2500 kr. í 3000 kr. Launin í þessu áríðandi embætti mega ekki vera minni en 2400 kr., sem margir þm. hafa sagt um, að væri hið minnsta fyrir embættismann hjer í Reykjavík með konu og börnum. Jeg á líka þátt í 13. gr. A. b. um 200 kr. bráðabyrgðaruppbót á Stóruvallaprestakalli. Þetta er hin brýnasta nauðsyn, því að söfnuðurinn þar á eins heimting á presti og hver annar söfnuður í landinu, en án þessarar uppbótar, sem þó má heita lítilræði, er fyrir að sjá, að enginn prestur fáist þangað, hver veit hvað lengi. Jeg er og undir brtill. um bráðabyrgðaruppbót til Húsavíkurbrauðsins. Hinn h. meðuppástungumaður minn, 2. þm. Nm. (B. Sv.), hefur skýrt frá því, að presturinn, sem í brauðinu sitji, eigi það fullkomlega skilið, bæði vegna ágætra hæfileg-leika sjálfs sín, og einkum vegna þess, hvað brauðið var niðurnítt í alla staði þegar hann tók við því. Mjer hefur verið sagt í dag af kunnugum manni, að álagið hafi alls numið 1000 kr., og allmikill hluti af því sje ógoldinn hinum núverandi presti, og hann á það undir lífi annars manns, hvort hann fær það nokkurn tíma eða aldrei. Hvað 15. gr. snertir, þá halla jeg mjer heldur að ust. hins hæstv. lh., en falli hún, þá gef jeg atkv. mitt fyrir brtill. n., að áætla eptirlaunin 50,000 kr.

Jeg get eigi annað en minnzt á þessa 3 lækna. Jeg játa að það er óviðkunnanlegt að veita ekki öllum jafnhátt, en jeg álít að það sje nauðsynlegt að ætla læknunum í Dalasýslu meira en hinum til þess að hún sitji ekki á hakanum; jeg er því með þeirri brt. að svipta Akranesslækninn 100 kr. og bæta við hinn í Dalasýslu. Jeg hefði jafnvel viljað láta hann hafa 1000 kr., en hvorn hinna ekki nema 700 kr. Þó að Barðastrandasýslu með sína bænarskrá um nýtt læknishjerað í Flateyarhrepp hafi orðið olbogabarnið n. í þetta sinn, þá treysti jeg þó því að hún komi næst, og vil ekki láta Dalasýslu gjalda þess, og það því síður, sem þetta nýja læknishjerað, þegar það verður skipað, gjörir það að verkum, að læknirinn í Stykkishólmi verður ekki sóttur inn í Dali, því að Dalasýslumenn hafa notað hann meira en sumir hafa sagt hjer í deildinni; en þá getur hann betur komizt yfir að sinna Flatey og Eyjahrepp yfir höfuð. Það hefur verið mikið fundið að þessari ust. við 16 gr. að veita 2000 kr. til einhvers íslenzks kandídats. Hinn h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) kunni verst við það, að ekki væri bent á neinn einstakan. En jeg vil spyrja þm. hvort hann viti ekki að þetta er algengt í öllum siðuðum löndum að veita slíkan styrk? Hinn h. varaforseti (Tr. G.) var einnig móti þessari ust. og taldi um að þetta væri einhver kandídat í loptinu og hann hafði ekki mikla trú á þessari veitingu. Það getur verið að vjer andlegrar stjettar mennirnir göngum eins og hann sagði meir en hann og sumir aðrir í trú en ekki í skoðun, (það er fyrst hinumegin að vjer ætlum að ganga í skoðun), en jeg vona að hann gangi líka nokkuð í trú hjerna megin. Það hefur að minnsta kosti verið í trú á hinum manninum að hann vildi veita honum þennan styrk til utanferðar, en ekki í skoðun, því að hann getur enn ekki hafa sjeð ávextina af þeirri ferð. Úr því að mjer varð óvart að komast inn á þetta efni um fjárveitinguna til kennarans á Möðruvöllum, þá vildi jeg gjöra þó aths., að það vantar skýrslu um störf hans. Sömuleiðis vil jeg spyrja um það, hvar þetta steinasafn hans sje? Það er ekki hyggilegt að flytja það út úr landinu. Það ætti heldur ekki að vera á Möðruvöllum, heldur einmitt hjer í Reykjavík; þar eiga allir ljettast með að kynna sjer það, innlendir sem útlendir. Jeg hef heyrt merkan Íslending .... (*L. B.*: hver var það?). Það var landlæknir Jón Hjaltalín, jeg hef heyrt að hann hafi átt að segja að hann hafi í Vínarborg á safni sjeð stein sem mátti lykja í lófa sínum, á stærð við lóuegg; sá steinn hafi verið fundinn á Austurlandi af ungverskum ferðamanni, en verið

matinn 800,000 gyllina virði!? Það væri ekki heppilegt ef slíkir steinar flyttust út úr landinu. Þó að *svona dýrir steinar* finnist ef til vill ekki, þá get jeg sagt að jeg hef sjeð tópas hjer á landi. *(Tr. G.:* Já hann er til).

Það hefur þegar verið tekið fram af öðrum, að öðru vísi mætti orða brt. við 17. gr., svo að það sæist skýrt hvers konar ferðakostnað ekki mætti greiða af óvissum útgjöldum til embættismanna eða embættismannaefna, því að meiningin er náttúrlega að afnema þennan ferðakostnað þegar menn fara t. d. frá Höfn heim til embætta, en ekki neita embættismönnum sem ferðast um landið í embættiserindum um endurborgun fyrir ferðir sínar. *(Gr. Th.:* E. d. sjer um að laga það).

Þá vil jeg lítillega minnast á þennan margumrædda spítala. Frsm. (H. Kr. Fr.) leggur sjerstaklega áherzlu á það, að þessi spítali sje fullt svo mikið fyrir landið í heild sinni, og fyrir Reykjavík eina. Jeg ber ekki á móti því að landið eigi að leggja tiltölulegan hluta til spítalabyggingar þegar þar að kemur, en mjer þykir það efasamt, hvort þörf sje á að byggja spítala þegar á þessu fjárhagstímabili. Frsm. (H. Kr. Fr.) segir að bærinn (og þá um leið landið) sje spítalalaust í haust, en hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) segir að samningar hafi farið í millum spítalafjelagsins og kaupanda hins núverandi spítala, að hann leigði fjelaginu húsið framvegis til tveggja ára eða lengur. Frsm. neitar þessu, og þegar þá skilur á, þm. Rvk. og þm. Bf., þá er von að í villu leiðist jafnvel útvaldir; það væri æskilegt ef annarhvor gæti sýnt það svart á hvítu, hvað sannast er í þessu efni. Jeg játa að það er skylda lsj. að taka töluverðan þátt í kostnaðinum við þessa spítalabyggingu. Hingað sækja skólapiltar úr öllu landinu, sjúkir sendir hingað, og læknaskólinn sem hefur mest gagn af spítalanum er opinber stofnun, að þessu leyti virðist mjer að lsj. taki sinn hluta af spítalakostnaðinum.

En að lsj. eigi að taka meiri þátt í þessari byggingu en Reykjavík get jeg ekki kannast við, allra sízt meðan l. frá 17. des. 1875 ekki er fullnægt, því að af 6 sjúkrahúsum sem þau fyrirskipa veit jeg ekki um að til sjeu nema spítalinn á Akureyri fyrir utan þennan hjer í Reykjavík. Þess vegna leyfi jeg mjer að mæla fram með vtill. frá oss nokkrum þm. sem fer fram á að bæjarsjóður leggi helming móts við þessar 15000 kr. úr lsj., auk þess sem spítalasjóðurinn á. *(H. Kr. Fr.:* Það er ekki til neins).

Gunnlaugur Briem: Jeg vil geta þess að nafn mitt hefur ranglega prentazt undir þingsályktun nokkurra háttv. þingm. um að segja upp lánum með veði Laugarnesi og veiðinni í Elliðánum, og þar eð jeg er ekki samþykkur tjeðri þingsályktun, vil jeg ekki leiða þetta hjá mjer óátalið. Hinn h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) talaði áðan um veðið í Laugarnesi, að í veðbrjefinu stæði að það ætti að halda veðinu í *sama* ástandi og það þá hefur verið. En þegar jeg lít á það sem stendur næst í veðbrjefinu, þá gæti jeg hugsað mjer að þeim sem veðbrjefið samdi hafi dottið í hug að «það er svo bágt að standa í stað», því að annaðhvort munar aptur á bak eða áfram, því að hann hefur bætt aptan við þennan skildaga að halda veðinu í sama ástandi, orðunum:» eða betra». Það er því ekki beinlínis einskorðað að jörðin með húsum sínum eigi ávallt að vera í sama ásigkomulagi og með sama húsafjölda. Þó að húsum fækki eða jörðinni fari aptur í einu tilliti, getur henni þó farið meira fram í öðrum greinum. Jeg hafði heyrt að húsið í Laugarnesi væri orðið mjög hrörlegt, áður en það var rifið; en hitt hafði jeg ekki heyrt fyr en 1. þm. Á. (Þ. G.) fræddi þd. á því, að jörðin væri í svo mikilli niðurníðslu. En hvað um það, Laugarnes er ekki svo langt frá lstj. að hún geti ekki haft auga á, hvort það er lengur veðbært. *(B. Sv.:* Á lstj. að gjöra áreið?). Jeg veit til þess að lstj. hefur haft eptirlit með veðsettum jörðum til lsj. út um landið, þegar henni hefur þótt þörf. Jeg fyrir mitt leyti bið því rólegur átekta með þetta veð, enda hef jeg heyrt kunnuga menn segja að Laugarnes gæti staðið í veði fyrir tvennum 3600 kr.. Hvað veðið í Elliðaánum snertir, þá er það nokkuð sjerstaklegt, þar sem veðið er sjálf veiðin í ánum, en jeg skil ekki að af því sje nein hætta búin, þar sem jeg hef ekki heyrt að veiðin í ánum sje orðin að nokkrum mun rýrari.

Það kann að verða tíðrætt um það í hjeraði, ef þingið hafnar þessari hugheilu ust. lh. að veita sýslunefndum og amtsráðum aðgang til hallærisláns allt að 100,000 kr. Jeg skal leyfa mjer í fám orðum að lýsa skoðun minni í þessu efni. Jeg mundi hafa aðhyllzt ust. hins hæstv. lh., hefði ekki verið fyrir önnur ust., sem mönnum er kunnugt að fer fram

á, að lána einstökum mönnum allt að 100,000 kr. móti veði Verði peningar á þann hátt fáanlegir, þá er það hvöt fyrir menn að leita ekki til lstj. með bænir um hallærislán. Jeg hygg að nú sje kominn sá fjelagsandi, að menn í tíma slái sjer saman um, að fá lánin, áður en vetrar að og ómögulegt verður að ná í bjargræðið. Jeg hygg því að menn verði að sætta sig við þessi svo kölluðu prívatlán, í því trausti að almenningur noti sjer þau rjettilega og kaupmenn flytji með meira móti til landsins af nauðsynjavöru, þegar von er á þessum fjárlánum úr lsj. Þessi lán eru fullkomlega nauðsynleg, án þess þau sjeu til þess beinlínis að afstýra hungri og neyð, því að vel má tala um hallæri eður harðæri, áður en svo langt er komið; það er full þörf, segi jeg, þegar svo langt er komið, að meðalbændur eða betri bændur geta ekki haldið við fjárstofni sínum.

Jeg þakka eins og aðrir þdm. hinum hæstv. lh. fyrir umhyggjusemi hans, sem hann hefur sýnt með þessari ust., og jeg vona að hann sjái, af hvaða ástæðum jeg ekki get greitt atkv. með henni.

Hvað 12. gr. snertir um uppfærslu á launum eins embættismanns, þá er jeg yfirhöfuð á þeirri skoðun að það beri að ætla embættunum svo sæmileg og ríflег laun að duglegir menn fáist í þau og geti haldizt í þeim. Það gladdi mig því, er jeg sá, að fjárln. hafði. jafnframt því, að fjölga póstferðum, haft tillit til þess starfa, er það mundi auka póstmeistaraembættinu, með því að hækka nokkuð laun póstmeistarans, því að jeg áleit það sanngjarnt. Jeg spurði þá sjálfan mig, hvort þessi viðbót væri hæfileg, og áleit að svo mundi vera, að nógu væri viðbætt með tilliti til þess, að þessi fjölgun póstferðanna væri nokkurs konar tilraun og undirbúningur undir meira fjör í samgöngum hjer á landi; og meðan ekki væri sjeð fyrir hvernig almenningur tæki þessari nýbreytni, og hvað mikið hann notaði þessar nýju póstferðir, þá væri heldur ekki hægt að segja, að hve stórum mun störf póstmeistarans jykust, og þess vegna væri þessi viðbót hæfileg í bráðina, og mætti auka við hana síðar, ef sanngirni mælti fyrir því. En nú hafa sumir heiðraðir þm. ekki látið sjer lynda þessi úrslit, en komið fram með ust., að hækka laun hans upp um ekki minna en 400 kr. í viðbót við þessar 300 kr. sem fjárln. stakk upp á, og þegar er sp. við 2. umr. Hinn h. þm. Bst. (E. K.) talaði um hve mikið húsrúm þessi embættismaður þyrfti fram yfir aðra embættismenn, til þess að reka embætti sitt, en jeg skil ekki að hann þurfi að fá svo mikla viðbót með tilliti til þess. Jeg hefði ef til vill fallizt á það, ef stungið hefði verið upp á minna, og ekki svona úr öllu hófi; en sem sagt, jeg hygg að það muni síðar koma til álita á þingi, að auka laun þessa embættismanns, ef störf hans, sem vjer allir vonum, aukast á næstu árum, og því rjettast að láta sitja við svo búið í þetta sinn.

Jeg er einn með öðrum undir brt. um að færa upp veitinguna til barnaskólanna síðara árið, svo að þeir fái jafnt hæði árin, 2000 kr. á hvoru fyrir sig. Það er víða góður og mikill áhugi í landinu að koma upp barnaskólum, og ætti alþ. að rjetta þeirri viðleitni landsmanna hjálparhönd. Jeg veit til þess að í minu kjördæmi var byrjað að koma upp barnaskóla í fyrra haust á Sandárkrók. Jeg hef einnig hjer syðra verið gestur við vígslu barnaskólahúss, það var hjer út á Seltjarnarnesi og þar gafst mjer kostur á að sjá hve mikils landsmenn meta þessar stofnanir, og þar hef jeg einna fegurst heyrt talað um það að vísa hinum unga þann veg sem hann ætti að ganga.

Hjer eru komnar fram brt. að hækka eptirlaun eða viðurkenningarlaun hinna tveggja ekkna, frú Valgerðar Ólafsdóttur og frú Brynjúlfssonar frá því sem þau voru sp. við 2. umr. Mjer finnst að þeir heiðruðu ustm. hafi gjört það sem menn í daglegu tali kalla að ganga á lagið, þegar þeir sáu hve vel var tekið í þessar fjárveitingar við 2. umr. Jeg verð því að segja, að eins glaður og fús jeg var til að veita þetta fje síðast, eins tregur verð jeg nú til þess að gefa þessum brt. atkvæði mitt.

Hvað þessa br. á launum hinna 3 nýju lækna snertir, þá hygg jeg að sanngjarnlega sje skipt milli þeirra. Jeg þykist viss um að læknir fengist á Akranes, þó að honum væri eigi veittar af opinberu fje meira en 600 kr. á ári.

Jeg ljet við 2. umr. þessa máls í ljósi þá skoðun mína um spítalann að hjer ætti að vera landsspítali; jeg veit skoðun nokkura manna heima í hjeraði, og ætla þeir það ekki ósanngjarnt að landið legði fje til af sínum hluta, sjerstaklega var það með tilliti til þess að spítalanum fylgdi sjerstök bygging fyrir geðveika menn, eins og kom-

ið hefur til orða. Jeg hef spurt landlæknirinn um það hvað hann ætlaði að margir geðveikir menn væru á landi hjer og hugði hann að þeir væru um 50. *(Gr. Th.:* Fimmtíu þúsund?). Nei, þm. verður að sleppa þúsundunum aptanaf, þeir eru heldur ekki taldir með sem kann að liggja illa á með köflum (hlátur), heldur að eins geðveikir og brjáladir menn. Þessir aumingjar hýrast heima eins og skynlausar skepnur og á stundum sakir ýmsra erfiðleika lítið reynt að bæta úr böli þeirra, og hafa þó þessir aumingjar, sem eru menn eins og við, sannarlega heimtingu á því að þeim sje sýnd mannúð og kristilegur kærleiki. Það væri því mikið unnið við það að fá þessa stofnun hjer í Reykjavík. *(A. Ó.:* Á að setja *alla* vitfirringa landsins í Reykjavík?) Reykjavík verður víst hagkvæmasti staðurinn; en sjái þm. annan betri, þá má velja þann stað.

Jeg ljet það í ljósi við 2. umr., að bezt væri ef það gæti hvorttveggja farið saman, að skólakennari Þorvaldur Thoroddsen fengi styrk til að halda áfram rannsóknum sínum hjer um land, og líka fá styrk til að fara utan. Mig furðar á því að menn skuli hafa á móti þessari utanferð, rjett eins og vísindin kæmu af sjálfu sjer, og hann hefði ekki eins og aðrir, þó að góðir vísindamenn sjeu, þörf til að fullkomnast enn meira. Mig furðar mest á því að menn skuli nú andmæla því, að hann fái að verja öðru þúsundinu til utanferðar, þar sem nú er ekki lengur að ræða um annan, eða meiri fjárstyrk, en hann hefur haft undanfarið fjárhagstímabil til rannsókna hjer um land. Lh. var spurður um það hvort hann mundi fá leyfi til þess að vera burtu frá Möðruvöllum einn vetur; það er undarleg spurning hjer á þingi, og varla von að hinn hæstv. lh. sjái ástæðu til að svara henni. Jeg tel sjálfsagt að honum verði ekki synjað um fararleyfi, geti hann sett fullgildan mann í sinn stað. Hvað seinasta liðinn í 16. gr. snertir, um styrk til annara verklegra og vísindalegra fyrirtækja, sem stj. á að hafa hönd yfir, þá hygg jeg að hann sje hæfilega settur hjá n., og sje ekki ástæðu til að færa hann niður úr 6000 kr. í 4000 kr., sem nokkrir h. þm. hafa stungið upp á, með tilliti til þess að 2000 kr. væru veittar einhverjum kandídat til að ferðast fyrir til útlanda. Mjer þykir einmitt sennilegt, að ef hinir h. þm. aðhyllast þessa mjer liggur við að segja undarlegu fjárveitingu, þá geti þar að rekið, til þess svoleiðis ferðastyrkur eigi að hafa eða geti haft nokkra verulega þýðingu, að bæta þurfi við hann, eða gefa sama manni aukaveitingu, og þá er ekki vert að færa þennan útgjaldalið niður vegna þessara 2000 kr. fjárveitingar.

Landshöfðingi: Að jeg hef ekki svarað spurningu h. h. 1. þm. Sm. (Tr. G.), kemur ekki til af því, að jeg hafi ekki ætlað mjer að svara, heldur af því, að jeg ætlaði mjer að geyma það þangað til jeg þyrfti einnig af öðrum ástæðum að taka aptur til máls. Jeg verð þá að svara spurningunni svo, að mjer þykir óvíst, hvort tilgangurinn með þessum ferðastyrk náist, ef fararleyfið er bundið við sumarleyfið frá skólanum. En auðvitað getur fararleyfi um vetrartíma því að eins fengizt, að annar maður sem því er vaxinn fáist til að gegna kennslunni í hans stað, svo að skólinn bíði engan baga af.

Því næst skal jeg gjöra nokkrar aths. við það sem fram hefur komið um ýms einstök atriði. Jeg sný mjer þá fyrst að hinu margumrædda Laugarnessveði. Veð þetta var virt seinast árið 1881; þótti það þá ekki fullgilt veð fyrir hinni upphaflegu skuld og var því sagt upp 1190 kr. af láninu, þannig að eptir stóðu 2400 kr. Fyrir þessum 2400 kr. þótti veðið meira en fullgilt. Til þess að girða fyrir allan misskilning skal jeg geta þess, að Kleppur stendur ekki sem veð fyrir þessum 2400 kr. auk Laugarness, heldur fyrir sjerstöku láni. Það hefur verið tekið fram af einst. þm. að Laugarnessveðið hafi rýrnað síðan virðingin fór fram; en það held jeg að ekki sje til neinna muna, því að við virðinguna var víst ekki tekið mikið tillit til þess húss, sem þá stóð þar, en rjett á eptir var rifið niður. Samt sem áður mun jeg nú láta virða veð þetta að nýju, og vona jeg þá að uppást.mennirnir finni ekki ástæðu til að halda uppástungu sinni fram hvað þetta veð snertir.

Svo var annað atriði, sem mjög hefur verið rætt um, og einkanlega liggur mjer á hjarta og það er ölmusustyrkurinn við hinn lærða skóla. Jeg skal fúslega játa með hinum h. 1. þm. Ef. (A. Ó.), að bezt væri, að þurfa ekki á þessum styrk að halda. En ástæður manna eru nú ekki þannig. Reynslan sýnir að foreldrum veitir fullerfitt að halda sonum sínum til mennta með þeim styrk, sem greiddur er, og meðan svo stendur á sem nú, tel jeg það mjög varúðarvert að minnka

þennan styrk. Uppástunga mín um hækkun eptirlaunafjárins hefur mætt talsverðri mótspyrnu. Það hefur verið fært sem ástæða móti henni, að hinn áætlaði afgangur verði svo lítill, ef hún verði samþ. En úr þessari mótbáru gjöri jeg lítið, af ástæðum, sem jeg hef áður tekið fram. Sú aðferð, að hækka fyrst tekjugreinirnar, sem mest má verða, en færa síðan niður hina einstöku gjaldliði, og þar á meðal áætluð lögákveðin gjöld, er að mínu áliti mjög óheppileg, svo framarlega sem það er talið áríðandi að byggja fjárhagsyfirlitið á nokkrum áreiðanlegum grundvelli. Þessi uppástunga mín hefur ekki eins eyris útgjöld í för með sjer fyrir landið, heldur miðar einungis til þess, að gjöra áætlunina vissari.

Jeg er h. h. þm. þakklátur fyrir það að þeir hafa tekið svo vel að efninu til undir uppástungu mína um að stjórninni veitist heimild til að brúka 100,000 kr. til hjálpar ef bráð vandræði kynni að bera að höndum, því að mjer hefur skilizt að allir eða flestir h. h. þm. sjeu mjer samdóma í þessari uppástungu að *efninu* til; þessa skoðun sína á málinu vona jeg að þm. láti í ljós á þann hátt, að þeir greiði atkvæði með uppástungunni. Hjer liggur fyrir önnur uppástunga um aðrar 100,000 kr. En jeg er hræddur um, eptir því fyrirkomulagi, sem uppást.menn sýnast hafa hugsað sjer, að þetta fje verði aldrei notað til þess að bæta úr neyð eða greiða úr *vandræðum*. Það myndi fara svo að fjeð yrði lánað út á örskömmum tíma, því að lántakendur myndu fást nógir, og svo væri ekkert til að grípa fyrir stjórnina, þegar neyðin í raun og veru ber að höndum. En þó að nú 100,000 kr. væri þannig skipt upp milli 100 manna á öllu landinu, þannig að hver fengi 1000 kr. þá er vandræðunum ekki afstýrt með því. Þar á móti má bjarga vandræðum í mörgum hjeruðum með 100,000 kr., ef þeim er skynsamlega úthlutað þeim, sem mesta hafa þörfina. Jeg vona reyndar, að ekki komi til þess, að til útborgunar komi á þessu fje, en þyrfti virkilega til þess að koma, þá getur orðið lítt mögulegt eða ómögulegt að ná í fje, sem nauðsynlegt er, ef hin uppástungan yrði samþ., því að við því má varla búast, að 200,000 kr. verði á reiðum höndum, eða strax tiltækilegar í viðlagasjóði. Sú uppástunga gæti því orðið til þess að valda vandræðum í stað þess að afstýra þeim. Sú skoðun hefur komið fram hjá einum eða jafnvel fleirum þingm, að það væri óformlegt, að setja slíkt ákvæði sem þetta inn í fjárlögin heldur ætti að koma með það í þingsál.formi. En þetta get jeg ekki látið mjer skiljast. Jeg leyfi mjer því enn að mæla hið bezta með þessari uppástungu, og vona, að h. h. þm. sjái í hverjum tilgangi og af hverjum hvötum hún er komin fram, og að þeir treysti því, að þetta fje verði ekki misbrúkað af stjórninni. Hjer er heldur ekki spurning um annað en það að gefa leyfi til að lána fje til sýslunefnda og amtsráða, og get jeg varla skilið að nokkur hætta geti verið við því búin, að sýslunefndir eða amtsráð myndu um skör fram leita þessara lána eptir því, sem reynslan hefur sýnt um varfærni þeirra í þess konar efnum.

Friðrik Stefánsson: Jeg ætla að láta í ljósi álit mitt um nokkrar þær brt. og vtill., sem komnar eru við fjárlögin. Kem jeg þá fyrst að brt. við 4. gr., um það, að lánunum úr viðlagasjóði gegn veði í Laugarnesi og laxveiðinni í Elliðaánum verði sagt upp. Að því er þetta snertir þá verð jeg að vera hinum h. frsm. (H. Kr. Fr.) samdóma um það, að veðið sje nægilegt fyrir skuld þeirri, sem á því hvílir, þó ábúð á Laugarnesi sje nú verri en engin eða því sem næst. En menn verða að gæta þess að land þetta liggur svo nærri Reykjavík, að það hlýtur, að stíga upp með tíðinni, þegar Reykjavík vex meira, eins og fullt útlit er til að verði, því þá má hún engan veginn vera án þess, að hafa afnot landsins í Laugarnesi. Enn fremur hefur h. h. lh. getið þess, að hann mundi gæta rjettar landssjóðsins í þessu tilliti; en hitt get jeg ekki samþykkt með frsm. (H. Kr. Fr.), að eigi megi segja upp þessu láni sem öðrum lánum landssjóðs, með lögskipuðum fyrirvara.

Þá er hjer vtill. lh., að honum veitist 100,000 kr. af viðlagasjóði til að afstýra hallæri í landinu. Ekki get jeg verið á sama máli og h. h. lh. í þessu máli. Jeg viðurkenni að hann gjörir embættisskyldu sína, með því að bera það undir þingið, og með því kemur hann af sjer öllum eða hálfum vanda, þó þingið samþykki eigi vtill. hans. Því skoðun mín á þessu er sú, að stjórnin hljóti að hafa heimild til, að verja hvort heldur meiri eða minni upphæð til að afstýra hallæri í landinu, með fje því, sem landið á í viðlagasjóði, ef þörf

gjörist, þó þingið ákveði það ekki. Áður hefur verið gjörð þgsál. um að verja 100,000 kr., til þess að lána einstökum mönnum með vanalegum kjörum, og mót nægilegu veði, og sje jeg eigi að viðlagasjóður hafi fje til þessa alls, því síður sem nú er í ráði að stofna banka, enda er stórmikið fje, nærri 200 þúsund kr. af hinum útlendu gjöfum enn óskipt, svo ólíklegt er, að menn þurfi að taka mikið hallærislán á næsta vetri. Við þetta tækifæri vil jeg geta þess, að þeirri stjórnarstefnu hefur verið fylgt hjer á landi og það um of, að veita mönnum takmarkalausa hjálp, þegar þeir hafa verið komnir alveg flatir, næstum eins og þeir hafa framast óskað. Þetta hefur gengið svo til um sveitastjórnirnar, að þeim hefur verið skipað að láta svo mikið af hendi rakna sem óráðs- og óreglumenn þeir hafa heimtað, sem komnir eru á sveit, og svo koll af kolli upp til hinnar æðstu stjórnar. En það verða þó allir að játa, að það er samboðnara skynsamlegri stjórnaraðferð að hafa þetta í hófi, en veita þeim heldur lán sem einhver dugur er í, til að koma upp bústofni sínum aptur, eptir undanfarin harðærisár, því að þeir eru stoð og stytta hinna fátækari og landsins í heild sinni. Þá er hjer brt. við fjárveitingu til barnaskólanna um, að taka ekki af þeim fjárupphæð þá, sem þeim var veitt á næstliðnu fjárhagstímabili. 2. þm. Nm. (B. Sv.) var á móti barnaskólum og sagði, að fjárveiting til þeirra ætti að vera hjeraðsmál, og er jeg honum að nokkru leyti samdóma um það, en meðan svo stendur, sem nú er, verður eigi rjett, að láta barnaskólana missa þennan styrk, sem þeir hafa haft og eigi er nema 2000 kr. til allra barnaskóla á landinu um árið, því að það vita allir, að gott barnauppeldi, andleg og verkleg menntun unglinga er aðalundirstaðan undir hinni sönnu framför þjóðfjelagsins. H. h. lh. hefur farið fram á, að í staðinn fyrir 50000 kr. hjá n. til eptirlauna komi 56000 kr., og get jeg eigi gefið atkvæði mitt fyrir því. Brt. nokkurra þm. um að færa upp eptirlaunin til tveggja ekkjufrúa, greiði jeg atkvæði á móti. Hjer liggja engar skýrslur fyrir um sjerstaka þörf þeirra, enda álít jeg það eigi skyldu fram yfir það sem lögheimilað er. Þá eru 4800 kr. veittar til aukalækna. Vil jeg framfylgja þeirri brtill., að læknirinn í Dalasýslu hafi meira af þeirri fjárupphæð en læknirinn á Seyðisfirði eða Akranesi, því að það hljóta allir að játa, að hann hefur lang-erfiðast umdæmi, þar sem Bæjarhreppur í Strandasýslu á að fylgja með. Þá er nú spítalinn í Reykjavík, og er farið fram á að veita 15,000 kr. úr lsj. til þess að koma honum á stofn. Jeg get eigi gefið þessu atkvæði mitt, því að fyrst er þess að gæta, að eptir till. landlæknis veitir ekki af 100,000 kr. til að koma honum fullkomlega á stofn, og sje jeg eigi, að lsj. sje fær um þau fjárútlát, þó það eigi að skipta því niður á fleiri eða færri ár. Það hefur verið tekið fram, að spítalinn væri nauðsynlegur vegna læknakólans í Reykjavík; það kann nú að nokkru leyti að vera svo, en samt get jeg eigi sjeð, að það sje á fullum rökum byggt, því að ef læknar eiga að fá verklega þekking á sjúkdómum, þá hljóta þeir að sigla og ganga á spítala utanlands, hvort heldur að er, því að þó öllum sjúklingum úr landinu væri komið á spítalann hjer í Reykjavík, sem alls eigi er hægt, allra sízt að vetrinum og ekki heldur að sumrinu úr þeim hjeruðum, þar sem hafís hindrar ferðir manna kringum landið, þá verður spítalinn, þó hann kosti stórfje, einlægt lítilfjörlegur og næstum eingöngu fyrir Reykjavík og þær sveitir, sem henni eru næst. Verð jeg því að álíta, að Reykjavík ein, og næstu sveitir, hafi verulegust not af spítalanum, og ætti hún því að kosta hann sjálf ásamt þeim, því það tillag, sem lsj. árs árlega leggur til spítala þess, sem hjer er nú, virðist nægja, þó einstakir menn úr öðrum hjeruðum væru fluttir á hann. Færi lsj. að leggja stórfje til þessa spítala, þá mundu menn mega búast við sömu krófu frá Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, og færu menn þá að vita til hvers ætti að brúka lsj., en jeg vona, að ekki komi til þess, að hin h. þd. veiti fje þetta til að byggja spítala í Reykjavík.

Jakob Guðmundsson: Það eru 2 atriði, sem jeg ætlaði að leyfa mjer að tala um. Hið fyrra er um hinar 100,000, er vtill. lh. fer fram á að veittar verð til þess að afstýra hallæri í landinu. Þetta finnst mjer stj. eigi og megi til að fá til þess, að bjarga mönnum frá sultar- og hungurdauða; en jeg vil heldur það komi fram sem þingsályktun, og enginn ákveðin upphæð sje til tekin og mun jeg koma fram með það sem viðaukatillögu við harðærismálið. Hitt atriðið er spítalinn. Jeg hef líka skoðun á því máli og á brúnni á Ölfusá. Jeg er sannfærður um að bæði spítalinn og brúin sje

nauðsynleg. En það vantar allan undirbúning. Það verður því ekkert úr þessu annað en kák með svo litlu fje sem hjer er stungið upp á og því er jeg öldungis mótfallinn að byrja það nú, en þegar búið er að búa málið undir í svo sem 5—6 ár, þá á að veita fjeð, og þá vona jeg að þingið sinni málinu með krapti.

Jón Ólafsson: Jeg ætlaði að minnast lítið eitt á barnaskólana. H. h. sessunaut minn til hægri handar (B. Sv.) og h. h. 2. þm. G. K. (Þork. Bj.) hefir greint töluvert á í því máli. Þrátt fyrir það er jeg svo heppilega staddur að vera samdóma þeim báðum. H. h. 2. þm. Nm. sagði, að fjárveitingin til barnaskólanna ætti að vera hjeraðsmál og lsj. ætti að losna við hana; þessu er jeg með öllu samdóma; en á hinu er jeg eigi, að heimafræðsla á börnum sje betri en kennsla í skólum. Þetta held jeg sje ein af þessum popúleru þjóðkreddum, sem menn eru að japla og jórtra framan í fólk. Fólk kann vel við slíkt skjall, verður svo uppveðrað og hrokafullt af því hvað vel það sje menntað og hvað það skari fram úr öðrum þjóðum; en slíkt er þó ærið langt frá sannleikanum. Og hvað sannar það þó að börn sjeu vel uppfrædd á einstöku heimili? Jeg get komið með hundrað heimili fyrir eitt, þar sem á heimakennslunni er engin mynd. Jeg þori að fullyrða það, að á fæstum heimilum eru menn færir um að kenna börnunum, og þar sem menn eru færir um að uppfræða börnin, þá hafa menn sjaldnast tíma til þess; þó að minn h. sessunautur (B. Sv.) segist hafa hitt Norðmenn, sem eigi hafi kunnað að skrifa eða jafnvel stafa nafnið sitt, þá sunnar það ekkert, að barnaskólamenntun sje verri en heimafræðsla, en það sannar að eins að barnaskólarnir í þessu landi standi á lágu stigi í sumum sveitum. Jeg vildi að hann sæi barnaskólana í Ameríku, og mundi honum þá finnast nokkuð meira um fræðslu barnanna þar, en heimakennsluna á börnum hjer í landi. Eins hef jeg heyrt að barnaskólamenntunin á Norður-Þýzkalandi einkum Prússlandi væri í bezta lagi, og ef til vill einhver hin bezta í Evrópu. En hvernig er menntunin hjer á landi, borin saman við önnur lönd? En til þess að nefna dæmi eins og minn h. sessunautur gjörði, þá ætla jeg að segja honum það, að jeg hef komið á heimili hjer á landi, þar sem það var álitið að kunna latínu, ef menn kunnu að lesa latínuletur. Þá er hjer brt. við aths. við 4. gr. Landshöfðinginn hefur getið þess, að hann mundi láta rannsaka hvort Laugarnes væri fullgilt veð, og þetta er nóg og því finn jeg eigi ástæðu til þess, að neita Laugarnesi sem veði. En það er allt öðru máli að gegna um veiðina í Elliðaánum, því að þótt veiðin yfir höfuð hafi eigi rýrnað, þá hefur þó veðið rýrnað, því að hún hefir rýrnað á Thomsens veiðisvæði. Eptir því sem komið hefur fram í sumar, þá hefur veiðin rýrnað. Veiðinni hefur hrakfarið aptur. Þetta er eigi hæstarjettardómnum að kenna, því að menn eru nú eigi farnir að framkvæma hann enn, heldur er það einmitt af því að áin er þvergirt, það er að segja af því að dómnum er eigi enn þá fullnægt. Í kvíslinni, sem þvergirt hefur verið, hefur næsta lítil veiði verið í sumar, og ætti þetta að sannfæra menn um að laxveiðin mundi alveg fara að forgörðum, ef áin væri þvergirt til lengdar.

Magnús Andrjesson: Meðal annara, sem nú hafa komið með breytingu við fjárlögin, eru hjer 2 flokkar þm., sem báðir eru merktir með J. G. — H. Cl. Jeg er í öðrum flokknum, sem þannig er merktur, en ekki í hinum. Jeg get þessa, sökum þess, að jeg vil lýsa því yfir, að jeg á engan þátt í 1. bratkv. á atkvæðaskránni, þótt það sje merkt J. G. — H. Cl. Þetta bratkv. um að lánunum úr vlsj. gegn veði í Laugarnesi og laxveiðinni í Elliðaánum sje sagt upp, á jeg ekkert skylt við og vil ekki eiga skylt við það, því að jeg álít það bæði óþarft og ekki eiga við, að setja slíkt á fjárlögin. Það er í mínum augum óþarft, vegna þess, að jeg álít að það sje alveg á lstj. ábyrgð, að veð þau, er sett eru fyrir lánunum úr lsj., sjeu fulltryggjandi.

Þá skal jeg minnast á viðaukatill. mína og 5 annara h. þm. v. 13. gr. A. b. Það var sagt hjer á fundinum í morgun, að flest eða öll þessi bratkv. miðuðu til að draga fram einstöku menn eða einstök hjeruð. En þetta er að minnsta kosti ekki rjett, að því er þetta atkv. snertir; því að jeg veit ekki til, að jeg þekki eitt einasta mannsbarn í Stóruvallaprestakalli, svo að mig getur ekkert dregið til þess. Nei, hið eina, sem kom mjer til að koma með þetta bratkv., er það, að jeg hef þá skoðun, að það sje skaðlegt að eitthvert prestakall verði að vera svo og svo lengi án allrar prestsþjónustu, kann ske mörg ár. En eins og Stóruvallaprestakall

er nú, þá er engin von til þess að nokkur prestur fáist þangað, og skal jeg nú leitast við að sýna fram á þetta.

Prestssetrið eða bújörðin Stóruvellir hefur jafnan verið talin sem hin helztu gæði þessa prestakalls. Nú hefur hún orðið fyrir þeim skemmdum af völdum náttúrunnar hin seinustu ár, að hún er með öllu óbyggileg, enda hefur hún staðið í *eyði* meir en 1 ár. Presturinn, er var þar seinast, flúði burt, og má nærri geta, að hann hefur ekki að gamni sínu flúið burt af þeirri jörð, sem hann hafði byggt mjög vel upp, flúið af jörð með góðum og laglegum híbýlum á vesaldarkot, niðurnítt og lítilfjörlegt í alla staði. Þetta er nú það fyrsta, að prestssetrið er óbyggilegt og í eyði, og er það eitt ærið til þess að gjöra prestakallið óaðgengilegt. Þar næst er ljensjörðin Fellsmúli í eyði, og ekki um aðra jörð að ræða, er tekin yrði fyrir prestssetur. Brauðið er því bújarðarlaust. Bændakirkjueignin Stóri-Klofi er algjörlega í eyði, og ekkert það an að hafa. Bændakirkjueignin Skarð er svo skemmd, að tvísýnt er, hvort nokkurt gjald fæst þaðan. Loksins eru margar bændajarðir í prestakallinu stórskemmdar og sumar aleyddar; svona eyðilagt er þetta prestakall. Hjer við bætist, að næstum því er ómögulegt, að það geti fengið prestsþjónustu frá næstu prestaköllum. Það skyldi helzt vera frá Efri-Holtaþingum. En þar stendur svo á, að presturinn, sem nú er þar, er fjörgamall maður (mig minnir 76 ára). Hann á að þjóna 3 sóknum, og ef nú Stóruvallaprestakall bættist við, þá ætti hann að þjóna 5 sóknum, sem sumar liggja mjög fjarri hver annari. Slík prestsþjónusta getur ekki verið annað en nafnið eitt, jafnvel þótt ungur prestur hefði hana á hendi. Það stendur því mjög sjerstaklega á með þetta mál. Að taka bráðabyrgðaruppbót handa Stóruvallaprestakalli af fje því, sem væntanlega verður veitt á fjárlögunum til uppbótar fátækum brauðum, eins og bent hefur verið á, er að minni ætlun ekki rjett, og það því síður, sem deildin hefur nú fært upphæð þessa fjár niður um 2000 kr. frá því, sem hún var í stj.frv., og þó var í stj.frv. einmitt sú upphæð til tekin, sem biskup kvaðst minnst geta komizt af með til uppbótar brauðunum, til þess allt gæti farið skaplega, og jeg held, að ekki sje ástæða til að rengja þau orð hans, enda er fje það, sem í fjárl. er veitt til uppbótar fátækum brauðum, ekki ætlað þeim brauðum, er fá tillag úr landssjóði eptir lögum um skipun prestakalla 27. febrúar 1880.

Eptir þessum ástæðum virðist mjer að annaðhvort sje að gjöra, að veita Stóruvallaprestakalli þessa bráðabyrgðaruppbót, sem jeg er þó helzt hræddur um að reynist ónóg, eða þá að brauðið verði prestsþjónustulaust um óákveðinn tíma; og þess vegna vona jeg, að allir þeir, sem ekki hafa þá skoðun, að þjóðin eigi helzt að vera prestslaus, sampykki þetta bratkv.

Jeg skal með fám orðum minnast á tillagið til barnaskólanna. Jeg er á sömu skoðun og þeir þm., er álíta að stundum hafi verið gjört meira úr þeirri menntun, sem barnaskólarnir veita, en vert er. Hversu góður sem kennarinn er og hversu mikla alúð sem hann leggur á verk sitt, þá er honum ómögulegt, þegar mörg — þetta frá 20—30 börn og kannske fleiri — eru saman í kennslutímanum, að láta þau öll hafa jafnmikil not af kennslunni. Óþroskuð börn hafa ekki og geta ekki haft full not af því, þó að þau mörg saman heyri eins konar fyrirlestur fyrir öllum hópnum. Það þarf að taka hvert eitt fyrir sig, setja það sem menn kalla á knje sjer, og útskýra og útlista fyrir því. En þessu verður ekki við komið í barnaskólum, því að kennarinn má ekki vera nema örstuttan tíma með hvert barn í senn, ef nokkuð á að koma á meiri hluta barnanna. Jeg hef sjálfur kennt í barnaskóla og vildi vanda mig, en mjer fannst árangurinn af viðleitni minni ekki eins mikill og jeg óskaði; þess vegna er jeg hræddur um, að ef barnaskólar eiga að koma í stað heimakennslu eða hún á að minnka, þá verði það til þess, að margir fái eins konar yfirskyn menntunarinnar, en minna af henni sjálfri. Jeg hef tekið eptir því, að þar sem góður umgangskennari fer um sveitir og er um tíma á bæ til að kenna þar, þá verður framför barnanna meiri að tiltölu, heldur en mjer hefur sýnzt hún í barnaskólum, og hafa þó verið góðir kennarar í þeim barnaskólum, er jeg þekki til. Jeg álít að það sje bæði í sjálfu sjer mjög eðlilegt og sjálfsögð skylda, að foreldrar annist hina fyrstu uppfræðslu barna sinna, enda muni heimakennslan yfir höfuð vera fullt eins holl og góð eins og barnaskólakennslan, einkum þegar heimakennslan er studd af umgangskennaranum.

Jeg ætla að greiða í þetta sinn atkv.

móti bratkv. því, sem fer fram á 15000 kr. veiting til spítalastofnunar í Reykjavík, ekki af því að jeg álíti ekki æskilegt og nauðsynlegt að spítali kæmist á fót hjer, heldur af hinu, að mál það er alveg óundirbúið, og jeg skil ekki að góður spítali verði reistur af ekki meira tillagi, þótt Reykjavík legði til annað eins. En mjer sýnist þó nauðsynlegt, að ef á annað borð er byrjað á slíkri stofnun, þá þyrfti að hugsa um, að hafa hann svo fullkominn og haganlegan, sem unnt er.

Grímur Thomsen: Jeg skyldi ekki hafa þreytt menn á lengri ræðum, ætti jeg ekki hendur mínar að verja móti tveimur h. þm., tveim Vestfirðingum, sem báðir hafa ráðizt á mig; *annar* þeirra hefur ráðizt á mig með því «kappi» sem honum er svo eiginlegt, og *hinn* hefur heldur ráðizt á mig með mildum og mjúkum orðum, svo jeg á hendur mínar að verja. Það er út af bratkv. við 13. gr. B. V. c. sem kennt er n. og nokkrum þm. og þar á meðal mjer. Svo mikill sómi sem það var fyrir okkur einstæðingana að fá að vera í fjelagi með hinni h. fjárln. þá getum við þó ekki kannast við, að við höfum verið með henni í því, að hafa bratkv. svona orðað. Eptir því sem við skiljum það, á síðasti sviginn að falla í burtu, en n. segir miðsviginn; vil jeg því biðja hinn h. forseta, að láta ganga til atkvæða um þennan lið í tvennu lagi. Út af þessu bratkv. varð jeg fyrir hörðum fremur en mjúkum orðum af 1. þm. Ísf. (Th. Th.). Hann sagði jeg gæti sjeð af bænarskrá, að skólinn á Eyrarbakka væri ekki til. Það getur verið að skólinn um 1 eða 2 ár hafi legið miður sem alþýðuskóli, vegna þess hann hefur ekki getað fullnægt þeim skilyrðum, sem alþingi setti 1881 fyrir styrk til alþýðuskóla. En að skólinn var þá til, það getur þm. sjeð af nefndaráliti fjárlagan. 1881; hinn h. þm. prýddi þá fjárlagan. hópinn eins og nú, og man jeg ekki betur en hann fyllti þann flokk. Þá sagðist n. byggja á því, að «enda Eyrarbakkaskólinn mundi fullnægja þeim skilyrðum, er veita tilkall til styrksins», og veitir honum því 1000 kr. hvort árið. Þá var allt svo skólinn til og þar að auki hefur hann þá haft þá eiginlegleika til að bera, sem alþýðuskólar þurfa að hafa. En hver var orsökin til þess, að skólinn gat ekki haldið áfram? Sýslun. fórst óhönduglega að veita styrkinn til skólans, að sínum helmingi, því hún mun hafa hugsað, að sjer væri ekki heimilt, að veita styrkinn á þennan hátt; þess vegna hefur skólinn til skaða hvílt sig í 2 ár, en nú er vonandi hann halda áfram, því að margir góðir menn þar í grend — og þó einkum einn maður — hefur lagt sitt til að koma honum upp. Þess vegna vil jeg að skilyrðið sje sama fyrir báða skólana. Nú veit jeg ekki hvort jeg hef «misheyrt«, og engum myndi þykja það tilfinnanlegra en mjer, ef jeg skyldi missa nokkurt af þeim orðum, sem hinn h. 1. þm. Isf. (Th. Th.) segir, en jeg þykist hafa leyst mig af hólmi við hann, og gefið honum þær skýringar, að hann hljóti að ganga úr skugga um, að skólinn sje til þótt hann hafi hvílzt um hríð, af því skilyrðið 1881 var sett eins og það er.

Hinn h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) bar til baka tvennt, er jeg sagði. Jeg hafði sagt að samningar *væru* gjörðir við hinn núverandi eiganda spítalans í Rvk um að taka spítalann til leigu í 2 ár. Þm. sagði mjer: «Það er *enginn samningur*». Sömuleiðis hafði jeg sagt, að spítalastjórnin hefði *gjört samning* við einn heiðraðan iðnaðarmann hjer í bænum, Jakob Sveinsson, um að byggja nýjan spítala. Þm. sagði mjer, að *hann vissi ekki um neinn samning.* Jeg efast ekki um að hefði hann vitað það, þá hefði hann ekki borið orð mín til baka. Hver er nú sannleikurinn? Sannleikurinn er sá, að á fundi 25. oktbr. 1882 er skýrt frá *samningi* við Jakob Sveinsson um að byggja nýjan spítala, og sömuleiðis er aptur á fundi 10. apríl 1883 skýrt frá, að allir ganga að tilboði Jespersens um að leigja spítalann fyrir 600 kr. um árið, að minnsta kosti um 2 ár, og er stjórninni falið að gjöra samninginn, sem nú mun vera gjörður munnlega ef ekki skriflega. Þetta er sannleikurinn. Nú veit jeg, að jeg á við mikinn málagarp að gjöra þar sem þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) er og vona jeg því, að þegar hann hefur skoðað allt og ekki getur sannað að neitt sje ósatt af því, sem jeg nú hef sannað sje satt, þá *dæmi* hann *það rjett að vera.*

Viðvíkjandi tillögunni um, að láninu í Laugarnesi og Elliðaánum sje upp sagt, skal jeg geta þess, að annar eins málagarpur og þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) getur reynt að sannfæra aðra en mig um það, að kgsúrsk. frá mig minnir 11. maí 1853 sje því til fyrirstöðu, að ekki sje hægt að segja upp láninu í Elliðaánum. En ef að er gáð í stj. frv., þá er Laugarnes og Elliðaárnar undir sama formi.

Ef nú enginn efast um, að hægt sje að segja upp skuldinni í Laugarnesi, þá er það sama um Elliðaárnar. Þess vegna held jeg það sje hægt, jafnvel frá málaflutningsmanns sjónarmiði. En jeg vil engan veginn halda þessu til streitu; jeg læt mjer nægja orð lh. um nýja virðing á Laugarnesi.

Jeg gleymdi því viðvíkjandi spítalanum, að mjer er ekki kunnugt um, og jeg spyr hinn h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) um, hvort hann hafi nokkurt umboð til að skuldbinda bæjarsjóð Rvíkur til þess að leggja fram, ekki einungis eignir spítalans, heldur líka árlegt tillag. Hafi bæjarstj. og spítalastj. ekki gefið honum umboð til þess, þá skil jeg ekki hvernig þessi brt. er komin fram. Þingið hefur engin umráð yfir spítalanum; að svo miklu leyti er hann eign Reykjavíkur. Það þyrfti að koma fylgiskjal frá allri stjórn spítalans um að hún bjóði þessa kosti; það nægir ekki þótt einn Reykvíkingur sem ekki er í stjórninni komi með það. Mjer finnst það ótímabært, að binda stjórnina til að leggja fram svo og svo mikið fje móts við tillag úr lsj., ef henni er það ekki hughaldið. Það er ekki nóg, þó að beðið sje bara um lítinn part í ár, því að ef litið er á uppdráttinn, þá er það varla 1/4 að leggja 15000 kr. til; það mun koma meira síðar, og þegar allt kemur til alls, þá mun það komast upp í þessar 100,000 krónur, sem getur um í stjfrv. Þetta er svo stórt og viðsjárvert, að jeg skil ekki að nokkur þm., sem ekki vill komast á rænuleysingjastofnun, gefi atkv. fyrir því, að á eptir 15,000 kr. sjeu veittar 85,000 krónur, þegar svo einnig þess er gætt, að það er önnur bygging, sem lsj. er skylt að byggja, og það er latínuskólinn. Hver sem lítur á skólann, sjer hvað hann er hrörlegur og fornfálegur; menn sjá, að það mun ekki skorta tillögur byggðar á ástæðum um að útvega nýjan skóla og það ekki innan margra ára. Þess vegna vona jeg þd. hugsi sig vel um áður en hún veitir þetta fje.

Að endingu vil jeg víkja máli mínu til 2. þm. Á. (M. A.), er talaði fyrir bráðabyrgðaruppbót á Stóruvallaprestakalli. Jeg vil minna hann á álit n. í fjáraukalögum fyrir 1882—1883. Þar ræður n. frá að veita prestinum á Stóruvöllum þessa uppbót, 200 kr. Ef þessu hjer er haldið til streitu, þá sje jeg ekki að þetta fjártillag sje til annars en stælu og tafar, og til þess að lengja umræðurnar, þegar bæði á að ræða það á fjárlögum og fjáraukalögum.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hefði hlíft deildinni og sjálfum mjer við að hlusta á mig, ef ekki þm. Bf. (Gr. Th.) hefði gefið mjer sjerstaka ástæðu til að taka til máls. Jeg skal þá úr því jeg annars er staðinn upp láta í ljósi álit mitt um nokkur atriði og fyrst geta þess, að jeg er hræddur um, að eitthvað ekki alveg ópersónulegt liggi á bak við þessa ákefð, sem sýnd er í því að fá þessum lánum, sem svo mikið er búið um að tala, upp sagt. Jeg mun því af þessum og öðrum ástæðum vera eindregið móti því, að lánunum sem jeg álít tryggileg og hinir áreiðanlegustu menn fyrir, verði sagt upp. Snertandi heimild stjórnarinnar til að lána þessar 100 þúsund kr. skal jeg geta þess, að mig furðar á því að þingdeildarmenn skuli vera að berjast móti þessari góðu meiningu hins hæstv. lh., þar sem líka fullkomin vissa er fyrir því, að ekki mundi verða gripið til fjárins nema í ýtrustu nauðsyn, því engin sýslunefnd mundi biðja nema fyllsta ástæða væri til.

Viðvíkjandi hækkun á launum eins embættismanns, sem brtill. stendur um á atkvæðaskránni við 12. gr. l., þá er jeg hræddur um að sumir þm. hafi misskilið þetta svo, að það væri gjört af því, að aukið væri við starfa hans. Nei, engan veginn. Þetta var ekki gjört af þeirri ástæðu, heldur af því að launin í sjálfu sjer voru of lág. Þá hefur verið talað um að bæta við uppbót 2 fátækra prestakalla og hafa fleiri h. þm. mælt með því; en mig furðar á að þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) skuli berja því við, að þetta geti beðið þangað til prestakallalögin verði endurskoðuð. Þm. hlýtur þó að vita, að hjer er að ræða um fjárveiting fyrir næsta fjárhagstímabil; en ekki verður prestakallalögunum breytt á því, og nauðsynin á að bæta við þau er bráð. Svo hefur verið mikið talað um barnaskóla og mjer heyrðisa hinn h. þm. Nm. (B. Sv.) segja, að það hryggði sig að fje skyldi vera veitt til þeirra af lsj. En mig furðar á því að hann aðgreindi heimakennslu frá barnaskólakennslu, eins og hann hjeldi að heimakennsla fjelli, ef barnaskólakennsla kæmist á. Jeg álít heimakennsluna góða og alveg nauðsynlega við hliðina á skólakennslu, en þetta sannar ekki að barnaskólar sjeu óþarfir, enda væri það þá lítt skiljanlegt, að annar eins

fræðari og þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) skuli hafa látið öll sín börn ganga í barnaskóla. Jeg tel lögin um uppfræðingu barna í skript og reikningi sem næga sönnun fyrir nauðsyn barnaskóla. Jeg álít ómögulegt að fyrirmælum þessara laga verði verulega fullnægt án barnaskóla, sem mjer þykir undarlegt að nokkrum skuli þykja óþarfir, þó jeg hins vegar játi að þeir ekki sjeu fullkomnir.

En það, sem einkum gjörði að jeg stóð upp, var ástæða sú, sem þm. Bf. (Gr. Th.) færði. Það sem þm. talaði um stofnun gagnfræðaskóla á Eyrarbakka, var eptir skýrslum þeim, sem jeg hef í höndum, alveg rangt. Í bænarskrá sýslunefndarinnar í Árnessýslu, sem fjölda-margir aðrir eru undirskifaðir og dags. er 13. apríl 1883, stendur: «Eins og hinum háttvirtu þingmönnum er kunnugt frá alþingi 1881, fjekk bæn Árnesinga um styrk úr landssjóði til að kosta alþýðuskóla handa sýslunni á Eyrarbakka, svo góðar undirtektir hjá þinginu, að eptir síðustu fjárlögum hefði mátt fá $^2/_3$ kostnaðarins við skólahaldið útborgað úr landssjóði, ef skólinn hefði komizt á stofn á fjárhagstímabilinu 1882—83. En einmitt þegar sýslunefndin hafði afráðið að *reisa* skólann, dundi yfir sýsluna hin minnisstæða ótíð á næstliðnu vori». — — — «með öllu þótti ótiltækilegt að leggja á hana nýjar álögur til *skólastofnunar* að svo stöddu». Skyldi þetta bera vott um, að skólinn hafi verið til? Þar sem 2. þm. Á. (M. A.) talaði um kennara, sem í hitt eð fyrra var kennari á Eyrarbakka, en í vetur við gagnfræðaskólann í Flensborg, þá er þetta að vísu rjett, að í Flensborg var í vetur ágætur kennari, sem kenndi í hitt eð fyrra á Eyrarbakka; en sá var munurinn, að hann kenndi á Eyrarbakka við barnaskóla, að minni vitund, en í Flensborg við gagnfræðaskóla. Jeg vil leyfa mjer að taka fram til sönnunar því, að þm. Bf. fari með það, sem eigi er rjett, að á fundi, sem haldinn var af Árnesingum í vor um það, hvort þeir ættu ekki að fá leyfi til að nota Flensborgarskólann, var komizt svo að orði í fundargjörðunum 19. júní 1883: «Með því sýslunefndin hefur í ráði að stofna gagnfræðaskóla» o. s frv. Jeg held nú að jeg ekki þurfi fleiri sannana til að sýna, að þm. Bf. (Gr. Th.) hefur ekki hermt það sem rjett var. Ef till. hefði orðið samþykkt eins og þm. Bf. (Gr. Th.) stakk upp á, og það ekki hefur verið meining hans, að Eyrarbakkaskólinn, sem eptir skýrslu sýslunefndarinnar ekki er til, nyti sömu rjettinda og Flensborgarskólinn, þá hefur þm. viljað leiða mig í villu, þegar hann sagði, að brtill. snerti að eins hinn síðarnefnda skóla, að því leyti, að hann yrði eigi undanskilinn opinberri umsjón. Yrði brtill. samþykkt eins og þm. vill nú, sjá allir, að skilyrðið aptan við kemur í mótsögn við það, sem á undan er komið. Jeg vona að þd. felli brtill., svo brtill. n. standi. Jeg vil ekki fara neinum orðum um, hve þm. er samkvæmur sjálfum sjer, því það er, ef mig minnir rjett, einmittt hann, sem mest hefur haldið því fram, að slík skilyrði væru sett; en ekki hefði jeg þorað að neita því, ef hann hefði sagt, að hann gæti ekki liðið, að Flensborgarskólinn hefði betri kjör en aðrir, jafnvel þeir sem ekki væru til. En jeg vonast til, að þd. álíti, að sá skóli, sem hefur staðið um fleiri ár og er kominn á fastan fót, verðskuldi meira traust en skólar, sem í ráði er að verði stofnaðir, og verða ef til vill aldrei stofnaðir.

Það er dálítill viðauki við 15. gr. á atkvæðaskránni snertandi hækkun á styrktarfje 2 ekkna. Þm. Bf. (Gr. Th.) leyfði sjer að segja að uppástungumenn hefðu ekki þorað við 2. umr. að setja styrkinn hærri. Jeg stakk áður upp á 300 kr. handa frú V. Ólafsdóttir og fannst mjer ekki geta minna verið úr því það ætti að heita að vera veitt í heiðurskyni við hennar framliðna eiginmann.

Viðvíkjandi spítalanum sem svo mikið er búið um að ræða hlýt jeg að játa, að jeg álít spítala í Reykjavík eitthvert hið mesta nauðsynjamál landsins og miklu nauðsynlegra en að dreifa lítt æfðum læknum út um landið. Jeg held að það væri rjett að geta átt athvarf þar sem heilsunni að minnsta kosti væri ekki spillt, heldur bætt úr vanheilsu að svo miklu leyti sem það er unnt. Það væri mesta huggun fyrir lands búa og margir þeirra gætu notað spítalann um sumartímann.

Grímur Thomsen: Jeg skal einungis með fám orðum bera af mjer áburð 1. þm. G. K. Hann sagði að það væri ósatt og rangt, að alþýðuskóli væri stofnaður á Eyrarbakka. En það er ekki í fyrsta sinn sem þm. er svona óstilltur í orðum. Jeg vildi óska að hann kynni betur að stilla orðum sínum; það væri betra bæði fyrir sjálfan hann og aðra og jeg skal sýna á hve góð-

um rökum orð hans eru byggð. Sú fjárlaganefnd sem þm. sjálfur var í 1881 byggir á því að «enda Eyrarbakkaskólinn mun fullnægja þeim skilyrðum er veita tilkall til styrks sem alþýðuskóli, og þar að auki leyfir n. sjer að leggja það til að Eyrarbakkaskólanum verði veittar 1000 kr. hvort árið». Það er þá auðsjeð, að n. vissi að skólinn var til. Nú ber þm. alveg á móti þessu og hafi hann nú á rjettu að standa, sje jeg að ekki má byggja á orðum n. nje hans.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal aptur bera af mjer áburð þm. Bf. (Gr. Th.) og og lýsi jeg hann rangan. Jeg hefi vitnað í skjölin, sem jeg hefi fyrir framan mig, og er af þeim ljóst, að jeg hefi rjett fyrir mjer, og hefur hvorki jeg nje nefndin 1881, talað nje skrifað neitt gagnstætt þessu. Sýslunefndin ráðgjörði þá eins og nú, að stofna skóla, og fjárlaganefndin segist *vona*, að þessi skóli *muni* fullnægja þeim skilyrðum sem veiti tilkall til styrks. En þessi von hefur brugðizt enn sem komið er. Mun jeg aldrei kunna svo orð mín að stilla, að jeg segi það rjett, sem ekki er rjett. Jeg og n. höfum aldrei sagt að alþýðuskóli væri stofnaður á Eyrarbakka, heldur að veita ætti fje til hans þegar hann væri stofnaður. En hann er ekki stofnaður enn að vitnisburði sýslunefndarinnar í Árnessýslu og sýslubúa á almennum fundi.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg býst nú við, að flestum þyki þessar umræður orðnar nokkuð langar, svo jeg skal í svo stuttu máli, sem auðið er, svara þeim mótbárum, sem komið hafa fram. Jeg skal þá fyrst minnast á viðauka við 10. gr. Mjer er nú ekki vel ljóst, hvern tilkostnað að þessir erindrekar hafa haft, svo mjer finnst það nokkuð út í bláinn að veita þessar 1000 kr. Hitt er auðvitað mál, að þeir verða að fá þann kostnað endurgoldinn sem þeir í raun og veru hafa haft af þessum málarekstri, en ekkert þar fram yfir. Auk þessa eru það 3 atriði, sem jeg vildi minnast á. Það hefur verið sagt hjer í dag, að það væri ástæða til að afnema nokkurn ölmusustyrk, að ölmusurnar væru einhverskonar tálbeita fyrir menn að ganga í skólann. Jeg fæ nú ekki skilið, að neinn skaði sje í því, þó að aðsóknin að skólanum sje mikil, eða meiri, en að tiltölu við embættin. En allar aðgjörðir þingsins miða þó að því, að auka menntun í landinu, og mun því ekki verða neitað, að skólamenntunin, eins og hún nú er, sje hverjum manni gagnleg, hvað sem sá, sem nýtur þessarar menntunar, kann að taka sjer fyrir hendur síðar meir. Árið 1864 var ölmusunum fjölgað, eins og h. hæstv. lh. gat um, og hafa þær verið 40 síðan. Nú hefur aðsóknin stöðugt aukizt síðan, en ölmusufjöldinn staðið í stað, svo það er auðsætt, að það er ekki ölmusustyrkurinn, sem ginnir menn til lærdómsins, heldur eitthvað annað, og jeg vil ætla, að hvatirnar sjeu hinar beztu, að það sje menntunarhugsun landsmanna. Sje nú þessi orsökin til hinnar miklu aðsóknar að skólanum, hví skal þá eigi styrkja þá til að menntast, sem eigi geta það af eigin rammleik? Væri það þar á móti regla þingsins að styrkja menn ekki til menntunar, þá væri allt öðru máli að gegna; þá gæti jeg skilið þessa ust.

Þá var annað atriði, sem jeg vildi minnast á, styrkurinn til barnaskóla. Það virðist ljóst af 53. gr. stjórnarskrárinnar, að hið opinbera hafi enga lagalega skyldu til að annast barnakennslu yfir höfuð að tala, eða almennt, þar sem það er tekið fram, að hið opinbera skuli ekki leggja lið, nema *ef foreldrarnir geti ekki gjört skyldu sína í þessu efni.* Allt öðru máli er að gegna um það, að styrkja efnilegan dreng með ölmusu til skólamenntunar, ef hann er efnilegur og mannvænlegur, en svo fátækur, að hann getur ekki af eigin rammleik kostað menntun sína sjálfur. Það hefur líka lengi hljómað hjá útlendingum, að alþýða manna á Íslandi sje betur menntuð en almennt gjörist, og hverju er það að þakka? Ekki barnaskólum, heldur heimakennslunni. Af heimakennslunni fylgir einnig það, að þeir, sem kenna börnunum, læra sjálfir um leið, eins og latneskur málsháttur segir: «Vjer lærum með því að kenna». Það hlýtur og hverjum manni að liggja í augum uppi, að það er hægra að kenna 1 eða 2 börnum heldur en þegar sami kennari á að kenna 20—30 í sömu kennslustund. Eptirtektin þykir vilja verða misjöfn hjá þeim, sem á eiga að hlusta, þó að meira sjeu þroskaðir en almennt er í barnaskólum. Það eru og fæst heimili, sem geta notað barnaskóla í sveit, en við sjóinn eru þeir bæði nauðsynlegir og hægra að koma þeim við. 2. þm. Sm. talaði svo mikið um skólana í Ame-

ríku; já, jeg má játa, að jeg þekki þá lítið, en það veit jeg, og hef nýlega lesið í riti eptir mann, sem jeg trúi eins vel og þm., að í Ameríku eru 2 millj. manna, sem ekkert kunna, og fjöldi þar að auki, sem hvorki kunna að lesa nje skrifa. Jeg skal verða seinastur allra manna, til að neita nytsemi skóla yfir höfuð; en vjer verðum í þessu eins og öðru að haga oss eptir atvikum.

Þriðja atriðið, sem jeg vildi minnast á, var veitingin til spítalagjörðar. Jeg hjelt nú satt að segja, að jeg hefði verið búinn að skýra þetta mál svo, að mönnum gæti verið það ljóst; en það lítur þó svo út, sem margir h. h. þm. hafi ekki skilið málið enn. Þm. Snf. talaði um, að Reykjavík hefði selt gamla spítalann áður hún hafði nokkurn nýjan. En þetta er misskilningur; Reykjavík hefur engan spítala selt, heldur fjelagið sem stofnaði spítalann. Byggingu hins nýja spítala var skotið á frest, til þess að vita, hverjar undirtektir mál þetta fengi á þingi. En hjer liggur ekkert umboð fyrir frá Rvík til að bjóða fram fjeð, og við höfum heldur ekkert fje boðið fram. En vilji þingið ganga að því að veita þessar 15000 kr., þá er þó útsjón til að byrjað verði á spítalagjörðinni, en verði fjenu neitað, verður hjer enginn spítali fyrst um sinn. Þm. Borgf. las upp skýrslu áðan, en sú skýrsla sannar ekki, að neinir samningar liggi hjer fyrir; það eru «*Forhandlinger*» á dönsku; í þeirri merkingu er orðið samningur einnig til; en það er ekkert bindandi loforð frá hvorugs hálfu. Jeg verð að taka það fram aptur, að það er íhugunarvert fyrir þingið, að neita þessu litla fjártillagi, þar sem afleiðingin af synjuninni verður að vera sú, að hjer verður *spítalalaust* fyrst um sinn; minnsta kosti verður hjer enginn spítali, sem menn utan af landi eigi aðgang að. En það er mörgum kunnugt, hversu margir hafa sótt að spítalanum hjer, og mörgum orðið að vísa frá fyrir sakir rúmleysis. Þar sem 1. þm. Ef. (A. Ó.) virtist óttast, að þessi fjárveiting drægi dilk á eptir sjer, að aðrir kaupstaðir kæmu og vildu einnig hafa spítala upp á kostnað landssjóðs, þá held jeg að jeg geti fullvissað hann um, að við því sje engin hætta búin, og verð jeg því en að hafa þá von og treysta því, að h. h. d. fallist á þessa tillögu.

Mjer gleymdist áðan að geta þess um fjárveitinguna til erindrekanna, að mjer virðist dálítið kynlegt að heimfæra hana undir fjárveitingu til dómgæzlu; þeim var víst aldrei ætlað neitt slíkt starf.

Um ýms önnur smáatriði læt jeg mjer á sama standa, en jeg verð þó að skoða það sem vott um hvikullyndi hjá d. að veita eina upphæðina í gær og aðra í dag til hins sama; það ber vott um, að menn hafi ekki hugsað málin nógu rækilega, áður en þau komu til úrslita. Það er einungis eitt af þessum smáatriðum, sem jeg verð beinlínis að vera móti, af því að jeg skoða það sem *prinsipspursmál*, og það er br.till. um Stóruvalla-prestakall. Fyrst eru til lög um uppbót á brauðum frá 27. febr. 1880, og svo eru þar að auki veittar 5000 kr. sem grípa má til, ef á þarf að halda. Jeg álít að rjettast væri, að endurskoða þessi lög öll saman frá upphafi til enda, svo að ekki þyrfti að vera að elta eitt og eitt brauð, og koma með breytingaruppástungur á hverju þingi. Það getur varla liðið á löngu að lögin 27. feb. 1880 verði endurskoðuð og þá getur algjört lag komizt á þetta mál, en fyr ekki.

Holger Clausen: Jeg ætla að eins að tala um brt. 6 þm v. 10 gr. um að veita 1000 kr. til erindrekanna í Elliðaármálunum, það er sama ust. og kom fram í fyrra dag um að veita málaflutningsmanni Levinsen 800 kr. sem þá var felld; nú vildi jeg fá að vita til hvers á að borga þessar 1000 kr. Á að borga þær til 1. þm. Sm. (Tr. G.) fyrir það að hann fór til Khafnar. þótt hann hefði farið hvort eð var, og sem jeg veit að hefur fría ferð með gufuskipunum, eða á að borga það til 1. þm. Ef. (A. Ó.), sem ekki fór? Þeir geta sent þinginu reikninga og sagt hvað þeir hafi gert, en þetta kemur einhvern veginn svona skrýtilega inn á okkur. Hvað ölmusurnar snertir, þá er jeg frsm. (H. Kr. Fr.) samdóma um það, að það er gott að kunna latínu, — jeg vildi jeg kynni latínu, — en það er þó ekki nauðsynlegt fyrir bændur. Jeg held að það mætti eins vel veita svo sem tvær ölmusur til skólans á Möðruvöllum, ef annars er svo mikið gagn í þessari gagnfræði. H. h. þm. Bf. (Gr. Th.) talaði um að latínuskólinn væri ekki í eins góðu lagi og ætti að vera; jeg veit nú reyndar ekki um það, hversu mikil óregla er í skólanum, en jeg hef sjeð kennarana rífast í blöðunum, og jeg hefði ímyndað mjer, að það væri ekki meðal til, að styrkja góðar disciplin

að láta piltana sjá slíkt. Viðvíkjandi spítalanum, þá veit jeg ekki hvað spítalafjelagið hefur gjört við þessar 18000 kr., sem þingið hefur veitt því; jeg held að fjelagið geti haldið ball og boðið þinginu að dansa með, en jeg held þeir dansi þó ekki á rósum. Jeg verð að biðja um upplýsingar um þetta. H. h. frsm. sagði að spítalinn væri ekki svo mikið nauðsynlegur fyrir Rvík sem fyrir heila landið; það er þó hægra að flytja sjúklinga úr húsunum í Rvík á hann, en að flytja þá á hann langt utan af landi, nema sje farið að flytja fólk á hann áður en það verður veikt.

Lárus Blöndal: Hinn h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) sagði áðan í sinni þinglegu andagipt, sem hann svo opt kemst í hjer í salnum, að hann heyrði það á mjer, að jeg ætlaði að fara að gjósa. Ef nú hinn h. þm. hefur með orðunum *að gjósa* meint, að taka til máls, þá má hann sjálfur vita, að gos hans hjer í salnum eru bæði stærri og tíðari en mín, og að hann er eins konar Geysir þingsins, sem gýs þegar honum ræður svo við að horfa, en aptur á móti er mjer líkt varið og Strokk, að jeg gýs þegar í *mig er borið*, og nú hefur hinum h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) þóknazt að gjöra það; en jeg verð að biðja hann velvirðingar á því, að gosið kemur svo seint eptir þennan ofaníburð hans. Hvað brtill. hins hæstv. lh. snertir, þá er jeg honum mjög þakklátur fyrir umhyggju hans fyrir landsmönnum og áhuga hans á því, að vera við því búinn, ef hallæri kæmi að höndum, að afstýra því. Jeg bý í því hjeraði, sem hallæri hefur gengið í, og veit, hversu þar er ástatt, og jeg vona, að í Húnavatnssýslu eða annarsstaðar á Norðurlandi komi ekki annað eins eða meira harðæri hjer eptir en verið hefur, enda hef jeg fyrir hönd Húnavatnssýslu lítils að vænta af hinum núverandi meiri hluta amtsráðsins þar nyrðra, þótt till. hins h. lh. yrði samþykkt, og er það af ástæðum þeim, sem jeg nú skal greina. Síðastliðinn vetur leitaði sýslunefndin í Húnavatnssýslu samþykkis amtsráðsins í norður- og austuramtinu til að taka allt að 7000 kr. harðærislán, og í fullu trausti þess, að amtsráðið mundi samþykkja þetta, skrifaði sýslumaðurinn fyrir hönd sýslunefndarinnar lh., og árangurinn af því var sá, að hann meðal annars útvegaði og sendi til sýslunnar í vetur kornvöru fyrir 6500 kr. Formaður amtsráðsins, hinn setti amtmaður í norður- og austuramtinu, skrifaði sýslumanni, að eptir skýrslum þeim, sem fyrir hendi væru, þá væri ástæða fyrir sýsluna að taka þetta umbeðna hallærislán, og mundi amtsráðið að sjálfsögðu samþykkja það, en amtsráðið hafði þá ekki haldið fund með sjer, svo sýslumaður varð til bráðabyrgða að senda lh. staðfestan útdrátt af þessu brjefi amtmannsins, þangað til formlegt samþykki amtsráðsins fengist. Einn góðan veðurdag fjekk þá sýslumaður brjef frá formanni amtsráðsins, sem segir, að amtsráðinu að vísu hafi ekki þótt næg ástæða til að taka slíkt lán, en það vilji þó ekki vera því alveg mótfallið. Það var *svona lagað* allra náðugasta svar, sem amtsráðinu, eða rjettara sagt *meiri hluta* þess, þóknaðist að gefa, eða með öðrum orðum, þetta samþykki gekk *afsvari næst*. Eptir því sem jeg þannig hef reynt af meiri hluta amtsráðsins fyrir norðan, þá hef jeg fyrir hönd Húnavatnssýslu sem sagt lítils að vænta af því, þótt brt. h. h. lh. nœði fram að ganga, en jeg vona, að sýslun. þar í sýslu þurfi heldur ekki framvegis að leita til amtsráðsins um að fá að taka hallærislán, enda veit jeg að Húnvetningar og Norðlendingar yfir höfuð vilja helzt kjósa þann veg, að eiga sem minnst undir náð amtsráðsins, en reyna heldur að bjarga sjer sjálfir, og þess vegna hallast jeg heldur að till. harðærisn. með að ljetta undir með þeim, sem vilja vera sjálfstæðir menn og bjarga sjer sjálfir. En eins og jeg tók fram um daginn, þá vildi jeg heldur að það kæmi fram í þgsál. formi, að lstj. væri heimilt að verja úr landssjóði því fje sem nauðsynlegt væri til að koma í veg fyrir mannfelli. Jeg man eptir því, að h. h. 1. þm. Ef. (A. O.) sagði hjer á þingi 1881, þegar rætt var um heyásetningamálið, að það væri ekki til þess að ala upp í landsmönnum að vera sjálfstæðir menn að gefa hreppsn. rjett til að setja á hjá þeim, og því hefði jeg ekki trúað honum til þess, að hann vildi styðja að því að gera mönnum sem greiðastan aðgang að hallærisláni, enda virtist mjer hann fylgja því prinsípi fullkomlega frekt í vor sem amtsráðsmaður. Sumum þingdeildarmönnum kann að þykja það lakara, að $^1/_4$ af fje því, sem veitt er til eflingar búnaði, skuli eptir uppástungu nefndarinnar beinlínis eiga að ganga til búnaðarskóla, án þess að það komi undir atkvæði amtsráðanna. Þetta hefur verið sett með tilliti til þeirra búnaðarskóla sem eru

komnir á fót, og eins og menn vita, þá er nú þegar stofnaður búnaðarskóli á Hólum í Hjaltadal, og annar fyrir austan mun því sem nær stofnsettur. Amtsráðið nyrðra vakti þetta mál af svefni fyrir fáum árum síðan; skrifaði öllum sýslun. til, og ljet í ljósi að það væri æskilegt að búnaðarskólar yrðu stofnaðir, og að 2 og 2 sýslur slægju sjer saman um 1 skóla; en nú hefur sumum þar nyrðra virzt, að farið væri að bóla á einhverri snurðu á búnaðarskólamáli Norðlinga, og að nokkuð væri farið að draga úr þessum framkvæmdarsama áhuga amtsráðsins á stofnun búnaðarskólanna, og mundu menn því fúslega sætta sig við, að fjeð til þeirra þyrfti eigi að fara í gegnum hendur amtsráðsins. Þetta var nú *gosið*, og mun jeg nú ekki *gjósa* aptur, þótt h. h. 1. þingmanni Eyfirðinga mætti þóknast að bera eitthvað ofan í mig.

Arnljótur Ólafsson: Jeg gat ekki á mjer setið, að standa upp þegar jeg heyrði hvininn í Strokk, h. h. 1. þm. Hv. (L. B.). Það var ekki allt rjett hermt *(L. B*: Jú, jeg hefi skjölin í höndunum) í umyrðum þeim sem hann hafði um amtsráðið fyrir norðan, því amtsráðið sagði að það vildi ekki vera mótfallið því að lán væri tekið þótt það fyndi ekki næga ástæðu til að taka *„svo stórt»* lán. Gosið má ekki bæla niður sannleikann. Húnavatnssýsla var áður en hún bað um lán þetta búin að fá mjög miklar gjafir, mestar af öllum sýslum í Norðuramtinu, eður um 13,000 kr. En á einu furðaði mig hjá þessum þingstrokk, að hann vildi mótmæla brt. lh. af því að Húnavatnssýsla hefði þegar fengið svo mikið, að hún þyrfti ekki á meira láni að halda. *(L. B.:* Misskilningur). Ef þetta á að vera leiðarstjarna fyrir þm., þá held jeg að hún lýsi ekki vel. *(L. B*: Geysir lýsir). Það er sjaldan ljós í Geysi, nema þeim hjerna upp á Skólavörðustignum, og jeg held að þm. gangi sjaldan eptir því ljósi. Jeg vona nú að þessari mótbáru sje svarað. En þar sem hann talaði um að ¼ af fjenu til eflingar búnaði ætti að ganga til búnaðarskólanna beinlínis, þá furðaði mig á því að hann skyldi ekki vilja láta það ganga líka til þess skóla, sem Húnavatnssýsla fjekk í staðinn fyrir að vera með í búnaðarskólanum á Hólum, því það er kunnugt að Húnvetningar og Skagfirðingar fóru í skólakaup, og að Húnvetningar fengu í skiptum *kvennaskóla* Skagfirðinga.

Úr því að jeg stóð upp á annað borð þá skal jeg minnast á styrkinn til barnaskólanna, og finnst mjer full ástæða til að færa hann upp, svo að hann sje jafnhár bæði árin, því að þótt hann sje færður upp í 2000 kr. síðara árið, þá er hann þó í rauninni minni það árið en fyrra árið, því að vjer vonum að barnaskólunum fjölgi, og þá dregur úr styrknum til hvers um sig er hann skiptist meðal fleiri skóla; þessi ástæða vona jeg að fullnægi jafnvel h. h. frsm. (H. Kr. Fr.). Hvað snertir þá ástæðu að þingið 1881 fjellst á að færa styrkinn til barnaskólanna niður eptir því sem alþýðuskólar kæmust á, þá er nú engin ástæða til að færa niður þennan styrk fyrir þá sök, því að alþýðuskólar eru ekki fleiri nú en þeir voru þá. Þá voru tveir skólar, skólinn í Flensborg og *„enda“* skólinn á Eyrarbakka, þótt nú sumir sjeu farnir að efast um að hann sje nú til.

Benidikt Sveinsson: Hinn h. þm. Snf. (H. Cl.) fór að leika sjer að því, að krukka í brt. við 10. gr. Jeg segi «krukka», því að hann sagðist vita að þessi ust. væri innibundin í þeirri sömu ust., sem felld var við 2. umr. málsins um 800 kr. til Levinsens málaflutningsmanns, það er að segja að þessar 800 kr. væru fólgnar í þessum 1000 kr. Rjett er það. En svo segir þingmaðurinn allt í einu, að hann kannist ekki við það; það *vanti reikning!!* Finnur hann ekki, að hann talar annaðhvort í ógáti eða hann *skilur ekki*, hvað hann segir. Hann getur ekki heimtað reikning fyrir þessum 800 kr. Hann getur að eins talað um reikningsskil fyrir þessum 200 kr., sem umfram eru. Svo tekur hann fram, eins og honum er ósköp lagið að gjöra *allt* hlægilegt, þar á meðal sjálfan . . ., að annar erindrekinn hafi farið af því hann þurfti að fara, en hinn hafi ekki farið, og *fyrir það, þá eigi að borga* honum. Hinn h. þm. gætir ekki vel að. Reyndar átti 1. þm. Sm. (Tr. G.) ferð til Hafnar, en getur hinn h. þm. ekki ímyndað sjer, að erindrekinn hafi lagt neitt fram, ekkert ómak haft fyrir þessu máli, af því að hann átti sjálfur ferð til Kaupmannahafnar? eða getur hann ekki ímyndað sjer, að það sje mögulegt að það þyrfti meira en helmingi meira en þetta litla fje til þess að borga það, sem erindrekinn hefur unnið til framkvæmdar þessa máls? eða getur hann ekki ímyndað sjer, að 1. þm. Ef. (A. Ó.) hafi unnið málinu svo mikið gagn, að það sje á við 100 kr., þó að hann ekki færi

til útlanda? Jeg hefi sjeð skýrslu eða ritgjörð um málið eptir 1. þm. Ef. (A. O.), sem er miklu meira verð en 100 kr. og án þess að gjöra lítið úr vitsmunum þm. Snf. (H. Cl.), þá held jeg hann hefði ekki getað gjört það fyrir 4 sinnum 100 kr., og það þó hann reikni eptir *þeim prísum, sem hann þekkir bezt* sjálfur á sinni eigin vöru. En áður en jeg skil við þm. Snf., má jeg þá ekki fletta upp í alþt. 1881 I 519, og með leyfi forseta lesa upp nokkur orð:

«Neðri deild alþingis ályktar:

I., að skora á ráðgjafa Íslands:

1., að framkvæmd hinnar konunglegu umboðsskrár 1. júlí 1881 verði frestað, þar til fullnaðardómur er genginn um veiðirjett þjóðjarðarinnar Hólms og kirkjujarðarinnar Breiðholts í Elliðaánum gagnvart veiðirjetti H. Th. A. Thomsens kaupmanns, og um heimild nefnds kaupmanns til að þvergirða Elliðaárnar;

2., að til þess að meðhöndla og dæma þetta mál, verði skipuð dómnefnd, er laxfróður maður í sitji, og dæmi hún málið á staðnum; —

II., að kjósa úr sínum flokki 2 menn með því umboði að framfylgja áskoruninni við stjórnina í Danmörku».

Jeg veit vel, að þm. Snf. (H. Cl.) gjörði sjer þann stórkostlega sóma, að greiða *ekki atkvæði með* þessari tillögu, en hann er samt skyldur að sýna «loyalitet» við þd., með því að taka fullkomlega til greina þær eðlilegu afleiðingar, sem þessari þingsályktun fylgja. Og afleiðingarnar eru þær, að erindrekarnir eiga að fá borgun fyrir erfiði sitt, hvort sem þeir hafa unnið það hjer á staðnum eða í Kaupmannahöfn, og hvort sem þeir hafa hafa unnið sjálfir, eða látið aðra vinna að því, sem þingið hafði falið þeim á hendur og þeir höfðu umboð til. Þingið *á að* borga erindrekum sínum eptir þessari reglu. Það er *skyldugt að borga þeim*. Jeg vona þingmenn yfir höfuð skilji þessi orð mín, þó hinn h. þm. Snf. ekki skylji þau. Það er nauðsynlegt fyrir þingið, jeg ítreka það, til þess að bjarga sóma sínum, að borga erindisrekum sínum. Þingið hefur viðurkennt, að yfirvöldin hafi *fótum troðið* ljós og glögg lög. *(Forseti:* Þetta eru hörð orð; þau mega ekki vera óátöluð). Jeg tala með fullu trausti til hæstarjettardóms 8. maí þ. á. og alls þess, er jeg veit og get sýnt og sannað um þessi mál. Hinn h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) sagði það vantaði reikninga, en jeg vil svara honum hinu sama og þm. Snf. (H. Cl.) um þetta atriði. En þar sem þm. vildi gjöra það hlægilegt, að þetta mál væri heimfært undir dómgæzlu, þá var þingið fullkomlega *neytt* til þess að gjöra það, sem það gjörði, til þess að halda fram sóma sínum; annars hefði það ekki þing eptir þing tekið upp þessa ályktun um Elliðaármálið. En jeg vil segja, að svo lengi sem þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) ber ekki nokkuð af þeim rökum til baka, sem 2. þm. Sm. (J. Ó.) færði fyrir því að hæstarjettardóminum væri ekki fullnægt, þá á málið enn þá skylt við dómgæzlu landsins. Jeg skal svo ekki tala meira; jeg er viss um að þingið sjer, að það er samkvæmt skyldu þess og sóma, að greiða fje það, sem hjer ræðir um. Jeg er viss um að hver og einn ber það traust til 1. þm. Sm. (Tr. G.), að hann verji sóma þingsins og að hann ekki muni draga undir sjálfan sig fje, því það er öllum kunnugt, að hann leitast fremur við að *auðga* aðra en sjálfan sig. (Heyr!). Það þarf enginn að ugga, að hann taki meira fje í sinn vasa en hann á skilið!

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Af því að þessari ræðu var beint til mín og þm. Snf. (H. Cl.), sem ekki má svara, þá ætla jeg að svara þm. fáum orðum. Ust. um borgun til Levinsen svar ekki samþykkt, og því undarlegra er að vera nú að koma með borgun til erindisrekanna. Jeg tók það fram áður, að þeir geta ekki fengið neina borgun nema eptir reikningi. Þeir áttu að fylgja málinu við ráðgjafann, en ekki að leiðbeina málaflutningsmönnum. Þótt þinginu þætti skylda til þess, að frelsa sóma sinn, að borga þeim ómaka sinn, þá verður þingið sannarlega að gjöra það eptir reikningi, en ekki svona út í bláinn. Það standa engin orð í þingsályktuninni 1881 um það, að þessum erindisrekum skuli falið á hendur að hjálpa málaflutningsmönnum, heldur að eins hitt, að framfylgja málinu við ráðherrann. (*B. Sv.* og *J. Ó.*: Jú!). Nei, það er ekki minnzt á það með einu orði. Ef dómnum er ekki fullnægt, þá veit jeg ekki hvernig á að fara að því. Thomsen hefur borgað 10 kr. sekt, svo dómnum er sannarlega fullnægt. Þá er þm. ber það með berum orðum upp á yfirvöldin, «að þau hafi *fótum troðið lögin*», þá er það sannarlega of hörð ásökun, sem þm. hefur enga ástæðu til að bera fram, og það er víst, að

slíkur áburður er með öllu ósæmilegur, þar sem eigi nægar ástæður eru fyrir því færðar.

ATKVGR.: Brt. J. Ó. við brt. J. G.—H. C. við 4. gr. (C 324) samþykkt með 13 atkv. gegn 8.

Brt. J. G.—H. C. við 4. gr. (C 316) með áorðinni breytingu felld með 12 atkv. gegn 8.

Brt. lh. við 4. gr. (C 316) felld með 16 atkv. gegn 6.

Brt. 6 þm. við 4. gr. B. 4. (C 323) sþ. með 14 atkv.

Brt. n. við 4. gr. B. 4. (C 316) samþ. með 18 atkv.

Brt. Þ. B.—J. G. við 12. gr. (C 317) samþ. með 13 atkvæð. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvgr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
H. Kr. Friðriksson,	Egill Egilsson,
Magnús Andrjesson,	Eiríkur Briem,
Arnljótur Ólafsson,	Gunnlaugur Briem,
Eiríkur Kúld,	Jón Ólafsson,
Friðrik Stefánsson,	Ólafur Pálsson,
Grímur Thomsen,	Tryggvi Gunnarsson,
Holger Clausen,	Þorkell Bjarnason,
Jakob Guðmundsson,	Þorlák. Guðmundsson,
Lárus Blöndal,	Þorsteinn Jónsson.
Þórarinn Böðvarsson,	
Þórður Magnússon,	
Th. Thorsteinson.	

Benidikt Sveinsson greiddi eigi atkv., og var því atkv. hans talið með meiri hlutanum.

Brt. M. A.—Þ. G. við 13. gr. I. A. b. (C 317) sþ. með 14 atkv.

Brt. E.—Þ. B. við sama tölul. felld með 13 atkv. gegn 7.

Brt. B. Sv.—J. G. við 13. gr. B. III. c. 5. felld m. 14 atkv. gegn 6.

Brt. Þ. B.—H. Cl. við 13. gr. B. V. b. samþ. með 16 atkv.

Brt. n. og E. K.—J. Ó. við 13. gr. V. c. samþ. með 17 atkv.

Um þessa breytingartillögu vildi

Grímur Thomsen láta greiða atkvæði í tvennu lagi.

Forseti kvaðst ekki geta tekið það til greina, þar eð ust. um það hefði ekki komið í tíma, og ljet hann því greiða atkv. um liðinn í einu lagi.

Grímur Thomsen: Jeg heimta að skrifararnir skrifi það, svo það sjáist í alþingistíðindunum, að þessi atkvgr. er röng.

Brt. lh. við 15. gr. felld með 17 : 3.

Brt. E.—Þ. B. við sömu gr. felld með 14 : 7.

Brt. A. Ó.—B. S. við sömu gr. tekin aptur.

Viðauki n. við sömu gr. sþ. fyrri hlutinn með 20 atkv., síðari hlutinn með 14.

Brt. H. F.—Th. við 16. gr. felld með 12 atkv. gegn 9.

Viðauki 6 þm. við þessa brt. (C 323) þar með fallinn.

Brt. J. G.—H. Cl. við 1. tl. 16. gr. (C 317) sþ. með 18 atkv.

Vtill. E. K.—E. við 16. gr. felld með 12 : 8.

Brt. T. G.—G. Th. við 2. stafl. (C 318) samþ. með 12 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Egill Egilsson,	H. Kr. Friðriksson,
Eiríkur Briem,	Magnús Andrjesson,
Friðrik Stefánsson,	Arnljótur Ólafsson,
Gunnlaugur Briem,	Benidikt Sveinsson,
Grímur Thomsen,	Eiríkur Kúld,
Lárus Blöndal,	Holger Clausen,
Tryggvi Gunnarsson,	Jakob Guðmundsson,
Þórður Magnússon,	Jón Ólafsson,
Þorkell Bjarnason,	Ólafur Pálsson,
Þorl. Guðmundsson,	Þórarinn Böðvarsson.
Þorsteinn Jónsson,	
Th. Thorsteinson.	

Brt. B. Sv.—Þ. J. við 7. staflið í 16. gr. felld með 17 atkv. gegn 2.

Viðauki Gr. Th.—B. Sv. við 17. gr. sþ. með 19 atkv.

19. gr. (ný gr.) sþ. í e. h.

20. gr. (ný gr.) sþ. í e. h.

Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt í e. h.

Afgreitt síðan til e. d.

Fertugasti og fjórði fundur, mánudag 13. ágúst kl. 12—3. Allir á fundi.

Frumvarp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C 138); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg vildi óska að það rættist á þessu frv. orðtækið: „seint fara sælir“. Eins og hin h. deild man, var n. sett í hitt eð fyrra til að íhuga frv. sama efnis; þá kom málið til umr. 15. ág. Nú er sá 13. Munurinn er þá 1 einasti dagur fyrir hvert ár, sem málinu hefir miðað áfram um í hinni h. þingdeild! Jeg vona, að h. þm. taki þetta ekki svo, að jeg sje að álasa þeim. Nei, jeg veit að málin, sem um þarf að fjalla, eru mörg, mikils til of mörg; en jeg vil einungis vekja athygli d. á þessu til þess að því meiri áherzla verði lögð á þá ósk mína, að þingið íhugi nú málið alvarlega og láti engu spillt til þess að því verði framgengt.

Jeg skal svo minnast með fáum orðum á *formið*. N. er að heita má og í orði kveðnu samdóma um *efnið* — hinn háttvirti 1. þingmaður Eyfirðinga (A. Ó.) er þó dálítil undantekning — en greinir þó á um *formið*, þannig að 2 nefndarmenn hafa stungið upp á að skipta frv. í tvo hluti, af þeim ástæðum sem taldar eru í nefndarálitinu (C 299). Jeg skal geta þess, að þetta form, skoðað sem *hreint og beint* form, er mjer óviðkomandi; jeg yfirlæt hinum háttvirtu þingmönnum sjálfum, að vera talsmenn þess alveg. En þetta svo nefnda form hefir *aðra* dýpri og þýðingarmeiri hlið og *hana* má hvorki jeg nje meiri hlutinn hjá sjer leiða. Eptir meiri hlutans meiningu *raskar* nefnilega þetta form minni hlutans hinu *rjetta hlutfalli* milli atkvæðis hins almenna löggjafarvalds og löggefandi atkvæðis alþingis. Hið *sameiginlega* löggefandi vald *Danaveldis* yfirgrípur að eins hin *sameiginlegu* mál, að því við bættu er snertir *takmarkaspursmálin*. Þ. e. spursmálin um það, hvaða mál heyri undir hið almenna löggjafarvald og hver undir sjerstakt löggjafarvald alþingis. Jeg segi að það *raski þessu óraskanlega* hlutfalli að skipta þessu frv. í tvennt, samkvæmt tillögum minni hlutans. Því hver verður afleiðingin? Svar: Sú að það *verður* að leggja þetta frumvarp fyrir ríkisdaginn til samþykktar, og þetta, einmitt *þetta*, hefur hinn skarpskyggni minni hluti *þó* ekki *getað* umflúið að láta standa sem hans *eigin orð*, prentuð ber og ljós á þessu blaði! Á því byggi jeg og meiri hlutinn.

Lítum þá á þetta mál! Þingmenn *verða* að gæta þess, að hjer er að ræða um mál, sem eru eingöngu *sjerstök* fyrir Ísland, mál, sem heyra *eingöngu* undir löggjafarvald *Íslands*, ekki einungis eptir *stöðulögunum*, heldur og *svo nefndri* stjórnarskrá landsins. 1. gr. stöðulaganna segir svo: „Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis“. Danaveldis segi jeg. Danaveldi er *ekki* Danmerkur ríki; það sanna, ekki eitt, ekki tvö, ekki þrjú, heldur fjöldi frumvarpa frá fyrri tímum, frá tímum hins ómálga ekki löggefandi alþingis. Hjer er Danaveldi sama sem *alríkið*, þ. e. konungsins ríki og lönd. Og svo stendur enn fremur: „með sjerstökum landsrjettindum“. Hver eru þessi landsrjettindi? Þetta mætti í sjálfu sjer teygja eins og *hrátt* skinn, ef ekki væri annað á að byggja. Það mætti segi jeg gjöra úr því *minnstu* landsrjettindi, þau *mestu* landsrjettindi, *miðlungs* landsrjettindi. En svo vill vel til, að 3. gr. *sjálfra stöðulaganna* sker úr, hvernig þetta skuli skiljast, og stjórnarskráin er þessu, einmitt þessu, alveg samkvæm. Í 1. gr. stjórnarskrárinnar segir nefnil. svo, að í öllum þeim málefnum, sem samkvæmt stöðulögunum varði Ísland sjerstaklega, hafi *landið*—sjálfsagt *Ísland* og *ekkert* annað land í víðri veröldu—*löggjöf* sína og *stjórn út af fyrir sig*, á *þann* hátt að *löggjafarvaldið sje hjá konungi* og *alþingi* í *sameiningu*, *framkvæmdarvaldið hjá konungi* og *dómsvaldið hjá dómendum*. Þetta hvorutveggja *útilokar* allt svo ríkisdaginn frá atkvæði í Íslands sjerstöku málum. Ríkisdagurinn *getur* ekki gefið *Íslandi* lög í þess *sjerstöku*

málum. Nú, annað mál er það, *ef* alþingi Íslendinga virkilega *vill* taka rjett sinn til baka, vill *þrengja* löggjafaratkvæðinu um Íslands sjerstöku mál upp á ríkisdaginn; vilji þingið *ófyrirsynju* og *ólöglega* rjetta fram hendina til þess, að ríkisdagurinn *í Danmörku* með *nýjum stöðulögum* fái löggjafarvald í *sjerstökum málum Íslands*, já, *þá* væri *öðru* máli að skipta! Gæti hinir háttvirtu þingmenn þá að því, að þegar hinn háttvirti minni hluti ræður til þessa, ræður hann til að *Ísland* afsali sjer vissu og viðurkenndu löggjafaratkvæði um Íslands *sjerstöku* mál. *Þetta* einmitt *þetta* atriði bið jeg þingmenn vel að athuga! Jeg veit það vel, að minni hlutanum hefur ekki dottið þetta í hug. Jeg veit vel, að hann hefur ekki *enzt* til þess að skoða málið frá *öðru* sjónarmiði en því, að *stjórninni í Danmörku* væri það sem *þægilegast*! En hinn spakvitri minni hluti gætir þess eigi að hver á við sinn sala, og að Hans Hátign konungurinn getuð leyst og er kvaddur til að láta stjórn sína leysa úr þessari flækju, ef flækja væri. Stjórnin getur nefnil. lagt frv. fyrir ríkisdaginn, ef þess væri þörf, sem jeg neita, svo hann geti samþykkt þetta frv., sem er og verður *samkvæmt* stjórnarskránni 1874 og stöðulögunum 1871. Jeg vil minni hlutanum til hugarljettis minna á aðferð stjórnarinnar sjálfrar, t. a. m. á þessu þingi, er hún gaf út bráðabyrgðarlögin um útflutningsgjaldið á fiski og lýsi m. m., og ljet leggja þau fyrir þ. til athugunar! Stjórnin getur þá eins lagt þessar greinir minni hlutans fyrir ríkisdaginn til *eptirlits* og *athugunar*, það hef jeg ekki á móti, svo frændur vorir í Danmörku sjái, að vjer viljum ekki taka oss *neinn* þann rjett, sem þeir eigi hafi viðurkennt—bara *ekki* til *samþykktar*.

Skoðað frá *þessu* sjónarmiði, sem einmitt er sjónarmið mitt og meiri hlutans, er spurningin þá, sem hjer ræðir um, *ekki forms*-spursmál, nei! þegar litið er á *eðli* málsins, þá ræðir hjer um þá *realitets*-spurning, sem sjálfstjórn og sjálfsforræði fósturjarðar minnar og þjóðar veltur á.

Það eina vil jeg segja, að ef þ. kæmist að *þeirri* niðurstöðu, að leggja *þetta* frumvarp undir *löggjafaratkv.* ríkisdagsins, já, þá þættist jeg *illu heilli hafa* borið þetta frv. fram. Jeg játa það, að dauðinn hleypur hratt á eptir mjer, því jeg gjörist gamall, en vildi þó leggja lítinn skerf til þess, að fósturjörð mín nyti réttinda sinna. Það hefði mjer aldrei dottið í hug, að alþingi Íslendinga 1883 vildi ofurselja sig löggjafaratkvæði Dana í Íslands sjerstökum málum. En jeg vona að hin h. deild standi *föst* fyrir á *grundvelli* stjórnarskrárinnar 1874, eins og hann er ákveðinn í almennum og óyggjandi orðum í 1. gr., standi fast, segi jeg, á þessari *litlu frelsissnös*, sem oss er veitt með stjórnarskrá Íslands 1874 og stöðulögunum 1871. Því ef vjer látum hrekjast af þessari snös, þá getum vjer eigi umflúið, að falla niður í undirdjúpin, í hyldýpi eymdar og þjóðlegrar niðurlægingar, og *þá* munu niðjar vorir segja á leiðum vorum þau ámælisorð, sem vjer vildum eigi heyrt hafa í lifanda lífi, fyrir þessa baneitruðu tvídeiling minni hlutans.

Þá kemur hin önnur *aðalhlið* málsins! Hin sjerstaklegu málefni Íslands. Það gleður mig að vjer höfum nú og frjálsari blett að leika oss á, en stöndum ekki á þessari þröngu snös, og vona, að hinir h. vinir mínir 1. þm. Eyf. og þm. Bf. hlaupi nú enn stökk með mjer; og jeg vona, að tala nefndarinnar verði talin full áður en þessu máli lýkur, áður en sú stund er liðin, sem afmarkar oss verkahring vorn í þessu máli. Breytingarnar eru litlar, og jeg ber þetta frv. saman við frv. í hitt eð fyrra! og vona jeg því, að málið fái skjóta afgreiðslu, því það er mjög einfalt.

Fyrst og fremst er þá breyting viðvíkjandi fyrirkomulagi framkvæmdarstjórnarinnar. Hitt frv. gjörði ráð fyrir, að landsh. hefði ábyrgðina og *flytti málin sjálfur* fyrir konung. Hjer er gjört ráð fyrir, að fulltrúi eða erindsreki lh. reki málin í Danmörku í nafni og upp á ábyrgð landshöfðingja. En þetta er ekki ný hugsun. Hún kom sterklega fram á þ. 1867, það ár, sem þjóðmál Íslands hafa verið rædd með mestu fjöri og krapti.

Svo er í öðru lagi breyting á fyrirkomulagi alþingis, en einungis þó í þá átt, að teknar eru upp óbreyttar ákvarðanir stjórnarskrárinnar frá 1874. Þessi breyting getur því naumast orðið til annars en stuðnings eptir öllum lotum og kringumstæðum.

Þá er í þriðja lagi breyting að því er snertir *kosningar* og *kjörgengi til al-*

þingis. Nefndin hefir víkkað rjettinn í þessu tilliti, því hún byggði á því, að þar sem áhuginn væri of sterkur, svo hætt væri við að hann leiddist á þá villustigu, svo að jafnvel ýms óleyfileg meðul væri við höfð við kosningar, eins og menn heyra svo opt um talað í öðrum löndum, að þar væri ástæða til að þrengja eða takmarka þennan rjett; en þar sem áhuginn er of lítill og kringumstæður og atvik hindra menn frá að neyta hans, að þar væri ástæða til að rýmka hann, og hve heppilega nefndinni hefir tekizt þetta kemur vona jeg fram við 2. umr. Þingtíminn er enn fremur settur styttri, en það er máske óveruleg breyting, sem jeg ekki legg mika áherzlu á.

Ákvarðanirnar um fjárveitingarvaldið eru hinar sömu; svo er það heldur engin sönn breyting, að nýrri grein, sem fallið hafði burt 1881, var skotið inn í.

Viðvíkjandi breytingu á V. kafla, þá getur það naumast álitist stór breyting frá því, sem nú er. Þar stendur sem sje að jarðeignir þjóðkirkjunnar megi ekki *selja*. Jeg skal ekki fara langt út í þetta mál, en frá mínu sjónarmiði er ákvörðunin ekki rjett. Jeg er þjóðjarðasölumaður. Jeg vil að þeir sem búa á jörðunum eigi þær, en þetta er allt annað en að skerða rjettindi, sem kirkjur hafa eptir gömlum órjúfandi samningum. Hjer ræðir um peningana, andvirði jarðanna. Kirkjan á andvirðið og það getur ekki verið spursmál um að svipta hana því.

Svo er br. á VI. kaflanum viðvíkjandi borgaralegum rjettindum. Það er að vísu gott, að hið opinbera verndi einstaklinganna rjett, en reynslan hefur einnig sýnt, að það er vert að sjá um, að hið opinbera gangi ekki rjetti einstaklingsins of nærri nje misbjóði hinum persónulega rjetti.

Jeg fjölyrði svo ekki meira um þessar br. Báðum frv. er sameiginlegt, að færa framkvœmdarstjórnina inn í landið, og að hún hafi ábyrgð gagnvart þinginu. Mjer hefur mætt sú spurning, hvort þetta væru ekki firrur eða óþarfa kröfur, að heimta núna eptir svo stuttan tíma þessa breyting. Hitt er víst, að Íslendingar hafa rjett til að fá þessa kröfu sína ef þeir vilja; það sýndi sig með óyggjandi rökum við 1. umr. þessa máls. En er það þá þörf? Lítum á þetta eptir eðli hlutarins. Tökum hlutinn eins og hann liggur fyrir: Við höfum ráðgjafa út í Danmörku, sem konungur selur allt framkvæmdarvald. Hann lætur landshöfðingjann framkvæma það í sínu umboði og upp á sína ábyrgð. Landshöfðinginn er ekki annað en æðsti embættismaður landsins. Hversu mikið vit, hversu mikinn vilja og hversu mikla hæfilegleika, sem hann hefur, getur hann ekki farið hænufeti lengra en ráðgjafi vill. Þingið getur ekki komið fram ábyrgð gegn lh., nema að kæra hann, og ekki gegn ráðgjafanum. Þetta er óhafandi. Slík benda getur að eins staðið sem millibilsstjórn en ekki sem framhaldandi stjórn Íslands. Spyrjum reynsluna. Hvað hefur skeð síðan 1875? Lh. hefur ekki getað framkvæmt vilja þingsins. Jeg bið hina h. d. að skilja ekki orð mín svo, að jeg vilji tala með ákærublæ. Orð mín snerta ekki hinn núverandi hæstv. lh., og ekki heldur hinn fyrverandi lh., heldur tala jeg um fyrirkomulagið. Jú, reynslan hefur sýnt það, landinu hefur verið neitað um það, sem hefur verið þarflegt. Jeg vil ekki telja öll dæmi sem mögulegt væri. Lögum frá þ. er synjað staðfestingar og lh. kemur ekki sínu fram. Hvernig er fjenu varið? Hvernig er framkvæmdin á Íslandi? Hvernig eru t. d. vegirnir á Íslandi? Farið með mjer um vegina, sem þingið hefur veitt þúsundir króna árlega til að umbæta, og mun yður gefa á að líta. Er það nú rjett að taka svitadropa Íslendinga og fleygja þeim í krónumynt í leðju og aur, sem allir hljóta að sneiða hjá. *(Tr. G.:* Það gjörir ráðgjafinn ekki). *Ráðgjafinn* (og hann *einn*) ber ábyrgðina fyrir allar framkvæmdirnar. Þeir sem fara með gufuskipum á sjó geta ekki getið nærri hvernig er að ferðast hjer um landið, en við getum það. En svo er annað verra. Ráðgjafinn sjálfur getur ekki þótt hann væri af gulli gerður sökum stöðu sinnar ráðið bót á þessu, því hann er bundinn í ríkisráði Dana. Er nú þetta stjórn út af fyrir sig? Nú segi jeg: konungur og ráðgjafi *geta* ekki þekkt öll mál, sem fyrir ráðaneytið koma; meðan ráðgjafinn, sem Íslands ráðgjafi, situr á ríkisþingi Dana, er ekki við góðu að búast. Þetta fyrirkomulag gjörir ástæðurnar óþægilegar. Þennan hnút þarf að leysa, fyrirkomulaginu þarf að breyta. Sjálfur ráðgjafinn ætti að vera fús að vinna í þessa átt. —

Það er þá þrennt, sem jeg byggi á: 1., maðurinn sem hefur framkvæmdarvaldið situr út í Danmörku í 300 mílna fjarlægð, öllu hjer ókunnugur; 2., hann getur ekki þótt hann feginn vildi komið vilja þingsins fram sökum stöðu sinnar, sem gjörir hann bundinn ríkisþinginu og áhrifum þess; og 3. afleiðingin er, að hann verður háður stjórnarkreddum Dana; og ofan á allt þetta bætist í 4. lagi, að hann verður að fara frá hve nær sem ráðgjafaskipti verða. Þetta er líka móti grundvallarlögum Dana og mun jeg reyna að sanna það síðar ef þarf.

Fer jeg svo að sinni ekki fleiri orðum um þetta mál, en vona, að hinn hæstv. lh., sem sannur Íslendingur og skarpur til að sjá hið rjetta, verði þessari stefnu samverkandi til þess, að málið þó komist hænufeti lengra. Óska jeg svo loks, að það verði látið ganga til 2. umr. [Niðurlag þessarar ræðu er óyfirfarið af þingmanninum].

Grímur Thomsen: Menn hafa nú hlýtt á ræðu hins h. frsm. (B. Sv.), og það hefur nú sýnt sig, hversu sannfærandi hún var, því að eigi einungis þingmenn eru sannfærðir, heldur og áheyrendurnir hjerna uppi. Jeg ætla nú ekki að tala um hina ágætu röksemdafærslu hans, því að jeg er þar samþykkur honum að efninu til. Það sem jeg og hinn h. þm. Ef. (A. Ó.) förum fram á, er að málið verði rætt í tvennu lagi, og ber það til að sumar greinarnar eru þess eðlis, að það verður að leggja þær fyrir ríkisdaginn; stj. getur eigi samþykkt lögin án þess að leita samþykkis hjá ríkisdeginum. Sumar greinarnar fara aptur á móti fram á svo stórkostlegar breytingar á því stjórnarfyrirkomulagi, sem nú er, að jeg efast um, að stj. geti aðhyllzt þær. En ef nú stj. eigi vill staðfesta 1. eða 2. gr., hver er þá afleiðingin? Þá er öll sú fyrirhöfn, sem þessi breyting á stjórnarskránni hefur í för með sjer, til ónýtis. Fyrir því viljum vjer skipta frv. í 2 kafla. Umr. mega sjálfsagt fara fram í einu lagi, en atkvgr. má vel fara fram í tvennu lagi. Jeg vil nú bera undir hina h. þd., hvort þetta muni eigi ráðlegt og hvort það sje eigi betra en að leggja það á hættu, að vinna fyrir gíg, einungis af því, að stjórnin eigi vill aðhyllast 1. eða 2. gr. í öllu frv. Þetta ætti nú að vera ljóst fyrir hverjum einum, að þetta er miklu vissari vegur. Jeg skal nefna til dæmi: það er til gamall konungsúrskurður fyrir því, að allir ráðgjafar konungs skuli eiga sæti í ríkisráðinu; þetta gildir eigi einungis um dómsmálaráðgjafann, heldur og um ráðgjafa Íslands; bráðabyrgðarlögin, sem komu út í fyrra, voru rædd í ríkisráðinu og þar voru þau ákvæði gjörð, að þau skyldu koma út. Ef nú á að afnema þessa reglu um að ráðgjafinn skuli eiga sæti í ríkisráðinu, þá þarf, eins og jeg hef bent á, að leggja málið fyrir ríkisdaginn og leita samþykkis hans. Fyrir því vil jeg biðja alla þá þm., sem vilja verja tíma þingsins og peningum landsins vel, að skipta frv. í 2 kafla, og taka það heldur fyrir í tvennu lagi, en að taka það allt í heild sinni og eiga svo undir kasti, að það falli allt vegna 1. eða 2. gr.

Framsögumaður (B. Sv.): Jeg held nú að hinn h, þm. (Gr. Th.) hafi slegið mjer helzt til mikla gullhamra, en allt hvað góður hamrasmiður hann er, þá held jeg þó að þetta barsmíð í honum hafi eigi komið af góðum hug. En snúum nú að efninu. Vjer í meiri hlutanum höldum það rangt, að skipta frv. í tvo kafla, og leggja það fyrir ríkisdaginn. Ef alþing býður hendina fram, þá má það auðvitað, en stöðulögin gjöra alls eigi ráð fyrir því. Hitt er annað, að stjórnin hefur það á valdi sínu, að búa til frv. upp úr þessu, þar sem henni þykir það þurfa, og leggja það fyrir ríkisdaginn til samþykkis. En eptir ust. þm. Bf. (Gr. Th.), þá eigum vjer fyrir fram að gefa leyfi til þess, að leggja frv. viðvíkjandi sjerstökum málefnum Íslands undir ríkisdaginn; eigum fyrir fram að gefa ríkisdeginum heimild til að neita. Nei, slíkt er rangt, enda hefur ríkisdagurinn sama rjett og hann á að hafa, þótt vjer eigi gjörum slíkt. Það er stjórnin, sem á að leggja fyrir ríkisdaginn, en eigi vjer. Ef stj. álítur það skyldu sína gagnvart ríkisdeginum, ef hún álítur það nauðsynlegt til þess að fá staðfesting konungs á frv., þá getur hún búið til frv. og lagt það fyrir ríkisdaginn. En jeg sje nú eigi að hjer sje farið fram á að breyta neinu öðru en því, sem stöðulögin ákveða, að sje sjerstakt málefni fyrir Ísland. Aptur er öðru máli að gegna um þau mál, sem ekki eru sjerstakleg málefni Íslands. Þannig

hefur meiri hluti n. eigi gjört neina ákvörðun um hæstarjett, því að stöðulögin undanskilja hann; en nú vil jeg spyrja, er það eigi nauðsynlegt, að draga þá ályktun út af þessari undantekning, að hin atriðin heyri ekki undir ákvæði ríkisdagsins? Er þessi ályktun eigi svo nauðsynleg, að gagnstæð ályktun verði hugsunarvilla? Og í hugsunarvillu vona jeg að hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) vilji eigi rata. Ríkisdagurinn hefur ekkert að segja um hin sjerstaklegu mál Íslands, nema þetta eina. Þetta vona jeg að allir Íslendingar skilji og þar á meðal h. h. þm. Bf. (Gr. Th.). Vona jeg og að menn sjái, að takmörkin hjer eru eigi sett út í blåinn, og að þau eru þrædd svo, að eigi megi kalla þau rangþrædd. [Þessi ræða öll óyfirfarin].

Arnljótur Ólafsson: H. h. þd. sjer, að jeg hef að mestu verið samþykkur hinum h. meiri hluta n., en þó eigi með öllu. Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg hallast að tvískipting frv., bæði af þeim ástæðum, sem hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) tók fram, og enn fremur og það öllu heldur af annari ástæðu. Jeg álít nauðsynlegt, þegar vjer ræðum stjórnarskrána, að vjer þá ræðum líka *gildi* stöðulaganna og *samband* þeirra við stjórnarskrána. Um þessi atriði hafa verið ýmsar skoðanir manna og ágreiningur, og er eigi rjett af þinginu, að hleypa þessu alveg fram hjá sjer. Hvað sem dánarbúi amtmanna og amtsráða og arfatöku fjórðungsráðanna líður, þá vil jeg ekki í þessu máli búa til dánarbú, og setja skiptaráðanda í Danmörku, án þess að nokkur mæti af hendi Íslendinga. Jeg hef nú þá skoðun, að stöðulögin hafi, að svo miklu leyti sem þau tekin eru upp í stjórnarskrá Íslands, fullt lagagildi, rjettara sagt, fullt stjórnarlagagildi hjer á landi. Jeg veit og játa, að stöðulögin eru gefin af ríkisdegi og konungi, og um slík lög, er ríkisdagur og konungur setur, gildir sú almenna löggjafarregla, að einungis konungur og ríkisdagur geta breytt þeim aptur. Eptir þessari kenningu eru stöðulögin dönsk lög eða með öðrum orðum algjörlega háð hinu danska löggjafarvaldi. En nú er annars hjer að gæta: Stöðulögin eru með *tilvitnunum* tekin upp í sjórnarskrána; þannig má nefna 3. og 4. gr., sbr. 6. gr. stöðulaganna, er allar eru með tilvitnunum teknar upp í stjórnarskrána. Og nú segi jeg, stöðulögin, sem gefin eru af hinu danska löggjafarvaldi, eru einnig gefin oss í stjórnarskránni, það er að segja gefin oss af konungi Íslendinga eptir bænum og tillögum þessara þegna sinna og þessa gjöf getur konungur eigi *viljað* aptur taka, án samþykkis alþingis, og hann getur það heldur eigi, Innihald greina þessara er komið, segi jeg, inn í stjórnarskrána með tilvitnununum. Fyrir því hlyti innihald og gildi tilvitnananna í stjórnarskrá vorri að breytast, ef löggjafarvaldið í Danmörku breytti stöðulögunum; en stjórnarskrá vorri getur þetta löggjafarvald eigi breytt; það getur konungur vor að eins með *samþykki* alþingis. Að þessu verður maður nákvæmlega að gefa gætur, og þeim stjórnlagarjetti vorum megum vjer ekki sleppa, þegar rætt er um hin sjerstöku málefni Íslands og sambandsmálin milli hins almenna löggjafarvalds og alþingis Íslendinga. Jeg ætla að taka til dæmis þau málefni, sem samkvæmt 2. gr. eru sjerstakleg fyrir Ísland. Öll þessi málefni eru eingöngu háð hinu íslenzka löggjafarvaldi, konungi og alþingi, og ættu því að vera algjörlega óháð hinu almenna löggjafarvaldi. Þau eiga að standa með berum orðum í stjórnarskrá vorri, eins og gert er hjer í frv. Með því er engin breyting gjör á stöðulögunum sjálfum, sem háð eru hinu almenna löggjafarvaldi jafnt eptir sem áður; tilvitnunin er einungis tekin orðfull upp í stjórnarskrá vora. En nú segja menn: hið almenna löggjafarvald ríkisins og hið sjerstaka löggjafarvald Íslands standa öndvert hvort á móti öðru. Já, segi jeg, hjer eru 2 tigulkóngar í sömu spilunum (*B. Sv.:* Nei). Að minnsta kosti *virðist* sem svo sje; en nú er um að gjöra hvor þeirra er svartipjetur, og er því þessu spili voru óviðkomandi. Það verður að greiða úr þessum vanda. Og þess vegna hef jeg gjört þessar ath., og eingöngu fyrir þá sök hef jeg ætlað, eins og formaður n. fer fram á, tiltækilegt að skipta frv. í tvennt. Mín ætlun er engan veginn sú, að frv. skuli fara *frá þinginu* í tvennu lagi, heldur sú að eins, að þingdeildin íhugi vandlega þetta efni, gildi stöðulag-

anna og samband þeirra við stjórnarskrá vora.

Jakob Guðmundsson: Það er öllum ljóst, að þegar fyrst var talað um sambandið milli Íslands og Danmerkur fyrir þjóðfundinn og á þjóðfundinum, þá gengu Íslendingar út frá því og höfðu þá skoðun, að þetta samband væri byggt á gömlum samningum og sáttmálum. En frá stj. hálfu var þetta skoðað svo, að þessir sáttmálar væru úr gildi gengnir og sambandið væri eingöngu byggt á rás viðburðanna, og að þetta samband hefði myndazt svona smátt og smátt við samlíf og samgöngur þjóðanna. Eptir margra ára strit og stríð komu þá stöðulögin, sem Íslendingar álitu valdboðin, þó þau hefðu talsvert tillit til og tækju fram, í hvaða stöðu Ísland væri í ríki Dana. Þegar þetta ákvæði stöðul. var komið á, var því — eptir því sem mjer finnst — þrengt upp á Íslendinga án samþykkis alþ., en einmitt í tilliti til og af frv., sem rædd höfðu verið af þinginu, spratt stj.skráin 1874. Því verður eigi neitað, að kgr og stj. hafa þar í mörgum greinum haft tillit til óska alþingis. Jeg get ekki betur sjeð en það sje mögulegt, æskilegt, já meir að segja, jeg held það sje nauðsynlegt nú þegar stjórnarskrármálið liggur fyrir þinginu, að þd. gjöri sjer ljóst þessi meginatriði hjá meiri og minni hlutanum, í því tilliti, hvernig menn hugsa sjer skipt í sameiginleg og sjerstakleg mál. Þetta finnst mjer deildin geti gjört, án þess að leggja fram 2 frv. og segja: Annað á að leggjast fyrir ríkisþing Dana, hitt að eins fyrir ráðgjafann og konunginn. Þetta finnst mjer óþarft, því að jeg ætla, að uppástungur til stjórnarskrárbreytingar eigi að berast fram fyrir konunginn í einu lagi. Jeg ætla, að alþ. hafi ekki ástæðu til að skjóta neinu atriði stjórnarskrárinnar undir umræður og úrslit ríkisþingsins; konungur sjálfur getur borið það undir ríkisþingið, sem honum lízt, alþ. á við hann, en ekki ríkisþingið—það kemur fyrst fram við 2. umræðu, hvernig þingið hugsar sjer málið í einstökum greinum þess.

Grímur Thomsen: Það er sagt um fugl einn, sem heitir strútsfuglinn (hlátur), að þegar hann er eltur og hann getur ekki dregið undan, þá stingur hann höfðinu niður í sandinn, svo að veiðimaðurinn sjái hann ekki. Þm. D. (J. G.) þykist nú viss um, hvort sem frv. fer í eina eða aðra stefnu, þá muni *stj. sjá*, hverjar greinir þurfa samþykkis ríkisþingsins og hverjar ekki. Jeg ætla ekki að nefna 1. gr., en jeg ætla að bæta við það, sem 1. þm. Ef. (A. Ó.) sagði, að þar sem enginn milliliður er á milli kg. og lh., þá er þó hin íslenzka stjórnardeild beinlínis nefnd í stöðul. 2. jan. 1871 6. gr.

Þessi br. er þess eðlis, að hún er ómöguleg nema hún sje lögð fyrir ríkisþingið, er eitt má gjöra br. á stöðul. Stj. og kg. er ómögulegt að sþ. þessa br. á stöðul., sem hvergi er nefnd, því að hún fer í allt aðra átt; þess vegna er nauðsynlegt að leggja málið fyrir ríkisþingið. En þó að hann sje sjálfur—eins og strútsfuglinn—blindur þm. og sjái eigi, hvernig þetta kemur heim, þá mun stj. verða sá veiðimaður, sem hefur augun á þinginu og strútnum.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal ekki svara 1. þm. Ef. (A. Ó.) mörgu. Jeg skal játa það að jeg skildi ekki í bili hvaða rjettindi fyrir ríkisþingið hann ályktaði út af því, að kg. hefði gefið stj.skrána 1874, en ríkisþingið stöðulögin 1871. Því verður ekki neitað, að stöðulögin voru gefin án allrar hluttekningar af Íslands hálfu, af hinu almenna löggjafarvaldi ríkisins; en kg. gaf stj.skrána í sameiningu og samkvæmni við þær ákvarðanir, er alþingi hafði áður gert. En hjer er ekki að ræða um stöðulögin. N. hyggur, að það, sem ríkisdagurinn hefur einu sinni sagt um hin sjerstaklegu málefni Íslands, það verði að standa þangað til hann breytir því með nýjum lögum; þess vegna getur ríkisþingið ekki meðhöndlað þetta frv. beinlínis móti stöðulögunum. Vildi stj. láta leggja þetta frv. fyrir ríkisdaginn, þá yrði hún fyrst að láta leggja fyrir hann frv. til nýrra stöðulaga. En jeg skal ekki fara lengra. Það gleður mig, að þm. Ef. (A. Ó.) talaði ekki nema um bendingaratriði. Hann áleit það ekki nóg, að þm. Bf. (Gr. Th.) hefði bent á þau, heldur þurfti hann að gjöra það líka.

Viðvíkjandi tigulkóngunum skal jeg geta þess, að þegar jeg byrjaði að spila, þá merkti jeg minn tigulkóng með *merki Íslands*, svo að jeg vona þegar lokið er spilunum, þá þekkist hann frá *svarta-pjetri*. (Hlátur).

Viðvíkjandi kostnaðinum, sem þm. Bf. (Gr. Th.) talaði um, þá er það almenn logisk regla, sem þm. Bf. þekkir mjög vel, að jeg get ályktað frá hinu meira til hins minna. Hafi jeg 10 kr., þá ætla jeg að jeg hafi 8, 6, 4 kr.; því mun enginn neita. En jeg get ekki ályktað frá hinu minna til hins meira, ekki frá því, þó jeg hafi 10 kr., að jeg hafi 20 kr.; það er þm. Bf. fullkunnugt. Nú með tilliti til þessa atriðis, þá er það minna peningaspursmál, heldur en ef það væri reglulegur ráðgjafi. Þess vegna er ekki sýnilegt, að það atriði komi í bága við stöðulögin. Jeg legg áherzlu á það, að stj. í Danmörku er *skyld* til að leggja fyrir ríkisdaginn frv. frá vorri hálfu, ef *hún* álítur það nauðsynlegt — jeg álít það *ekki* nauðsynlegt — sem innihaldi næga heimild til að bera þetta frv. fyrir Hans Hátign konunginn til staðfestingar. Það er heppilegt að stj. þekkir það að senda lög til eptirlita; hún hefur lagt lög fyrir þetta þing til „eptirlita“, og eins getur hún lagt þessi lög til „eptirlita“ fyrir ríkisþingið, svo að það geti sjeð að alþingi hefur ekki gengið *eitt hænufet* frá því, sem stendur í stöðulögunum 1. jan. 1871. Því er í raun og veru ismunurinn milli mín og 1. þm. Ef. (A. Ó.) ekki svo mikill, en hann er þó svo mikill, að þar á veltur, hvort Íslendingar eigi að *afsala sjer þeim rjetti* og því *atkvæði*, sem þeir hafa til þess að skipa fyrir um löggjafarvald Íslendinga. Og þetta er þó það sem þingið hefur gengið út frá allt til þessa dags.. [Ræðan óyfirfarin af þingmanninum].

Jakob Guðmundsson: Jeg skal ekki reyna að þreyta flug við strútsfuglinn og ekki heldur leita að strútseggjum, því jeg ímynda mjer jeg fyndi ekki annað en fúlegg, heldur skal jeg skýra frá því, að jeg get ekki fundið að hjer sje að ræða um stöðulögin frá 1. jan. 1871, heldur um stj.skrána frá 5. jan. 1874. Og þegar svo þetta mál er lagt fyrir kg., eins og það kemur frá þinginu, þá finnst mjer það ekki verði neinar beinlínis breytingar á stöðulögunum, heldur hefur þingið einungis lagað í hendi sjer stj.skrána frá 1874; því þó einstakar greinir stöðulaganna sjeu teknar upp í stjórnarskrána, þá eru þær þar sem stjórnarskrárgreinar, en ekki stöðulagagreinar.

ATKVGR.: Málinu (aðalfrumvarpinu) vísað til 2. umr. með 19 atkv. Frumvarp minna hluta nefndarinnar til stjórnarskipunarlaga I. var og borið sjerstaklega undir atkvæði, en fjell, þar eð með því urðu að eins 4 atkv.

Frv. til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða (frá e. d., C 285); 1. umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Þetta er svo umfangsmikið mál, að jeg ætla það þurfi nákvæmrar íhugunar við, þegar litið er á það, að þar sem stj.frv. var 117 gr., þá hefur e. d. sleppt svo mörgum þeirra, að frv. er nú ekki nema 34 gr. Svo mikil br. þarf auðsjáanlega þess við, að málið verði vandlega íhugað hjer í n. Leyfi jeg mjer því að stinga upp á 7 manna n.

ATKVGR.: Uppástunga um að setja 7 manna nefnd í málið felld með öllum þorra atkv. gegn 5. Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Frumvarp til laga um farmgjald skipa (C 283); 1. umr.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal geta þess að þetta frv. er eiginlega eins og menn sjá sett í staðinn fyrir líka ákvörðun í 62. gr. aukatekjureglugjörðarinnar frá 1830. Þetta gjald var, eins og þm. muna, upprunalega 16 skildingar fyrir hverja „kommerce-lest“ og 8 skildingar fyrir hverja smálest, þannig skilið, að þegar skipið kom í eitt lögsagnarumdæmi, þá átti það að gjalda þetta á fyrstu höfninni, en hálfu minna ef það kom á fleiri hafnir. Svo fylgdi þessu gjaldi aukagjöld samkvæmt opnu brjefi 8. desbr. 1836, að umboðsmenn máttu taka helming að auki móti þessu gjaldi. Þetta gjald er því mjög óhentugt fyrir tollheimtumenn, og óhentugt og óeðlilegt fyrir skipin sjálf, að þurfa að borga aukagjald á hverri höfn í staðinn fyrir eitt gjald á einni höfn, þar sem skipið fyrst kemur. Þetta kemur sjerstaklega fram við gufuskipin, sem verða að koma á margar hafnir; því er mjög svo óhentugt fyrir þau að borga þetta á hverri höfn og væri miklu sanngjarnara að það væri einungis á einni. Á hinn bóginn get jeg ekki neitað því, að það vakti fyrir ustm., að það væri æskilegt og nauðsyn-

legt, að lsj. fengi heldur rífara en minna gjald við þessa breytingu. Þar held jeg við höfum farið meðalveginn. Þetta samsvarar að voru áliti $^1/_2$ af aukatekjunum, að frá reiknuðu áteiknunargjaldinu. Jeg skal leyfa mjer að gefa skýrslu um, hvað mikill hluti af aukatekjunum áteiknunargjaldið hafi verið á árunum 1879—1881. Aukatekjurnar voru: 1879, 13590 kr 14 a.
— 1880, 16234 — 70 -
— 1881, 19423 — 81 -
Árin 1881 voru skipaafgreiðslur $^7/_{12}$ af tekjunum, og sje nú hlutfallið álitið sama öll árin, hafa skipaafgreiðslugjöldin verið: 1879 7927 kr., 1880, 9471 kr. og 1881, 11197 kr. 17 aurar. Til skipaafgreiðslugjaldanna 1879, sem voru 7927 kr. (reiknaðar), svöruðu 27668 smálestir, sem sjóleiðarbrjefagjaldið átti að greiðast af; sjeu þær smálestir, sem komu þá til Íslands, bornar saman við afgreiðslugjöldin það ár og hlutfallið reiknað út eptir því fyrir hin árin, þá svara afgreiðslugjöldin:
1879 eða 7927 kr. til c. 27668 tons.
1880 — 9471 — — c. 33148 tons.
1881 — 11197 — — c. 39189 tons.

Eptir þessu hafa því komið hingað 1880 nálægt 33148 smálestum, 1881 39189 smálestir, en 1879 komu 27668 smálestir; þar af höfðu póstgufuskipin 3578 smálestir. Nú er farið fram á í þessu frv. að gjaldið verði 1 (ein) króna af hverri smálest og má gjöra ráð fyrir að það nemi nær 40,000kr. árlega. Þar af má sjá tekjuaukann, sem lsj. hefur við þessa br. og sem eykst í hlutfalli við það, sem skipaferðirnar vaxa.

Að endingu óska jeg þess, að málinu sje vísað til 2. umr. og að það megi fá fram að ganga. [Ræðan óyfirfarin af þingmanninum].

Holger Clausen: Það er nú ekki langt síðan við höfðum sjópassa-gjald af skipum, sem var spesía að upphæð. Jeg skil annars ekki, hvernig menn hugsa sjer að höndla með því móti, að leggja allt af meira og meira á höndlanirnar; það getur nú verið, að jeg skilji það ekki, af því að jeg er enginn lagamaður, en bara einungis kaupmaður. Jeg bið ykkur samt að gera eitt fyrir mig, og það er að leggja ekki gjöld á aumingja spekúlantana; þeir standa sig svo skítt-lega. Jeg segi ykkur satt, að það væri synd, að taka þau rjettindi af spekúlönt-unum, sem þeir hafa, að mega koma svona upp að landinu og kaupa og selja fátæklingunum án þess að borga einn eyri til landssjóðs. Nú standa nefnilega sakirnar svo, að hver, sem vill, getur komið svona og höndlað, þó þeir vildu koma frá Japan eða Kína. Það getur enginn bannað þeim það.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vil styðja þetta frv., en þó þannig, að það verði sþ. með nokkrum br. Jeg hef sjálfur næstliðinn vetur hugsað um þetta mál, og fundið til þess, að gjaldið er að mörgu leyti óeðlilega goldið, þó að jeg vegna tímaleysis hafi ekki haft kringumstæður til að koma fram með frv. til br. á þessu. Jeg er einnig á því máli, að gjaldið af skipum þeim, er koma til landsins, ætti að gefa af sjer meiri tekjur í landssjóð en nú hefur átt sjer stað nokkur undanfarin ár. Jeg veit ekki til, að í nokkru landi sje goldið svo lítið af skipum, sem goldið er af þeim skipum, sem koma til Íslands. Sjálfsagt er það, að hvergi mun eins lítið vera gjört fyrir skip og siglingar eins og hjer á landi, að því er snertir vita, skipalægi eða tryggar hafnir; en allt um það ætti gjaldið að vera meira til landssjóðs en það er. Það er reyndar auðsjeð, að samkv. frv. þessu hækkar gjaldið talsvert af þeim skipum, sem koma einungis á eina höfn í hverri ferð, allt svo af flestum seglskipum; en þar á móti lækkar gjaldið aptur af þeim skipum, er koma á margar hafnir, nl. gufuskipunum. Það, sem mjer þykir óeðlilegt við heimting á gjaldi þessu, er það, að gjaldið er innheimt nú, eptir að sýslumenn eru settir á föst laun, eins og áður var heimtað, þegar gjaldið var ein tekjugrein sýslumanna, og rann allt í þeirra sjóð, en þegar gjaldið rennur allt í landssjóð, og það er innheimt handa honum, þá lítur undarlega út, að það sje heimtað opt af sama skipi til sama gjaldtakanda. Eðlilegra væri, að gjaldið væri heimt einungis einu sinni og þá heldur hærri upphæð. Auk þessarar óeðlilegu gjaldgreiðslu, að greiða gjaldið á hverri höfn, sem skipið kemur á, bætist það við, að skipið má svara $^1/_3$ hærra gjaldi á þeirri höfn, sem sýslumaðurinn er ekki til að taka við því, heldur umboðsmaður hans, sem þá fær sjerstaka borgun. Því segi jeg það: gjaldið og gjaldheimtan er

óhafandi, eins og hún er nú. Auk þess sem gjaldið er of hátt eptir frv. þessu, þá er annað, sem jeg vildi fá breytt. Jeg get ekki betur sjeð, en að heill flokkur skipa alveg sleppi, því að hjer eru einungis til tekin vöruflutningaskip. Eptir lögum 17. des. 1875 um fiskiveiðar útlendra manna skal borga 10 aura af hverju tonni útlendra skipa, sem fiska utan landhelgi, og leita hafna hjer við land, en hjer kemur sægur til landsins af skipum, sem fiska innan landhelgi, sem sje síldarveiðaskip Norðmanna, og þau vildi jeg að kæmust með inn undir ákvæði þessa frv. Brtill. í þá átt mun jeg reyna að koma fram með við 2. umræðu málsins.

Eiríkur Kúld: Jeg vil einnig styðja þetta frv., en þykir því þó í sumu ábótavant. Það sem mjer hefur dottið í hug, að má ske breyta þyrfti í því, er 2. gr. þess, og svo vildi jeg koma inn í það nýrri ákvörðun. Þessi nýja ákvörðun yrði þá 3. gr. frv., og ætti að innihalda ákvæði um sjóleiðarbrjef handa skipum; virðist mjer það alveg nauðsynlegt. Sú breyting, sem mjer virðist nauðsynleg við 2. gr. frv., er það, að skjóta inn á eptir orðinu, „skipstjóri“: „eða móttökumaður skipsins“, því að það er hugsanlegt, að svo geti staðið á, að skipstjóri sjálfur hafi enga peninga. Það sem þm. Snf. (H. C.) sagði um lausakaupmennina, ímynda jeg mjer, að hafi verið meira spaug en alvara, eptir því sem jeg þekki þm. Enda myndi hann fá fleiri með sjer ef hann kæmi fram með frv. um að leggja sanngjörn gjöld á lausakaupmenn heldur en til að verja þá gjaldskyldu.

Jón Ólafsson: Jeg skal játa, að það er óþægilegt, að geta ekki nú þegar skýrt áreiðanlega, hver muni verða tekjuauki landssjóðs við þetta frv. Það er ómögulegt að gjöra það með nokkurri nákvæmni, því að seinustu skýrslur, sem byggt verður á, eru frá 1877. Þá var tonnatal aðfluttra vörutegunda um 20,000. Gjöld fyrir áteiknun skipa var síðasta ár um 11,000 kr. Jeg ímynda mjer, að það sje ekki of drjúgt í lagt, þó að gjört sje ráð fyrir, að tonnatalið hafi aukizt um helming síðan 1877, því að síðan hafa gufuskipsferðir, og einnig seglskipa, aukizt að miklum mun; en þar að auki hefur bæzt við allur skipaflotinn frá Norvegi, sem þá var ekki til. Þó að öll þau skip komi einkum til fiskiveiða, þá flytja þau varning bæði til landsins og frá því aptur, svo að þau myndu flest komast inn undir þessi lög. Eptir þeirri lauslegu áætlun, sem jeg hef gjört, munu tekjur landsjóðsins aukast um 75 aura af hverju tonni, eða 25—30,000 kr. á ári.

Grímur Thomsen: H. h. deild mun reka minni til þess, að stjórnin lagði frv. fyrir þingið 1881, sem var mjög ápekkt þessu; en það frv. var fellt í e. d. þingsins, af þeirri orsök, að ekki þótti ástæða til að hlífa gufuskipunum við þessu gjaldi; en frv. það var lagt fyrir þingið að fyrirmælum „hins danska sameinaða gufuskipafjelags“. Aðalmunurinn á þessu frv., sem hjer liggur fyrir, er sá, að í stjórnarfrv. í hitt eð fyrra var stungið upp á 25 aura gjaldi af hverri smálest, en í þessu frv. er stungið upp á 1 kr. gjaldi Frv. þetta er að mínu áliti gott nýmæli. Það ljettir í rauninni á bæði seglskipum, sem áður guldu 33 a. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau komu á, og því næst 16 aura af hverri smálest á hverri annari höfn, er þau sigldu upp, og líka á gufuskipum. Það sjer hver maður, að 1 kr. gjald af gufuskipi, eitt skipti fyrir öll, er ekki ósanngjarnt, og ekki hátt gjald. Sama er að segja bæði um kaupskip og fiskiskip, sem nú greiða 25 a. í fyrsta sinni og helming á öðrum höfnum. Það er og mjög heppilegt, að flm. þessa frv. hafa haft vaðið fyrir neðan sig, hvað snertir póstsendingarúm á skipunum. Það er eflaust rjett, að láta það vera gjaldfrítt, vegna þess, að annars gætu menn komið á eptir og kvartað um það, að tvígoldið væri af póstsendingum og gjald lagt á póstferðirnar. Jeg held, að það sje misskilningur h. h. þm. Bst. (E. K.) að sjóleiðarbrjef sjeu nauðsynleg, því að skipaskjölin verða að áteiknast hvort sem er og nægja fullkomlega í því tilliti. Jeg greiði atkvæði mitt með þessu frv., og álít, að í því sje talsverð rjettarbót.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1878—79 (C 7); 2. umr.

Grímur Thomsen: Frsm. er ekki viðstaddur og skal jeg ekki tala hans máli, en jeg vil minnast á þessar 500 kr., sem

brúkaðar hafa verið fram yfir fjárveitingu þingsins. Í athugasemdum yfirskoðunarmanna er á það drepið, hvernig þessum 500 kr. hefur verið varið, og skal jeg ekki minnast á það einu orði. En það leyfi jeg mjer að taka fram, að þegar þingið hefur veitt vissa upphæð til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, þá þarf engin stjórn að fara fram úr þeirri upphæð, eða brúka meira. Jeg segi: haldi stjórnin sjer ekki innan þeirra takmarka, sem þingið setur á þessum gjaldlið, þá er það — að jeg ekki segi gjörræði—þó að minnsta kosti skortur á virðingu fyrir þinginu, eða veitingarvaldinu. Þingið hafnaði að sþ. þessa fjárveitingu árið 1881. Þá var framyfirgreiðslan meiri; nokkuð af henni sþ. þingið, en þessum 500 kr. neitaði það sþ. Jeg er nú á sama máli enn. Jeg held að það sje ekki gjörlegt að koma neinni stjórn upp á að brúka meira en veitt er, og þá allra sízt þeirri stjórn, sem optar en einu sinni hefur sýnt, að það er nauðsynlegt að hafa auga með henni í þessu tilliti.

Gunnlaugur Briem: Af því h. h. meðnefndarmaður minn 1. þm. Ef. (A.Ó.), sem er framsögumaður í þessu máli, er ekki viðstaddur, vil jeg leyfa mjer að halda svörum uppi fyrir nefndarinnar hönd í atriði því, sem hjer er um að ræða. Jeg hef lesið í Alþt. frá 1881, að það hafi verið mest á móti þessari framyfirgreiðslu að hafa, hvernig fjenu varið, og man jeg ekki betur en að h. h. þm. Ef. (Gr. Th.) hafi einmitt sjálfur talað í þá átt um framyfirgreiðsluna, þó að hann vilji nú sneiða hjá að minnast þess. Nefndin hefur í ástæðum sínum gjört grein fyrir, hvernig á fjárveitingu þessari stóð, og leitast við að sýna fram á, að hún hafi eigi verið allsendis þarflaus. Mjer virðist að sanngirni eigi ekki síður að komast að á þingi en annarstaðar í mannlífinu, og að þingið eigi því að taka nokkurt tillit til þess, hvernig fjenu hefur verið varið, hvort það var allsendis út í bláinn eða stutt skynsamlegum rökum. Og þegar haft er tillit til þess, virðist þessi umframgreiðsla ekki svo ástæðulaus, að þingið geti með fullri ástæðu synjað henni samþykkis.

ATKVGR.: Frv. (C 7) samþykkt með 15 atkv. gegn 3. Málinu vísað til 2. umr. með 15 atkv.

Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1878 og 1879 (C 1); 2. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg þarf eigi að tala um hið fyrsta atriði, sem ágreiningur hefur orðið um, því að með því að sþ. fjáraukalögin fyrir 1878 og 79, hefur d. einnig samþykkt þetta atriði í landsreikningnum, nefnilega 500 kr. ferðastyrk til yfirumsjónarmanns Feilbergs. Það eru því að eins tvö atriði, sem hjer getur verið um að ræða, 100kr. þóknun til prófessors Konráðs Gíslasonar, og þau 97 kr. 81 e. útgjöld til dómgæzlu og lögreglumála, og eru ástæðurnar fyrir því að veita þetta fje teknar fram í nál. (C 180), og meðan jeg ekki heyri nein mótmæli, þarf jeg ekki að mæla fram með frv.

Grímur Thomsen: Jeg skal nú ekki tala neitt um þessar 500 kr. til Feilbergs, því að þd. hefur nú fallizt á að veita þær. Jeg er einnig samdóma n. um að veita stj. þessar 100 kr. til K. G. prófessors fyrir að halda próf í íslenzku, því að stj. hefur lofað að til slíkrar fjárveitingar skuli ekki þurfa að koma framvegis. En að því er snertir útgjöldin til dómgæzlu og lögreglumála, þá hafa þeir sem mest hafa um þetta mál fjallað, bæði stj., hinn umboðslegi endurskoðandi og n. sett gjaldliðinn 97 kr. 81 e. hærri en í frv. því sem lagt var fyrir alþingi 1881, en hverjar eru nú þessar upphæðir? Í frv. stj. 1881 er þessi upphæð 129982 kr. 91 e., en í þessu frv. er hún 130160 kr. 72 aurar. Þegar jeg dreg frá, skakkar um 80 kr. fyrir utan þessar 97 kr. 81 e. Nú vil jeg spyrja n. hvernig stendur á þessum 80 kr., því nefndin veit sjálfsagt hvernig á þeim stendur. Hinn umboðslegi endurskoðandi fær einnig út þessa sömu upphæð 97 kr. 81 e.; en jeg efa eigi að n. viti um hvað er orðið af þessum 80 kr., sem munar. En það er annað atriði í þessu máli. Eptir hvaða lögum fer hinn fyrv. lh. — já það er nú reyndar ekki gott að spyrja hann nú, — en eptir hvaða lögum fer hinn umboðslegi endurskoðandi og n., þar sem hún vill láta draga endurgjald fyrir skrifstofukostnað, frá því sem sýslumaðurinn átti að borga?

Jeg veit ekki til að í neinum lögum sje gjört ráð fyrir skrifstofufje til sýslumanna; þeir verða sjálfir að sjá sjer fyrir því fje. Lög um skrifstofufje handa bæjarfógetanum í Rvík ná ekki heldur gildi fyr en 6. d. júní 1878 eða seinasta daginn sem sá maður var settur í embættinu, sem á nú að fá endurgoldinn skrifstofukostnaði; lögum samkvæmt á hann engan skrifstofukostnað að fá, og er hann því sjálfsagt skyldur til að greiða þessa upphæð aptur, er dregin hefur verið frá tekjum hans. Jeg get hugsað mjer að n. vilji af sanngirni gefa þetta fje úr lsj.; en *rjettlátt* get jeg ekki kallað það. Hvað snertir breytingar á því sem hinn setti sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu átti að greiða, þá álít jeg að ekki sje rjett að taka neina ákvörðun um það, þar sem sú spurning liggur nú sem stendur fyrir dómstólunum. Þegar yfirdómari Sveinbjörnsson var settur til að gegna þessu embætti, þá fjekk hann hjá lh. skriflegt loforð um að mega halda aukatekjunum. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna gerðu athugasemd við þetta, og stj. var fyrst á sömu skoðun, en síðar hefur skoðun hennar breytzt, hvernig svo sem á því stendur. Nú hefur hlutaðeigandi höfðað mál á móti lsj., en ekki á móti lh., sem gaf honum loforðið, og hefur unnið bæði við undirrjett og yfirrjett, og ef nú hæstarjettardómurinn gengur honum og í vil, þá hljóta reikningslögin að breytast, og því álít jeg ofsnemmt að skera úr þessari spurningu. Þarsem málið er höfðað móti lsj., en ekki á móti lh., sem þó hefði átt að vera, þá verður lsj. að borga þetta fje, ef hann tapar málinu, en hvort lsj. vildi leita rjettar síns gagnvart lh. skal jeg ekki segja, því að mjer virðist d. vera farin að vera heldur fús á að gefa opt upphæðir eptir, en hirða minna um að heimta þær upphæðir inn í lsj., sem honum ber með rjettu.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Hvað snertir þessar 80 kr., sem h. l. þm. Bf. (Gr. Th.) minntist á, þá veit jeg ekki betur en þær sjeu samþykktar samkvæmt atkvgr. þingsins 1881, því það stendur svoleiðis á þessum 80 kr., að þær eru laun til málaflutningsmanns við hæstarjett og voru því fluttar af óvissum útgjöldum yfir á þessa grein. Jeg vona að þm. Bf. meti atkvgr. þingsins 1881 og láti n. sýkna af því er þingið þá gerði. Hvað snertir skrifstofukostnaðinn til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er þm. var að tala um, þá hefur n. ekki minnzt á neinn *skrifstofukostnað*. En fleiri kostnaðir eru til en skrifstofukostnaður. Sýslumenn þurfa að kosta til fleira en til skrifarastarfa, sem þeir eigi fá endurgoldið. Það eru ekki allar tekjur af sýslunum sem renna í lsj.; það eru til bæði afdráttarlausar tekjur og kostnaðarlausar tekjun, og mismunurinn á þeim er það, sem frá er dregið í frv. Það er alls eigi af hlífð við hlutaðeigandi sýslumann, heldur eptir því sem venja hefur verið til, og n. getur því ekki betur sjeð en að það sem stj. hefur gert í því efni, sje á fullum rökum byggt. Hvað snertir hina 3. aths. viðvíkjandi launum hins setta bæjarfógeta í Rvík, þar sem h. h. þm. Bf. sagði, að það mál væri fyrir dómstólunum, og væri því of snemmt að skera úr því, þá getur þó ekki leitt af því að krafan sje fallin niður eptir rjettum reikningi, þótt hin upphækkaða krafa sje fyrir dómstólunum.

Grímur Thomsen: Ef n. les brjef endurskoðanda vel, þá sjer hún að þessar 80 kr. koma þar hvergi fyrir. H. h. frsm. sjer, að þessar 80 kr. koma hvergi fram í frv. stjórnarinnar um reikningssamþykktir, sem lagt var fyrir þingið 1881, og til þessa frumvarps virðist mjer nefndin og endurskoðandi vitna, og því verð jeg að álíta að hjer sje eitthvað blandað málum eða frumvörpum hjá endurskoðanda og n. Í stjfrv. frá 1881 er engan veginn getið um að þessar 80 kr. sje fólgnar í þeirri upphækkun, sem gerð var við 3 B. Um kostnað sýslumannsins stendur í brjefi endurskoðanda að það verði að draga frá endurgjald fyrir skrifstofukostnað, og á því hefur n. byggt; en mjer er ekki kunnugt að sýslumenn eigi að fá þann kostnað endurgoldinn. Það er auðvitað, að það er leiðinlegt, að geta eigi sp. reikninginn nú þegar, en jeg held það geri ekki svo mikið til, því þetta er aldrei nema kvittun, og það skiptir eigi miklu, hvort hún kemur einu ári fyr eða síðar. Hitt er verra, að lögleiða reikningsvillur; jeg bið n. að skoða þetta ekki sem kappsmál, en jeg held að það væri æskilegt að fresta málinu um nokkra daga.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson):

Viðvíkjandi uppfærslu á fje til dómgæzlu, þá skal jeg geta þess, að í alþingtstíðindunum 1881 bls. 546 er 3 B dómgæzla og lögreglustjórn sþ. 130062 kr. 91 e., en við 2. umr. er sami liður færður upp eptir ust. n. úr 129982 kr. 91 e. upp í þetta, og er munurinn á þessum upphæðum 80 kr., og í aths. neðanmáls stendur að þær sjeu fluttar á þennan lið af óvissum útgjöldum, og á bls. 450 stendur: „Tillaga út af athgr. 33, 2. snertir það, að 80 kr., sem voru málaflutningslaun við hæstarjett í sakamáli, og taldar eru meðal óvissra útgjalda, ættu að teljast meðal annara útgjalda við dómgæzlu og lögreglumál (í fjárlögunum 10. gr. B 3., í reikningslögunum II. 3. B.). Á þessu byggi jeg, og hvar stendur þm. Bf. (Gr. Th.) þá? Hvað snertir kostnað þennan til sýslumanns, sem þm. Bf. talaði um, þá átti hinn setti sýslumaður eins að fá hann endurgoldinn eins og hinn fasti. Lsj. má ekki beita annari aðferð við hinn setta en við hinn fasta embættismann, þegar lsj. fær sömu tekjur frá báðum. Það hefði verið betra að yfirskoðunarmaðurinn hefði komið til n. utan fundar bæði til þess að láta henni í ljósi skoðun sína og til þess, að meðtaka hennar skoðanir.

ATKVGR.: Tekjukaflinn (C 1), 1.—24. sþ. í e. h.; gjöld 1.—3. A. sþ. með öllum atkv., 3. B. sþ. með 14 atkv.; 3. C—7 sþ. með öllum atkv., 8. sþ. með 15 atkv.; 9.—11. sþ. með öllum atkv.; upphæðin samtals sþ. með 16 atkv.; upphæð innstæðufjár sþ. með 19 atkv.; útistandandi eptirstöðvar sþ. með 19 atkv.; ógoldin útgjöld sþ. í e. h.

Málinu vísað til 3. umr. með öllum atkv.

Fertugasti og fimmti fundur, mánudag 13. ágúst kl. 5 e. m. Allir á fundi, nema Ólafur Pálsson.

Lfrv. um rjett hreppsnefnda í fátækramálum (C 230)*:* 2. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Eins og hin h. þd. sjer, þá eru fáar og óverulegar br. komnar fram við þetta frv. og þær, sem komnar eru, eru allar frá n. sjálfri (C 325). Það þótti, eins og jeg þegar gat um við 1. umr. málsins um frv. n., ef til vill kenna nokkurs harðræðis í frv., og fara nú allar br. í þá átt, að það hverfi, án þess að spilla fyrir því, að aðaltilgangr frv. náist. Fyrsta br. er við 1. gr., sem tekur beinlínis fram, að þurfamaður fái aptur fjárforráð, er hann sannar fyrir sýslumanni, að hann þiggi ekki lengur sveitarstyrk. Með þessum viðauka vonar n. að gr. verði aðgengilegri. Viðvíkjandi 2. gr., þá er fáeinum orðum skotið inn í, sem fara í sömu átt og br. við 1. gr.; allt er það til að milda ákvarðanirnar. Það er og önnur mikil þýðing í þessari vtill. og 2. gr. yfir höfuð, að það er skýlaust sagt og talið sjálfsagt, að sá, sem er í skuld við sveitarsjóð, eigi að endurgjalda hana. Í mínum augum er það ekki vafasamt, að þessi skylda hvíli á þurfamanninum, en það getur verið vafasamt eptir dönskum lögum, og vildi jeg kalla það siðum spillandi, að láta heita *lán* á *pappírnum* í opinberum reikningum, sem í raun rjettri væri gjöf, því það væri hvöt og freistni fyrir miður vandaða menn að nota sjer af öðru eins.

Brt. við 3. gr. gengur og í þá átt, að gjöra frv. mannúðlegra gagnvart vesturförum, eins og sumir heiðraðir þm. álitu svo nauðsynlegt við 1. umr. þessa máls. Þeim þótti það harðræði, að skylda vesturfara til að setja tryggingu fyrir því, að skylduómagar þeirra verði ekki til sveitarþyngsla um óákveðinn tíma og binda þannig, hver veit hvað lengi, nokkuð af eigum hans. Vtill. fer fram á, að skjóta þar inn í: „að minnsta kosti um næstu 3 ár". Það er bending til hreppsnefndanna, að ganga eigi lengra en brýnasta nauðsyn krefur.

Jeg vona fastlega, að frv. með þessum br. nái fram að ganga hjer í þd., og það sem greiðlegast, því að tíminn er orðinn naumur.

Jón Ólafsson: Þó að jeg sje þakklátur n. fyrir þessar brt., þá get jeg þó ekki kannast við að hún á nokkurn viðunanlegan hátt hafi bætt úr hinum ómannúðlegu og óeðlilegu ákvörðunum í 3. gr. N. bætir við orðunum: „að minnsta kosti um næstu 3 ár", en það er samt alveg óákveðið, hvað lengi það megi vera. Þetta er samkyns aðferð, og ef jeg færi

til manns, sem jeg reyndar á enga skuld hjá, en er hræddur um að jeg kunni að fá ávísun upp á $^1/_2$ eða heilu ári síðar, og að hann þá muni ekki geta borgað, og segði við hann: Jeg óttast að þú getir ekki lokið skuldinni til mín sem reyndar engin er enn þá, en sem jeg er hræddur um þú kunnir að komast í við mig einhvern tíma, í gjalddaga, og þess vegna skaltu setja mjer veð og fulla tryggingu fyrir því. Það mætti og með jafnmiklum rjetti segja við mann, sem ætlaði til Vesturheins: Þú ert svo peningalítill, að jeg er hræddur um að þig þryti fje á leiðinni og þú yrðir sendur heim aptur á sveitina, á hennar kostnað, og þess vegna ætla jeg að kyrsetja þig. Ákvörðunin í 3. gr. leggur byrði á herðar mönnum út af skyldum, sem eru enn ekki orðnar til, því að forsorgunarskyldan hefst fyrst þá, er hlutaðeigandi ættingi verður ósjálfbjarga, því að enginn mun fara því fram, að jeg sje skyldur að forsorga neinn þann ættingja minn, sem er sjálfur fær um það án minnar aðstoðar. *Forsorgunar-skyldan er að eins til sem mögulegleiki, þangað til þörf hlutaðeiganda gjörir hana að virkilegleika.*

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Hinn h. 2. þm. Sm. sagði að það væri hart að ganga eptir skuld sem ekki væri fallin í gjalddaga og þetta er í sjálfu sjer satt. En þm. gætir þess ekki, að eptir almennum lögum má höfða mál út af skuld, sem ekki er fallin í gjalddaga. Skuldbindingin er til staðar þó að gjalddaginn sje ekki kominn, og hjer er hin sterkasta skuldbinding til staðar, skuldbinding. sem blóðsins band skapar með tilverunni sjálfri. Þegar maður er skuldugur mjer um 1000 kr. og á að borga þær eptir 5 ár, þá er hann auðvitað ekki skyldugur að borga þær fyr en eptir 5 ár, en sýni hann sig í orði eða verki beran að ætla sjer, að komast hjá því að borga skuldina, þá get jeg með lögum skyldað hann til að setja tryggingu fyrir því að hann lúki skuldinni á rjettum tíma; skyldan til að borga hvílir sem sje stöðugt á honum, þó gjalddagurinn sje ókominn. Þess vegna er ákvörðunin í 3. gr. rjettlát; því að þegar maðurinn fer til Ameríku út fyrir kóngsins ríki og lönd, þá er sveitarfjelaginu ómögulegt að ná rjetti sínum.

Ákvörðunin er þannig alveg samkvæm grundvelli gildandi laga (H. Kr. Fr.: Nei, það er ekki rjett). Jú, það er eins rjett fyrir það, þó að þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) þykist lagamaður mikill, og sje að mælda í móinn

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er n. sjerlega þakklátur einkum fyrir 1. og 2. gr. þessa frv. Þeir sem nokkuð hafa fengizt við sveitarstjórn og þekkja til þeirra hluta, vita hvernig það gengur til. Iðjuleysinginn sóar og svallar og gengur svo í vasa dugnaðar og iðjumannsins, sem hefur farið betur með fje sitt og krapta; óreglumaðurinn og letinginn veit, sem er, að ekki er nema að hlaupa í hreppsnefndina. Þannig verða óstandsmennirnir herrar og konungar yfir ráðdeildarmönnunum *(B. Sv.:* alveg rjett) og þá er ekki von að vel fari.—Vtill. frá n. við 1. og 2. gr. álít jeg sjerlega heppilegar. Það er annars sjálfsagt að þegar þurfamaðurinn hefur borgað þá er bandið laust.

En mjer finnst 3. gr. vera nokkuð ískyggileg og ganga heldur langt. Það verður örðugt að segja hve nær líkindi sjeu til að einhver verði ósjálfbjarga, og þetta mat 2 óvilhallra manna er jeg hræddur um að gangi skrykkjótt og verði ekki betra en jarðamatið. Jeg hygg að þessi ákvörðun eigi ekki við frelsisanda vorra tíma. *(B. Sv.:* Frelsisandi!!). Jeg er hræddur um e. d. kunni að krukka í 3. gr., og stj. sþ. ekki frv. Hitt er aptur sjálfsagt að allir endurgjaldi þeginn styrk, og þegar þeir fara af landi burt, þá sjá þeir um að auðsjenir og fullkomlega fyrirsjáanlegir skylduómagar verði sveitinni ekki til þyngsla, en lengra vil jeg ekki láta fara. Jeg vona að n. íhugi þetta betur fyrir 3. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að nokkurs harðræðis kenndi í því, svo að jeg taki mjer orð hins h. frsm. (B. Sv.) í munn. Það eru allt af neyðarúrræði, áð svipta menn frelsi sínu, sem er ein hin ágætasta gjöf mannsins. Að svipta menn umráðum yfir eignum sínum er eigi gjörlegt, nema í ýtrustu nauðsyn, ef menn misbrúka eignar umráð óforsvaranlega sjer og öðrum til tjóns. Vil jeg vona, að ákvörðun þessari verði ekki beitt nema í slíkum tilfellum. Nú hafa og vtill. n. mildað frv. svo, að jeg get gefið því atkv. mitt, þó

að jeg sje ekki alls kostar ánægður með það. Það er óneitanlegt, að það er með öllu nauðsynlegt, að sveitarstjórnirnar fái meira vald, en þær nú hafa, yfir þeim mönnum, sem misbrúka frelsi sitt til að lifa í iðjuleysi og óreglu, og láta skylduómaga sína verða sveitinni til byrði. Þegar þessar vtill. eru komnar inn í frv., gef jeg því hiklaust atkv. mitt, og það eins þó að ákvæðin í 3. gr. sjeu kann ske nokkuð hörð, því að það yrði ærið tilfinnanlegt fyrir margar sveitir, ef það lag kæmist á, að menn hlypu til Vesturheims, til þess að losast við skyldu sína að sjá ættingjum sínum borgið.

Jón Ólafsson: Ræða hins h. sessunautar míns (B. Sv.) hefur ekki getað sannfært mig. Það er ekki hægt að tala um forsorgunarskyldu fyr en ættinginn er orðinn bjargarþurfi. Það er þá *engin skuld* til, heldur að eins *mögulegleiki til skuldar*. Hann segir, að skyldan hefjist með fæðingunni, en það getur þó ekki verið talað um skyldu eða skuld hjá þeim, sem ekki er kominn af ómagaaldri; er brjóstmylkingurinn skyldur til að sjá foreldrum sínum borgið? Jeg vil biðja hann að benda mjer á lög í *nokkuru* landi, sem hafa aðrar eins þrælbands-ákvarðanir gegn persónulegu frelsi manna. Það skyldi helzt vera í Rússlandi, og þó ætla jeg megi fullyrða, að ekki sje einu sinni þar lagðar höndur *að staðaldri* á persónulegt frelsi manna til að ferðast úr landi, heldur að eins af og til, þegar einhver samsæravandræði eru á ferðinni. Hvað eiga þessi Tyrkjalög að þýða? Þm. (B. Sv.) sagði, að þegar maður flytti af landi burt, þá væri ómögulegt fyrir sveitarstjórnina að ná í hann. Þó að einhver sje kominn út fyrir kóngsins ríki og lönd, þá er hann þó ekki kominn út fyrir lög og rjett, og það *má* heimta styrk til skylduómaga af vesturfara fyrir handan haf. Minn heiðraði sessunautur (B. Sv.) ætti *sjálfur* að vita, að það er ekki það, sem vors konungs ríki og lönd eru annáluð fyrir, að hjer sje auðveldara að ná rjetti sínum, en annarstaðar í heimi. Æ, nei, nei! þvert á móti!

Jeg legg einmitt mikla áherzlu á það, að það getur orðið til hins mesta gagns fyrir landið, að þeir menn flytjist til Vesturheims, sem eiga eptir heima á Íslandi fátæka ættingja. Það hefur sýnt sig annarstaðar, t. d. í Noregi, að þegar vesturfarar komast fram í Ameríku, þá styrkja þeir þurfandi ættingja sína heima, eða kosta þá til sín, og þetta eru oft menn, sem aldrei hefðu að líkindum getað forsorgað ættingja sína, ef þeim hefði verið haldið heima á Íslandi, en máske þvert á móti sjálfir orðið að byrði með tímanum hjer.

Þm. sagði að peningarnir væru ekki teknir af vesturförum, þeir gætu depónerað þá áður en þeir færu, og fengið þá síðan aptur, ef ekki þyrfti á þeim að halda. Veit þm. þá ekki af því, að það eru helzt fátæklingar, sem neyðast til að skilja ættingja sína eptir. Þeir geta ekki depónerað peninga til 3 ára, eða kannske miklu lengur, ef krafizt verður. Það er sama og að banna þeim að fara, að heimta af þeim að þeir depóneri fje, sem þeir eiga ekki til; en að banna þeim að fara, það er að banna þeim að leita sjer atvinnu þar sem þeir geta fengið hana, og ef til vill með því neyða þá til að verða öðrum til byrði. Þessi ákvörðun í l. verður ekki til annars en farið verður í kringum þau, því að ákvæðin eru svo löguð, að hver einasti maður getur farið í kring um þau. Flestir vesturfarar kjósa heldur, þó að það kosti einum 12—15 kr. meira, að taka sjer far með póstskipinu til Skotlands á 2. lyptingu, og það getur enginn bannað þeim; það er ekki hægt að sanna að þeir ætli til Ameríku. Líklega vilja menn þó ekki banna allar ferðir til útlanda t. d. hjeðan til Færeyja, nema maður depóneri fje til tryggingar fyrir því að enginn ættingi geti nokkru sinni komizt á sveitina. Komi hinir háttvirtu uppástungumenn ekki með slík lög; þá verður öllum innan handar að fara í kring um þessa ákvörðun, og þegar vesturfararnir eru komnir til Englands, þá eru þeir út úr þeirra Tyrkja klóm.

Það kann kannske að verða fært þessari gr. l. til málsbóta, að hreppsnefndir beittu henni ekki nema sem allra minnst; en ekki er vert að treysta því, vegna þess að þó að sumar hreppsnefndir kynnu að vera svo mildar og mannúðlegar, þá er eigi sagt að þeim hjeldist það uppi fyrir hreppsbúum; þeir velja hreppsnefndarmennina og þess vegna verða þeir að breyta eptir vilja kjósenda sinna eða fara frá. Þessi ákvörðun er

því ómannúðleg og ranglát og nær heldur ekki tilgangi sínum þegar til framkvæmdanna kemur.

Arnljótur Ólafsson: Hjer er fram kominn mikill ágreiningur um þessa 3. gr. frv., og eins og vant er, þegar eitthvert mál er sótt og varið af kappi og með dugnaði og miklum hæfileikum, þá er of mikið gjört úr ágreiningsefninu á báðar síður. Í 1. gr. frv. er það eitt nýmæli, að gjöra megi sveitarþurfa ómynduga. Það er auðvitað, að þetta muni sjaldan koma fyrir; en jeg er eins sannfærður um hitt, að þessi l. með þessu nýmæli munu gjöra menn deigari til að þiggja sveitarstyrk, og þess vegna er jeg greininni samþykkur. Allt, sem vekur sómatilfinningu á einn bóginn og á annan bóginn hræðslu fyrir þessum frelsismissi, álít jeg, að sje heppilegt.

Önnur gr. frv. er alveg samkvæm gildandi l. hjer á landi, ef þau eru rjett skilin. Sú ákvörðun, sem helzt virðist vera ný, er, að þeim, sem hefur þegið sveitarstyrk, og getur ekki endurgoldið hann, skuli vera skylt að fara í hverja viðunanlega vist og vinnu sem hreppsnefndin ákveður. Það er ekki rjett, að álíta, að þetta sje nýmæli, því að í fátækrareglugjörðinni frá 8. jan. 1834 stendur í 5. gr.: „Ef slík örbirgð orsakast af leti, eyðslu, lostasemi og löstum, er það hreppstjóranna og prestsins skylda, að reyna til að koma þessu í lag með að halda slíkum persónum til iðjusemi, og til að haga lífernismáta þeirra þannig, að þær annaðhvort *öldungis ekki*, eða svo sjaldan sem mögulegt er, verði hjálparþurfandi". Enn fremur stendur í 9. gr. reglugjörðarinnar: „Sjer í lagi á tilsjón að hafast þarmeð, að hinn þurfandi sjálfur útvegi sjer svo mikið sem mögulegt er til síns viðurværis *með sjálfs sín vinnu*, hvartil honum á öll möguleg hjálp að veitast". Og að lokum stendur enn fremur í 23. gr., og þar er reglugjörðin ströngust: „Ef nokkur ölmusumaður sýnir óhlýðni, mótþróa, leti, eða aðra ósiðlega breytni, og ekki eptir aðvörun vill leiðrjetta sitt framferði, á hann að álítast með tilhlýðilegri líkamlegri refsingu". *(Benidikt Sveinsson:* Ekki er það betra). Svona eru hin gildandi l. Ef sveitastjórnirnar að eins þekkja þau og framfylgdu þeim, þá vantar ekki á að þau sje nógu hörð. Önnur gr. frv. verður þannig alveg samkvæm okkar l., en þó um leið samboðnari tímanum en þau, þar sem þvingunarsektirnar koma nú í staðinn fyrir flengingar, eða aðrar líkamlegar refsingar.

Þriðja gr. hefur mætt mestum og áköfustum mótmælum. Það er satt, að samkynja ákvörðun finnst ekki í hinni nýrri fátækralöggjöf; en í eldri lögum vorum stendur sú ákvörðun, að fari maður af landi burtu og skilji ómaga eptir, þá skal hann leggja honum 3 ára fúlgu. Hjer í 3. gr. frv. stendur, að skyldan hvíli á þeim, er af landi flytur, einnig þegar líkindi eru til, að vandamenn hans verði *innan skamms* ósjálfbjarga. Í þessu atriði er 3. gr. frábrugðin eldri l. En áherzlan liggur á þessum orðum *innan skamms*. Það þarf að vera auðsýnilegt, að viðkomandi vandamaður verði ómagi innan fárra vikna eða fárra mánaða. Þetta er öll viðbótin við hin eldri lög. *(Jón Ólafsson:* Þetta má teygja eins og hrátt skinn). Jeg get ekki sjeð, að þessi breyting eða viðbót sje svo hættuleg og voðaleg sem sumir þm. vilja gjöra hana. *(Jón Ólafsson:* Jú). Jeg vil þá heldur segja, að ekki sje fullkomin lagavernd í konungsins löndum, ef sveitastjórnirnar hafa ekki rjett til þess að heimta veð í þessum tilfellum; en auðvitað er, að veðinu verður skilað aptur, ef hinn fyrirsjáanlegi ómagi móti öllum líkindum þyrfti ekki sveitarstyrks, eða dæi áður en til þess kæmi.

Jeg er sannfærður um, að hinum lögfróða 2. þm. Sm. (J. Ó.) mundi hafa tekizt að koma fram við sýslumanninn í Suðurmúlasýslu öðru eins vandamáli og því að mega kyrsetja fje til skylduómagameðlags hjá vesturfara, þegar hann var í sveitarstjórninni austur á Eskifirði. Jeg gef atkvæði mitt með öllum þessum greinum, og get eigi sjeð nein sjerleg nýmæli í þeim, því að þetta nýmæli í 1. gr. að sýslumaður geti gjört þurfalinga ómynduga, er í flestum fátækralöggjöfum annara landa, og því ekki nýmæli nema ef það skyldi vera hjer á landi.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Fyrst mjer ekki tókst að sannfæra h. h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) meðan hann var lifandi, tekst mjer það víst varla betur nú þegar hann er dauður. Dæmi þau, sem

hann tók, áttu ekki við. Hann sagði, að brjóstmylkingar yrði ekki skyldaðir til að sjá fyrir foreldri sínu. En mjer virðist það væri spanskur brjótmylkingur, sem hlypi til Ameríku. En skyldi ekki foreldrar geta hlaupið frá óforsorguðu barni eða brjóstmylkingi til Ameríku? Þm. hefur með þessu dæmi sannað mitt mál. Þm. sagði enn fremur, að það væri víðar hægt að reka rjettar síns en hjer á Íslandi, að það mætti ná í menn í Ameríku. Það er hrein furða að þingmaðurinn skuli koma fram með annað eins. Ætlar hann þá sveitarstjórninni að fara til Ameríku til að lögsækja menn? *(H. Kr. Friðriksson:* Því ekki?). Því það er allsendis ómögulegt. Það er allsendis ómögulegt að lögsækja menn eptir íslenzkum lögum fyrir utan konungsins ríki og lönd. Það ætti þm. Rvk. þó að vita. Enn fremur sagði 2. þm. Sm., að margir hefðu styrkt ættingja sína hjer eptir að þeir hefðu verið farnir til Ameríku. Jú, jeg skal játa, að jeg þekki tvö eða 3 dæmi til þess. En aptur þekki jeg *þúsund* dæmi til hins gagnstæða, nefnilega að þeir hafa ekki gjört það. Enn fremur sagði þm., að þessi lög mundu verða ómannúðleg og skerða persónulegt frelsi, því fátækum manni yrði með öllu ómögulegt að fara til Ameríku þegar hann væri búinn að depónera kannske hjer um bil allt sem hann hefði, en þó sagði þm. í sama vetfangi, að lögin væru þýðingarlaus, því það væri lafhægt að fara alveg í kring um þau. Menn gætu farið fyrst til Skotlands. Þetta held jeg engum finnist sjálfu sjer samkvæmt. Jeg veit mikið vel að það má fara kringum þessi lög eins og öll önnur lög; en þegar maður sjer að farið er að gjöra það, þá mun mega finna ný ráð. Þá koma tímar og þá koma ráð. Jeg fjölyrði svo ekki meira, en tek einungis fram, að það gladdi mig að heyra undirtektir og skoðun h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) og þau atriði, sem hann tók fram, sýna það, sem jeg hefi margítrekað, að frv. stendur á *grundvelli* gildandi laga, og er að eins viðauki við þau.

Jakob Guðmundsson: Hvað þá mótbáru snertir, sem hjer hefur komið fram, að það gæti orðið sveitunum skaðlegt ef Ameríkufarar væru hindraðir frá að fara, þá held jeg að ekki sje ástæða til að hræðast það, því ef sveitarstjórnirnar álíta að það sje heppilegt að maðurinn fari, hvaða skynsamleg ástæða er þá til að ætla, að þær hindri hann? Það er miklu fremur ástæða til að halda eins og dæmin sýna að gjört hefur verið, að þær styrki hann. Hvað það snertir, að hann eigi geti farið, ef hann ekki geti sett tryggingu fyrir framfæri síns skylduómaga, þá er það atriði heldur ekki rjett. Hann getur farið samt ef hann hefur traust á sjer; þá er honum innanhandar að fá ábyrgð hjá einhverjum áreiðanlegum manni, sem sveitarstjórnin svo mun taka gilda. Að öðru leyti er búið að taka svo skýrt fram ástæður með frv. þessu, að jeg álít ekki þörf að ræða það frekar.

Halldór Kr. Friðriksson: H. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) taldi það frv. þessu til gildis, að það gjörði menn deigari að þiggja sveitarstyrk. Jeg þekki ekki til í hans sveit, en jeg þekki svo mikið til annarstaðar á landinu, og hef átt svo mikið við sveitarmál, að jeg er viss um, að frv. nær óvíðast þeim tilgangi. Jeg hef heyrt menn of opt segja: „Jeg kæri mig ekkert um að vinna; sveitin er ekki of góð til að ala mig". Þessu lík er skoðun manna í öðrum efnum; en jeg skal eigi segja, hvernig hún er í Öxnadalnum. Yfir höfuð að tala dugar ekki að reyna að gjöra það með lögum, sem aldrei verður áunnið með lögum. Hið eina sem hjer dugar, er að vekja sómatilfinningu manna; fyrst þegar hún er vöknuð, koma lögin að nokkru haldi. Sú grein frv., sem mestum andróðri hefur mætt, er 3. gr. þess. En jeg verð einnig að telja hinar varúðarverðar. Er það heppileg ákvörðun í lögum, sem leggur sýslumanni á sjálfs vald eptir eigin geðþekkni að dæma eða úrskurða hvern þann mann ómyndugan, sem honum sýnist? Jeg held ekki. Það er reyndar vonandi, að sýslum. gjöri ekki þess konar fyr en í fulla hnefana, en hjer er gefin upphvatning til þess, undir eins og hreppsnefndin vill það gjöra láta; og það getur vel verið að einhver sýslumaðurinn kynni að vilja gjöra það að vilja sýslunefndarinnar, þó að ekki væri full ástæða til, „því að allir erum vjer menn", eins sýslumenn og aðrir. Mjer finnst þetta langt frá að vera samboðið þeim frelsisanda, sem allt af er verið að tala um. Þá var 2. gr. frv. H. h. þm. Ef. las áðan 3.

gr. upp úr fátækralöggjöfinni 8. janúar 1834 og vildi segja, að ákvæði þessarar 2. gr. væru þeim lögum samkvæm. Jeg kann nú ekki utan bókar þá löggjöf, en jeg held samt, að jeg megi fullyrða að hvergi komi fyrir í henni sama ákvæði eins og stendur hjer í 2. gr. frv., að hreppsnefndin megi reka hvern mann í vist, sem þiggur af sveit, og víst er um það, að í þeim 3 gr., sem þm. las upp, var það ákvæði ekki að finna. Ákvæði þessarar greinar gætu orðið valdandi hins mesta gjörræðis. Það þarf ekki annað til en 2 hreppsnefndarmenn komi og segi: „Mig vantar vinnumenn; þarna eru menn sem jeg vil taka“; og þá eru þeir þegar neyddir til að ganga í vist til þeirra. En þó að á eptir skuli leitað álita sýslumanns um það hvort vistin sje gild eða ekki, þá gjöri jeg lítið úr því, því að það mun örðugt að útvega þá vitnisburði, er sýslumanni þykir nægja til þess að dæma vistina ógilda. Það er satt, sem 1. þm. Á. (Þ. G.) sagði, að það er sárt að sjá menn ganga iðjulausa og eyða fje sínu og heilsu í svalli og óreglu. En það eitt er ráðið til að bæta úr þessu, að fara varlega í að veita þeim styrkinn, en gjöra sem mest til þess, að hjálpa þeim til að bjarga sjer sjálfir. Þessa ráðs held jeg að sveitarstjórnirnar gæti ekki ávallt svo vel sem skyldi. Þá skal jeg minnast á 3. gr. Jeg verð að vekja athygli h. h. þm. Ef. (A. Ó.) á því, að það er munur á því, að leggja fúlgu með skylduómögum þeim, sem þegar eru til, eða að eiga að ábyrgjast þeim uppeldi, sem ef til vill, eða eins og það er orðað, *líkindi* eru til, að verði hjálparþurfar. Jeg verð eins að minna þm. á það, að hjer stendur hvergi, „sem *bersýnilega* verða ósjálfbjarga“, heldur eins og jeg sagði: *líkindi* eru til að verði ósjálfbjarga. Og svo kemur þetta *innan skamms*; hve lengi á það að gilda? Hjer við bætist, að matsmennirnir eiga ekkert að meta nema upphæð tryggingarinnar. Úr þessu getur því orðið hið mesta gjörræði. Jeg er svo kunnugur að jeg get sagt þm., að til þess eru dæmi, að búsettur maður hefur verið flæmdur burtu af sveitarstjórninni á 9. eða 10. ári, og rekinn á sveit sína, einungis af því, að sveitarstjórnin var var hrædd um að hann kynni að verða þurfamaður. Slíkt gjörræði finnst mjer ekki beri að auka, heldur þvert á móti. (*A. Ó.* Þetta er allt annað mál). Nei, því að nú yrði það gjört með lögum, sem áður var gjört í lagaleysi. Þó að jeg sje enginn vinur vesturfara, þó er jeg heldur ekki svo mikill vinur ófrelsisins, að jeg vilji leiða það í lög, að menn megi ekki bjarga sjer, hvort heldur með því að fara utan eða á annan hátt. Jeg verð að skoða þetta sem hapt á persónulegu frelsi, hreinustu harðstjórn, og það heimskulega harðstjórn, þar sem mönnum er bannað að bjarga sjer, til þess að þeir geti orðið því meiri þurfalingar eptir á. Jeg verð að vera algjörlega móti þessu frv. af þeirri ástæðu, að það er ófrjálslegt, en ekkert unnið við það.

Th. Thorsteinson: Jeg get ekki verið þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) samdóma um það, að ekkert gagn sje að þessu frv., heldur verð jeg að telja það mjög gagnlegt að mörgu leyti. Jeg er því alveg samþ. 1. og 2. gr. þess, en 3. gr. get jeg ómögulega aðhyllzt. Það er því miður satt, sem þm. Rvk. sagði, að sveitarstjórnirnar sýna opt gjörræði, en sveitarlimirnir fara líka opt illa með sveitarstjórnirnar. Þm. talaði um að það væri hart að skylda menn til að fara í vist, en þetta hefur svo til gengið eptir eldri lögum, og jeg get ekki sjeð neitt móti því, að taka sömu ákvörðun upp í þessi lög. Jeg vildi óska, að í stað vistarinnar væri erfiðishús til að hola þeim niður í.

Þá var það 3. gr. Um hana finnst mjer aldrei of rætt. Slík ákvörðun sem hjer ræðir um, er allsendis ósamboðin þeim frjálsa tíma, sem við lifum á. Yrðu þetta lög, má hepta frelsi hvers manns, sem á duglegan hreppstjóra eða hreppsnefndarmann fyrir óvin. (*B. Sveinsson* hlær). Já þm. hlær, en jeg hlæ ekki síður að því, að sjá hann, 2. þm. Norðurmúlas., lagagarpinn, frelsismanninn, koma með annað eins lagafrv. og þetta, sem skerðir en ekki eykur frelsi manna. Menn tala allt af einungis um að beita lögum þessum gegn vesturförum, en þeim má alveg eins beita við hvern þann mann, sem ætlar til Skotlands, eða Færeyja, eða Danmerkur, því að allt þetta er af landi burt; það gæti nærri því verið spurning um Grímsey, hvort menn væru frjálsir að ferðast þangað.

Þessi viðaukatillaga mun nú eiga að

bæta úr skák, en gjörir það ekki sem skyldi. Hver maður, þó efnaður sje, getur verið viss um að geta forsorgað skyldulið sitt eptir 3 ár? Þeir verða fæstir, sem geta verið *vissir* um það. Jeg felli mig, eins og jeg sagði, vel við frv. að 3. gr. undanskilinni. Hún er óhafandi í lögum, og mjer hefði þótt óhugsandi, að hún kæmi fram í frjálsu landi, ef jeg hefði ekki sjeð hana hjer prentaða. Þm. Dalamanna hjelt, að alltaf væri hægt að fá bændur til að ábyrgjast skylduliðið; en það má vera alveg sjerstaklegt fyrir Dalasýslu. Jeg held að flestum öðrum þætti vandasamt að takast slíka ábyrgð á hendur. Þar sem í öðrum löndum er veitt lið mönnum til að komast utan til að reyna að hafa ofan af fyrir sjer—eins og líka hefur átt sjer stað hjer á landi um Ameríkufara—þá er í frv. þessu spornað við því, að menn geti leitað sjer atvinnu í öðrum löndum, með því að leggja höpt á ferð þeirra.

Eiríkur Kúld: Þegar frv. kom fyrst fram, þá var jeg á báðum áttum, hvað um það skyldi segja, en nú verð jeg að segja að ef vtill. n. nær fram að ganga, þá gef jeg frv. eindregið atkvæði mitt. H. h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) þótti 1. gr. ótæk, af því að hún takmarkaði frelsi manna of mjög, en er þá gott að leyfa mönnum að hafa takmarkalaust frelsi til þess að liggja upp á öðrum, til þess að stinga hendinni í sveitarsjóðinn, og jeta duglega menn út á húsganginn? Er það eigi betra, að takmarka slíkt frelsi? En þetta verður á engan hátt betur, en með því að hreppsnefndin geti, þegar svo ber undir, fengið nokkuð meira vald yfir sveitarlimnum; þá mundu menn fremur hika sjer við að segja sig jafnfreklega til sveitar og nú á sjer opt stað. Þá þótti honum 2. gr. mjög óaðgengileg, af því að ómaginn verði að fara í hverja þá viðunanlega vist, og vinna hverja venjulega vinnu, sem hreppsnefndin ákveður; en þetta er ekkert nýmæli, að minnsta kosti skil jeg 5. gr. í fátækrareglugjörð frá 8. jan. 1834 svo, að hreppsnefndin megi taka upp búhokur þurfamannsins og ráðstafa því og setja hann sjálfan í vist, og fólk hans í annan samastað um sveitina. *(H. Kr. Fr.* Nei). Jeg segi jú, og jeg ímynda mjer, að jeg þekki sveitarmálefni fullt eins vel og hafi eins mikið og eins lengi fengizt við þau og hann.

Þá hefur og mikið verið rætt um 3. gr. og mikið haft í móti henni. En við þá gr. felli jeg mig einna bezt, því að það er hneykslanlegt og hart við ungbörn eða gamalmenni, að leyfa duglegum og fullvinnandi mönnum að hlaupa frá þeim og kasta þeim á sveitina. Jeg þekki nokkur dæmi til þess, að menn hafa hlaupið þannig til Ameríku. Einn fór í vor frá 4 börnum og strauk til Ameríku, og ýms önnur dæmi þekki, jeg um menn, sem hafa strokið úr Snæfellsnessýslu, einn vegna stórskulda, og annar til þess að komast undan verðskuldaðri lagarefsingu. Þess vegna þykir mjer það mjög heppileg ákvörðun, að sýslumenn yrðu að hafa meiri afskipti en áður af þeim, sem fara af landi brott til Vesturheims. Jeg get enga ósanngirni sjeð í 3. gr., því að ef einhver á skyldu ómaga, þá á hann að sjá fyrir þeim, og leggja honum forlagseyri, að minnsta kosti um tíma, þó hann flytji af landi burt, ef ómaginn deyr og þarf eigi á styrknum að halda, þá fær hann fjeð sjer aptur skilað. Og er þá að engu spillt rjetti útfarans. Jeg vissi fyrir vestan um efnaðan mann, sem yfirgaf móður sína og fór til Ameriku; hún er alls eigi sjálfbjarga. Hefði nú verið nokkur ósanngirni í því, að skylda þennan mann til þess að leggja henni einhvern lítinn forlagseyri? Er það eigi ósanngjarnara, að skylda alveg óviðkomandi menn til þess að sjá fyrir henni? H. h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) kvað þetta enga hættu, því að menn gætu fengið þetta fje hjá mönnum, þótt þeir færu til Vesturheims, því að menn gætu fengið hjá þeim meðgjöfina þaðan; en mundi slíkt svara kostnaðinum? Ætli það mundi vera tilvinnandi, að senda hann til Ameríku til þess að færa málið þar fyrir einhverja hreppsnefnd hjer á landi?

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er samdóma h. h. 1. þm. Ef. (A. O.) um, að þessi lög eru til mikils aðhalds fyrir menn, að reyna til þess að bjarga sjer, og að menn muni dálítið meira hugsa sig um áður en þeir segja sig til sveitar. Ef þurfamaðurinn óhlýðnast úrskurðinum, þá dugir eigi að láta hann gjöra það ráðningarlaust, en að fara að hýða menn

er nokkuð hart, og á eigi vel við tíðarandann, þegar hýðingar eru úr lögum numdar í þeim búningi, er þær voru fyrrum; hitt finnst mjer aptur á móti heppilegt, að leggja þvingunarsektir við. Þar sem þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) var að tala um harðræði hreppsnefndanna, þá gjöri jeg lítið úr því; jeg held að þær opt og einatt gjöri allt of litla mótstöðu á móti heimtufrekju þurfamanna, en það atriði, sem hann tilnefndi, að hreppsnefndir hrektu menn úr hreppnum eptir 8 til 9 ára veru, þá kann nú að vera dæmi til þess; en það kemur þessu máli ekki hið minnsta við, og hreppsnefndir geta beitt þess konar hörku framvegis, hvort sem þessi lög ná fram að ganga eða eigi. Þar sem hann og neitaði, að hreppsnefndir gætu sett menn í vist, þá er það þó alvanalegt, að taka upp bú og setja þurfamann í vist, enda væri það heimskulegt, að neyða hreppsnefndir til þess að við halda heimilum, þar sem leti og ómennska liggur í landi, og barnauppeldi er illt; þá er betra að taka búið upp og vista foreldrana og fá börnunum samastað, þar sem þau eru alin sómasamlega upp; enda er þetta, sem sagt, altítt, og hafa menn fulla heimild til þess. Hins vegar get jeg eigi neitað því, að mjer þykir 3. gr. fara of langt. Það geta komið þau atvik fyrir, að það sje of hart að óheimila utanferð manns af því, að maður á vandamenn eptir; það er einungis, ef menn skilja eptir þá vandamenn, sem eru ómagar á þeim tíma, þegar hann fer, að sjálfsagt er, að hann leggi með þeim. Það þótti of hart, að sekta menn, ef þeir láta fjenað þann, sem þeir hafa undir hendi, verða svo magran, að auðsætt þyki, að hann falli; en nú þykir eigi ósanngjarnt, að heimta af vesturfara, eða öðrum, er ætlar af landi brott, tryggingu fyrir, að skylduómagar hans verði ekki til sveitarþyngsla, ef líkindi eru til, að þeir innan skamms verði ekki sjálfbjarga, og banna þeim að öðrum kosti utanferð sína. Þar sem h. h. þm. D. (J. G.) talaði um, að menn mundu geta fengið aðra að ganga í ábyrgð fyrir sig, þá held jeg að slíkt mundi vera erfitt fyrir fátæka menn og opt enda ómögulegt. Þar sem h. h. þm. Bstr. (E. K.) vildi hafa þessa ákvörðun til þess, að menn strykju síður af landi burtu undan lagarefsingu, þá held jeg að það myndi við gangast eins eptir sem áður. Ekki voru í fyrri daga jafnmiklar siglingar frá landinu og struku menn þó undan stóradómi.

Holger Clausen: Jeg ætla nú eigi að segja neitt um þetta frv. annað en það, að það er ekkert of strangt, og þeir sem hafa þegið af sveit í mörg ár, ættu helzt að vera gjörðir ómyndugir. Á Englandi eru þessir karlar settir inn í erfiðishús, þar sem þeir hvorki fá tóbak nje brennivín, og fá ekki að fara út fyrri en þeir hafa unnið fyrir því, sem þeir hafa jetið. Viðvíkjandi 3. gr., þá ætla jeg að segja það sem kaupmaður, að það kann að vísu að virðast mikið gott að fá þessi lög, því að útistandandi skuldir standa nærri allar í Ameríku; en þegar öllu er á botninn hvolft, held jeg sje bezt að losast við svona fólk og láta það fara til Ameríku.

Benidikt Sveinsson: H. h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) játaði, að lögin væru byggð á nauðsyn. Þetta er satt. Og nauðsynin er hjer sannarlega mikil: menn leitast því miður eigi nóg við, að bjarga sjálfum sjer. Þetta er niðurdrep fyrir land og lýð og kemur til af skort á sómatilfinningu. Þessa sómatilfinning þarf að vekja. Og til þess eru þessi lög einmitt kröptugt og nauðsynlegt meðal; það var eigi rjett af hinum h. þm, að neita þessu. Hvernig heldur hann að færi, ef menn væru eigi lögskyldaðir til þess að borga skuldir sínar? Heldur þingmaðurinn, að sómatilfinningin ein væri nóg til þess, að knýja menn til þess að borga? Nei, laganna þarf einmitt með gagnvart þeim, sem vantar sómatilfinninguna; ef allir væru svo góðir sem þeir ættu að vera, þá þyrfti engin lög. En lögin þurfa gagnvart þeim, sem eru vondir og ranglátir, gagnvart þeim, sem ekki hafa sómatilfinningu til þess, að gæta skyldu sinnar. Sama er um þetta mál að segja; þessi lög eru nauðsynleg gagnvart þeim, sem ekki hafa sómatilfinningu til þess að gæta skyldu sinnar við vandamenn sína, er á þeim hvílir samkvæmt guðs og manna lögum. H. h. sami þm. (H. Kr. Fr.) sagði, að til væri annað betra úrræði; það að láta manninn ekki fá neinn styrk. En hvernig á að fara með þá, sem eytt hafa sumrinu, atvinnutímanum, í iðjuleysi og standa svo uppi bjargarlausir á miðjum vetri? Auk þess gætir hann eigi að því

að það er tíðast ekki letinginn einn, sem þarf bjargar við, heldur og kona hans og börn; og þá vill þingmaðurinn þó víst eigi sýna harðýðgi, er *saklausir* eiga í hlut. Þá þótti honum 3. gr. sjerstaklega of hörð, að því er snertir tryggginguna, en jeg held að hann hafi misskilið greinina; það er eigi hreppsnefndin ein, sem ákveður að tryggingu skuli setja, matsmennirnir eiga að vera dómkvaddir, sýslumaður á því að rannsaka, hvort næg ástæða sje til, að heimta tryggingu af vesturfaranum, og *ef* honum þykir ástæðan nóg, þá kveður hann fyrst menn til matsins. Þar sem sami h. þm. (H. Kr. Fr.) talaði um harðúð hreppsnefnda við ómaga, þá verð jeg að taka undir með 1. þm. Á. (Þ. G.), að jeg þekki miklu fremur til of mikillar mannúðar hjá hreppsnefndum, og það stundum svo, að þær hafa eigi getað varið gjörðir sínar gagnvart hreppsbúum.

Að tala hjer um, að verið sje að svipta menn persónulegu frelsi, er herfilegur misskilningur. Er það svipting á persónulegu frelsi, að heimta af mönnum, að upp fylla skyldur sínar við vandamenn sína? Setjum svo, að einhver væri staddur á eyðiey með *konu* og *ung börn;* það er þá eptir kenningum þessara manna persónulegt frelsi, að hlaupa frá konunni og börnunum hjálparlausum, gjöra þau að herfangi harmkvæla og dauða! *Eiginmannsins* og *föðurins persónulega frelsi*, að geta þá sagt við konu og börn grátandi: Jeg er frjáls til að fara hvert sem jeg vil! Jeg fer að leita lukkunnar í öðrum heimsálfum. Verið þið sæl, því jeg er *persónulega* frjáls! Skyldi þessi kenning koma vel heim við það, að hið *persónulega frelsi* minnir á það, að maðurinn er skapaður í guðs mynd? Jú, segja hinir háttvirtu þingmenn. Kona og ung börn *skulu* deyja drottni sínum. Er nú þetta rjett? Er þetta samkvæmt lögmáli, hinu óbrigðula, eilífa lögmáli hins góða, sanna, fagra, háleita, himneska! Nei, sannarlega ekki! *En ef þetta* er eigi rjett, þá er það engu heldur rjett að stökkva til Ameríku, frá fátæku og frelsi sneyddu föðurlandi, Íslandi, og skilja eptir skyldmenni sín án þess að sjá þeim fyrir lífsbjörg, því það er og verður engin afsökun þess, að vanrækja þá skyldu, sem á manni hvílir samkvæmt guðs og manna lögum við vandamenn sína, að *leggja* hana á herðar *óviðkomandi mönnum*. H. h. þm. Á. (Þ. G.) bar þetta saman við að fella *rollurnar* sínar úr hor, en mjög slysalega, því hann verður þó að játa, að verra er að fara illa með *manneskjurnar sjálfar*. Og það gjöra einmitt þeir, sem kasta skyldmennum sínum á sveitina, sem segja: *Sveitin* hefur nógu breitt bakið; jeg fer að leita mjer gæfu og sælu í öðrum heimsálfum. Að hindra slíkt athæfi er eðlilegt og brýn nauðsyn, samkvæmt siðferðislegum og lagalegum grundvallarreglum. Jeg játa það, að það er sárt og grátlegt að sómatilfinningin skuli vera svona sljó hjá mönnum, já hjá hinum háttvirtu . . . . . jeg játa það, að það er þungt, að þurfa að setja þessi lög, en þess þarf nú einu sinni, það er öldungis nauðsynlegt, og þingið bakar sjer þunga og þýðingarmikla ábyrgð, ef það hindrar framgang þessara laga.

Halldór Kr. Friðriksson: H. h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) sagði, að jeg hefði rangt fyrir mjer þar sem jeg sagði, að hreppsnefndirnar einar ákvæðu, hvort tryggingu skyldi setja eða ekki, og sagði að sýslumenn ættu að skera úr þessu; en hjer eru eigi sýslumenn nefndir á nafn. Þar sem hann talaði um, að það væri í lögum, að heimta mætti tryggingu fyrir skuld, sem ætti að borga á ákveðnum tíma, ef maðurinn sýndi sig líklegan til, að rjúfa loforð sitt, þá getur hann eigi borið það saman við þetta mál; því að þm. getur engan veginn sagt, þó jeg fari af landi burt, að jeg vilji draga mig undan skyldu minni til þess að sjá mínum borgið; það gæti verið að jeg gjörði það öllu fremur til þess að geta alið önn fyrir ómögum mínum. Þar sem hann talaði um, að menn mættu eigi skilja konu og ung börn eptir á eyðiey, þá þurfa þessi lög sannarlega eigi við til þess, að draga slíka menn fyrir lög og dóm. Það eru sannarlega nóg lög fyrir því, að maður má eigi stofna ættingjum sínum í dauðann. Þar sem h. h. þm. Snf. (H. Cl.) var að tala um að menn væru settir inn á Englandi, þá vil jeg spyrja: hvaða menn? Það eru víst einungis betlarar og beiningamenn, sem slíkt er gjört við, en jeg ímynda mjer, að Englendingar færu varla að setja menn inn, sem ætla af landi burt, jafnvel þó þeir ættu skyldu-

ómaga, og láta þá vinna þangað til þeir væru búnir að afla sjer svo mikils, að þeir gætu sjeð fyrir þessum ættingjum sínum, og því síður, þótt líkindi væru til, að einhver þessara skylduómaga yrði einhvern tíma eigi sjálfbjarga.

Arnljótur Ólafsson: Hinn h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) vill vefengja það, sem jeg sagði og byggði á (III) 5. gr. í fátækrareglugjörðinni frá 8. janúar 1834, að sveitarstjórnirnar hefðu skyldu til að þröngva mönnum til vinnu þegar fátæktin væri þeim að kenna, og þeir vildu ekki neyta krapta sinna til þess að afla sjer og sínum viðurværis. Það er reyndar nokkur ástæða til að halda, að hreppstjórinn hafi ekki fullkomið vald til þessa, þegar lesin er íslenzkan í 5. gr. reglugjörðarinnar. Þar segir svo: „Ef slík örbirgð orsakast af leti, eyðslu, lostasemi og löstum, er það hreppstjóranna og prestsins *skylda að reyna til að koma þessu í lag*, með að halda slíkum persónum til iðjusemi", o. s. frv. Þetta er ónákvæm útlegging á dönskunni. Í dönskunni stendur: „er det Repstyrernes og Præstens Pligt *at see dette afhjulpet*, ved at tilholde slige Personer at arbeide" o. s. frv. „Það er skylda hreppstjóranna og prestsins að *sjá um*, að þetta komist í lag, með því að halda þeim til vinnu". Hjer er þá bæði vald, sem sveitarstjórnirnar hafa, og engu síður *skylda* þeirra, að láta letingjann vinna. Þetta sama sjest enn betur á annari klausu í 9. gr.; þar segir svo, að „stjórnendur fátækramálefna eigi að hafa tilhlýðilegt tillit til sveitarinnar þarfa, og að sveitarstyrkur *eigi ekki* að veitast þeim, sem með tilhlýðilegri brúkun krapta sinna getur sorgað fyrir nauðþurft sinni". En nú eptir seinni kafla sömu 9. gr. á sveitarstjórnin að útvega slíkum mönnum vinnu þegar þeir geta ekki fengið hana sjálfir. Sveitarstjórnin á því eigi, eptir skýlausum fyrirmælum fátækrareglugjörðarinnar, að veita sveitarstyrk neinum þeim, sem þarfnast hans fyrir leti eða ómennsku, heldur á hún að útvega þeim vinnu, og jafnvel þröngva þeim til þeirrar vinnu, sem er við þeirra hæfi. Þegar þessi skýlausu boð eru tekin saman við 23. gr., sem ákveður að beita skuli líkamlegri refsingu við þá, sem sýni óhlýðni og mótþróa, þá er auðsjeð hvílíkt vald sveitarstjórnin hefur. Hún getur kært þá og komið þeim til hegningar, ef þeir hlýða eigi því boði hennar að ganga að allri almennri vinnu.

Þá talaði hinn sami h. þm. Rvk. um, að sveitarnefndirnar sýndu stundum gjörræði. Jeg skal játa að svo sje. En hvernig er það gjörræði? Hann lýsti sjálfur yfir að það væri fólgið í því, að sumar sveitarnefndir rækju fátæklinga burt eptir 8 eða 9 ára dvöl í vistarhreppnum til sinnar sveitar. Í hverju er svo þetta gjörræði fólgið? Í því, að sveitarnefndir brjóta skyldu sína, með því að þær hrekja menn burt úr hreppnum og gjöra þá að þurfamönnum af eintómum ótta fyrir sveitar þyngslum, ef þeir áynni sjer sveit með 10 ára dvöl sinni. En gjörræðið er alls ekki fólgið í hinu, að gjöra þurfamennina að dugnaðarmönnum.

ATKVGR.: Vtill. við 1. gr. (C 325) sþ. m. 19 atkv., 1. gr. frv. (C 230) þannig orðuð sþ. m. 20 atkv. Vtill. n. v. 2. gr. sþ. m. 19 atkv., 2. gr. þannig orðuð sþ. m. 20 atkv.

Vtill. n. v. 3. gr. sþ. m. 15 atkv., 3. gr. þannig orðuð sþ. m. 16 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm.

Nei sögðu: Halldór Kr. Friðriksson, Holger Clausen, Jón Ólafsson, Þorlákur Guðmundsson, Th. Thorsteinson. Aðrir allir *já*, nema Ólafur Pálsson var ekki við staddur.

Fjórða gr. frv. samþykkt með 19 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Fertugasti og sjötti fundur. Þriðjudaginn 14. ágúst kl. 12—2. Allir á fundi, nema Magnús Andrjesson og Gunnlaugur Briem, og gat forseti þess, að þeir gætu ekki verið á fundi sökum nefndar-anna (í reikningamálinu).

Lagafrumvarp um sölu á kirkjujörðinni Hömrum í Laxárdal (C 227); 2. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson):

Við 1. umr. þessa máls kom það fram, að það þótti rjettara eður að minnsta kosti beinna og skýlausara, að síðara hluta frv. væri breytt á þann hátt, að í staðinn fyrir þá tiltekning, að kirkjan á Sauðafelli skuli fá $^1/_2$ heimalandsins með fyrsta veðrjetti, breyttist í, að það yrði full *eign* Sauðafellskirkju. Þó að þetta í rauninni sje alveg hið sama, því að kirkjujörð er í raun rjettri ekkert annað en veð fyrir viðhaldi kirkjunnar og borgun prestsmötunnar, þá er þó skýlausara, að tiltaka, að jörðin eða partur hennar sje „eign" kirkjunnar. Ef það er bændakirkja, þá hefur eigandinn rjett á að taka til sín landsskuld og leigur, en ef um staðarkirkju er að ræða, þá hefur presturinn þann rjett. Eigi að síður er jörðin veð. Eigandinn aptur, t. a. m. ef kirkjan brennur, getur tekið veð upp á jörðina, og í þeim skilningi er ef til vill rjettara að kalla jörðina „eign", þó það í rauninni sje sama.

Landshöfðingi: Jeg er hinum h. flm. (A. Ó.) samdóma um, að þessi brt. (C 297) eigi vel við og ákvörðunin sje rjettari þannig en í frv., því að þar með er kirkjunni gefin enn ótakmarkaðri trygging en með veðrjetti. Jeg skal jafnframt leyfa mjer að taka fram, að það mun eiga að vera meining síðari hluta frv., hvort sem tekið er frv. sjálft eða brt. að þetta sje skilyrði, nfl. að veðrjetturinn eða eignarafsölun sje skilyrði fyrir því, að leyfið verði veitt. Jeg álít, að það hefði verið viðfeldnara, að það hefði verið beinlínis sett sem skilyrði, en ekki eins og það er hjer, þar sem það er sjerstök ákvörðun. Meiningin er að eigandi Sauðafells afsali kirkjunni til eignar helming jarðarinnar Sauðafells. Sjálfsagt á þessi breyting á eignarrjettinum að fram fara á venjulegan hátt, það er að segja, með reglulegu afsalsbrjefi, en ekki þannig, að lögin sjálf flytji eignarrjettinn til kirkjunnar. Jeg tek þetta fram, og skal geta þess, að jeg álít að þessi meining sje gefin til kynna með orðunum: „þar á móti", og þess vegna gefist til kynna þar með, að eigandi Sauðafells verði að afsala kirkjunni á formlegan hátt helminginn af heimajörðinni Sauðafelli, til þess að geta öðlast leyfi til að selja Hamra.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg er alveg samdóma hinum hæstvirta lh., að í orðunum „þar á móti" liggi skuldbinding fyrir eiganda Sauðafells. Rg. er því innanhandar að segja: Jeg veiti ekki leyfið fyr en eigandinn hefur afsalað sjer með lögmætu afsalsbrjefi hálfu Sauðafelli kirkjunni til handa, en þegar hann gjörir það, þá hef jeg ekkert á móti því. En þetta kemur sjálfsagt ekki til, fyrst eigandinn skilur ákvörðunina þannig.

Eiríkur Kúld: Jeg aðhyllist brt., en jeg er sömu meiningar og áður, að jeg álít frv. þetta óþarft. Það er mín skoðun, að hjer sje að eins um makaskipti að ræða, sem báðum eru í hag, og þá þurfti þetta mál ekki að fara þingveginn, því að heimildin hefði getað fengizt á annan hátt, þegar makaskiptin eru kirkjunni til hags. Mjer er það kunnugt, að kirkjan á Sauðafelli átti ekkert í heimajörðinni, en hálft Sauðafell er miklu meira virði og miklu betri eign en allir Hamrar. Það er mjög hæpið að Hamrar geti byggzt, eins og nú á stendur, því að svo er nú komið víða þar vestra, að jarðir byggjast ekki vegna harðinda og útflutninga. En þó að jeg, eins og áður er sagt, álíti frv. óþarft, þá ætla jeg samt að gefa því atkv. mitt til 3. umr.

ATKVGR.: Brt. (C 297) sþ. með 17 atkv. Frv. þannig breytt sþ. m. 17 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Lagafrumvarp um breyting á nokkrum brauðum í Eyjafjarðar og Vesturskaptafells prófastsdæmum (C 294, sbr. C 293 og A 323); ein umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Sá spádómur hefur rætzt, að frv. þetta myndi draga dilk á eptir sjer; en það má aptur segja um þennan dilk, að hann er góður, eptir því sem spádómarnir voru um hann. *(H. Kr. Friðriksson:* Og magur er hann nú). Hann kann að leggja sig illa fyrir landssjóðinn, og mun það enginn galli þykja, en jeg held að kirkjulíf hjer á landi græði á honum. Hjer hafa verið færðar gildar ástæður fyrir því, að það sje nokkurn veginn ómögulegt að þjóna þessum brauðum sameinuðum, og þegar brauð er þannig lagað, að því verður ekki þjónað nema með lífsháska fyrir prestinn, og þá, er vitja prestsins, þá er þegar nægileg sönnun

komin fyrir því, að breyting þurfi á að gjöra. En samkv. 45. gr. stjórnarskrárinnar er það skylda landsstjórnarinnar að sjá um, að brauðum verði forsvaranlega þjónað, og þann kostnað, sem hjer ræðir um, verður landsstjórnin að leggja í söl-urnar, svo hún geti gætt skyldu sinnar samkv. 45. gr., enda er þessi kostnaður ekki svo mikill. Jeg skal ekki fjölyrða um málið að svo stöddu, en vænti upplýsinga frá þm. Skaptfellinga og þó einkum frá hinum hæstv. lh.

Landshöfðingi: Jeg vil mæla með því, að frv. þetta verði sþ., eins og það liggur fyrir. Mjer þótti það mjög óheppilegt, þegar frv. um skipun prestakalla fjell hjer í þessari d. fyrir nokkru síðan; en það er þó bót í máli, að þessi kafli um skipun prestakalla í Eyjafjarðarsýslu var tekinn upp aptur. Sú viðbót, sem kom við frv. í e. d., verð jeg að álíta, að sje mjög nauðsynleg, því að það munu allir játa, sem til þekkja, að Kúðafljót er sá farartálmi, að næstum óhugsandi er viðunanleg prestþjónusta í því prestakalli, sem skipt er í tvo hluta af slíku vatnsfalli; þó að brauðinu hafi um stund verið þjónað þannig löguðu, af því að ekki var annars kostur. Jeg verð því að álíta það allsendis nauðsynlegt, eins og h. h. þm. Ef. tók fram, að lagður sje styrkur úr landssjóði til þess, að brauð þessi verði viðunanleg fyrir tvo presta. Kostnaðurinn er heldur engan veginn mikill, með því um einar 400 kr. er að ræða. Þar sem sú skoðun hefur komið fram, að ótiltækilegt sje, að taka þannig einstök brauð út úr, í stað þess að endurskoða í einu lagi prestakallalöggin, þá verð jeg að geta þess, að hjer er ekki ástæða til að bíða eptir því, þar sem kostnaðurinn fyrir það fyrsta er svo lítill, en á hinn bóginn talsverð bót fengin með þessari breytingu.

Ólafur Pálsson: Jeg er nú þakklátur 1. þm. Ef. (A. Ó.) og hinum hæstv. lh. fyrir undirtektir þeirra undir þennan dilk. Þó að hann sje ekki alfullkominn á móti því sem jeg fór fram á hjer fyrir nokkrum dögum, þá verður maður öllu feginn. Jeg skal geta þess til upplýsingar í þessu máli, að í fyrra voru einir 2 prestar í allri Vesturskaptafellssýslu, sá þriðji kom fyrst í septembermánuði; en kirkjurnar eru 10 í sýslunni; bændur urðu að jarða fólkið sjálfir, því að prestsþjónusta mátti engin heita í einum hreppnum sýslunnar. Jeg vona nú, að allir skynsamir menn sjái, að engin von er á, að nokkur trúarneisti haldist við í þeim söfnuðum, sem svona er ástatt fyrir. Jeg verð því að treysta því, að h. h. d. sþ. þessa lítilfjörlegu breytingu.

Grímur Thomsen: Svo fór sem mig varði, að e. d. myndi prjóna neðan við frv. þetta. En það verð jeg að játa, að viðbótin varð minni en jeg gat búizt við. Hitt þykir mjer undarlegt, að segja, að ómögulegt sje að þjóna því brauði, sem þó er þjónað, og hefur verið þjónað um nokkurn tíma. Samt sem áður vil jeg heldur sþ. frv., eins og það nú er, heldur en að það fari aptur til e. d. og fái þar nýjar viðbætur. En jeg skora á h. hæstv. lh., að sjá um, að á næsta þingi verði lagt fyrir þingið frumvarp um breytingu á prestakallalögunum í heild sinni, svo að eigi þurfi lengur að ræða það mál í smáskömmtum.

Landshöfðingi: Jeg skal svara hinum h. þm. Bf. (Gr. Th.) því, að þær br., sem stj. stakk upp á, komu allar í einu lagi, og snertu br. á þeim brauðum, sem stj. taldi þurfa bráðastra umbóta við. Um hitt get eg verið h. h. þm. samdóma, að það kynni vera æskilegt, að þingið fengi prestakallamálið til endurskoðunar í heild sinni.

Eiríkur Kúld: Það gleður mig í sannleika, að þm. Bf. er nú loksins kominn til sannleikans viðurkenningar. Jeg held að það sje nú í fyrsta sinn, sem hann vill hlynna að brauðum eða kjörum presta, og skal jeg ekki lá honum, þó að honum þyki hjer nokkur nauðsyn á, þar sem búið er að sýna og sanna, að ómögulegt er að þjóna brauðinu eins og það er. Jeg er samdóma h. h. þm. Ef. (A. Ó.) um það, að þinginu sje skylt að taka hjer í taumana (samkv. 45. gr. stjskr.), eins og það er skylda þess, að vernda hina lúthersku kirkju hjer á landi. Það er einnig skoðun mín, að nauðsyn beri til þess, að þingið taki fyrir öll prestakallalögin í einu lagi, eins og þm. Bf. (Gr. Th.) og hinn hæstv. lh. gátu um, en nú er það mál eigi nægilega undirbúið og enginn tími til þess.

ATKVGR.: Frv. samþykkt með 17

atkv. Afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um br. á tilskipun 15. marz 1861 um vegina á Íslandi (C 293); ein umr.

Flutningsmaður (Þórður Magnússon): Jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál. Jeg vonast til að d. fallist á þessa br. og óska, að frv. verði samþykkt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.: Frv. sþ. í e. h. Afgreitt síðan til lh. sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1882 og 1883 (C 292); ein umr.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Hjer þarf jeg ekki mikið að segja. Einungis skal jeg leyfa mjer að taka fram, að n. þótti þessi viðbót alls eigi eiga við. Hjer er um mann að ræða, sem þegar hefur fengið lausn frá embætti. Og mjer finnst það því eitthvað óviðkunnanlegt, að veita manninum viðbót við laun sín áður eptir að hann er *búinn* að fá lausn frá embætti, þótt hann hafi kunnað að verða fyrir einhverjum búhnekki. Jeg ímynda mjer því, að d. verði mjer samdóma um, að fella þessa viðbót efri deildar (brt. C 335). Meira þykist jeg ekki þurfa að taka fram. Viðaukinn liggur ljóst fyrir, bæði með tilliti til þess, hvernig á br. stendur, hver hún er og til hvers.

Landshöfðingi: Jeg vil þó leyfa mjer að mæla með því, að hin h. d. fallist á þessa litlu br. frá e. d. Br. er mjög lítil. Hjer er að eins um 200 kr. að ræða og —þess bið jeg vel gætt—hjer er einungis að ræða um uppbót í eitt skipti fyrir öll. Það væri líka mjög óheppilegt, ef frv. þyrfti aptur að hrekjast til e. d. fyrir þessa smámuni. Í e. d. sitja menn, sem eru þessu máli kunnugir og þekkja, hvert tjón þessi embættismaður hefur beðið sökum hins undangengna harðæris, og sem álíta sanngjarnt, að honum væri veitt þetta fje, sem að eins bætir honum lítinn hluta tjónsins. Jeg ímynda mjer, að hjer í d. sjeu einnig einhverjir h. þm., sem þekki ástand embættismannsins og viðurkenni, að það sje í mesta máta sanngjarnt, að að hann fái þennan styrk. Jeg vil því sem bezt mæla með því að hin h. d. samþykki frv. eins og það er frá e. d., því mjer virðist það í alla staði sanngjarnt.

Jakob Guðmundsson: Hinn h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) tók það fram, að það væri óviðkunnanlegt, að veita þessum manni þennan styrk, af því hann hefði fengið lausn frá emb. Þessu get jeg ekki verið samdóma. Maðurinn er farinn og uppgefinn og getur ekki þjónað embætti. Hann neyðist því til að lifa af þessum sáralitlu eptirlaunum. Þetta finnst mjer einmitt vera herðandi ástæða til að veita honum styrkinn.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Þm. D. (J. G.) taldi sem ástæðu til að veita þennan styrk, að hlutaðeigandi væri orðinn uppgefinn og hefði lítil eptirlaun. Jeg held að þessi ástæða sje ekki þýðingarmikil. Maðurinn er búinn að þjóna lengi í embætti, víst um 40 ár, og hlýtur því að hafa talsvert í samanburði við aðra presta. En ef eptirlaunin þættu oflítil, virðist mjer liggja beinna við að hækka þau; en að veita honum þennan styrk mundi draga þann dilk á eptir sjer, að fleiri kæmi með slíkar bænir. Þó slík styrkveiting kunni að vera góð að efninu til, sýnist mjer hún vera ill að forminu til. Þess utan veit jeg ekki betur en hagur þessa manns sje svo, að þótt hann hafi beðið nokkurn skaða, þá sje styrksins ekki beinlínis þörf. Mjer virðist því mjög varúðarvert að samþykkja breytinguna.

ATKVGR.: Brt. n. (C 335) sþ. með 15 atkv. Frv. í heild sinni þannig breytt samþ. með 17 atkv. Síðan endursent e. d.

Frumvarp til laga um breyting á 7. gr. laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. des. 1877 (C 272); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg ætla ekki að tala mikið fyrir þessu frv., því að það mælir með sjer sjálft, og jeg ímynda mjer að allir muni sjá, hversu sanngjarnt það er, sem þar er farið fram á. Jeg skal því einungis óska að málið sje látið ganga til 2. umr.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 15 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um harðærismálið (C 277); síðari umr.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Jeg

skal eigi lengja umræðurnar með því að tala langt um þetta mál, en jeg verð að mæla fastlega með því að vtill. (C 334) verði sþ., úr því að ust. hins hæstv. lh. ekki náði fram að ganga. Vtill. þessi fer í líka stefnu og n. fór, og þótt jeg kynni betur við till. hins hæstv. lh., þá þykir mjer þó sem þessi bæti töluvert úr því sem gera er, og ræð því til þess að hún sje sþ.

Grímur Thomsen: Till. þessi er alsendis óþörf, því að stj. hefur þegar þá heimild, er hún veitir, og það mundi engin stj. í heiminum hlífast við að grípa til þess fjár, sem fyrir hendi væri, til þess að afstýra hungursneyð eða manndauða í landinu, heldur miklu fremur álíta það skyldu sína, og ekkert þing mundi kalla lstj. til ábyrgðar fyrir aðgjörðir hennar í því tilliti. En verði þessi vtill. sþ., þá munu afleiðingarnar af því að láta sjá hana í alþt. verða þær, að bænarskrár kæmu og kvartanir kæmu til lstj. úr öllum áttum, og skýrslurnar mundu verða hjartnæmar, og þar af leiðandi meira fje brúkað en ella. Þetta er að eins til að gefa mönnum undir fótinn með að biðja um hallærislán.

Landshöfðingi: Jeg get eigi eins og h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) borið kvíðboga fyrir því, að menn muni fremur, þótt vtill. þessi verði sþ., leita til lstj. um að fá hjálp úr lsj. fremur en full nauðsyn krefur. Sýslun. hafa sýnt það, að þær eru ekki mikið fyrir það að biðja um lán. Þar á móti, þegar um gjafir er að ræða, þá vilja þær eins og skiljanlegt er, hver um sig fá sem mest af þeim. Jeg er h. h. þm. Bf. samdóma um það, að stj. mundi naumast verða dregin til ábyrgðar, þótt hún verði nokkru fje til að afstýra hreinum og beinum vandræðum, en jeg held þó að þessi till. sje engan veginn þýðingarlaus, því að þingið sýnir með henni að það sje vilji þess, að stj. verji fje úr lsj. á þessa leið, ef brýna nauðsyn ber til. Jeg skal enn fremur geta þess, að úr því að þessi till. hefur komið fram frá mjer, og hefur verið studd af mörgum h. þm., þá virðist mjer sem þd. geti naumast sagt nei við henni; að minnsta kosti væri það mjög óviðkunnanlegt og óeðlilegt. Enn fremur lítur það nokkuð undarlega út, að þegar útlendar þjóðir hafa gefið stórfje til þess að afstýra hallæri hjer á landi, og þegar þingið er spurt um hvort það vilji gefa stj. heimild til að verja nokkru fje í sama augnamiði, að það þá segi nei. Till. hefur eigi annað í sjer fólgið en að þingið játi á formlegan hátt, að stj. hafi þessa heimild, og það er miklu betra og aðgengilegra fyrir stj. en að þurfa að lesa sjer til í umræðunum að einstakir þm. hafi verið á þessari skoðun; þess vegna get jeg ekki álitið formlega yfirlýsing þingsins í þessu efni óþarfa. Þótt jeg hefði helzt óskað að brt. mín við fjárlögin hefð verið sþ., þá þykir mjer, úr því að sú tillaga var felld, þó þessi vtill. bæta mikið, ef hún verður sþ., og þykir mjer það því miklu skipta að svo verði. Hinar aðrar greinir þessara till. skal jeg ekki ræða, því að jeg hef áður látið skoðun mína í ljós um þýðingu þeirra, en jeg skal þó að eins geta þess viðvíkjandi 3. till., að hún getur ekki bætt úr þeim vandræðum, sem upp á kunna að koma, að fullu leyti; hún getur að eins bætt hag einstakra manna og gjört þá færa um að verða fremur öðrum til styrktar en byrðar, en hvort að þessi till. verður tekin til greina samhliða hinni, skal jeg láta ósagt, en jeg tel það þó líklegt, að hún geti orðið tekin til greina að nokkru leyti samhliða hinni. Það þarf að líkindum ekki að koma til, að þessi heimild verði brúkuð, að minnsta kosti varla í stórum mæli, en jeg álít nauðsynlegt að stj. hafi sem frjálsastar hendur í þessu efni, og jeg álít, að ef þessi vtill. verður sþ., þá hafi stj. frjálsari hendur en ella, og geti með meira krapti ráðizt í að gjöra þær ráðstafanir, sem kunna að verða nauðsynlegar.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Þótt reyndar hinn hæstv. lh. hafi svarað mótmælum h. h. þm. Bf. (Gr. Th.), skal jeg þó bæta fám orðum við. Jeg verð að halda því fast fram, að það sje nauðsynlegt að fá formlega yfirlýsing þingsins um, að það gefi stj. þessa heimild, svo að hún hafi frjálsari hendur í því efni. Hinn h. þm. Bf. sagði, að hver stj. í heimi hefði heimild til að verja fje á þann hátt, sem hjer er farið fram á, án þess að leyfi þingsins kæmi til; en hann man nú ekki eptir orðum sínum um daginn, þegar hann vildi jafnvel láta stj. kalla saman aukaþing, ef hún þyrfti á slíku fje að halda. Ætli stj. hafi þá eins frjálsar hendur, eins og ef þessi till. verður sþ.? Ef hún

verður samþykkt, er jeg viss um að lh. í tíma muni afla sjer fyrirfram samþykkis ráðherrans um að þegar einhverstaðar liggur á bráðri hjálp, þá geti hann veitt fjeð án þess að þurfa að skrifa til rg. í Danmörku, eða að ráðgjafinn þurfi að fá H. H. konunginn til að kalla saman aukaþing, kannske um hávetur, þegar næstum ómögulegt er að komast til og frá Rvík fyrir þm. sem búa út um allt land. Ætli það yrði ekki farið að sverfa að sumum, sem hjálparinnar þyrftu, þegar allt þetta væri komið í kring? H. h. þm. Bf. sagði að þessi till. væri hvöt fyrir landsmenn til þess að biðja um enn meira en þeir annars gerðu, og skýrslurnar um hallærið mundu ekki verða áreiðanlegar; þetta er undarleg mótbára, því að þm. veit þó að skýrslurnar eru gefnar af embættismönnum, sem hafa „fidem publicam", og því hefur þm. enga ástæðu til að vefengja þær. Það hefur líka sýnt sig eins og hinn hæstv. lh. tók fram, að sýslun. eru ekki mikið fyrir að biðja um lán, og því er ekki ástæða til, að ætla að þær muni gjöra það að óþörfu. Það væri líka sannarlega undarlegt að láta þjóðina, sem þegið hefur miklar gjafir frá öðrum þjóðum og er þeim innilega þakklát fyrir þær, sjá, að þingið vildi ekkert gjöra til að hjálpa landsmönnum þegar til þess kasta kæmi. Jeg held því, að það væri mjög óheppilegt, ef farið væri að ráðum h. h. þm. Bf.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal leyfa mjer að mæla með þessari vtill. Jeg skil hana að efninu til, þótt hún sje nokkuð stirðlega orðuð, svo, að hún sje sama efnis sem till. hins hæstv. lh. um daginn við fjárlögin, og vona jeg að þeir menn sem greiddu atkv. móti henni verði með þessari till., því að mjer skildist á sumum þeirra, að þeir vildu að hún kæmi fram í þgsál. lagi, og þá get jeg fyrst skilið atkvgr. þeirra um daginn, ef þeir greiða nú atkv. með þessari till. Jeg álít það engu síður skyldu þingsins en lstj. að láta til sín taka um hallærismál. Þingið á að stunda alla velferð landsins, og eitt af því sem heyrir til velferðar þess, er að afstýra hallæri eptir því sem kraptar landsins leyfa. Þessi vtill. fullnægir þeim sama tilgangi, sem hin till. hafði, en er að því leyti betri, að hjer er engin upphæð tiltekin, þar sem í hinni till. var ákveðin mesta upphæð. Það er rjett að hafa þessa heimild rýmri, því að enginn veit hversu mikið fje þurfa kann, þótt jeg voni að eigi verði meiru fje varið í þessu skyni en 100,000 kr. Jeg skal geta þess að jeg skil þetta orð *að verja* eins og þar stæði *að lána*, því að í niðurlagi till. stendur: *með ákvörðunum um afborgun og vexti er alþ. 1885 samþykkir.* Jeg skil og orðin *„því fje"* svo, að það sje sama og stæði *svo miklu fje*, og að í þeim orðum liggi að upphæðin sje óákveðin. Jeg álít að það sje tilgangurinn með þessari vtill. ekki einungis að afstýra hungursneyð og manndauða, heldur og öllum þeim vankvæðum sem eru því til fyrirstöðu að menn geti lifað þolanlegu lífi, og öllu því sem heptir hinar nauðsynlegustu framfarir manna.

Grímur Thomsen: H. h. þm. Bst. (E. K.) hjelt að það mundi taka of langan tíma upp, ef fyrst þyrfti að skrifa lh. og hann svo að skrifa til Danmerkur til rg.; en má jeg spyrja hvað meinar hann með lstj.? heldur hann að það sje lh. einn? Lstj. er kgr., rg. og því næst lh., allir til samans, og þegar lstj. er veitt þessi heimild, þá verður nauðsynlegt fyrir lh., að skrifa rg. hvort eð er. Hvað snertir þetta orð að *verja*, þá skoða jeg það að miklu leyti eins og stæði að *gefa*, því að lán geta eigi komið að góðum notum í þeim kringumstæðum sem hjer eru settar sem skilyrði, því að komi hungursneyð og manndauði, þá er ekki um annað að tala en að gefa. Þar sem h. h. þm. Bst. þótti það svo fráleit hugsun að kalla saman aukaþing, þá getur hann, ef hann les fundarskýrslurnar, sem liggja hjer á lestrarsalnum, sjeð, að þetta er ekki ný hugsun frá mjer, því að í mörgum þeirra er beðið um að þing sje haldið á hverju ári. Þar sem hinn heiðraði þm. Bst. tók það fram að það væri skrýtilegt til afspurnar, að þingið gjörði ekkert með tilliti til hallærisins, þá skil jeg ekki í hvernig þm. getur dottið í hug að segja slíkt. Höfum vjer ekki sett harðærisnefnd og hefur hún ekki komið fram með till. um hvernig skuli skipta gjafafje því og gjafakorni sem eptir er, og hefur ekki verið lagt til að lána 100,000 kr. úr viðlagasj.? Hvernig getur þm., sem sjálfur er í harðærisn., dottið í hug að segja að ekkert hafi verið gert frá þingsins hálfu í þessu efni?

Þórarinn Böðvarsson: Það mundi þykja merkilegt, ef þd. felldi báðar þær till., sem fram hafa komið til að sporna við *hungursneyð* og *manndauða*, og jeg skil ekki, úr því þessi vtill. er komin aptur fram, hvernig nokkrum þm. getur blandazt hugur um, að samþykkja hana, því að hún kemur alls ekkert í bága við 3. till., sem veitir heimild til að lána einstökum mönnum fje og styrkja þannig að því, að koma búnaði manna upp aptur. Jeg fyrir mitt leyti greiði því atkv. bæði með vtill. og 3. till., og vona, að aðrir þm. gjöri það líka. Ef þeir vildu neita stjórninni um heimild til að verja nokkru af sjóði landsins til að forða landsbúum hungri og hungurdauða, þá veit jeg ekki með hverju þeir vildu afsaka það, eða hvaða ástæður þeir gætu fært fyrir því.

Jakob Guðmundsson: Jeg ætla einungis að taka það fram til skýringar, að það geta komið fyrir vandræði og harðindi um hávetur, og þá er ef til vill ómögulegt fyrir lh., að skrifa rg.; það sjá því allir menn, að það er þægilegra fyrir lh. að hafa fyrir sjer ályktun þingsins, ef hann þyrfti að veita fje til þess að afstýra hallæri, án þess að geta leitað samþykkis rg.

Eiríkur Kúld: Jeg ætla að geta þess, að vjer ustm. vitum fullvel, hvað landstjórnin er, og þarf h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) eigi að segja oss, að það er H. H. konungurinn, ráðgjafinn og landshöfðinginn. Enn fremur ætla jeg að geta þess, að það er svo sem auðvitað, eins og jeg áðan tók fram, að vegna þessarar yfirlýsingar mun h. hæstv. lh. finna hjá sjer hvöt til þess, að skrifa rg. og leita hjá honum leyfis til þess að verða við óskum þingsins, svo að hann eigi þurfi að leita hjá honum leyfis í hvert skipti sem um fjárveiting er að tala vegna harðæris. Þar sem h. h. þm. benti á, að þingið hefði þó gjört nokkuð í þessu máli, og töluvert væri eptir af gjöfunum, þá ætla jeg að leiða athygli h. h. þm. að því, að gjafirnar eru þinginu óviðkomandi, og heyra alls eigi undir ráðstafanir þess, heldur undir ráðstafanir samskotanefndarinnar eða rjettara sagt landshöfðingjans.

ATKVGR.: Brt. 6 þm. við tl. a. (C 304) sþ. m. 17 atkv. Vtill. 8 þm. á milli 2. og 3. tl. (C 334) sþ. m. 18 atkv. Önnur brtill. 6 þm., við 3. tl., (C 304), sþ. m. 15 atkv. Þriðja brt. 6 þm:, við sama tl., sþ. m. 17 atkv. Þingsályktunin í heild sinni sþ. m. 18 atkv. Sþ. með 14 atkv. að senda þingsályktunina til e. d.

Leitað leyfis hjá þd. um lögsókn gegn 2. þm. Sm. (Jóni Ólafssyni); ein umr.

Flutningsmaður (Egill Egilsson): Jeg er ekki flm. að öðru leyti en því að koma þessari bænarskrá frá hlutaðeigandi manni á framfæri, og jeg er því einnig hlynntur, að þd. veiti þessa bón. Jeg hefði álitið rjettast, að hinn h. forseti hefði þegar látið ganga til atkv., hvort leyfið skyldi veitt eða ekki. Þdm. hafa í gær getað kynnt sjer blaðagrein þá, sem þetta mál er sprottið út af, og lesið bænarskrá hlutaðeiganda, herra ritstjóra Gests Pálssonar, á lestrarsalnum, og mættu því vera fullundirbúnir að gefa atkv. Það er eins og vant er um slíkt efni, að óþægilegt er og á enda ekki við, að hafa langar umræður um það. Jeg vona, að þd. veiti þetta leyfi; það er full ástæða fyrir biðjandann að fara fram á það. Það er von að hver, sem fær slíkan skvett í þjóðblaði, vilji sem fyrst hreinsa sig, og um annað biður ekki þessi maður, en að fá að höfða málið *strax*, því að hann þarf ekki að leita til þd. um að fá að gjöra það seinna.

Eins og þd. getur gefið samþykki sitt til að kæra þingmenn fyrir skuld, samkvæmt 32. gr. stjórnarskrárinnar, eins og miklu heldur ætti þd. að veita leyfið, þegar dróttað er að manni þjófnaðarorði. *(Jón Ólafsson:* Borið af honum þjófnaðarorð). Um það vil jeg ekki þrátta; þeir, sem greinina lesa, sjá, hvort er sannara.

Forseti kvaðst ekki leyfa öðrum að ræða þetta mál en flm. (Eg. Eg.) og þm. sem í hlut ætti (J. Ó.).

Landshöfðingi kvaðst vilja skjóta þeirri aths. til þd., hvort henni litist ekki ástæða til, að vísa þessu máli frá sjer, sem óviðkomandi, og sem ekki heyrandi undir ákvæði 32. gr. stjórnarskrárinnar.

Jón Ólafsson: Það hefur verið vitn-

að til 32. gr. í stjórnarskránni. Hjer er þó ekki að ræða um skuldafangelsi nje um varðhald nje um glæp sem jeg sje staðinn að, Hjer er hvorki skuldamál nje opinbert sakamál. Hjer er heldur ekki talað um að höfða mál út af einhverju, sem rætt er hjer á þingi; til þess að höfða slíkt mál þarf leyfi þd. og til þess *getur* deildin *gefið* leyfið. En þd. getur *ekki* gefið það leyfi, sem hjer er beðið um, samkvæmt stjórnarskránni. Því *hvað* stendur í 32. gr. stjórnarskrárinnar? Þar stendur fyrst: „Meðan alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkir þeirrar deildar, er hann situr í". — Hvað liggur í þessu? — Í því liggur það, að þingdeild *getur leyft* að taka einn þingmann úr deildinni fastan *fyrir skuldir — ekki* fyrir *annað*. Svo heldur greinin áfram: „nje heldur *setja* hann í *varðhald* eða *höfða mál* á móti honum, nema „— já, nema hvað? Nema þingdeildin leyfi? Nei! það stendur hvergi, þar á móti stendur: „nema hann sje *staðinn að glæp*" — og þar með er málsgreinin úti. Hjer er þá deildinni ekki heimilað að leyfa lögsókn gegn þingmanni um þingtímann, nema út af skuldum; og *þetta* er eðlilegt. Því að skuldamál geta svipt þingmann kjörgengi, ef hann verður t. d. að sviptast fjárráðum. Annars er *alveg bannað* að höfða mál um þingtímann móti þingmanni, nema hann sje staðinn að glæp — og þá þarf ekkert leyfi þingdeildarinnar til þess. En sje þingm. *ekki* staðinn að glæp — og það dettur engum í hug að bera mjer neinn glæp á brýn — þá hefur þingd. *ekkert leyfi* til að fram selja þingmann til lögsóknar, nema í skuldamáli sje — en engum hefur enn dottið í hug, það kunnugt sje, að höfða mál móti mjer fyrir skuldir. Leyfi það, sem hjer er um beðið, hefur þingdeildin því *enga heimild* til að veita. Það liggur alveg fyrir utan það, sem henni er heimilað í 32. gr. stjórnarskrárinnar. Þegar af þessari formlegu ástæðu ætla jeg að þingdeildin verði að vísa máli þessu frá sjer. Þetta er hin formlega hlið málsins.

En jeg skal ekki leggja neina áherzlu á hana; jeg skal setja sem svo, að þessi maður hefði rjett til að fara fram á að fá þetta leyfi og þd. *gæti* veitt það.

Hvaða *ástæður* hefur hann þá til að fá það? Líður hann nokkurn rjettarmissi við það að þurfa að höfða málið 12 dögum síðar, það er að segja þegar þingi er slitið? Jeg vil segja að hefði þessi maður búið á Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði og verið hjer staddur, en þurft eptir 10 daga að fara hjeðan heim til sín með strandskipinu, þá hefði jeg fyrstur manna viljað standa upp til þess að veita honum þetta leyfi, ef það hefði *mátt* veita af formlegum ástæðum. En því er ekki að heilsa. Þessi maður er búsettur hjer og getur neytt rjettar síns eptir 12 daga. Meira er ekki eptir af þingtímanum. Annaðhvort lifum við báðir þessa 12 daga, og þá er engu spillt við biðina; eða annarhvor okkar deyr innan þess tíma, og þá er heldur engu tapað, því að þá fjelli málið úr sögunni áður en dómur fjelli í því; enda kæmi það þá fyrir þann dóm, er rjettvísari er en hinir skarpvitrustu Reykjavíkurdómendur. Hver skyldi þá vera orsökin til þess að hann sækir um þetta leyfi? Hann veit að stjórnarskráin heimilar ekki þingdeildinni að veita þetta leyfi; og þó sækir hann um það; til hvers? Í hverju skyni? Orsökin er auðsjáanlega, að maður, sem hefur vonda samvizku og stendur í greylegu málavastri, vill með þessu vekja athygli á sjer. Og önnur ástæðan skín enn ljósara fram. Það er tilraunin til að svipta mig rjetti mínum, sem jeg hef sem þm. til að eiga atkv. um mál þjóðar minnar. Jeg gæti fyrir hans ástæðulausa málavastur (því skömmina eina mun hann af því úr býtum bera þrátt fyrir alla landsins dómara) tafizt frá þingstörfum þann tímann sem mest er að vinna og mest er áríðandi að þingið haldi öllum kröptum ófrátöfðum. Hvert atkv., sem er tekið frá *þinginu*, er tekið frá *þjóðinni*. Þessi bænarskrá er því insúlt (ósvífni) móti *mjer* sem þm., insúlt móti þd., insúlt móti hverjum einstökum þm., insúlt móti kjósendum mínum, insúlt mót allri þjóðinni. Það kemur ekkert þessu máli við, hvernig jeg kann að vera sem þm., hvort jeg er liðdrjúgur eða liðljettur. Jeg er sem þm. fulltrúi eins hluta hinnar íslenzku þjóðar og um leið fulltrúi allrar þjóðarinnar, og frá þeim starfa má enginn hindra mig.

Þess vegna hefur stjórnarskráin þessa ákvörðun að það *megi eigi* setja þm. í varðhald *eða höfða mál á móti honum*,

nema hann sje staðinn að glæp. Hefði jeg drýgt glæp, t. d. drepið mann, þá hefði það verið annað. Það stendur öðruvísi á með skuldamál, og ástæðan til þess er sú, að það er skilyrði fyrir kjörgengi að vera forráða fjár síns. Verði maður óforráða fjár síns, þá missir maður um leið kjörgengi sitt og þar með rjettinn til að sitja á þingi.

Arnljótur Ólafsson kvaðst vilja gjöra ust. lh. að sinni till.: að vísa málinu frá sem óviðkomandi þd., þar eð það heyrði ekki undir neitt af þeim þrem atvikum sem nefnd væri í 32. gr. stjórnarskrárinnar.

Flutningsmaður (E. Egilsson) gat þess að það væri ekki rjett hjá 2. þm. Sm. (J. Ó.) að viðkomandi ætti ekkert í húfi og missti ekkert við að bíða þessa 12 daga. Það gæti vel verið, að samvizkulaus maður gæti álitið að slíkt mætti dragast . . . (*Forseti* bað þm. að tala varlega), en það væri þungt fyrir mann sem ekki væri samvizkulaus að ganga með þjófsnafn í 12 daga án þess að mega hrinda því af sjer.

Arnljótur Ólafsson ítrekaði till. sína að þd. vísaði þessu máli frá sjer, sem óviðkomandi, samkvæmt 32. gr. stjórnarskrárinnar.

ATKVGR.: Uppástungan um að þingdeildin vísaði málinu frá sjer sem sjer að öllu óviðkomandi var samþykkt með 17 atk.

Fertugasti og sjöundi fundur, þriðjudaginn 15. ág. kl. 12—3. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1878—1879 (C 1); 3. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Af því að enginn ágreiningur hefur orðið milli n. og h. h. d., að undanskildum þm. Bf. (Gr. Th.), er hann sjálfur mun játa, að sprottið var af misskilningi hans, sje jeg ekki ástæðu til að mæla með aðgjörðum n. að sinni.

ATKVGR.: Frv. samþykkt í e. h., og afgreitt til e. d.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1878 og 1879 (C 7); 3. umr. Frv. samþ. orðalaust í e. h.; og sent e. d.

Frv. til laga um að stofna landsbanka á Íslandi (C 276); 1. umr.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): N. hefur, eins og kunnugt er, gengið í 2 flokka (nefndarálit C 339 og 341), en ágreiningur þeirra í milli er einungis sá, að minni hlutinn leggur það til, að stofnaður sje seðlabanki, en það vill meiri hlutinn ekki. Báðum kemur saman um það, að bankinn skuli hafa heimild til, að gefa út arðberandi pappíra. Jeg skal svo ekki tala meira um málið við þessa umræðu, heldur geyma mjer allar athugasemdir um málið til 2. umr.

Benidikt Sveinsson: Jeg finn ástæðu til að lýsa þakklæti mínu við h. h. e. d. fyrir það, að hún kemur nú með þetta mál inn á þingið í öðru sinni. Mjer er það sannarleg gleði, að geta staðhæft, að þetta mál er eitt hið hæsta og helzta velferðarmál Íslands. Undir þessu máli er það komið, hvort þjóðin á að komast að því takmarki sem henni er ætlað að komast að og sem hún er skyldug að keppa að. Mjer er sama hvað á er litið, hvort heldur verzlunarmál vor, atvinnuvegina, eða handiðnirnar, — alstaðar er bankinn aðalaflið, aðallífsmagnið til hverra framkvæmda sem kemur.

Jeg er þakklátur h. h. minni hluta n. fyrir breyt. þær, er hann hefur gjört; þær eru sannarlega til bóta á frv. En þar sem til meiri hluta n. kemur, þá verð jeg að segja: „Hjer fylgir böggull skammrifi“. Eins og h. h. forseti tók fram, kemur meiri hluti n. hjer með spánýtt frv. í lausu lopti gagnvart frv. e. d. Jeg vona, að þetta, þó ekki væri annað, sje nóg til þess, að engum hinna heiðruðu deildarmanna detti í hug að greiða atkvæði með því. En hjer er annar verri agnúi á, sem liggur svo í augum uppi, sem er svo ljós og skýlaus, að jeg vona, að engum þingmanni sjáist yfir hann, en hann er sá, að h. h. meiri hluti n. gengur út frá því, og byggir á því uppástungur sínar, að oktroyen frá 4. júlí 1818 sjeu gildandi lög á Íslandi. Er þetta alvara? Er það alvara, segi jeg, að slá því hjer föstu, að Ísland sje óaðskiljanlegur og óaðgreinanlegur hluti Danmerkur? Um það er einmitt spurningin. Á þessum fráleita grundvelli byggir meiri hlutinn. Veit h. h. meiri hluti ekki, að National-bankinn er stofn-

aður eingöngu fyrir Dan-*mörku* sjálfa, en ekki Dana-*veldi*? H. h. meiri hluti þyrfti fyrst að sanna, að Ísland væri óaðskiljanlegur hluti Danmerkur. Jeg vil biðja menn að taka eptir, hvernig orðin liggja í stöðulögunum 2. jan. 1871 sbr. stjórnarskrána 1. gr., þar stendur: Ísland er óaðskiljanlegur hluti Dana-*veldis*. Hjer er því augljóst hverjum þeim manni, sem vill hafa augun opin, að meiri hluti n. fer þvert ofan í stöðulögin og stjórnarskrá Íslands (sbr. einnig 3. gr. 9. lið). Jeg segi, að þetta sje ósæmilegt fyrir þingið, og vona að meiri hlutinn sjálfur játi að þinginu er skylt að vísa slíku frv. frá sjer, sem grípur svona inn í og raskar sambandinu milli Íslands og Danmerkur, þar sem hann játar þeim setningum, sem þingið er skyldugt að neita, en hefur ekki hina minnstu heimild til að fallast á.

Eiríkur Briem: Jeg vildi að eins benda á það út af skoðunum manna, að hjer sje frá meiri hluta n. komið nýtt frv., að á þingi í hitt eð fyrra var rætt frv. sama efnis og fóru breyt. þær, er við það frv. voru gjörðar, í fullt svo fráleita stefnu hinu upphaflega frv., sem þessar breyt. meiri hlutans. Þá hreifði jeg því, hvort ekki væri ástæða til, að skoða breytingarnar sem nýtt frv.; en d. þótti þá ekki ástæða til þess og því finnst mjer að henni ætti að þykja því minni ástæða til þess nú. Að því er snertir ræðu h. h. 2. þm. Nm. (B. Sv.), skal jeg geta þess, að mjer sýnist rjettast að leiða hjá sjer nú að sinni það atriði, hvort oktroyen eru gildandi hjer á landi eða ekki, og reyna að koma bankanum á fót, þó að ekki væri seðlabanki. Síðar mætti taka hitt atriðið til íhugunar, ef þess skyldi álítast þörf, sem vel getur verið að sje.

Jakob Guðmundsson: Mig furðar á því um hinn h. meiri hluta n. og frsm. hans (Gr. Th.), hinn skarpvitra mann, sem er svo vanur að beita hinu hárbeitta sverði, er jafnvel má kljúfa með hið fínasta hár, og sem þekkir svo vel hina fínu síu, sem jafnvel má sía með mýflugurnar frá úlföldunum, skuli láta sjer detta í hug, að þingið muni gleypa við þeim úlfalda, sem frv. meiri hlutans rekur hjer á undan sjer í ástæðum fyrir frv. Þessi skoðun er svo algjörlega mótstríðandi öllum frjálsum skoðunum íslenzkra manna, mjer er óhætt að segja síðan 1848, að jeg get ekki skilið, að það sje komið inn í frv. með góðum vilja þm. Borgf., heldur af einhverjum misskilningi. Mjer hefði þótt líklegra af honum, að hann kæmi hjer fram með frv. um banka, sem ekki færi að fara út í aðra sálma, bankanum óviðkomandi.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Það gleður mig, að 2. þm. Nm. og þm. D. hafa þegar ljett á sjer nokkru af því kappi, sem búast mátti við að fylgdi þessu máli, og er því meiri ástæða til að vænta verðar eptir gosið. Jeg ætla ekki að tala nema sem allra minnst til h. h. þm. D. (J. G.) í þessu máli, og sný mjer því að 2. þm. Nm. Jeg ætla hvorki að berja í borðið eða stappa niður hælunum, nje heldur berja meiningu mína fram með háreysti, en jeg vona þó, að jeg geti sannfært þm. um, að það sje mjög vafasamt, hvort stjórnin eða konungur *getur* veitt leyfi til að stofna seðlabanka hjer á landi, án þess að rjúfa samning við aðra stofnun. H. h. þm. vitnaði til oktroyen (einkarjettarskrár bankans). Jeg bið mjer þá leyft að lesa eins og stendur, en ekki eins og h. h. skýrði frá: — kgr ítrekar loforð sitt til ríkisbankans í stofnunarskrá 5. jan. 1813: að af hálfu ríkisins skuli aldrei verða út gefnir, eða nokkrum leyft að út gefa, nokkurs konar seðla *(repræsentativt Betalingsmiddel), en* að seðlar þjóðbankans skuli vera þeir einu, er gilda skuli manna á milli, og *meðteknir skulu verða við konungs og aðra opinbera sjóði.* Þær ákvarðanir, sem gefnar hafa verið út um ríkisbankann, 20. marz 1815, 4. júlí 1815 viðvíkjandi Slesvík og Holsten, nefna ekki Ísland; þá var Ísland alltsvo ekki losað úr sambandinu við ríkisbankann. Nú kemur sagan til þjóðbankans. Fyrst er einkaleyfisskrá hans 4. júlí 1818 þinglýst hjer á landi eptir skýrum orðum eins justitiarii sem nú er dáinn (M. Stephens. í Klausturpóstinum). Á undan var út komið opið brjef 6. apríl 1818 um peningamálefni Danmerkur, einnig (samkv. Klausturpósti 1819, bls. 118—119 athsemd) „hjer gildandi og þinglýst". Þá kemur opið brjef 20. marz 1819 og 11. maí s. á. um sama efni, einnig hjer þinglýst, og loksins kemur kgl. auglýsing frá 9. júlí 1819 (auglýst og þinglesin í yfirdómi 17. jan.

1820) og meira að segja útþrykkilega *gjörð gildandi á Íslandi* með Cancellibrjefi 5. okt. s. á., um að skipta 50 og 100 rdl. ríkisbankaseðlum gegn þjóðbankaseðlum, og önnur auglýsing kgs frá 3. maí 1820, gefin *sjerstaklega fyrir Ísland og Færeyjar* um álíka skipti á 10, 5, 1 rdl. og minni ríkisbankaseðlum fyrir þjóðbankaseðla með sama ákvæðisverði. Loksins fyrirskipar rentukammerið 17. maí 1825 í 2. gr., að senda 6000 rd. í 5 rd. þjóðbankaseðlum og 1 dals þjóðbankaseðlum o. s. frv. til Íslands, og stiptamtið skipar í umburðarbrjefi frá 23. júní s. á., að *þjóðbankaseðlar, er sjeu gildir á Íslandi*, skuli teknir í jarðabókarsjóð. Af þessu sjer nú h. h. þd., þó sumir þm. stingi höfðum í sandinn, að *þjóðbankaseðlar hafa verið hjer gildir*, og eru það enn við jarðabókarsjóð. Og sjeu þeir gildir hjer, þá flýtur beinlínis af einkaleyfisskrá þjóðbankans, að aðrir seðlar eru hjer *ekki* gildir, meðan hinir gilda, eða í 90 ár frá 1818 að telja. Og hafi ríkisbankaseðlar verið hjer einir gildandi frá 1818 til 1820 — sem enginn mun þora að neita—en þjóðbankaseðlar komið í þeirra stað, sem þeir gjörðu, þá eru þeir eða voru undir sömu lögum og skilyrðum, eins og hinir. Röksemdaleiðsla h. h. mótmælenda getur ekki hrakið þetta, en heppilegra væri, að hrekja með röksemdum, heldur en að vilja berja hvert málefni sem er niður með hnefunum og hrópa það niður með háreysti.

Arnljótur Ólafsson: Jeg verð, þrátt fyrir það, sem hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) hefur tekið fram, að álíta, að spurningin um gildi þjóðbankaseðlanna hjer á landi sje enn ósönnuð, því að það er ekki til neins að vitna í einkalögin 4. júlí 1818. Í lagasafninu stendur einungis fyrirsögnin á þessum einkalögum og skýrt frá því að þau hafi lesin verið við yfirrjettinn og á synodus. En jeg veit ekki til, að það hafi nokkurn tíma átt sjer stað að einungis fyrirsögnin hafi verið prentuð af þeim lögum sem hjer hafa átt að gilda. Lagasafnið lýsir því að einkarjettarskráin $^4/_7$ 1818 hafi ekki gilt hjer, og sama er að segja um 2 önnur brjef, er snerta rjettindi þjóðbankans og verksvið hans, þ. e. Cancelliplacat 20. júní 1818 og opið brjef 4. júlí 1818. Hvorttveggja þetta brjef er þinglesið við landsyfirrjettinn, og fyrirsögn þeirra stendur í lagasafninu; en gild eru þau eigi hjer á landi. Jeg hefi talið saman 10 konungsbrjef og kgsúrskurði um trygging bankseðlanna, sem af eru teknir með augl. 20. des. 1873. Enginn þeirra stendur í lagasafninu og því síður hafa þær verið lagðar fyrir þ. síðan 1845. Þeir geta þá líklega ekki verið gildandi hjer á landi. Þetta er og alveg auðsætt eptir 42. gr. einkarjettarskránnar $^4/_7$ 1818. Þar stendur að þjóðbankinn skuli vera og halda áfram að vera hin eina stofnun *í Danmörku*, er megi út gefa seðla. Þar stendur „*í Danmörku*“, eigi *Danmerkurríki*, því síður *Danaveldi*. Einkarjettur þessi gilti því o. s. frv., ekki í hertogadæmunum, með því að þar var silfur eitt lögmætur gangeyrir eptir tilsk. 30. júlí 1813, hvað þá heldur á Íslandi. Fyrir því að þjóðseðlabankinn var *eingöngu* fyrir Danmörku kom út hið opna brjef 4. júlí 1818, er leysti samband hertogadæmanna við þjóðbankann og takmarkaði seðla hans við Danmörku. Opna brjefið 4. júlí 1818 er því einmitt útskýring þessara orða 42. gr.: „í Danmörku“. Jeg vona frsm. þekki svo sögu þjóðbankans síðan 1818, að hann viti hvernig hertogadæmin borguðu sinn hluta af bankskyldinni og skuldbrjefum hans. En nú segir frsm., að seðlarnir gildi hjer eptir síðari hluta 42. gr., sem vitnar í stofnunarskrá ríkisbankans 5. jan. 1813. En er nú sú skrá gildandi hjer? Hefur hún verið þinglesin hjer? Nei, aldrei. En þótt hún hefði verið þinglesin hjer í sama skilningi sem einkarjettarskrá þjóðbankans $^4/_7$ 1818, hefði hún ekki verið gildandi fyrir það. Jeg tek það enn fram, að það væri nokkuð skrítið ef menn ættu að hlýða þeim lögum, sem menn ekki þekkja nema að nafninu til. Þegar stofnunarskrá ríkisbankans 5. jan. 1813 er ekki þinglesin, vona jeg þm. Bf. (Gr. Th.) sje mjer nú samdóma um, að síðari hluti 42. gr. einkarjettarskránnar 4. júlí 1818 sje ekki gildandi hjer. Að öðru leyti en því, er snerti silfurgang og gangverð, hefir hvorki stofnskrá ríkisbankans 5. jan. 1813 nje tilsk. sama dags gildi hjer á landi; en í þeirri grein hafa þær gildi fyrir allt ríkið. Konungur hefur einkarjett til að láta slá peninga, og hann verður að auglýsa hver peningaslátta sje gildandi og hvert gangverð sje hins eldra gangeyris, þar

til hann er felldur úr gildi. Þetta hefur konungur gjört hjer á landi með ýmsum brjefum og auglýsingum. Að þessu lýtur síðari hluti 42. gr., en ekki að rjettindum þjóðbankans hjer á landi, og eingöngu að þessu efni lúta öll þau brjef, er þm. Bf. taldi, og fleiri er hann eigi taldi, svo sem um innlausn kúrantseðlanna. Hitt er annað mál, að kg. lagði þjóðbankanum þá skyldu á herðar, að leysa til sín alla ríkisbankaseðla. Það vona jeg að þm. Bf. viti, að þjóðbankinn sem erfingi ríkisbankans erfði þá skyldu hans að leysa seðla ríkisbankans hvar sem þeir voru niður komnir. Þetta eru þau einu áhrif á Íslandi sem 42. gr. getur haft. Það flýtur og af sjálfu sjer, að væri þetta ekki *ráðstöfun valdstjórnarinnar* (administrativ Foranstaltning), þá væri ekki skipað fyrir um það með Canselli- og Rentukammerbrjefum, heldur með lögum. Cansellibrjef eru engin lög, heldur auglýsingar valdstjórnarinnar.

Jeg skal enn fremur geta þess, að þessi spurning um gildi þjóðbankaseðlanna hjer á landi kom fyrir á síðasta þ. í e. d. Eins og lesa má á 760—761. bls. alþingistíðindanna það ár. komst hinn 3. konungkjörni þm. svo að orði: „Einhver kynni ef til vill að koma með þá spurningu, hvort það væri ekki að grípa inn í rjettindi National-bankans að stofnsetja hjer seðlabanka, en það get jeg ekki sjeð að væri, því að *seðlar hans gilda ekki hjer á landi*". Þetta segir hinn 3. konungkjörni, og vonast jeg til að þm. Bf. taki það ekki sem gos. þótt jeg með allri virðingu fyrir lögvísi hans álíti hinn 3. konungkjörna lögfróðari en hann. En hverju svaraði svo landshöfðinginn, fulltrúi stjórnarinnar? Hann játaði þetta beinlínis og óbeinlínis. Jeg skal leyfa mjer að benda á 761. bls. alþ.tíð., þar sem hann gjörir ráð fyrir, að bankinn þurfi að hafa 250 þús. kr. fyrirliggjandi til þess að fá privilegium til að gefa út seðla. Landshöfðinginn áleit að það væri *einungis* komið undir því, að hafa nóg fje, og líklegt er, að hefði hann haft nokkra þess leiðis grýlu til sem þm. Bf. nú, að þá mundi hann hafa komið með hana. Jeg verð því að álíta, að það sje ekki á rökum byggt hjá h. h. meiri hluta, að þjóðbankinn geti komið í bága við seðlabanka hjer á landi. En það væri meinlegast ef þessi ástæða eða ástæðuleysi hefði komið meiri hlutanum til að vekja upp aptur lánsstofnunina frá 1881. Jeg get ekki betur sjeð en 2., 3. og 4. gr. meiri hlutans sjeu að mestu leyti alveg hið sama sem lánsstofnunin sællar minningar. Jeg virði fastheldni meiri hlutans við lánsstofnunina og eins vona jeg meiri hlutinn virði fastheldni minna hlutans við bankann, einkum þar yfirburðir hans yfir lánstofnunina hafa verið sannaðir á prenti, og standa þeir óvefengdir síðan. Á 5. gr. meiri hlutans er reyndar dálítill agnúi, sem jeg er í efa um, en jeg fer ekki út í það nú. En spurningunni um það hvort haganlegt sje, gagnlegt eða gjörlegt — eða hvernig svo sem menn vilja orða það —að gefa út seðla, svara jeg sem svo: Undarlegt þætti mjer það, ef Ísland væri það eina menntaða land undir sólinni, sem ekki gæti haft gagn af seðlum, og mætti fyrir þá sök engan seðlabanka fá nje hafa, sem alstaðar annarstaðar er álitinn mjög svo þarfur, þar sem annars nokkur menntun er. Jeg skal leyfa mjer að skýra frá sem dæmi, hvernig seðlar hafi verið á gangi í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Jeg tek árið 1876. Þá voru seðlar í Danmörku yfir 59 miljónir, í Noregi yfir 39 milj., og í Svíþjóð yfir 91 milj. Þó hefir seðlagangur vaxið talsvert síðan í þessum löndum. Fyrst nú þessar frændþjóðir vorar hafa svona marga seðla, þykir mjer undarlegt, ef vjer mættum ekki hafa nokkra. Þegar þessar þjóðir hafa í seðlum 30, 40, 50 kr. á mann, skyldum vjer þá ekki geta haft svo sem 15 kr. á mann? Jeg held það sje sprottið af ókunnugleik og fornum fordómum að hika sjer við, að stofna hjer seðlabanka. Jeg get ekki sjeð nokkra hættu við slíka stofnun. Menn geta þó hjer á landi skilið, að seðlarnir eru ódýrari en gull og silfur. Munurinn á seðlabanka og lánstofnun er meðal annars sá, að lánsstofnunin heimtar og einmitt hlýtur að heimta enda talsvert hærri vöxtu til þess að eins að geta hjarað, en hún gefur; en bankinn lifir og græðir á vöxtum seðlanna og veitir miklu meiri lán og með betri kjörum. Starfi banka og annara lánstofnana er í einu orði sá að taka lán hjá lánbjóðendum og veita lán lánbeiðendum, veita þeim lán til framkvæmda þeim fyrirtækjum, sem nýtileg eru til framfara og þannig greiða veg

framfaranna. Þess vegna er banki lífæð allra viðskipta og framfara. En þetta verkefni er hugsanlegt að bankinn geti framkvæmt að nokkru ráði einungis með því móti að hann hafi seðla; þá getur hann gefið margfalt meira lán en ella. Seðlar eru ekki annað en auðseldari eður auðskiftilegri og víðgengari brjefpeningar en ávísanir og víxlar, eða aðrir þeir gjaldmiðar, sem teknir eru sem peningar.

Benidikt Sveinsson: Það er ekki í fyrsta sinni sem h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) tekur mig og aðra þingmenn í skóla, en jeg get ekki álitið mig skyldan til að líta upp til hans sem kennara míns, sá snillingur er hann ekki, og meðan hann ekki situr í forsetastólnum, þá lýsi jeg hann óheimildarmann að því, að finna að því, hvernig jeg tala! Jeg hjelt að honum kæmi vel, að jeg talaði nokkuð hátt og skýrt, því að mjer hefur stundum virzt hann vera heldur heyrnarlítill. Það var merkilegt, hvernig hann gat farið *í kring um málefnið*, mjer liggur við að segja, eins og köttur í kring um heitt soð. Jeg talaði ekki um ríkisbankann, heldur um þjóðbankann. Frsm. minni hlutans hefur ljóslega skýrt þetta mál, og sýnt fram á, að það er óhugsandi, að Octroyen frá 4. júlí 1818 sje gildandi á Íslandi. Seðlar þjóðbankans gilda ekki á Íslandi. Það er annað mál, þótt opinberar stofnanir, sem standa í sambandi við ríkissjóðinn, hafi tekið þá gilda, en milli einstakra manna, þá er enginn skyldugur að taka á móti þeim sem gjaldgengum eyri, fremur en norskum og sænskum seðlum, og þm. Bf. mun aldrei geta fengið dóm fyrir því, að menn sjeu skyldir að taka á móti þeim sem gjaldgengum eyri hjer á landi. Hinn hæstv. fyrverandi lh. tók það líka beinlínis fram með skýrum orðum á þingi 1881, að hið eina skilyrði fyrir því, að stofnsetja mætti seðlabanka, væri það, að bankinn hefði nóg fje til að innleysa seðla sína, ef á þyrfti að halda. Nú vill h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) bera þetta ofan í sjálfan fulltrúa stj. 1881; hvaða umboð hefur hann til þess? Bankinn er eigi stofnaður fyrir Ísland, og sjest það meðal annars á því, að Bankhæftelsen nær eigi til jarða hjer á landi og einmitt það sýnir, að bankinn nær ekki til Íslands. Þinglestur getur eigi gert neitt að lögum. Ef einhver sýslumaður hefði lesið upp frönsk eða ensk lög á manntalsþingi, þá ættu þau að vera gildandi hjer á landi eptir setningu þm. Bf. (Gr. Th.), eða ef Vídalínspostilla hefði verið þinglesin, þá ætti hún einnig að hafa orðið gildandi lög; það er mikið að hann vill ekki láta það vera lög, sem hann talar hjer á þingi, hversu móthverft öllum sanni sem það er. Nei, það er ekki *þinglesturinn*, sem hjer er aðalatriðið, heldur hitt, að lög þau, sem hjer um ræðir, hafa aldrei *átt* að gilda hjer á landi, það er að segja, að löggjafinn ætlaðist aldrei til, að þau yrðu lög hjer, og gátu *þess vegna* ekki orðið hjer gildandi lög, hvað opt sem þau svo hefðu verið þinglesin. Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) kvaðst vonast eptir því, að menn bæru svo mikla virðing fyrir þessu máli, að menn hugsuðu um það með stillingu, en jeg vona, að jeg geti líka krafizt þeirrar stillingar af honum og skilnings, að hann sjái, að þetta, sem meiri hlutinn hjer fer fram á, er „attentat“ á lögheimilað sjálfsforræði Íslands, samkvæmt stöðulögunum frá 2. jan. 1871. Ef ríkisdagurinn hefði álitið „Octroyen“ gildandi hjer á landi, þá hefði hann hlotið að gera „reservation“ með tilliti til þessa máls, eins og t. a. m. með hæstarjett, en þennan fyrirvara er ekki að finna í stöðulögunum, og þm. Bf. getur ekki komið þessari reservation inn í stöðulögin, og þd. í heild sinni heldur ekki. Jeg leyfi mjer að segja, að það sje ósæmandi, að byggja á slíkri undirstöðu og koma með slíkt frv. sem þetta inn á þingið. Brt. meiri hlutans getur ekki staðizt nema með þeirri játningu, að Ísland sje partur af Danmörku sjálfri. Geti þm. Bf. (Gr. Th.) sýnt mjer og sannað, að Ísland sje partur af Danmörku, þá er allt öðru máli að gegna; en það getur hann eigi, því að Danmörk er eigi annað en Danmörk sjálf, og engin þau önnur lönd, sem liggja undir Danaveldi, eru innibundin í nafninu Danmörk í 42. gr. í Octroy eða stofnskrá þjóðbankans 4. júlí 1818. Jeg fellst alveg á það, sem frsm. minni hlutans tók fram; en jeg óska og vona, að frv. meiri hlutans verði stútað sem fyrst.

Grímur Thomsen: Jeg ætla eigi að fara mörgum orðum um frv. þetta að sinni; en eitt þótti mjer fróðlegt, og þess

vil jeg láta getið, að sami maður, sem haldið hefur því fast fram, að stöðulögin hefðu eigi lagagildi hjer á landi, og sami maður, sem jafnlítið hefur metið skilning vors fyrverandi landshöfðingja, það höfum vjer heyrt, sem verið höfum í nefndum með honum, og það höfum vjer heyrt hjer í deildinni, og það eigi alls fyrir löngu, t. d. þegar hann minntist á Elliðaármálin hjerna um daginn, sami maður krýpur nú á knje fyrir stöðulögunum og hinum fyrverandi landshöfðingja. En nú eru stöðulögin orðin góð, og nú er lagafróðleikur vors fyrverandi lh. og skilningur á lögunum orðinn ágætur; nú er þetta orðið þingmannsins biflía, sem hann trúir á og vill fá aðra til þess að trúa á. En svona er það stundum, þegar maður sýnir meiri ofsa en vera á, þá verður manni allt að vopni, þó færra verði að verju. Þó veit hann eða hlýtur að vita, að Danmörk er stundum álitin að merkja hið sama sem Danaveldi eða Danmerkurríki, og muni hann eptir því, að Íslendingar (þar á meðal Jón Sigurðsson) sátu á hinni fyrstu grundvallarlaga-samkomu fyrir Danmerkurríki 1849. Jeg ætla nú eigi að tala meira til h. h. þm., en snúa mjer að h. h. minni hluta. Hann lofaði að koma seinna til tilskipunar 20. marz 1815, sem innleiddi ríkisbankapeninga, en hann gleymdi því, sá góði maður, alveg. Þessi tilskipun frá 20. marz áhrærandi umbreytt myntarlag og peningagildi á Íslandi innleiðir ríkisbankapeninga og ríkisbankaseðla á Íslandi, og hún hefur yfir höfuð sama efni inni að halda, eins og stofnskrá bankans frá 5. jan. 1813, nema hún undanskilur fasteign landsins frá bankaveði. Þetta er munurinn, en í öllu verulegu innleiðir þessi tilskipun hið sama ástand hjer á landi, sem skapað var í Danmörku með stofnskrá bankans. Nú ítrekar konungur í oktroy fyrir þjóðbankann 4. júlí 1818 heitorðið, sem hann gaf ríkisbankanum, og með því virðist hann—og þetta verður eigi barið niður — einnig skuldbinda Ísland gagnvart þjóðbankanum, svo að engir seðlar megi þar gefast út, nema seðlar þjóðbankans. Enga seðla mátti gefa út í hertogadæmunum, nema seðla þjóðbankans og þar hafði bankinn jafnvel útibú (Filial), en enginn sjálfstæður banki var þar, en þó var bankaveðið eigi lagt á fasteignirnar þar. Því getur það eigi verið nein sönnun á móti máli voru, að bankaveðið eigi var lögleitt hjer, og þessa bið jeg h. h. þm. vel að gæta. Hinn h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) sagði, að þjóðbankinn hefði haft þá skyldu við Íslendinga, að innleysa seðla ríkisbankans, en engin rjettindi gagnvart þeim. Þetta er nokkuð nýtt, að nokkrum sjeu lagðar skyldur á herðar, án þess að þeim fylgi nokkur rjettindi; það er þó vant að fylgjast að. Jeg álít betra, að fara eigi lengra út í þetta mál að sinni, en ræða það heldur við 2. umr.; þó ætla jeg að geta þess, að það sem sagt hefur verið, að breytingar meiri hlutans gengju út á það, að endurnýja lánsstofnunina frá 1881, er eigi rjett, því að hjer er gjört ráð fyrir þeirri miklu viðbót, að innleiða hjer geymslubanka. Nú hefur þm. Ef. (A. Ó.) líklega tekið með sjer bækurnar að heiman, sem hann kvað sig vanta 1881, og get jeg því vel skilið, að hann vilji nú halda fyrirlestur fyrir oss hjer í þd. um banka, en jeg álít betra, að hann geymi það til 2. umr.

Arnljótur Ólafsson: Jeg ætla að eins að svara því, sem h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) sagði um tilskipun 20. marz 1815 um umbreytt myntarlag og peningagildi á Íslandi, að hún kæmi í staðinn fyrir stofnskrá bankans 5. jan. 1815. Þetta er rangt, því að hún kemur í staðinn fyrir tilsk. 5. jan. 1813 um breyting á peningamálum í Danmörku. Þessi tilsk. er þinglesin við landsyfirrjettinn 2. ág. 1813 og á synodusfundinum í Rvík 1815. En svo kemur brjef frá kancellíinu 24. apríl 1813 til stiptamtmannsins, þar sem segir að tilskipunina skuli eigi þinglesa að svo stöddu, því að kancellíið hugsaði að koma með tilsk. um peningabreytinguna, og hún kom 20. marz 1815, og snertir ekki rjettindi þjóðbankans; þar hefur því h. h. þm. *fis* fyrir *gis*. Stofnskrá bankans er þinglesin hjer, en þrátt fyrir það hefur hún þó ekki lagagildi hjer á landi. Þessu bið jeg h. h. þm. að koma inn í sinn ..... Kancellíið kom með tilsk. um peningabreytingu, en eigi stofnskrá bankans, bið jeg því h. h. þm. að lesa betur, áður en hann fer að halda hegningarræðu yfir oss hjer í d. Jeg segi það satt, að skyldur ríkisbankans voru að setja gangverð á

seðla hjer á landi, en rjettindin voru í því fólgin, að tekinn var lögtaki $^1/_6$ af öllum jörðum og tíundum í Danmörku (!) en ekki af einni einustu jörð hjer á landi. Þetta vona jeg að hinn h. þm. játi; hann hefur sagt það sjálfur, og ætti hann að trúa sjálfum sjer, þótt hann vilji ekki trúa mjer.

Grímur Thomsen: H. h. þm. Ef. (A. Ó.) rangfærði orð mín, því að jeg sagði einungis, að tilsk. 20. marz 1815, gefin út fyrir Ísland um myntarlag og peningagildi hjer, sem innleiðir ríkisbankaseðla og ríkisbankapeninga hjer á landi, hafi yfir höfuð, hvað peninga- og seðlabrúkun snertir, sama efni inni að halda eins og stofnskrá bankans frá 5. jan. 1813; nema að hún undan skilji fasteign landsins frá bankaveði. Þetta er munurinn; en að öllu verulegu innleiðir þessi tilsk. það peninga- og seðlaástand hjer á landi, sem skapað var í Danmörku með stofnunarskrá bankans. Nú ítrekar kg. í octroy fyrir þjóðbankann 4. júlí 1818 heitorðið sem hann gaf ríkisbankanum og með því virðist hann einnig skuldbinda Ísland gagnvart þjóðbankanum, svo að engir seðlar megi að svo stöddu út gefast hjer, nema seðlar þjóðbankans. Merkilegast er, þegar þm. Ef. (A. Ó.) af þeirri ástæðu, að Íslandi var í vilnað með bankaveðið í fasteign, leiðir þá ályktun, að þess vegna hafi þjóðbankinn hjer engin rjettindi, móts við skyldurnar; jú, hann hafði rjettindi, að *aðrir seðlar væri hjer á landi eigi útgefnir, en seðlar þjóðbankans*, meðan einkarjettindi hans gilda í þessu efni.

Forseti: Jeg get eigi látið greiða atkvæði í einu um annað en frv. e. d. og brt. minni hluta n., með því að jeg álít brt. meiri hlutans vera nýtt og sjálfstætt frv.

Grímur Thomsen: Slíkri atkvgr. mótmæli jeg með fullu og öllu, því að meiri hlutinn hefur að eins komið með brt. v. frv. e. d.

ATKVGR.: Frv. e. d. (C. 276) ásamt brt. minni hlutans (C 342) vísað til 2. umr. m. 12 atkv.; brt. meiri hlutans (C 340) vísað sömuleiðis til 2. umr. m. 15 atkv.

Ávarp til konungs; síðari umr.

ATKVGR.: Ávarpið sþ. m. 17 atkv.

Síðan sent landshöfðingja.

Áskorun til landsh. um, að annast um að þakklæti deildarinnar verði tjáð gefendum utanríkis, var sþ. í e. h.

Ávarpið til konungs er prentað í deildinni C 397.

Lfrv. um farmgjald skipa (C 283); 2. umr.

Flutningsmaður (*Benidikt Sveinsson*): Þar eð engar brt. hafa komið fram í þessu máli, þá sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um það, en óska að það gangi til 3. umr.

Eiríkur Kúld: Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að jeg hugsaði til að koma fram með bratkv., en þar eð ekki var tekið svo vel undir það þá, þá ætla jeg að sleppa því. Á eitt vildi jeg þó leyfa mjer að benda hinum h. ustm. (B. Sv. og J. Ó.), hvort þeir ekki sæu ástæðu til að auka 2. gr. á þann hátt að orðin „eða móttökumaður skipsins" komi á eptir skipstjóri. Það getur nefnilega opt staðið svo á því að skipstjóri komi svo peningalítill til landsins að hann geti ekki goldið, og þá er þessi ákvörðun heppileg. Um þetta vildi jeg biðja hina h. ustm. að hugsa, áður en kemur til 3. umr.

Jón Ólafsson: Jeg get sem 2. ustm. svarað hinum h. þm. Bst. (E. K.), að við getum ekki sjeð næga ástæðu til að taka till. hans til greina. Þó að skipstjórar kunni að vera peningalitlir, þá er farmurinn þó altjend nógu mikils virði til þess að vera veð fyrir þessu litla gjaldi; hver smálest hlýtur þó að vera meir en krónu virði. Fyrst að jeg tók til máls á annað borð, þá skal jeg bæta dálitlu við skýrslu þá, er jeg gaf við 1. umr. um smálestatal skipa, sem hingað koma. Jeg hafði þá ekki aðra skýrslu að halda mjer við, en skýrslu í Stjtíð. fyrir árið 1877, þá var smálestatalan fullar 20,000. Nú hef jeg haft tækifæri til að kynna mjer skýrslu um árið 1878, sem ekki er enn þá komin á prent, og það ár er smálestatalan stígin upp í 26000. Jeg bendi á þetta til þess, að sýna, við hvað mikilli upphæð megi búast við af þessu gjaldi fyrir lsj.

ATKVGR.: 1. gr. sþ. m. 18 atkv., 2. gr. sþ. m. 19 atkv., 3. gr. sþ. m. 19 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. m. 19 atkv.

Frumvarp til laga um friðun hvala (C 240); 2. umr.

ATKVGR.: 1.—5. gr. sþ. hver um sig m. 17 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. m. 18 atkv.

Frumvarp til laga um breyting á 7. gr. í lögum 14. desbr. 1877 um tekjuskatt (C 240); 2. umr.

Jakob Guðmundsson: Jeg get fyrir mitt leyti ekki álitið annað en að það sje miður sanngjarnt, að af skylduskatti, sem beinlínis er greiddur eptir lögum, skuli aptur vera krafinn annar skattur; jeg sje ekki að það geti verið annað en að greiða skatt af skatti eða sjálfum útgjöldunum.

ATKVGR.: Málið fellt frá 3. umr. m. 12:9.

Lfrv. um sölu á kirkjujörðinni Neðra-Háls í Kjós (C 169); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): Jeg hef ásamt þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) sjeð ástæðu til þess, að koma með þetta frv. inn á þingið. Hinn núverandi ábúandi þessarar jarðar vill fá hana keypta, vegna þess að hann er hinn nýtasti maður, sem bæði vill og getur gjört jörðinni mikið til góða, en hann gjörir það því að eins — um það er jeg viss — að hann fái hana keypta, því að hann er svo efnum búinn, að hann getur átt ábýli sitt og vill ekki vera leiguliði. Jeg veit það með vissu, að geti hann ekki eignast jörðina, þá vill hann ekki búa þar framvegis. Á þessari jörð hafa langfeðgar hans og frændur búið áður og gengur það honum eitt með öðru til þess, að vilja eignast þessa jörð öðrum jörðum fremur og búa á henni sem sinni eigin eign. Jeg er yfir höfuð ekki mikið með því, að farga eignum frá kirkjum; jeg er viss um, að kirkjurnar hafa bæði á þessari öld og á fyrri öldum beðið mikið tjón við slíka sölu. Þess vegna er jeg mótfallinn sölu á kirkjueignum, nema þar sem bersýnilegt er, að kirkjan bíði ekki skaða. Þetta á sjer stað með tilliti til þessarar sölu, eða rjettara sagt þessara jarðaskipta, eða jarðakaupa, sem hjer er um að ræða. Þessi jarðaskipti verða alls eigi dómkirkjunni til skaða, heldur fremur til hags, og um leið til hags fyrir kaupandann.

Jeg er kunnugur báðum þessum jörðum, sem skiptin eiga að fara fram á með þessari 3000 kr. milligjöf. Jeg hef búið 10 ár nálægt Helgafelli í Mosfellssveit og 6 ár nálægt Neðri-Háls í Kjós. Neðri-Háls er 29,6 hndr. að dýrleika, það er kúajörð allgóð, en túnið er undirorpið skriðum úr Reynivallahálsi, engjar ekki sjerlegar, útibeit allgóð fyrir sauði og hross, en landljett, svo að gefa verður lömbum og ám inni, þegar ekki er auð jörð, og mjög er þar ljett undir bú á sumrin. Enn má telja jörðinni til gildis, að hún hefur nokkra laxveiði.

Helgafell er 20,9 hndr. að dýrleika, og er mismunurinn þá ekki full 9 hndr. Það er ekki allur munur á landstærð nje landgæðum þessara jarða. Helgafelli má telja sjerstaklega til gildis, að sú jörð er ein hin betri engjajörð í Mosfellssveit, og túnajörð í betra lagi, og með beit mun jörðum þessum líkt farið.

Neðri-Háls hefur að undanförnu verið byggður með 177 kr. í allt eptirgjald, en í fyrra vor var eptirgjaldið hækkað að því leyti, að hálf laxveiðin var skilin frá og gengur hún nú til dómkirkjuprestsins í Reykjavík. Þessi laxveiði, sem presturinn hefur, gaf af sjer í fyrra, að frá dregnum kostnaði, 70 kr., og í ár um 60 kr., og hefur dómkirkjupresturinn skýrt svo frá, að ætla megi ágóðann af þessari laxveiði 50—60 kr. á ári, og taki maður hærri töluna, þá gefur þessi jörð af sjer á ári 237 kr. Helgafell hefur að undanförnu verið leigt fyrir 107 kr., og er það mjög vægur leigumáli og sem án efa mætti hækka.

Ábúandinn á Neðri-Hálsi hefur snúið sjer til dómkirkjuprestsins um söluna, og er hann raunar ekkert áfram um hana, en látið þó þá skoðun í ljósi, að boðið sje full-aðgengilegt, þegar á allt er litið. Aptur á móti hefur viðkomandi prófastur ráðið frá þessari sölu, og fyrir því má gjöra ráð fyrir, að stjórnin að svo komnu muni ekki samþykkja söluna.

Af því að ábúandanum er svo hughaldið, að ná þessum kaupum, þá hefur hann nú snúið sjer til þingsins, og jeg vona, að þingið vilji ekki láta standa á samþykki sínu, eptir að hafa fengið þessar upplýsingar, sem jeg þegar hef gefið.

Vilji þm. fá frekari upplýsingar, geta þeir snúið sjer til mín til að sjá þau skjöl um málið, sem jeg hef undir hendi.

Magnús Andrjesson: Jeg vil benda flm. á, að í 1. gr. frv. stendur ekki hvaða kirkjujörð Reykjavíkur eigi að selja, sem náttúrlega er ekki nema ógát, að bæjarnafnið er fallið burtu.

Hvað efnið sjálft snertir, þá sje jeg ekki að þetta mál þurfi að koma þinginu við. Jeg veit ekki betur, en að allt af hafi verið sótt um slík makaskipti til stj. Ábúandinn á Neðri-Hálsi getur farið þá leið; hann getur keypt Helgafell og síðan boðið það, sem virðist hæfilegt að auki. Jeg sje því ekki, að þessi leið gegnum þingið sje rjett valin og vil ráða hinum h. flm. að taka frv. aptur.

Eiríkur Briem: Það eru ekki hin sjerstöku atriði málsins, sem jeg vildi minnast á, en jeg vildi að eins benda á hitt, hversu nú er orðið áliðið þingtímann, þar sem þegar er komið fram yfir hinn lögákveðna þingtíma, og þingið hefur einungis verið lengt um fáa daga. Nú fyrst kemur þetta frv. hjer til 1. umr. og á því eptir að ganga í gegn um 2. umr. í þessari deild og 3 í e. d. Þegar á þetta er litið, þá vil jeg víkja því til flm., hvort hann sjái nokkurn veg til þess, að frv. komizt fram á þessu þingi, og með því þingið einnig hefur mörgum og miklum störfum að gegna um þennan stutta tíma, sem eptir er, þá vil jeg víkja því til hans, hvort hann ekki sjái ástæðu til að taka frv. aptur.

Eiríkur Kúld: Jeg er samdóma 2. þm. Á. (M. A.) um, að þetta mál þurfi alls ekki að koma fyrir þingið, því að þótt í 1. gr. standi „*selja*“, þá er hjer um makaskipti að ræða. En að öðru leyti er jeg mótfallinn frv. vegna þess að hvað mikla kosti, sem flm. tók fram um Helgafell, þá reiknaði hann þó afgjaldið þaðan eigi nema 107 kr., sem ásamt 4% af 3000 kr. (120 kr.) verður að eins 227 kr., en afgjaldið af Neðra-Hálsi sagði hann að væri 227 kr., svo að þessi skipti eru jafnvel í óhag nú fyrir dómkirkjubrauðið, og hvað mun það þá verða eptir lýsingu flm., þegar hinn núverandi ábúandi er efna- og dugnaðarmaður, sem hefur vit og vilja á að bæta jörð sína? Þess vegna vil jeg benda þeirri ust. að flm. (Þ. K. B.), hvort hann vill ekki taka frv. aptur í þetta sinn. Jeg sný mjer til hans eingöngu, þó að jeg sjái, að þm. Rvk. sje með honum í þessu máli, því að það kemur mjer svo óvænt, að hann (þm. Rvk.), sem annars ekki er vanur að vera hlynntur þjóðjarða- og kirkjujarðasölu, skuli nú vilja láta þessa 1 kirkjujörð, það kemur mjer svo óvænt, segi jeg, að jeg held honum sje varla full alvara með það.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil helzt ekki þurfa að fara út í ástæðurnar fyrir þessari sölu. Jeg vil helzt ekki þurfa að tala um annað en að mótmæla því, að þingið hafi nokkurn rjett til að fjalla um þetta mál. Það kemur eptir mínum skilningi þinginu ekkert við. Það er sala á kirkjujörð, og sú sala er fyrir utan verkahring þingsins. Síðan löggjafarþingið hófst, hefur það aldrei leyft sjer að fjalla um sölu á kirkjujörðum, því að það hefur ekki rjett til þess. Kirkjujarðir verða aldrei í rjettum skilningi heimfærðar undir 23. gr. stjórnarskrárinnar. (*J. Ó.*: Þjóðkirkjujarðir). Þjóðkirkjujarðir eru *ekki þjóðjarðir*. Það er einnig athugavert, að hver ein kirkjujörð er ekki eign þjóðkirkjunnar yfir höfuð, heldur er hún eign einnar einstakrar kirkju, og þess vegna er ekki meiri rjettur, að taka jörðina frá kirkjunni og selja hana, heldur en að taka eignarjörð einhvers einstaks manns, t. a. m. bóndans á Neðra-Hálsi, og selja hana, en það mundi honum þykja ærið hart, að því er jeg held, ef þingið leyfði sjer það. Svo er annað atriði, að þegar á að selja þjóðjarðir, þá eru heimtaðar skýrslur og skýringar, en hjer liggja ekki fyrir neinar skýrslur nema frá hlutaðeigandi presti og framburður þess, sem vill kaupa jörðina, og svo álit hlutaðeigandi prófasts um málið. Og presturinn segir ekki meira en það, að ekki sje ástæða til að óska að jörðin verði seld. Jeg hef að vísu heyrt, að þessi heiðraði ábúandi hafi viljað snúa sjer til stj., en þá hafi hann heyrt sagt að stj. mundi ekki vilja sinna málinu, og þá hafi hinn h. flm. lagt honum þetta þjóðráð, að það væri bezt að láta þingið selja jörðina, eða eins og það stendur í frv. „*veita heimild*“ til sölunnar. En jeg veit ekki frá hverjum sú heimild á að vera komin til þingsins. Frá alda öðli og til þessa dags hefur konungur einn leyft stöku sinnum að hafa skipti eða sölu á kirkjujörð fyrir aðrar

jarðir. Jeg vona þess vegna og vænti, að þd. kannist við þá skyldu sína, að vísa þessu máli frá sjer til rjettrar leiðar. Jeg vildi helzt, eins og jeg sagði áður, hlífa mjer við, að minnast á efni þessa máls. En jeg skal í almennum orðum geta þess, að jeg held það sje komið ofmikið af sölu kirkjujarða og jafnvel meir en nóg fyrir Rvíkur dómkirkju. Jeg held að sá heiðraði prestur, sem gaf eptir að Hlíðarhús og Sel væru seld, hefði sannarlega betur látið það ógjört, því að einmitt með því hefur prestakallið beðið stórmikið tjón, eins og sjá má alstaðar á landinu þar sem kirkjujarðir hafa verið seldar. Enda hefur ætíð orsök sölunnar verið sú, að einstakir menn hafa viljað kaupa jarðirnar og prestarnir hafa svo af meinleysi látið það eptir þeim. Þegar talað er um sölu þjóðjarðanna, þá er aðalástæðan sú, að fjölga sjálfseignarbændunum. Ef sú ástæða ætti að gilda hjer, þá minnir mig að hlutaðeigandi bóndi væri sjálfseignarbóndi áður en hann flutti að Neðra-Hálsi. Mun hann hafa flutt af eignarjörð sinni, á þessa jörð, þó að hann gæti nú fengið þessa jörð keypta, og honum svo ef til vill, hugkvæmdist að flytja af henni og á aðra jörð, er hann vildi fá keypta, þá fjölguðu ekki sjálfseignar bændur fyrir það; sú ástæða á hjer því ekki við. Jeg neita því ekki, að hinn heiðraði bóndi á Neðra-Hálsi sje framkvæmdasamur og duglegur í fleiru en að fá kirkjujarðir keyptar. Flm. (Þork. B.) sagði, að hann vildi „gjöra jörðinni til góða, en þó ekki nema hann fengi hana keypta". Það getur verið mikið heiðarlegt að hafa þennan hugsunarhátt; en þó held jeg að annar hugsunarháttur geti verið enn þá heiðarlegri nl. sá, að bæta býli sitt, án tillits til þess hver það á. Flm. vildi segja að salan væri ekki kirkjunni bersýnilega til skaða en jeg held þm. Bst. hafi þó sýnt með reikningi, að svo sje. Þegar flm. var að telja upp hlunnindi jarðarinnar, þá gleymdi hann einum kostinum, og það er beitutekja, sem öllum er kunnugt, að er eitt með beztu jarðarhlunnindum nú á dögum. En jeg ætla ekki að fara lengra út í það, heldur held fast við, að þd. vísi málinu frá, sem sjer óviðkomandi eða sem hún ekki hafi heimild til að fjalla um.

Benidikt Sveinsson: Jeg get ekki skilið, hví þingið hefur ekki heimild til að fjalla um þetta mál. Skoðum stjórnarskrána 23. gr. Þar stendur „að ekki megi án lagaboðs selja eða láta selja af hendi neina af jarðeignum landsins". Það er því móti stjórnarskránni, þó það hafi við gengizt að stjórnin sje einráð um að láta þjóðjarðir af hendi bæði til sölu og í makaskiptum. En að kirkjujarðir sjeu ekki sömu reglum háðar og þjóðjarðir yfir höfuð að tala, fæ jeg ekki skilið. Og hver er ástæðan til að útiloka þingið frá atkvæði í slíkum málum? Er það vantraust á þinginu? Jeg vona ekki; jeg vona miklu fremur, að þinginu sje bezt til þess treystandi að sjá hið rjetta í þessum málum.

Halldór Kr. Friðriksson: Þm. Bst. (E. K.) byrjaði á því, að það verð, sem boðið væri fyrir jörðina, væri of lágt; því að jörðin gæti tekið svo miklum umbótum, og væri salan fyrir þá sök óaðgengileg fyrir prestakallið. En hve nær skyldu þær umbætur verða gjörðar, og hver skyldi eiga að borga þær? Jeg gjöri ekki ráð fyrir að presturinn í Rvík fari að láta gjöra þær umbætur, eða muni borga þær, og þá verða umbæturnar engar, meðan jörðin er eign dómkirkjunnar í Reykjavík, en þótt sá, sem keypti jörðina, gjörði umbætur á henni, mundu þær kosta nokkuð, og þá verður hann að telja sjer leigur af því fje. Þm. segir, að þetta mál heyri undir umboðsstjórnina; en jeg segi nei. Samkvæmt stjórnarskránni heyrir það einmitt undir þingið, að fjalla um málið. Það lítur svo út sem bæði þm. Bst. og 1. þm. G. K. (Þór. B.) vilji láta prófastana eina ráða, hvort selja skuli kirkjujarðir eða ekki. Segi prófasturinn nei, þá verður ekkert af sölunni, hvernig sem á stendur. Jeg vonast til þess, að 1. þm. G. K. játi, að stjórnin hefur selt svo margar jarðir til skaða fyrir prestaköllin, að það virðist ekkert óþarft, að þingið hefði svo lítið hönd í bagga með slíkri sölu. Jeg ætla að nefna Sel og þá Eyri við Skutulsfjörð, og margar fleiri gæti jeg nefnt. Jeg játa það, að jeg hef ekki verið með þjóðjarðasölu hingað til; en því síður hef jeg verið með því að selja kirkjujarðir. En úr því að umboðsstjórnin er nær því daglega að selja þessar jarðir eða hafa á þeim makaskipti, þá get jeg ekki sjeð, hvað getur verið fremur

því til fyrirstöðu, að þessi jörð sje seld, heldur en margar aðrar. Jeg verð að segja það, að mjer þætti það skrítið, ef þingið ætti ekki að hafa atkvæði í þessu máli, þar sem þess þó er krafizt undir eins og búið er að eyðileggja brauðin með því að selja undan þeim jarðirnar, að landssjóður bæti skaðann; það liggur í augum uppi hverjum skynsömum óvilhöllum manni, hversu haganlegt það er fyrir landssjóðinn, að umboðsstjórnin eptir ráði prófastanna sje að selja kirkjujarðirnar, og komi svo á eptir og segi við þingið: "Brauðið hefur beðið svo mikinn halla, ef til vill beinlínis fyrir þessa jarðasölu, að það þarf uppbótar við; nú verður þingið að leggja því 300—600 kr. úr landssjóði". Jeg get því ekki betur sjeð, en það liggi þinginu næst, að fjalla um slík mál, áður en þeim er ráðið til lykta.

Jón Ólafsson: Mig furðar á, að hinn h. 1. þm. G.K. (Þór. Böðv.) skuli halda því fram, að konungur einn hafi leyfi til að selja kirkjujarðir. Hann sagði, að kirkjujarðir væri prívateign; en hefur þá konungur leyfi til að selja prívateign? Annaðhvort eru kirkjujarðir prívat eða opinber eign. Ef þær eru prívateignir, hefur kg. ekki leyfi til að selja þær. En ef þær eru opinberar eignir, nú, hefur þá þingið ekki atkvæði um þær, eins og aðrar jarðeignir landsins? Ef þ. ekki hefði þetta atkvæði, skil jeg ekki hvernig það hefur getað flutt jarðir frá einu brauði til annars, eins og gjört er með 3. gr. prestakallalaganna. Jeg skil heldur ekki annað, en að það sje brot móti 23. gr. stjórnarskrárinnar, þegar stjórnin, án þess þ. komi til, fargar kirkjujörðum. Er það meiningin, að þ. hafi skyldur en ekki rjett gagnvart kirkjueignunum? Mjer þætti gaman að vita, hvenær konungur hefur orðið formyndari kirknanna án þess alþing sje um spurt. Jeg álít þ. eigi að halda þeim rjetti, sem það hefur í þessu tilliti.

Þorkell Bjarnason: Jeg er samdóma þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) og fl. um sölu á kirkjueignum, að þinginu hljóti að vera heimilt að fjalla um málið. Ef stjórnin hefur heimild til að selja kirkjueignir, þá hefur þ. það, og ætti að hafa það miklu fremur. Jeg vildi taka fram, að þar sem h. háttv. þm. Bst. (E. K.) sagði að þetta mundi vera kirkjunni í óhag, jafnvel eptir þeim leigumála sem nú er, þá er það reikningur dómkirkjuprestsins en ekki minn reikningur, sem jeg skýrði frá. Jeg get borið um það, að laxveiðin hefir stundum ekki einu sinni borgað tilkostnað, svo á það það þarf ekki mikið að byggja, og þar sem það hefir verið tekið fram, að þar væri beitutekja, þá veit jeg ekki til, að hún hafi verið þar nú síðastl. 3 ár. *(Þórarinn Böðvarsson:* Það veit þó jeg). En samt sem áður af því svo er orðið áliðið þingtímans, fellst jeg á tillögu hins h. 2. þm. Hv. (E. B.) og *tek frv. aptur* að þessu sinni.

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja kirkjujörðina Karlsskála í Reyðarfirði (C 177); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson) lýsti yfir því, að hann *tæki frv. aptur*, af sömu ástæðu sem næsta mál á undan hefði verið aptur tekið.

Fertugasti og áttundi fundur, miðvikudag 15. ágúst kl. 6—8½ e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C 138); 2. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Með því að engar br. eru komnar fram við frv., þá ætla jeg ekki að lengja umræðurnar að sinni. Jeg skal að eins geta þess, að á bls. 2 í nál. 26. gr. frv. hafa af ógáti komizt inn orðin: „meðan þingið stendur yfir", og skal jeg biðja hina h. þm. að stryka þessi orð út.

Arnljótur Ólafsson: Hin h. þd. samþykkti við 1. umr., að frv. skyldi rætt í einu lagi, en eigi sem 2 frv., og var þetta viturlega gjört af d. En aptur er mjer eigi ljóst, hvort allir í d. hafa gjört sjer ljósa grein fyrir í hverju sambandi stjórnarskráin stendur við stöðulögin. Um daginn ljet jeg í ljós þá skoðun mína, að þær greinar úr stöðulögunum, sem vitnað væri til í stjórnarskránni, væru gildar hjer á landi sem stjórnarskrárgreinar, og gæti því eigi orðið breytt án samþykkis alþingis. Svo er um 2. 3. og 5. gr. sbr. 6. gr. stöðulaganna, og verður þessum greinum eigi breytt af hinu almenna löggjafar-

valdi ríkisins fyrir *vora hönd*, nema því að eins, að alþingi samþykkti br. fyrir *Íslands hönd*. Í 3. gr. stöðulaganna eru talin upp hin sjerstaklegu málefni Íslands, sem hjer eru nefnd í 2. gr. frv. Ef nú ríkisdagurinn t. a. m. vildi draga burtu úr þessari gr. nokkuð af málefnum Íslands t. a. m. fiskiveiðar, verzlun eða því um líkt, og færði til ástæðu, að þessi mál væri að meiru eða minna leyti *sameiginleg* mál, hvað myndum vjer þá segja, ef þessi br. væri gjörð af ríkisdegi og konungi án þess að vjer værum um spurðir? Vjer myndum segja, að slík lög væri brot á stjórnarskránni og hefðu því alls ekki gildi hjer á landi, nema því að eins, að konungur og alþingi samþykkti lögin. Sömuleiðis álít jeg hins vegar, að vjer getum eigi breytt þessum greinum í stöðulögunum án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins samþykkti br. Rjettur beggja löggjafanna er correlatum eður gagnsamhverfur. En hitt skal jeg taka fram, að í þessu frv. er eigi gjörð br. á 2., 3. og 5. gr. í stöðulögunum, með því að þær eru annaðhvort orðjett eður efnisrjett teknar upp í frv., og það er, að minni hyggju, enginn efi á því, að vjer höfum fulla heimild til að leggja það til, að þessar gr. stöðulaganna sem vitnað er til í stjórnarskránni, sje teknar með fullum orðum upp í stjórnarskrána. Vjer höfum aftur á móti eigi heimild til að færa gr. þessa með minnstu br. yfir í stjórnarskrána, nema hið almenna löggjafarvald ríkisins samþykki br. Þess vegna held jeg, að enginn vafi sje á, að konungur *vor* geti staðfest þessar br., sem hjer er farið fram á.

En nú er annað atriði, sem kemur til skoðunar, ef vjer viljum breyta stöðulögunum; en með því að vjer eigi förum fram á slíka br., þá ætla jeg eigi að tala um það, heldur að eins benda á 6. gr., sem mjer finnst geta leikið efi á hvort eigi sje breytt í frv. Br. er eigi bein, því að vjer tölum ekkert um skrifstofuna í Kaupmannahöfn eða gjöldin til hennar. En vjer setjum annað stjórnarfyrirkomulag í staðinn fyrir það, sem nú er, þar sem í frv. segir: að milli konungs og landshöfðingja skuli enginn millilið̃ur vera. Hjer er því með beinni ákvörðun gjörð br. á skrifstofunni í Kaupmannahöfn, þótt það eigi sje sagt með beinum orðum. Það er enn fremur sagt í 6. gr. frv.: „Fyrir málefni Íslands skal sjerstakur skrifari skipaður í skrifstofu konungs“. Þessi maður gjörir ekkert annað en taka á móti málunum frá lh., leggja þau fyrir konung og afgreiða þau síðan frá konungi til lh. Þessi maður er því sem sendimaður milli konungs og lh. Nú skilst mjer, að hjer sje gjörð br. á 6. gr. stöðulaganna fyrir því, að skrifarinn í skrifstofu konungs rekst í bága við hina íslenzku stjórnardeild í Kaupmannahöfn, eður kemur í stað hennar. Í 6. gr. stöðulaganna er eiginlega talað um kostnaðinn til ísl. deildararinnar, en þegar sett er annað í staðinn fyrir skrifstofuna þá koma menn í bága við það stjórnarfyrirkomulag, sem nú er, þótt það komi eigi glöggt fram.

Nú skal jeg víkja fáeinum orðum að skipulagi hinnar æðstu stjórnar, þar sem jeg er eigi fyllilega samþykkur meðnefndarmönnum mínum. Í 5. gr. frv. stendur: „Landshöfðinginn hefur ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt“. Eptir þessari ákvörðun skilst mjer, að lh. hafi ráðgjafaábyrgð fulla, þ. e. að hann sje reglulegur ráðgjafi konungs. En nú er mjer eigi ljóst, hvernig fer með undirskrift konungs. Á konungur að skrifa undir að eins í nærveru skrifarans, eða á konungur að taka við frv. þingsins og tillögum landshöfðingja hjá skrifaranum og skrifa undir þær í ríkisráðinu, og síðan færa skrifaranum þær aptur, til þess að hann geti afgreitt annað ritið til lh.? Nú með því að lh. hefur einn ábyrgðina, þá lítur út fyrir, eður má telja víst, að konungur geti eigi undirskrifað í ríkisráðinu, heldur í nærveru skrifarans. Lh. skrifar nú undir með konungi sem ráðgjafi. En á nú lh. að skrifa undir áður en hann sendir frv. eður tillögu sína til konungs til undirskriftar, eða á hann að skrifa undir seinna? Um þetta standa engin ákvæði. Enn fremur er jeg mótfallinn fyrirkomulagi þessu vegna fjarlægðarinnar. Fæ jeg eigi skilið, að slíkt geti gengið, þegar samgöngurnar eru svo litlar og erfiðar, sem þær eru. Þetta skipulag getur átt sjer stað milli Hollands og Luxemborgar; en í Luxemborg er og að eins ráðaneyti, en eigi lh., sem hefur svo mikið framkvæmdarvald. Það er einkum fjarlægðin, sem jeg legg mikla áherzlu á. Hygg jeg miklu hentugra

hjer á landi stjórnarskipunarlag líkt því, sem er t. a. m. í Kanada, þar sem landstjórinn er ímynd konungs, og hefur ráðgjafa undir sjer; enda er sú hugmynd eiginlega sama sem jarlshugmyndin, er menn hafa áður aðhyllzt hjer á landi. Jeg skal eigi mæla frekara með þessu, því að jeg hef eigi komið með neina breyting. Jeg hef að eins viljað vekja athygli manna á þessum atriðum, því að jeg álít nauðsynlegt, að ræða með stilling og gætni um sambandið milli hinnar æðstu innlendu stjórnar og konungs, og athuga vel og vandlega, hvort vjer þurfum miklar breytingar á stjórnarhögum vorum, til þess að komast áfram, eigi einungis úr hinum núverandi harðindum, heldur og til þess að taka framförum í líkamlegum og andlegum efnum, eður hvort framför vor sje eigi öllu fremur komin undir framför sjálfra landsmanna og hvers þeirra um sig.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Hinn h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) sagði, að þetta frv. kæmi í bága við 6. gr. stöðulaganna; samt játaði hann, að það gerði það ekki beinlínis, heldur að eins óbeinlínis og tók til dæmis *stjórnardeildina* í Khöfn. Viðvíkjandi þessu, leyfi jeg mjer að taka fram, að jeg held að þetta sje hreinn og beinn misskilningur. 6. gr. stöðulaganna hljóðar að eins um *gjöldin* til hinnar æðstu stjórnar hinna íslenzku mála í Khöfn, en ekki um fyrirkomulag hennar. Ef nú frv. færi fram á, að auka gjöldin fram yfir það, sem var, er stöðulögin komu út, þá væri allt öðru máli að gegna, en hjer er ekki farið fram á það, heldur að minni meiningu einmitt hið gagnstæða. Jeg get annars ekki sjeð, hvað stjórnardeildin í Khöfn getur komið stöðulögunum við. Þingmaðurinn veit, að hún er mörgum árum eldri en þau. Í 6. gr. stöðulaganna er að öðru leyti ekki slegið neinu föstu um fyrirkomulagið, en fyrirkomulag það, sem n. stingur upp á, er samkvæmt 1. og 3. gr. stöðulaganna, og getur því alls ekki komið í bága við 6. gr. þeirra. Viðvíkjandi því, sem hinn h. þm. Ef. (A. Ó.) tók fram um það, hvernig fara ætti með undirskript landshöfðingja og kg. undir lög, þá held jeg að engin vandræði geti af þessu risið, en jeg álít það þó ekki, að þörf sje á að ræða um það. Þar sem hann spurði um hver ætti að leggja lögin fyrir ríkisráð Dana, þá furðar mig stórlega á því, að þingmaðurinn skuli láta sjer *detta í hug*, að koma með þá spurningu, hvort leggja eigi það löggjafarmál, sem heyrir til hinna *sjerstaklegu* málefna Íslands, undir ríkisráðið, sem er bundið við það svæði, sem grundvallarlög Dana gilda fyrir. Það er *ómögulegt að hugsa* sjer, að það eigi að leggja sjerstök íslenzk mál fyrir ríkisráðið, sem einungis hefur ábyrgð gagnvart ríkisdeginum, eins og ætlazt er til að lh. hafi ábyrgðina gagnvart *alþ.* Í þriðja lagi tók hann það fram, að af því að fjarlægðin milli Íslands og Danmerkur væri svo mikil, þá væri þetta fyrirkomulag ekki heppilegt, en þetta fyrirkomulag er einmitt *nauðsynlegt vegna fjarlægðarinnar* og hins ólíka ásigkomulags landsins og staðháttanna; það er einmitt vegna þessa, að það er nauðsynlegt, að lh. hafi fulla stjórnlega ábyrgð fyrir alþingi. Þar sem þm. tók dæmi af fyrirkomulaginu í Luxemburg, þá virtist mjer það einmitt mæla með þessu fyrirkomulagi, en ekki á móti því; og þar sem hann hreyfði því sem mótbáru, að lh. hefði svo mikið framkvæmdarvald, þá get jeg ekki sjeð, að hann hafi meira framkvæmdarvald, en hver annar rg., sem á að sjá um að lögunum sje framfylgt. Jeg tek það upp aptur, að það er *fjarlægðin*, sem einmitt mælir með þessu fyrirkomulagi, en ekki á móti því. Þar sem hann kom með jarlshugmyndina, þá skyldi jeg fyrir mitt leyti ekki vera mótfallinn henni, en n. þótti ótiltækilegt, að fjarlægjast svo mjög það fyrirkomulag, sem er. N. hefur verið svo varkár, sem framast mátti, og gjört svo litlar breytingar, sem unnt var og engar breytingar, nema þær, sem voru beinlínis nauðsynlegar.

Jón Ólafsson: Jeg verð að játa, að jeg get ekki sjeð, hvernig þetta frv., sem hjer liggur fyrir, getur komizt í nokkurn bága við stöðulögin frá 1871, því að þótt fyrirskipað sje um eitthvað í stöðulögunum, þá er ekki þar með sagt, að það sje fyrir utan verksvið alþingis. Í 3. gr. stöðulaganna eru talin upp hin sjerstöku málefni Íslands. Um öll þau mál, er þar eru talin sjerstök, hefur alþingi fullt löggjafaratkvæði, án þess ríkisþing varði þar neitt um. Eigi maður að fara að álykta á þá leið, að af því að það sje tiltekið í

6. gr. stöðul., að *gjöldin* til hinnar æðstu stjórnar hinna íslenzku málefna í Kaupmannahöfn skuli greidd úr ríkissjóði, þá verði það að koma fyrir ríkisdaginn, ef fyrirkomulaginu á hinni æðstu stjórn í Kaupmannahöfn er breytt, svo er jeg hræddur um, að megi fá æði hæpnar og hættulegar ályktanir út úr sumum gr. stöðul. Eg fæ eigi betur sjeð, en að vel megi breyta *fyrirkomulagi* hinnar æðstu stjórnar þessara mála, án samþykkis ríkisdags, ef því fylgja engin aukin *gjöld*. Í 4. gr. stöðul. er *alþingi* nefnt; ætti það þá að koma undir löggjöf Dana, ef vjer breyttum því nafni? Þar er líka talað um eptirlaun, og færi nú svo, að vjer aftækjum öll eptirlaun, þá þyrfti eptir þessari kenningu að skjóta þeirri breytingu undir ríkisdaginn!! Nei, það eitt, er snertir takmörkin milli sameiginlegra og sjerstakra mála eða hin sameiginlegu mál eingöngu, liggur undir atkvæði ríkisþings, en *annað ekki* af því, er í stöðulögunum stendur.

Annars eru fáeinar lítilfjörlegar breytingar, sem jeg vildi leyfa mjer að benda hinni h. n. á, ef hún vildi taka þær upp við 3. umr.

Fyrsta br. er sú, að mjer þætti æskilegra og heppilegra nafn á þeim manni, sem hefur á hendi hin æðstu innlendu stjórn, að kalla hann landsstjóra, heldur en landshöfðingja. Þetta virðist ef til vill óverulegt, en það stendur þó á nokkru, þegar þetta landshöfðingjanafn verður til þess að bræðraþjóðir vorar á Norðurlöndum fá óæðri hugmynd um stöðu vora í ríkinu, en hún er að lögum. En til þess leiðir *landshöfðingja*-nafnið, vegna þess, að í Svíþjóð hafa þeir menn það nafn, sem svara til amtmanna hjer á landi.

Önnur br., sem jeg hef hugsað mjer, er við 19. gr. frv., eða 20. gr. nefndarálitsins. N. stingur upp á, að allir húsráðendur skuli hafa kosningarrjett, sem greiða 12 kr. á ári til sveitar. En nú vill svo illa til, að ekkert gjald er til hjer á landi, sem er óvissari mælikvarði fyrir efnahag manna en sveitargjald. Tveir menn jafn-efnaðir geta búið sinn í hvorri sveitinni og annar goldið til fátækra 20 kr., en hinn ekki nema 4 kr., þar sem ekkert aukaútsvar er. Jeg þekki dæmi til slíks. Þetta getur orðið svo hróplega rangt, því að þegar duglegur maður í einhverri sveit kemur svo góðu lagi á, að aukaútsvörin lækka, þá getur kjósendum fækkað í sveitinni, og hann sjálfur misst kosningarrjett sinn að launum fyrir dugnað sinn. Það væri því æskilegt, að annar mælikvarði væri hafður en gjöld til sveitar. Jeg get sagt það sem dæmi að fyrsta árið mitt á Austurlandi, þá galt jeg til sveitar um 25 kr., og átti þó ekkert, en síðasta árið mitt í sama hreppi, er jeg hafði um 2000 kr. tekjur, galt jeg ekki meira en 12 kr. Þessi mikla lækkun stóð í sambandi við síldaraflann og að háir gjaldendur voru komnir inn í hreppinn, sem báru mikið af sveitarþyngslunum. Jeg þekki sveitir, sem ekki leggja á eyri í aukaútsvar, heldur hrekkur fátækratíund til allra gjalda. Jeg hef þekkt sveit, þar sem hefur orðið að lána ómaga úr annari sveit til þess að setja á kristfjárjörð. Það geta því verið efnabændur, sem ekki borga 12 kr. til sveitar.

Mig furðar síður á því að óeðlilegri ákvörðun er haldið úr stjórnarskránni í frv., sem n. hefur ekki ráðið til að breyta, og það er, að kosningarrjettur skuli vera bundinn við 25 ár, en kjörgengisrjettur við 30 ár. Það er gagnstætt því hlutfalli, sem er eðlilegast, enda er það alveg öfugt í Danmörk. Til fólkþingsins hafa menn 25 ára kjörgengi, en kosningarrjett 30 ára. Það er ómögulegt að tryggja það á *nokkurn* hátt, að ekki verði til óhæfir kjörgengir menn, það er tilgangslaust að reyna það; hin einasta eðlilega trygging fyrir því að kosningarnar takist vel er að kjósendurnir sjeu bærir um að kjósa, og þegar til þeirra kemur, má setja takmörk og skilyrði sem eru þrengri, en skilyrðin fyrir kjörgengisrjetti. Þetta vildi jeg biðja hina h. n. að athuga, hvort hún sæi eigi ástæðu til að koma fram með breytingar í þessa átt fyrir 3. umr. Jeg hygg að engin af þessum breytingum hafi nokkur áhrif á það, hvort frv. nær samþykki eða ekki; sízt ætti aldursbreytingin að standa í veginum fyrir samþykki konungs, þegar þau aldurstakmörk, sem jeg sting upp á, eru lög í sjálfri Danmörku.

Jakob Guðmundsson: Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að hjer lægju ekki fyrir til umræðu stöðulögin, heldur stjórnarskráin, og af því — tók jeg þá einnig fram— að hjer væri ekki að ræða

um breytingar á stöðulögunum, heldur um breytingar á stjórnarskránni, með því líka að þótt einhverjar greinir væru teknar orðrjettar upp úr stöðulögunum í stjórnarskrána, þá væru þær greinir stjórnarskrárgreinir, en ekki stöðulagagreinir. Þetta virtist mjer ekki betur en 1. þm. Ef. (A. Ó.) skildi á sama hátt og jeg; að eins vildi hann halda, að nokkrar greinir úr stöðulögunum kæmu í bága við þær breytingar, sem fram á er er farið í frv. því, sem hjer liggur fyrir. Það er búið að taka fram, að 4. gr. kemur ekki í neinn beinlínis bága við stöðulögin. Jeg held n. hafi farið svo varlega, að hún hafi engar þær br. gjört, er komi í beinan bága við stöðulögin. En þó svo kynni að vera, getur kgr þá ekki ef honum svo sýnist borið málið undir ríkisdagiann án þess alþingi fari beinlínis að skjóta því til ríkisdagsins? Þess vegna get jeg ekki álitið, að það sje nokkuð það í þessum br., sem eigi að vekja hræðslu fyrir því, að þær komi í beinan bága við stöðulögin, og jafnvel ekkert það, sem konungur geti ekki samþykkt eptir beinum uppástungum alþ. með ráði ráðgjafans fyrir Ísland, án tilhlutunar ríkisdagsins.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Viðvíkjandi aths. 2. þm. Sm. (J. Ó.), skal jeg geta þess, að jeg fyrir mitt leyti er mjög fús á að breyta orðinu „landshöfðingi“ í „landstjóri“. Mjer hafði jafnvel hugkvæmzt það sjálfum. Jeg ætla menn muni ekki verða á móti því. Það er sannarlega betra og íslenzkulegra nafn, og jeg vona því, að það sje eptir skapi þm. Bf. (Gr. Th.). Viðvíkjandi hinni br. um kosningarrjettinn, þá er jeg á því, að það geti verið varúðarvert að binda hann við vissa upphæð, sem goldin er til *sveitar*. Það væri undarlegt, ef sveitarbændur með því að sveitin blómgaðist skyldu missa kosningarrjettinn, eins og hann benti á. Þess vegna er jeg fyrir mitt leyti fús á að breyta því í „til almennra þarfa“. Jeg vil hafa allt mögulegt samkomulag. Þá er 3. atriðið, um aldurstakmark hinna kjörgengu. Það er einmitt satt; það virðist vera öfug regla við það það, sem við gengst annarstaðar. En það er sjálfsagt að minni meiningu byggt á því, að það má búast við, að maðurinn sje orðinn þroskaðri og búinn að fá meiri lífsreynslu þegar hann er þrítugur, heldur en þegar hann 25 ára. Kjósendurnir geta auðsjáanlega ekki breytt því. Mjer er ekki eins ljóst að þessi br. sje til bóta; en jeg mun þó ekki gjöra það að ágreiningsatriði, og skal jeg svo ekki fara um það frekari orðum.

ATKVGR.: 1. gr. frv. (C 138) sþ. í e. h. Brt. n. v. 2. gr. (C 299) sþ. í e. h., 2. gr. frv. þannig br. sþ. í e. h.; 3. 4. og 5. gr. sþ. hver um sig í e. h.; 6. gr. (ný gr. frá. n.) sþ. m. 20 atkv., 6. gr. frv. þar með fallin; 7. gr. frv. sþ. í e. h.; brt. n. v. 8. gr. sþ. með 15 atkv., 8. gr. með þeirri breytingu sþ. í e. h.; ný gr. frá n., sem verður 10. gr., sþ. með 18 atkv.; 10.—15. gr. frv. sem verða 11.—16. gr., sþ. hver um sig í e. h. óbr., nema orðabr. við 13. gr., er var sþ. án atkvgr.; 17. gr. n. sþ. með 18 atkv., 16. gr. frv. þar með fallin; 17. gr. frv., sem verður 18. gr., sþ. í e. h.; brt. n. v. 18. gr. frv., sem verður 19. gr., sþ. í e. h.; 18. gr. frv. þar með fallin; brt. n. v. 19. gr. frv. sþ. hin fyrri (a. b.) m. 16 atkv., hin síðari í e. h.; 19. gr. frv., sem verður 20. gr., samþykkt þannig breytt með 20 atkv.; brt. n. v. 20. gr. 1. stafl. sþ. m. 20 atkv. og v. 2. stafl. sþ. m. 20 atkv.; 20. gr. frv., sem verður 21. gr., sþ. með 21 atkv.; 21.—27. gr. frv., sem verða 22.—28. gr., sþ. óbr. í e. h., nema orðabr. við 26. gr. sþ. án atkvgr. Brt. n. v. 28. gr. frv. sþ. hin fyrsta án atkv., önnur m. 20 atkv. og þriðja sþ. m. 18 atkv.; 28. þannig breytt, sem verður 29. gr., sþ. í e. h.; brt. n. v. 35. gr. frv. sþ. með 18 atkv. 29.—43. gr. sem verða 30.—44. gr., sþ. að öðru óbreyttar í e. h.; 45. gr. n. (ný gr. frá n.) sþ. m. 20 atkv.; 44.—46. gr. frv., sem verða 46.—48. gr., sþ. m. 21 atkv.; brt. n. v. 47. gr. samþ. hin fyrsta með 13 atkv., önnur með 20 atkv., þriðja með 12 atkv., 47. gr. frv., sem verður 49. gr., samþ. þannig breytt með 14 atkv.; orðabr. n. v. 48. gr. sþ. án atkvgr.; 48. og 49. gr. frv. sem verða 50. og 51. gr., sþ. m. 20 atkv.; brt. n. v. 50. gr. sþ. í e. h.; 50. gr

frv., sem verður 52. gr., sþ. þannig breytt í e. h.; brt. n. v. 51. gr. sþ. m. 19 atkv.; 51. gr. frv., sem verður 53. gr., sþ. þannig breytt með 20 atkv.; 52. og 53. gr. frv., sem verða 54. og 55. gr., sþ. óbreyttar í e. h.; orðabr. n. v. 54. gr. sþ. án atkv; 54. sem verður 56. gr., sþ. þannig breytt í e. h.; brt. n. v. 55. gr. sþ. hin fyrri með 20 atkv., hin síðari með 17, 55. gr. frv. þannig breytt, sem verður 57. gr., sþ. í e. h.; 56. gr. frv., sem verður 58. gr., sþ. óbr. í e. h.; orðabr. n. v. 57. gr. sþ. án atkvgr.; 57.—62. gr. frv., sem verða 59.—64. gr., sþ í e. h. ásamt einni orðabr. við 62. gr., sem samþykkt var án atkvgr.; 63. gr. frv., sem verður 65. gr., sþ. í e. h.; brt. n. v. 64. gr. sþ. m. 20 atkv.; 64. gr. frv., sem verður 66. gr., sþ. þannig breytt m. 19 atkv. Ákvarðanir um stundarsakir: brt. n., að nr. 1 falli burt, sþ. m. 16 atkv., að nr. 2 falli burt, sþ. m. 15 atkv.; brt. n. v. nr. 3 sþ. hin fyrri m. 20 atkv., hin síðari m. 20 atkv.; nr. 3 m. br. sþ. í e. h.

Frv. þannig breyttu vísað til 3. umr. í e. h.

Frumvarp til laga um breyt. á 2. og 3. gr. laga 11. sept. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík (C 284); ein umr.

Jón Ólafsson: Jeg hef ásamt nokkrum þm. tekið upp aptur ákvörðun í frv. þetta, sem var samþykkt hjer í þessari d. með miklum atkv.fjölda, en sem var felld í e. d. Orsökin til þess, að við tókum þessa ákvörðun upp aptur (brt. C 347) var sú, að við töldum eflausan rjett mannsins til þessara launa svo að það gæti orðið jafnvel til að spara fje, að láta hann ekki þurfa að sækja þessa viðbót með dómi. Að öðru leyti er mál þetta svo rætt hjer í d. og þær ástæður færðar fyrir því, að jeg tel óþarfa, að taka þær upp aptur, enda vona jeg, að hinir h. d.menn hafi sömu skoðun á því, nú eins og seinast.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal svara h. h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) því, að þar sem brust. hans og annara h. þm. er auðsjáanlega komin fram til að spara fje, svo sem í málskostnað eða þesshättar, en engan veginn til að bæta kjör þess landlæknis, sem nú er,—þá virðist mjer ekki svo viðurhlutamikið að fella ust., því að það myndi að minnsta kosti ekki kosta landlæknirinn nje lsj. mikið, að halda málinu til laga. Jeg held að það sje ekki ráðlegt, að aðhyllast þessa brust., einnig af þeirri ástæðu, að málið getur þá komist í sameinað þing og þá spinnast langar ræður um hana, og við það kemur kostnaður, er jeg hræddur um, þar sem ust. þessi á svo marga málskarpa verjendur.

Eiríkur Kúld: Jeg tek það ekki til mín, sem h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) sagði um málskarpa verjendur þessarar breytingaruppástungu. Tilgangur okkar var einungis sá, að rjetti þess manns væri eigi hallað, sem nú gegnir landlæknisembættinu, og h. hæstv. lh. skýrði um daginn svo ítarlega frá skoðun sinni á þessu máli, að enginn vafi virðist mjer á því, að rjettur hlutaðeigandi embættismanns er fyrir borð borinn, ef tillagan frá e. d. nær fram að ganga. Kostnaður sá, sem af því myndi leiða, að málið kæmist í sameinað þing, er víst ekki svo mikill, að hann þurfi að óttast; það getur varla verið ástæða fyrir synjun sþ. á uppástungu okkar.

Holger Clausen: Jeg er þakklátur h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) fyrir það prædikat, sem hann gaf okkur, sem stöndum undir brust. Jeg setti mitt nafn undir brust. ekki af þeirri ástæðu, að jeg vildi spara málskostnað fyrir landssjóð, heldur vildi jeg gjöra landinu greiða á annan hátt. Þessi maður, sem nú þjónar embættinu, er duglegur maður, sem óheppilegt er að missa hjeðan, en fái hann ekki þau laun, sem hann þykist eiga tilkall til, er hætta við því búin, að hann fari hjeðan.

Jakob Guðmundsson: Jeg er h. h. þm., sem nú settist niður, alveg samdóma.

ATKVGR.: Brt. (C 347) felld með 13 atkv. gegn 8. Frv. óbreytt sþ. með 14 atkv. gegn 4, og sent lh. sem *lög frá alþingi.*

Fyrirspurn til lh. um verzlunarsamn-

ing við Spán (C 347), frá 2. þm. Sm. (Jóni Ólafssyni).

Leitað samþykkis deildarinnar að bera hana upp.

ATKVGR.: Samþykkið veitt með 15 atkv.

Fyrirspurn til lh. um heimild til eptirlauna handa Ben. Gröndal (C 347), frá 2. þm. Sm. (Jóni Ólafssyni).

Leitað samþykkis deildarinnar að bera hana upp.

ATKVGR.: Samþykkis synjað með 11 atkv. gegn 7.

Fertugasti og niundi fundur, fimmtudag 16. ágúst. Allir á fundi.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1880—81 (C 81); frh. 1. umr,

Framsögumaður (Gunnlaugur Briem): Hvað þetta fjáraukalagafrv. snertir, þá hef jeg við 1. umr. málsins tekið fram það helzta, og finn jeg því ekki ástæðu til að orðlengja nú frekar um það. Eins og hinni h. d. er kunnugt, stendur þetta frv. í mjög nánu sambandi við landsreikningamálið og þarf að skoðast með hliðsjón til þess. Hvað meðferð n. á málinu snertir, þá skal jeg geta þess, að n. hefur leitast við af ýtrasta megni að við hafa alla mögulega sanngirni; þannig hefur hún viljað fallast á allar þær umframgreiðslur, sem hún áleit nauðsynlegar, og hins vegar ráðið til að synja um samþykki þingsins til þeirra umframgreiðslna, sem hún áleit óþarfar og ónauðsynlegar (nefndarálit C 349).

Landshöfðingi: Þar sem nál. er nýlega fram komið hef jeg ekki haft tækifæri til að kynna mjer innihald þess, og get því á þessu stigi málsins ekki látið álit mitt í ljósi um það. Jeg geymi mjer þess vegna rjett til að láta í ljósi álit mitt um það við 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Frv. til laga um samþykkt landsreikninganna 1880 og 1881 (C 54); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Gunnlaugur Briem): Það er eins með þetta mál og fjáraukalagafrv. að jeg finn ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að fjölyrða um það. Geta skal jeg samt þess, að af allri þeirri miklu fyrirhöfn, sem bæði yfirskoðendur og n. hafa haft við rannsókn reikninganna, mun peningaárangurinn verða heldur lítill. Við öðru er heldur ekki að búast en að svo verði hjeðan af, þar sem stjórnin hefur haft tækifæri til að kynna sjer athugasemdir yfirskoðunarmanna og taka þær af þeim til greina, er henni hafa þótt á rökum byggðar. Það er eðlilegt, að yfirskoðunarmenn álíti sig skylda til að fara í þessu tilliti á fremstu grös, og að stjórninni geti því ekki getizt að sumum athugasemdum þeirra. Nefndin hefur nú leitazt við að vera sem miðlunarmaður milli þessara tveggja parta, og reynt að við hafa alla nærgætni með því eins og jeg gat um áðan að ráða til að fallast á þær umframgreiðslur, sem nauðsynlegar virtust, en hafna hinum (nefndarálit C 349). Þar sem n. hefur fallizt á tillögur yfirskoðunarmannanna, hefur henni ekki virzt þörf að skýra frá ástæðum sínum. Meðferð hennar á málinu verður að líkindum að litlum notum, að því er hinn liðna tíma snertir, en hefur meiri þýðingu fyrir hinn ókomna tíma. eða hvernig eptirleiðis muni verða tekið í ýms mál. Jeg skal loks geta þess, með tilliti til reikninga Möðruvallaskólans, að það er ófært að leggja fyrir þingið og hafa til meðferðar reikninga, sem yfirskoðunarmönnum ekki hefur gefizt færi á að athuga, og væri óskandi, að slíkt þyrfti ekki að koma fyrir framvegis. Fer jeg svo ekki fleiri orðum um málið, en óska að það verði látið ganga til 2. umr.

Grímur Thomsen: Jeg skal játa, að það er satt, sem hinn h. 2. þm. Skg. (G. Br.) sagði, að yfirskoðunarmenn álitu sjer skylt að fara á fremstu grös með kröfur sínar gagnvart stjórninni. Hitt er líka eðlilegt, að sú n. sem þ. kýs til að yfirfara landsreikningana sje miðliður milli milli yfirskoðunarmannanna og þ. og stjórnar. Jeg er n. þakklátur fyrir að hún virðist hafa farið mjög vandvirknis- og nærgætnislega gegnum athugasemdirnar og frv. stjórnarinnar og enn fremur sumstaðar tekið athugasemdir yfirskoðendanna til greina, þar sem stjórnin ekki sinnti þeim; þó hefur n. verið fúsust til þess þar sem um smáa upphæð er að ræða, en hefur ekki verið eins ótrauð við hinar stóru upphæðir nema á óvissum út-

gjöldum. Jeg verð samt sem áður eins og jeg hef tekið fram, að játa að n. hefur farið mjög vandvirkilega að og þakka jeg henni fyrir það.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Tillögur til þingsályktunar viðvíkj. andi landsreikningunum (C 356); 1. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Frv. t. laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum (C 338); 3. umr.

Gunnlaugur Briem: Jeg var hvatamaður til þess, að koma fram með brust. þá. sem hjer er fram komin, (C 364), og var það í þeim tilgangi gjört að koma í veg fyrir óþarfan eltingaleik, eða jafnvel misbrúkun á lögunum. Þessi orð: „sem ekki eru sjálfbjarga“ virðast mjer taka af allan efa, svo að ekki þarf að deila um þetta, sem áður stóð, “innan skamms“, og „líkindi eru til“. Það hefur komið fram í ræðum manna, að ákvörðunin eins og hún var, væri hörð og órýmileg, og vona jeg að brt. gjöri því heldur að bæta en skemma frv. í heild sinni, enda gjörir þessi brust. enga aðra verulega breyting á frv.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): H. h. þm., sem nú settist niður, tók það fram. að brust. færi ekki fram á neinar verulegar breytingar á frv. Um það er jeg honum reyndar ekki alveg samdóma; en jeg skal samt sem áður ekki halda málinu til kapps, en verð þó að taka það sterklega fram um 3. gr. að *eins og hún er* nefnil. óbreytt, er hún byggð á *almennum grundvallarreglum* laganna, og því í sjálfu sjer ekkert á móti því, að sþ. hana þannig lagaða án allra breytinga.

Þórarinn Böðvarsson: Ef brust. þessi verður sþ., verður nokkur mótsögn í frv., þar sem ákvörðunin um framfærslu skylduómaga um 3 ár stendur óhögguð.

Jón Ólafsson: Jeg held að það verði ekki skaðleg mótsögn í frv. þó að brust. sje sþ. Annars gleður það mig að h. h. frsm. (B. Sv.) gjörir ekki brust. þessa að kappsmáli; hún er að mínu áliti til mikilla bóta fyrir frv. og vil jeg því eindregið mæla með því, að hún verði sþ.

ATKVGR.: Brt. (C 364) sþ. með 12 atkv. gegn 4.

Frv. með áorðinni br. sþ. í e. h., og sent síðan e. d.

Frumvarp til laga um sölu á Sauðafellskirkjujörðinni Hömrum í Laxárdal í Dalaprófastsdæmi (C 337); 3. umr.

ATKVGR.: Frv. sþ. orðalaust í e. h., og síðan sent e. d.

Frumvarp til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða (C 338); ein umr.

Jakob Guðmundsson: Þó að það sje skoðun mín, að breyting sú, sem h. h. e. d. hefur gjört á frv., sje ekki sem æskilegust hvað niðurskipun orðanna snertir, þá ímynda jeg mjer þó, að hún geti ekki orðið til skaða fyrir málefnið.

ATKVGR.: Frv. sþ. með 18 atkv., og sent síðan lh. sem *sem lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um breyting á 7. gr. laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. des. 1877 (C 272); 2. umr.

Flutningsmaður (Þórarinn Böðvarsson): Jeg skal engar umræður vekja um þetta mál, en óska einungis að því sje vísað til 3. umr.

ATKVGR.: Frv. sþ. með 15 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Frumvarp til viðaukalaga við tilsk. 4. maí 1872 29. gr. um aukakosningu til sýslunefndar (C 282); 1. umr.

Jakob Guðmundsson: Jeg vil hið bezta mæla með því, að mál þetta fái fram að ganga, því að jeg hef reynsluna fyrir mjer í því að heilt ár var sýslunefndarmannslaust fyrir einn hrepp í Dalasýslu af því sýslunefndarmaður dó um vorið rjett eptir manntalsþing.

ATKVGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 14 atkv. gegn 8.

Fimmtugasti fundur, föstudaginn 17. ágúst kl. 12—3. Allir á fundi, nema Magnús Andrjesson, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín (veikindi).

Fyrirspurn til lh. viðvíkjandi verzlunarsamningi við Spán (C 347); ein umr.

Jón Ólafsson: Eins og kunnugt er, er langt síðan að verzlunarsamningurinn við Spán var á enda, mig minnir að það væri 18. okt. 1882. Þegar samningurinn var á enda, kom mikið hljóð í öll blöð bæði erlendis og hjer á landi, og leit þá svo út sem stj. hefði til þess tíma verið sofandi og eigi munað eptir, hvaða hagsmunir voru í veði. Jeg man eptir því, að öll blöð luku upp sama munni um þetta mál og það eins hin mestu fylgisblöð stj., daginn áður en samningurinn var á enda. Stj. hafði þá ekkert gert til að fá samninginn endurnýjaðan, en þar á móti höfðu grannþjóðirnar Norðmenn og Svíar fengið komið á bráðabirgðarsamningi, og þegar hin danska stj. sá, að þessar þjóðir höfðu endurnýjað samning sinn, þá fór hún að leita hófanna fyrir sjer á Spáni, en mjer er ekki kunnugt, að hún hafi stigið nokkur officiel spor til þess, að fá sinn samning endurnýjaðan, enda var henni lagt það til ámælis jafnvel af sterkustu fylgisblöðum hennar, því þegar stj. fór að leita hófanna á Spáni, þá var það ekki af hvötum stj. sjálfrar, heldur af hvötum grósséranna í Khöfn, sem komu hreyfingu á málið. Þetta, sem jeg nú hef tekið fram, snertir nú stj. kóngsins yfir höfuð, en það, sem fyrirspurn mín gengur út á, er einkum: hvað hefur rg. Íslands gert til þess, að brýna fyrir stj., hve mikla hagsmuni sá hluti ríkisins, sem hann er sjerstaklega yfir skipaður, ætti í hættu, sem mun vera um 160,000 kr. á ári á Íslandi. Það er nú reyndar ekki víst, að lh. sje kunnugt, hvað rg. hefur gert í þessu efni, en hefur hann gjört nokkuð til að afla sjer skýrslna frá stjórnarvöldunum hjer um hag Íslands, og hvað það ætti í húfi, því að það er auðvitað, að hann er því ekki nógu kunnugur sjálfur? Ef svo skyldi vera, að hann ekki hefði gjört það, þá væri æskilegt, að þd. vildi með dagskrá með ástæðum brýna fyrir rg., hve mikilla hagsmuna væri að gæta í þessu tilliti fyrir þetta land. En það er mjög hugsanlegt, að hann hafi gert eitthvað í þessu efni, þótt oss sje það ekki kunnugt, og þá er ekki um neitt að tala, en um það vona jeg að hinn hæstv. lh. geti gefið nokkrar upplýsingar.

Landshöfðingi: Hjer er sannarlega um málefni að ræða, sem er mikilsvarðandi fyrir Ísland og því er það eðlilegt, að h. h. þm. þyki mikils um vert að vita, hvernig þetta mál er komið, en jeg get fullvissað hina h. d. um, að stj. lætur sjer einnig annt um málið og þetta er þinginu knnnugt af boðskap kg. til alþ., þar sem því er lýst yfir, að stj. láti sjer annt um og muni láta sjer annt um þetta mál, að hún muni kappkosta að koma góðu skipulagi á það. Það er eigi vant að nefna í boðskap kg. nema þau mál, sem mest eru áríðandi og stj. lætur sjer mjög annt um, en að mál þetta er nefnt í boðskap konungs sýnir bezt, hversu umhugað stjórninni er um það. Í boðskapnum er það tekið fram, að tilraunir stj. í þá átt, að koma á samningi við Spán af nýju, hafi enn verið árangurslausar, en að hún framvegis muni reyna að koma málinu í sem bezt horf. Í ávarpi því til kg. sem h. h. þd. nú hefur sþ., hefur þd. einnig látið í ljósi, að hún treysti því, að stj. mundi gera allt, sem í hennar valdi stæði, til þess að sjá hagsmunum Íslands borgið, og þetta traust er þinginu óhætt að hafa til stj., að hún geri allt sitt til, að málið fái sem beztar endalyktir. Þar sem h. h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) óskaði upplýsingar um það, hvort rg. Íslands hefði gjört nokkuð í þessu máli til að sjá hagsmunum Íslands borgið eða aflað sjer skýrslna um hag Íslands, þá get jeg fullvissað þm. um, að það er einmitt eptir tilhlutun rg. fyrir Ísland, að ítarlegar tilraunir hafa verið gjörðar til þess, að fá samninginn endurnýjaðan, og rg. hefur sjerstaklega haft tækifæri til að leita sjer upplýsingar um, hversu mjög þetta mál væri áríðandi fyrir Ísland, hjá lh., sem dvaldi í Khöfn síðastliðinn vetur, og frá því í ágústmánuði f. á., og jeg er viss um, að lh. hefur gert sitt til að styðja að því, að sem rækilegastar tilraunir yrðu gerðar, og málinu fram fylgt með allri þeirri alúð. sem unnt hefur verið. Að fara að gefa sjerstaka skýrslu um samningatilraunir eða að fara að ræða um einstök atriði, sem hafa verið því til fyrirstöðu, að samningar kæmust á, finnst mjer ekki geta komið til nokkurra mála, enda vona jeg, að þm. ætlist ekki til

þess, því að það er regla, sem almennt er fylgt, þegar samningar hafa verið gerðir, að gjöra ekki hin einstöku atriði þeirra að umræðuefni á þingi, meðan á samningum stendur. Slíkar umræður um málið eða skýrsla um einstök atriði í því eiga þess vegna ekki við, þar eð enn stendur á þessum samningum. Þar sem nú stj. hefur lýst því yfir, að hún hafi látið sjer annt um málið og mundi láta sjer annt um það framvegis, og þd. hefur lýst yfir því trausti til stj., að hún vonaði, að tilraunir hennar bæru góðan árangur, þá vona jeg, að það sje fram komið, sem getur fram komið á þessu stigi málsins, og því virðist mjer ekki ástæða til fyrir þingið að gera meir í þessu máli. Þd. hefur með því að hreyfa málinu, sýnt, að henni er annt um málið, eins og vera ber, og öllum Íslendingum á að vera, og stj. er líka annt um málið, eins og hún hefur þegar sýnt.

Jón Ólafsson: Jeg get verið hinum hæstv. lh. þakklátur fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið, en mjer nægja þær þó ekki að öllu leyti. Mjer finnst boðskapur kg. ekki bera með sjer, að stj. hafi látið sjer annt um þetta mál, því að í boðskapnum stendur að eins, að H. H. kginum sje annt um málið, og jeg get heldur ekki lagt meira í orðin, en það sem í þeim liggur, það stendur ekki. að stj. sje annt um þetta mál, heldur kginum sjálfum, og að hann voni, að stj. muni takast að hrinda málinu í gott horf, en hún hefur dregið það þangað til í ótíma var komið. Þar sem hinn hæstv. lh. tók það fram, að ekki mundi hafa verið minnzt á málið í boðskap kg. ef stj. hefði ekki verið það mikið áhugamál, þá get jeg ekki sjeð, að það sje vottur um áhuga stj. að undanförnu; það getur verið um það, að þótt stjórnin hafi sýnt áhugaleysi á málinu að undanförnu, þá hafi hún nú áhuga á því, og sje það því einskonar afsökun fyrir stj., að málið er tekið upp í boðskap kg. Það gleður mig að heyra, að rg. hefur leitað sjer upplýsingar hjá lh., en jeg vil vekja athygli á því, að þegar lh. var í Khöfn síðastliðinn vetur, þá var samningurinn við Spán þegar útrunninn, og það var „seint að byrgja brunninn, þegar barnið var dottið ofan í". Það hefur þá komið fram, sem jeg bjóst við, að stj. hefur helzt til lengi sofið og fyrst vaknað, þegar samningurinn var útrunninn, en ekki gert neinn undirbúning í tæka tíð. Það sem fram hefur komið sýnir, að rg. hefur ekki látið á sjer bæra, fyr en hann fjekk hvöt frá grosserersocietetet, og þótt hann nú sje vaknaður, þá álít jeg ekki vanþörf á, að þingið lýsi yfir þeir von sinni og trausti, að stj. geri meira framvegis til að koma málinu í það horf, sem hagsmunum Íslands sje borgið með. Þess vegna hefur mjer dottið í hug, að bera upp dagskrá með ástæðum, en þó mjög hógværlega orðaða, því það sem enn hefur verið gert, hefur ekki borið sýnilegan árangur. Dagskrá sú, sem jeg hef hugsað mjer að bera upp, hljóðar svo:

„Í því trausti, að rg. Íslands láti eigi sitt eptir liggja til að styðja að því, að ráðaneyti konungs gangi ótrauðlega að því, að koma á nýjum verzlunarsamningi við Spán, sem viðunandi sje fyrir hagsmuni Íslands, tekur þd. fyrir næsta mál á dagskránni".

Landshöfðingi: Jeg skal einungis leyfa mjer að geta þess, að í boðskap kg. til alþ. stendur ekki einungis, að H. H. kginum sje annt um þetta mál, heldur einnig að stj. muni gjöra sjer far um að koma á samningi við Spánarstjórn, ekki sízt vegna þess, að málið sje svo mikilsvarðandi fyrir Ísland. Rg. hefur gjört allt, sem í hans valdi stendur, til þess að fá samninginn endurnýjaðan, en eins og kunnugt er, þá hafa verið gjörðar miklar kröfur í móti, sem erfitt er að upp fylla og hefur það verið þess valdandi, að samningar hafa enn ekki komizt á. Hverjar kröfur og hver tilboð hafa komið á báða bóga í þessu efni, álít jeg að ekki geti verið umræðuefni á þingi á þessu stigi málsins, eins og jeg áður hef lýst yfir. Þótt jeg álíti, að allt hafi verið gjört og muni verða gjört, sem kostur er á, þá er í sjálfu sjer ekkert á móti því, að h. h. þd. lýsi yfir því sama trausti, sem bæði jeg og allir þm. hafa, að stj. muni gera allt sitt til að málið fái sem bezt úrslit.

ATKVGR.: Dagskrártillagan felld með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, sökum óglöggrar atkvgr., og sögðu

Já:

Halldór Kr. Friðriksson,

Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Eiríkur Kúld,
Holger Clausen,
Jakob Guðmundsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Egill Egilsson:
Eiríkur Briem,
Friðrik Stefánsson,
Grímur Thomsen,
Gunnlaugur Briem,
Lárus Blöndal,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnason,
Þorlákur Guðmundsson,
Th. Thorsteinson.

Frumvarp til laga um stofnun landsbanka á Íslandi (C 276); 2. umr.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil fyrst geta þess, að ef málið kemur fyrir í e. d. með þeim br. sem meiri hluti n. fer fram á, þá muni frv. verða skoðað sem nýtt frv., og þá sjer maður tímann, sem verður til að leiða málið til lykta. Brt. (C 340) eru alveg nýjar, það er að segja, það eru hjer um bil engin ákvæði í frv. n., sem geta samrýmzt frv. efri deildar. Þó að nafninu landsbanki sje haldið, þá gjörir það í rauninni hvorki til nje frá, því að það er svo víðtækt orð, því að það getur verið hver banki sem vera vill, eigi síður stjórnbanki en þjóðbanki, ef hann er fyrir landið allt. Ef jeg nú tek fyrri hlutann af brt. meiri hluta n., þá er nú fyrst 4. gr., sem einungis fer fram á að bankinn verði veðlánabanki; en það er að eins óvíst í hverju stofnfje bankans á að vera fólgið. Það er eitt höfuðatriði, sem vel verður að gá að, hve mikið stofnfjeð á að vera, og í hverju það á að vera látið. Þegar jeg nú spyr um stofnfje bankans, þá stendur í 2. gr. 4. tl. að lsj. gjörist hluttakandi í bankanum fyrir allt að 200,000 kr.; þetta er stofnfjeð, en það er eigi sagt í hverju þessar 200,000 kr. eigi að vera útilátnar, hvort það eigi að vera í peningum eða veðbrjefum, eða hvorttveggja; síðan er sagt í 3. gr. brt., að skilyrðið fyrir því, að samþykktir bankans verði staðfestar og hann geti orðið aðnjótandi hlunninda þeirra, sem getið er um í 2. og 3. gr., sje það, að „*menn*“ hafi *óskað* að verða hluteigendur í bankanum að minnsta kosti fyrir 100,000 kr. Nú vil jeg spyrja: Eru þessir hluteigendur landsmenn eða eru þeir útlendingar? Jeg skil að það sjeu landsmenn. *(Gr. Th.:* Já). Er það þá nóg að þessir menn hafi *óskað* að verða hluteigandi í bankanum? Er það nóg að þeir hafi sagt að sig *langi til* að verða hluteigendur í bankanum, þurfa þeir eigi að hafa skrifað sig fyrir hlut í bankanum og skuldbundið sig til að brúka hann á tilteknum tíma? Að tala hjer um ósk þykir mjer nokkuð óákveðið. Ímynda jeg mjer að það sje skoðun meiri hluta n. að bankinn sje eigi stofnaður fyrr en vissa sje fyrir þessum 100,000 kr., og þá eru 300,000 kr. stofnfje bankans. Ef þetta fje er í peningum eða auðseldum veðbrjefum, sem eru svo góð sem peningar, þá hefur bankinn allmikið fje til umráða og getur því jafnframt verið lánbanki. Ef þessar 100,000 kr., sem einstakir menn leggja fram mega vera í veðbrjefum, þá verður bankinn að eins veðbanki, og ef lsj. má láta sínar 100,000 kr. í veðskuldabrjefum, þá verður að segja þeim upp og síðan heimta þau greidd. Að þessu einu getur bankinn verið lánbanki.

Að öðru leyti hefur bankinn þann starfa, að hann gefur út bankskuldabrjef á sjálfan sig gegn veðskuldabrjefum einstakra manna. Það er gjört ráð fyrir því, að bankinn megi taka af veðskuldabrjefum einstakra manna $4^1/_2$ af 100 í vöxtu, en greiði aptur í móti af bankskuldabrjefum sínum 4 af 100. Veðbankinn gefur út bankskuldabrjef móti veðskuldabrjefum annara; hann lætur eigi annað en skuldabrjef á sjálfan sig, eigi peninga nje seðla nje nein önnur gangeyris-brjef, svo sem víxla eða ávísanir. En nú skulum vjer skoða, hvern hag veðskuldabanki n. getur haft af að taka á móti veðskuldabrjefum annara og gefa út bankskuldabrjef á sjálfan sig. Ef vextirnir eru þeir sömu af hvorumtveggja brjefunum, þá er enginn hagur að þessum brjefakaup-

um. Vextirnir þurfa því að vera hærri á veðskuldabrjefunum en bankskuldabrjefunum, og það er líka svo. Jeg skal taka dæmi: ef bóndi þarf að fá 1000 kr. og nú kemur hann til mín með veðskuldabrjef á sjálfan sig, og vill fá hjá mjer bankskuldabrjef á mig sem banka, þá verð jeg til þess að hafa nokkurn hag að taka meiri vöxtu hjá honum af hans skuldabrjefi, en jeg geld honum af mínu. Ella getur lánsstofnunin eigi lifað. Hún lifir eingöngu á þessum vaxtamun. Þessu er eigi þannig varið með seðlabankann; hann lifir á öllum vöxtum veðbrjefa þeirra er hann lætur seðla sína fyrir. En annar aðalmunur er og á seðlabanka og veðbanka, er sýna má með sama dæmi. Bóndi segir: jeg þarf á peningum að halda, jeg þarf að gjöra jarðabætur, jeg þarf að gjalda vinnufólki og ýmsum öðrum verkmönnum. Hvernig fer nú fyrir þessum bónda? Getur hann goldið nokkrum manni í þessum bankskuldabrjefum? Nei, hvorki vinnumönnum, verkmönnum nje öðrum mönnum. Brjefið er ekki gangeyrisbrjef, heldur arðbrjef, og fyrir því einungis fyrir þá menn er hafa peninga og vilja verja þeim til þess að fá arðberandi brjef í staðinn. Skuldabrjef bankans eru eigi fyrir þá, sem vanta peninga, heldur að eins fyrir hina, sem hafa ofmikla peninga. Þau eru handa lánbjóðendum en eigi lánbeiðendum, og bæta því ekkert úr peningaeklunni. Bankskuldabrjefin eru engu betri fyrir peningaekluna í landinu, en þótt menn kæmi með ríkisskuldabrjef inn í landið. Og hvað er svo unnið fyrir lántakanda? Jeg vil eigi segja, að þeir tapi $^1/_2$ af 100, þó það liggi beint við, með því að þeir græða $4^1/_2$ af 100 í vöxtu af veðbrjefum sínum, en fá 4 af 100 í vöxtu af bankskuldabrjefum aptur í móti; en það þori jeg að fullyrða, að þeir fá litlu útgengilegri brjef en veðbrjef þau er þeir gefa í skiptum, og að þeir fá þau brjef, er alls ekki eru gangeyrir í landinu. En hvað vinnur svo veðlánabankinn? Vjer getum getið nærri, að það eru eigi margir af landsmönnum, sem þess eru um komnir, að hafa bæði peninga til þess að setja á vöxtu, og líka fasteign til að setja í veð. Allmargir landsmenn hafa peninga og vilja koma þeim á leigu, ef þeir fá vöxtu og tryggingu fyrir sínu fje, því að það er talsvert fje til í landinu. Þetta sýnir ljóslega sparisjóðurinn hjer í Reykjavík og eign landsmanna í ríkisskuldabrjefum, er nema munu samtals hálfri miljón. En nú er auðsætt, að það dugir ekki að koma með peninga til veðlánabankans, því að bankinn er veðlánabanki en eigi geymslubanki. Hann lánar bara bankskuldabrjef sín út gegn *veðskuldabrjefum* í fasteign. Ef þjer þá hafið peninga og viljið kaupa bankskuldabrjef, þá verðið þjer að útvega yður fyrst veðskuldabrjef eða fá veðleyfi hjá einhverjum jarðeiganda eða húseiganda, til þess loksins að ná í bankskuldabrjefin hjá veðlánabankanum. Þessir eru hinir miklu þröskuldir í vegi fyrir notum veðlánabankans.

Nú er enn eitt höfuðatriði, sem verður að taka til greina. Eru menn vissir um að bankinn geti staðizt, og að hann verði eigi ómagi á lsj.? Þetta er áríðandi spurning, því að lsj. á að standa í ábyrgð fyrir vöxtunum, samkvæmt 2. gr. 2. tl. Þarf veðlánabankinn því að geta greitt árleg gjöld til stjórnar sinnar og sjer til viðurhalds með árlegum tekjum sínum, það er að segja, með mismuninum á vöxtum þeim, sem hann greiðir af sínum bankskuldabrjefum, sem eru 4 af 100, og á þeim vöxtum, er hann tekur af veðskuldabrjefum annara, er nema $4^1/_2$ af 100. Ætli nú þessi vaxtamunur, $^1/_2$ af 100, sje svo mikill að hann nægi til þess að bera stjórn og allan annan kostnað við veðlánabankann? En nú munu verjendur veðlánabankans segja: hann á að fá 6000kr. af lsj. í eitt skipti fyrir öll. Jeg hygg, að eigi verði lengi verið að jeta þessar 6000 kr. upp, því að nokkurt fje þarf til áhalda, til húsrúms o. s. frv. Hver líkindi eru nú til að veðlánabankinn geti borið sig? Jeg gjöri ráð fyrir að hann hafi $^1/_2$ af 100 í tekjur, og hvað verður nú þetta mikið af 300,000 kr.? Það verða einar 1500 kr. Af þessu á stjórn veðlánabankans að lifa um árið, auk endurskoðunarmanna og annars tilkostnaðar. Ekki hafa þessir endurskoðunarmenn 1600 kr. um árið, svo sem aðrir tveir endurskoðunarmenn, er vjer þekkjum.

Þá komum vjer til hins síðari hluta brt. n., og er þá 5. gr. svo látandi: „Enn fremur er bankanum heimilt með samþykki stj. að stofna sjerstaka deild til að

taka á móti fje til geymslu eða ávöxtunar um tíma, að lána fje móti annari tryggingu en um er getið í 4. gr. b, að kaupa víxla og gefa út víxa á sjálfan sig". Við þessa *sjerstöku deild* veðlánabankans er nú það að athuga, að hún má hæði vera geymslubanki (Depositobank), og víxlkaupabanki (Discontobank), og þetta hvorttveggja má þessi hin sjerstaka deild bankans verða og vera án nokkurs lagaboðs. Þetta má bankadeild þessi gera án nokkurs atkvæðis hins löggefandi alþingis, einungis með *samþykki stj.* Þetta kalla jeg galla á gjöf Njarðar. Bankadeildin má kaupa víxla og gefa víxla út á sjálfa sig. Þetta finnst mjer einmitt hið hættulegasta vald. En þetta þykir meira hluta n. einmitt hin heppilegasta ákvörðun, ella hefði hún eigi sett hana hjer inn í ólánsstofnunina. Bankadeildin má kaupa víxla og meira að segja: gefa út víxla á sjálfa sig. Ætla menn verði nú ánægðir með víxla stílaða á þessa bankadeild, er eigi hefur, eptir frv., annað fje út að lána en eintómt geymslufje annara manna? Vjer skulum snúa spurning þessari upp á sparisjóðuna, með því að sparisjóðir hafa og fúlgufje (geymslufje) eitt til umráða. Hefur nú sparisjóðurinn í Rvík keypt víxla eða gefið út víxla á sjálfan sig? Nei, alls ekki. Einmitt þetta tvennt: að vera geymslubanki og víxlkaupabanki eingöngu, það er hið hættulegasta skipulag banka sem til er. Bankinn hlýtur að verja til víxlkaupa fúlgufje því, sem honum er trúað fyrir. Bankinn er nú skuldunautur þess fjár, sem hann tekur til geymslu; hann er og skuldunautur víxla þeirra, er hann gefur á sjálfan sig. Þannig verður slíkur banki *tvöfaldur skuldunautur*, þ. e. skuldunautur fúlgufjár og skuldunautur eiginvíxla. Hvar er nú tryggingin? Í 5. gr. stendur: „Þó skal bankanum vera skylt, að hafa jafnan að minnsta kosti $^3/_5$ hluti geymslufjár fyrirliggjandi í peningum eður verðbrjefum, sem fljótt verður varið í peninga". Hjer stendur svo: „í peningum *eða* verðbrjefum". Má bankinn gjöra hvort hann vill, að hafa þessa $^3/_5$ hluti í peningum eingöngu eða verðbrjefum eingöngu? Ef bankinn hefur þessa $^3/_5$ hluti í peningum, þá er allt betra. En ef hann hefur þessa $^3/_5$ eingöngu í verðbrjefum, hvernig fer þá? Og hver eru þessi verðbrjef, sem fljótt verður varið í peninga? Þar til nefni jeg fyrst víxla, sem komnir eru í gjalddaga. (*Grímur Thomsen:* accepteraðir víxlar). Nei, það er bankanum eigi nóg, því að langur tími getur liðið frá því að víxill er samþykktur og þangað til hann kemur í gjalddaga. Ef nú menn, sem hafa fengið bankanum fje til geymslu, vilja fá það aptur, þá dugir eigi að bankinn hafi enga peninga og ekkert nema víxla, sem þeir verða að bíða eptir í meira en mánuð, eður enda marga mánuði, því að víxlar mega nú vera svo lengi ráðnir eður svo langlífir sem vera vill, eptir hinum nýju víxlalögum. Mjer finnst því nauðsynlegt vera, að til taka, hve mikið vera skuli í peningum, og hve mikið í verðbrjefum. Eptir 5. gr. á þessi hin sjerstaka deild veðskuldabankans að vera geymslubanki og víxlkaupabanki (Discontobank). Þessi sjerstaka deild er þetta tvennt í einu, og dæmi til slíks þekki jeg hvergi í heiminum.

Þegar jeg nú íhuga ust. meiri hlutans í einni heild, þá er stofnfje bankans næsta lítið, og starfsemi bankans mjög lítil og arðsvonin eptir því. Bankinn fær eigi nema $^1/_2$ af 100, ekki nema skattgjald á viðskiptamenn bankans, einmitt vegna þess, að honum er fyrirmunað að nota seðla. En uppástungumennirnir banna að nota seðla, af því sú fluga er í munn þeim komin, að þjóðbankinn í Danmörku hafi einkarjettindi til þess að gefa hjer út seðla, eða með öðrum orðum, að Ísland sje innlimað í Danmörku. Fyrir þessa flugu á allur almenningur, er viðskipti vill eiga við bankaskrípi þeirra, að skattgildast hjer á landi um $^1/_2$ af 100.

Jeg ætla nú eigi að fara mörgum orðum um frv. e. d. og brt. mínar (C 342). Vona jeg að menn sjái, að sá banki hefur meira fje til umráða og eptir vt. við 3. gr. áskil jeg landsmönnum rjett til stjórnar í bankanum, og að ákveðin verði með lagaboði hlutdeild þeirra í stjórn bankans, þegar samlagshlutir þeirra hafa náð 250,000 kr. Rjettindi manna, þeirra er samlagshluti eiga, verða ákveðin með lögum, en eigi kastað undir stjórnina, eins og ustm. seðlabankans gjöra. Slíka aðferð álít jeg gjörræði, jeg vil ekki segja, banatilræði á sjálfsforræði Íslendinga. Reynslan sýnir, að þegar útlendir seðlar koma hjer í land, eins og t. a. m. norskir

seðlar á Norður- og Austurlandi, þá eru þeir teknir, þótt ekki hafi þeir gildi hjer á landi. Hvernig geta menn þá efast um, að landsmenn taki innlenda seðla gilda, er að lögum eru gjaldgengir í öll landsgjöld? Jeg hef gjört viðbót milli 9. og 10. gr. Efni viðbótarinnar er þetta, að þegar menn koma með veðskuldabrjef, þá vilja þeir optlega fá lán, sem standi um lengri tíma en æskilegt er fyrir lánbankann. En nú eru aðrir, sem hafa peninga, og vilja fá keypt fyri þá arðberandi brjef; þá á bankinn að geta gefið út bankaskuldabrjef, er gefi jafnmikla vöxtu og sjeu engu síður trygg en ríkisskuldabrjef. Þessi brjef munu þeir, er hafa peningana, vilja eins vel og ríkisskuldabrjef. En þá fara peningarnir fyrir þau eigi út úr landinu, heldur lánar bankinn þessa peninga út aptur í móti veðskuldabrjefum einstakra manna og getur þannig á stundum gefið lán upp á lengri tíma. Í Noregi má bankinn eigi eptir statútum sínum veita lengri lán, mót fasteignarveði, en til 6 mánaða. En hver er nú reyndin þar? Ef veðið er tryggt, fær lántakandi ávallt endurnýjun á láninu, missiri eptir missiri, svo lengi sem hann þarfnast. Aðaltilgangur lánbanka, sem er landsbanki eður stjórnbanki, er að geta veitt og veita sem mest lán til gagnlegra framkvæmda gegn fulltryggum veðum. Bankinn dregur að sjer iðjulausa peninga, svo og þá peninga, er ganga út úr landinu fyrir ríkisskuldabrjef, til að lána þá aptur þeim, er verja peningum til nytsamra og arðsamra fyrirtækja. Því arðsamari sem varzla peninganna er, því vissari er bankinn með að fá lán sín endurgoldin. Bankinn sækist því eðlilega eptir, að lána til hinna arðsömustu fyrirtækja. Bankinn getur eigi fallið af öðru en af því að lána óáreiðanlegum mönnum. Minn banki hefur nú miklu meira fjármegin og miklu meira starfsvið, en sá banki, sem stofna á eptir tillögum meiri hlutans. Jeg geng að því vísu, að menn muni hafa hjer ótrú á seðlum með fyrsta. En þegar menn fara að líta í kring um sig, og sjá að þeir ganga eins og gull, þá munu þeir fara að venjast og hænast að seðlunum. Svo er reynslan með norsku seðlana á Norðurlandi, og get jeg eigi trúað því, eða haft þá undarlegu hugmynd um Íslendinga, að þeir sjeu miður viti bornir eður skyni skroppnari en alþýða í Noregi, Svíaríki og Danmörku, heldur að úr því að almenningur trúir seðlum í þessum og öllum öðrum menntuðum löndum, þá munu Íslendingar og fá trú á þeim. Þeir sem hafa aðra skoðun á Íslendingum, þeir hljóta að setja þá á bekk með Skrælingjum og vanvitringum.

Eiríkur Briem: Þeim orðum þm. Ef. (A. Ó.), er hann hafði um það, hversu nytsöm stofnun banki væri hjer á landi til þess að auka fjárstofn til gagnlegra fyrirtækja, er jeg í fullsta máta samþykkur. En þar sem hann áleit, að þessu yrði ekki fullnægt með tillögum meiri hluta n., þá held jeg hann hafi þar skakka skoðun. Hann minntist fyrst á stofnfje bankans og kvað sjer ekki vera ljóst, hvort það væri í peningum eða öðrum arðberandi aurum. Jeg álít, að það sje full-ljóst, að stofnfje bankans sje annaðhvort í peningum eða í slíkum veðskuldabrjefum, sem getur um í 4. gr. b. Það kemur út á eitt. Sje það í peningum, þá lánar bankinn út á peningana móti veðskuldabrjefum með t. d. $4\frac{1}{2}\%$ í leigu og árlegri afborgun af höfuðstólnum, svo að höfuðstóllinn sje allur endurborgaður að minnsta kosti innan 28 ára. Svo hefur bankinn heimild til að gefa út bankaskuldabrjef upp á $\frac{1}{10}$ minna en hann hefur í veðskuldabrjefum einstakra manna. Þessi bankaskuldabrjef gjörði þm. ráð fyrir, að bankinn lánaði út móti veðskuldabrjefum einstakra manna. Það getur verið, en það þarf ekki að eiga sjer stað, því að bankinn getur líka sjálfur varið sínum skuldabrjefum í peninga, t. a. m. maður, sem kemur til bankans og vill fá 1000 kr. lán, hann getur fengið bankaskuldabrjef og varið því í peninga, en bankinn getur líka sjálfur gjört það og lánað svo manninum peningana, t. d. þegar ekki er hægt að fá peninga hjer á landi til að lána út, þá liggur fyrir, að fá þá í útlöndum. Nú sem stendur munu ríkisskuldabrjef kosta $98\frac{3}{4}$ (fyrir hvert hundrað). Þegar frv. um lánsstofnun lá fyrir á síðasta þingi, þá var gjört ráð fyrir, að skuldabrjef lánsstofnunarinnar mundu verða eins góð og ríkisskuldabrjef, og þá er full ástæða til að ætla, að bankaskuldabrjefin stæðu jafnvel. En þó að bankinn fengi ekki nema

98 fyrir skuldabrjef sín, þá fengi hann þó nóg fje á þann hátt, að hann gæti staðizt við að lána það út með aðgengilegum kjörum. Setjum svo, að bankinn fyrir 10,000 kr. í bankaskuldabrjefum fái 9,800 kr. í peningum, sem hann lánar út upp á $4^1/_2$%. Af þessum 10,000 kr. er bankinn skyldur að borga 400 kr. í rentu, en hann fær aptur (af þessum 9800 kr.) 441 kr.. þar er 41 kr. mismunur, og það er einmitt þessi mismunur á rentunni, sem stofnunin styðst við, til þess að bera kostnaðinn.

Jeg held að það sje ekki svo mikil ástæða til, að leita peninga fyrir utan landið, ef spornað er við því, að peningarnir gangi út úr landinu, því að jeg ætla, að það sjeu svo miklir peningar til í ríkisskuldabrjefum hjer á landi, sem nægilegt sje handa öllum þeim, er láns þurfa. Væri upphæð ríkisskuldabrjefanna komin inn í landið, þá þyrfti ekki að fara beinlínis eptir þeim kjörum, sem giltu með þau í Höfn, heldur eptir því gangverði, sem væri á bankaskuldabrjefunum hjer, og gæti það verið þeim mun meira, sem kostnaðinum nemur við, að fá ríkisskuldabrjef keypt frá útlöndum. Hinn h. þm. minntist á, að bankaskuldabrjefin væru gjörð fyrir þá, sem peninga ættu, sem þeir vildu gjöra arðberandi. Það er rjett, og þess vegna er það ekki lítið gagn, sem stofnunin gjörir, að því leyti sem hún ekki einungis veitir nægileg peningalán, heldur veitir mönnum einnig greiðan veg til að gjöra peninga sína arðberandi. Allir peningar einstakra manna og stofnana, er menn gjöra nú arðberandi í konunglegum ríkisskuldabrjefum, gætu eins orðið arðberandi með því að kaupa bankaskuldabrjef. Í því tilliti er bankinn líkt og sparisjóður, þar sem menn geta gjört peninga sína arðberandi. Þó ekki sje nema vinnumaður, sem á 50 kr., þá getur hann nú ekkert gjört við þær, nema annaðhvort geymt þær arðlausar sjer og öðrum til einkis gagns, eða lánað þær einhverjum, sem hann opt og einatt fengi eigi borgun hjá með fullum skilum, eða í þriðja lagi farið að bralla með þær, t. d. með því að kaupa sjer hest, kindur o. s. frv., en í staðinn fyrir það gæti hann keypt bankaskuldabrjef fyrir 50 kr., sem gæfi honum vissa rentu, og sem hann þó gæti selt aptur og fengið peninga fyrir, þegar hann þyrfti á að halda. Bankans starf er, að vera milliliður milli þeirra, sem hafa fje, er þeir eigi þurfa sjálfir að brúka, og hinna sem fje þurfa, og gjörir þannig fjeð arðberandi þeim til gagns er peninga hafa, jafnframt því sem hann hjálpar þeim, er láns óska, og í því tilliti er bankinn eins og kaupmaðurinn. Kaupmaðurinn kaupir vöruna og selur þeim, sem þurfa hennar, en eins og hann þarf að leggja á vöruna fyrir kostnaði sínum, svo þarf bankinn og að gjöra. Þetta kemur fram í mismuninum á rentunum af bankaskuldabrjefunum. Þó að bankin tæki $4^1/_2$ % af skuldabrjefum sínum, þá mundu menn verða ánægðir með þau kjör, þegar menn þá gætu fengið peninga hvenær sem menn vildu, og hefðu nægilegt veð að bjóða, og þar sem menn jafnframt gætu borgað skuld sína hvenær sem þeir óskuðu þess. Það var enn annað atriði, sem þm. minntist á, að eptir þessu væri það svo lítið fje, sem bankinn hefði til umráða. En það er allt annað en lítið. Hann getur komið sem sje svo miklu í veltu af bankaskuldabrjefum, að hann geti haft fje til að lána út, er nemi hátt á 3. miljón króna. *(B. Sv.:* Eru bankabrjefin uppsegjanleg?). Jeg skal koma til þess seinna. Þar sem þm. þótti $^1/_2$ % eða varla svo mikið, ekki vera nægilegt að bera kostnaðinn við bankann, þá vil jeg taka það fram, að viðvíkjandi þessari deild bankans þá er ekki um sjerlega umfangsmikil störf eða mikinn kostnað að ræða. Jeg ímynda mjer, að það mundi líða mjög stutt þangað til bankinn væri búinn að láta út 1,000.000 kr. í bankaskuldabrjefum; ef ein millión er úti af bankaskuldabrjefum og ein millión í bankanum af veðskuldabrjefum fyrir upphæð þeirra, þá er mismunurinn á rentunni 5000 kr. En setjum nú svo að stofnunin til þess að koma bankabrjefunum í peniuga, yrði að selja þau fyrir lægra verð, á 98% eða alls fyrir 980,000 kr., þá yrði mismunurinn minni, ekki nema 4100 kr. Taki jeg til dæmis 100 kr. bankaskuldabrjef, þá borgar bankinn 4 kr. í rentu af þessum 100 kr. og fyrir bankbrjefið fær hann ekki nema 98 kr.; en ef hann lánar út þessar 98 kr. fyrir $4^1/_2$ % þá fær hann af þeim 4 kr. 41 eyri, svo að mismunurinn á hverjum 100 kr. er 41 eyrir. Jeg held mjer við þetta

dæmi og get vel ímyndað mjer, að það væri meir en ein millíón króna úti í bankabrjefum; en þá verður kostnaðurinn varla meiri en svo, að bankinn gæti borið sig með þessum 4100 kr. Jeg get hugsað mjer kostnaðinn á ýmsan veg, t. a. m. nokkuð lagt í varasjóð svo sem 500 kr.; fyrir herbergi og skrifstofukostnað 600 kr.; fyrir endurskoðun 400 kr., sem er helmingur þess, sem borgað er fyrir endurskoðun landsreikninganna. Þá eru eptir 2600 kr. til þess að bera kostnaðinn við fjelagsstjórnina. Þá gæti oddvitinn haft 1600 kr. Þegar jeg ber störf hans saman við störf póstmeistarans, þá verða þau ekki svo mikil, meðan stofnunin væri eigi orðin umfangsmeiri en svo, að hún hefði að eins eina millíón af bankaskuldabrjefum í rentu; 100 kr. minni laun eða 1600 kr. laun sýnast því sæmileg meðan svo stæði. Og þar sem hinir 2 fjelagsstjórarnir gætu þá fengið 500 kr. hver, þá er það að vísu eigi mikil borgun, en störfin væru heldur eigi mikil, meðan bankinn væri eigi orðinn umfangsmeiri en til var tekið í dæminu; dæmi þetta sýnir að meðan svo stæði gæti bankinn borið sig, en því hægra ætti hann með það, þegar störf hans yrðu meiri, sem varla mundi langt að bíða. Svo ætla jeg að minnast á hlunnindi þau og skuldbindingar, sem bankanum veitast af hálfu hins opinbera. Fyrst er það, að lsj. ábyrgist að goldnir verði 4% í vöxtu af bankaskuldabrjefunum. En þetta er ekki mikil hætta fyrir lsj. þar sem í bankabrjefunum hverjar 100 kr. eru tryggðar með 110 kr. í veðskuldabrjefum, sem eru betri að því leyti sem þau gefa hærri rentu. Setjum samt svo að bankinn einhverra hluta vegna fullnægði eigi skyldu sinni að borga rentu af bankaskuldabrjefum og þá yrði kallað að lsj. að borga þær, á sama vetfangi er bankinn orðinn lsj. skuldugur, en nú þegar bankinn á svo miklu meira í veðskuldabrjefum og það í betri veðskuldabrjefum, þá er ekki minnsta hætta fyrir lsj. að hann eigi gæti fengið að fullu endurgoldið það sem honum bæri. 2. þm. Nm. (B. Sv.) greip fram í áðan og spurði, hvort bankaskuldabrjefin væri uppsegjanleg. Venjulega eru slík skuldabrjef óuppsegjanleg í öðrum löndum, en það væri ekkert á móti því, að þau væru uppsegjanleg hjer, ef mönnum sýndist svo; við það gætu þau, ef til vill, fengið hærri „Kurs“ eða gangverð; þau gætu sem sje vel verið uppsegjanleg innan þeirra tímatakmarka, sem veðskuldabrjefin eiga að endurborgast á, t. a. m. á 28 árum. Þegar bankinn hefur trygging fyrir, að sjer borgist allt á 28 árum, þá getur hann sjálfur tekið upp á sig að borga lánardrottnum sínum, eigendum bankabrjefanna, allt fje þeirra, ef því væri að skipta. Í því tilliti er ekki gjört ráð fyrir, að lsj. taki á sig nokkra ábyrgð, heldur ábyrgist hann að eins 4% rentu af skuldabrjefum bankans, þeim, sem úti standa. Þess vegna er heldur engin hætta fyrir lsj. frá þeirri hlið.

Jeg hef minnzt á þetta ýmislega við bankann, sem engin ákveðin ákvörðun er gjörð um í ust. meiri hlutans, af því að það hvorki eru hlunnindi, sem bankanum sjeu veitt, nje skilyrði, sem þau þurfi að vera bundin við, en þar með er ekki sagt, að þetta verði svo að öllu leyti, eins og jeg hef gjört ráð fyrir, heldur verður það komið undir samþykktunum, sem gjörðar verða fyrir bankann, og sem hlutaðeigendur, þar á meðal sjer í lagi umráðamenn landssjóðsins, án efa munu leitast við að hafa svo, að bankinn nái sem mestu trausti og vinsældum meðal almennings, því að undir því er blómgun hans komin.

Þá kem jeg til 5. gr. í ust.unum. Það er vitaskuld, að sú deild, sem þar ræðir um, stendur ekki í neinu nánu sambandi við hina deildina, svo að sú deild sje ekki fullkomlega sjálfstæð án hennar, og mjer fyrir mitt leyti þætti ekki mikils misst, þó að því yrði frestað að sinni, að koma þeirri deild á fót, eins og jeg álít nauðsynlegt, að fresta því, að ákveða að bankinn skuli gefa út seðla. Þar sem þm. Ef. sagði, að sú deild væri „ótryggileg“, þá fer það mest eptir því, hverjar ákvarðanir yrðu settar henni viðvíkjandi. En það, hvað sú deild fengi að starfa, færi eptir því, hvaða tryggingu hún sýndi; annaðhvort yrðu menn að fá fulla tryggingu fyrir því, að fá geymslufje sitt skilvíslega aptur eða þeir mundu ekki leggja fje í þá deild bankans.

Hvað aðalfrv. sjálfu viðvíkur, þá ræðir það mest um að gefa út seðla. En jeg álít ekki ráðlegt, að fást við það

fyrst um sinn. Hver, sem treystir miklum hagsmunum af seðlunum, hann finnst mjer ekki þurfi að vera svo mótfallinn þessari stofnun, að hann segi: Jeg vil annaðhvort seðlabanka eða engan banka; jeg vil ekki hafa þessa stofnun, þó að hún sje til góðs gagns, nema hún þegar í byrjun fái heimild til að gefa út seðla.

Aptur á hinn bóginn, þegar þessi stofnun er komin á fastan fót, þá mætti hugleiða hvort það væri ráðlegt eða ekki ráðlegt, að hún fengist við það að gefa út seðla. (*A. Ó.*: Hvenær?). Komist stofnunin á fót á næsta fjárhagstímabili, þá gæti það jafnvel komið til umræðu á næsta þingi, ef engar tálmanir væru. (*A. Ó.*: Hvaða tálmanir?). Þær gætu verið margvíslegar og ýmisleg atriði, sem vert væri að taka til skoðunar. Jafnvel einkaleyfi þjóðbankans getur verið því til tálmunar, að frv. fengi staðfestingu. Jeg skil ekki hvernig menn geta talað um innlimun í Danmörku með því, þótt svo kynni að vera, að einkaleyfi þjóðbankans gildi fyrir Ísland þangað til það er útrunnið eða því yrði breytt. Háskólinn, t. a. m., er stofnun í Danmörku, og þó svo væri að þjóðbankinn hefði hjer einkaleyfi til þess að gefa út seðla, þá skil jeg ekki að það sje meiri innlimun í Danmörku, en það að háskólinn hefur einkaleyfi til þess að gefa út almanök á Íslandi.

Jeg er svo sannfærður um hið mikla, gagn, sem mundi leiða af bankanum, sjer í lagi að því leyti sem það er stofnun, sem gjörir peninga arðberandi fyrir þann sem hefur þá og útvegar peninga að láni þeim sem þarf þá, að jeg vil þess vegna haga stofnuninni svo, að sem minnst geti orðið því til fyrirstöðu, að málið fái framgang. Mjer virðist því varasamt að binda stofnunina nú þegar við seðlaútgáfu, og þar við bætist, að mjer þykir mjög vafasamt, hvort stofnun hjer á landi getur gefið út seðla til verulegra hagsmuna. Hagsmunir þeir, sem eru við seðlana í útlöndum, koma sumir eigi til greina hjer á landi eða þá tiltölulega minna, og er þá fyrst að þeir spara slit á peningum. Þetta þarf ekki að líta á hjer, þar sem peningarnir eru ekki slegnir, svo að peningaslitið kemur ekki landinu beinlínis við. Annað atriðið er það við seðlana, að það er auðveldara að telja stórar summur. (*Benidikt Sveinsson*: En ekki að flytja)? Jú, og líka að flytja þær. En þetta hefur hvorttveggja svo litla þýðingu hjer, síðan gullpeningarnir komu, að það gæti ekki talizt stór hagur. Það kostar t. a. m. ekki nema 30 aura, að flytja 1000 kr. frá Sauðanesi á Langanesi og til Reykjavíkur, fyrir utan ábyrgðargjaldið, sem yrði alveg hið sama á seðlum sem gulli. Að hinu leytinu er jeg mjög hræddur um að það mundi líða nokkuð langt þangað til seðlarnir útbreiddust mikið. Þegar jeg sæi liggja fyrir framan mig gullpening og seðil, þá kysi jeg heldur gullpeninginn, vegna þess að þegar jeg er kominn í fjarlægð við bankann, t. a. m. norður eða annað, þá getur ýmislegt komið fyrir, að mjer þyki þægilegra að hafa gullpeninginn en seðilinn. Það getur ekki í neinu tilfelli komið fyrir, að það sje verra að hafa gullpeninginn en seðilinn, en það getur opt komið fyrir, að það sje verra að hafa seðilinn en gullpeninginn, t. a. m. þegar senda þarf peninga til útlanda eða hafa þá með sjer þangað. Þegar jeg fengi lán hjá bankanum, þá vildi jeg það heldur í gulli en seðlum, og fengi jeg það í seðlum, þá skipti jeg þeim þegar jeg færi í fjarlægð frá bankanum. (*Arnljótur Ólafsson*: Bankaskuldabrjefi). Sem sagt, jeg vil biðja menn að hugleiða vandlega, hvort menn vilja halda svo fast við *seðla*-bankann, að ekki megi byrja *nokkurn banka* nema hann þegar í upphafi gefi út seðla.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Við 1. umræðu um mál þetta fóru ræður manna nokkuð í þá stefnu, að nefndarálit meiri hlutans var gjör að umtalsefni, og þá einkum beinzt að einu atriði, sem þótti hneyxlunarhella, nefnil. málsgreininni um það, að vafasamt væri, hvort við gætum fengið leyfi til að stofna seðlabanka. Á þetta atriði hefur nú aptur verið drepið í dag, og finn jeg mjer því skylt, að benda nú á kafla úr brjefi, sem óneitanlega sýnist benda til þess, að meiri hluti nefndarinnar hafi hjer á rjettu að standa. Þetta brjef er ekki svo gamalt, að mönnum megi ekki vera það kunnugt; það er stjórnarbrjef frá 21. júní 1851. Brjefið er þannig til orðið, að hjer var spursmál um að stofna sparisjóð, sem einnig hefði seðla í veltu. Innanríkisráðgjafinn skrifar stiptamtmanninum yfir Íslandi þetta brjef, og lýsir brjefið því yfir

svo að ekki verður á villzt, að „þjóðbankinn hefur þann rjett hjer á landi, að seðlar hans sjeu teknir í opinber gjöld, en aptur á móti væri engin skylda til að seðlarnir væru látnir ganga manna á milli sakir kringumstæðanna (de lokale Forhold) hjer, en alls ekki þannig að skilja, að rjettur þjóðbankans til að gefa út seðla hjer á landi væri í nokkru skertur, nje heldur þannig, að opinberar stofnanir hjer á landi væru eigi skyldar að taka móti seðlum hans, heldur var einungis undantekning gjörð á því að seðlarnir skyldu ekki ganga manna á milli. Þegar sparisjóðurinn var stofnaður hjer í Rvík, var þjóðbankinn spurður til ráða um hvað eina, og þjóðbankinn gaf samþykki sitt. En hvað sem nú um það er, þá hafði meiri hl. n. eflaust rjett fyrir sjer í því, að segja þetta spursmál vafasamt; það er æfinlega rjettara, að hafa vaðið heldur fyrir neðan sig, hvað sem upp á kann að koma. Jeg met það ekki að miklu, þó að h. h. minni hluti vitni til eins hálærðs lögfræðings, sem situr hjer í e. d. alþingis, því að ætti þessi h. þm. að setjast í dómarastólinn, og gjöra út um þetta spursmál með dómi, þá gæti skeð, að hann talaði varlegar en þegar hann situr á skeggræðum við h. h. minni hluta. *(Arnljótur Olafsson:* Hann hefur sagt það, sem jeg vitnaði til, á þingi, en ekki á skeggræðum). Og um það getur ekkert spursmál verið, að undir eins og þjóðbankinn sjer, að eptir nokkru er að slægjast, að um nokkurt fje er að ræða, þá leitar hann dómsúrskurðar um rjett sinn í þessu efni. En um þetta atriði skal jeg ekki þrátta, heldur sný jeg mjer að málinu sjálfu, og skal jeg geta þess, að það gleður mig, að umræðurnar hafa í dag beinzt í það horf, sem þær ættu að ganga.

H. h. 2. þm. Hv. (E. Br.) hefur með ljósum og skynsamlegum rökum sýnt fram á nytsemd og nauðsyn þeirrar stofnunar, sem meiri hl. n. fer fram á að komið verði á fót. En jeg vil þó bæta fáeinu við. H. h. minni hluti snjeri sjer fyrst að þessu 4% gjaldi, sem landssjóðurinn skal ábyrgjast, og kallar hann bankann hjer með gjörðan að ómaga. H. h. þm., sem talaði þessi orð, er nú svo tamt að brúka þetta orð „ómagi", jafnvel um þá, sem ekki þykjast vera upp á aðra komnir. Jeg skal benda h. h. minni hluta á, að þessi sama ákvörðun gildir um veðbanka í Danmörku, og þykir ekki mjög hættuleg, enda hefur h. h. 2. þm. Húnv. sýnt ljóslega fram á, hversu lítil hætta er af þessari ákvörðun búin (sjá 6. gr. a. og b.). Enn fremur sagði h. h. minni hluti: „Hverjir eru þessir menn, (tölul. 6. a), sem óska að verða hluttakendur í bankanum?" Það hlýtur að vera h. h. minni hl. ljóst, að hjer eru meintir landsbúar. En þar sem honum þykir eitthvað of óákveðið við þetta orð: „óska", þá sje jeg ekki, að orðið „beiðast", sem brúkað var í því frv. til laga um lánsstofnanir, er sþ. var í þessari d. 1881, þ. e. inntöku í fjelagið, sje hið allra minnsta ákveðnara. Hafi þetta *beiðast* verið gott og gilt í hitt eð fyrra, þá er þetta *óska* gott og gilt í ár. Enn fremur segir h. h. minni hluti: „Þessi banki meiri hlutans er eingöngu fyrir þá menn, sem eiga afgangs peninga og vilja koma þeim á rentu". Gætir h. h. minni hluti þess ekki, að brjefin ganga manna milli, fyrir utan það, að hver sá maður, sem hefur bankaskuldabrjef með höndum, getur fengið peningalán hvar sem hann vill? Bankinn, eins og meiri hlutinn hefur hugsað sjer hann, gagnar því báðum, bæði þeim, sem hafa peninga afgangs, og eins þeim, sem vantar peninga og vilja fá þá til láns gegn veði. Þá var það ein aths. h. h. minni hluta, að bankinn, eins og hann væri hugsaður af meiri hlutanum, myndi liggja með arðlausa peninga. Á þessa skoðun sína færði hann litlar sönnur; en hvernig fer nú, ef maður lítur á seðlabankann í þessu atriði? Hann á að hafa meira en eina miljón í gulli og silfri liggjandi móts við 3 milj., sem hann hefur í útláni. Hann, og með honum landssjóður, missir því 40,000 kr. á ári í vöxtum.

Loks þótti h. h. minni hl. 5. tölul. í uppástungu meiri hlutans varhugaverður. Jeg þykist nú vita, að hann neiti því ekki, að sþ. konungs þurfi, en úr því skal jeg ekki gjöra kappsmál, hvort þessi orð *samþykki stjórnarinnar* standi eða ekki standi. En þar sem hinn háttv. minni hl. segir, að það sjeu hættuleg ákvæði hjá meiri hl. nefndarinnar, að gjöra ráð fyrir, að bankinn taki móti fje til geymslu og láni fje út, þá leyfi jeg mjer að spyrja hann: Hvar er tryggingin í

banka h. h. minni hluta? Þar er ekki talað einu orði um tryggingu. Meiri hl. gjörir þó ráð fyrir tryggingu ($^3/_5$ geymslufjár í peningum og verðbrjefum). Það er einmitt það, sem er hið hættulegasta við seðlabanka minni hlutans, að ekkert veð er sett fyrir öðru en seðlunum, enda hafa hinir skozku bankar einmitt eyðilagzt af „deposita", geymslufjenu, sem þeir hafa lánað út. Hættan er einmitt í því fólgin, að það geymslufje, sem haft er í veltu, getur orðið kallað aptur, þegar minnst varir, og orðið nauðsynlegt að fá það útborgað, en í minni hluta frumv. er engin trygging gegn þessari hættu. Þetta er svo hættulegt, að í nýrri bankalögum þykir nú ísjárvert annað en taka það fram, að geymslufje skyldi skoða sem seðla, og setja einnig tryggingu fyrir því; þessi ákvörðun er tekin upp í bankalög ríkisbankans í Svíþjóð og í Zürich og einnig á Ítalíu. En nú kemur h. h. minni hl. með frv. til bankalaga, sem enga tryggingu ákveður! Og hvernig verður afleiðingin af þessu? Hvernig fer, ef menn fá ótrú á bankanum — því að það er hugsanlegt, að það geti komið fyrir — og þyrpast þá margir að í einu og heimta að fá peninga sína útborgaða, og ef þá eru engir peningar til, er allt fjeð er brúkað í veltu, hvernig fer þá? Þetta var það, sem eyðilagði bankann í Glasgow; þetta verður jafnan hið hættulegasta fyrir hvern slíkan banka.

Það er algild og almenn regla í öllum bankastofnunum, að seðlaveðið skal vera þess konar veð, sem fljótt og fyrirhafnarlítið má gjöra að peningum. Þess vegna eru konungl. skuldabrjef ekki hið bezta veð í slíkum bönkum, heldur góðir og gildir víxlar. Það hlýtur að vera h. h. minni hluta kunnugt, að þjóðbankinn í Danmörku lánar mjög lítið út gegn fasteignarveði. *(Arnljótur Ólafsson:* 6 milj. kr.). Norðmenn lána einnig gegn fasteignarveði, en það er talið mjög hættulegt, og er gjört einungis til 6 mánaða, en raunar með þeirri ívilnun, að mega endurnýja lánið eptir 6 mánuði. Banki hjer á landi fær ekki annað veð fyrir sínum peningum en fasteignarveð. Hvernig færi nú ef allt í einu yrði að selja svo sem 20 jarðir? Ætli jarðirnar lækkuðu ekki nokkuð í verði? Við skulum taka til dæmis, að 300 jarðeigendur þyrftu að fá peningalán til ýmsra fyrirtækja, til að bæta jarðir sínar, gjalda vinnuhjúum og borga skuldir sínar við kaupmenn. Þeir fara allir til bankans og vilja fá peninga fyrir hálft virðingarverð jarðanna. Jeg gjöri ráð fyrir að hver þessara bænda fengi 1000 kr. peningalán, eða alls 300,000 kr. Nú má við því búast, að mikill hluti þessa fjár fari til kaupmanna upp í skuldir. Kaupmenn vorir geta ekki brúkað þessa bankaseðla utanlands; þeir fara því til bankans og vilja fá seðlunum skipt í gull og silfur. Hver er þá afleiðingin? Hreinustu vandræði fyrir bankann, því það mundi bráðum sannast, að hann getur ekki skipt öllum þessum seðlum.

Enn er það ein ákvörðun, sem ætti að vera undirstaða og grundvöllur undir frv. h. h. minni hluta; en hennar er hvergi getið í frv. Þessi ákvörðun er *áætlun* um það, *hversu miklir peningar* þurfi að vera í veltunni hjer á landi. Um þetta hefur h. h. minni hl. enga áætlun gjört. Það, sem þótt hefur einna áreiðanlegust undirstaða slíkrar áætlunar, er mismunurinn á útfluttum og innfluttum varningi. Þetta hefur staðið svo af sjer á seinni árum, að innfluttur varningar hefur verið talsvert á 3. milj., en útfluttur varningur hefur verið frá $^1/_2$ til 1 milj. minni. Eptir því verður óþarfi að gjöra ráð fyrir, að *útiseðlaverð*, sem svo er kallað, muni nema 2 milj. eins og h. h. minni hl. hefur gjört í brust. sinni við 4. gr. Hinn h. minni hl. mun þekkja svo mikið til hagfræðislegra reglna, að því meira sem er til af peningum í einu landi, því lægri verða peningarnir í verði, og því dýrri verður varningurinn; en því mun h. h. minni hl. þó ekki vilja verða valdandi, að varningurinn hækki til móts við peningana, eða að peningarnir lækki í verði; en það er nauðsynleg afleiðing af því, að of mikið af peningum er í veltu í landinu. Því er það svo allsendis nauðsynlegt, að gjöra áætlun um, hversu mikla peninga þurfi í veltu, til að forðast þann skaða, sem af því getur leitt, að þeir verði of miklir.

Svo langt sem h. h. minni hl. víðast hvar fer frá meiri hlutanum, þá nálgast hann þó meiri hl. í einu atriði, þar sem hann vill skjóta nýrri gr. inn á milli 9. og 10. gr. *(Arnljótur Ólafsson:* Minni hlutinn var á undan). H. h. minni hl. hefur tekið fram kosti og yfirburði þessarar

gr.; hann hefur sýnt fram á, að peningarnir verði í landinu. Það er satt; en veðskuldabrjef bankans verða líka í landinu. Þegar menn geta fengið 4 af hndr. fyrir veðskuldabrjef sín í bankanum, þá vilja menn eins vel fá þá hjá bankanum eins og kaupa kgl. skuldabrjef.

Jeg verð að minnast á það, sem h. h. minni hluti vakti máls á við 1. umr. þessa máls, að margir kgsúrsk. ekki væri auglýstir á Íslandi. Jeg verð að benda honum á, að þær lagaákvarðanir, sem nú eiga gildi hjer á landi, eru lagðar fyrir þingið, en að kgsúrskurðir hafa aldrei verið lagðir fyrir þingið. *(Arnljótur:* Ekki síðan 1874?).

Menn verða í þessu máli að greina milli þess — og jeg bið h. h. d. að íhuga það vel—hvort það muni ráðlegt að eiga það á hættu, að seðlabankinn fáist ekki, hvort ekki sje rjettara að aðhyllast það, sem minna er, og meira vissa er fyrir að fáist, nefnil. þannig lagaður banki, sem meiri hl. fer fram á. Það mun varla nokkur h. h. deildarmanna fúsari til að stofna seðlabanka en jeg, undir eins og rjett undirstaða er fengin, undir eins og þau skilyrði eru fyrir hendi sem nauðsynleg eru til þess að hann geti komið að haldi. En jeg álít, að rjettara sje nú að fá lánsbanka og geymslubanka, heldur en að eiga það á hættu að fá ekkert. Munurinn á meiri hlutanum og h. h. minni hl. er sá, að meiri hl. vill fyrst reyna lánsbanka og geymslubanka og sjá hvernig gengur með hann, en minni hl. vill reyna allt, eða að öðrum kosti ekkert. Jeg bið h. h. deildarmenn íhuga það nákvæmlega, hver skilyrði hjer eru fyrir hendi til að stofna seðlabanka, hver peningaveltan er í landinu. Við skulum skoða sparisjóðinn. Hann hefur fje fyrirliggjandi á vetrum tugum þúsunda saman, sem hann getur ekki komið út; hefur því ekki önnur ráð en kaupa konungleg skuldabrjef á haustum og selja þau aptur á vorin. Seðlabankinn þar á móti þarf *stöðuga* peningaveltu til að geta þrifizt. En hjer á landi tapast 5—8 mánuðir af árinu frá veltunni. Stuttleiki veltutímans er því eitt aðalatriði móti því að seðlabanki geti staðizt hjer á landi. Þar við bætist, að ekki er um annað veð að ræða, en jarðaveð. Hjer þarf því aðra undirstöðu, og þessa nauðsynlegu undirstöðu viljum við helzt koma með, og vonum, að móti henni verði tekið. Einkanlega vona jeg að h. h. þm. M. (E. E.) og þm. Vsk. (Ó. P.) haldi nú sömu stefnu eins og þeir höfðu þegar um lánstofnunina var að ræða 1881.

Jón Ólafsson: Það hefur verið vandi hjer á þ. að þegar eitthvert frv. er gengið í gegnum aðra d. og til hinnar og sú d. hefur aptur sett n. í málið, að n. sú þá, hafi hún ekki getað fallizt á frv. hafi í áliti sínu fært yfirgnæfandi ástæðu móti frv. Hitt er ekki nóg að færðar sjeu einhverjar ástæður fyrir þeim breytingum, sem n. kemur með. Það kemur fyrst til álita að sýna ágallana á frv. og það með skýrum rökum. Mig furðaði því mjög á því, er jeg heyrði hina löngu ræðu hins h. þm., er fyrst talaði, að hann alls ekki færði neinar ástæður móti því frv. sem hjer er um að ræða, eins og það kom frá e. d., heldur einungis ástæður móti minna hluta n. Þm. Ef. (A. Ó.) hefur sýnt fram á, að þjóðbankinn hafi engan einkarjett hjer á Íslandi, og jeg ætla að minnsta kosti rjett að þjóðbankinn hafi nú engan einkarjett hjer síðan stöðulögin komu út, hvað sem svo áður hefur verið. Þetta byggi jeg á 3. gr. stöðulaganna, sem segir að landið hafi út af fyrir sig verzlun sína og atvinnuvegi o. s. frv. Þetta bendir ljóslega á, að engin dönsk stofnun geti haft einkarjettindi hjer í slíkum efnum og þeim, sem hjer er um að ræða. Eptir að stöðulögin komu út eru þau mál ekki lengur sameiginleg, sem áður kunna að hafa verið það. Þessi mótbára um einkarjett þjóðbankans er því nú horfin. Annað mál er það, þótt Danakonungur hafi einn rjett til að láta slá peninga. En jeg bið hinn h. meiri hluta að gæta þess, að seðlaútgáfa er ekki sama sem peningasláttur. Það er því ekki að grípa inn í rjett kg., þótt seðlar væru gefnir hjer út. Mig furðar á því að hinn h. 2. þm. Hv. (E. Br.), sem játaði gagnsmuni þeirrar stofnunar, sem hjer er verið að ræða um að koma á fót, skuli þó berjast hnúum og hnefum móti henni. Jeg verð að játa að það voru ýms atriði í ræðu hans, sem jeg ekki skildi. Hann sagði, að stofnunin gegn veði gæfi út verðbrjef. En hvaða gagn hef jeg af því þótt jeg gegn veði fái pappíra sem enginn vill innleysa og það þótt jeg fái

4 kr. í rentu? það er til einskis og gjörir mjer ekkert gagn nema trygging fyrir rentunni, en það gefur mjer ekki það kapítal sem jeg vildi fá. En hvaða bót er að þessu? Jeg þarf ekki að veðsetja jörð mína til þess að fá 4% rentu af andvirði hennar. Jeg get það öðruvísi. Hinn h. þm. (E. Br.) var áðan spurður að hvar ætti að fá peninga fyrir verðbrjefin, og hann svaraði að bankinn kynni máske að kaupa þau. Þetta þykir mjer sannarlega undarlegt. Jeg held það væri tilgangslítið fyrir bankann að gefa út verðbrjef, sem hann keypti strax aptur. Það var einnig talað um að verðbrjefin gætu verið endurborganleg á 28 árum, en jeg er hræddur um að á þessu verði dálítill hængur. Jeg hef til dæmis skuldabrjef með cupons. Fái jeg nú 1/28 endurborgaðan á hverju ári, fæ jeg þá að tímatakmarkinu liðnu allar renturnar eins og upphæðin öll hefði staðið allan tímann? Jeg er hræddur um að stofnunin græddi ekki mikið á því. Hinn h. 2. þm. Hv. (E. Br.) taldi upp sem helztu kosti seðlabankans fyrst það, að með honum yrði peningaslitið ekki eins mikið. Jeg veit að þetta hefur stundum í bókum verið talið sem góð ástæða með seðlabönkum; en þessi ástæða er nú í rauninni svo lítil að varla er teljandi. Þar næst taldi hann hægð við flutninginn og virðist mjer sú ástæða litlu gildari. Jeg vil leyfa mjer að benda á, að það er margt fleira en þetta, sem gjörir seðlabankann æskilegan; fyrst og fremst það, að sje seðlabankinn á rjettum grundvelli byggður, er hann mikill gróðavegur, því að hann getur gefið út fleiri seðla, en hann hefur tryggingu fyrir. Hlutfallið milli tryggingarinnar og seðlaútgáfunnar er eins og 1 á móti 3. Ef bankinn gefur út seðla fyrir t. d. 100 þúsund kr., þarf hann ekki að hafa meira fyrirliggjandi en 33 þús. eða 1/3, en af hinum 2/3 hlutum dregur hann rentu; en þessi regla er þó ekki óyggjandi og þarf ekki að gilda alstaðar. Eins og hinn hv. þm. Bf. (Gr. Th.) tók fram hefur peningaþörfin hjer mjög mikið að segja. Ef bankinn ekki gefur út fleiri seðla en sem eru í circulation, þarf hann ekki að innleysa seðlana, heldur þá fyrst er hann gefur út fleiri seðla en eru í veltu. Væri nú peningaþörfin 1 millíón sjest að banki sem hefur 1/3 millíón liggjandi, græðir rentu á 2/3 millíón. Þetta er ekki smálítill hagur fyrir stofnunina og gott fyrir hana að geta haft hann á þennan hátt. Að svipta bankann útgáfu seðlanna er sama sem að svipta hann mögulegleika til að geta komið að góðu gagni. Það er auðvitað að sá hluti bankans sem seðlar eru gefnir út fyrir þarf að vera tryggður og einmitt þess vegna er hentugast að lánað sje upp á stuttan tíma, svo að tryggingunni verði sem auðveldast komið í peninga. Jeg ætla varúðarvert að lána mikið út á fasteign, þó það verði að vera komið undir því hve miklir peningar sjeu úti og undir því hvað reynslan kennir í því tilliti. Enn hefur verið komið með eina mótbáru, þá sem sje, að stjórn bankans yrði kostnaðarsamari. Þetta er mikið satt. En sje peningaþörfin svo mikil sem sagt er, þá er auðsætt, að bankinn græðir á seðlaútgáfunni margfallt meira en það sem svarar kostnaðaraukanum. Jeg vil enn taka fram að jeg hefði óskað að bankinn væri ekki eins bundinn eins og hinn h. minni hluti og e. d. ætlast til, en að hann hefði fengizt við fleiri bankastörf, eins og margir aðrir bankar hafa hag á, þótt vitaskuld sje að ekki sjeu með öllu hættulaus, en verði að vera komin undir því að stjórnin sje góð; slík störf eru t. a. m. diskontóstörf. Mjer er ekki ljóst, hvort eitt bankastarf getur sameinast við frv. e. d. og minni hlutans, nfl. útlán gegn ábyrgð (Kassecredit), þannig að maður fær lán hjá bankanum gegn ábyrgð áreiðanlegra manna. Slíkt er títt við hina skozku banka. Um 1826 var nefnd sett á Englandi til að rannsaka og íhuga bankafyrirkomulag og sú nefnd áleit að þessi contant credit væri mjög nauðsynleg, því hún kenndi mönnum sparsemi og kæmi til leiðar fyrirtækjum, sem ekki væri hugsanleg með öðru móti. Þetta gæti einnig haft mikla þýðingu hjer á landi og væri gott ef einhverjir hv. þm. vildu síðar koma með brt. þar að lútandi.

Enn fremur er það hagur við seðlabanka, að þeir lána fyrir skemmri tíma. Því að þeir peningar sem lánaðir eru fyrir stuttan tíma gjöra meira gagn en þeir, sem eru lánaðir fyrir lengri tíma og því standa fastir. Þess styttri sem tíminn er, þess meira er gagnið; því þá ganga peningarnir fleiri á milli, en ef þeir með því að

vera lánaðir um langan tíma sitja fastir, og koma þá heldur ekki eins mörgum að gagni. En eptir frv. meiri hlutans sje jeg enga verulega bót frá því ástandi sem nú er. Það verður ekkert betra eptir því að fá lán en nú úr viðlagasjóði. Munurinn er að það verður þó kostnaðarsamara, og svo hitt að þessi bankanafnbót er fengin.

Það hefur enn verið komið með þá mótbáru, að menn hjer hefðu óbeit á seðlum, svo þeir myndi ekki ganga út. Þetta er misskilningur. Ekki hefur borið á því, að mönnum t. d. á Austfjörðum og á Eyjafirði hafi þótt neitt viðsjárvert að taka móti norskum seðlum, og vita þó allir, að ekki er lengra orðið enn til Reykjavíkur en til Björgvinar, þar sem þeim er skipt fyrir peninga. Mjer sýnist engin ástæða til að ætla, að landsmenn yrðu tortryggnari við íslenzka banka, sem þeir vissu að trygging væri fyrir, en við útlenda banka, sem þeir ekki hræðast, þó þeir ekki þekki neitt til þeirra. Og þess utan—hve margir vita, á hvaða fótum þessar stofnanir standa? Þeir vita að þessi og þessi seðill gildir svo og svo mikið, og að þeir geta fengið peninga fyrir hann, og það er þeim nóg.

Það hefur enn fremur verið sagt, að eptir frv. meiri hlutans væri gjör undirbúningur undir seðlabanka, sem svo væri hægt að stofna hve nær sem vildi. Skyldi þetta vera svo? Þegar búið er að taka fje viðlagasjóðs til þessa, þá á að fara að stofna seðlabanka. Með hvaða fje? Nei, þetta er að gjöra seðlabanka ómögulegan. Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) sagði að fjeð lægi rentulaust hjá seðlabankanum. Jeg, held þetta geti ekki verið alvara þm., því hann veit, að bankinn þarf ekki að hafa nema $^1/_3$ fyrirliggjandi af þeirri upphæð sem hann gefur út seðla fyrir, en græðir vexti af hinum $^2/_3$ hlutum. Sami þm. taldi sem ástæðu móti frv. e. d. og minni hlutans, að engin trygging væri fyrir geymslufje; en þess ber að gæta, að geymslufje (deposita) getur verið með fleira móti. Þannig má t. d. telja fyrst deposita, sem fólgið er í vörum og í öðru lagi deposita í peningum. Fyrir deposita, sem fólgið er í vörum, er aldrei nein trygging heimtuð, heldur verður þvert á móti sá, sem depónerar, að borga fyrir geymsluna og viðhalda assúrance. Deposita-peningar eru aptur tvenns konar, annaðhvort fyrir óvissan eða tiltekinn tíma. Ef tíminn er óviss eða ótiltekinn, þá er ekki borguð renta. Ef tíminn er ákveðinn, þá er upphæðin sett í veltu án annarar tryggingar en þeirrar, sem innifalin er í góðri stjórn. Þm. Bf. (Gr. Th.) sagði að bankinn gæti ekki orðið af með seðlana, því ekki væri til nema fasteignarveð. Hjer eru þó til kgl. ríkisskuldabrjef upp á hjer um bil 2 miljónir. Eptir þeim cuponsum, sem landfógetinn tekur árlega við, er auðsjeð að hann borgar árlega rentur af hjer um bil 1 miljón, og þá er víst óhætt að gjöra ráð fyrir annari miljóninni sem rentur eru hafðar af erlendis. Þess utan mundi bankinn lána móti víxlum o.fl.

Jeg sje því ekki, að verulegar mótbárur sjeu komnar fram gegn frv. e. d. og minni hlutans. Meiri hlutinn hefur einungis fært líkur fyrir sínum breytingum, en ekki fært sönnur móti frv.

Jeg gleymdi alveg að minnast á eitt nýtt atriði, sem þm. Bf. (Gr. Th.) kom með, nefnil. þetta ráðgjafabrjef. Því mætti víst svara þannig, að hjer er enginn kgl. sjóður á landinu. Eða eru nú ráðgjafabrjef orðin lög? Varla held jeg að þm. hefði ætlið viljað kannast við það. Við höfðum ráðgjafabrjef sællar minningar, um Elliðaárnar, sem yfirvöld, jeg vil ekki segja yfirdómarar, fóru eptir. Hvað er nú orðið af því? Jeg átti ekki von á því, að þessi þm. mundi ætla að hræða oss með þessu ráðgjafabrjefi.

Fimmtugasti og fyrsti fundur, föstudag 17. ágúst, kl. 6—$9^1/_2$ e. m. Allir á fundi, nema Magnús Andrjesson, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín (veikindi).

Lagafrumvarp um stofnun landsbanka á Íslandi (C 276); 2. umræða (niðurlag).

Arnljótur Ólafsson (frsm. minni hluta n.): Hinn h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) hefur svarað þm. Bf. (Gr. Th.) svo vel, að jeg sje ekki ástæðu til að bæta við það nema örfáum athugasemdum. Þetta ráðherrabrjef frá 1851, sem þm. Bf. vitnaði til, sýnir, rjett skoðað, ekki annað en að jarðabókarsjóðurinn sem konunglegur sjóður hjer á landi, var þá og allt til þess er fjárhagsaðskilnaðurinn komst á, ekki ann-

að en útisjóður, eða filíal ríkissjóðsins, og hefur til þessa tíma verið skoðaður sem partur af ríkissjóðnum. Fyrir því var jarðabókarsjóðinum skylt fyrir hönd ríkissjóðsins að leysa seðla þjóðbankans í útlandi þjóðbankaseðlanna, sem áttu heima eða voru lögmætur greiðslueyrir eingöngu í Danmörku. Sama mundi vera um enska, norska og sænska seðla, ef hjer væri verzlunarfulltrúar þessara landa eða útisjóðir (Filialer) frá þessum þjóðbönkum, þá mundu þeir álíta sjer skylt að leysa til sín seðla þessa hjer á landi. Jeg vona því, að þm. Bf., sem hefur vakið upp þessa forynju, að jeg segi ekki þennan draug, um gildi hinna dönsku þjóðbankaseðla hjer á landi, verði fyrstur manna til þess að kveða hann niður; hann er, sem menn vita, mikill „diktari“ og getur því „diktað“ fögur erfiljóð eptir hann, þegar þessu þingi er lokið.

Af því að jeg held mjer við jörðina, og vil reyna til að halda mjer við reynslu annara þjóða og reynslu míns eigin lands, þá skal jeg eigi fljúga hátt, er jeg nú vil reyna að taka fram nokkur höfuðatriði, þau er greina seðlabanka frá veðlánabanka meira hlutans.

Mjer finnst, að meiri hlutinn gangi að því sem vísu, að bankaskuldabrjefin ávinni sjer fullt traust allra landsmanna, en hið megnasta ótraust verði á innlendum seðlum, og vil jeg því leyfa mjer að bera saman þetta tvennt, bankaskuldabrjef og seðla.

Bankaskuldabrjef og seðlar eiga það sammerkt, að hvorttveggja kemur frá banka, hvort heldur hann er veðlánabanki eða seðlabanki og lánsbanki. Seðlabankinn sendir seðla út frá sjer, en veðlánabankinn bankaskuldabrjef. Enn fremur er það líkt með þeim, að hvortveggi brjefin eru lánfæri (Creditmidler). Það er minnst á mununum um kostnaðinn við að búa hvortveggja brjefin til, bankaskuldabrjefin og seðlana, því að stimplana til seðlanna mætti sjálfsagt fá annarstaðar að, svo eigi þyrfti úr því annað en prenta letrið, svo stimplun og prentun seðilsins yrði litlu dýrari en stimplun og prentun bankaskuldabrjefsins með öllum klippingunum (Coupons). Í hverju er þá þessi mikli munur á seðlabanka og veðlánabanka fólginn?

Munurinn er í fyrsta lagi sá, að seðlabankinn borgar enga vöxtu til viðtakenda seðlanna. Þegar maður kemur til seðlabanka og fær 1000 kr. í seðlum, þá borgar bankinn honum ekki leigu af því; þvert á móti. En veðlánabankinn borgar leigu af sínu bankaskuldabrjefi. Báðir bankarnir taka við veðskuldabrjefum af þessum tveimur lánbeiðendum, hvor af sínum skuldunaut, upp á 1000 kr., annar þessara manna fær sínar 1000 kr. í staðinn í seðlum, — látum það vera í tómum seðlum,—en hinn í bankaskuldabrjefum. Nú fer munurinn að koma fram. Seðlabankinn er kvittur og laus við allt frá því er hann lætur út þessar 1000 kr. í seðlum, þangað til að þessir seðlar koma aptur til bankans og hann skiptir þeim fyrir gull, og seðlabankinn greiðir viðtakanda enga vöxtu af þeim allan þennan tíma, sem þeir eru úti. Allt öðru máli er að gegna um veðlánabankann. Frá sama augnabliki sem hann tekur við veðskuldabrjefinu og lætur út sitt bankaskuldabrjef, þá er hann skyldur að greiða af bankaskuldabrjefinu 4 af 100 ár hvert. Þetta er sá hinn fyrsti mikli munur. Þessu getur enginn neitað, sem hefur opin augun. *(Tryggvi Gunnarsson:* Jú). Það er ómögulegt að neita því; það er þá hreinasti misskilningur. Eru ekki vextir goldnir af bankaskuldabrjefum, má jeg spyrja? Hver borgar þá, annar en veðlánabankinn? Í frv. meiri hlutans 5. gr. c. segir, að „greiða skuli 4% árlega leigu af bankaskuldabrjefunum“, og eptir 2. gr. 2. tl. „ábyrgist landsj. að goldnir verði 4% í vöxtu“ af bankaskuldabrjefunum. Ætli veðlánabankinn þurfi þá aldrei að endurgjalda lsj. vexti af sínum bankaskuldabrjefum? *(Grímur Thomsen*: Þó svo væri!). Jeg vona að minnsta kosti að þm. Bf. (Gr. Th.), sjálfur frsm. meiri hluta n., skilji það, að veðlánabankinn hljóti að greiða 4 af 100 í vöxtu af öllum bankaskuldabrjefum sínum frá lángjafardegi.

Nú kemur annar mikill munur: Hverjir menn eru þeir er fara til seðlabankans og veðlánabankans? Það eru lánbeiðendur, menn sem vilja þiggja, ekki bjóða lán. Sá, sem fer til seðlabankans, fær það sem hann vill, það er gangeyri. Hinn, sem fer til veðlánabankans, fær það, sem hann kærir sig ekki um, og hefur ekkert með að gjöra, honum rið-

ur á peningum, en ekki á bankaskuldabrjefum, hversu arðberandi sem þau vera kunna. *(Jón Ólafsson:* Steina fyrir brauð. *Grímur Thomsen:* Hann getur selt þau). Satt er það, ef kaupendur fást við hendina, sem vilja gefa fullt verð fyrir. En þess ber að gæta, að hjer á landi hvorki er nje verður nokkur markaður fyrir þessi bankaskuldabrjef. Niðurstaðan verður sú, svo sem hinn h. h. 2. þm. Hv. (E. Br.) sagði, að bankaskuldabrjefin fara í kaupmennina, hina dönsku kaupmenn. Þá verður, með öðrum orðum, árangurinn sá, að jarðirnar, sem bankinn hefur að veði, verða aptur veðsettar mönnum utanlands. *(Benidikt Sveinsson:* Einmitt). Það er óumflýjanleg afleiðing af þessari dönsku lánsstofnun, rjettara sagt, þessari ólánsstofnun.

Þriðji mismunurinn er sá, að seðlar eru teknir um land allt og í bankanum með *fullu ákvæðisverði,* en 2. þm. Hv. (E. Br.) varð þó að játa, að bankaskuldabrjefin seldust aldrei meira en ríkisskuldabrjef. Fyrir því er óhætt að gjöra að gangverð bankaskuldabrjefa muni aldrei verða yfir 98 fyrir hvert 100. Það er víst óhætt að bæta því við, að bankaskuldabrjefin mundu vart ná sama verði sem ríkisskuldabrjef, því að menn eru orðnir því svo vanir að fá sína 4 hundruðustu af ríkisskuldabrjefum greidda hjá jarðabókarsjóðnum, að flestir mundu heldur kjósa þau en bankaskuldabrjefin, með því og að markaður ríkisskuldabrjefa hlýtur jafnan að verða miklu víðlendari en bankaskuldabrjefauna.

Í einu orði, þá er munurinn sá, að maður sá, er snýr sjer til veðlánabankans, hann gefur veð eins og hinn, sem snýr sjer til seðlabankans, en maðurinn, sem á við veðlánabankann, hann fær í fyrsta lagi það sem hann ekki vill, í öðru lagi fær hann ekki fullt andvirði veðsins, því að hann fær í hæsta lagi 98 fyrir hvert 100, og jafnvel miklu minna, því að bankaskuldabrjefin falla sjálfsagt í verði með ríkisskuldabrjefum, og þar að auki er enginn í þessum sal, eða fyrir utan hann, sem getur sagt hvert gangverð verða muni á bankaskuldabrjefunum á kaupmannahöllinni (Börsen) í Höfn. Og ekki er enn búið með þessu. Sá sem snýr sjer til veðlánabankans með sitt veðskuldabrjef, hann verður í hið allra minnsta að greiða af því $4^1/_2$ af 100 í vöxtu; annars getur veðlánabankinn ekki lifað eitt augnablik, og enda efasamt, hvort hann verður ekki að taka enda talsvert hærri vöxtu til þess að geta lifað. En því að eins kalla eg hann geti lifað, að hann geti eigi að eins staðizt kostnað sinn, heldur og goldið vöxtuna af bankaskuldabrjefum sínum; en sá maður aftur á móti, sem fer til seðlabankans, hann þarf ekki að greiða hærri vöxtu en 4 hundruðustu af sínu veðskuldabrjefi. Seðlabankinn getur lánað með svo miklu vægari kjörum, að hann getur auðveldlega orðið 1 hundraðasti undir veðlánabankanum. *(H. Kr. Fr.:* Nei). Jú, segi jeg, og það getur seðlabankinn einmitt af því, að hann greiðir enga vöxtu af seðlunum. Þetta er hinn mikli mismunur. Sá sem því fer til veðlánabankans, hann geldur að minnsta kosti $^1/_8$ eða $^1/_9$ hærri vöxtu af sínu láni en hinn maðurinn, sem fer til seðlabankans, því að veðlánabankinn tekur $4^1/_2$ hundraðasta af veðskuldabrjefum lánþiggjanda, en seðlabankinn eigi nema 4 hundruðustu. Vaxtamunurinn er og í rauninni enn meiri, og liggur það í því, að viðskiptamaður veðlánabankans fær í mesta lagi 98 kr. í bankskuldabrjefum fyrir hverjar 100 kr. í sínu veðskuldabrjefi, er hann geldur af $4^1/_2$ af hdr. í vöxtu. Og svo þegar hann er búinn að fá þetta bankskuldabrjef, þá þakkar hann guði fyrir að geta orðið af með það í landinu sjálfu, jafnvel fyrir talsvert lægra verð en 98 fyrir hvert 100.

Nú er enn þess að geta, að seðlar eru gangeyrir í landinu, en bankskuldabrjefin ekki. Með gangeyri meina jeg annaðhvort gjaldgenga peninga eða brjefeyri þann eða brjefpeninga, er ganga manna á millum og gilda jafnt gjaldgengum peningum. Sá sem taka vill lán, hann fær það vanalega í gangeyri. Lánbeiðandinn biður um gangeyri, og lánbjóðandinn býður gangeyri.

Fyrir því er í einu orði veðlánabankinn fyrir lánbjóðendur en ekki fyrir lánbeiðendur. Hann getur því aldrei *sjálfur* eður af eiginn ramleik bætt úr peningaeklunni í landinu, nema því að eins, að hann hefði peninga til að lána út fyrir utan bankskuldabrjefin.

Nú kemur sú spurning: Hverjir kaupa seðlana og hverjir kaupa bankskuldabrjefin? Bankskuldabrjefin eru að eins arð-

eignar ígildi, eða arðeignar virði, rjett eins og hver önnur arðberandi eign og arðberandi brjef, svo sem hlutabrjef í Gránufjelagi, í járnbrautarfjelögum, gufuskipafjelögum, eða hverju nafni, sem þau nefnast, og verða ekki aðrir til að kaupa þau en innlendir og útlendir peningamenn. Bankskuldabrjefin, ríkisskuldabrjefin, hlutabrjefin, í einu orði, öll arðbrjef, þau eru *hluteign* í raun rjettri, en *gangeyrir* eru þau eigi. En seðlana aptur á móti kaupa allir þeir, sem þurfa að halda á gangeyri til að lifa fyrir, eða þá til þess að verja þeim til einhverra fyrirtækja.

En nú segja menn: Íslendingar hafa vantrú á seðlum og vilja þá ekki. Jeg skal ekki fara langt út í það mál; en hitt er víst, allir gjaldheimtumenn, svo sem sýslumenn og umboðsmenn, taka þakksamlega við þeim, af því að þeir geta goldið þá aptur í lsj.—En kaupmennirnir? Ætli þeir vilji ekki taka á móti seðlunum? Jeg skal snúa mjer til faktors Tryggva Gunnarssonar á Oddeyri; jeg þarf að greiða honum skuld, og spyr hann, hvort hann vilji heldur, að jeg ljúki skuldinni með seðlum, eða leggi inn til hans lýsi, sem svarar því, sem jeg skulda. En nú hefur Tryggvi Gunnarsson skrifað faktornum með seinustu ferð, að það sje fyrirsjáanlegt 6 kr. tap á hverri lýsistunnu, sem flutt verði frá Íslandi það sumar. Jeg hygg að faktorinn verði guðsfeginn að taka seðlana. Það gæti líka staðið svo á, að skip hefði komið daginn áður með „spritt“ til verzlunarinnar, og þá held jeg að faktornum þætti bera vel í veiði, að geta fengið seðlana, til þess að greiða tollinn til sýslumannsins. Hvað skyldu þá kaupmenn gjöra, ef bændur koma til þeirra með seðla eptir að síðasta skipið er farið á haustin, og segja við þá: annaðhvort verður nú skuldin að standa, eða þú verður að taka við þessum seðlum upp í hana. Jeg held að kaupmenn segi: Ykkur er guðvelkomið, að lúka skuldinni meðseðlunum, vjer getum annaðhvort sent þá með póstinum til Reykjavíkur og fengið þar gull fyrir þá, eða tökum þá og geymum til þess að gjalda með þeim tollinn næsta sumar. Þetta er ekki háfleyg kenning eða langt fyrir ofan reynsluna. (*H. Kr. Fr.*: Það vantar resúltat). Resúltatið er, að þegar gjaldheimtumenn og kaupmenn taka seðlana, og þessir menn eiga að greiða yfir 300,000 kr. ár hvert í lsj., þá fara þeir af sjálfu sjer að ganga manna á milli. Það er heili galdurinn, að eins og 30—40 kr. í seðlum koma á nef hvert í Danmörku og líkt í Norvegi og Svíþjóð, svo hlýtur og hið sama lögmál að gjöra sig gildandi hjer á landi. Jeg sagði að 30 kr. í seðlum kæmu á hvert nef í Danmörku og það er hið minnsta. Jeg skal gjöra fólkstöluna meiri en hún er og telja 2 miljónir manna í Danmörku. Þar eru seðlar á gangi upp og ofan fyrir 60 miljónir króna, suma mánuðina meira en suma minna. Þá koma 30 kr. á mann. Komi nú 30 kr. á hvert nef hjer á Íslandi, þá verða það, á 70000 manns, 2,100,000 kr. í seðlum, sem ganga til að fullnægja viðskiptaþörfinni, og svo mikið hygg jeg að kæmist í veltuna með tímanum, og það innan langs tíma, einkum þegar þess er gætt, að í Danmörku og öðrum löndum ganga manna á millum í víxlum og ávísunum fyrir miklu fleiri miljónir kr. en seðlunum nemur, en sem lítið er og mun verða lítið um hjer á landi. Í öðrum löndum er miklu meira af alls konar verðbrjefum, sem koma í stað peninga og uppfylla sömu þörf sem peningarnir gjöra, en hjer má búast við að nokkurn tíma verði að tiltölu við önnur lönd, og þess vegna ætti hjer á landi að vera tiltölulega meiri þörf á seðlum en erlendis.

Um trygging seðlanna er það að segja að í bratkv. mínu er meiri trygging, en nokkurstaðar er sett við seðlabanka í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Jeg vil biðja menn sjerstaklega að lesa auglýsinguna frá 20. des. 1873, og bera hana saman við þessi seðltryggisákvæði mín. Eina tapið sem seðlabankinn getur haft af útgáfu seðlanna er sá, að hann verður að leggja fyrir vissa tiltekna upphæð gullpeninga, sem liggur vaxtalaus. Gegn fyrstu miljón seðlanna verður það eptir till. minni 333,334 kr., og gegn annari miljóninni 500,000 kr. Gegn 2 miljónum útiseðla liggja þá arðlausar í bankanum samtals 833,334 kr. En af mismun þeim, sem er á milli þessa tryggingarfjár í bankanum og útiseðla bankans vinnur hann vöxtu alla sjer til viðurhalds og viðgangs.

Þeir, sem eru á móti seðlabanka hjer

á landi, þeir verða að ímynda sjer, að Íslendingar sjeu allt öðruvísi gjörðir en allar aðrar þjóðir. Eða þeir ganga með einhvern kvíðboga fyrir því að þjóðbankinn í Danmörku muni geta neitað oss um neyzlu þessa lánfæris, seðlanna, sem eru notaðir í öllum *öðrum* siðuðum löndum.

Jeg skal mjög stuttlega drepa á spár, sem hafa komið fram hjer í salnum um það, að stj. muni aldrei samþykkja seðlabankann. Jeg tek mjer þá í munn orð, sem hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) hefur mælt hjer áður, þegar líkar spár komu fram: „Jeg læt ekki ógna mjer með stj., en fer minna ferða". En jeg er hræddur um að hjarta þessa þm. hafi drepið stall síðan, þar sem hann nú er ekki að eins hræddur við stj., heldur líka hræddur við einkaleyfi seðlabankans eða þjóðbankans í Danmörku, af því að hann heldur að hann hafi líka einkaleyfi til að gefa út seðla á Íslandi. Þessi hræðsla getur varla komið annarstaðar upp en í höfði þess manns, sem lifir svo með hugann í Danmörku, að hann er búinn að flytja Ísland með sjer þangað.

Jeg ætla ekki að fara aptur yfir þessar brt. meira hlutans; það er ekki gustuk. Að eins vil jeg bera þá spurningu upp fyrir hinum heiðraða meira hluta, hve nær og hversu fljótt hann ætli að menn komi og skrifi og skuldbindi sig til að leggja þessar 100,000 kr. í hina fyrirhuguðu seðlabankastofnun? Jeg bið þá í svari sínu að byggja á reynslunni hjer á landi, „með hliðsjón af" arði þeim, sem veðlánabankinn býður landsmönnum.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vildi óska, að spurningin um einkaleyfi þjóðbankans í Danmörku hefði eigi komið svo mjög fram við umræður þessa máls, eins og orðið hefur, því að málið hefur eigi orðið ljósara við það. Jeg ásamt meiri hl. nefndarmanna byggðum eigi á því eingöngu tillögur vorar, að seðlabankinn, vegna þessa einkaleyfis, gæti ekki komizt á og þrifizt hjer á landi, heldur á ástandi landsins og landsmanna, því þó þjóðbankinn hefði einkaleyfi sem stendur til að gefa út seðla í öllu Danaveldi, þá er hugsanlegt, að hann gæfi eptir einkaleyfi sitt fyrir Ísland, svoleiðis að stofna mætti seðlabanka hjer; þjóðbankinn hefur hvort sem er lítinn gróða af seðlum hans, sem ganga manna í milli hjer á landi, þeir eru ekki svo margir. Jeg sleppi því, að tala meira um þetta atriði. Það, sem jeg leit á og byggði álit mitt á, þegar rætt var um í nefndinni, hvernig bankinn ætti að vera, var ástand landsins og hugsunarhættir landsmanna. Það gladdi mig, að umræðurnar í dag hafa hneigzt í þessa átt, og frá því mikið umtalaða einkaleyfi þjóðbankans. Jeg ætla að leyfa mjer að skoða stuttlega, hvernig ástandið er.

Þjóðin er fátæk, stórkostleg fyrirtæki engin, sízt þau, sem borga sig á stuttum tíma, svo að peningalánin komi fljótlega inn aptur; hjer er helzt að tala um smá fyrirtæki; jarðabætur í því smáa, sem eru lengi að borga sig og hið sama má reyndar segja um sjávarútveg landsins; hjer liggur því á, þegar svona er ástatt, að fá lán, sem geta staðið lengi, og þannig er veðbankinn stofnaður; á hinu liggur minna, að fá stóreflislán, sem á að borgast aptur á hálfs árs fresti, einsog er í víxlabönkum og enda seðlabönkum. Á það má einnig líta, að það mun vera þjóðareinkenni vor Íslendinga, að vjer erum fremur tortryggnir og vantar traust á sjálfum oss og öðrum, og þetta þjóðareinkenni er jeg hræddur um, að komi fram við seðlabankann; en þá er hann lítt nýtur, ef seðlarnir ekki hafa traust almennings. Enn þá er eitt eptir, og það sem máske er seðlabanka mest til hindrunar, og það er, að landið er svo langt frá peningastraum og peningastöðvum eða bönkum annara landa. Allt þetta verður að taka til greina, þegar menn tala um, hvort heldur seðlabanki eða veðlánabanki geti þrifizt betur hjer á landi. Jeg játa það, að svo framarlega sem seðlarnir fá traust almennings, þá eru þeir ljettari og hægari gjaldeyrir fyrir menn, en bankskuldabrjefin eða bankaobligationir; en það er alls eigi sagt, að seðlarnir fái þetta traust hjá landsmönnum; hitt er langt um líklegra, að landsmenn vilji miklu heldur hafa gull, sem þeir eru vanir við, þegar þeir hafa völ á hvorutveggja jafnt. Það er hætt við, að þó þeir fyrst fái seðla, þá fari þeir í bankann strax aptur til að skipta seðlunum fyrir gull, annaðhvort sjálfir eða fái aðra til að gjöra það fyrir sig, og þá verður sú afleiðingin, að bankinn situr með seðlana en tæmist af gullinu. H. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) sagði, að þegar

menn kæmu til bankans og bæði um lán, þá væri sá munurinn fyrir veðlánabankanum, að hann þyrfti að gjalda rentur af sínum bankaskuldabrjefum, sem væru í höndum annara, en seðlabankinn þyrfti alls engar rentur að greiða af seðlunum, sem hann lánaði út; en má jeg spyrja: þarf bankinn þá eigi að hafa fyrirliggjandi gull og silfur, liggjandi arðlaust í járnkössum til tryggingar seðlunum, sem eru á gangi milli manna, og þarf hann eigi að borga rentur af þessu gulli og silfri? Jú, það játa víst allir, og er það þá ekki sama sem að borga rentur af seðlunum, sem úti eru, þegar jafnt er úti af seðlum sem svarar því, sem liggur arðlaust af gulli? Jeg skal játa það aptur, að ef seðlarnir fá traust á sig, þá eru þeir miklu hægri gangeyrir fyrir menn en bankaskuldabrjefin, en hitt verð jeg að segja að sje mikill misskilningur, það sem 2. þm. Sm. (J. Ó.) sagði, að bankaskuldabrjefin væru einkis virði fyrir lántakendur. Þau eru að sínu leyti eins og ríkisskuldabrjefin, sem að jafnaði seljast eigi fyrir fullt ákvæðisverð, en menn þó geta æfinlega fengið nokkurt verð fyrir þau og komið þeim í peninga, ef eigi ákvæðisverð, t. d. 100 kr., þá 92 til 98 kr. og því er það eigi rjett að segja, að brjefin sjeu einkisvirði, því að varla fer svo, að menn geti ekki fengið fyrir þau fast að ákvæðisverði, einkum ef þau mættu hljóða upp á $4^1/_2$%. En það er annar munur á seðlabanka og veðlánabanka, sem þingmaðurinn ekki talaði um með samanburði hvorn við annan, nefnilega það, að seðlabankinn er skyldur að leysa alla seðlana inn með gulli og silfri, þegar þess er krafizt, en þess þarf veðlánabankinn ekki; hann þarf ekki að innleysa sín brjef með gulli og silfri, og er slíkt stór kostur fyrir veðbankann fram yfir seðlabankann, því hann á mikið á hættu ef mikið af seðlum er úti, og það tilfelli kemur fyrir, að menn streymi að bankanum hópum saman til þess að fá silfur og gull í staðinn fyrir seðlana; getur slíkt viljað til af ýmsum orsökum, þar á meðal hræðslu við hallæri, vantrausti á bankanum, eða að sá kvittur komi upp að stjórn bankans sje eigi sem ráðvöndust; við þetta getur fram komið hræðsla hjá þeim sem hafa seðla bankans og þeir heimtað að fá þá alla innleysta með gulli, þar til bankinn hefur ekki til meira gull og silfur, og getur loks eigi leyst inn lengur sína eigin seðla, og ekkert gull eða silfur að fá til hjálpar hjá öðrum; þó hann hafi á boðstólum veðskuldabrjef einstakra manna, þá stendur allt fast og bankinn verður gjaldþrota, eða verður að stansa innlausnina, bæði hlutamönnum og landssjóð til stórskaða. Í líku tilfelli er öðruvísi ástatt fyrir veðlánabankanum; hann þarf þar á móti aldrei að eiga neitt á hættu, eða að innleysa bankskuldabrjef sín, þó í líku tilfelli komi hræðsla í viðskiptamenn bankans og eigendur obligationa hans; því undir eins og bankinn er búinn að selja veðskuldabrjef sín, þá eru þau úr hans ábyrgð, að fráskildum rentum; falli þau síðar í verði, þá er það ekki skaði bankans heldur handhafa brjefsins hver sem hann er. Ef bankinn hefur t. d. 300,000 kr. í gulli fyrirliggjandi hjá sjer sem liggur arðlaust, en hann hefur aptur á gangi milli manna 500,000 kr., sem hann tekur rentu af, þá græðir bankinn; þetta játa jeg; en ef hann hefur minna úti af seðlum en stofnfjeð er, þá tapar hann; hjer er þess vegna ekki eingöngu undir því komið, að hafa rjett til að gefa út seðla, heldur að seðlarnir hafi traust almennings og að þeir sjeu fullkominn gjaldeyrir milli manna og til kaupmanna. En jeg skal ráðgjöra að seðlarnir fái traust manna og það gangi til eins og í öðrum bönkum, og kaupmenn og aðrir láni stórar upphæðir um stuttan tíma, t. d. frá því á vorin og þar til á haustin. En hvernig fer þá ef t. d. 100,000 kr. eða 400,000 kr. koma inn í bankann að haustinu, sem ekki verður tekið að láni fyrri en næsta vor, hvað á bankastjórnin þá að gjöra? Hún verður að gjöra annaðhvort: láta fje þetta liggja arðlaust allan veturinn, eða senda peninga til útlanda og koma þeim þar í banka gegn lágri rentu, og með talsverðum kostnaði; því auk rentumissis kostar 400 kr. að senda 100,000 kr. til útlanda; eða í þriðja lagi: hún verður að kaupa konungleg ríkisskuldabrjef, sem bankinn getur opt og einatt tapað á, þegar svo þarf aptur að selja brjefin eptir stuttan tíma, hvernig sem gangverðið þá er; þetta er þannig miklum vandkvæðum bundið, sem allt leiðir af því, að landið liggur svo langt

frá öðrum löndum; engin telegraf er til hjer og samgöngur til annara landa mjög ónógar. Jeg þekki að það er opt vandræði fyrir banka erlendis þegar peningar hrúgast upp í þeim, og að stjórnendur þurfa þá að neyta ýmsra ráða til að koma þeim á viðunanlega vöxtu annarstaðar, en þar er allt hægra viðureignar, þar er hægt að telegrafera á einum degi um alla Evrópu til að vita hvar renta er hæst eða þörf fyrir fjeð, og svo má á næsta degi senda það með járnbrautum víðsvegar til annara landa, en hjer er öðruvísi ástatt og verður það að koma til skoðunar, þegar dæma skal um það, hvort víxla- og seðla-bankinn geti þrifizt hjer á landi. En nú má einnig skoða ástand landsmanna. Jeg get opt furðað mig á, þegar bændur hafa heldur viljað hafa seðlabanka og víxlabanka en veðlánabanka. Þeir vilja þó allir fá lán upp á langan tíma, en eigi stuttan; öll fyrirtæki landbóndans borga sig seint, jarðabætur eru lengi að borga sig og þeir sem taka lán til að kaupa jarðir eða til að byggja hús, fá heldur eigi fljóttekinn ágóða upp úr því; það er því flestum af bændunum fyrir mestu að geta fengið lánin viss og fast bundin með afborgun um langan tíma, en það er eins og bændurnir hjer á landi hirði ekkert um þetta, því að annars mundu þeir styðja veðlánabankann, einmitt þann banka sem er líkur þeim stofnunum, sem í öllum löndum er búinn til fyrir bændur. Líkt þessu sem meiri hluti n. fer fram á er Landmandsbankinn í Kaupmannahöfn og líkt þessu eru allir bankar og lánsstofnanir um víða veröld, sem eiga að styðja að jarðabótum bænda, húsagjörð og sjáfarútvegi. Jeg hef mikið hugsað um þetta mál; en þó hefði jeg ekki þorað að reiða mig á mína eigin skoðun ef jeg hefði ekki talað um það við svo marga menn, er hafa þekkt lík mál út í æsar, og sem mestalla æfi sína hafa fengizt við lánsstofnanir bænda og banka og hafa þeir allir verið á einu máli um það, að þetta fyrirkomulag mundi vera hið hentasta, eptir því sem til hagar hjer á landi. Víxlabankar og seðlabankar eru aptur á móti búnir til fyrir kaupmenn, sem að eins þurfa lán um stuttan tíma til að kaupa fyrir vörur eða annað, sem þeir svo geta selt aptur, innan skamms tíma fengið verð fyrir þær og svo skilað láninu aptur. Þennan banka vilja bændur margir styðja, en fella þá stofnun, sem bændum er hagfelldust! H. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) sagði að Íslendingar hlytu að vera allt öðruvísi en aðrir menn, og að þeir mundu vera líkari skrælingjum, ef seðlabanki eigi gæti þrifizt hjer á landi; en jeg verð að taka það fram, að þetta er eigi þjóðinni að kenna, heldur er það vegna ástands landsins og vegna þess hve langt það er frá öðrum löndum og peningastraumnum annara landa; einnig mun þess lengi að bíða að peningaumsetningin verði fljót í þessu landi. Það dugir eigi að segja, að af því að sporvagnar þrífast í París og öðrum stórborgum, þá hljóta þeir að geta borgað sig vel hjer á landi, og af því járnbrautir í útlöndum gefa mikinn ágóða, þá hljóta þær að geta staðizt á Íslandi. Það er eigi rjett að segja, að þeir sem neiti þessu, álíti Íslendinga skrælingja. Enn fremur sagði hinn sami h. þm. (A. Ó.), að bankskuldabrjefin væru eigi mikils virði og næstum ómögulegt að selja þau fyrir peninga, en jafnframt talaði hann um að þau gætu komizt í hendur útlendra manna, er gæti orðið mjög hættulegt fyrir landið, af því að Íslendingar yrðu með því veðskyldir útlendum auðmönnum. Þetta er mjer óskiljanlegt, og þykir undarlegt að heyra frá jafn vitrum og reyndum þm., bæði nú og á þingi 1881, slíkan dóm. Er það þá óhagur fyrir landið, að bankinn selji út úr landinu bankskuldabrjef fyrir máske 200,000 kr., og fá aptur fyrir þau inn í landið 200,000 kr. í gullpeningum? Til að brúka hjer til þarflegra fyrirtækja er það einmitt gott, að fá gullið og silfrið inn í landið fyrir pappír. Jeg held að það sje einmitt nauðsynlegt og mikill kostur fyrir alla eigendur bankskuldabrjefanna, að þau hafi sem stærstan markað; jeg hef hingað til álitið, að því fleiri sem sækjast eptir að kaupa brjefin, eins og hverja aðra vöru, því verðhærri hljóti þau að verða. Ef það væri hættulegt fyrir Íslendinga, að bankskuldabrjef þeirra færu til útlanda, þá ætti það líka að vera hættulegt fyrir Dani, að eiga hjer á Íslandi ríkisskuldabrjef sín fyrir máske því nær eina miljón kr., og þá ættu menn að tala um, hversu hræðilegt það væri fyrir Dani, að þeir væru fyrir það sama veðskyldir Íslendingum. Jeg vil að endingu biðja h. h.

þingmenn að athuga, hvort eigi sje rjettara þegar um jafnmikið landsins fje er að tefla eins og hjer er að tala um, að taka heldur það fyrirkomulag bankans, sem minni hætta er við, einkum þegar menn hafa engan kunnugleika um, hvernig bankanum verður stjórnað, og hvernig landsmenn muni taka á móti honum. Jeg get eigi heldur sjeð annað en að bankinn síðarmeir gæti byrjað á því, að gefa út seðla, ef það þá verður álitið hentugt. Jeg vil og leyfa mjer að benda á það, að ef brt. nær fram að ganga, þá er eptir minni meiningu ekki ólíklegt, að frv. nái staðfestingu konungs og bankinn geti þannig tekið til starfa vonum bráðar, eða í hið minnsta verði byrjað á undirbúningi hans, þar sem mjög er tvísýnt um, hver afdrif lögin um seðlabanka fá.

Arnljótur Ólafsson: Mjer fannst h. h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) ganga að því vísu, eða taka það sem víst, að engin hætta væri við veðlánabankann en mikil hætta við seðlabankann. Þetta er sama sem sjálfshól, sama sem að telja það víst sem er óvíst. Hætta veðbankans er sú, að hann geti eigi lifað, að hann geti eigi goldið vöxtu af skuldabrjefum sínum, endurgoldið víxla sína o. s. frv. En hætta seðlabankans kemur fyrst fram, þegar hann getur eigi leyst seðlana. En gáum nú að, af hverju bankar hafa eigi getað leyst seðlana, af hverju bankar hafa hrunið. Það er af því, að þeir hafa lánað óáreiðanlegum mönnum fje sitt, af því að þeir hafa lánað ríkjum eða konungum fje, sem þeir hafa eytt í styrjaldir, í manndráp og kúgun, og aldrei getað endurgoldið. En nú eru bankahrun einstök dæmi í bankasögunni, alveg eins og járnbrautaslys eru einstök dæmi í járnbrautasögunni. Ef þm. hefði sýnt og sannað, að seðlarnir væru eigi svo vel tryggðir, sem vera bæri, þá væri það annað mál; en nú eru seðlar þessa banka allt eins vel tryggðir sem seðlar þjóðbankans eru, ef ekki betur. En einu gleymdi h. h. 1. þm. Sm. (Tr. G.), þegar hann talaði um hættu eða hættuleysi við seðlana, það var hættunni við bankskuldabrjefin. Þau geta lækkað í verði, þm. bar eigi móti því, en sagði að slíkt kæmi á kápu handhafa brjefanna. Það er auðsætt, að þm. (Tr. G.) hugsar sjer bankann sem kaupmann, sem hirðir lítt þótt viðskiptamenn hans tapi, ef hann getur bara grætt sjálfur. Hann um það; en jeg hefi nú hugsað mjer bankann til þess að fullnægja viðskiptaþörf landsmanna og að hann ætti að vera fyrir almenning, en eigi til þess að pukra og okra fyrir sig einan til að nurla saman fje. Þegar spurningin er um, hvort hafa skuli fremur ríkisbanka eður hlutabanka, þá kjósa margir bankfróðir menn heldur ríkisbankann, af því eingöngu, að meiri líkindi eru til, að ríkisbankinn verði þjóðinni að meira gagni, en banki einstakra manna. En sje um tvennt að velja, þá skal gagn almennings sitja jafnan í fyrirrúmi fyrir eigingróða. Það hefur verið sagt, að seðlabanki mætti eigi lána móti fasteignarveði. Þetta er eigi rjett. Víxlkaupabankar, svo sem í höfuðborgum landanna, lána lítið gegn fasteignarveði, og þingbanki Svía lánar ekki neitt þannig. En seðlabankar geta að öðru leyti lánað gegn fasteignarveði svo mikið fje sem vera skal. Það veð er tryggt, og seðlabankarnir lifa vel á vöxtum veðskuldabrjefanna. Hjer á landi má maður vera viss um, að slík lán yrðu tíðnotuð. Í Norvegi var árið 1876 lánað móti fasteignarveði nálega 14 miljónir eða næstum $^2/_5$ allra lána, og í Danmörku rúmar 10 miljónir eða rúmlega $^1/_5$ allra lána. Í Norvegi er einna líkast háttað högum vorum. Þar þiggur almúginn mjög lánin og svo kaupmenn að vísu. Hjer á landi mundi nú framkvæmdarmenn alþýðu nota seðlalánin öllu meira en kaupmenn, af því að alþýðan þarf á meiri gangeyri að halda; en kaupmenn taka lán sín erlendis, þeir skipta hjer optast varning sínum við varningi landsmanna, en sín á milli nota þeir ávísanir eða víxla fyrir gangeyri. Seðlabankinn er auðsjáanlega miklu handhægri en veðlánabankinn, einmitt af því að menn þurfa mest á peningum að halda, og þeir fá lán í peningum eður ígildi peninga hjá seðlabankanum. En svo skjótt sem menn þurfa eigi lengur á láninu að halda, þá greiða þeir seðlana aptur inn í bankann. Seðlarnir ganga þannig út og inn; og er það mikill misskilningur, að ímynda sjer, að enginn seðill komi í bankann nema til þess að heimta gull í staðinn. Landsmenn þurfa eigi á gulli að halda til gangeyris í landinu, heldur einungis til skuldagreiðslu út úr landinu.

Benidikt Sveinsson: Til hvers er verið að ræða þetta mál? Allir játa þó að eitthvað eigi að gjöra. En er það hugsanlegt að þetta mál verði leitt til lykta, ef meiri hluti n. kemur sínu fram? Er nokkur ástæða til að ætla að hin h. e. d. samþykki þessar gjörðir meiri hlutans? E. d. hefur svo miklum andlegum kröptum yfir að ráða að hún yfirgefur ekki sína stefnu, sem hún hefur tekið, eptir að hafa svo vandlega íhugað málið. Má jeg þá spyrja hinn h. meiri hluta, hvort það er alvara hans að ætla sjer að hjálpa málinu við á þennan hátt? Hvers vegna kom meiri hlutinn ekki fyr en nú með þessa ust., þegar þingið er næstum á enda, og það í jafnmiklu vandamáli? Hvers vegna fer meiri hlutinn að koma með rugling inn í mál, sem hefur fengið parlamentaríska fótfestu á þingi 1881 og nú í sumar í e. d., og stendur hjer í n. d. óhrakið fyrir lofsvert tilstilli minni hlutans.

Hvað kemur til að meiri hlutinn sem ól á brjóstum sjer í fyrra lánsstofnunina (*J. Ó.*: ólánsstofnunina) lætur nú þetta mál bíða allan þingtímann og fer fyrst að hreifa því þegar bankafrumvarpið kemur úr e. d.? — Það er vafalaust að svo framarlega sem till. meiri hlutans verða samþykktar, þá er málið fallið á þessu þingi. Jeg vil skora á hinn h. meiri hluta að ef það er meining hans að halda bankafyrirlestra, þá vil jeg biðja hann að gjöra það svo skilmerkilega, að jeg skilji að minnsta kosti helminginn. Jeg vil taka það dæmi, að hinn skarpvitri 2. þm. Hv. (E. Br.) sagði að munurinn á gulli og seðlum væri sá, að gullið slitnaði og þess vegna væri kostur að hafa seðla. Annar kostur sem hann taldi við seðlana var sá að hægra væri að flytja þá. En þá hætti hann líka. Jeg skal benda honum á annað dæmi. Þegar maður flytur 200,000 með sjer upp á Akranes og fjeð fer í sjóinn, þá er sá mikli munur þjóðmegunarlega tekið að skaðinn er enginn fyrir landið — auðvitað fyrir eigandann — þó að 200,000 í seðlum fari í sjóinn, en landið er 200,000 kr. fátækara ef það er gull. Jeg vildi óska að allt það silfur og gull sem farið er í sjóinn lægi hjer fyrir augum vorum, þá vona jeg að þm. mundi skilja hvað þetta hefur að þýða. Þegar meiri hlutinn hugsar ekki dýpra en þetta, þá virðist mjer ekki ástæða fyrir hann að halda bankafyrirlestra yfir mjer og öðrum.

Hinn h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) sagði að allt gengi seint hjer á Íslandi; það er alveg satt; en ætli það gangi þá ekki seint á báða bóga, svo að eins og seðlarnir ganga seint út úr bankanum, eins koma þeir og seint til hans aptur? Meiri hlutinn hefur það sem ástæðu móti seðlabanka, að seðlarnir gangi svo drœmt út vegna þess að Íslendingar hafi svo mikla ótrú á þeim, en í sömu andránni koma þessir menn með þá mótbáru að þegar seðlar bankans sjeu komnir fjarskamargir í veltuna, þá streymi þeir í einu inn í bankann og steypi honum. Þeir geta hvorugt staðhæft, en staðhæfa hvorutveggja, en sjá ekki að úr því verður hin hraparlegasta *mótsögn*.

Jeg býst við því að seðlarnir kunni að ganga tregt út, en þeir ganga líka tregt inn. Það er rjett eins og jeg dreifði fjárhóp út um þvert og endilangt Ísland, og þá hefði jeg gaman að sjá hve fljótur meiri hlutinn væri að smala honum öllum saman aptur.

Það kann að vera hættulegt, ef of margir seðlar breiðast út, en hvar stendur það skrifað, að bankanum sje skylt að gefa út svo marga seðla? Bezt trygging bankans er í áreiðanlegleika bankastjórnarinnar og þekkingu hennar á þörfum þess fjelags, sem bankinn er fyrir. Slík trygging er betri en margar miljónir.

Það getur verið hættulegt að seðlarnir gangi til kaupmannanna og þeir aptur skipti þeim fyrir gull til að flytja út úr landinu. En hvað lengi stendur á því? Þegar bændur losast úr skuldum til kaupmanna, þá þurfa kaupmenn sannarlega að halda í seðlana til þess að geta með þeim borgað vörur bænda. Ef Íslendingar eiga að lifa þann dag að losast úr þeim heljarklóm, sem kaupstaðarskuldirnar halda þeim í, þá munu þeir heimta, að þeim sje mælt í sama mæli og heimta seðla eða peninga fyrir vörur sínar, eins og kaupmenn hafa heimtað af þeim.

Jeg hef tekið þetta fram til að sýna, að mótbárurnar eru ekki á rökum byggðar. Þessar mótbárur koma fram í hvert sinn er ræðir um að stíga fram eitt fet Íslandi til viðreisnar og framfara. Þá kveður þetta við: Íslendingar eru svo

volaðir að þeir geta það ekki. Hverju á hún að treysta, þessi fátæka þjóð, ef ekki því, að stofnun, sem hefur orðið öðrum þjóðum til velsældar og blessunar, ekki að eins geti, heldur hljóti að verða landinu til viðreisnar? Geta fulltrúar þjóðarinnar svarað þjóðinni með slíkum hugleysisræðum og með hvaða skapi ætli almenningur lesi þær í þingtíðindunum? Nei, þetta kvein og þokuvæl má eigi heyrast. Jeg fyrir mitt leyti ber fullkomið traust á þjóð minni og forsjóninni, að svo framarlega sem vjer ekki sjálfir liggjum á liði voru, þá verður þessi stofnun, sem minni hlutinn með svo góðum rökum hefur haldið fram, landi okkar til viðreisnar.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla ekki að tala langt í þessu máli. Það er búið að taka svo skýrt fram ástæður þær, sem eru með og mót, að jeg hygg, að þeir sem ekki eru þegar orðnir sannfærðir, muni ekki sannfærast hjeðan af, þótt málið væri lengur rætt. Jeg játa, að jeg er enn ekki kominn svo langt, að jeg hafi trú á banka hjer á landi, því jeg held, að til þess að hann geti þrifizt, þurfi að vera meiri verzlun en hjer er. Hinn h. þm. Ef. (A. Ó.) sagði, að vjer Íslendingar hlytum að vera öðruvísi skapaðir, en aðrar þjóðir, ef seðlabanki gæti eigi staðizt hjer. Nei, vjer erum ekki öðruvísi skapaðir, en ástand okkar og ástæður eru allt öðruvísi en flestra annara þjóða; vjer erum fátækir og produktíónin minni en aðflutningarnir. *(Arnljótur Ólafsson:* Höfum við tiltölulega minni pródúktíón en aðrar 70 þús.?) Gjörir ekkert til. Þegar hann áðan var að tala um seðlana, og hvernig um þá mundi fara, vantaði *resúltatið* hjá honum. Hann sagði, að seðlarnir gengi út til landsmanna og þaðan til kaupmanna; því að landsmenn mundu segja við kaupmanninn: „taktu seðlana eða þú fær ekkert". Kaupmenn taka seðlana upp í skuldir landsmanna; en hvert fara þeir með þá? þeir fara með þá í bankann, og heimta silfur og gull í bankanum fyrir seðlana og fara með það til útlanda, og við það minnkar silfrið og gullið í bankanum, og að síðustu er bankinn orðinn silfurlaus og gulllaus. Þetta verður resúltatið, en því gleymdi þm. Ef. Það fer þá svo loks að bankinn hlýtur að hætta sínum útborgunum. Það er ekki nóg að sýna, hvað sje æskilegt, heldur verður að sýna hvað sje auðið. Það er satt, að það er hagur við að hafa seðla, en það er líka óhagur við það; hvernig færi, ef einhver færi að gjöra seðla eptir? *(A. Ólafsson:* Er hættara við því hjer en annarstaðar?). Við þolum ekki heldur eins mikið. Þar sem um 60 milj. er að ræða, þá ber minna á, þó svo sem þús. kr. væri eptirgjörðar; okkur munar um allt. Nú vildi jeg enn benda á eitt. E. d. heimtar 500 þús. kr. frá landssjóði, þar af helminginn í konungl. skuldabrjefum. Minni hlutinn segir: $^1/_3$ í gjaldgengum peningum og kgl. skuldabrjefum. Þótt nú n. d. samþykki $^1/_3$ í gjaldgengum peningum og kgl. skuldabrjefum, þá er e. d. ekki búin að fallast á það, og þó svo væri, þarf landssjóðurinn samt að láta 166 þús. Nú hefur verið beðið um fje til ýmissa lána, svo að þegar allt kemur til alls, verða eptir 40 þús., sem landshöfðingi á að afstýra hallæri með. Með þessu móti er honum komið í þá klípu, sem jeg ekki sje að hann geti komizt úr. Jeg get ekki sjeð, hvernig hægt er af fá fje til þessarar bankastofnunar, því að ef d. samþykkti þessa veitingu, þá eyðilegði hún með því sitt fyrra atkvæði. Að öðru leyti er það sannfæring mín, að lánsstofnun sje hið eina, sem væri reynandi hjer, því með því móti getur landssjóðurinn ekki beðið mikinn halla. Af seðlabanka virðist mjer ekki óhugsandi að landssjóður fengi þann skell, sem ekki veitti af mörgum nýjum tollum til að afplána. Og eitt þykir mjer undarlegt. Ef minni hlutinn álítur bankastofnun svo gróðavænlegt fyrirtæki, hví vill hann þá ekki lofa einstökum mönnum að ráðast í það? *(Arnljótur Ólafsson:* Af því hann vill hag landssjóðs). Nei, það vakir einmitt fyrir minni hl. undir niðri, að það sje nú svo í rauninni, að hann sjálfur hefur ekki trú á bankaseðlum eða seðlabanka. Svona er það, þótt minni hlutinn ekki vilji viðurkenna það. Reynsla annara er ekki nóg ástæða; það verða líka að vera sömu ástæður. En efnahagur okkar er nú öðruvísi og vjer erum afskekktir. Danskur málsháttur segir: „Beskedenhed er Ungdommens skjönneste Dyd". Við erum ungir sem löggefandi þjóð, og oss er því sannarlega betra að fara varlega í fyrstunni og taka það eitt, sem vjer vitum, að vjer getum staðið straum af. Við

þurfum ekki að ætla. að við getum lagað allt sem laga þarf á fáum árum, því til þess þarf langan undirbúning.

Jón Ólafsson: Þegar jeg svaraði ræðu þm. Bf. (Gr. Th.) gleymdist mjer að svara einu atriði, sem jeg vildi hafa svarað. Þm. ögraði þinginu með þeirri hættu, sem af því gæti leitt, ef of miklir peningar kæmu inn í landið, því að við það hækkaði allur varningur í verði, sagði hann, en peningarnir lækkuðu í verði að sama skapi. Jeg er nú viss um, að þm. veit betur en þetta; hann hlýtur að vita, að við þessu getur aldrei verið hætta búin, nema þegar svo stendur á, að bankinn gefur meira út af seðlum en hann getur innleyst. Svo lengi sem bankinn getur innleyst sína seðla, kemur þetta alls ekki til greina. Þar sem þm. gat um, að sparisjóðurinn í Rvík yrði að liggja með peninga á vetrum frá okt. til apríl, þá er þetta ekki rjett. Sparisjóðurinn þarf aldrei að liggja svo langan tíma með peninga; það mun mjög ótítt, að hann liggi lengur með þá en frá des. og til byrjunar febrúarmánaðar. Þar að auki dugar ekki að jafna þannig saman sparisjóði og banka; mismunurinn verður allt af sá, að þar sem sparisjóðurinn tekur allt af sömu rentu, þá tekur bankinn mismunandi rentu, eptir því, hve peningarnir eru auðfengnir.

H. h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) sagði, að hjer vildu menn aldrei taka lán nema til lengri tíma. Skyldu ekki síldarveiðamenn vilja taka peningalán á vorin og borga aptur á haustin, eða þeir, sem stunda þorskveiði eða hákarlsveiði? Þegar menn fara til Ameríku selja þeir allar skepnur sínar; skyldu þá kaupendur ekki geta þurft á því að halda að taka peningalán sumarlangt? Þá tók sami þm. það einnig fram, hversu voðalegt það væri fyrir seðlabanka að liggja með gullið, en það myndi seðlabanki gjöra hjer á landi. Það leit svo út af dæmi sem þm. tók að hann hjeldi, að seðlarnir kæmu sjálfir alveg gratis inn í bankann, því að hann gjörði ráð fyrir því að gullið lægi rentulaust í bankanum allt að einu þó að seðlarnir hrúguðust inn. Nei, seðlarnir koma ekki þannig sjálfir, heldur fara peningarnir út móti seðlunum. Sá maður sem kemur með aðrar eins setningar og þessa, hefur auðsjáanlega enga hugmynd um hvað banki er. Þm. hermdi eptir mjer, að jeg hefði sagt, að veðbrjef lánsstofnunarinnar með bankanafnbót væri einskis virði, af því að það væri einungis brjef, eða pappír. Það hef jeg ekki sagt; en jeg hef sagt, að þau eru einskis virði fyrir þá menn sem þurfa á driftskapítali að halda; þau eru ekki peningar. Þá sagði þm. að það þyrfti ekki að verða að neinum vandræðum, því að allt af mætti selja þessi brjef með afföllum. En hver er afleiðingin af því? Sú, að lántakandi yrði að borga margfallt hærri rentu. Þar að auki er ekki ávallt hægt að selja slík brjef með afföllum. Jeg hef sjálfur haft meðgjörð með álík hlutabrjef úr fjelagi, sem *Gránufjelag* heitir, og þm. mun vera kunnugt um, og gat ekki orðið af með þau fyrir peninga með nokkru móti. Meir að segja, jeg hef lengi auglýst þess konar brjef til sölu með miklum afföllum, en enginn kemur kaupandinn. Það er því allt annað, að hafa þess konar brjef í höndum eða peninga. Nú bætist hjer við, að það er því örðugra að selja sem stærra er um að gjöra. Smáseðlar þar á móti eru útgengilegastir og því hentugastir. Sú reynsla hefur orðið í skozku bönkunum, að stóru seðlarnir koma fyrst inn til skipta, en smáseðlarnir langtum síðar. Sama myndi verða raunin á hjer. Þetta er líka alveg náttúrlegt. Maður þarf svo opt á smáupphæðum að halda, en hefur sjaldnar þörf fyrir stórar upphæðir. Hvað hjálpar það þó jeg hafi í höndunum 100 kr. veðbrjef, ef jeg þarf að borga vinnumönnum mínum og vinnukonum smáupphæðir? Skyldi það koma þeim að miklu liði, þó jeg skipti milli þeirra þessu brjefi og fengi þeim sinn partinn hverju? En fyrst það dugar ekki, hvað á þá til bragðs að taka, hver á að skipta? 1. þm. Sm. segir: Jú, það er hagur fyrir okkur að skipta brjefunum í Danmörku. Jeg hef nú raunar allt af heyrt það gagnstæða hingað til. Það er kunnugt hversu há er ríkisskuld Englendinga; en þeir telja sjer ekki þessa skuld svo mikinn baga, af því að fjeð er í landinu sjálfu og ávaxtast í landinu. Þm. tók Danmörku til dæmis. Danir eiga nú hjer um bil ekkert fje fyrir utan ríkið, og telja það happ sitt.

Þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) sagði áðan, að það væri ekki til neins, að ræða þetta

mál meira, af því að þeir, sem ekki væru orðnir sannfærðir, myndu ekki sannfærast; en jeg fæ ekki annað skilið, en að góð og skynsamleg rök beri sinn ávöxt eins um 11. stundu. Hann vildi, eptir því sem mjer bezt gat skilizt, engan banka hafa hjer á landi, og það fyrir þá sök, að produktion landsins sje svo lítil, en hann játar þó, að produktion Íslands sje að tiltölu við fólkstal fullt eins mikil og í öðrum löndum. Nú get jeg frætt þm. á því, að í sumum öðrum löndum koma tveir bankar á minna en 70,000 manns, svo að eptir því ætti ekkert að geta verið því til fyrirstöðu, að 2 bankar gætu þrifizt hjer á landi. Þá var það ein ástæðan móti seðlabankanum, að menn mundu setja bankann á hausinn með því að búa til falska seðla. En hversu opt skyldi það hafa komið fyrir hjer á landi, að menn hafi búið til falska peninga? En það vita allir, sem til þekkja, að það er helmingi örðugra að búa til falska seðla en falska gullpeninga t. d. að taka, því að seðlarnir eru látnir ganga gegnum marga hreinsunarelda, og það jafnvel sinn í hverri borginni stundum. Þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) sagði enn fremur, að sjer fyndist einstakir menn ættu að stofna seðlabanka, ef hagurinn að honum væri svona auðsjáanlegur, eins og minni hlutinn telur hann. Já, væri fje fyrir höndum, og væri sá fjelagsandi í mönnum, þá gæti ekkert verið því til fyrirstöðu. Meira að segja, hefði þingið í sumar varið nokkru af sínum tíma til þess, að leyfa með lögum bankastörf hjer í Reykjavík, þá efast jeg ekki um, að þess yrði skammt að bíða, að peningamenn kæmu hingað og settust hjer að og stofnuðu banka, en til þess myndu verða útlendingar, sem auðvitað væri óheppilegra, en ef það væru innlendir menn. Þm. sagði að síðustu, að viðlagasjóðurinn væri ekki nógur til að fullnægja beiðni þeirri, er farið væri fram á. En jeg skal leyfa mjer að benda á skýrslu, sem einn h. þm. í e. d. (M. St.), sem þó var mótstöðumaður seðlabankans, gaf um viðlagasjóðinn. Eptir þessari skýrslu átti viðlagasj. í fyrra 741,196 kr. 69 a., nefnil.:

1., í kgl. ríkisskuldabrj. .	kr.	307,800:00
2., í iðgjaldabrj.	—	167,936:69
3., í skuldabrj. með $^1/_2$ árs uppsögn	—	265,460:00
Það er alls	—	741,196:69

Þó að þessi upphæð því væri tekin úr viðlagasjóði, væri nóg eptir samt. Þar að auki vil jeg minna þm. á, að allt útlit er fyrir það, afgangur verði svo mikill eptir þetta fjárhagstímabil, að hann nemi að minnsta kosti 70,000 kr., sem viðlagasjóðurinn allt svo hefur aukizt um. Að endingu skal jeg geta þess, að þar sem verið var að ógna með hruni bankans í Glasgow, þá var orsökin ekki sú til þess, að hann var seðlabanki, heldur sú, að í stjórn bankans voru óráðvandir menn, sem fóru í tukthúsið fyrir óráðvendni sína. Hver sá banki og hver sú stofnun, sem hefur slíka stjórn, hlýtur að fara illa, og það er heldur ekki meining okkar að stofna banka til þess að skipa stjórn hans þjófum og bófum, enda höfum vjer Íslendingar ekki haft af því að segja, að þeir menn, sem hafa átt að stýra opinberum sjóðum eða stofnunum, hafi farið óráðvandlega með það fje, sem þeim hefur verið trúað fyrir.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Sumar af ræðum þeim, sem haldnar hafa verið, hafa verið sprottnar af sannleiksást, og af því að þeir menn, sem þær hafa haldið, hafa haft gagn landsins fyrir augum, t. d. eins og ræða hins h. 1. þm. Sm. (Tr. G.), en aptur hefur það, sem sumir hafa á borð borið í ræðum sínum, ekki verið nema sannleiksblanda, ásamt með ýmsum þýðingarlitlum upplestri úr útlendum bókum. Jeg hafði ásett mjer að svara ekki mótbárum þeim, sem fram hafa komið hjá nokkrum þingmönnum, en af því að h. h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) kvað það rang hermt, sem jeg sagði um sparisjóðinn hjer í Rvík, að hann lægi inni með peninga allan veturinn, þá er jeg neyddur til að svara því. Það eru menn hjer í salnum, sem munu bera þetta með mjer, og geta sannað að jeg sagði satt. Sparisjóðurinn liggur með fje sitt allan veturinn eða 5—8 mánuði, þangað til marzpóstskipið kemur. Hinn h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) sagði í hitt eð fyrra, að hinir svo kölluðu „farmers banks“ í Ameríku væru ekki þjóðbankar og lánuðu því út gegn jarðarveði, þótt þjóðbankar þar mættu ekki lána út gegn því veði. Af því að jeg var ekki nógu kunnugur bönkum í Ameríku í þessu tilliti, til þess að geta sagt með vissu, hvort þetta væri rjett hermt hjá þm. eða ekki, þá skrifaði jeg einum manni í Ameríku (comptroller

of the currency) um þetta efni, sem Knox heitir, og spurði hann, hvort þessu væri þannig varið, og svaraði hann mjer að flestir hinir svo kölluðu „farmers banks“ væru þjóðbankar, en í lögum um þjóðbanka er það tekið fram, að þeir megi ekki lána út gegn jarðarveði. Þetta sýnir, að það er ekki æfinlega rjett hermt, sem h. h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) segir oss frá úr Ameríku, því að jeg verð þó að álíta, að þessi maður, Knox, sem jeg skrifaði, þekki eins vel til banka í Vesturheimi eins og þm. Sm. Þótt mjer finnist, að h. h. meðnefndarmaður minn (Tr. G.) hafi hrakið ræðu minni hlutans, þá eru þó einstök atriði í ræðu hans (A. Ó.), sem jeg álít mjer skylt að svara. Viðvíkjandi því, hvaða rjettindi þjóðbankinn hafi haft hjer á landi, þá skal jeg taka það fram, að innanríkisráðherrann segir í brjefi til stiptamtmannsins á Íslandi 21. júní 1851, viðvíkjandi stofnun sparisjóðs í Rvík, að þjóðbankinn hafi þau rjettindi hjer á landi, að seðlar hans skyldu verða teknir gjaldgengir til innborgunar í opinbera sjóði, og þá er auðsætt að hann ætlast til, að engir aðrir seðlar sjeu teknir gildir á Íslandi. Jeg skal, til þess að gera h. h. 2. m. Nm. (B. Sv.) til geðs, nefna auglýsing frá kg. 25. apríl 1876, þ. e. a. s. 5 árum eptir að stöðulögin komu út, sem segir, að allir menn á Íslandi, sem hafi í höndum seðla. sem gefnir sjeu út af þjóðbankanum í Khöfn, skuli gefa sig fram til þess að fá þeim skipt fyrir 1. okt. s. á. Þetta sýnir, að stj. hefur álitið, að seðlar þjóðbankans og engir aðrir væru gildir hjer á landi, og þar sem þessi auglýsing er undirskrifuð af rg., þá ætti stj. með henni, samkvæmt skoðun h. h. 2. þm. Nm., að hafa brotið stöðulögin.

Jeg skal stuttlega benda þeim þm., sem vilja hafa seðlabanka, á, hverjar afleiðingarnar yrðu fyrir lsj., ef frv. minni hlutans yrði sþ.? Bankinn á að fá úr viðlagasj. 500,000 kr., og vextirnir af þeirri upphæð verða 20,000 kr., en nú fær bankinn að eins renturnar af $^2/_3$, sem úti eru eða að eins 13,000 kr. af þessum 20,000 kr., því hann tapar rentunum af $^1/_3$ sem liggur arðlaust í bankanum sem trygging fyrir útiseðlum, eða 7000 kr.; svo að afleiðingin verður sú, að lsj. tapar fyrir bankann og bankinn fyrir lsj. 7000 kr. á ári. En veðlánabankinn þar á móti á í eitt skipti fyrir öll, að fá einar 6000 kr. til þess að hann verði stofnsettur, og að auki að lsj. ábyrgist 4% vexti af skuldabrjefum þeim, sem bankinn gefur út upp á sjálfan sig, sem aldrei þarf að koma til, því að undir eins og til þess kæmi, að bankinn gæti ekki staðið í skilum með vexti þá, sem hann hefur skuldbundið sig til að greiða, þá mundi lstj. álíta sjer skylt, að slíta bankanum. Þannig getur lsj., þótt veðlánabanki væri stofnaður, aldrei tapað meiru en 6000 kr. í eitt skipti fyrir öll, en ef seðlabankinn kæmist á, þá tapaði lsj. 7000 kr. á hverju ári, þangað til bankinn færi að borga sig svo vel, að hann mætti sjer að skaðlausu missa af 7000 kr. vöxtum árlega, en vafasamt mun vera hvort hann lifir svo lengi. Hvað það snertir, sem h. h. frsm. minni hlutans tók fram, að ef Íslendingar gætu ekki komizt upp á, að brúka seðla og fá fullt traust á þeim, þá hlytu þeir að vera öðru vísi gjörðir en aðrir menn, því að þá væru þeir eins og Skrælingjar, þá vil jeg spyrja, hvað kom til þess, að stj. fann sig 1836 knúða til þess að útbyggja seðlunum, sem þá var gangeyrir hjer, og setja í staðinn silfurmynt? Þá segir stj. í tilsk. 30. marz 1836: „Með því að staðhættir (locale Forhold) Íslands eru því til fyrirstöðu, að ríkisbankaseðlar geti unnið þar næga festu sem gjaldeyrir . . . . . þá höfum vjer afráðið, að gjöra silfurmynt að almennum gjaldeyri og almennum mælikvarða fyrir peningareikningi á Íslandi“. Voru Íslendingar þá Skrælingjar? Það hafa þeir sjálfsagt verið eptir kenningu hins h. minni hluta. Síðan þetta var, eru nú ekki nema rúm 40 ár, að ákveðið var að láta silfur koma í veltu fyrir seðla af því að seðlarnir hefðu ekki unnið næga festu á Íslandi. Erum vjer nú vissir um, að oss hafi farið svo mikið fram í þessi 40 ár, að menn verði nú fremur ólmir í seðla en menn þá voru, og það þá seðla, sem voru eins vissir og eins vel tryggðir eins og þjóðbankaseðlarnir voru? Hinn h. 1. þm. Ef. skýrði frá, að það væri almennt í öðrum löndum, að seðlabankar lánuðu fje út gegn veði í fasteign. Það er einasta í Noregi, sem þetta á sjer stað, en Norðmenn segja þó að það sje það hættulegasta fyrir seðlabanka að gjöra það, og það er almennt viðurkennt, að seðlabankar eigi aldrei að lána gegn veði í fasteign, en þar á móti

gætu veðlánabankar gjört það hættulaust. Þótt Norðmenn láni fje gegn fasteignarveði um 6 mánuði og þau lán sjeu endurnýjuð, hvernig ætti að fara að hjer, ef bankinn fylgdi sömu reglu og kæmist svo í vandræði með fje? Hann yrði að láta selja margar jarðir við uppboð, og þá mundi það sýna sig, hvað jarðirnar hækkuðu í verði; þá færu þær fyrst fyrir alvöru að lækka í verði. Það er enn eitt atriði, sem jeg vildi minnast á, í 2. gr. frv. e. d., og sem minni hlutinn hefur ekki breytt að öðru leyti en því, að í staðinn fyrir, að bankanum skuli afhendast stofnfje sitt úr viðlagasjóði að helmingi í kgl. skuldabrjefum, komi að þriðjungi í gjaldgengum peningum og kgl. skuldabrjefum, en að tveim þriðjungum í gildum iðgjaldabrjefum og veðbrjefum landsmanna og stofnana. Jeg held, að það gæti nú hugsazt, að bankinn gæti ekki fengið nema mjög lítið í gjaldgengum peningum, en yrði að fá það sem á vantaði í kgl. skuldabrjefum, og þá yrði hann að selja þessi kgl. skuldabrjef til þess að koma þeim í peninga, en þá má búast við að hann yrði að selja þau með afföllum. 1880 seldum við kgl. skuldabrjef, sem var að verðlagi 2000 kr., fyrir 1925 kr., og töpuðum þannig $3^3/_4$%. og 1881 seldum við annað kgl. skuldabrjef, sem var að verðlagi 1106 kr. 62 a., fyrir 1083 kr. 32 a. og töpuðum þannig liðugum 2%. Fái nú bankinn $^1/_3$ af stofnfje sínu í kgl. skuldabrjefum, sem hann verður að koma í peninga, þá verður hann að selja þessi skuldabrjef með t. d. 3% afföllum, og fær hann þá upp úr þessum $^1/_3$ í skuldabrjefum, sem hljóða upp á 166,666 kr., að eins rúmar 161,668 kr., svo að hann hefur þá ekki einu sinni $^1/_3$ í peningum þegar til kemur, á móts við seðla þá, er hann gefur út. Þannig byrjar hinn h. minni hluti stofnsetningu banka síns með því að brjóta 4. gr. í sínu eigin frv., því að þegar bankinn er búinn að selja þann $^1/_3$ af stofnfjenu, sem hann á að fá í kgl. skuldabrjefum, þá hefur hann ekki lengur $^1/_3$, þar sem hann verður að selja skuldabrjefin með afföllum. Í 1. gr. frv. stendur að verja skuli 500,000 kr. úr viðlagasj. til stofnunar bankans; þar af á samkvæmt brt. minni hlutans að afhenda bankanum $^1/_3$ eða 166,666 kr. í gjaldgengum peningum og kgl. skuldabrjefum, og má hann þá gefa út seðla upp á 500,000 kr. En getur nú bankinn fengið þessar 166,666 kr.? Nú á viðlagasj. í kgl. skuldabrjefum 307000 kr., en af því hafa verið veittar, eða er gjört ráð fyrir að veita 100,000 kr. lán til búnaðarskóla o. s. frv. og 100,000 kr. lán til einstakra manna, sem eins konar hallærislán; enn fremur til borgunar á byggingarkostnaði fángelsanna 29000 kr. og þegar þessar upphæðir sem nú eru 229,000 kr. eru dregnar frá þeim 307,000 kr., sem vlsj. nú á í kgl. skuldabrjefum, þá verða að eins eptir 78000 kr., og af þeim á lstj. að verja eins miklu og brýna nauðsyn ber til, til þess að sporna við bersýnilegum vandræðum af harðærinu, og þurfi mikið til þeirrar fjárbrúkunan að koma, þá hefði jeg nú hugsað að færi að saxast á þessar 78000 kr. Það getur hver maður sjeð, að bankinn getur ekki fengið þær 166,666 kr. sem frv. minni hlutans fer fram á, því að þær eru ekki til, og þótt jeg væri dauður — jeg meina í þingskapalegu tilliti, — þá væri h. h. minni hluta ómögulegt að hrekja þetta, því að það er óhrekjanlegt svo lengi sem vjer getum reiknað eptir þeim reikningsreglum sem hingað til hefur verið fylgt.

En sje 2. gr. ómöguleg, þá er 8. gr. háskaleg. Ef stj. bankans semur svo við lántakendur, þá getur hún látið taka veð hans lögtaki og selja við opinbert uppboð án frekari umsvifa. Bankastjórnin getur í samningum sínum sett svo harða kosti sem henni þóknast, og sem lántakendur kunna í neyð sinni að verða neyddir til að ganga að þeim. Þar sem því bankinn ætti að vera til þess að útvega mönnum sanngjarnari lán og gjöra mönnum ljettara fyrir að fá lán en nú, þá gjörir þessi 8. gr. þetta erfiðara en nú er að fá lán úr viðlagasj. Hinn h. 2. þm. Nm. (B. S.) gat þess, að það gæti verið hættulegt að samþykkja frv. meiri hlutans af þeirri ástæðu, að það væri ekki líklegt að e. d. mundi vilja sþ. það frv. Jeg skal nú ekkert segja um það, hvað e. d. kann að vilja sþ., og get heldur ekki farið eptir því, því að ef vjer sþ. það sem er gott og gagnlegt fyrir landið, þá hefur h. h. e. d. ábyrgð á því, hvort hún fellir það eða sþ. Hvað það snertir að jeg hafi stundum sagt að jeg ljeti mig það litlu skipta hvort stj. mundi staðfesta lög þau sem þingið sþ., þá get jeg þó ekki ætlazt til

að hún sþ. það sem hún ekki getur sþ. nema með því að verða heitrofa við aðra, og þar sem frv. minni hlutans er svo illa úr garði gjört, að það brýtur sig sjálft, þá álít jeg ómögulegt fyrir stj. að sþ. það. Í frv. e. d. og minni hlutans er ekki gjört ráð fyrir neinni trygging fyrir geymslufje, en það er gjört í brt. meiri hlutans. Eptir e. d. frv. er að eins trygging fyrir seðlum sem bankinn gefur út, en ekki fyrir geymslufje, og því er vel hugsanlegt að þannig stofnsettur banki gæti brúkað geymslufje, án þess nokkur trygging væri fyrir því að það fengist aptur. Jeg skal benda h. h. þm. Ef. (A. Ó.) á, að í ríkisbanka Svía er hin fyllsta trygging fyrir geymslufje, og þar er jöfn trygging fyrir geymslufje og seðlum, en það get jeg sagt honum, að ríkisbanki Svía lánar ekki út einn eyri gegn veði í fasteign; þetta get jeg sýnt honum í bók, sem jeg hefi með höndum. Þetta er ríkisbankinn sem jeg hjer tala um, en hvað hinir einstöku bankar á Skáni, Hallandi og Bleking og víðar kunna að gjöra, um það er mjer ekki kunnugt, en jeg veit að mjög strangt eptirlit er haft með að næg trygging sje fyrir að þeir bankar geti haldið skuldbindingar sínar, enda eru stofnendur hins „enskilda“ banka bundnir á band með aleigu sína, og ekki eingöngu það fje, sem þeir þafa lagt til bankans. Jeg skal nú ekki tala frekar um málið að sinni, því að hinn h. 1. þm. Sm. hefur skýrt margt svo vel, að ekki er þörf að bæta þar við, og jeg vildi óska að sem flestir þm. hefðu tekið vel eptir ræðu hans, því að hann talaði af sannfæringu, þekkingu á peningamálefnum og föðurlandsást; hann skammtaði ekki sannleikann í smáskömmtum, eins og mjer virðist sumir aðrir gjöra hjer í d.

Jakob Guðmundsson: Jafnvel þótt jeg ekki geti verið meiri hluta n. í bankamálinu samþykkur í öllum atriðum, þá get jeg þó verið þessum meiri hluta þakklátur fyrir þá varfærni, sem hann hefur sýnt í því að vilja heldur voga minni en meiri hluta viðlagasj. til þess að verða stofnfje hins umrædda banka, og jeg er meiri hlutanum því þakklátari þegar jeg miða þessa varfærni hans við þá hræðslu sjálfs hans, að þessu stofnfje geti orðið meiri eða minni hætta búin. Meiri hlutinn hefur nú stungið upp á að verja skuli að eins 200,000 kr. af viðlagasj. til þessa stofnfjár, en það er auðsjeð að meiri hlutinn hefur fljótt fundið og sjeð, að þessi upphæð væri allt of lítil til þess að stofna með því lánsbanka án seðla og því kemur honum til hugar að setja það skilyrði, að lánsstofnun þessi skuli ekki byrja fyr en prívatmenn hafa lagt 100,000 kr. inn í lánstofnun þessa. Það eru samtals 300,000. Með þessu skal þá byrja lánstofnunina, og virðist það vera æðilítið. En nú er þess að gæta, að ef menn gjöra það að skilyrði fyrir því að nokkur lánstofnun eða banki komizt á fót, að einstakir menn leggi fram þriðjung þess fjár, er minnst þykir mega byrja með, þá eiga menn það á hættu, að framkvæmd slíks fyrirtækis muni frestast um óákveðinn tíma, 5, 10 eða 20 ár, og hver veit hvað lengi. En er þá þetta rjett hugsað frá sjónarmiði alþ.? Jeg held ekki. Er það ekki skylda þingsins með hyggilegum lagaákvörðunum að reyna til að draga þjóðina upp og áfram til gagnlegra fyrirtækja, dáðar og dugnaðar? Er það ekki skylda alþ. að reyna til að koma þjóðinni til að vilja og gjöra henni mögulegt að geta byrjað sem fyrst á því, sem til framfara horfir? Það er hyggileg varfærni að byrja heldur á litlu en á of miklu, en sje byrjað í rjetta stefnu, þá á byrjunin í vændum framför og fullkomnun. Jeg get því ekki betur sjeð en það sje, eins og nú á stendur, hinn einasti vegur til miðlunar og samkomulags milli meiri og minni hluta bankanefndarinnar, að færa niður það stofnfje af lsj. sem meiri hlutinn hefur stungið upp á til þess að því leyti að nálgast uppástungu minni hlutans, en halda síðan áfram aðalstefnunni í frv. e. d. Jeg mundi vilja fallast á, að hafa að eins 300,000 kr. úr vlsj. sem stofnfje, ekki gefa út fleiri seðla en stofnfjenu nemur og hafa $^2/_5$ stofnfjárins í gulli og silfri fyrirliggjandi til þess að innleysa seðla þá, sem inn kynnu að koma. Það er engin reynsla fyrir því í víðri veröld, að þessu lík undirstöðuatriði hafi orðið nokkrum seðlabanka til falls, og þótt menn skyldu halda sjer við þær 200,000 kr. úr lsj., sem meiri hlutinn hefur stungið upp á, þá eru $^2/_5$ þar af að eins 80,000 kr., afgangur 120,000 kr. og svo skyldu menn hafa í seðlum 200,000 kr.; það væri samtals 320,000 kr., sem menn gætu hugsað

sjer vera á gangi, og gæti þá sú upphæð gagnast meira en þriðjungi fleiri mönnum til gagnlegra framkvæmda og framfara, og rentuaukinn orðið langt um meiri en þeim kostnaði mundi nema, sem stjórn bankans mundi hafa í för með sjer, en því meiri mundi hagurinn verða, ef stofnfjeð væri meira t. d. 300,000 kr.; en jeg held að meiri hlutanum hafi varla getað dulizt það, að ust. hans mundi verða óframkvæmanlegar, og því freistast jeg til að halda að meiri hlutinn vilji hvorki lánstofnun eða seðlabanka.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil gjöra þá aths. við ræðu þm. Bf. (Gr. Th.), að eptir fjárlagafrumv. átti viðlagasjóður við árslok 1882 (1881 er prentvilla í frv.):

1.	Í ríkisskuldabrjefum . .	307,800 kr.
2.	- iðgjaldabrjefum arðberandi og iðgjaldabrjefum arðlausum um tíma	238,191 — 27,300 —
3.	- uppsagnarbrjefum . . .	265,460 —
	samtals	838,751 —

Eptir tillögu minni er svo ætlazt til, að það eigi að fá bankanum $^1/_3$ í peningum og konunglegum skuldabrjefum eða samtals 166,667 kr.

Eptir þessum skýlausu reikningum landssj. er fje þetta og miklu meira til. *(Grímur Thomsen:* Nei!). Jeg verð að halda mjer við fjárlagafrv., því jeg ætla, að höfundur þess sje fjárhagsfróðari en jafnvel þm. Bf. (Gr. Th.). Það annað sagði hann, að seðlabankinn yrði að segja mönnunum upp lánunum og selja skuldabrjefin og koma þeim í peninga. En má jeg spyrja: þarf engu skuldabrjefi að segja upp fyrir þeim 200,000 kr., sem lánsstofnunin á að fá? Fær hún þær í peningum eða verður hún að koma þeim í peninga? Ef hún fær þær í veðskuldabrjefum, eins og seðlabankinn, þá verður hún að koma þeim í peninga, eins og seðlabankinn.

Það er auðsætt, að seðlabankinn verður miklu ljettari á lsj. en veðlánabankinn. Fyrst greiðir seðlabankinn lsj. aptur lán sitt, og í öðru lagi heimtar hann ekkert veð af lsj. fyrir lúkningu vaxta af sínum skuldabrjefum, eins og veðlánabankinn. Seðlabankinn þarf ekki slíks við, því hann greiðir enga vöxtu af seðlum sínum, svo sem jeg hef áður sagt. Nú skulum vjer líta á tekjur seðlabankans. Mjer þykir ekki of mikið í lagt, þótt eptir nokkur ár verði komnar á gang 13 til 14 kr. á mann í seðlum hjer á landi. Það er þó ekki helmingur við seðlaganginn í Danmörku með öllum víxlunum og ávísunum, sem þar ganga jafnframt seðlunum. En 13 til 14 kr. í seðlum hjer á mann gjöra fulla 1,000,000 kr. í seðlum. Nú sem svo mikið er úti af seðlum, verður seðlabankinn að hafa fyrirliggjandi 333,333 kr. í gulli arðlausar. Það er satt; en bankinn hefur vöxtu af þessari seðlamiljón sinni. Ársvextir af seðlamiljóninni, 4 af 100, eru 40,000 kr.; þar frá ganga vextirnir af gullforðanum, 333,333 kr.; þeir eru 13,332 kr. 32 aur. Dragi maður þessa vöxtu frá seðlavöxtunum, verða árstekjur seðlabankans 26,667 kr. 68 a. Seðlabankinn hefur því ársvöxtu af rúmum 666,666 kr. Og þegar þess er enn fremur gætt, að seðlabankinn þarf ekki dýrari stjórn en veðbankinn, þá er ábatinn auðsær. Því fer svo fjarri, að seðlabankinn verði eptir nokkur ár byrði fyrir viðlagasjóðinn; hann hlýtur að gefa honum drjúgan ágóða.

Þm. talaði um fúlgufje eða geymslufje seðlabankans. Það er satt, að í frv. er eigi talað um, með hverjum kjörum seðlabankinn skuli taka við fje til geymslu, og þess gjörist eigi þörf, því sje geymslufjeð að eins geymt um stundarsakir, þá eru engir vextir greiddir eigandanum. En ef fjeð er lengi fólgið, þá er það lánað út öðrum, og þá er veðbrjefið eigandanum til tryggingar fyrir fjenu, og hann fær vöxtu af því, eptir samkomulagi við bankastjórann, eða eptir reglum þeim, er hann þar um setur. Berum nú þetta saman við frv. meiri hlutans. Þar segir svo í 5. gr.. að bankinn megi taka á móti fje til geymslu eða til að ávaxta það um tíma; en svo er enn fremur sagt, að hann megi kaupa víxla og *„gefa út víxla á sjálfan sig“*. En hvar er hjer nokkur trygging? Um allt það fje, sem bankinn tekur til geymslu, er hann skuldunautur, og ef hann gefur út víxla á sjálfan sig, þá skuldar hann tvöfalt. Svona langt fer þó frv. e. d. ekki. Í frv. meiri hlutans vantar og alla trygging þess, að veðbankinn verði ekki fullkominn ómagi lsj. Mjer sýnist auðsætt, að hann geti aldrei staðizt, aldrei kostað

stjórn sína og greitt fulla vöxtu af stofnfje sínu og bankskuldabrjefum.

Jeg vil ekki fara að þræta við þm. Bf. (Gr. Th.), og ætla mjer heldur ekki að halda nokkurn fyrirlestur í bankfræði. Jeg skal ekki vitna í bækur, en jeg skal þó geta þess, að 28 einstakir bankar í Svíþjóð lána talsvert fje gegn fasteignarveði. Jeg get ekki sjeð, að vjer þurfum fremur að taka oss snið eptir þingbankanum í Svíþjóð en bankanum í Noregi, er lánar $^2/_5$ af öllum lánum sínum gegn fasteignarveði. Vjer þurfum eingöngu að sníða oss stakk eptir lánþörf landsmanna, og því hvernig bezt verði bætt úr lánþörfinni og bezt fengin trygging fyrir lánum öllum.

Framsögum. (*Grímur Thomsen*): Það vill svo vel til, að í kringum tölur getur minni hlutinn ekki farið. Þegar jeg tek fjárlagafrv. þá er ekki um það að tala, að hinn h. minni hluti geti fengið það, sem hann vill hafa, í konunglegum skuldabrjefum og peningum, því að þar eru *ekki til*, eins og jeg hef áður sýnt fram á, nema 78,000 kr.

Í fjárlagafrumvarpinu bls. 96 eru taldar 307, 800 kr. í vlsj. Af þessu eiga búnaðarskólarnir að fá 100,000 kr., hallærislánið, sem sjálfsagt gengur í gegn, aðrar 100,000 og fangelsin 29,000 kr., það er samtals 229,000 kr. Dragi nú hinn heiðraði minni hluti þessa upphæð frá 307,800 kr. og hvað fær hann þá út? Jeg fæ ekki nema 78,800 kr. Þetta er „summa summarum", sem minni hlutinn hefur til þess að stofna bankann með og tryggja sína miljón seðla, sem hann ætlar að gefa út. Lsj. hefur ekki til helminginn af því fje, sem þarf til þess að tryggja seðlana. Frv. minna hlutans er *ómögulegt*; það *brýtur* ákvarðanir sínar um leið og það er samþykkt.

Jeg gleymdi að svara öðrum þm. Nm. (B. Sv.). Er það n. d. að kenna að þetta frv. kemur svo seint fram? Nei, það kom frá e. d. og var þegar sett í n., og n. flýtti því svo, að minni hlutinn jafnvel rakst á undan. Það er því ekki rjett sagt, að n. d. hafi látið málið dragast um skör fram. Það mætti heldur segja um n. í öðru máli, stjórnarskipunarmálinu (*B. Sv.*: Þm. var sjálfur formaður), en hinn h. 2. þm. Nm. (B. Sv.) hefur ekki fundið þörf á að svara því.

Arnljótur Ólafsson: Jeg ætla að eins að svara nokkrum orðum upp á frádrátt þm. Bf. (Gr. Th.), sem jeg ekki get kannazt við að sje rjettur. Fyrst og fremst er ekki búið að lána úr viðlagasjóði nema lítið eitt til búnaðarskóla, þ. e. 15,000 kr. til búnaðarskólans á Hólum. Annað er það, að lán sem búið er að biðja um til búnaðarskólans á austurlandi, nema að eins 17,000 kr. En mjer vitanlega er enn eigi að ræða um nokkurt lán til búnaðarskóla á suðurlandi eða vesturlandi.

Hvað harðærislánið snertir, þá getur maður engan veginn dregið það allt frá, og þó það væri allt dregið frá, þá er meir en nóg fje eptir samt í viðlagasjóði handa seðlabankanum. Það er og ekki hugsanlegt að bankanum þurfi að afhenda allt fjeð þegar í fyrstu. Hann hefur ekkert með það að gjöra, fyr en jafnóðum og hann gefur út seðlana til þess að tryggja þá. Þetta er ekkert annað en ljón á veginum sem þm. Bf. (Gr. Th.) skapar og er síðan hræddur við.

ATKVGR.: Brt. meiri hluta nefndarinnar við 1. gr. (C 340) samþykkt með 11 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 6 nafngreindra þm.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Halldór Kr. Friðriks.	Arnlj. Ólafsson.
Eiríkur Briem.	Ben. Sveinsson.
Grímur Thomsen.	Egill Egilsson.
Gunnlaugur Briem.	Eiríkur Kúld.
Holger Clausen.	Friðrik Stefáns.
Lárus Blöndal.	Jakob Guðm.
Ólafur Pálsson.	Jón Ólafsson.
Tryggvi Gunnarsson.	Þórar. Böðvars.
Þorkell Bjarnason.	Þórður Magnús.
Þorlákur Guðmunds.	Þorsteinn Jóns.
Th. Thorsteinson.	

Brt. meiri hluta nefndarinnar við 2.—6. gr. (C 340—341) sþ. hver um sig með 11 atkv.

Þar með var 1.—6. gr. frv. (C 276) fallin, og sömuleiðis allar brt. minni hluta nefndarinnar við þessar greinir (C 342) fallnar.

Enn fremur sþ. með 11 atkv. ust. meiri hluta nefndarinnar um að 7.—12. gr. frv. skyldu falla burt, og voru þar

með einnig fallnar brt. minni hluta nefndarinnar við þær greinir (C 342).

Málinu vísað til 3. umr. með 11 atkv.

Fimmtugasti og annar fundur, laugardaginn 18. ágúst kl. 12. Allir á fundi.

Frv. til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C 367); 3. umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Eins og málið nú liggur fyrir, finn jeg enga ástæðu til að fjölyrða um það. Bratkv., sem fram eru komin, þau eru þau hin sömu, sem bent var á við 2. umr. málsins, að fram mundu koma, svo þau koma mönnum ekki á óvænt (C 374). Jeg skal þó geta þess viðvíkjandi brtill. við 20. gr. í *formlegu* tilliti, að meiningin er sú, að gr. verði borin upp í tvennu lagi, og á það bendir tl. 1. og 2. Einnig vil jeg frá formsins hlið benda á, að við prentunina hafa nokkur orð fallið burtu í 49. gr. En þetta er hægt að lagfæra, og veldur víst ekki misskilningi hjá h. h. þm., því atkvæðagreiðslan við 2. umr. sýnir, hver orð þau eru, sem fallið hafa úr við prentun frumvarpsins, eins og það nú er. Að öðru leyti eru brtill., hvað *efnið* snertir, að mestu, eins og jeg þegar sagði, hinar sömu, eins og bent var til og ráð fyrir gjört við 2. umr. málsins, svo jeg vona, að þær verði ekki mikið misklíðarefni. Jeg verð að álíta, að breytingarnar sjeu heldur til bóta. Þannig kann jeg betur við þá br., sem stungið er upp á við 20. gr.: 1, að nefna með berum orðum hina ýmsu flokka þeirra, er kosningarrjett hafa, í staðinn fyrir að við hafa hið almenna orð „húsráðendur" eingöngu, og 2, að miða kosningarrjettinn við gjald til almennra þarfa, í staðinn fyrir til *sveitar*. Viðvíkjandi 49. gr. skal jeg geta þess, að mjer þykir miklum mun heppilegra, að þetta ákvæði um að ekki *megi selja* jarðeignir þjóðkirkjunnar falli burtu. Því eins og jeg er slíkri ákvörðun í sjálfu sjer alveg mótfallinn, þannig vildi jeg sízt að hún væri tekin upp í stjórnarskipunarlögin.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að orðlengja um breytingaratkvæðin eða málið yfir höfuð. En jeg vil samt eigi skilja svo við það, að jeg eigi hátíðlega lýsi yfir því, að bæði n. og d. hefur í meðferð þessa máls haft fyrir augum *sóma og velferð Íslands* og jafnhliða því *bróðurlegt jafnrjettissamband* við frændur vora og samþegna Dani. *Jeg* treysti því *staðfastlega* og vona, að *h. h. d.* treysti því einnig, að góður guð leiði það í ljós, glöggar en nú fáum vjer sjeð, að þessi meðferð neðri deildar alþingis 1883 á stjórnarskipunarmáli Íslands, fyr eða seinna, jeg segi *fyr* eða *seinna*, beri heillavænlega og blessunarríka ávexti fyrir land vort og þjóð vora!

ATKVGR.: Brt. (C 374) I. felld með 12 atkv. gegn 7; II. sþ. fyrri liðurinn með 11 atkv. gegn 3, hinn síðari með 13 atk.; III. felld með 11 atkv. gegn 9; IV. sþ. með 12 atkv.; V. sþ. með 16 atkv. Fyrri brt. við „ákvarðanir um stundarsakir" sþ. með 16 atkv., hin síðari sþ. með 17 atkv.

Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 18 atkv. Afgreitt síðan til e. d.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1880 og 1881 (C 81); 2. umr.

Framsögumaður (Gunnlaugur Briem): Jeg skal ekki tala um þetta mál í einstökum atriðum fyr en jeg heyri þær ástæður, sem færðar verða móti aðgjörðum nefndarinnar (nefndarálit C 349). Þó vil jeg nú þegar geta þess, að n. hefur lagt það til, að synjað verði sþ. á fjárveitingu í 16. gr. N. var ekki kunnugt um, að fjárveiting þessi hefði við annað að styðjast en venju, og gat því ekki fallizt á að svo mikið væri borgað í ferðastyrk þessara 2 manna, sjerstaklega af þeirri ástæðu, að hjer er um umframgreiðslu að ræða. Einnig skal jeg taka það fram, að n. hefur ráðið til að sþ. verði endurgjald fyrir steinvegg, er rifinn var í þarfir alþingishússins (brt. C 366). Álíka veggur, byggður að nýju, er metinn af tveim steinfróðum mönnum Lüders og Birni Guðmundssyni að vera 67 kr. 37 aura virði, eða 5 kr. 50 a. hver □ alin. Samkvæmt samningi, sem liggur fyrir milli landshöfðingja fyrir hönd landssjóðs og yfirkennara H. Kr. Friðrikssonar sem grunneiganda, átti

hann að fá endurgoldinn allan halla, sem hann leið af því, að alþingishúsið væri reist á þessum stað. Brt. um Fellsprestakall hefur n. þar á móti tekið aptur, með því að hún gat formsins vegna ekki vel staðizt.

Landshöfðingi: Jeg skal fúslega viðurkenna, að hin heiðraða n. yfir höfuð hefur sýnt mikla vandvirkni og nákvæmni í störfum sínum. Það er einungis eitt atriði, sem hjer getur verið um að ræða, er nokkuru skiptir. H. h. n. hefur ráðið til þess, að sþ. ekki umframgreiðslu á ýmislegum gjöldum, að upphæð 468 kr. 5 a. og má sjá á ástæðum n., á hverju hún byggir þessa synjun. Jeg skal með tilliti til þessa atriðis geta þess, að það hefur verið föst venja, að greiða þann ferðastyrk embættismanna hingað frá Khöfn, sem hjer veldur ágreiningnum. Upphæð þessa ferðastyrks hefur ekki verið fastbundin neinum ákvörðunum, en venjulega hefur hann verið 200 kr. handa hverjum; en frá því hafa þó þráfaldlega verið gjörðar undantekningar eptir atvikum, þannig, að hærri ferðastyrkur hefur verið greiddur átölulaust og umtalslaust. Þetta er því ekkert nýmæli, að öðrum þeirra embm., sem styrk hafa fengið á þessu tímabili, hefur verið greiddur hærri ferðastyrkur en 200 kr. og þykir mjer því mjög óeðlilegt, að synja sþ. á þessum gjaldlið; annað mál er það, hvort þinginu þykir ástæða til, að koma í veginn fyrir það, að slík fjárgreiðsla framvegis eigi sjer stað úr landssjóði; það væri rjettari vegur; en hitt er öldungis óeðlilegt, að grípa inn í fortíðina til að hagga þeirri reglu, sem átt hefur sjer stað hingað til. Einkanlega af því, að þetta eru greidd gjöld, mun örðugt að kippa því í liðinn aptur. Jeg verð því af þessum ástæðum, að leggja það til, og vonast eptir því, að h. h. d. fallist ekki á þessa tillögu n. Endurgjald fyrir steinvegg, er rifinn var í þarfir alþingishússins, finnst mjer sjálfsögð skylda að greiða hlutaðeiganda, og vil jeg því mæla með því, að h. h. d. sþ. þá brust.

Framsögumaður (Gunnlaugur Briem): N. vill ekki gjöra synjun þessarar umframgreiðslu að kappsmáli, en hún gat ekki verið henni samþykk og var því sjálfsagt, að benda á þetta og leggja síðan undir atkv. d., hvað við það skyldi gjöra. Árið 1880 fengu 3 embættismenn ferðastyrk að upphæð 600 kr. En hjer er langtum hærri ferðastyrkur goldinn 2 embættism. En n. vantar allar upplýsingar um, það hvernig á því stendur, að þessi ferðastyrkur þurfti að vera svo hár, og meðfram af því, áleit hún nauðsynlegt, að hreifa þessu atriði og leggja það til, að sþ. ekki umframgreiðslu, er var varið á þennan hátt.

Jakob Guðmundsson: H. hæstv. lh. hefur tekið fram sanngirnisástæðu fyrir því, að synja ekki að þessu sinni samþykkis á þessum umrædda gjaldlið; en hann hefur gjört meira; hann hefur látið í ljós þá skoðun sína, að það sje eðlilegt, að þingið vilji fyrirbyggja að þetta komi fyrir annað skipti. Þessi ferðastyrkur getur annars að mínu áliti verið hvöt fyrir danska embættismenn til þess að sækja um embætti hjer á landi og keppa við innlenda menn, og ætti því að af takast.

Grímur Thomsen: Jeg skal geta þess um þessar 468 kr., að það er samkvæmt fjárlögunum eins og þau nú eru sþ., að upphæð þessi sje dregin út úr óvissum gjöldum. Það hefur komið fyrir að sumum hafi þótt stjórnin brúka þetta fje miður höndulega; en þegar þar við bætist, að greiðsla þessa fjár er án nokkurrar lagaákvörðunar, og svo þar að auki umframgreiðsla, þá er það bein skylda d. að synja henni sþ. Árið 1881 voru greiddar í þessu skyni 1600 kr. handa 2 embættismönnum. Hvar á staðar að nema? Et það á að verða að reglu, að embættismenn, sem hingað flytja, fái svo vel af hendi látinn ferðastyrk, að þeir geti fyrir hann keypt allan húsbúnað, sem þeir með þurfa, þá veitir sannarlega ekki af, að tekið sje í taumana, og það vona jeg að þingið finni skyldu sína að gjöra.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að sú ákvörðun, sem gjörð er í fjárlögunum viðvíkjandi styrk handa embættismönnum hingað til lands, snertir að eins framtíðina, en það er ekki eðlilegt að gjöra þá ákvörðun, sem grípur fram fyrir sig til þess, sem liðið er, því að það sem einu sinni er skeð verður ekki aptur kallað. Það hefur verið venja að undanförnu, að veita embættismönnum þennan styrk, og hefur styrkurinn verið ýmislega hár eptir atvikum, og samskvæmt þessari venju hefur sá styrkur, er hjer um ræðir, verið veittur. Þar sem h. h.

þm. Bf. (Gr. Th.) sagði að það væri nauðsynlegt að láta einhvern tíma staðar nema, þá held jeg, að þingið geti gjört ráðstafanir til þess, án þess að ónýta það, sem búið er að gjöra. Jeg verð að álíta það fullnægjandi að gjöra ákvörðun um, að styrkurinn verði ekki veittur fyrir framtíðina, ef þingið annars vill af nema hann, og koma því af að hann verði greiddur framvegis. Jeg vona að þd. muni, eins og h. h. þm. D. sagði, gæta allrar sanngirni í þessu máli með tilliti til kringumstæðanna, og það því fremur sem h. h. frsm. (G. Br.) lýsti því yfir, að n. væri þetta ekkert kappsmál, en að hún hefði álitið sjer skylt að bera það undir úrskurð þingdeildarinnar.

Eiríkur Kúld: Jeg skal leyfa mjer að styðja tillögu hins hæstv. lh. Þessi ferðastyrkur er nú einu sinni greiddur, og hvort hann hefur verið greiddur eptir reglum eða venju, það legg jeg enga áherzlu á, en jeg kann ekki við þá smámunasemi að einblína svo á hvern eyri, sem greiða á úr lsj., að menn jafnvel vilja taka aptur það, sem greitt er samkvæmt gamalli og gildri venju. Það er allt annað mál að setja ákvörðun um þetta efni framvegis, eins og gjört hefur verið í fjárlögunum nú, en að einblína á það sem skeð er, það er sannarlega að ganga of mikið aptur á bak í stað þess að ganga áfram.

Grímur Thomsen: H. h. höfðingsmaður, sem situr við hliðina á mjer (E. K.), kallar það smámunasemi af mjer og n. og þd. að vilja spara fje landsins, og það þótt fjeð sje greitt á móti þeim reglum, sem settar eru í stjórnarskránni. Jeg sagði, að ef stj. hefði eigi veitt hærri styrk en 200 kr., eins og venja hefur verið til, og eigi farið fram yfir þá upphæð, sem veitt var í fjárlögunum, þá mundi jeg ekki hafa haft svo mjög á móti þessari fjárgreiðslu, en þar sem hún hefur bæði farið fram yfir þá upphæð, sem veitt var og veitt styrkinn miklu hærri en 200 kr., þá held jeg að það sýni engan sýtingsskap eða smámunasemi hjá þinginu, þótt það neiti að veita þetta fje, heldur sje það miklu fremur skylda þess, að venja ekki stj. á að virða að vettugi reglur þær, sem settar eru í stjórnarskránni. Viðvíkjandi því, sem h. hæstv. lh. tók fram, þá skal jeg geta þess, að það er ekki altjend nóg að bera umhyggju fyrir komandi tímanum; það verður líka að reyna að bæta þau glöp, sem gjörð hafa verið.

Tryggvi Gunnarsson: Mjer dettur nú í hug gamalt máltæki: „Í upphafi skyldi hver endirinn skoða“; þetta ætti þingd. að gjöra, og þetta ætla jeg nú að líta á í þessu máli, jeg ætla fyrst að skoða endirinn. Ef þingið neitar nú um þessar krónur, þá rekur að því að þingið þarf að fara í lögsókn við ráðgjafann eða þá að landsreikningarnir verða líklega aptur lagðir fyrir næsta þing 1885 og menn þá neyddir til að samþykkja þá. Jeg ímynda mjer, að þingið vilji nú ekki gjarnan fara að fara í málsókn, eða halda málinu til streytu, þar sem hjer er ekki um neitt principspursmál að ræða, heldur að eins 500 kr. útlát fyrir landssjóð. Ef þingið vill fara í mál, þá álít jeg rjett að neita um þessa fjárveiting, en ef það ekki vill láta það enda með málssókn, þá álít jeg óheppilegt að neita nú um þessar 500 kr. og verða svo neyddir til að samþykkja þær á næsta þingi 1885. Jeg álít það ekki heppilegt að þingið leggi það í vanda sinn að neita um fjárveiting á einu þinginu og samþykkja sömu fjárveiting á næsta þingi aptur, eins og á þessu þingi hefur átt sjer stað með aðrar 500 kr., nefnilega 500 kr. til Feilbergs. Jeg skal játa það, að jeg álít ekki rjett eða heppilegt af stjórninni að fara þannig með fje landsins, eins og hún hefur gjört í þessu atriði, einkum þar sem umframgreiðsla hefur átt sjer stað; svo jeg hefði líklega verið með því, að halda málinu til streytu, ef ekki væri komin tillaga frá þinginu í fjárlögunum til þess að ekkert fje af landssjóði skyldi vera varið til þess optar, og þannig spornað við að slíkt gæti átt sjer stað framvegis. Mjer þykir það líka óeðlilegt að landið skuli þurfa að kosta embættismenn hingað til lands, þegar þeir margir hverjir koma hingað til þess, að taka við góðum embættum og þar sem embættismönnum innanlands er ekkert borgað þegar þeir flytjast í ný embætti. En eins og jeg hef tekið fram, þá get jeg ekki aðhyllzt tillögur n. af þessum tveim ástæðum, að mjer þykir óheppilegt ef þingið færi að neita nú um þessa fjárveiting og samþykkti hana svo aptur á næsta þingi, og af því að ekki er hætt

við að slíkt komi fyrir framvegis, þar sem sett hefur verið ákvörðun inn í fjárlögin til að sporna við því að það gæti átt sjer stað framvegis.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er á sama máli sem h. h. 1. þm. Sm. (T. G.), að það sje rjett að skoða endirinn í upphafinu og jeg tek undir með h. h. frsm. (G. Br.) að n. áleit það skyldu sína að koma fram með þetta atriði fyrir þingið, svo því gæfist kostur á að segja álit sitt um það, en ekki af því að hún vildi halda málinu til streytu. N. vissi heldur ekki um aths. þá, sem nú hefur verið sett inn á fjárlögin, sem kemur í veg fyrir að slík fjárgreiðsla geti átt sjer stað framvegis. Það er náttúrlegt að stj. hafi í þessu atriði fylgt sömu venju sem verið hefur að undanförnu, með að veita embættismönnum ferðastyrk, en þar sem ekki er hætt við að þetta geti komið fyrir framvegis þá sje jeg ekki ástæðu til að halda málinu til streytu eða gjöra neina stífni út úr því sem liðið er. Það skyldi helzt vera þessi ofgreiðsla sem hefur átt sjer stað, sem væri athugaverð, en jeg ætla þó að greiða atkv. með frv. óbreyttu, því að mjer finnst leiðinlegt eins og h. h. 1. þm. Sm. tók fram, að neitun þessarar fjárveitingar yrði til þess að landsreikningarnir yrðu ei staðfestir og kæmu svo fyrir næsta þing, og þá yrðu menn neyddir til að samþykkja fjárveitinguna.

Framsögumaður (Gunnlaugur Briem): Jeg ætla að eins að leiðrjetta þann misskilning, sem mjer hefur virzt koma fram hjá sumum h. þm., að n. mundi ekki kæra sig um að framfylgja brt. sinni um að neita um þann 468 kr. styrk, sem stj. hefur veitt umfram þá fjárupphæð, sem veitt var í fjárlögum, því að jeg get ekki verið með því að veita hann að nauðsynjalausu svona háan, og gefa því meðhald, að stj. hafi þannig ekkert tillit til þess, hvort hún hefur fje til umráða í þessu skyni, eða þarf að leita til þess aukafjárveitingar, og mun eg greiða atkvæði móti þessari aukafjárveitingu. Og þótt jeg segði, að d. skyldi ekki álíta, að n. væri þetta mikið kappsmál, þá var það eiginlega h. h. meðnefndarmaður minn, sem síðast talaði (A. Ó.), sem var svona sem menn segja á báðum áttum, en yfir höfuð var n. á því, að ekki bæri að veita þetta fje. Það sem því eiginlega lá í orðum mínum var það, að n. væri þetta atriði ekki það kappsmál, að hún vildi berjast nokkuð fyrir því að uppástunga hennar um að synja aukafjárveitingarinnar yrði samþykkt af h. h. þd., heldur ljeti hún það alveg vera á valdi þd., hvort hún vildi samþykkja þessa fjárveiting eða ekki.

ATKVGR.: 2. gr. frv. (C 81) sþ. m. 18 atkv.; 3. gr. sþ. m. 20 atkv.; brt. v. 4. gr. frá þm. Skg. (C 377) tekin aptur; 4. gr. sþ. m. 21. atkv.; brt. n. v. 5. gr. (C 357) felld m. 11 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvgr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
M. Andrjesson,	H. Kr. Friðriksson,
Ben. Sveinsson.	Arnlj. Ólafsson,
E. Egilsson,	E. Kúld,
E. Briem,	Jakob Guðmunds.
Fr. Stefánsson,	L. Blöndal,
Gr. Thomsen,	Ólafur Pálsson,
Gunnl. Briem,	Tr. Gunnarsson,
H. Clausen,	Þór. Böðvarsson,
Jón Ólafsson,	Þórður Magnússon,
Þorkell Bjarnas.	Þorl. Guðmundsson,
Th. Thorsteinson,	Þorst. Jónsson.

5. gr. frv. þar með sþ.; brt. n. v. 6. gr. (C 366) sþ. í e. h.; 6. gr. þannig breytt sþ. í e. h.; brt. n. v. 1. gr. og 1. gr. m. br. sþ. m. 21 atkv. Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Frumvarp til laga um samþykkt landsreikningsins fyrir árin 1880 og 1881 (C 54); 2. umr.

Framsögumaður (Gunnlaugur Briem): Jeg finn ekki þörf á að útlista hinar einstöku greinar að svo stöddu, enda höfum við tekið skýrt fram tillögur okkar og ástæður í nál. (C 349). Jeg ætla því ekki að þessu sinni að fara fleirum orðum um frv., en einungis síðar útlista nákvæmar—eptir því sem umræðurnar falla,—það sem kemur til greina.

Landshöfðingi: Við atkvgr. þá, er fór fram nú þegar, álít jeg útkljáð um það atriðið, sem er undir 4. lið í útgjöldunum, nefnil. þessar 468 kr. 5 aur.; svo að ekki þurfi um það að ræða. En jeg skal geta þess, að við hinar almennu til-

lögur n. hef jeg lítið að athuga. Þar sem 1. till. n. (C 356) bendir á, hvernig eigi að laga landsreikninginn, þá get jeg vel fallizt á hana. Og við 2. og 3. almennu till. er heldur ekkert athugavert frá mínu sjónarmiði. Viðvíkjandi 4. till., „að skil fáist fyrir ógoldnu spítalagjaldi frá árinu 1880“, þá skal jeg leyfa mjer að skýra frá því, að frá umboðsstj. hálfu hafa verið gjörðar ráðstafanir í þessa stefnu, og þó að málið sje ekki útkljáð enn, þá eru þó að nokkru leyti komnar fram skýrslur og skil fyrir þessu gjaldi. En að því leyti, sem málið enn er óútkljáð, mun verða gjört það sem nauðsynlegt er frá umboðsstj. hálfu. Með tilliti til 5. almennu till. „að grennslazt sje eptir, hvar 221 kr. 8 a. eptirstöðvar, eldri en frá 1878, eru niður komnar og þær innheimtar“, þá er sjálfsagt, að þessi till. mun, eptir því sem mögulegt er, verða tekin til greina. En jeg skal leyfa mjer, að taka það fram, að það getur, eptir því sem næst verður komizt, verið vafasamt, hvort þessar eptirstöðvar eru ekki komnar fram af misreikningi, eða hvort þær yfir höfuð eru til.

Þá er 6. almenna till., að innheimta vexti af gömlu láni, 200 kr., þar sem tapazt hefur eins árs renta. Skuldunauturinn dó, og búið, sem veðið stóð í, varð gjaldþrota, en veðið var ekki svo hátt, að það væri meira en fyrir innstæðunni. Það hefur verið sagt, og það með rökum, að þetta veð hafi ekki verið svo gott, sem það átti að vera, enda er þd. kunnugt um, að það á sjer ekki stað nú, að lán sje veitt úr lsj. gegn *slíku veði*. En þar sem þetta lán er orðið svo gamalt, að það er frá 1861 eða 1862, því er að svo mörgu leyti örðugt við það að eiga. Ábyrgðin fyrir veðinu var ekki nægilega tryggjandi, og þeir menn, sem áttu að bera ábyrgð fyrir því, að veðið væri tryggt, eru fyrir löngu dánir, svo að það er örðugt, að geta kippt því í liðinn aptur; og jeg ímynda mjer að þd. játi, að hin núverandi umboðsstj. geti naumast borið ábyrgðina fyrir þetta. Jeg leyfi mjer að vona það, að þd. vegna þessara atvika finni ástæðu til að sleppa kröfunum til þessara 8 kr. Það eru reyndar vextir, en hjer er sjerstaklega að taka tillit til þess, hvernig á stendur, og að það er um litla upphæð að ræða. Um 7. till. er ekkert að athuga; það er sjálfsagt, að henni verður fullnægt.

Með tilliti til 8. till. „að því sje sleppt að telja útgjalda eptirstöðvar aptan við landsreikninginn“, þá er mjer ekki fullkomlega ljóst, hvers vegna hin h. n. hefur farið fram á þetta, og mjer er ekki heldur fullkomlega ljóst, hvað hún hefur meint með því, þótt jeg þykist vita, að það sje síðasti dálkurinn í landsreikningnum. Satt að segja er mjer ekki ljóst, hvað n. hugsar sjer að muni vinnast með því, þótt þessu sje sleppt. Þessi skýrsla gjörir þó landsreikninginn skýrari og ekki í neinu tilliti brotnari, en sýnir að eins, hvað óhafið er af veittum gjöldum. Jeg skal geta þess, að þótt eptirstöðvarnar sjeu tilfærðar, þá álít jeg ekki ísjárvert, að halda í þær á reikningnum í því tilliti, að tilfærsla þeirra veiti neina heimild til útborgunar, sem ekki sje annars til staðar. Ef það er ástæða hinnar h. n., þá get jeg ekki álitið, að sú ástæða í raun og veru eigi sjer stað. Jeg skal játa, að það gjörir lítið til, hvort þetta er tekið til greina eða ekki, því að á fylgiskjölunum við landsreikninginn má sjá, hvað í raun og veru er búið að greiða og hvað er ógreitt. Eptirstöðvarnar, sem hjer eru taldar, eru að eins reikningslegt „resultat“ af því, sem á undan er komið (fjárveitingu og útborgun).

Þá koma hinar sjerstaklegu till. (C 357) og er við hina 1. till. um gjöldin ekkert að athuga. Þar sem hin h. n. hefur stungið upp á við við 2. till., að gjöldin við „dómgæzlu og lögreglustjórn“ verði færð niður um 49 kr. 7 aura, sem ofgreidd embættislaun hinum fyrverandi sýslumanni í Nmsýslu, þá verð jeg að vísu að viðurkenna, að n. hefur gætt sanngirni við það, að fallast á, að sleppa meiri hlutanum af þeirri kröfu, sem gjörð hafði verið, og þannig sleppa því, að þessi embættismaður borgaði aptur meiri hlutann af því, sem svo virtist sem honum hefði verið of greitt. Yfirskoðunarmenn höfðu lagt til, að hann skyldi endurborga 209 kr. 7 aura, en n. ræður til, að draga 160 kr. frá þeirri upphæð, sökum þess, að hann rak manntalsþing í Nmsýslu þetta ár. Jeg hef látið n. í tje skýrslur frá þessum embættismanni um það, hvernig á stóð, og hversu óþægilegt og kostnað-

arsamt honum var það, að geta ekki skilað af sjer embættinu þá þegar, er hann hafði fengið nýtt embætti. Jeg hef sýnt fram á, að öll sanngirni mælti með því, sem n. hefur farið fram á. Stj. virtist sanngirni, að þessi greiðsla í heild sinni væri eptir gefin. Þótt jeg hefði helzt óskað, að þessi brt. n. væri ekki tekin til greina, heldur stj.frv. óbreytt, þá skal jeg játa það, að í aðalatriðunum hefur n. fallizt á tillögur stj. og gætt sanngirni. Þar sem hin h. n. hefur enn fremur lagt það til, að færa niður „óviss útgjöld" um 195 kr. og að sú upphæð sje færð Rvíkurdómkirkju til útgjalda, þá er auðvitað, að því fje, sem hjer er um að ræða, hefur verið varið í þarfir dómkirkjunnar. En þegar litið er á hag kirkjunnar, þá er lítil von til, að hún geti greitt þetta gjald, og að færa henni það til útgjalda verður einungis til þess, að það verða enn meiri örðugleikar á því, að kirkjan að öðru leyti geti staðið í skilum við lsj,, og viðskipti kirkjunnar við hann verða enn þá yfirgripsmeiri og erfiðari.

Þá kemur stór gjaldliður: „Möðruvallaskólinn, önnur útgjöld", sem nefndin hefur stungið upp á að færa niður um 10585 kr. 77 a. En eptir ástæðum n. virðist mjer að þessa tillögu sje svo að skilja sem það sje meiningin, að fresta því að sinni að samþykkja þessa upphæð, en ekki hitt, að gjöra nú endilega ákvörðun um, að samþykkja hana alls ekki. Mjer þykir mjög illa farið, að jeg býst ekki við, að geta gefið þd. í þetta skipti svo ýtarlegar skýrslur um þetta mál, sem æskilegt væri. Það hefði þó ef til vill getað skýrt málið nokkuð, ef n. hefði, meðan hún hafði það undir höndum, leitað upplýsingar hjá lh., þótt jeg játi, að jeg geti ekki gefið fullkomlega reikningslega skýrslu um þessa upphæð. En jeg skal þó geta þess, að í þessari upphæð felst ein stór upphæð, sem kunnugt er, að varið hefur verið til skólastofnunarinnar, nefnil. 4000 kr. fyrir leikfimishús, sem byggt hefur verið. Og töluverð upphæð c. 3000 kr. til áhalda. sem keypt hafa verið. En þótt jeg gefi þessa skýrslu, þá skal jeg játa, að það er ekki sundurliðuð reikningsskýrsla, sem n. álítur nauðsynlega. En af þessari umræddu upphæð hefur þó n. fengið reglulega skilagrein fyrir 1900 kr. En með því jeg skoða þessa till. sem frestun um samþykki á þessum gjaldlið, en ekki neitun samþykkis, þá skal jeg ekki fara lengra út í það mál.

Það eru hjer nokkrar smáupphæðir, sem n. hefur stungið upp á, að bætt væri við afganginn, 5. tölulið. Það er vitagjald frá Snæfellsnessýslu 18 kr. 21 eyrir. Það mál er ekki fullkomlega útkljáð enn, en þess mun verða gætt eptir því sem nauðsynlegt er, og ef það reynist rjett, að hlutaðeigandi eigi að svara þessu, þá er sjálfsagt að ganga eptir því.

Þá er lítil upphæð, 52 aurar, sem n. ræður til að bæta við afganginn; þar sem endurskoðunarmenn hafa álitið fullnægjandi skýrslu fyrir þessari upphæð, þá hefði jeg búizt við, að hún mætti falla burt.

Þá er enn einn liður, sem n. vill bæta við, 293 kr. 80 aur., sem er leigugjald af umboðsjörðum Strandasýslu, og er ekkert við það að athuga, þó því sje bætt við fyrst um sinn; meiri hlutinn af þessari upphæð er enn þá undir úrskurði.

„Leigur af vlsj. 108 kr." koma sjálfsagt fram í landsreikningnum 1882 og verða þá teknar til greina.

Það, sem var um of talið til útgjalda í póstreikningnum 1879, hefur verið ákveðið með úrskurði, að skuli endurgjaldast og koma lsj. til góða.

Þá er að lyktum lítil upphæð, einir 12 aurar, sem jeg hef ekkert að athuga við.

Framsögumaður (Gunnlaugur Briem): Jeg vil leyfa mjer að benda á, að viðvíkjandi þessum 8 kr., sem taldar eru ógreiddir vextir, var það meining n., að fá fulla skýringu, hvernig á þeim stæði og hvers vegna þær þyrftu að tapast. Nefndinni var það ljóst, að höfuðstóll sá, sem hjer ræðir um, var upphaflega lánaður gegn veði, sem að eins hrökk fyrir honum, en ekki fyrir rentunum, og að dánarbú hlutaðeigandi lántakanda var protabú. Hitt vissi n. ekki um, nema svo hefði kunnað að vera, að einhver ábyrgð kynni að hvíla í þessu tilliti, annaðhvort á einhverjum, sem hefði kunnað að hafa verið ábyrgðarmaður fyrir láninu, eða á landsstjórninni. Þegar þessar upplýsingar væru fengnar, áleit n. tíma til að ákveða nákvæmar um þetta.

Með tilliti til þeirrar tillögu nefndarinnar að sleppa framvegis að telja útgjaldaeptirstöðvar aptan við landsreikninginn, þá er það eðlilegt, þótt hinum hæstvirta lh. sje ekki ljóst, hvernig á henni stendur.

Vil jeg geta þess, að n. virtist vanta mikið á, að stjórnarfrv. sje eins vel úr garði gjört, eins og það ætti að vera. Fyrir það fyrsta er það víða með prentvillum, sem að vísu má ráða fram úr, en svo er fleira sem glepur fyrir. Vil jeg benda á, að í landsreikningnum er t. d. nýnefndum 8 kr. sleppt úr eptirstöðvum af leigum viðlagasjóðs sem ófáanlegum, en í athugasemdum í stjórnarfrumvarpinu eru þær taldar með, en svo aptur í samandregnum tekjueptirstöðvum taldar frá. Hið sama á sjer stað um 52 a. eptirstöðvar af erfðafjárskatti, nema hvað þeim er sleppt þegjandi úr hinum samanlögðu tekjueptirstöðvum aptan við frv. Þetta veit jeg nú ekki hvað á að þýða.

Þegar því næst kom að því, að telja saman útgjaldaeptirstöðvarnar, þá var n. ekki svo lánsöm, að geta fundið þær tilfærðar í athugasemdunum, nema að nokkru leyti; en með því n. virtist það ekki standa á neinu með tilliti til reikningsskilanna yfir höfuð, að bera saman hvort þessar útgjaldaeptirstöðvar væru rjett til færðar, þá gaf hún ekki um, að leita þær uppi á annan hátt, en lagði það því til, að nema þær heldur alveg burtu eða sleppa því að tilfæra útgjaldaeptirstöðvar framvegis aptan við landsreikninginn, svo þær yrðu ekki framar þyrnir í augum reikninganefndarinnar.

Það er löng raunasaga í brjefi sýslumanns Bövings, fyrrum sýslumanns í Norðurmúlasýslu, af síðustu dvöl hans hjer á landi og eptir því sem honum segist frá, hefur n. ekki verið neitt sjerlega ríflег, en viljað sýna nokkra sanngirni. Svo stóð á, að Böving, síðasta sumarið, er hann var hjer, æskti að mega fara burtu til síns nýveitta embættis í Danmörku strax um vorið eða snemma um sumarið. Amtið synjaði honum um það og hann mátti sitja yfir sýslunni sjer til skaða og skapraunar fram eptir öllu sumri. Hann hefur því farið þess á leit, að hann fengi að halda launum þeim, sem embættinu báru þennan tíma, eins og þau voru meðan hann hafði embættið, en fengi hann ekki nema hálf laun sem settur, og það eptir nýju launalögunum, hefir hann til vara krafizt þess, að fá kostnað sinn við þingaferðir endurgoldinn, 160 kr. N. vonar, að hvað sem svo hinn strangasti rjettur kann að vera, að deildin fallist á, að hann njóti þessarar upphæðar og þurfi ekki að endurgjalda landssjóði meira en 49 kr. 7 a. af þeim 209 kr. 7 a., sem yfirskoðunarmenn hafa talið ofgoldnar. Viðvíkjandi færslunni á þessum 195 kr. kostnaði fyrir uppdrætti til Reykjavíkur dómkirkju, þá skal jeg geta þess, að n. hafði ekkert tillit til þess, hvers eign kirkjan væri, heldur þótti n., að þessi póstur ætti betur heima í reikningi kirkjunnar yfir viðskipti hennar við landssjóð. N. gekk út frá því að fyr eða síðar yrði spursmál um, hvers eign kirkjan væri, og þá væri undarlegt, ef svona útgjaldapósta væri að finna hjer og þar í landsreikningnum.

Viðvíkjandi reikningum Möðruvallaskólans skal jeg kannast við, að það hefði verið rjettara að n. hefði áður leitað upplýsinga hjá landshöfðingja. En n. var kunnugt um, að reikningarnir höfðu ekki verið hjá yfirskoðunarmönnunum, og að þeir því voru óyfirskoðaðir, nema hvað einar 1900 kr. snerti og gátu heldur ekki nú sökum naumleika tímans orðið yfirskoðaðir. Nefndinni hefði því ekki orðið gagn að þeim. Að leggja til að reikningarnir yrðu samþykktir með þeim fyrirvara, að þeir yrðu endurskoðaðir, þótti n. ekki eiga við, heldur virtist rjettara að draga þá frá í bráðina eða fresta að samþykkja þá, því ekki virðist nein ástæða til að ætla, að það þurfi að valda ruglingi, þótt þeir gangi yfir á reikningana fyrir árið 1882 og 1883.

Það hefur áður verið minnzt á erfðafjárskatt 52 aur. N. sá ekki hvernig stóð á skilagrein stjórnarinnar, þar sem þeir voru fyrst taldir með, en síðan sleppt aptur, og heldur ekki hvers vegna yfirskoðunarmenn hefðu fallið frá þeim. Þess vegna lögðum við það til að þeir væri teknir upp aptur, svo d. sæi hvernig á þeim stæði, þótt um lítilræði væri að gjöra.

Aðrar upphæðir valda vonandi ekki misskilningi, svo sem vitagjald úr Snæfellsnessýslu, sem n. þótti rjett að tekið væri inn á frv. þangað til grein væri gjörð fyrir hvernig á því stæði. Leigur af

Strandasýslujörðum hafa breytzt nokkuð af því yfirskoðunarmenn höfðu reiknað eptir nokkuð öðrum mælikvarða en endurskoðandi.

Grímur Thomsen: Það eru einungis 3 eða 4 atriði hjá n., sem jeg ætla að minnast á, og skal jeg taka þau í röð. Það er fyrst tekjumegin í 16. gr. b-lið þessar opt umgetnu 221 kr. 18 a. Þar ræður n. þd. til að skora á lh. að grennslast eptir hvar þær sjeu niður komnar. Þetta kynni nú að þykja eitthvað kátbroslegt, því hinn fyrverandi ldsh. var í standandi vandræðum með þessa upphæð, og hefur í svörum sínum til athugasemda yfirskoðendanna beðið þá að segja sjer hvar þessar sömu 221 kr. 18 a. væru niður komnar. Þessi aðferð n. er því ekki annað en að vísa málinu frá Heródesi til Pílatusar. Landshöfðinginn var einnig í vandræðum með þessa 12 aura. Hann skoðaði þá loks sem ábyrgð sjer til handa, svo það er líklegt að þeir megi nú hverfa. Alveg eins er með þessar 221 kr. 18 a. Hann vissi ekki hvar þær voru. Mismunurinn er einungis sá, að 221 kr. 18 a. er stærri upphæð en 12 a., og þegar landsh. ekki getur fundið hvernig á einhverri upphæð stendur, þá er ekki vegurinn til að koma lagi á sá, að spyrja yfirskoðunarmennina hvar hún sje, heldur er aðferðin sú, að leggja peningana á borðið.

Í fyrsta sinn sem jeg hef sjeð n. fara lengra í mildinni en stj. er á bls. 3. tölul. 30, þar sem n. leggur til að draga frá ofgoldnum launum fyrrum sýslumanns Bövings 160 kr. Þar hafði stjórnin engin mótmæli gjört, heldur skorað á Böving í tilefni af athugasemdum yfirskoðendanna um að greiða alla upphæðina. Í þessu máli eigum við beinlínis að ganga að stjórninni og stjórnin að Böving, en jeg skil að n. hefur komizt við af lestri þeirra raunarollna, sem hún hefur undir hendi snertandi málsatvikin.

Í öðru lagi vil jeg minnast á 44. lið um borgun fyrir uppdrátt til dómkirkjunnar í Rvík. Það lítur út fyrir að svo sem stjórnin hjer á sjer óskabarn hjer, svo eigi og stjórnin erlendis sjer óskabarn erlendis. Stj. erlendis hefur látið sitt óskabarn búa til tvo uppdrætti, sem hvorugur er notaður. Hvað uppdráttinn síðari snertir, verð jeg að halda því fram, að hann sje þ. alveg óviðkomandi. Þeir sem á þ. sátu þegar ályktað var að byggja þinghúsið, munu muna það, að það var þingið, sem hafði upptökin um bygginguna og var ekkert um annað talað en að þinghús skyldi byggja, en um engan undirbúning til þess. Það var því alveg óforsvaranlegt af stj. að fara að gjöra undirbúning að alþingi fornspurðu, þegar ekki voru nema líkindi til að þinghús yrði byggt en engin vissa. Borgunin fyrir uppdráttinn verður því að vera alveg á ábyrgð stjórnarinnar. Sama er að segja um Reykjavíkurkirkju; meðan hún ekki er eign landssjóðs, meðan prófasturinn í Kjalarnesþingi vísiterar hana ekki eins og aðrar kirkjur, meðan hún er haldin sem aðrar staðarkirkjur, eins og var með Hóla- og Skálholtskirkjur, á meðan er ekki ástæða til fyrir þ. að veita þetta fje.

Jeg hefði drepið lítið eitt á sálmabókarnefndarstyrkinn, ef allt hefði gengið öðruvísi. Jeg þykist geta ráðið af hinum öðrum fjárveitingum þ., að þetta fje muni verða veitt, og þá er ekki til neins að vera að þrasa um það. Sama er og að segja um þessar 2000 kr., sem veittar eru með kgsúrskurði eptir að búið var að staðfesta fjárlögin. Sú fjárveiting er formlega röng, því kgsúrskurður getur ekki breytt fjárlögum; því segi jeg það, að svo framarlega sem þm. ekki vilja að slík matarkvöð sje lögð á landssjóðinn, ætti ekki slík meðferð að verða tekin fyrir góða vöru. Það var þá líka innanhandar að fá upphæðina veitta með tvöfaldri upphæð í ár.

Mjer sýnist n. hafa gjört rjett í að samþykkja ekki reikning Möðruvallaskólans. Jeg held líka að það sje nokkrum vandkvæðum bundið að samþykkja reikninga sem ekki eru til. Jeg er samdóma hinum hæstv. lh. og skil n. svo að hún ætlist til að samþykktinni sje frestað. Svo leitt sem mjer er að snúa mjer að persónum, hlýt jeg þó að minnast á eitt og víkja að einni spurningu snertandi h. h. 2. þm. Sm. Það er gott að hann er nú viðstaddur hjer í salnum. N. leiðir það ekki í efa, að þm. hafi 1881 eindregið ætlað til Kaupmannahafnar. Nú verður atkvæði mitt komið undir því, hvort þm. vill nú gefa drengskapar- og þegnskaparorð sitt fyrir því að svo hafi verið. Nú gefst honum tækifæri til að hafa þau áhrif á mig, sem ríða baggamuninn með

atkv. mitt, og svo er má ske með fleiri hjer í salnum. Fullvissi þm. d. um, að það hafi verið hans fasti ásetningur að fara til Kaupmannahafnar, skoða jeg það sem drengskapar og æru orð hans og vefengi það ekki. *(Tryggvi Gunnarsson:* Til að vera í Kaupmannahöfn?). Sjálfsagt; þm. tók það fram á reikningnum að hann væri búsettur í Khöfn. Nú er það á valdi þm. hvað hann gjörir og hvernig atkv. falla.

Loks get jeg þess, að það gleður mig að n. hefur tekið tillit til br. á frv. fyrir 1878—79, fært upp í 62 þús. og 43 þús. kr. upp í 58 þús. Jeg geng að því vísu, að landssjóði sje nú borgið.

Jón Ólafsson: Í tilefni af áskorun þess þm., er nú settist niður, vil jeg einungis svara þeirri persónulegu spurningu, er hann beindi að mjer. Það var víst að jeg ætlaði til Khafnar, og get jeg fært næg rök fyrir því. Jeg ætlaði að vera þar þangað til í október og ekki lengur; þá ætlaði jeg heim til Íslands. Ef d. óskar frekari skýringa, get jeg gefið þær.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg er samþykkur n., þar sem hún ræður til að fresta fullnaðardómi um reikninga Möðruvallaskólans, þar sem þeir eru ekki endurskoðaðir enn þá. Jeg vil ekki að aðrir verði fyrir skuldinni en þeir sem eiga að verða það, og vil jeg því geta þess, að stjórninni er ekki um þetta að kenna, því að auk skólastjóra á jeg máske nokkurn þátt í, að reikningarnir eru fram komnir heldur seint. Jeg er einnig samdóma n. með verðið fyrir dómkirkjuuppdráttinn, því jeg kann illa við að þessi upphæð standi á landsreikningnum, þar sem kirkjan hefur sjerstakan reikning yfir öll önnur útgjöld, og ekki víst að hún sje eign landsjóðsins. En nú get jeg ekki lengur verið samþykkur n. og verð að mæla móti 1. þm. Sm. (Tr. G.); hann á ekki þessar 6 kr. sem n. vill gefa houm fyrir þingsetu hans 1881, hann hefur fengið borgaða þá rjettu dagatölu, en hjer er það, sem gjörir villuna, að ekki er sett á reikninginn „að hvorugum deginum meðtöldum“. Yfirskoðunarmenn álitu að báðir dagarnir ættu að reiknast með. N. fór meðalveginn og reiknaði annan daginn, en sannleikurinn er, að þessi þm. á ekki borgun fyrir hvorugan daginn. Jeg var heldur ekki samþykkur n. að rjett væri að sleppa tilkalli til endurborgunar á ferðakostnaði 2. þm. (J. Ó.), sem 1881 sagðist eiga heima í Khöfn, en fór ekki hálfa leið þangað; en jeg hlýt nú að trúa því að svo hafi verið sem hann segir fyrst hann er búinn að leggja við þegnskapar- og æruorð sitt, að heimili hans hafi verið í Khöfn. En það verð jeg að játa, að til þessarar sömu stundar hef jeg haft og þykist hafa haft fullkomna ástæðu til að vera á gagnstæðri skoðun; en mjer þykir hart að segja þm. segja ósatt, þegar hann leggur drengskap sinn við, og vil því ekki á þessum stað tala frekar um þetta atriði.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal fúslega játa, að n. hefur verið vandvirk og nákvæm, og að hún hefur gjört sjer far um að sýna alla sanngirni; það gæti, ef til vill, verið álitamál, hvort hún hefur ekki verið of miskunnsöm við Böving sýslumann; en um það skal jeg ekki deila. Það var annað atriði, sem jeg vildi minnast á, sem sje dómkirkjan í Rvík. Jeg man það núna, að jeg skulda h. h. þm. Bst. (E. K.) svar upp á þá spurningu, hver eigi dómkirkjuna. Mjer hefði ekki komið á óvart þó einhver annar hefði komið með þessa spurningu, en það furðar mig, að hann skuli spyrja að slíku. Um það hjelt jeg að honum gæti ekki blandazt hugur, að kirkjan er landssjóðs eign. Hún er upphaflega byggð upp úr 3 kirkjum er allar voru konungseign. Þegar Rvík voru gefin bæjarrjettindi, 17. nóv. 1786, var ekkert á kirkjuna minnzt, því að hún var opinber eign. Seinna var gjört að kirkjunni (1845—6) og var það gjört eingöngu fyrir konungsfje; þannig hefur hún verið skoðuð sem konungseign og þjóðeign til þessa dags. Það gjald sem hjer er um að ræða, getur því engum blandazt hugur um að greiðast eigi úr landssjóði, enda er það allsendis nauðsynlegt vegna fjárhags kirkjunnar, þar sem hún á nú fullt í fangi með að standa í skilum með rentur og afdrag af skuld sinni, og getur það jafnvel ekki. Um uppdráttinn finnst mjer það eitt rjett, að hann sje borgaður, úr því að beðið var um hann. Jeg verð því að vænta þess, að greiðslu þessa fjár úr landssjóði verði ekki synjað af þeirri ástæðu að kirkjan sje ekki landsins eign.

Framsögum. (Gunnlaugur Briem): Jeg

heyrði af ræðu hins h. 1. þm. GK. (Þ. Bv.), að hann hefur tekið sjer nærri þau lauslegu umyrði mín, að það mundi á sínum tíma verða útkljáð um það, hvort dómkirkjan væri eign landssjóðs eða Reykjavíkur, og hefur í tilefni af þessum umyrðum mínum fundið ástæðu til þess, að lýsa yfir þeirri skoðun sinni, að kirkjan væri óefað eign landssjóðsins.

Að vísu hef jeg heyrt það fært í efa, hvort dómkirkjuna bæri fremur að álíta eign landsins eða Reykjavíkur, en það var engan veginn tilgangur minn með þessum orðum, að fara að gjöra það að umtalsefni í þetta sinn. En hvað sem þessu líður, þá er það eindregin skoðun nefndarinnar, að þær 195 kr. fyrir uppdrætti til dómkirkjunnar, og sem hjer er um að ræða, eigi ekki heima á óvissum útgjöldum landssjóðs, og verður n. að halda því fram, að þær sjeu dregnar frá þessum gjaldlið í landsreikningnum.

Að því er snertir peningaforða landssjóðs, vil jeg fara um hann nokkrum orðum.

Í aths. við stjfrv. bls. 23 er talið að lsj. hafi átt í sjóði við árslok 1879 75,897 kr. 4 a. og var sú upphæð talin í frv. stj., er lagt var fyrir þingið 1881. En eptir því sem samþykkt var á þinginu 1881 hjer að lútandi, sem stj. hefur tekið til greina, og frv. til fjáraukalaga fyrir 1878 og 1879, er þingið hefur nú samþykkt, ber að telja þessar peningaeptirstöðvar 2071 kr. 40 a. hærri en í frv. stj. 1881, nefnil. 2050 kr., er voru oftaldar ölmusur við latínuskólann, og 119 kr. 21 e., er voru fluttar frá versúrum til óvissra tekja, samtals 2169 kr. 21 e., en þar frá ber aptur að draga 97 kr. 81 e., sem útgjöldin til dómgæzlu og lögreglumála eru hærri í þessu frv. en frv. frá 1881. Það virðist því liggja í augum uppi, að í þessu frv. ætti peningasjóður við árslok 1879 að teljast 77,968 kr. 44 a., og er það undarlegt, að stj. skuli ekki hafa gjört það samkvæmt því sem hún sjálf telur afganginn fyrir fjárhagstímabilið 1878 og 1879, en það stendur líklegast þannig á því, að þessar aths. hafa verið tilorðnar áður en frv. fyrir 1878 og 1879 var búið, en síðan ekki verið athugað, að breyta þessum tölum. Afgangur fyrir fjárhagstímabilið 1880 og 1881, er eptir tillögum n. 62,232 kr. 49 a., sem með peningaeptirstöðvum 31. des. 1879 77,968 kr. 44 a. gjörir 140,200 kr. 93 a.; þar frá dragast 81,852 kr. 69 a., sem varið hefur verið til að auka eignir viðlagasjóðsins, og er þá til í peningum 31. des. 1881 58,348 kr. 24 a.

Að svo mæltu þakka jeg h. h. lh., h. h. yfirskoðunarmanni og öðrum góðum mönnum fyrir góðar undirtektir við tillögur nefndarinnar.

Arnljótur Ólafsson: Viðvíkjandi tl. 16, 6, skal jeg geta þess, að þær 221 kr. 8 a., er þar um ræðir, komust inn í landsreikninginn við atkvgr. 1877, og má þar finna rök fyrir, hvernig á þeim stendur. En n. áleit sjer nú ekki skylt, að skýra frá hvernig á þessari upphæð stæði, og áleit, að lstj. mundi komast að raun um, að hjer ætti misgáningur sjer stað. Upphæðin er samtala af fleirum smærri tölum. Jeg vona að yfirskoðunarmennirnir gjöri sig ánægða með málið, ef þeir skoða það vandlega, því að annaðhvort eru þetta sannar eptirstöðvar eða misreikningur hjá einhverjum. N. skaut málinu til aðgjörða lstj., með því að n. vildi ekki heimta af neinum þau gjöld, sem hann ekki er skyldur til að gjalda, og heldur eigi gefa neinum upp það, er honum er skylt að gjalda. Hinum h. þm. Bf. þótti n. hafa farið vægilega við sýslumann Böving, og færði það til, að stj. hefði sagt að hún hefði skrifað Böving. Um það efaðist n. ekki, að stj. hefði *skrifað* Böving, en n. hafði fyrir sjer svar Bövings, og á því byggði n., að frá hinni ofgoldnu upphæð skyldi draga ferðakostnað hans við þingaferðir, og áleit að ef ekki væri til þess fullkominn lagarjettur, þá væri þó að minnsta kosti sanngirniskrafa fyrir því að svo væri gjört. N. hefur þar fyrir ekki komizt í mótsögn við stj., heldur hafði n. fyrir sjer svar Bövings, sem stj. hafði ekki, þegar hún samdi reikningslagafrv. Hvað snertir dómkirkjuna í Rvík, þá gjörir það hvorki til nje frá, hvort hún er álitin eign lsj. eða ekki, eins og frsm. tók fram. En setjum nú svo að hún væri eign lsj., þá segi jeg sem svo: eigi að síður verður lsj. að halda reikning við þessa kirkju sína, eins og aðrar kirkjur, sem hann á, t. d. Möðruvallakirkju og Múkaþverárkirkju. Báðum þeim kirkjum hefur verið lánað, og önnur mun vera búin að borga skuld sína, og hin er víst á góðum vegi með

að borga sína skuld. Hvort sem því dómkirkjan er eign lsj. eða ekki, þá er eins skylt fyrir því að halda sjerstakan reikning við kirkjuna, og auka svo tekjur hennar að hún geti staðið í skilum við lsj. eins og aðrar kirkjur hans. Það er er engin ástæða til að Rvíkurdómkirkja sje svo fátæk, að hún geti ekki staðið í skilum við lsj., þar sem aðrar kirkjur, sem maður skyldi ætla að væru miklu fátækari, geta staðið í skilum við hann. Viðvíkjandi 15. C, þá var n. samdóma yfirskoðunarmönnunum um það, að stj. ætti að standa skil á þeim 8 kr., er þar um ræðir, og að það eigi að vera á ábyrgð þess manns, sem lánar út fje, að sjá um að fulltryggjandi veð sje fyrir láninu. Nú er sá maður dáinn, sem lánið veitti, en embættið lifir, þótt embættismaðurinn sje dáinn, og kvittun eptirmannsins í embættinu gjörir það að verkum, að ábyrgðin færist yfir á hann, en hvílir ekki á dánarbúi hins látna. Þrátt fyrir það að jeg álít að eptirmaðurinn í embættinu sje skyldur til að greiða þessa skuld, þá vil jeg þó ekki halda málinu til streytu; en jeg áleit rjett að sýna fram á, að þessi rjettarkrafa er sönn, og það verður ekki of opt brýnt fyrir þeim mönnum, sem hafa sjóði undir höndum, hverja ábyrgð þeir hafa fyrir meðferð þeirra, því að fyrir þessa ábyrgð hafa embættismenn laun sín.

Hinn h. þm. Bf. (Gr. Th.) var óvanalega mildur við matarkrónurnar, sem hann kallar svo, undir tl. 16. Viðvíkjandi þessu atriði vil jeg spyrja, hvert gildi hafa fjárlögin þegar þau fara ofan í önnur lög? Þegar t. d. minna er áætlað í fjárlögunum til eptirlauna og styrktarfjár en við þarf á fjárhagstímabilinu, og sem skylt er að greiða samkvæmt eptirlaunalögunum, eiga þá fjárlögin að sitja í fyrirrúmi fyrir eptirlaunalögunum, eða eiga þau að víkja? Jeg held að það sje óefað að fjárlögin eigi í því tilliti að víkja. Hjer kemur nú sjer í lagi til skoðunar, hvort 22. gr. stjórnarskrárinnar á að víkja fyrir 25. gr. hennar eða hún á að sitja í fyrirrúmi fyrir 25. gr. Í 24. gr. stjórnarskrárinnar stendur að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum, en í 25. gr. stendur, að tillagið úr ríkissjóði skuli telja með tekjum í fjárlögunum, þó þannnig að greiða skuli fyrirfram af þessu tillagi útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stj. Islands og fulltrúa stjórnarinnar á alþ., *eins og þau verði ákveðin af konunginum*, þar stendur ekki eins og þau verða ákveðin *af alþ.*, og liggur sú þýðing í orðunum, að kg. einn hafi vald yfir því fje, sem veitt er lh. í laun, og því sem veitt er fulltrúa stj. á alþ., svo fjárlögin geta ekki raskað gildi þess. Það var ekki nákvæmlega sagt af h. h. þm. Bf. (Gr. Th.), að fjárlögunum veði verið breytt með kgsúrskurði, því að kgsúrskurðurinn hefur engri upphæð breytt í fjárlögunum, heldur er hann alveg samkvæmur 25. gr. stjórnarskrárinnar. Hvað viðvíkur ferðakostnaði þeim til eins þm., sem hefur orðið tilrætt um, þá álít jeg skýrslu hans fullnægjandi, enda get jeg vottað það persónulega, að þessi þm. sagði mjer áður en hann fór hjeðan í hitt eð fyrra, að hann ætlaði til Khafnar með konu sína, og þar væri þá lögheimili hans.

Eiríkur Kúld: Með því að h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) skírskotaði áðan til mín, sem eins af þeim sem voru í n. þeirri, er úrskurðaði ferðakostnaðarreikninga alþm. 1881, þá skal jeg geta þess, að jeg vissi ekki betur þá, en að sá þm., sem hjer um ræðir, ætlaði sjer að fara til Khafnar, enda sagði hann mjer sjálfur, að hann ætti þar lögheimili; en mjer er einnig kunnugt, að það voru sjerstakleg atvik, sem öptruðu því, nefnil. að hann varð eptir af gufuskipinu á leið þess, og eptir að þm. nú sjálfur hefur eptir áskorun þm. Bf. lýst því yfir og lagt við drengskap sinn, að svo hafi verið, þá verð jeg að álíta, að jeg hafi gjört alveg rjett, þegar jeg ásamt öðrum úr skurðaði ferðakostnaðarreikning hans 1881.

Jakob Guðmundsson: Viðvíkjandi upphæð þeirri, sem talin er ofgoldin til sýslumanns Bövings, þá er jeg n. alveg samdóma, að frá henni eigi að draga kostnað við þingaferðir, því að jeg get ekki ímyndað mjer annað en að þótt annar maður hefði verið settur í embættið í staðinn, þá hefði sá maður orðið að fá þessa sömu borgun, og jeg sje ekki að það hefði verið neitt betra. Jeg ætlaði að tala dálítið um dómkirkjuna, en jeg get sleppt því, af því að h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) hefur tekið allt það fram, sem jeg hafði hugsað mjer að segja í því efni. Viðvíkjandi þeim 8 kr. sem n. hefur ráð-

ið til að heimtað verði að staðin verði skil á, þá get jeg ekki skilið að unnt sje að ná þeim, þar sem sá maður er dáinn, er þá skuld átti að lúka, og hjá honum varð þrotabú, og skiptaráðandinn hefur vísað þeirri kröfu frá, sem þeirri er ómögulegt væri að gjalda.

ATKVGR.: Tekjukaflinn í stjfrv. (C 54) 1.—19. sþ. í e. h.; brt. n. við gjöldin tl. 1 (C 357) tekin aptur; 1. tl. í stjfrv. sþ. í e. h.; 2. tl. A sþ. í e. h.; brt. n. (C 357) við 2. tl. B sþ. með 19 atkv.; 2. tl. B. þannig breyttur sþ. með 18 atkv.; 2. tl. C. sþ. með 18 atkv.; 3. tl. sþ. með 19 atkv.; brt. n. við 9. tl. tekin aptur; 4.—9. tl. sþ. í e. h.; brt. n. við 10. tl. sþ. með 20 atkv.; 10. tl. frv. þar með fallinn; 11.—13. tl. sþ. í e. h.; eigur viðlagasjóðs sþ. í e. h.; peningaforði lsj. sþ. með 19 atkv.; tekjueptirstöðvar sþ. með 19 atkv. Útgjaldaeptirstöðvar falla burtu samkv. atkvæðagr. um 8. lið í hinum alm. aths. Frv. í heild sinni sþ. í e. h., sömul. vísað til 3. umr. í e. h.

Tillögur til þingsályktunar viðvíkjandi landsreikningunum (C 356); 2. umr.

ATKVGR.: 1. tl. sþ. í e. h.; 2. tl. sþ. með 20 atkv.; 3. tl. sþ. í e. h.; 4. tl. sþ. með 20 atkv.; 5. tl. sþ. með 17 atkv.; 6. tl. sþ. með 16 atkv.; 7. tl. sþ. með 17 atkv.; 8. tl. sþ. með 18 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Fimmtugasti og þriðji fundur, laugardag 18. ágúst, kl. 5—7½. Allir á fundi, nema Egill Egilsson og Þórarinn Böðvarsson, sem höfðu tilkynnt forseta forföll sín.

Frumvarp til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða (C 285); 2. umr.

Þorlákur Guðmundssou: Við 1. umr. þá var lítið sem ekkert um þetta mál talað, það var reyndar stungið upp á n., sem líklega hefði orðið til þess að fella málið, en það var ekki sþ.

Þó að hjer liggi ekki fyrir nema kafli úr frv. stj. til landbúnaðarlaga fyrir Ísland, og þó að margir kunni að óska, að meira hefði verið tekið fyrir en hjer er gjört, þá vona jeg þó, að flestir játi, að þetta er töluvert betra en ekki neitt, og þessi kafli sje þýðingarmikill og áríðandi í sjálfu sjer.

Vjer höfum þess vegna 3 þm., og í þeirri von, að þetta frv. komist gegnum þingið og geti orðið að lögum, ráðizt í að gjöra nokkrar brt. (C 346) við það.

Við 1. gr. höfum vjer stungið upp á dálítilli br., sem gjörir gr. skýrari og fer í þá átt að ákveða, að jörð, sem ekki byggist í tæka tíð, skuli verða borin upp í þeirri þinghá, sem jörðin sjálf liggur í. Þetta er ekki ákveðið í frv., svo að vel kynni að vera, að jörðin yrði boðin upp til ábúðar í þinghá landsdrottins, en það álítum vjer ekki hentugt, og vonum því, að þessi br. sje til bóta.

Við 7. gr. höfum vjer og gjört dálitla br. þess efnis, að nýr leiguliði eigi síður á hættu að missa ábúðarrjett sinn, þó að hann komi eigi í rjettan tíma, hafi hann að eins gjört einhverja ráðstöfun til að hirða og hagnýta jörðina. Annars er þessi br. fremur þýðingarlítil.

Við 10. gr. höfum vjer gjört þýðingarmeiri br. Frv. fer fram á, að þegar fráfarandi á hús á jörðu, sem úttektarmennirnir álíta nauðsynleg fyrir jörðina, þá skal landsdrottinn skyldur að kaupa þau hús með því verði, sem úttektarmenn meta. Þetta þótti oss of hart, að skylda landsdrottinn til þess, að kaupa húsin; þau geta bæði verið of dýr og svo er ekki sagt, að hann hafi með húsin að gjöra, þó að úttektarmenn álíti þau nauðsynleg, og það er hæpið, hvort hinn nýji leiguliði svari því meira afgjaldi, svo að það geti borgað sig fyrir landsdrottinn, og mjög óvíst, að fátækir leiguliðar geti haldið þeim við eða til þeirra svarað, þegar þeir fara frá lífs eða liðnir. Það gæti verið sjerlega hart, þegar það væru t. d. stórar og dýrar heyhlöður, að jeg tali ekki um steinhús, sem kannske væru dýrari en jörðin sjálf. Þetta yrði líka óþolandi fyrir bæði landssjóð, hvað allar opinberar eignir snertir, sjer í lagi á kirkjujörðum og þjóðjörðum, sem og fyrir einstaka jarðeigendur. Þess vegna þótti oss rjettara, að fráfarandi skyldi að eins bjóða slík hús til sölu, fyrst landsdrottni og síðan viðtakanda, og vilji hvor-

ugur, þá megi hann rífa þau og flytja burtu af jörðinni.

Þá kemur br. við 19. gr. Vjer höfum orðað hana á nokkuð annan hátt en í frv., en með sama innihaldi, að því viðbættu, að ráð er fyrir gjört, að leiguliða sje gjört að skyldu, að hirða allar áburðartegundir, því að það er sannarlega ekki vanþörf á því, að brýna slíkt fyrir mönnum, og meira að segja gjöra aðhald að því með lögum, því það er aðalskilyrði fyrir, að grasræktuninni geti farið fram; álítum vjer því, að þessi br. eða viðbót sje til bóta.

Við 20. gr. höfum vjer gjört þá br., að setja í staðinn fyrir hina síðustu málsgrein í 20. gr., síðustu málsgrein úr 60. gr. stjfrv., sem er tekin úr frv. n. þeirrar, sem var sett hjer í deildinni á þingi 1881. Þessi ákvörðun úr stj.frv., sem vjer komum hjer fram með sem brt., ákveður, að þegar leiguliði hefur gjört varanlega jarðabót fram yfir það sem um samið eða ákveðið er í byggingarbrjefinu, þá á hann, er hann fer frá jörðinni, að fá kostnaðinn við jarðabótina endurgoldinn, en þó eigi með hærri upphæð en þeirri, sem er 12 sinnum hærri en hækkun eptirgjaldsins fyrir jarðabótina. Hjer í frv. er miðað við 16 ára ábúð, sem getur stundum orðið miður sanngjarnt, t. a. m. þegar jarðabótin er nýunnin, er ábúandi fer frá. Auðvitað er hjer ekki talað um aðrar jarðabætur en þær, sem geta heitið varanlegar. Þegar úttektarmenn meta jarðabótina til afgjalds, þá er það trygging fyrir því, að hún sje veruleg og varanleg. Þeir eiga og líka að leggja ofan á jarðabótina, ef hún er ekki í fullu standi.

Aptan við 33. gr. viljum vjer setja viðauka, sem ákveður nákvæmar, að þegar maður flytur af parti úr jörð, þá skulu úttektarmenn, ef aðfarandi eða landsdrottinn óska þess, skipta milli aðfaranda og hinna eða hins, sem á jörðinni er, húsum, matartegundum og öðrum mannvirkjum, innstæðukúgildum og engi og skógum, en ekki beitilandi og hlunnindum, sem úttektarmenn skulu að eins skipta ef allir hlutaðeigendur koma sjer saman um það.

Þá höfum vjer bætt aptan við frv. 6 nýjum gr., og eru 5 af þeim sama efnis og 34.—38. gr. stj.frv., en 1 þeirra er tekin upp úr frv. n. d. í hitt eð fyrra, en sem stj. hefur ekki tekið upp í sitt frv. Þessi gr., sem verður þá 36. gr. í frv., sem nú liggur fyrir, miðar til þess að fyrirbyggja, að nokkur setji inn pening annars manns, nema hin brýnasta nauðsyn sje til þess. Með hinum 5 gr., sem eru úr stj.frv., er leiguliði tryggður móti ágangi af peningi annara manna, svo að hann geti að fullu haft not af gróða jarðar sinnar. Oss þótti nauðsynlegt, að þessar gr. fengju að komast með inn í frv. Rjettaróvissan er mikil í þessu efni um allt land, og þó að ákvarðanir sjeu um það í Jónsbók, kemur það að litlu haldi, vegna þess, að hún er í svo fárra höndum og margt í henni er nú orðið úrelt og gleymt. Þess fremur sem úttektarlöggjöfin er nú, ef þetta frv. verður að lögum, harðari og ýtarlegri en áður var, er þörf á að fyrirbyggja grasrán á skynsamlegan hátt eins og hjer er farið fram á.

Benidikt Sveinsson: Jeg verð að játa, að jeg hef ekki haft tíma til að íhuga þetta yfirgripsmikla og vandasama mál svo rækilega, að mjer sje fullljóst hvort jeg get gefið atkv. fyrir þessu frv. Þetta kemur líklega til af því, að jeg er ef til vill manna seinastur og tregastur til að breyta hinum eldri landslögum vorum. Jeg er sannfærður um að lagamennirnir í e. d., sem hafa fjallað um þetta frv., verða að játa með sjálfum sjer, að þeir hafa ekki fengið tíma til þess að íhuga þetta mál út í allar æsar, eins og þeir hefðu viljað. Sem sagt, jeg hef ekki haft tíma til að lesa Jónsbók og bera hana saman við þetta frv. til hlítar, eins og jeg hefði viljað til þess að komast að *grundaðri* niðurstöðu í þessu máli.

Jeg skal nú ekki fara langt fram í þetta frumvarp, og þess þarf ekki heldur til að sjá þess glöggt dæmi, að það skilur á við Jónsbók og það til hins verra. Í 2. gr., 2. málsgrein, er sama ákvörðun um það, að þegar byggingartími er ekki ákveðinn, þá skuli *álíta* að jörð sje byggð *æfilangt*, það er að segja: þar skal „præsumera“ það, eða ímynda sjer það, að svo hafi verið, nema *landsdrottinn* sanni hið gagnstæða. Þessi ákvörðun er úr dönskum lögum, en ekki úr Jónsbók. Hún var eðlileg og jafnvel nauðsynleg í Danmörku, þar sem svo hagaði til, að aristókratíið átti mikið af jörðunum og jarðeigendur voru eins konar yfirdrottnendur leiguliðanna á margan hátt. Þess vegna

hafa búnaðarlög Dana gengið út frá þeirri grundvallarsetningu að *vernda rjett* leiguliðanna gagnvart landsdrottnum, svo þeir ekki gætu misbrúkað vald sitt og menntun. Allt öðruvísi hagar til hjer á landi, þar sem jarðeigendur munu almennt ekki vera betur menntaðir en leiguliðar, og jafnvel mætti segja að þeir menn sem mest hafa rakað saman af jörðum optast hafa staðið á mjög lágu menntunarstígi, ekki að tala um, að landsdrottnar hafi hjer á landi sem slíkir haft nokkurt vald eða yfirráð gagnvart leiguliðum fremur en hverjir aðrir sem semja sín á millum. Það er því ekki hin minnsta ástæða til að hafa neitt annað en fullkomið jafnrjetti fyrir báða hlutaðeigendur, bæði landsdrottna og leiguliða, í þessu tilliti, en hver helzt præsumption sem eigi er byggð á einhverju *nauðsynlegu* eða *venjulegu*, sem hvorugt á sjer hjer stað, er óhafandi.

Jeg skal játa með hinum h. 1. þm. Á. (Þ. G.) að Jónsbók kann í sumum greinum að vera úrelt, en þó munu finnast í henni fleiri og dýrmætari gullkorn, sem ekki má kasta burtu og troða undir fótum sjer, en hann hefur gjört sjer ljóst nú! Jeg get fullvissað hinn háttvirta þingmann um það, að Jónsbók á einmitt að rannsaka vandlegar en hjer er gjört, og byggja á henni eðlilega íslenzka löggjöf. *(L. Bl.*: Hvenær á að gjöra það?) Þegar tími vinnst til. Frá mínu sjónarmiði væri betra að fresta málinu í þetta sinn, en hrapa ófyrirsynju að lögunum. Það er meira um vert, að hlýða lögum þeim, sem sett eru, t. a. m. landamerkjalögunum, en búa einlægt til ný lög út í loptið. Jeg gæti tekið mýmörg dæmi lík því, sem jeg þegar hef bent á, og talað til kvölds, en það gagnar ekkert. Það er heldur ekki tiltækilegt framar, að n. verði sett til að íhuga málið, en gangi það til 3. umr., þá mætti máske reyna með bratkv. að koma því sniði á frv., að síður væri hrapað að því að fella gildi Jónsbókar og innleiða hjer á landi að óþörfu ákvarðanir úr dönskum lögum. En þó vil jeg efast um að jeg sjái mjer þetta fært, eða að það verði til nokkurs gagns sökum tímaleysir.

Jakob Guðmundsson: Það má auðvitað gjöra ráð fyrir, að nokkrir agnúar sjeu á þessu lfrv.; en jeg ímynda mjer þó að það sje mögulegt við 3. umr. að koma þeim br. að, sem gætu gjört þennan litla kafla, sem liggur hjer fyrir, sem er einn liður af hinu stóra landbúnaðarmáli, að þýðingarmikilli rjettarbót. Það má bíða lengi þangað til það verður sagt um nokkur lög að þau sjeu nú orðin gallalaus og þeim þurfi eigi að breyta um langan tíma, og sízt má búast við því þegar um landbúnaðarlög Íslands er að ræða, því að það er svo vandamikið og yfirgripsmikið mál, að jeg er sannfærður um að einu þingi væri eigi unnt, þó að það jafnvel mætti sitja í 6 mánuði og hefði ekkert annað að gjöra, að því væri eigi unnt segi jeg, að leiða heppilega til lykta og binda enda á landbúnaðarmálið. Þess vegna verða menn að láta sjer lynda að taka fyrir kafla og kafla í einu.

Skoðun mín á þessu máli er annars sú, en hún kann nú að þykja nokkuð sjerstakleg, að í almennum búnaðarlögum ætti ekki að standa aðrar ákvarðanir, en þær sem geta átt alstaðar við á landinu; það væru allsherjarbúnaðarlög landsins; en svo tækju við hjeraðasamþykktir, sem ákvæðu um allt sjerstaklegs eðlis, eptir því sem við ætti á hverjum stað.

ATKVGR.: Brt. 3 þm. (C 346) við 1. gr. sþ. með 13 atkv., 1. gr. frv. (C 285) þannig breytt sþ. m. 11 atkv.; 2.—5. gr. í einu sþ. m. 16 atkv.; brt. 3 þm. v. 7. gr. sþ. m. 16 atkv., 7. gr. m. þessari br. sþ. m. 18 atkv.; 8. og 9. gr. óbr. sþ. m. 15 atkv.; brt. 3 þm. v. 10. gr. sþ. m. 15 atkv.; 10. gr. þannig breytt sþ. m. 15 atkv.; 11.—18. gr. allar í einu sþ. óbr. m. 17 atkv.; brt. 3 þm. v. 19. gr. sþ. m. 15 atkv., 19. gr. frv. þar með fallin; brt. sömu þm. v. 20. gr. sþ. m. 14 atkv., 20. gr. þannig breytt sþ. m. 16 atkv.; 21.—32. gr. allar í einu sþ. óbr. m. 16 atkv.; brt. 3 þm. v. 33. gr. sþ. m. 14 atkv., 33. gr. þannig breytt sþ. m. 15 atkv.; 34. gr. óbr. sþ. m. 14 atkv.; 35. gr. (ný) sþ. m. 11 atkv.; 36. gr. (ný) sþ. m. 12 atkv.; 37. gr. (ný) sþ. m. 11 atkv.; 38. gr. (ný) sþ. m. 14 atkv.; 39. gr. (ný) sþ. m. 13 atkv.; og 40. gr. sömuleiðis sþ. með 13 atkv. Brt.

sömu 3 þm. við fyrirsögn frv. var álitin sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 atkv.

Frumvarp til laga um stofnun landskóla á Íslandi (C 334); ein umr.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): Meiri hluti n. hefur, eins og h. h. þm. vita, ráðið til þess, að frv. verði sþ. óbreytt eins og það kom frá e. d. (nefndarálit C 343). H. h. e. d. hefur reyndar fellt burtu seinust gr. frv., sem kvað á um það, hvar kennslan skyldi fara fram fyrst um sinn. Þessi ákvörðun er aptur tekin upp með bratkv. þm. Bf. (Gr. Th., C 343), en úr því sem komið er, vona jeg að h. h. d. leggi ekki mikla áherzlu á þetta atriði, og fallist heldur á frv. eins og það er, og ræð jeg h. h. d. til að aðhyllast *ekki* þessa brust., þó að hún að öðru leyti sje samkvæm því, sem sþ. var hjer í d. við seinustu umr. málsins.

Grímur Thomsen: Brt. þessi fer einungis í þá stefnu, að koma frv. í sama horf, eins og það var í þegar það fór til e. d. H. h. flm. (B. Sv.) taldi þá mikilsvarðandi atriði, að vita fyrir víst, hvar kennslan ætti að fara fram, enda væri harla óheppilegt, ef landskólinn skyldi verða húsvilltur, ef hann kemst nokkurn tíma á.

Jakob Guðmundsson: Jeg get ekki skoðað það neitt aðalatriði í þessu máli, hvar kennslan fer fram. Þegar skólinn er kominn á, má koma sjer niður á því, í hvaða húsi kenna skuli; þá koma dagar og þá koma ráð.

Framsögumaður (Benidikt Sveinsson): H. h. þm. Bf. (Gr. Th.) talaði svo hýrt og brosandi fyrir bratkv. sínu, að jeg held honum sje það ekki svo fullkomið alvörumál, að d. þurfi að láta sjer detta í hug að sþ. það. Þm. verður að virða það við okkur meiri hlutann, hve „loyal“ við erum við e. d., að gjöra engar breytingar við frv. eins og hún gekk frá því. Enda vona jeg, að það verði sþ. eins og það nú liggur fyrir. Jeg get líka huggað þm. með því, að þingið verður víst búið að koma saman áður en skólinn byrjar, svo nóg ráð geta þá orðið fyrir hendi fyrir þingið til þess að sjá ráð til þess, að skólinn verði ekki, ef til kemur, húsvilltur, og þá getur þingmaðurinn látið ljós sitt skína með þessa furðumiklu umhyggju, sem hann nú allt í einu er farinn að bera fyrir landsskólanum.

Holger Clausen: Jeg er þm. D. (J. G.) ekki sþ. um að nógur tími sje seinna að hugsa um það, hvar kennslan eigi að fara fram. Það er þó víst bezt að kunna að synda áður en maður steypir sjer út í sjóinn; þess vegna held jeg sje betra að eiga húsvist handa skólanum áður en fara á að kenna í honum.

ATKVGR.: Brt. 6 þm. (C 378) felld með 10 atkv. gegn 9; brt. þm. Bf. (C 343) felld með 11 atkv.

Frumvarpið óbreytt sþ. með 13 atkv. Afgreitt síðan til lh. sem *lög frá alþingi.*

Frumvap til laga um breyting á 7. gr. laga um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. des. 1877 (C 272); 3. umr.

Lárus Blöndal: Fyrri þm. G. K. (Þ. Böðv.), sem er flm. þessa máls, hefur beðið mig að halda svörum uppi fyrir því, af því að hann getur ekki sjálfur verið viðstaddur. Það hefur verið svo góðs byrjar aðnjótandi hingað til, að jeg hef ekki ástæðu til að efast um, að h. h. deild láti því byrja vel til enda, og sþ. það eins og það er.

ATKVGR.: Frv. sþ. með 15 atkv.; sent síðan e. d.

Tillaga til þingsályktunar um að mæla uppsigling á Hvammsfjörð (frá e. d., C 304); ein umr.

Jakob Guðmundsson: Jeg vona að þingið vilji sem fyrst fá uppmæling á Hvammsfirði í framhaldi af þeirri ósk þingsins, að löggiltur verði verzlunarstaður við Hvammsfjörð. Jeg skoða það sem mjög áríðandi að mæla upp þennan fjörð sem fyrst, vegna þess, að reynist hann hættulaus til innsiglingar og við hann fáist allgóðar skipalegur, jafnvel fyrir gufuskip, einkum að því er upp- og útskipun snertir, því að öðru leyti má allur Hvammsfjörður heita ein stór höfn, þá yrði hann hentugasti miðpunktur amtsins, því að hann liggur fyrir það fyrsta mjög nærri miðju þess, og í öðru lagi liggja vegir út frá honum svo að segja út á hverja annestá. Jeg treysti því, að h. h. d. sþ. þingsályktunartillögu þessa.

ATKVGR.: Þingsályktunartillagan sþ. með 13 atkv.

Afgreidd síðan til lh. sem *þingályktun frá báðum deildum alþingis.*

Tillaga til þingsályktunar um gufuskipsferðir umhverfis strendur landsins (C 359); fyrri umr.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg vona þessi ferðaáætlun mæti góðum undirtektum, og finn ekki ástæður til að fara um hana fleiri orðum fyr en jeg heyri undirtektir hinnar h. d.

Þorsteinn Jónsson: Fjárlaganefndinni er kunnugt, að jeg kom með bænaskrá frá kjördæmi mínu, fyrst um það að þar yrði ákveðinn fastur komustaður fyrir póstgufuskipin. Jeg er þakklátur þessari n. fyrir það að þessi beiðni hefur verið tekin til greina. Eitt finnst mjer samt ekki geta átt sjer stað, að strandsiglingaskipið sem á að fara frá Berufirði 5. sept. fari að kækja frá Þórshöfn til Vestmanneyja og sje þar þann 4. Þetta finnst mjer ómögulegt. Þá gekk bænaskráin í öðru lagi út á það, að Vestmanneyingar þyrftu ekki að borga að tiltölu meira en aðrir í fargjald. Hingað til höfum við þurft að borga frá eyjunum til Reykjavíkur 16 kr. fyrir 1. pláss og 10 kr. fyrir annað pláss. Dekkspláss hefur ekki fengizt. Þetta finnst mjer ekki jöfnuður. Jeg skal færa til dæmi: Frá Stykkishómi til Reykjavíkur er fargjaldið 6 og 4 kr. fyrir fyrsta og annað pláss. Þess utan má fá dekkspláss sem margir hæglega geta notað, og er þó vegalengdin að minni ætlun mjög svipuð. Jeg vil því mælast til að einhver ákvörðun verði sett inn í áætlunina, sem jafni þessar misfellur.

Holger Clausen: Jeg vildi spyrja hina h. d. hvort hún hugsi sjer að þessi ferðaáætlun geti orðið upp fyllt t. d. hvort skipið gæti komið á Borðeyri þar sem ekki er uppmælt? Jeg sje ekki til hvers er að setja þessa ákvörðun ef hún ekki getur orðið uppfyllt. *(Lárus Blöndal:* Skaðar ekki!). Skaðar það ekki, að gefa því atkv., sem ekki verður framfylgt? Gufuskipafjelagið fæst ekki til að láta skipið koma á Borðeyri, nema mælt verði upp. Jeg hef talað við menn af herskipunum, sem segja, að það sje ómögulegt, að upp verði mælt fyrir 1884. Því þeir segja, að til þess þurfi 2 skip. Jeg er hræddur um, að engin ferð fáist þangað, fyr en búið er að mæla þar upp.

Eiríkur Kúld: Jeg get verið n. þakklátur fyrir ákvörðunina um Stykkishólm og Skagaströnd, því hún er til stórmikilla bóta. Það hefur áður verið sá mikli ágalli á ferðunum þangað, að þær hafa verið komnar undir velþóknun skipstjóra. Þess vegna hafa menn verið í hinni mestu óvissu. Sumir hafa fælzt frá að nota ferðina; aðrir hafa beðið langa lengi og orðið svo frá að hverfa. En hjer er samt sami gallinn á ferðaáætluninni og áður, að Vestfirðir fara halloka fyrir Norður- og Austurlandinu. Jeg skil ekki hvers vegna ekki má koma skipagöngunum þannig fyrir, að Vestfirðir ekki sjeu bundnir við norðanskipin. Ísinn tálmar opt skipunum að fara norður fyrir. Jeg sje ekki, að neitt þyrfti að vera móti því, að skipin væru 2 og mættust á Ísafirði; þar við misstu Norðlendingar ekkert, en Vestfirðingar ynnu mikið, með því þá væri tryggt fyrir allan vafa á ferðum skipsins hjá þeim. En þessu er má ske ekki svo hægt að koma fram og hinn h. frsm. treystir sjer líklega ekki til að fá því framgengt að þessu sinni. Jeg verð því í þetta sinn að sætta mig við áætlunina, eins og hún liggur fyrir, en lýsi yfir þeirri von minni, að tekið verði tillit til þarfa Vestfjarða næsta sinn, og tillit tekið til þess, að rjettur þeirra verði eigi fyrir borð borinn í þessu efni.

Jakob Guðmundsson: Jeg tek undir með h. h. þm. Bst. (E. K.) um það, að það er hvergi eins nauðsynlegt, að samgöngur á sjó sjeu tíðar og greiðar, eins og á Vesturlandi. Það liggur í eðli og landsháttum á Vestfjörðum, að hvergi eru sjóflutningar eins nauðsynlegir á landinu og þar, og kemur það af hinum vondu vegum, hinum erfiðu og afarlöngu annesum og þeim miklu vandkvæðum, sem eru á því, að eiga þar marga hesta. Þetta allt gjörir nauðsyn hentugra sjóferða svo miklu brýnni.

Jón Ólafsson: Viðvíkjandi því, sem hinn h. þm. Bst. tók fram um að Vestfirðir færu halloka með gufuskipsferðirnar, þá held jeg að það sje langt frá að svo sje. Gætum að. Á Vesturlandi eru

9 komustaðir og 30 komur. Á Austurlandi eru 4 komustaðir og 13 komur. Það er því held jeg synd að segja, að Vestfirðir fari varhluta; það er einmitt þvert á móti. Jeg vil svo enn minnast á eitt atriði, sem jeg veit að snertir hagsmuni kjördæmis míns, sem sje það, að það væri miklu hentugra að skipið kæmi á Eskifjörð í maíferðinni, heldur en í júní- eða ágústferðinni, sem miklu minni þýðingu hafa. Þessar br. eru svo litlar og þess utan kostnaðarlausar, að jeg býst við, að n. gangi inn á þær, en gjöri hún það ekki, mun jeg koma með brt. við 2. umr.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): H. h. þm. V. (Þ. J.) þótti fargjaldið frá Vestmannaeyjum of hátt. Jeg skal nú eigi neita því að svo sje, en það er eigi hægt að fara fram á lækkun þessa fargjalds hjer, því að hjer er að eins verið að ræða um ferðatilhögun skipanna, en ekki um farareyri fyrir farþegja, og það liti eigi vel út, ef þingið færi að setja sem skilyrði við gufuskipafjelagið að farþegagjaldið úr Vestmannaeyjum yrði máske 5 kr. lægra. En það held jeg sje nægilegt, að málsmetandi menn á Vestmannaeyjum skrifi formanni gufuskipafjelagsins um þetta atriði, og tel jeg mjög líklegt, að hann fari að ósk eyjarmanna, að setja fargjaldið niður. H. h. þm. Snf. (H. C.) þótti það varúðarvert að setja Borðeyri á ferðaáætlunina, en jeg get eigi sjeð, að svo sje, því að ef innsigling þangað á Húnaflóa ekki er mæld, þá fara skipin eigi þangað, en jeg verð að álíta, að ferð skipsins þangað megi ekki álítast neitt af aðalatriðum í þessu máli, svo lengi sem Húnaflói er ekki mældur; þó jeg álíti mjög nauðsynlegt, að skipið komi á Borðeyri, þá vil jeg heldur vera án þess, en að engar gufuskipaferðir verði til landsins; hjer stendur sem skilyrði fyrir því, að fjeð verði greitt úr lsj., að ferðaáætluninni verði fylgt í öllum *aðalatriðum*. Auk þess getur skeð, að Húnaflói verði mældur bráðlega, og ef til vill á næsta ári, svo skipið gæti farið á Borðeyri á öðru ári hjer frá, og þá væri mjög gott, að þessi fyrirmæli standi í ferðaáætluninni. Ef menn ættu að hafa þá reglu, að setja engan stað í ferðaáætlunina, nema því að eins, að vissa væri fyrir, að skipið færi þangað, þá ætti líka að taka fleiri staði af ferðaáætluninni, t. a. m. Þorlákshöfn og Djúpavog; en jeg sje nú enga ástæðu til þess, að fella þá burtu. Þá þótti 2. þm. Sm. (J. Ó.) óheppilegt, að skipið skyldi eigi koma á Eskifjörð 13. maí; en að sleppa Eskifirði í þetta skiptið gekk mjer það til, að á vorin eru opt þokur þar úti fyrir, svo að skipstjórum þykir illt að taka þar land, þegar þeir koma frá Færeyjum, en hins vegar er það þó eigi svo mikil ástæða, að jeg vilji vera mótfallinn brt. í þá átt. En þar sem h. h. þm. Bst. (E. K.) fór fram á, að skipin skyldu mætast á Ísafirði, þá er slíkt bæði óhentugt fyrir farþegja og vöruflutninga. Menn sem vilja fara t. a. m. hjeðan frá Reykjavík á hafnir, sem eru fjær en Ísafjörður, verða að bíða fyrir norðan eða austan, þangað til skipið kemur aptur frá Kaupmannahöfn, sem verður því nær mánuður, og það þó að þeir vilji að eins fara snöggva ferð norður um landið. Þetta mun þm. og h. h. þd. eiga hægt með að sannfærast um við nákvæmari eptirtekt. Jeg verð nú líka að geta þess, að Vestfirðingar líða eigi svo mikið við það, þó að ís sje við Norðurlandið, því að þá snýr skipið við sunnan um land og fer svo sem optast beint til Vestfjarða; við það kemur skipið að eins nokkrum dögum seinna þangað, en kemur þó. Jeg verð líka að álíta, að Vesturland hafi ekki orsök til að vera óánægt með gufuskipaferðirnar, því það hefur einna mest gagn af strandferðunum af öllum landshlutunum, og er það eðlilegt, því að hvergi á landinu eru jafnmargar og góðar hafnir sem á Vestfjörðum, og óvíða meiri nauðsyn, þar sem að landferðir eru þar svo torsóttar og erfiðar.

Þorkell Bjarnason: Póstskipið er vant að fara hjeðan til Hafnarfjarðar, og er það víst fyrirætlun manna, að svo verði framvegis, en jeg veit líka, að mönnum suður með Faxaflóa er mjög hughaldið, að skipið færi suður þangað og komi á Keflavík; jeg held að menn þar syðra hefðu mjög mikið gagn af þessu; en af því að jeg hef enga áskorun fengið um þetta þaðan, þá ætla jeg eigi að koma með brt. um þetta að þessu sinni, en jeg vildi að eins heyra álit h. h. frsm. (Tr. G.) um þetta atriði.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): H. h. 2. þm. GK. (Þorkj. Bj.) mun víst

hafa tekið eptir því, að 2 skipin fara 5 ferðir norður um land, og að þau fara ekki á sumrin frá 6. júní til oktbr. sunnan um landið til Reykjavíkur, og geta því ekki komið í Keflavík. En svo fer 3. skipið beinlínis frá Khöfn og hingað til Rvíkur 2 ferðir; þetta skip á að koma við í Vestmannaeyjum og í Þorlákshöfn, og sýnist mjer varlegra, að bæta ekki við 3. staðnum nýjum, við þetta eina skip. Vjer höfum nú þegar bætt við 5 nýjum stöðum í ferðaáætlunina, og er varla farandi fram á, að bæta við fleirum í þetta skipti, þegar ekki er bætt við tillagið úr landssjóði fyrir ferðirnar.

Þorkell Bjarnason: Það var eigi meining mín, að fá þetta fram að þessu sinni, en að eins vekja máls á því, og heldur eigi vildi jeg fara fram á, að skipið kæmi við í Keflavík, þá er það kæmi frá Khöfn eða færi þangað, en það var ætlun mín, að skipið gæti notað tímann, sem það liggur hjer í Reykjavík til þess að fara þangað suður, að sínu leyti eins og skipið nú fer suður til Hafnarfjarðar.

Holger Clausen: Jeg skil eigi að vjer Vestfirðingar þurfum að vera ánægðir með þessa ferðaáætlun. H. h. 1. þm. Sm. (Tr. G.) veit, að það er mjög áríðandi fyrir kaupmenn, að fá sem fyrst frjettir frá útlöndum um verð á vörum þar, en ávallt kemur skipið 17 dögum fyr til Seyðisfjarðar en til Stykkishólms, og þetta höfum við orðið að þola; ferðaáætlunin er einungis til þess að gjöra Austurlandi gagn, og jeg vil eigi segja, að gjöra Vesturlandi hið gagnstæða. En svo er þm. nú líka kunnugt, að þessi ferðaáætlun stendur eigi nema 3 ár af 10. En væri nú eigi betra, að hún stæði í 4 ár af 10 eða 7 ár af 10, 9 ár af 10 eða það sem bezt væri 10 ár af 10. Jeg ætla svo eigi að segja annað en það, að jeg vildi að þessi ferðaáætlun væri öðruvísi. *(Tr. G.:* Hvernig á hún þá að vera?) Ja, það veit jeg ekki, en öðruvísi gæti hún verið tilbúin, og ætti öðruvísi að vera til búin. (Hlátur).

Jón Ólafsson: Jeg ætla að þakka h. h. frsm. (Tr. G.) fyrir góðar undirtektir við br. þær, sem jeg nefndi. Enn fremur ætla jeg að taka það fram, að hjer þarf eigi að nefna í till., að nægilegt og gott rúm sje fyrir farþegja á fyrsta, öðru og þriðja plássi, því að allt þetta er tekið fram í samningnum við fjelagið; þar er beinlínis til tekið, hversu mörg rúm eigi að vera fyrir farþegja á hverju plássi. Ákvörðunina vantar eigi, en það er eptirlitið sem vantar. Og það er svo bágborið, að nú í vor hjelzt fjelaginu uppi að senda skip með 6 rúm í staðinn fyrir 24 rúm. Herbergi farþegjanna var svo þröngt, að það gat eigi nema einn maður staðið upprjettur í því í einu og einn maður gat að eins farið á fætur í einu. Samningurinn er hjer nægilegur, og því vil jeg sleppa 2. tl. og koma með vt. við 4. tl. um, að gjöra það að skilyrði fyrir fjárgreiðslunni úr lsj., að samningur sá verði í öllu uppfylltur, sem fjelagið hefur gjört við stjórnina. Samningurinn er til, en það þarf að eins að skora á stj. að framfylgja honum betur en hingað til. Enn þá er „Laura" hið eina skip, sem fullnægir samningnum að öllu leyti.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Ekki líst mjer á þessa till., er síðast var talað um, að fara eptir samningnum í öllu. Í samningnum stendur, að fjelagið skuli hafa 2 skip í förum, en hjer er farið fram á í ferðaáætluninni, að það skuli hafa 3 skip í förum; eigum vjer þá að fara að skylda stjórnina og gufuskipafjelagið til að gjöra minna en það hefur gjört þessi tvö ár, minna en það er fúst til að gjöra til að bæta samgöngurnar hjer við land, og minna en farið er fram á í áætlun þeirri, er hjer liggur fyrir? í henni eru ráðgjörð 3 skip og færri skip er ekki hægt að komast af með, ef samgöngurnar eiga að vera nokkurn veginn viðunanlegar.

Þar sem þm. var að finna að póstskipunum, þá skal jeg skýra frá, að fjelagið vill ekki leggja mikið í sölurnar með því að byggja annað hentugt skip til Íslandsferða eins og „Lauru", meðan eigi er fullkomlega víst, hvort það fær að halda gufuskipaferðunum til Íslands og fjártillaginu. *(Jón Ólafsson:* Það er víst um 10 ár). Ekki álitu menn það 1881, að þingið væri bundið við samning stjórnarinnar, ef annað betra byðist, og því kom sami þm. þá fram með tillögu að leigja norsk og ensk gufuskip. Í vor stóð svo á, að Laura var sett á land til að gjöra að henni, og þá var skipið „Georg" sent eina ferð til Íslands, en þó var áður leitað samþykkis stjórnarinnar um það. Þegar svona stóð á, þá þykir mjer eigi rjett að fást

mjög um, þó það kæmi svona fyrir í eitt skipti, að farþegjapláss væru heldur lítil, þar sem „Georg“ er að öðru leyti en farþegjarúmi álitinn eitt af fríðustu og beztu skipum fjelagsins og á það þó 75 gufuskip.

Jón Ólafsson: Jeg ætla að eins að koma með þá skýringu á orðum mínum, að jeg átti við, að stj. færi eptir samningnum að því er snertir farþegjaplássin.

Jakob Guðmundsson: Jeg ætla að lýsa yfir þeirri von minni, að gufuskipafjelagið muni gjöra sjer far um fara eptir þessari ferðaáætlun að svo miklu leyti, sem mögulegt er, og það því fremur sem það mun frjetta utan að sjer, að Íslendingar muni, ef stjórnin væri þeim samtaka, eigi þurfa að vera eingöngu komnir upp á hið danska gufuskipafjelag, og eptir því sem jeg hef heyrt í sumar, þá munu hafa boðizt mikið betri kostir af öðru fjelagi en þeir kostir, sem vjer höfum hjá þessu fjelagi.

Friðrik Stefánsson: Yfir höfuð er jeg ánægður með þessa ferðaáætlun, en þó vil jeg geta þess, að mjer þykir það eigi rjett, að skipið skuli eigi koma á Sauðárkrók h. 28. sept. *(Tryggvi Gunnarsson:* Seint, slæm höfn). Það er líka opt vont veður 3. sept. og engan veginn víst, að það sje verra veður seinast í mánuðinum en fyrst í honum, og hvort heldur sem væri, sje jeg minnst á móti því, að skipið komi við á Sauðárkrók 28. sept., og mun jeg því koma með brt. um það við 2. umr., að svo verði.

Landshöfðingi: Þótt menn sjeu eigi að öllu leyti ánægðir með ferðirnar kringum landið, þá held jeg þó, að allir verði að viðurkenna, þegar þeir líta til baka yfir nokkur ár, að ferðir þessar og allt fyrirkomulag þeirra hafi tekið miklum bótum, og því finnst mjer, að menn hafi alla ástæðu til þess að gleðja sig yfir þeim framförum, sem orðið hafa í þessu máli. Sýnist mjer, að menn ættu að fara varlega í það að gjöra harðar kröfur eða setja harða kosti, og vilja þegar breyta því ástandi sem nú er. Mjer finnst heldur eigi 3. tl. eiga vel við eða að þingið reyni til þess að hafa áhrif á verðlag á fæði farþegja. Tímarnir og verðlagið getur breytzt svo, að eigi verði unnt að fá slíka kosti. Jeg álít líka ísjárvert að setja það sem skilyrði fyrir fjárgreiðslu úr lsj. eins og farið er fram á í 4. tl., að ferðaáætlaninni verði fylgt í öllum aðalatriðum; þetta er svo óákveðið og má skilja svo ýmislega, og teygja á ýmsar hliðar, og út úr því gæti orðið mikið ágreiningsefni, hvað meint er með þessum orðum. Jeg held, að h. h. þd. megi vera fullvissuð um það, að stj. muni reyna að koma öllu þessu í sem bezt og hagfeldazt horf að unnt er. Eins og h. h. frsm. (Tr. G.) tók fram, þá fer þessi ferðaáætlun lengra en samningurinn fer, og svo hefur og verið síðustu ár, að ferðirnar hafa verið fleiri en samningurinn ákveður. Þetta fyrirkomulag held jeg muni haldast, og að framvegis verði leitast við að að bæta úr þeim annmörkum, sem enn eru á ferðunum; en jeg álít vera betra, að engar ákvarðanir væru settar sem skilyrði, því að stjórnin mun reyna til að laga ástandið, svo sem frekast er unnt, þó jeg hins vegar játi, að það er gleðilegt, hversu mikinn áhuga þingið hefur á, að póstskipsferðirnar, sem hafa svo mikla þýðingu fyrir landið, komizt í sem bezt lag.

ATKVGR.: Fyrsta till. n. (C 359) sþ. í e. h., 2. og 3. till. n. sþ. hvor um sig m. 15 atkv., 4. till. n. sþ. m. 16 atkv.

Málinu vísað til síðari umr. í e. h.

Fimmtugasti og fjórði fundur, mánudag 20. ágúst kl. 12—2. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra (C 332); ein umræða.

Þorkell Bjarnason: Þetta mál hefur áður verið svo ýtarlega rætt hjer í deildinni, að óþarfi er að fara út í einstakar greinir þess. Jeg skal að eins stuttlega drepa á breytingar þær, sem orðið hafa á frv. hjá hinni heiðruðu e. d. Aðalbreytingin er sú, að e. d. hefur sett niður eptirlaun hinna æðri embættismanna, á þann hátt, að þeir embættismenn, sem eptir frv. n. d. áttu að fá 40 kr. fyrir hvert þjónustuár, eiga nú ekki að fá nema 30 kr., og þeir, sem áttu að fá 50 kr. fyrir hvert þjónustuár, eiga nú ekki að fá nema 40 kr.

Ef þetta frv., eins og það nú liggur

fyrir, verður að lögum, þá verður eptirlaunastiginn þannig, að prestar fá 10 kr. fyrir hvert þjónustuár í eptirlaun, hinir lægri embættismenn 20 kr., hinir æðri verzlegu embættismenn 30 kr., og hinir æðstu embættismenn 40 kr. Þessi mælikvarði sýnist vera hæfilegur og sanngjarn. Jeg vona því, að þd. fallist á frv. í þessari mynd, og ekki sízt þeir þm., sem ljetu þá skoðun sína í ljósi, þegar málið var hjer fyrir í deildinni, að of mikill munur væri gjörður á eptirlaunum hinna æðri og lægri embættismanna.

ATKVGR.: Frv. í heild sinni var því næst borið undir atkv., og samþykkt með 14 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 6 nafngreindra þm.

Nei sögðu:

Halldór Kr. Friðriksson, Eiríkur Kúld, Grímur Thomsen, Holger Clausen, Lárus Blöndal, Þórarinn Böðvarsson, Þorsteinn Thorsteinson.

Aðrir allir *já*, nema þeir Eiríkur Briem, sem greiddi eigi atkv. og var því talinn með meiri hlutanum, og Jón Ólafsson, sem var eigi viðstaddur.

Frv. síðan sent til lh. sem *lög frá alþingi* (C 332).

Frumvarp til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða (C 365); ein umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Þegar þetta mál var sent upp í e. d., þá var frv. allt ekki nema 1 gr., en nú er það orðið að 8 gr., þegar það er þaðan komið. Reyndar eru 2 fyrstu línurnar af þessari einu gr. úr því frv. sem fór hjeðan; en jeg fæ þó eigi betur sjeð, en að hjer sje fyrir með öllu nýtt frv. frá e. d. Þess vegna getur það ekki rjett verið, að ræða málið í einni umræðu, heldur verður að ræða það í þremur, svo sem það hefði alls ekki verið fyrir deildinni áður, enda eru svo margar ákvarðanir komnar inn í frv., að eigi er auðið að átta sig á þeim í stuttu bili. Það er því fyrsta ust. mín, að málið sje tekið út af dagskrá, og komi svo til 1. umr. síðar. En fallist þd. ekki á það, þá er það mín önnur ust., að þessari einu umr. sje frestað. Það álít jeg að sje með öllu nauðsynlegt, því að engar brt. eru fram komnar enn þá, af því að þingmenn hafa ekki haft tíma til þess, en ekki af hinu, að þeirra sje ekki þörf. Jeg skal með leyfi hinnar h. þd. taka 6. gr. til dæmis. Skilji jeg þá gr. rjett, þá verður hún til þess að tálma því, að frv. nái tilgangi sínum, að gjöra mönnum ljett að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða og sem allir játa að mundi verða veruleg rjettarbót fyrir landið. Það er eðlilegt, að útlend skip, sem tekin eru á leigu til fiskiveiða, greiði öll lögboðin gjöld, er þau koma í fyrsta skipti til landsins, en svo kemur sú ákvörðun í 6. gr., að það eigi að greiða 5 aura afgreiðslugjald af hverri smálest í hvert skipti, sem skipið hafnar sig. Það er með öðrum orðum: það er farið með skipið, meðan það er á fiskiveiðunum, eins og það kæmi frá útlöndum í hvert skipti, sem það kemur inn með afla sinn. Í 6. gr er nú reyndar dregið úr þessari ákvörðun þannig, að þetta gjald skuli eigi greiða nema í eitt skipti, er skipið fer hafna á milli í sama lögsagnarumdæmi, en bregði skipið sjer út fyrir lögsagnarumdæmið, þá á það að greiða gjaldið í hvert skipti sem það hafnar sig, og eptir því á skip sem er gjört út frá Seyðisfirði að greiða þetta gjald þar, hafi það hleypt inn á Eskifjörð t. a. m. sökum ofviðris. Það verða allir að sjá, hversu ósanngjarnt þetta er.

Vilji því þd. hafa eina umr. um þetta mál, þá verð jeg að halda hinni síðari ust. minni fastlega fram, að umræðum sje frestað til þess að mönnum gefist kostur á að koma fram með brt. við frv.

Forseti kvaðst vilja láta að orðum þm. (H. Kr. Fr.), og fresta þessari einu umr., en að eins með þeim fyrirvara að þm. og aðrir sem kynnu að vilja koma með brt., gjörðu það sem allra fyrst.

Frumvarp til laga um farmgjald skipa (C 283); 3. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg vildi leyfa mjer að mæla með brt., sem hjer er fyrir, að færa gjaldið niður úr 1 krónu í 70 aura (C 364). Jeg hef reiknað ýms dæmi um þetta, sem geta komið fyrir, og sjeð, að þetta gjald verður býsna hátt, þegar það nær til allra skipa, bæði þeirra, sem flytja verzlunarvörur til landsins og til

skipa, sem ætluð eru til fiskiveiða. Þetta gjald verður næsta tilfinnanlegt fyrir skip, sem koma með lítinn eða ódýran farm til landsins, og virðist mjer því sanngjarnt, að færa það niður í 70 aura fyrir hverja smálest, einkum þegar tekið er tillit til þess, að þetta 70 aura gjald yrði samt sem áður töluvert meiri tekjur fyrir lsj. en þær, er hann hefur nú sem stendur af áteiknun skjala allra þeirra skipa, sem frá útlöndum koma.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg skal leyfa mjer að taka það fram viðvíkjandi vtill. minni og fl. þm., um að bæta nýrri grein inn í frv. um brot gegn lögunum (C 348), að jeg ímynda mjer, að allir þm. verði samdóma um það, því að það var af einberri gleymsku fyrir mjer og ustm., að þessi grein ekki kom fram upprunalega í frv. Viðvíkjandi brt. við 1. gr., „þar á meðal fiskiskip, sem flytja út afla sinn", þá hef jeg ekkert á móti þessari brt. (C 343) í *sjálfu sjer*, nema ef svo skyldi vera, að það stæði í sambandi við hina brt., að færa farmgjaldið niður úr 1 krónu í 70 aura, eða rjettara sagt, ef að þessi seinni tillaga er sprottin af þeirri fyrri, sem jeg sjálfur hef gjört ásamt fleirum háttvirtum þingmönnum. Jeg meina, að jeg viti ekki, hvort þetta stendur í sambandi þannig, að farmgjaldið sje fært niður með tilliti til þess, að það er einnig lagt á skip, sem flytja út afla sinn. En ef svo er, þá vil jeg heldur fella báðar tillögurnar en taka þær báðar. Jeg skil ekki, að það skuli vakna nú hjá þm., þar sem enginn hreifði því við 1. og 2. umr. málsins, að þetta sje ósanngjarnlega hátt gjald, og ef það er ekki, þá er það sannarlega merkilegt, að vilja rýra það gjald, sem á sanngjarnan hátt getur komið í lsj. Jeg játa það, að það er skylda þingsins, að leggja ekki ósanngjarnlega hátt gjald á skipin, en á hinn bóginn er það eigi síður skylda þingsins, að setja það svo hátt, sem þingið getur verið þekkt fyrir. Hjer er nefnil. um gjald að ræða, sem gjaldast skal af útlendum skipum, sem koma til landsins í ábata og gróða skyni, annaðhvort til að reka verzlun eða fiskiveiðar. Landið er aptur fátækt, og jeg held því föstu, að vjer megum ekki draga úr þeim gjöldum, sem vjer getum lagt á útlend skip, sem koma hingað og ausa auðnum í landinu og úr sjónum kringum það rjett fyrir framan landsteinana. Gjald þetta er viðurkennt að vera *sanngjarnt*, og það er nóg ástæða til þess, að vjer ekki sleppum þeim rjetti og því færi, sem vjer höfum til þess, að auka með því óskertu tekjur lsj. Jeg vona þess vegna, að þm. verði mjer samdóma um, að þessi brt. er ekki til bóta, enda vona jeg, að ustm. haldi henni ekki fast fram.

Th. Thorsteinson: Jeg vil geta þess, að vtill. okkar um „fiskiskipin" (C 343) stendur ekkert í sambandi við hina tillöguna um að lækka farmgjaldið (C 364). Þar standa líka önnur nöfn undir. Það sem kom okkur til að koma fram með þessa vtill. var það, að það koma mörg skip til landsins, sem eptir frumvarpinu yrðu frí við lestagjaldið, en við vildum með þessari vtill. auka gjaldið til landssjóðs. Jeg vona því, þegar flm. íhugar það, þá fallist hann á vtill. *(Benidikt Sveinsson:* Jeg fellst á hana). Hvað viðvíkur hinni brt., sem jeg stend ekki undir, þá skal jeg játa það, að það gæti í fljótu bragði sýnzt ástæða til að lækka þetta gjald á sumum skipum; jeg skal sjerstaklega til nefna gufuskipin ensku, sem koma hingað margar ferðir á sumri; en jeg sje þó ekki verulega ástæðu til þessa, því að jeg ímynda mjer, að þau geti að sínu leyti eins borgað þessa 1 kr., eins og mörg hin önnur skip, þar eð jeg ímynda mjer að þær mörgu ferðir hver um sig borgi sig engu síður að tiltölu en fyrir þau skip er sjaldnar koma.

Ef útflutningsgjald á hestum, sem fyrir uokkrum dögum var á prjónunum, hefði komizt á, mundi það hafa orðið meira tilfinnanlegt en þetta gjald sem hjer um ræðir. Jeg sje því enga ástæðu til að færa gjaldið niður í 70 aura í heild sinni, og felli mig því ekki við það. Það er öldungis víst, að það á að greiða allt hvað maður getur fyrir siglingunum og verzlun, en ekki *meira* en *hvað maður getur. (Benidikt Sveinsson:* Rjett). Hjá okkur er svo lítið lagt á skip og siglingar, að jeg held það sje óvíða minna. Vitagjaldið er nú ekki í neinu lagi, af því vitinn er ekki nema einn, en þegar það eru ekki nema svo fá skip, sem greiða vitagjald, þá getur það ekki heldur talizt mikið, sem hvílir almennt á skipum, er koma hingað.

Þegar litið er á það, að þetta gjald, sem hjer ræðir um, er ekki nema 1 kr., þá er auðsjeð, að það er ekki of mikið.

Flutningsmaður (Benidikt Sveinsson): Jeg er alveg samdóma hinum h. þm. Jeg var á móti báðum till., eins og jeg sagði, ef þær stæðu í svoleiðis sambandi hvor við aðra, að af því gjaldið væri fært yfir á fleiri skip, nefnil. fiskiskipin, þá ætti að færa það niður. En þegar jeg sje, að þær standa ekki í neinu sambandi, þá fellst jeg að öllu leyti á vtill., en jeg er harðlega *á móti brt.*, að færa gjaldið niður í 70 aura úr einni kr.

Eiríkur Kúld: Jeg fyrir mitt leyti get vel aðhyllzt báðar vtill., en alls ekki brt. Jeg álít að þessir 70 aurar sjeu hjer um bil sama sem ekki neitt, og að þeir gefi minna af sjer í viðbót við það gjald, sem nú er, en umræðurnar um það á þessu þingi munu kosta. Meiningin er að auka tekjur lsj. með þessu gjaldi, og jeg ímynda mjer að það gæti orðið til þess, að hægt væri að af nema ábúðar- og lausafjárskattinn. Ef þetta krónugjald kæmist á, þá ætla jeg, að það mundi höggva næsta mikið skarð í báða þessa skatta. Jeg skil ekki í því, að menn vilja lækka það gjald, sem frv. fer fram á, þegar þess er gætt, að skipagjaldið yfir höfuð er hjer minna en alstaðar annarstaðar um hinn siðaða heim. þegar á allt er litið. Jeg sje enga ástæðu til þess, og get því ekki gefið þessu brt. atkvæði mitt.

ATKVGR.: Vtill. 6 þm. við 1. gr. (C 343) sþ. með 19 atkv.; brt. 6 þm. við 1. gr. (C 364) felld með 11 atkv. gegn 8; vtill. 6 þm., um nýja gr. eptir 2. gr., (C 348), samþ. með 17 atkv.

Frumvarpið með áorðnum breytingum í heild sinni sþ. með 20 atkv., og afgreitt síðan til e. d.

Frumvarp til laga um friðun hvala (C 240); 3. umr.

ATKVGR.: Frv. sþ. orðalaust í e. h., og afgreitt síðan til lh. sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um fyrirkomulag á gufuskipsferðum umhverfis strendur landsins (C 359); síðari umr.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Jeg hef lítið um málið að segja, því að einungis 2 bratkv. (C 381 og 382) hafa verið gjörð við það síðan við fyrri umr., og eru þau svo meinlaus, að jeg vona að þau verði ekki framgangi málsins til fyrirstöðu, og vil því ekki hafa neitt á móti þeim.

Benidikt Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að benda á það, að eptir þessari ferðaáætlun gufuskipanna er koma þeirra á Húsavík 5. og 7. sept alveg þýðingarlaus, og væri því eins gott að sleppa þessum komum skipanna alveg. Mjer finnst þetta atriði svo þýðingarmikið, að nauðsyn beri til að gjöra við það bratkv. En nú er þetta seinni umræða, svo því verður ekki við komið, nema umræðunni verði frestað.

Forseti frestaði umræðunni til kveldfundar.

Tillaga til þingsályktunar viðvíkjandi Elliðaánum (C 348); ein umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Verið getur, að raddir heyrist hjer í salnum, sem lýsi undrun yfir því, að þetta mál er á dagskrá í dag; býst jeg og við að það muni verða fært sem ástæða, hversu stutt er eptir af hinum dýrmæta tíma, sem þingið hefur til umráða. Jeg bið þó h. h. þm. að hlusta með aðgætui á orð mín, ef vera mætti, að þeim kynni þykja þetta nauðsynjamál, er þeir heyra ástæður mínar.

Jeg veit, að allir h. h. þm. muna eptir því, að þetta mál hefur verið til umræðu hjer í deild þing eptir þing; það er mönnum og kunnugt, að hæstarjettardómur er genginn í þvergirðingamálinu. Svo langt er málið þá komið. En þó að nokkuð sje nú umliðið síðan þessi hæstarjettardómur var birtur, eru þó enn hinar sömu orsakir til þess að hreyfa málinu sem áður.

Ástæður mínar liggja í því tvennu: 1., landslaginu sjálfu, og 2., rjettindum þeirra stofnana. sem hjer eiga hlut að máli, þ. e. kirkjujörðin Breiðholt og þjóðjörðin Hólmur.

Að því er landslaginu við kemur, vil jeg benda hinni h. h. d. á það, að árnar eru ekki eins lagaðar og hingað til hefur verið álitið, eða eins og hæstarjettardóminum hefur framfylgt verið. Jeg þekki enga *eina Elliðaá* nokkurstaðar á

veiðilandi kaupmanns Thomsens til yztu ummerkja þess, heldur þekki jeg *tvær Elliðaár*, sem hvergi renna saman á öllu því sviði, er kaupmaður Thomsen getur helgað sjer veiðirjett á. Til styrkingar því, að þetta er engin nýlunda að álíta tvær Elliðaár, skal jeg benda á það, að í öllum fornum brjefum eru nefndar tvær Elliðaár, t. d. máldaga um veiði í Elliðaánum frá 1235, sem lesa má í 1. bindi Fornbrjefasafnsins. Þar eru allt af nefndar tvær ár, „hin eystri á“ og „hin vestari á“. Þetta hefur og haldizt allt fram á þennan dag, nema hvað nöfnunum hefur verið breytt þannig, að nú eru þær eins opt kallaðar *suðurá og norðurá*, eins og *vesturá* og *austurá*.

Fylgjum nú þessum ám frá sjó og upp eptir. Allt af eru árnar tvær upp að Stórafossi og upp fyrir hann. Fyrir ofan Skorar-hyl koma þær heldur ekki saman, heldur rennur einungis kvísl rjett fyrir ofan Skorarhyl úr austuránni í vesturána. Nokkru ofar rennur önnur kvísl úr vestari ánni í austurána, og enn ofar rennur hin þriðja kvíslin úr austránni í vesturána. Fyrir ofan þá kvísl er vesturáin orðin mjög lítil, en þó má sjá það á farvegi hennar, að hún hlýtur að vera vel laxgeng þar í vatnavöxtum. Árnar koma eigi saman fyrr en nokkru fyrir ofan Breiðholtsland. Nú munu menn segja: „Þingið þarf ekki að vera að skipta sjer af Breiðholtslandi eða vernda þess rjett, það er kirkjuland, sem hefur sinn lögverja“. Jú, því eigi? Er þinginu þá ekki skylt samkv. 45. gr. stjórnarskrárinnar, að vernda rjettindi hinnar lútersku kirkju? Vissulega. Þá segja menn: „Já, það er rjett. þinginu er það skylt; en er ekki dómkirkjuprestinum trúandi til að gæta rjettar þeirrar jarðar, sem hann á fyrir að sjá, og tekur sjálfur tekjur af?“ Jeg nefni þennan prest í heiðursskyni; en með öllum þeim heiðri, sem honum ber, og með allri þeirri virðingu, sem jeg ber fyrir honum, verð jeg að vekja eptirtekt manna á því, að ábúandi jarðarinnar hefur skrifað nafn sitt undir áskorun til þingsins um það, að verndaður sje rjettur jarðarinnar; en hvergi sjest nafn prestsins. Jeg þekki líka lög, sem heita landamerkjalög, og sem skipa fyrir um og skylda menn til að setja merki jarða í milli; en enginn veit til þess, að presturinn hafi ómakað sig í áreið til að gjöra út um slíkar spurningar. Jeg vil ekki fara lengra en góðu hófi gegnir, en það eitt vil jeg segja: Þessi prestur hefur ekkert gjört til að vernda veiðirjett þessa lands, og því er það full ástæða fyrir hið opinbera að skerast í leikinn.

Jeg felldi úr áðan, þegar jeg talaði um kvíslar þær, er renna milli ánna fyrir ofan Skorarhyl, að geta um eina kvísl til, eða tilbúinn hleypiskurð. Við Stórafoss uppi á berginu er til búin lítil stífla til að veita vatni eptir hleypiskurðinum yfir í hina vestari ána. Kaupmaður Thomsen — sem jeg nefni einnig í heiðursskyni við hliðina á prestinum — hefur látið, að hann hafi gjört eða gjöra látið stíflu þessa til þess, að syðri áin, eða öðru rjettu nafni vestri áin, yrði laxgeng. Skoðum nú tilgang hins virðulega kaupmanns Thomsens í sambandi við veiðivjelar þær, sem hann notar. Þessar veiðivjelar eru þvergirðing í vesturánni; á því getur enginn efi leikið. En eptir hverjum lögum er nú þessi þvergirðing lögð? Getur hún, í einu orði sagt, stuðzt við nokkur lög, eða er hún ólögleg? Skoðum þá laxveiðalögin 11. maí 1876 2. gr. Samkv. þeirri gr. í tjeðum lögum getur engin heimild verið til þvergirðingar þessarar, því að jeg hef sýnt, að hjer er um *á* að ræða en ekki um *kvísl úr á*. Þvergirðing þessi hlýtur því að vera móti fyrri málsgrein 2. gr. tjeðra laga, en kemst auðsjáanlega með engu móti inn undir seinni málslið greinarinnar. Í annan stað er og þess að gæta að kaupmanni D. Thomsen var aldrei seld með afsalsbrjefinu 11. desbr. 1853 nema hin eystri áin; þar segir svo, að honum sje seld laxveiðin „í Elliðaánni frá hinum stóra foss við Árbæ kölluðum Stórahyl, og út fyrir ármynnið í sjó fram milli Árbæjarhöfða og Gelgju- eða Geldingatanga“. Bærinn Árbær og Árbæjarhöði eru fyrir austan austurána, sem kunnugt er. Öll örnefnin miðast við eystra landið eða austurána. Einnig í þessu tilliti er þvergirðingin í vesturánni með öllu óheimil.

Skoðum nú í sambandi við það, sem sagt er, veiðivjel þá, sem hinn virðulegi kaupmaður hefur og í hinni eystri ánni. Fyrst er garður hlaðinn af eystra landinu og kista í þeim garði framanverðum. Jeg þori ekki að fullyrða, að garður þessi

gangi út í ána miðja. Þá er op nokkurt, hjer um bil $2^1/_2$ al. Látum allt þetta gott heita. En nú kemur annað undarlegra. Af hinu landinu er annar garður hlaðinn út í ána gagnvart kistugarðinum. Jeg vil ekki segja, að hjer sje garður sinn frá hvoru landi, er nái hvor um sig út í á miðja. En hitt segi jeg, að jeg skil fyrra málslið 2. gr. laganna svo, að ekki skuli garð leggja af hvorutveggja landinu, heldur einungis af öðru landinu.

Nú bætist það enn við, að Breiðholt á land frá Blesugróf og góðan spöl upp fyrir Skorarhyl. Eptir mínum skilningi á lögunum er hjer því um tvöfalt brot að ræða. Fyrir það fyrsta getur kaupmaður Thomsen ekki átt veiði upp með allri á í það óendanlega, þótt hjer væri um *kvísl* að ræða, en ekki *á*. Að rjettu lagi á hann enga veiði í vesturánni, nema fyrir Bústaðalandi, og það eingöngu sem eigandi þeirrar jarðar. Í öðru lagi er það sýnt og sannað, að hjer er ekki um kvíslar að ræða, heldur *tvær heilar ár*. Jeg nefni hjer ráðgjafabrjefið 6. júni þ. á. til styrkingar mínu máli. Í brjefi þessu hrindir ráðgjafinn gjörsamlega skaðabótakröfu kaupmannsins, skýrskotar til hæstarjettardómsins 8. maí þ. á. og segir síðan: „*allra sízt* þegar þess er gætt, að í *afsalsbrjefinu* 11. desbr. 1853 er beinlínis sagt, að stunda megi veiðarnar „samkvæmt tilskipunum þeim, er á Íslandi sje út komnar eða út muni verða gefnar um veiðarnar". Nú hefur þá ráðgjafinn játað gildi þessara ummæla í afsalsbrjefinu og þar með gildi alls afsalsbrjefsins.

Jeg efast ekki um, að landstjórnin og dómstólarnir gjöri skyldu sína í framkvæmd þessa máls, og jeg vona, að þingið framfylgi einnig lögunum að sínu leyti. Vjer höfum fengið nokkurn sigur, og algjörður sigur er í náND. Breytum þá ekki móti sjálfum oss á undanförnum þingum, höldum stefnunni fram að því takmarki, að fullkomna þann sigur, sem fenginn er.

Þórarinn Böðvarsson: Þar sem h. h. flm. (A. Ó.) sagðist nefna dómirkjuprestinn í heiðursskyni, þá er jeg fullviss um, að hann hefur meint það, því að prestur þessi er sannarlega heiðursverður maður. En þar sem mjer fannst flm. bera á dómkirkjuprestinn tvær sakir, þá ætla jeg, af því að dómkirkjupresturinn er nú ekki hjer í þingsalnum og á því ekki kost á að bera þessar sakir af sjer, að svara fyrir hann fáum orðum. Hin fyrri sök, sem flm. bar á dómkirkjuprestinn, var sú, að hann hefði eigi gert neitt til, að vernda veiðirjett kirkjujarðarinnar Breiðholts; en jeg get þó sagt honum, að hann hefur gjört það í því efni fyr og síðar, sem honum hefur þótt bera að gjöra. Þar sem flm. tók fram, að ábúandinn hefði skrifað undir bænarskrá til þingsins um þetta efni, en ekki dómkirkjuprestúrinn, þá skal jeg taka það fram, að það er ábúandinn einn, en ekki dómkirkjupresturiun, sem hefur not af laxveiðinni, enda veit jeg ekki, hvort að ábúandinn hefur tekið það upp hjá sjálfum sjer, að skrifa undir þessa bænarskrá, eða hann hefur gert það í umboði dómkirkjuprestsins. Þá var hin önnur sök, sem flm. bar á dómkirkjuprestinn, að hann hefði enn ekki gert neitt til þess að útkljá landamerki Breiðholts og nærliggjandi jarða. Þetta mun að vísu satt; en svo er um miklu fleiri, um flesta eða jafnvel alla hjer í grennd; en jeg efast ekki um, að dómkirkjuprestúrinn muni, þegar tími og tækifæri leyfir, vernda rjett kirkjujarðarinnar Breiðholts ekki síður en aðrir, og ekki með minni vandvirkni en aðrir.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal ekki mæla á móti þeirri vörn, sem h. h. 1. þm. G. K. (Þ. Böðv.) hefur haldið uppi fyrir dómkirkjuprestinn, því að jeg held að orð hans sjeu að mestu leyti samkvæm því, sem jeg sagði. Einungis skal jeg taka það fram, að þótt margir hafi látið fyrirfarast að fá merkjagöngur og útkljá landaþrætur, þá hefur kannske enginn haft eins mikla ástæðu eða hvöt til þess að útkljá landaþrætu eins og dómkirkjuprestúrinn hefur haft Breiðholts vegna. Og þótt ábúandinn í Breiðholti tapi mestu við að missa veiðirjettinn, og hann hafi einn gagn af veiðinni, þá er það þó skylda landeigandans, eða umboðsmanns landsins, að styðja ábúandann, til þess að ná rjetti sínum, einkum þegar umboðsmaðurinn er hálærður maður, en ábúandinn ekki meira en meðalmaður að viti eða naumlega það.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg efast ekki um, að dómkirkjuprestúrinn muni gera

allt sitt til að vernda rjett kirkjujarðarinnar Breiðholts, eða ábúanda hennar; en viðvíkjandi því, sem h. h. flm. (A. Ó.) tók fram í hinni fyrri ræðu sinni, þá gat jeg ekki annað en furðað mig á því, þegar hann vildi leiða það út af 45. gr. stj.-skrárinnar, að hið opinbera ætti að skipta sjer af kirkjujörðum og kirkjum; það gladdi mig þó að heyra, að hann játaði, að kirkjan kæmi hinu opinbera við. En jeg get ekki leitt út af 45. gr. stj.skrárinnar, að þetta mál komi hinu opinbera við, því að þar er einungis verið að tala um, að vernda lútherska trú, og þá sem eru þeirrar trúar, en jeg held að hvorki veiðin eða Breiðholt sjeu lútherskrar trúar.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Það mun vera rjett, er h. h. 1. þm. GK. (Þór. Böðv.) segir, að hvorki veiðin nje Breiðholt sjeu lútherskrar trúar; en jeg veit, að enginn muni verða fljótari til, en 1. þm. GK., að játa, að með orðinu „kirkja" í 45. gr. stj.skrárinnar sje ekki meint trúin í brjóstum manna, allra sízt eingöngu, heldur öllu heldur skipulag kirkjunnar, ekki einungis hið andlega, sem heyrir kirkjunni til, heldur einnig hið líkamlega, svo sem hús og jarðir. Málið heyrir því fullkomlega undir 45. gr. stj.skrárinnar, því að hið opinbera á ekki einungis að styðja kirkjuna í andlegum efnum, heldur einnig í líkamlegum efnum bæði með því að sjá embættismönnum kirkjunnar fyrir launum og með því að vernda eignir hennar og rjettindi, heldur en að styrkja hana í andlegum efnum, sem sje, að glæða trúarlíf í brjóstum manna. En eitt vildi jeg fá að vita hjá h. h. 1. þm. GK. (Þór. Böðv.), hvort honum sje kunnugt um, að dómkirkjupresturinn hafi gjört nokkuð í þessu efni og komið sjer nokkuð saman við kaupmann Thomsen áður en hann fór hjer úr landi í sumar. Jeg vildi gjarnan fá að vita, hvort dómkirkjupresturinn hefur ekki beðið þm. að koma fram með innlegg í málinu viðvíkjandi umtali hans við kaupmanninn, áður en hann fór hjeðan.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætti að vera kunnugur þessu máli, því jeg fjekk þá æru að vera með í áreiðinni, sem Jón sál. ritari gjörði árið 1880, hinn 15. og 16. des., og upplýstist það með fullum rökum, að Breiðholt ætti land ekki einungis að suðuránni, heldur og líka ána fyrir sínu landi, frá Blesugróf upp að Skorarhyl og svo áfram; þar á ofan eru og miklar líkur til, að Breiðholt eigi spildu af hólmunum fyrir ofan Blesugróf, upp fyrir Skorarhyl, því það virðist jafn ósanngjarnt, að Ártún eigi norðurána, hólmana og suðurána alla móts við sitt land á þuru landi að norðan, eins og ef Breiðholt heimtaði að eiga alla suðurána, hólmana og norðurána móts við sett land að sunnan. Það er og alveg rjett sem flm. sagði, að það er naumast $^1/_3$ af landinu upp að Skorarhyl, en að öðru leyti álít jeg, að þetta mál sje ekki beinlínis þingmál nú eins og það liggur fyrir, því að jeg álít, að forráðamaður jarðarinnar eða dómkirkjupresturinn ætti fyrst að taka málið fyrir, og fá það útkljáð með sætt eða þá merkjadómi, og jeg efast heldur ekki um, að hann geri það, því mjer er það kunnugt, að hann er skyldurækinn maður, og mun því ekki neitt láta undan kallinu ganga, heldur gjöra allt það í hans valdi stendur, að gæta rjettar tjeðrar kirkjujarðar, og sama er að segja um stiptsyfirvöldin og lh., að jeg efa það ekki, að þeir herrar geri sína skyldu í þessu efni og það því fremur sem málinu hefur hjer verið hreyft á þinginu.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal geta þess, að till. þessi til þingsályktunar er eigi fram komin einungis vegna Breiðholts, heldur og vegna Hólms, sem er þjóðjörð. Jeg skal enn fremur geta þess, að hjer er of lint til orða tekið í II. tl. þingsályktunar, þar sem sagt er, að veiðirjettur þjóðjarðarinnar Hólms sje rýrður *óbeinlínis*. Þetta er hið allraveikasta orðatiltæki, sem hafa má. Engum hefur dottið í hug, að Thomsen kaupmaður ætti veiði fyrir ofan Skorarhyl; þótt maður nú gæfi það eptir, að veiðitakmörk Thomsens nái svo langt upp, sem jeg nú engan veginn gjöri, þá er það þó ljóst, að sá lax, sem kemst upp fyrir Skorarhyl, hann getur bæði komizt yfir í hina eystri ána eptir kvíslinni, sem kemur þar úr eystri ánni og fellur í vestari ána, og eins getur laxinn gengið alla leið upp eptir vesturánni. Þvergirðing í vesturánni spillir þannig veiðinni í báðum ánum, þá upp eptir kemur, með því að laxinn hlýtur að ganga upp eptir báðum þeim kvíslum, er falla úr eystri ánni í vesturána. Þess

vegna skerðist meira eða minna veiðin, sem tilheyrir Hólmslandi.

Jón Ólafsson: Mjer heyrðist h. h. 1. þm. Á. (Þ. G.) hreyfa efa um, að mál þetta væri þingmál. En á því getur enginn vafi verið, því að hjer er spurningin að fram fylgja almennum friðunarlögum. Það mætti nú segja, að þetta heyrði umboðsvaldinu til; en vjer höfum nú sorglega reynslu fyrir því, að örðugt er að fá einmitt þessum lögum fram fylgt. Þingið hefur áður orðið að skerast í leikinn, og leggja þessa spurningu undir dómstólana, hvort lögin frá 11. maí 1876 væru friðunarlög, og því finnst mjer, að þingið ætti að halda málinu til streytu og hætta ekki fyr en yfir lýkur.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg ætla að eins að bæta því við, að eptir afsalsbrjefi frá 11. des. 1853 til föður h. virðulega núlifandi Thomsens, þá er mjög líklegt, að Thomsen hafi einungis veiðirjett í austuránni, því að í afsalsbrjefinu stendur, að Thomsen sje seld laxveiðin í Elliðaánni frá hinum stóra fossi við bæinn Árbæ, sem kallast Stórihylur, og allt út fyrir ármynnið í sjónum millum Árbæjarhöfða og Gelgjutanga. Hjer stendur *ánni*, en eigi ánum. Enn fremur sjá menn, að örnefnin öll eru austan megin, og allt er miðað við það sem er að austan, fyrst Árbæ og síðan Árbæjarhöfða, og síðastur er talinn Gelgjutangi. Þetta kemur og alveg heim við hinn forna máldaga. svo að allt verður til þess að sanna mitt mál. Þar að auki vill svo vel til, að menn hafa dóm um rjett Kleppslands, fyrst yfirrjettardóm frá 27. apr. 1863, er staðfestur var með hæstarjettardómi 10. apríl 1867, og í þeim dómi er Kleppslandi tildæmd veiði fyrir sínu landi eptir rjettri veiðiaðferð. Vjer höfum hjer því 2 afsalsbrjef, og því getur eigi verið spurning um, að Thomsen eigi veiði í vestri ánni nema sem landeigandi Bústaða.

ATKVGR.: Tillagan felld með 14 atkv. gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvgr.

Já sögðu:
Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Jakob Guðmundsson,
Jón Ólafsson.

Aðrir allir *nei*, nema Friðrik Stefánsson, Holger Clausen og Tryggvi Gunnarsson voru eigi viðstaddir.

Tillaga til þingsálykunar um að leigja sjerstaklega Arnarhólslóð í Reykjavík (C 365); ein umr.

ATKVGR.: Till. sþ. m. 12 atkv., og afgreidd til lh. sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Fyrirspurn frá 2. þm. Sm., Jóni Ólafssyni, til landshöfðingja, um skilyrði fyrir veitingu eptirlauna (C 365). Leitað leyfis að bera fyrirspurnina upp.

ATKVGR.: Leyfisins synjað með 11 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 6 nafngreindra þm.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson,	H. Kr. Friðriksson,
Arnljótur Ólafsson,	Egill Egilsson,
Benidikt Sveinsson,	Eiríkur Briem,
Gunnlaugur Briem,	Eiríkur Kuld,
Jakob Guðmundsson,	Grímur Thomsen,
Jón Ólafsson,	Lárus Blöndal,
Þorkell Bjarnason,	Ólafur Pálsson,
Þorl. Guðmundss.,	Tryggvi Gunnarsson,
Þorsteinn Jónsson.	Þórarinn Böðvarss.,
	Þórður Magnússon,
	Th. Thorsteinson.

Fimmtugasti og fimmti fundur, mánudag 20. ágústm. kl. 5—6½.

Allir á fundi, nema Arnljótur Ólafsson.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1880 og 1881 (C 378); 3. umr.

Framsögumaður (Gunnlaugur Briem): Það hafa svo litlar breytingar orðið á þessu frv., að jeg finn ekki þörf á að fara mörgum orðum um það. En jeg vil benda á prentvillu, sem slæðzt hefur inn í það úr stj.frv. Það er á 1. lið 3. gr. 30 aur. í st. f. 25 aur. og þar af leiðir, að samlagningin er skökk og eins upphæðin í 1. gr. Að öðru leyti er frv. eins og það var sþ. við 2. umr. og hef jeg því ekki neinu við það að bæta.

ATKVGR.: Frv. sþ. í e. h., og sent e. d.

Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1880 og 1881 (C 382); 3. umr.

Framsögumaður (Gunnlaugur Briem): Það hefur fengið svo góðar undirtektir nál. í þessu máli (C 349), að jeg hef einskis að minnast nema góðs í því tilliti. Það er að eins komin fram ein lítil breyting við frv., sem í rauninni er ekki neitt óeðlileg; því að svo hefði, ef til vill, mátt álíta, sem þessar 8 kr. væru tapaðar lsj. fyrir löngu síðan (C 383). Frá n. hálfu vil jeg því ekki gjöra þetta atriði að kappsmáli, þótt það sje skoðun n., að landsstjórnin eigi að annast um að ekkert tapist af eignum lsj., og má taka það til greina, að fyrir 20 árum síðan vantaði það eptirlit, sem nú er, og því er máske ekkert á móti því, að slá til heys og haga með þetta lítilræði og stryka þessar 8kr. út. Þar af leiðir, að þá fellur líka 6. tillagan í almennu tillögunum í burtu. Að öðru leyti vona jeg að tölurnar sjeu rjettar í þessu endurprentaða frv., svo ekki þurfi frekar að athuga um það.

ATKVGR.: Brt. 6 þm. (C 383) sþ. m. 15. atkv. Frv. þannig breytt sþ. í e. h., og sent e. d.

Tillaga til þingsályktunar viðvíkjandi landsreikningunum (C 356); 3. umr.

ATKVGR.: Brt. 6 þm., að 6. till. falli burt, sþ. með 17 atkv.

Tillögurnar að öðru leyti samþykktar í e. h., og sendar e. d.

Tillaga til þingsályktunar um fyrirkomulag á gufuskipaferðum umhverfis strendur landsins (C 359); síðari umr. (niðurlag).

Benidikt Sveinsson: Það hefur ekki komið enn úr prentsmiðjunni þetta bratkv., sem jeg ætlaði að koma með; en það var einungis fólgið í því, að bæta því við, að skipið kæmi við á Húsavík 30. sept. á leiðinni frá Rvík til Kaupmannahafnar. Mundi það ekki vera hægt, að það kæmist að, þó að formlegt bratkv. um það sje ekki framlagt?

Forseti: Nei, það er ekki hægt.

ATKVGR.: Brt. við ferðaáætlunina um Vestm.eyjar (C 382) sþ. í e. h.; brt. um Sauðárkrók (s. st.) sþ. í e. h.; fyrri brt. um Eskifjörð (C 381) sþ. í e. h.; síðari brt. um Eskifjörð (s. st.) sþ. með 18 atkv. Áætlunin (C 360) með þessum breytingum sþ. með 18 atkv. Tillögurnar (C 359) sþ. m. 19 atkv. Sent hvorttveggja e. d.

Frumvarp til laga um stofnun landsbanka á Íslandi (C 379); 3. umr.

Framsögumaður (Grímur Thomsen): Jeg sje reyndar, að hinn h. minni hluti, ef hann er til enn, þar sem frv. hans er fallið, hann er ekki við staddur. Frv. minni hlutans er fallið og hjer liggur því ekki annað fyrir en frv. meiri hlutans óbreytt eins og það var í fyrstu. En af því að umræðurnar voru áður mest um frv. minni hlutans, því verð jeg með fám orðum að leyfa mjer að minnast á kosti veðbankans. Jeg skal fara stutt yfir og ekki orðlengja meir en þörf er á.

Jeg skal þá *fyrst* benda á, að það hefur í reyndinni sýnt sig, að seðlabankar hafa ekki einungis *orðið gjaldþrota*, heldur er einnig mjög hætt við að þeir *verði gjaldþrota*, nema því betur sje búið um hnútana. En mjer er ekki kunnugt, að það hafi nokkurn tíma komið fyrir, að veðbanki hafi orðið gjaldþrota, og það af þeirri orsök, að veðbankinn hefur aldrei meiri bankaskuldabrjef í veltu en tryggging er fyrir í veðskuldabrjefum einstakra manna og stofnana. Og hjer er til tekið, að bankinn skuli eiga $^1/_{10}$ meira í veðskuldabrjefum einstakra manna, en hann megi nokkurn tíma hafa í veltu. Ef því stjórn bankans er áreiðanleg og eptirlitið áreiðanlegt, þá *getur bankinn ekki* orðið gjaldþrota; sú hætta er ekki til.

Í *öðru lagi*: með því að reynslan hefur annarstaðar sýnt, að skuldabrjef veðbanka, þar sem þeir eru stofnaðir með líku fyrirkomulagi og stj. fór fram á á síðasta þingi og meiri hluti n. fer fram á nú á þessu þingi, standa opt „al pari“, og yfir pari— eða yfir ákvæðisverð sitt— eins og sjá má að sum *veðmála*-bankabrjef í Danmörku standa nú *3. ágúst 1883* í 106 og 107 kr., þá verður sjálfsagt— eins og mun hafa verið tilætlun stj. 1881 — eigum vlsj. varið til þess að kaupa bankaskuldabrjef. Þó að fje vlsj. sje varið þannig, getur hann undir eins og gagn-

leg fyrirtæki þyrftu styrks við, selt aptur bankaskuldabrjefin, og þá hefur vlsj. fengið aptur peninga milli handa.

Því næst er fje ómyndugra; því má verja til þess að kaupa bankaskuldabrjef. Það er talsvert fje. Árið 1860 nam ómyndugra fje, sem ávaxtað var í jarðabókarsjóði, 264,000 kr., og nú mun það þó vera talsvert meira. Eins og það er leyfilegt fyrir veðbankann að fá fje ómyndugra til að ávaxta það, eins verður það og skylda svaramanna ómyndugra að verja því á þennan hátt, því að þeir eiga að sitja við þann eldinn, sem bezt brennur.

Þannið sjá allir að veðbankinn fær meira gull og silfur en ella og verður fær um að greiða lánin að miklu leyti í peningum. Það mundi geta svo farið, sem þó er ekki vanalegt um slíka banka, að hver, sem kæmi til veðbankans með gott og gilt veð, fengi lánið útborgað ekki í bankaskuldabrjefum, heldur í gulli og silfri.

Því næst var það ætlun meiri hlutans, að veðbankinn ætti að gjöra mönnum hægra fyrir að auka sjálfseign. Það er auðsætt, að hver sem vill og á ekki þá jörð, sem hann býr á, en á þó aðra jörð, hann þarf ekki annað en setja þá jörð í veð hjá bankanum og kaupa síðan ábýlisjörð sína. Við það eykst sjálfseignin, eins og tekið var fram í umræðunum um þetta mál á síðasta þingi.

Svo er eitt enn, að mjer vex í augum þessi burtför til Vesturheims, sem fer dagvaxandi; og hvers vegna fara svo margir þangað? Þessir hópar flýja af landi burt sökum peningaeklunnar og sökum þess, að þeir eiga ekki kost á að fá fje til jarðabóta. Það er ekki svo lítið, sem tínist burt árlega. Nú er reiknað, að það sje um 4000 manna, sem farið hafi alls af landi burt, og þegar fargjaldið er talið 300 kr. fyrir hvern mann, þá hafa þessir brottfarendur flutt með sjer út úr landinu *1,200,000 krónur* í gulli og silfri, og er þó ótalið það, sem margir af þeim kunna að hafa átt í afgangi og flutt með sjer auk fargjaldsins. Og hví hafa þeir þá farið? Sökum erfiðleika á að fá fje í hendur til þess að bæta jarðir sínar og bústofn og til annara þarflegra fyrirtækja. Jeg leyfi mjer að segja, að ef þvílíkur banki sem þessi væri kominn á fót, þá mundu vesturferðirnar minnka. Það er allt svo enn einn kostur.

Enn fremur skal þess getið, að það er ekki ósjaldan hjer sunnanlands, að auglýsingar sjást um það í blöðunum, að óðul bænda eru boðin fram til sölu vegna kaupstaðarskulda. En það er augljóst, að ef þessir sömu skuldugu menn færu til veðbankans og fengju hjá honum lán upp á 28 ár, gegn veði í óðulum sínum, þá mundi ekki þetta sorglega tilfelli koma fyrir, að kaupmenn nái að selja jarðir þeirra.

Sumir hafa komið fram með þá mótbáru, sjerstaklega nú við 2. umr., að þessi veðbankabrjef færi út úr landinu. Þetta er ekki ókostur, því að það sýnir einmitt eptirsóknina eptir þeim jafnvel fyrir utan takmörk landsins. Við það mundu þau stíga í verði, og það þarf ekki að þykja skaði að því. Ekki þykir Dönum neitt að því, að kgl. skuldabrjef eru keypt fyrir utan Danmörku. En það þarf alls eigi að óttast, að bankskuldabrjefin fari svo mikið út úr landinu, því að lsj. geymir þó þau, sem hann kaupir, og tekur af þeim sína rentu, eins og hann gjörir nú af innskriptarskýrteinum sínum og konunglegum skuldabrjefum. Enn fremur verða og þau bankskuldabrjef kyr í landinu, sem keypt eru fyrir ómyndugra fje. Það er óhætt að segja, að allt að miljón verði kyrrt í landinu. En meiri hlutinn hefur alls ekki lagt áherzlu á þetta atriði, vegna þess að hann er svo fjarri því, að álíta það skaða, heldur miklu fremur ábata, að bankskuldabrjefin dreifðust sem víðast og væru sem mest eptirsótt.

Eins og sjá má af frv., og einnig af brt. frá meiri hluta n., þá á veðlánabankinn að byrja með svo lítilli upphæð, sem unnt er, það er að segja með 300,000 kr., þannig að lsj. eigi af því fje 200,000 til 250,000 kr., en einstakir menn 50,000 til 100,000 kr., eða þá, verði brt. samþykkt, að lsj. eigi 250,000 kr., en einstakir menn ekki nema 50,000 kr. Þetta er gjört til þess að koma sem mest til móts við hinn h. minni hluta, 1. þm. Ef. (A. Ó.), sem því miður er ekki viðstaddur á þessum fundi. Jeg get í þessu efni vitnað til orða hans á þingi í hitt eð fyrra, þegar rætt var um lánsfjelagið, þau standa á 717 bls. í alþt. 1881. Hann segir þar: „Jeg get heldur ekki sjeð

því fjelagið má eigi heita stofnað, nema í það sjeu komnar 500,000 kr.“. Og seinna í ræðunni kemst hann svo að orði: „Okkur nægja 300,000 kr. til að byrja með“. Jeg vona því, ef þm. (A. Ó.) kemur, þá muni hann verða n. samdóma í þessu atriði. En meiri hlutinn telur það sjálfsagt, að þessi upphæð verði einungis í fyrstunni svona lág. Allar jarðeignir landsins eru 86,000 hndr., þar af eru 62,000 hndr. eign einstakra manna, 8,400 hndr. þjóðeign og 16,000 hndr. eign kirkna og stofnana, og þarf því eigi að óttast að veðið vanti. Þegar hvert jarðarhundrað er metið á 100 kr., þá nemur öll jarðeign í landinu 8,600,000 kr., og við bætist svo húsaeign, sem talin er 880000 kr. virði. Nú lánar bankinn móti $^3/_5$ af gangverði jarða, en $^1/_2$ af gangverði húsa, og þá er til veð í landinu hátt á 6. miljón króna, og þegar vjer nú athugum, að menn á þessum tímum hafa þráfaldlega bezta veð að bjóða, en geta þó ekki fengið fje til láns, þá getur varla hjá því farið að svo mikil aðsókn verði til bankans að fá lán, en það er aptur skilyrðið fyrir því að hann geti fjölgað bankskuldabrjefum sínum, — að miklu meira fje verði í veltunni í bankanum en þessar 300,000 kr.; jeg fyrir mitt leyti þori að segja, að það verði yfir miljón króna í veltunni.

Það er leiðinlegt að forvígismenn seðlabankans eru hjer ekki viðstaddir. Jeg sakna einkum hins 2. þm. Sm. (J. Ó.). Hann hefur bæði á þingi 1881 og nú í sumar minnzt á bændabankana (farmers banks) í Ameríku. Hann sagði um þá í hittið fyrra, að þeir væru stofnaðir og grundaðir á jarðarveðum. Þessu hagar eigi svo til. Jeg hef kynnt mjer það, og þegar jeg skýri frá því, þá getur hver peningafróður maður skilið, hvernig þessum bændabönkum er varið. Þeir eru stofnaðir á þann hátt, að tilteknir virðingarmenn meta hve mikið vörumagn hver jörð geti gefið af sjer, en ekki jarðirnar sjálfa. Þegar þessi virðingargjörð hefur farið fram, skrifar bóndinn víxil upp á þann kaupmann sem hann verzlar við, til þess að fá fyrir fram, áður en hann selur vöru sína, helming þess verðs, sem afraksturinn af jörð hans er matinn, og þegar kaupmaðurinn síðan hefur tekið víxilinn gildan og góðan, eða accepterað hann, þá borgar bankinn bóndanum þennan helming verðsins, sem vörumagn hans er áætlað að muni verða. Þannig er bújörðin alls ekki höfð að veði, heldur afrakstur hennar. Það er meira að segja svo langt frá því að skýrsla þm. sje rjett, að það er bannað í lögum Ameríkumanna að seðlabankar megi lána nokkurn eyri út á fasteignarveð. Annars eru þessir bændabankar í Ameríku alls ekki eptirbreytnisverðir, því að árið 1881 urðu 15 af þeim gjaldþrota, en slíkt veit jeg að hinn h. 2. þm. Sm. ekki vildi láta henda seðlabanka á Íslandi.

Eins og allir vita og líka var tekið fram á þinginu í hittið fyrra, þá er það margt í statútum veðlánabanka, sem ekki verður komið að í lögum. Jeg legg sjerlega áherzlu á það, að í statútum þessa banka yrði sjálfsagt eins og í statútum annara banka, t. d. hýpothekbankanna í Danmörku, sú ákvörðun, að bankinn útborgi lánin annaðhvort alla upphæðina eða nokkuð af henni, í beinhörðu gulli og silfri gegn nokkurri þóknun (Provision), sem vera mundi eitthvað um $2^0/_0$.

Þar sem þessi banki verður í nánu sambandi við lsj. getur ekki hjá því farið, að landsstjórnin selur bankanum í hendur, gegn skuldabrjefum frá honum, alla þá peninga, sem hún má án vera af daglegu eyðslufje landsins, og þannig verður peningaforði landsins eptirleiðis arðberandi, svo að eigi þarf lengur að kvarta yfir því, að hann liggi vaxtalaus. Hinn fyrv. lh. tók þennan kost veðlánabankans sjerstaklega fram á þinginu 1881. Danmörk fær þannig stöðuga rentu af sínu fyrirliggjandi eyðslufje, sem þjóðbankinn geymir og ávaxtar, og þar nemur rentan af því fje allt að miljón á ári.

Loksins skal jeg gefa stutt yfirlit yfir veltu þá sem búast mætti við að yrði í bankanum. Fyrst og fremst kaupir lsj. bankskuldabrjef fyrir 250,000 kr., því næst verður fje ómyndugra selt fyrir skuldabrjef bankans og nam það 1860 264,000 kr., en nú má sjálfsagt ætla að það sje töluvert meira, og að endingu kemur til bankans fje auðmanna hjer á landi, sem nú er varið til að kaupa fyrir konungleg skuldabrjef, en sem eigendurnir vildu heldur koma fyrir í veðlánabankanum þegar hann byði betri kjör, og jafngóða trygging. Þetta fje er eptir

skýrslu landfógetans upp og ofan 500,000 kr. Leggi jeg þetta saman, þá er það full miljón króna (1,014,000), og svo mikið fje kæmi von bráðar í bankann, innan 2—3 ára, frá því er hann væri stofnaður, og get jeg enn í þessu efni borið fyrir mig hinn fyrv. lh., sem ekki var vondaufari en jeg um að svo mundi fara.

Jeg skal drepa á brt., sem hjer liggja fyrir. Meiri hluti n. hefur komið fram með 3 brt., 2 af þeim, 1. brt. við 2. gr. 4. lið, og 2. brt. við 4. gr. a. (C 397) eru þess efnis, að hlutareign lsj. í bankanum færist upp úr 200,000 kr. í 250,000, en hlutaeign einstakra manna niður úr 100,000 kr. í 50,000. Þessar brt. frá meiri hlutanum er eingöngu framkomnar af tilslökunarsemi, vegna þess, að sumir óttuðust, að þetta skilyrði í 4. gr. a., að einstakir menn gerðust hlutareigendur í bankanum fyrir 100,000 kr., kynni að tefja og tálma stofnun bankans. Meiri hlutinn er sannfærður um, að þess gjörist eigi þörf, að færa þessa upphæð niður um helming, vegna þess, að miklu meira fje verður hiklaust boðið fram af hendi einstakra manna; en meiri hlutinn vill gjarnan láta það eptir þeim, sem er það ljúfara, að tiltaka hina minni upphæð. Þriðja brt. frá meiri hluta n. er sú, að orðin „með samþykki stjórnarinnar" falli burtu úr 5. gr. (C 397). Þessi brt. er líka fram komin til þess, að slaka til við suma h. þm., enda játar meiri hlutinn, að þeirra orða þarf eigi með, því að 5. gr. er eins lögð undir samþykki stjórnarinnar og allt frv. í heild sinni. Þessi br. getur því eigi hindrað staðfestingu laganna.

Loksins er brt. frá 6 h. þm., að stj. sje heimilt, þegar ástæður leyfa, að samþykkja, að bankinn stofni sjerstaka seðladeild (C 398). Bæði er það, að tryggingin í þessari nýju ákvörðun er miklu traustari en í frv. minni hlutans, og svo er formið á þessari brt. svo milt, og, í góðum skilningi, svo diplómatískt, að n. getur eigi sjeð, að neitt sje því til fyrirstöðu, að hún gangi inn á brt. og gefi henni atkv. sitt. Stj. getur heldur ekki haft neitt á móti því, að samþykkja frv. með þessari nýju gr., því að gr. er þannig orðuð, að stj. hefur í hendi sinni, hvort hún vill samþykkja þessa sjerstöku seðladeild, þegar að því kemur, að ástæða virðist til að stofna hana.

Jeg skal eigi orðlengja meira um þetta mál, sjerstaklega þegar jeg sje, að hinum h. mótstöðumönnum hefur eigi þóknazt að vera til staðar.

Þorsteinn Thorsteinson: Jeg þakka hinum h. frsm. (Gr. Th.) fyrir hans góðu undirtektir undir brt., og jeg vona, að þær fái sömu góðu viðtökur hjá hinni h. d. Jeg veit að vísu, að brt. ganga ekki eins langt og sumir kunna að óska, en við, sem að brt. stóðum, vildum að stofnun þessi yrði eins tryggileg og mögulegt væri. Hinn h. frsm. (Gr. Th.) hefur og sýnt fram á, að tryggingin er nægileg og að öllu muni óhætt. Einnig er annað, sem við vildum taka tillit til. Við óttumst að sönnu ekki eins mikið og hinn h. frsm., að national-bankinn hafi einkarjett til hjer á landi að gefa út seðla. En til að vera viss um, að hjá stjórninni ekki geti verið nein átylla í þessa átt, hvar fyrir frv. yrði synjað um staðfestingu, þótti okkur rjettara, að seðlastofnunin kæmi í þessu formi, að stjórninni veitist heimild til, þegar kringumstæður leyfa, að samþykkja, að bankinn stofni sjerstaka deild til að gefa út seðla. Við vorum þess fullvissir, að allir vilja koma bankastofnun á fót það fyrsta unnt er, og vildum ekki tefja fyrir því, að hann kæmist á fót; það er líka betra að byrja í smáum stíl en of stórum og færa sig svo smátt og smátt upp á við, einkum þegar ómögulegt er að byrjunin geti verið stór. Jeg vil enn fremur geta þess, að það hefði verið æskilegt, að brt. hefði verið gjörð við 2. gr. 5 í þá átt, að tollheimtumenn væru skyldir að taka í opinber gjöld einnig þá seðla, sem bankinn gæfi út. Að þetta ekki var gjört, kom af athugaleysi; en þetta hefur ekki neina verulega þýðingu, þar eð það flýtur af sjálfu sjer, að sýslumönnum lærist að taka þessa seðla þegar þeir vita, að þeir eru gjaldgengir, og ekki þarf að óttast fyrir, að þeir ekki gangi upp í opinber gjöld úr því skipta má seðlunum hjá bankanum í Reykjavík. Jeg vil enn fremur benda á, að það hefði máske verið æskilegra, ef 6. gr. hefði verið orðuð nokkuð greinilegar, þannig, að stj. væri heimilt, þegar stj. bankans færi fram á það, að samþykkja seðlaútgáfuna. En það er eins

með þetta. Það hefur ekki verulega þýðingu. Seðlana má eins fyrir það gefa út þegar þess þykir þörf; svo hjer er ekkert í hættunni, heldur er einungis um það að ræða, hvað betur fer.

Þegar hjer var komið umræðunum, voru eigi svo margir þingmenn í salnum að fundarfært væri. Forseti lýsti umræðunni lokið með því að enginn óskaði fremur að taka til máls. Ýmsir þingmenn voru frammi í lestrarsalnum og neituðu þeir að koma inn. Auk Þórarins Böðvarssonar, er var fjarveranni með leyfi forseta, voru þessir þingmenn ekki inni í þingsalnum:

Arnljótur Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,
Egill Egilsson,
Friðrik Stefánsson,
Jakob Guðmundsson,
Jón Ólafsson,
Þórður Magnússon.

Forseti frestaði því atkvæðagreiðslunni til næsta fundar.

Fimmtugasti og sjötti fundur, þriðjudaginn 21. ág. kl. 12—2. Allir á fundi.

Frv. til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje (frá e. d., C 379); 1. umr.

Eiríkur Kúld: Af því hjer er farið fram á ívilnun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, vil jeg lýsa því yfir, að jeg skal vera málinu hlynntur og jeg ímynda mjer að fleiri en jeg gefi atkvæði sitt með því. Og jeg skal bæta því við, að jeg því fremur vil hallast að þessari ívilnun, sem jeg helzt hefði óskað að báðir þessir skattar og sjerstaklega ábúðarskatturinn, hefðu verið algjörlega afnumdir. Jeg ímynda mjer að málið þurfi ekki langrar umræðu við og að hin h. d. vísi því eins og það nú liggur fyrir til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Frumvarp til laga um breyting á l. 15. okt. 1875 um laun ísl. embættismanna (C 364); ein umr.

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Af því hjer liggja fyrir nokkrar breytingar frá n. (C 398), þarf jeg að mæla fáein orð. N. hefur ráðið til að færa laun háyfirdómarans niður úr því, sem e. d. ákvað, nefnil. úr 5500 kr. niður í 5000 kr., og það af sömu ástæðu sem til var færð við umræðu máls þessa um daginn; svo ræður n. á sama hátt til, að færa laun hins dómarans niður úr 4000 kr. í 3500 kr. E. d. vildi hafa laun landfógetans 4000 kr. N. áleit 3500 kr. nóg. E. d. hækkaði laun kennarans við prestaskólann og á það hefur n. fallizt af því það er æðri kennslustofnun. Hins vegar fann n. ekki ástæðu til að fallast á hækkun á launum fyrstu kennaranna við lærða skólann. Þannig hefur n. ekki ráðið til annara breytinga frá því sem frv. var er það fór hjeðan til e. d. en í launum kennarans við prestaskólann; svo skal jeg einnig geta þess að e. d. færði laun biskupsins niður í 5500 kr., og treysti n. sjer ekki til að hafa móti því, þótt hún að vísu álíti 6000 kr. hæfilegt. Vona jeg svo að hin h. d. fallizt á frv. með þeim br. sem n. ræður til, því þá er málið nálega óbreytt frá því, sem það var er það var samþykkt hjer við 3. umr.; nefndinni þótti líklegt að h. h. *deild hefði* ekki breytt skoðun sinni, og að henni væri ljúfast að samþykkja málið sem líkast því er hún sendi það frá sjer til e. d.

ATKVGR.: Fyrsta brt. n. (C 398) samþykkt með 15 atkv.; 2. brt. n. sþ. með 14 atkv.; 3. brt. n. (að seinni liður 4. gr. falli burt) samþykkt með 12 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakall, sakir óglöggrar atkvgr:

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson.	Halldór Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.	Arnljótur Ólafsson.
Eiríkur Kúld.	Egill Egilsson.
Friðrik Stefánsson.	Eiríkur Briem.
Holger Clausen.	Grímur Thomsen.
Jakob Guðmundss.	Gunnlaugur Briem.
Lárus Blöndal.	Jón Ólafsson.
Tryggvi Gunnarss.	Ólafur Pálsson.
Þórður Magnússon.	Þórarinn Böðvarsson.

Þorkell Bjarnason. Þorsteinn Thorsteins.
Þorlákur Guðmundss.
Þorsteinn Jónsson.

Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum (C 414) sþ. með 12 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 6 nafngreindra þm.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson.	Halldór Friðriksson.
Benidikt Sveinsson.	Arnljótur Ólafsson.
Eiríkur Briem.	Egill Egilsson.
Friðrik Stefánsson.	Eiríkur Kúld.
Gunnlaugur Briem.	Grímur Thomsen.
Holger Clausen.	Lárus Blöndal.
Jakob Guðmundss.	Ólafur Pálsson.
Tryggvi Gunnarss.	Þórarinn Böðvarsson.
Þórður Magnússon.	Þorsteinn Thorsteins.
Þorkell Bjarnason.	
Þorlákur Guðmundss.	
Þorsteinn Jónsson.	

Jón Ólafsson var eigi viðstaddur.

Málið síðan endursent efri deild.

Frumvarp til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða (C 358); ein umr.

Arnljótur Ólafsson: Það er nokkuð undarlegt það lofsorð, sem meiri hluti n. hefur lokið á aðgjörðir e. d., þegar litið er til þess, að meiri hluti n. eða þó einkum hinn h. frsm. (Fr. St.) lagði áherzlu á fjórðungaráðin (nefndarálit C 400). Frsm. hafði þá skoðun, þegar málið var hjer fyrir n. d., að þótt einhver galli vera kynni á þessu dánarbúi amtmannanna, ynnist það alltsaman upp með auknu valdi fjórðungsráðanna. En þegar gáð er að frv. þessu, les maður strax í 2. gr. „að fjórðungsráðin hafi allan hinn *sama* starfa á hendi sem amtsráðin hafa haft". Hjer stendur ekki, að fjórðungsráðin hafi annan eða meiri starfa. Nei. Munurinn er einungis sá, að í stað þriggja manna í hverju af þrem amtsráðunum koma 22 menn samtals í öllum fjórðungsráðunum, að fjórðungshöfðingjunum meðtöldum. Það er þá að eins að fleiri menn sitja í fjórðungsráðunum, en jeg sje ekki hvert gagn er í aukinni tölu, þegar valdsumdæmið er ekki aukið. Eptir því sem mjer er kunnugt um mál, sem koma fyrir amtsráðin, álít jeg nægilegt að í þeim sitji 2 menn auk amtmannsins. Hitt er eintómur kostnaðarauki og ómak. En væru nú valdsumdæmi amtsráðanna aukin t. a. m. með sveitarstjórnarmálum og öðru þess konar, þá álít jeg æskilegt að talan væri aukin og fulltrúi væri úr hverri sýslu. Þetta held jeg hafi vakað fyrir meiri hlutanum; en nú er tekið fyrir það.

Þá er annað aðalatriði í þessu máli, sem sje skipting þeirra mála, sem hverfa undan amtmönnunum og skiptast eiga milli lh. og sýslumanna. Hvernig hugsaði meiri hlutinn sjer þessa skiptingu? Það er nauðsynlegt, að gjöra sjer grein fyrir þessari skiptingu, fyrir því, hver mál það sjeu, sem amtmennirnir hafa nú með höndum, hver af þeim geti horfið til sýslumanna, og hver af þeim hljóti að hverfa til landshöfðingja. Jeg tók stuttlega fram við fyrri umræðu þessa máls, að amtmannaembættin hefðu tvenns konar þýðingu, fyrst sem milliliður milli landsstjórnarinnar og hinna lægra settu embættismanna; að amtmennirnir söfnuðu skýrslum og gæfu álit sitt um ýms mikilsvarðandi mál. Jeg tók einnig fram, að það væri enginn galli á þýðingu amtmannsembættisins, þótt amtmenn hefðu ekki fullnaðarúrskurð í hverju máli. Það er að minnsta kosti ekki fremur galli á umboðsvaldinu, að það ekki getur ráðið fullnaðarúrslitum, en á dómsvaldinu. Hvorki er hjeraðsdómur nje yfirrjettardómur fullnaðardómar. Hjeraðsrjettardóminum er skotið til yfirrjettar og yfirrjettardómi til hæstarjettar. Og ekki rýrir það gildi yfirrjettardóms, að hann ekki er fullnaðardómur nema í stöku málum, sem þó ávallt má kaupa til hæstarrjettar, ef *summa appellabilis* er ekki til staðar. Jeg gat þess og, að trygging fyrir góðri stjórn væri nú eptir sameiginlegu áliti stjórnfróðra manna álitin að vera fólgin í því, að málin gengju gegnum marga hreinsunarelda. Þetta er álitið nauðsynlegt í dómsmálum; þar eru tröppustig: hjeraðsrjettur, yfirrjettur og hæstirjettur. Sama hefur og átt sjer stað í valdstjórnarmálum. Þar eru einnig tröppustig: sýslumenn, amtmenn og landstjórnin sjálf, landshöfðingi og ráðgjafi og svo loks konungur. Áður í fornöld átti tryggingin að vera fólgin í fjölda dómanda, nú í tröppustigum (Instantsfölgen). Nú vil jeg

leyfa mjer þá athugasemd, sem jeg og enn gat um við fyrri umræðu málsins, að ef vjer tökum af amtmannaembættin og látum mörg af málum þeim, sem undir þá hafa legið, hverfa til landshöfðingjans, og ef engin slík breyting verður annarstaðar í ríkinu, liggur beinast við að álíta, að landshöfðinginn sje gjörður að amtmanni; valdsliðnum er kippt burt og hann við það færður niður. Nú þegar d. er búin að samþykkja endurbætta stjórnarskrá, sem segir að enginn milliliður sje milli konungs og landshöfðingja nema þessi skrifari, þá sjá menn hvílíkt verksvið landshöfðinginn hefur. Hann er æðsti ráðgjafi, æðsti valdsmaður og hefur allt framkvæmdarvald allt frá konungi og niður til sýslumanna. Þetta getur ekki átt sjer stað í parti ríkisins, þegar allt annarstaðar er óhaggað.

Af því hvorki frsm. nje aðrir þm. skýrðu við fyrri umræðu þessa máls, hver væru hin helztu mál, sem amtmenn hefðu með höndum, vil jeg drepa á nokkur þeirra til að skýra málið fyrir hinni h. d. Fyrst og fremst hafa amtmenn eptirlit og umsjá yfir öllum valdsmönnum, sem þeir eru skipaðir yfir. Þeir hafa skoðunarferðir til að líta eptir embættisrekstri og embættisbókum; þeir taka á móti reikningum og skýrslum t. a. m. um skipti, dómgæzlu og lögreglumál; þeir skipa setudómara, staðfesta umboðsmenn sýslumanna, veita embættismönnum ferðaleyfi og sjá um, að embættunum sje forsvaranlega þjónað og það ekki einungis embættum sýslumanna, heldur einnig lækna og annara veraldlegra embættismanna. Þeir eiga að sjá um, að dómgæzla og lögregla fari vel fram að því leyti þeir ná til. Þeir skipa hreppstjóra. Ætti nú lh. að gjöra allt þetta, ætti hann enn fremur að skipa sáttanefndir, ef á liggur? Því það gjöra einnig amtmenn. Menn vita að líkindum, að amtmenn enn fremur skipa málfærslumenn í gjafsóknarmálum og sjá um, að þau geti gengið sinn gang. Eins hafa þeir mikil afskipti af sakamálum og opinberum lögreglumálum, bæði að því er sektir snertir, áfrýjan til yfirdóms og fl.

Þótt ekki væri nú lengra farið finnst mjer, að það yrði mjög erfitt fyrir lh., að gjöra þetta allt. Sumt kynni að vísu að mega fá sýslumönnum í hendur; en að öllum þeim ólöstuðum, mundi þó ekki mega fá þeim í hendur eptirlitið með sjálfum þeim. Það yrði lh. að hafa; því varla mundi þó henta að sleppa þeim alveg eptirlitslausum.

Jeg nefni svo í öðru lagi sveitamál. Amtmenn hafa einir úrslit um mörg sveitamál, sem ekki koma til amtsráðanna, svo er t. d. um lögferjur, sem ekki koma amtsráðum við, svo og fjallvegi, sem fremur heyra undir amtmenn en amtsráð. Sama er að segja um afrjetti og fjallskil. Enn eru ýmsir sjóðir. Jafnaðar- og búnaðarsjóðir heyra undir amtsráð; það er satt. En það eru margir aðrir sjóðir, sem heyra undir amtmenn eingöngu, að minnsta kosti undir amtmanninn fyrir norðan, eins og t. a. m. — svo jeg nefni eitt dæmi — gjöf Jóns Sigurðssonar frá Böggvisstöðum. Í stofnunarskrá þessa sjóðs stendur, að prófastur og amtmaður eigi að ráða sjóðnum. Ef nú amtmannaembættin yrði af tekin, þá væri það brot móti stofnunarskránni, og hún gæti þá ekki komið til framkvæmda. En nú er enn eitt. Amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu er annar liður stiptsyfirvaldanna. Menn vita líklega svo mikið, að þeir vita hvað það er, sem amtmaðurinn í suðurumdæminu hefur að gjöra ásamt með biskupi. Ef amtmannsembættið væri afnumið, þá hafa stiptsyfirvöldin ekki lengur yfirstjórn skólamála og prestamála, nje heldur hlutdeild í veitingu brauða. Jeg fer ekki lengra, þótt margt sje eptir, eins og t. a. m. leyfisbrjef, hjónaskilnaðarmál og þess konar; þetta er nóg. Stiptsyfirvöldin afnumin. Og í staðinn fyrir allt þetta sje jeg, þegar jeg jeg lít á frv., að einungis 5000 kr. koma í stað landritaralaunanna. Landritari kemur í stað landritara. Og svo koma 4000 kr. í laun hans og 1000 kr. viðbót við skrifstofufje landshöfðingja. Á nú að stjórna landinu með þessum 5000 kr.? Landshöfðinginn veit hvað hann á að gjöra. Hann á eptir stjórnarskipunarlögunum að vera ráðgjafi. Hann á að hafa eptirlit með sýslumönnum og skipströndum, úrskurða reikninga, skipa hreppstjóra og sáttanefndir og vera stiptsyfirvald, ráða framkvæmdum með gjöf Jóns Sigurðssonar frá Böggvisstöðum. *(Jakob Guðmundsson:* Það getur ekki verið, því þm. sagði áðan að það yrði þá ómögulegt). Jeg sagði það ekki í alvöru.

Jeg álít að maður geti ekki breytt testamenti. *(Þorlákur Guðmundsson:* En að testamenti geti breytt stjórnarfyrirkomulagi!). Það er annars margt fleira, sem jeg hefði viljað minnast á, ef jeg sæi að það kæmi fyrir nokkuð. Jeg fer svo ekki lengra, en vonast eptir svari frá d. og n. en einkum frá h. h. frsm.

Jakob Guðmundsson: Hinn h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) hefur tekið af mjer ómak, því að hann hefur tekið fram flestar þær ástæður, sem mjer hafa komið til hugar að færa fram með afnámi amtmannaembættanna, og þó jeg hefði ekki verið á því máli áður, þá hefði jeg ekki getað annað en sannfærzt um það af ræðu hans að það sje ekki að eins gjörlegt, heldur hjer um bil sjálfsagt, að afnema amtmannaembættin, og jeg vona að hinir aðrir h. þdm. komist einnig að þeirri niðurstöðu. Því þó þm. sjálfur komist ekki til þeirrar niðurstöðu, þá finnst mjer að hans greinilegu ástæður hljóti að leiða hvern annan þm., sem ekki er háður neinu annarlegu valdi, til slíkrar niðurstöðu.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Jeg hjelt, að jeg mundi ekki þurfa að taka framar til máls í þessu máli, en h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) hefur neytt mig til þess að gjöra það, þótt það hafi nú reyndar verið tekið fram áður, sem hann sagði og því einnig svarað. Hann segir, að lh. sje dreginn niður á við með því, að afnema amtmannaembættin, en jeg skil ekki, hvernig hann getur sagt það úr því að lh. þarf hvort sem er að leggja fullnaðarúrskurð á flest þau mál, sem nú heyra undir amtmennina, en hin önnur störf amtmannanna er sjálfsagt að leggja undir sýslumenn og fjórðungsráð. Viðvíkjandi því, sem hann sagði, að það mætti ekki afnema amtmannaembættin vegna þess, að það kæmi í bága við legat Jóns sál. Sigurðssonar á Böggvisstöðum, þá væri það undarlegt og sannarlega hart, ef einn maður gæti með því að stofna legat, geirneglt öll embætti í landinu. Slíkt bíður engra svara; það er svo fráleitt, að það er óhugsandi, að nokkur maður geti fallizt á þá skoðun. Viðvíkjandi því, sem hann minntist á stiptsyfirvöldin, þá ímynda jeg mjer, að skrifstofustjóri lh. verði svo mikilsháttar höfðingi, þegar hann fær hin háu laun, sem nú er farið fram á, að hann geti verið í staðinn fyrir amtmanninn í Suðuramtinu sem stiptsyfirvald. Annars ímynda jeg mjer, að stj. muni ekki verða í vandræðum með það, hvernig hún vill skipta störfum amtmannanna milli annara embættismanna, og því álít jeg óþarft fyrir þd. að ræða það, þingið lætur að eins í ljósi vilja sinn, að það vilji láta afnema amtmannaembættin.

Arnljótur Ólafsson: Aðalástæðan móti þessu frv. er sú, að mjer finnst öll trygging fyrir góðri stjórn fara, ef amtmannaembættin eru afnumin, þegar einn maður,—þótt hann hafi einn skrifstofustjóra með 4000 kr. launum,—á að vera rg. og hafa alla stjórn á hendi allt ofan að sýslumönnum. Þar sem á að taka burt alla skólastjórn, aðalliðinn í kirkjustjórninni og aðalliðinn í valdstjórninni, þá þykir mjer sem tekin sje burt öll trygging fyrir góðri stjórn. Þetta er sannarlega að setja einveldi í staðinn fyrir að völdin gangi stig af stigi, sem almennt er viðurkennt, að sje hið heppilegasta fyrirkomulag. Það á að hneppa valdstjórnina í dróma í staðinn fyrir að dreifa henni. Það á að setja einn mann ókunnugan í staðinn fyrir 2 menn, sem hljóta að vera miklu kunnugri hvor í sínu umdæmi. Jeg þykist ekki gera sýslumönnum neinar getsakir, þótt jeg segi að nauðsynlegt sje, að rannsaka embættisfærslu þeirra, því að eins og dómar þeirra þurfa skoðunar við, eins þurfa önnur embættisverk þeirra skoðunar við, því að allir sýslumenn eru menn, og öllum mönnum getur yfirsjezt. Ef á að aftaka amtmennina, þá ætti sjálfsagt líka að taka af alla prófasta, og menn geta því líklega átt von á frv. í þá stefnu bráðum, og seinast vilja menn líklega af taka alla stjórn, nema einveldi. Þetta er sú einkennilega frelsishugmynd meiri hlutans, að hann vill heldur hafa einveldi en hafa stjórnina í höndum margra kunnugra á sínum stað. Eins og jeg er viss um að þetta mál nær nú fram að ganga hjer í d., eins viss er jeg um það, að þeir menn, sem nú greiða atkv. með því, munu seinna við nákvæmari yfirvegun og með því að líta til annara þjóða komast til þeirrar skoðunar, að skoðun þeirra nú á málinu sje ekki rjett, því að það stjórnarfyrirkomulag, er þeir nú vilja setja, er

þeir nú vilja setja, er fullkominn „absolutisme“ eða einveldi. Það er fyrst tími til þess að fara að laga hjeraðsstjórn, þegar öll stj. er komin inn í landið. Þegar vjer vitum, að við stjórnarstýrið situr ekki frjálslyndur rg., þá álít jeg hvorki rjett nje hentugt, að kasta öllu valdinu frá sjer í hendur stj., til þess að láta hana sníða upp úr því fullkomið einveldi.

Þorkell Bjarnason: Hinn h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) tók fram, að með því að að afnema amtmannaembættin, þá væri einnig annar liður stiptsyfirvaldanna af numinn. Jeg held, að prestar mundu vel una því, að milli þeirra og lh. væru að eins tveir liðir, nfl. prófastur og biskup. Það hefur líka sjest á prenti eptir einn prest, að síðan að landshöfðingjadæmið var stofnað, sjeu störf byskups lítil og vegur byskupsdæmisins fremur rýr, svo að jeg held að það væri ekki úr vegi að leggja undir biskupinn einan þau störf, sem stiptsyfirvöldin hafa nú á hendi bæði til að auka störf hans og veg embættisins. Jeg held að skólamál landsins sjeu heldur ekki enn orðin svo margbrotin að ekki sje hættulaust að fela þau biskup einum á hendur undir yfirumsjón lh. Hvað eptirlit lh. með sýslumönnum snertir, þá skal jeg geta þess að áður voru hjer sendir út visitatores o: skoðunarmenn, til að líta eptir að allt færi vel fram í stjórn kirkjunnar. *(Arnljótur Ólafsson:* Þótti það gott fyrirkomulag?) Já, mönnum þótti það stundum bera góðan árangur, t. d. þegar Harboe visiteraði bæði skóla og kirkjur og stakk upp á mörgum þarflegum breytingum. Jeg held að lh. væri innan handar, að senda vísitatores, unga og fjöruga menn, til að rannsaka hjá sýslumönnum; með því móti held jeg að væri hægt að hafa gott eptirlit með sýslumönnum og embættisfærslu þeirra, með því að lh. sendi skoðunarmenn á sína ábyrgð. *(Halldór Kr. Friðriksson:* Hver á að borga kostnað þann sem af því leiddi?) Jeg efast ekki um að veitt yrði það fje til þess á fjárlögum, sem nauðsynlega þyrfti, ef slíkt fyrirkomulag kæmist á; jeg get því ekki sjeð, að hættara yrði við óreglu hjá sýslumönnum, þó amtmannsembættin yrðu niðurlögð.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Jeg verð að mótmæla því algjörlega, sem h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) sagði, að maður hefði enga tryggingu fyrir gjörræði sýslumanna, því að fyrst og fremst beita þeir engu meira gjörræði en amtmenn hafa gjört, og þar að auki standa sýslunefndir á móti og svo fjórðungsráðin, sem verða miklu öflugri en hin núverandi tveggja manna amtsráð. Þá skal jeg og geta þess, að hjá amtmönnum fá menn sjaldnast leiðrjetting mála sinna, ef maður hefur eitthvað yfir þeim að kæra, því að amtmaður segir: úr þessu get jeg eigi skorið, það þarf að fara til lh. Þess vegna er það, að menn vilja eins vel fara þegar í fyrstu til lh., heldur en að vera að tefja sig við þennan valdstjórnarmillilið. Þá liggur og í augum uppi, að betra er fyrir sýslurnar að hafa hver mann fyrir sig í fjórðungsráðunum, heldur en eins og nú er, þegar allar sýslur á norður, og austurlandi hafa tvo menn fyrir sig í amtsráði. Að svo mæltu álít jeg eigi þörf að mótmæla orðum h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) frekara, því að þau eru marghrakin og framkomin meira af ást við amtmannaembættin, en af því, að hann sjái, að landinu sje hætta búin, þó þau sjeu afnumin. *(A. Ó.*: Þessu mótmæli jeg). Þingmanninum dugir eigi að mótmæla því að ástæður þær, sem hann hefur borið fram fyrir sínu máli, eru algjörlega hraktar.

ATKVGR.: Frv. var sþ. með 18 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli eptir beiðni 6 nafngreindra þm.

Nei sögðu:

Halldór Kr. Friðriksson. Arnljótur Ólafsson. Eiríkur Kúld. Þórarinn Böðvarsson.

Aðrir allir *já*.

Frv. síðan afgreitt til lh. sem *lög frá alþingi* (C 358).

Frumvarp til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða o. fl. (C 385); 3. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg les hjer í titlinum: frumvarp til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða o. fl. Þetta þykir mjer skrýtinn titill, og vildi jeg helzt að þetta „o. fl.“ ætti sjer eigi stað. Jeg verð og að lýsa yfir því, að mjer þykir frv. miklu betra eins og það kom frá e. d. heldur en nú. Jeg tek t. d. 20. gr. Það verða allir að játa, að það er

mikilsvarðandi mál, sem hjer er um að ræða, því að það stendur á miklu að jarðabætur verði gjörðar á jörðum, hvort sem búið er á þeim til leigu eða sem sjálfseign, en þá er og mikilsvarðandi að reglurnar um jarðabætur leiguliðans sje skynsamlegar og rjettlátar; en það eru reglur þær, sem hjer eru settar alls ekki. Eptir þessu getur leiguliðinn gjört bætur á jörð sinni móti vilja landsdrottins, og fengið endurgjald fyrir þær, nálega hvernig sem þær eru, og getur slík regla orðið mjög ranglát, t. a. m. þegar landsdrottinn býr langt í burtu og veit eigi um, hvernig jarðabótin er gjörð nema eptir skýrslum, sem geta verið óáreiðanlegar. Enn fremur er jeg mjög á móti viðbót þeirri sem gjörð hefur verið við frv. Hún er slitin út úr öðrum kafla, sem er allsendis óskyldur þessum og átti hjer alls ekki við; er og óhæfileg og óheppileg í sjálfri sjer. Er hún slitin út úr sambandi við annan flokk, þar sem hún er tekin úr kaflanum um brot á landsrjettindum. Auk þess eru ákvarðanir þessar eigi heppilegar, enda er erfitt að setja reglur um ágang af skepnum og innsetning á fje. Jeg vil nefna til orðin í 35. gr.: „Enginn má bótalaust *láta* skepnur sínar ganga á landi annars manns, nema hann leyfi". Það er mjög tvísýnt, hvað þessi orð eiga að þýða. Annaðhvort eiga þau að þýða það, að maður reki skepnur sínar í land annars manns og sitji yfir þeim þar, og þá er rjett að maður bæti þann skaða, sem skepnurnar gjöra, eða að skepnurnar gangi á landi annars manns án vilja eða vitundar manns og því er mjög erfitt að hamla hjer á landi og jafnvel ómögulegt að sjá um, að það komi aldrei fyrir. Eptir ástæðum hjer á landi er ærið erfitt og víða ómögulegt að sporna við því, að skepna komi í annars land, og gætu úr því orðið óþolandi rangindi og búsifjar, ef lögheimilað væri að taka hverja skepnu fasta, sem fer yfir landamerki. Mjög opt stendur og svo á, að sá sem skepnuna tekur fasta, getur ekki vitað, hver eigandinn er, og þess vegna ekki gjört honum orð. Vona jeg að h. h. e. d. lagi þetta og komi því í líkt horf og það var í.

ATKVGR.: Frv. sþ. með 15 atkv. gegn 3.

Síðan endursent e. d.

Tillaga til þingsályktunar um merkin á alþingishúsinu (C 364); ein umr.

Jón Ólafsson: Jeg skal eigi fara mörgum orðum um þessa tillögu til þingsályktunar. Jeg held að allir sjeu henni samdóma, því að hún er samkvæm skoðunum manna á prívatfundi þingmanna 1881 og á prívatfundi, sem haldinn var um daginn. Nú vona jeg að ástæður stj., er hún hafði áður móti brotttöku hinna núverandi merkja, falli burt og hverfi, með því að stungið er upp á að setja í stað þessara merkja skildi, sem hvorki að fegurð eða að öðru leyti standa á baki þeirra, sem nú eru. Skal jeg svo eigi orðlengja þetta mál meira eða færa rök fyrir því, sem allir vita og allir eru á einu máli um.

ATKVGR.: Till. sþ. með 19 atkv.

Send til e. d.

Frumvarp til laga um stofnun landsbanka á Íslandi (C 379); atkvgr. í lok 3. umr.

Forseti leitaði leyfis lh. um það hvort brt. við frumvarpið frá 6 þm. (C 401) mætti koma til atkvæða, þótt eigi hefði henni verið útbýtt fyr en þá á fundinum.

Landshöfðingi kvaðst því að eins geta leyft, að menn greiddu atkv. um svo yfirgripsmikla brt., að þd. leyfði að umræður um frumvarpið væru teknar upp af nýju.

ATKVGR.: Þessa leyfis synjað með 7 atkv. gegn 15 (þ. e. meira en $^1/_4$ atkvæða), að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 10 nafngreindra þingmanna.

Nei sögðu:

Halldór Kr. Friðriksson. Eiríkur Briem. Grímur Thomsen. Holger Clausen. Lárus Blöndal. Ólafur Pálsson. Th. Thorsteinson.

Aðrir allir *já*.

Þeir 10 þingmenn, er nafnakalls óskuðu, voru:

Arnljótur Ólafsson,	Jón Ólafsson,
Benidikt Sveinsson,	Egill Egilsson,
Eiríkur Kúld,	Þórarinn Böðvarss.
Friðrik Stefánsson,	Þórður Magnússon.
Jakob Guðmundsson,	Þorsteinn Jónsson.

Þá var frumvarpið sjálft (C 379) ásamt hinum breytingartillögunum (C 397 og 398) borið undir atkv., og voru breytingartillögurnar frá meiri hluta nefndarinnar allar samþykktar, hin

1. með 12 atkv. gegn 8;
2. — 12 — — 9;
3. — 13 —.

Brt. 6 þm. (C 398) sþ. með 14 atkv. gegn 6.

Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum (C 413) samþ. með 12 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli eptir almennri ósk þdm.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Halldór Kr. Friðrikss.	Arnljótur Ólafsson
Magnús Andrjesson.	Benidikt Sveinsson.
Eiríkur Briem.	Egill Egilsson.
Eiríkur Kúld.	Friðrik Stefánsson.
Grímur Thomsen.	Jakob Guðmundss.
Gunnl. Briem.	Jón Ólafsson.
Holger Clausen.	Þórar. Böðvarsson.
Lárus Blöndal.	Þórður Magnússon.
Ólafur Pálsson.	Þorsteinn Jónsson.
Tr. Gunnarsson.	
Þorkell Bjarnason.	
Þorl. Guðmundsson.	
Th. Thorsteinson.	

Málið síðan endursent e. d.

Fimmtugasti og sjöundi fundur, miðvikudag 22. ágúst kl. 12—2¼.

Allir á fundi, nema Þórarinn Böðvarsson.

Frumvarp til laga um strandgæzlu (C 221); framhald 1. umr.

Framsögumaður (Lárus Blöndal): Eins og hin h. d. getur sjeð á ástæðum n. og brt. við frv. um niðurskurð á hákarli komst n. til þeirrar niðurstöðu, að ráða hinni h. d. frá að samþykkja frv. um strandgæzlu (nefndarálit C 372). N. vill samt ekki bera móti því, að ástæða geti verið til, að gjöra eitthvað í þessa átt, þar sem fiskiveiðar eru stundaðar til mikilla muna, eins og t. a. m. á Eskifirði, Seyðisfirði, Eyjafirði og má ske víðar. Á hinn bóginn áleit n. ekki tiltækilegt, að koma á strandgæzlu um allt land, því n. þóttist sjá fram á, að störf þau, sem strandgæzlumönnum væri ætluð, yrðu mjög erfið og umfangsmikil og vandasöm, og þess vegna væri það bæði sjálfsagt og sanngjarnt, að þeir fengi ómök sín borguð. Þar sem það var ráðgjört í frv., að þeir hefði hálfar sektir, þá ímyndaði n. sjer, að eins mundi fara með þær, eins og þau laun, sem hreppstjórunum voru ætluð hjerna um árið með hundalögunum, og að þau laun mundu verða mest á pappírnum, en ljett í vasann. Enn fremur þótti n. vera búið að leggja æði mörg opinber störf á almenning og það fyrir harla lítil eða engin laun. Þegar opinberir sýslunarmenn fá lítil eða því nær sem engin laun fyrir ómak sitt, má segja, að það hnekki meira eða minna atvinnuvegi þeim sem þeir hafa. N. þótti þess vegna ískyggilegt, að auka enn á almenning opinberum störfum. En nú var frv. um strandgæzlu samtvinnað við frv. um niðurskurð á hákarli, og fyrir því sá n., að nauðsyn bar til að koma með brt. við hákarlsfrv. Eins og brt. n. með sjer bera, eru settar inn í gr. í stað þeirra gr., sem voru um eptirlit strandgæzlumanna.

Svo finn jeg ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vona, að hin h. d. fylgi ráðum n., og felli frv.

ATKVGR.: Frumvarpið *fellt* frá 2. umr. með 10 atkv. gegn 10. Jón Ólafsson var þá eigi við staddur.

Frumvarp til laga, er banna að sleppa hákarli í sjó á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl (C 223); framhald 1. umr.

Framsögumaður (Lárus Blöndal): Eins og hinni h. d. er kunnugt, hafa legið hjer á lestrarsalnum bænarskrár frá skipseigendum og skipstjórum úr þeim 4 hjeruðum, sem hjer eiga hlut að máli; þessar bænarskrár hafa gefið tilefni til þess frv., er hjer liggur fyrir. Jeg ætla því, að það sje engum vafa undirorpið, að þörf sje á, að þessar bænir, sem til þingsins hafa komið, verði heyrðar. Mjer er það líka persónulega kunnugt, að það er almennur vilji manna í Húnavatns- og Strandasýslum, að takmarka niðurskurð á hákarli, því hann er álitinn að spilla veiðinni. Það hefur verið tvívegis reynt að

fá samkvæmt lögum 14. des. 1878 samþykktum komið á í þessu efni, en það hefur hingað til reynzt vandkvæðum bundið að fá þeim komið á, þar sem $^2/_3$ hluta atkvæða þarf eptir nýnefndum lögum til þess að það sem af sýslunefndanna hálfu er lagt fyrir hjeraðsfundina í þessu efni geti náð samþykkt. Þó vil jeg geta þess, að það getur verið, að samþykktin gangi nú í gegn; því hjeraðsfundur gjörði br. á því, sem sýslunefndin lagði fyrir hann, svo málið kemur aptur fyrir sýslunefndina. En þá er þó eptir að fá samþykki amtsins og á því getur líka verið hængur. Strandasýsla er, eins og h. d. veit, í Vesturumdæminu, Húnavatnssýsla í Norður- og Austurumdæminu; það þarf því samþykki beggja amtmannanna. Jeg skal enn fremur leyfa mjer að taka fram, að jeg hef átt tal um málefni þetta við þm. Strandamanna (Á. E.) og hefur hann tjáð mjer, að það þætti þar mikilsvarðandi, að lög þessi næðu gildi, því það væri almennt álit þar, að það væri skaði, að skera hákarl niður. *(Th. Thorsteinson:* Hvers vegna?). Af því að það er að eins stundarhagur, sem reynslan hefur sýnt að snýst í framtíðaróhag. Jeg skal nefna eitt dæmi frá því í vetur sem leið. Þá var stillt veður eitthvað um hálfan mánuð. Menn rjeru almennt frá Gjögri fyrsta daginn, hlóðu bátana, skáru hákarlinn niður. Rjeru svo næstu daga og urðu ekki varir. Jeg held undir öllum kringumstæðum, að frv. þetta þurfi ekki að þykja háskalegt, þegar tímatakmarkið er þannig sett, og jeg vona, að hin h. d. gjöri því góðan róm að þessu áhuga- og nauðsynjamáli tveggja sýslufjelaga og láti frv. fá góðan byr til 2. umr.

Grímur Thomsen: Jeg vildi einungis leyfa mjer að spyrja hinn h. frsm. (L. B.) að einni spurningu, nfl. hvernig skilja eigi 1. gr. í sambandi við 2. gr. Í 1. gr. stendur, að enginn, sem veiði hákarl á því tiltekna svæði, hvort heldur á opnum skipum eða þilskipum, megi sleppa í sjó hákarlaskrokkum eða neinum hlut þeirra frá 15. okt. til 1. maí. *(Lárus Blöndal:* Liggur nú fyrir að ræða einstakar gr.?). Ja, jeg skal þá ekki nefna gr. Á hinum staðnum stendur, að í hvert skipti, sem skip komi til lands á hinu tiltekna svæði og hinum ákveðna tíma, skuli formaður senda hreppstjóra skriflegt vottorð o. s. frv. Nú er aðgætandi, að þó menn veiði hákarl og skeri niður á þessu tiltekna tímabili, er alls ekki sagt, að nokkurt skip þurfi að lenda á þessu tiltekna svæði. Jeg vildi því spyrja hinn h. frms. hvernig þessu yrði komið við, og óska einungis svars upp á þetta, en tek það um leið fram, að jeg álít skyldu þ. að aðhyllast skoðanir þeirra, sem kunnugir eru, þegar það sjálft skortir nægan kunnugleik á málinu.

Jón Ólafsson: Frsm. skýrði frá, að 4 hjeruð hefðu óskað að fá fastar lagaákvarðanir settar um niðurskurð á hákarli og að tilraunir hefðu verið gjörðar til þess eptir eðli málsins og tilskipun 14. des. 1877 að fá hjeraðasamþykktum komið á í þessa átt, en það hefði ekki heppnazt. En einmitt þetta, að ekki er hægt að koma samþykktum á, þó málið eigi að vera svo mikilsvarðandi, sýnir, að skoðanir manna muni vera talsvert á reiki. Annars væri hægt að koma samþykktinni á. Mjer virðist því að það sje mjög ískyggilegt, að þ. fari að skerast í leikinn, fyrst skoðanir manna í hjeruðum þeim, sem í hlut eiga, eru svo mjög skiptar. Jeg man svo langt, að þegar lög 14. des. komu út, þá þótti fallegur vísir til sjálfsstjórnar hjeraða fenginn. Og mjer fyndist það ekki fallegt af þ., að fara nú að grípa inn í þessa litlu sjálfsstjórn og þar með kæfa þennan fallega vísir. Nú væri það ekki rjett að fara að taka fram fyrir hendur á mönnum innan þeirra takmarka, sem lögin 14. des. hafa leyft þeim sjálfstjórn. Ef hjeraðsbúar eru sannfærðir um gagnsemi slíkrar ákvörðunar, er þeim innan handar að samþykkja hana, allt að einu fyrir það, þótt hjeruðin liggi í 2 ömtum. Amtmenn eru ekki vanir að leggja hindranir í veginn fyrir slíkar samþykktir nema stjórnin skipi þeim það eða banni þeim að samþykkja, eins og hún gjörði hjer um árið fyrir austan. En það gjörir hún að líkindum ekki í þessu tilfelli.

Framsögumaður (Lárus Blöndal): Viðvíkjandi fyrirspurn hins h. þm. Bf., skal jeg viðurkenna, að það er ekki fullkomlega nákvæmt til orða tekið í frv. um þau atriði, sem hann benti á. En n. gekk út frá því, að vanalegast mundu þau skip, sem stunduðu hákarlaveiðar, lenda á því

tiltekna svæði, og hugði því, að það mundi nægja, ef eptirlit væri haft með þeim skipum, sem lenda. Viðvíkjandi því, sem hinn h. 2. þm. Sm. (J. Ó.) tók fram, vil jeg leyfa mjer að geta þess, að nokkur misskilningur hefur átt sjer stað hjá honum, þar sem hann sagði, að hjeruðunum sjálfum væri innanhandar, að koma á samþykktum eptir lögum 14. des. 1877. Þessi lög snerta einungis samþykktir um opin skip, ekki þilskip. Þar í liggur misskilningur þm. Jeg vona því, að hann nú játi, að frv. sje ekki ónauðsynlegt. Þar sem hann lagði svo mikla áherzlu á að ekki hefði heppnazt að fá samþykktum komið á, þá skal jeg skýra honum og hinni h. d. frá, að ástæðurnar til þessa lágu ekki í því, að menn greindi á um nauðsyn þess, að banna niðurskurð hákarls, heldur lágu þær í því, að menn greindi á um kræklingabeitu. Um hana stóð ákvörðun—samþykkt—og einmitt sú ákvörðun varð til þess, að samþykktirnar náðu ekki fram að ganga. Deildin getur því ekki dregið neina ályktun út af því, þó samþykktir milli Húnvetninga og Strandamanna hafi ekki getað komizt á og hefur mótbára hins h. þm. líklega sprottið af því, að jeg áðan ekki gaf eins nánar skýringar og nú. Jeg endurtek svo þá ósk mína og von, að d. ekki felli frumvarpið.

Holger Clausen: Jeg get ekki fallizt á þetta. Jeg held það komi mörgum mönnum til skaða. Fátækir menn verða með þessu móti neyddir til að taka hákarlinn með í land, þó þeir gætu annars fengið 4 eða 5 sinnum meira virði í hlut. Þetta er að banna fólki að bjarga sjer. Það eru líka fleiri en þilskipin, sem stunda veiðina. Það eru líka opnu skipin. 20 kr. sekt er líka allt of hörð; lýsið getur komizt í lágan prís, þó það standi nú hátt, svo það getur skeð, að tunnan gjöri ekki meira en að borga þessa sekt og jafnvel að það þurfi að borga peninga til. Jeg skil vel, að sá h. þm. Hv. (L. Bl.) er þessu meðmæltur. Jeg hef einu sinni sjeð hann jeta hákarl; honum þótti hann ósköp góður og hann át mikið. (Hlátur). Kannske fleirum þyki hann góður en þm. Hv. Jeg er sem sagt alveg á móti þessu frv., því það hindrar atvinnuvegi fólks.

Arnljótur Ólafsson: Tilgangur frv. þessa er víst sá, að styðja hákarlaveiðar svo þær verði happasælli og drýgri þeim, sem þær stunda. Frsm. (L. Bl.) gat þess, að þegar hákarl væri niðurskorinn, fældist hinn lifandi hákarl burt, og af því dró hann þá ályktun, að rjett væri að banna niðurskurð. Setjum nú að svo sje, og að nægileg reynsla sje fyrir því. Jeg skal láta það ósagt. En hvað gjörir svo frv. þetta til að ná þessum tilgangi? Í 1. gr. brt. stendur, að enginn megi sleppa í sjó hákarlaskrokkum á tímabilinu frá 15. okt. til 1. maí, í stað 15. okt. til 15. apríl, eins og stóð í frv. e. d. Nær þá þetta bann í rauninni yfir lengri veiðitíma? Jeg segi nei; að minnsta kosti ekki á Eyjafirði, í Fljótum eða hvar annarstaðar þar nyrðra, er jeg þekki til, því hákarlaskúturnar fara út 15. apríl — þá byrjar ábyrgðin, — halda svo áfram veiðinni maí og júní til júlí. Þessu fylgja allar hákarlaskútur, sem ekki bila; nú hljóðar frv. þannig, að fyrsta hálfan mánuðinn er skútunum bannað að skera niður, hina tvo mánuðina er þeim það leyfilegt; nú er það satt, sem h. h. þm. Sn. (H. Cl.) sagði, að það eru ekki einungis stundaðar hákarlaveiðar á þilskipum, heldur einnig á opnum skipum; á haustin eru hákarlaveiðar talsvert stundaðar á opnum skipum bæði til að mynda í Fljótum og á Ströndum. Það á þá eptir þessu frv. að banna þeim, sem ekki komast nema út úr landssteinunum, allan niðurskurð, en öllum hinum sem langt fara má ekki banna. Þeir mega $2^1/_2$ mílu undan landi óhindraðir skera niður hvar sem þeir vilja. Jeg er ekki hákarlamaður og þekki ekki til hákarlaveiða nema af sögusögn annara. Hákarlaformenn hafa sagt mjer, að niðurburðurinn leiði til þess, að hákarlinn leggist að honum; því framar eða fjær landi, sem niðurburðurinn þess vegna er, þess lengra fælist hákarlinn frá landi, en því innar eða nær sem niðurburðurinn er, því nær landinu hænist hákarlinn. Jeg segi ekki þetta sje satt. Nú finnst mjer sá niðurskurður hættulegastur, sem fer fram fjærst landi, því hann dregur hákarlinn burt. Ef því ætti að vernda hákarlaveiðarnar, virðist mjer ætti að banna að skera niður langt frá landi. Þetta gjörir frv. ekki. Þvert á móti; það gefur einkarjett til þess. Með því sje jeg ekki að tilgangi þess verði náð; jeg held að það þyrfti ekki einungis álit þilskipaformanna, heldur einnig allra for-

manna á opnum skipum, sem hákarlaveiðar stunda; það er ekki nóg að hafa atkvæði þeirra, sem sjálfir vilja hafa rjett, en vilja ekki láta aðra hafa hann. Mjer þykir það líka mjög eptirtektavert, að frv. e. d. bindur bannið við 15. apríl, einmitt þann dag, sem hákarlaskúturnar byrja veiðarnar. Jeg skal svo loks taka fram, að jeg eigi állt málið svo undirbúið, að d. geti samþykkt það, en h. h. frsm. (L. Bl.) vil jeg benda á hið fornkveðna ráð: *audiatur et altera pars.* [Ræðan óyfirfarin af þingmanninum].

Jakob Guðmundsson: Hefði þetta frv. að eins hljóðað um hákarlaveiðar á opnum skipum, þá hefði jeg verið alveg samdóma 2. þm. Sm. (J. Ó.), að þetta mál hefði þá ekki heyrt undir þingið, heldur undir hjeraðasamþykktalögin frá 14. desbr. 1877. En af því að það hljóðar líka um hákarlaveiðar á þilskipum, þar sem hjeruðin ekki geta gjört neinar samþykktir um, þá virðist mjer það ekki ófyrirsynju komið inn á þingið. Að öðru leyti ber að hugleiða, hvað liggur til grundvallar fyrir þessu frv. Þm. Ef. (A. Ó.) tók það fram og það alveg rjett, að tilgangurinn væri sá, að koma í veg fyrir það, að veiði þessari væri spillt fyrir opnu skipunum. En hvernig menn hugsa sjer það, að hákarlaveiðinni sje spillt með niðurskurðinum, þá held jeg frumkvöðlar frv. hafi hugsað sjer það á nokkuð annan hátt en þm. Ef. Jeg hef frá barnæsku heyrt það, að sú skoðun hefur verið almenn í hákarlasveitum, að þar sem hákarlinn er skorinn niður, þá gjörir það tvennt að verkum, bæði það, að þá fer hákarlinn að sækja að niðurburðinum, en það er ekki einungis það, heldur er það álit manna, að þegar hákarlinn fer að jeta sjálfan sig, þá sýkist hann og vilji þá ekki taka beitu lengur eða skemur á eptir, enda veiðist ekkert um lengri tíma á því sviði, þar sem hákarlinn hefur verið skorinn niður og hann hefur jetið sjálfan sig.

Jeg get ekki sagt um hvort þetta er satt, bæði að hákarlinn sæki þar að, sem hann hefur verið skorinn niður og að hann verði veikur þegar hann jetur sjálfan sig; mjer þyki það mjög líklegt, en ef það er satt, þá munu frumkvöðlarnir hafa hugsað sjer að koma í veg fyrir það, að hákarlinn væri skorinn niður langt úti á hafi, til þess að hann væri ekki þannig dreginn frá landinu og með því spillt veiði manna nær landi á opnum skipum. Þess vegna hafa komið óskir frá Fljótum, Strandasýslu og Skaga um það að banna niðurskurðinn, til þess að hákarlinn sje ekki þannig dreginn frá landinu og veiðinni spillt á opnum skipum; og af því jeg skil málið svona, þá verð jeg að fylgja frv. fram, því að jeg held það verði þeim mönnum til gagns, sem stunda hákarlaveiðar á opnum skipum.

Þorsteinn Jónsson: Af því jeg hef verið sjómaður og fengizt talsvert við hákarlaveiði, þá vil jeg leyfa mjer að láta í ljósi mína skoðun á þessu máli, einkum út af þeirri skýringu, sem þm. Ef. (A. Ó.) kom með, þó að þm. D. (J. G.) hafi að miklu leyti tekið fram það, sem jeg vildi segja, því að jeg er honum að mestu leyti samþykkur.

Það er almennt álit, þar sem jeg þekki til, að hákarlinn sýkist þegar hann jetur skrokkana, sem eru skornir niður, en hvort hann leitar á burtu eða liggur þar á skrokkunum veit jeg ekki; en hitt er víst, að hann er þá ófáanlegur. Þar sem hákarl hefur verið skorinn niður fæst hann ekki aptur eptir skemmri tíma en 8—10 vikur. En allt um það get jeg ekki verið með þessu frv., því að aflinn verður svo ólíkur við það, að mega flytja upp lifrina eingöngu eða verða að flytja alla skrokkana líka til lands. Við stundum nú hákarlaveiðar á Vestmannaeyjum á vetrum, en á sumrin er ekki um það að tala þegar þilskipin eru komin út, og búin að skera hákarlinn niður. En við höfum komizt að þeirri niðurstöðu, að það sje samt betra, að taka það sem maður getur þegar veiðin gefst, heldur en að geyma sjer nokkuð og taka litilsvirði eða ekkert í móti. Við álítum að það sje betra að koma með 30 tuunur af lifur í land, heldur en að koma ekki nema með 6 tunnur af lifur og svo með alla hákarlaskrokkana. Eins og hagar til hjá okkur þá höfum við ekki opt færi á að fara út nema einusinni í mánuði á opnum skipum; þess vegna álítum við affaradrjúgara að skera hákarlinn niður og taka það sem við getum í hverri ferð. Jeg vil gefa þd. upp lýsingar um annað ráð, sem við höfum; það er reynðar frá útlöndum, frá Norvegi, því að þar er sama koðun, að það sje

skaðlegt að skera hákarlinn niður, en þó sje ekki tilvinnandi að flytja skrokkana í land, og því hafa þeir fundir upp á því ráði, að blása vindi í magana og binda síðan fyrir þá. Þetta höfum við líka reynt á Vestmannaeyjum og hefur komið að góðum notum, og gæti þó orðið betur ef ríkara samband væri haft um það og fullar samþykktir kæmust á í því efni, því að þá er jeg góðrar vonar um, að það mundi gagna vel.

En svo er og annað, sem jeg hef á móti frv. Jeg sje ekki betur en að hákarlaskip annarstaðar frá megi veiða á þessu svæði að ósekju. Það er hart ef landsmenn mega ekki bjarga sjer á hvern hátt sem þeir geta, en útlendingar mega veiða allt sem þeir vilja. Þeir koma opt hingað upp og koma má ske aldrei að landi, eða þá annarstaðar en hjer er tiltekið, svo það er ómögulegt að sekta þá. Jeg er því alveg á mót frv. Jeg ætla ekki að tala um einstakar greinir; þó álít jeg að breytingar nefndarinnar bæti lítið úr frumvarpinu.

Þorkell Bjarnason: Þegar jeg var að alast upp fyrir norðan og þekkti til hákarlaveiða, þá skildist mjer að tímanum til hákarlaveiða væri skipt í 2 parta; nefnil. hákarlaveiði á opnum skipum á vetrum og fram yfir sumarmál, og svo seinni tímann, eða þilskipaveiðitímann, sem byrjaði vanalega með miðjum apríl. Nú vita menn að á opnum skipum verður ekki farið langt uudan landi, en ef skorið er niður þá leiðir það af því, að hákarlinn eltir niðurburðinn, með öðrum orðum, hann eltir þá sem dýpst fara og skera þar, og af því leiðir aptur þar, að allir þeir, sem minni mannskap hafa og ekki komast kannske nema lítið eitt undan landi, verða af hákarlaveiðinni, og þeir einir ná hákarlinum, sem mestan hafa mannskapinn og duginn til þess að leita sem dýpst og sækja hann langt á sjó út. Svo frá þessu sjónarmiði virðist mjer mesta nauðsyn á að banna niðurskurðinn um þann tíma, sem hákarlaveiðin á opnum skipum stendur yfir. En til þess að þilskipin ekki geti gjört óleik í þessu efni þenna tíma, þá þarf að taka þau með, því að öðrum kosti geta þau, með því að skera hákarl niður fyrir utan það svæði, sem opnu skipin veiða á, spillt gjörsamlega veiði fyrir þeim. *(L. B.:* Rjett). En að banna þilskipum niðurskurð eptir sumarmál, er óþarft, því að eptir þann tíma er sjaldan um hákarlaveiðar á opnum skipum að tala. *(H. Kr. Fr.:* Ekki rjett). Þegar jeg þekkti til fyrir norðan, þá var það svo, að það kom fáum til hugar, að leggja út á hákarlaveiðar á opnum skipum eptir sumarmál. Jeg held því að þessi lög sjeu heppileg og að það sje nauðsynlegt að banna niðurskurðinn á þeim skipum, sem ekki eiga kost á að komast nema lítinn spöl frá landi. Þeir, sem skera niður hákarlinn, neyða menn einatt til þess að fara æ lengra og lengra frá landi og þar af leiðir einatt mannskaða og skipatjón, (sem svo opt heyrist um getið).

Jeg held því að þetta frv. muni gjöra gagn en engu spilla.

Eiríkur Kúld: Jeg er einn af þeim, sem álíta það nauðsynlegt, að þessi lög komist á, þó að jeg kannist við að erfitt verði að sjá til hlítar um að þeim verði hlýtt. Jeg er allkunnugur þessum veiðiskap, þó að jeg hafi ekki verið hákarlaformaður, eins og þm. V. (Þ. J.). Það hefur verið talin sem ástæða móti þessu frv. af h. h. þm. Snf. (H. C.), að það spillti þessari veiði, og um leið bjargræðisvegi fyrir fátæklingum, því að þeir beri meira úr býtum að mega skera niður og halda að eins lifrinni. Þetta er nú satt að nokkru leyti; en svo kemur annað sem vegur fullkomlega á móti því, og það er það, að einmitt við niðurskurðinn fækka ferðirnar sem þessir menn geta farið, því að það er fullreynt að ekkert veiðist á þeim stað, sem skorið er niður á, fyr en ef til vill eptir einar 6—8 vikur. Svona hefur það reynzt á Breiðaflóa, þar sem þessi niðurskurður hefur við gengizt á seinni árum, því að þegar jeg ólst þar upp, þá var ekki skorið niður nema í bráðustu lífsnauðsyn. En þá gátu menn stöðugt róið á hin næstu mið hvað eptir annað, og fengið í allt eins mikinn ef eigi meiri afla, en menn nú fá á teinæringum sínum. Jeg álít heldur ekki rjett að gjöra svo lítið úr hákarlinum sjálfum. Jeg hef heyrt haft eptir hinum stærsta hákarlamanni hjer á Norðurlöndum, Sven Foyn, að skrokkurinn af hákarlinum væri jafnvel því nær jafnmikils virði og lifrin, ef maður kynni að nota sjer hann; jeg hef heyrt eða lesið að hákarlinn muni vera notaður

til áburðar, og það veit jeg að skrápurinn er notaður í hið fínasta bókbandsskinn (Chagrin).

Það hefur verið sagt ýmislegt um það, hvernig á því standi að tekur fyrir aflann í bráð þar sem niður er skorið. Jeg hygg að það sje satt, sem þm. D. (J. G.) sagði um það. Hákarlinn er hin gráðugasta skepna, og ekki sízt á sína eigin lagsbræður þegar þeir eru dauðir, hákarlamenn sjá opt hvernig þeir ganga að dauðum skrokkunum við borðið og skella þá. Það er því sennilegt, eins og þm. D. sagði, að við þennan niðurskurð komi nokkurs konar óát í hákarlinn og hann annaðhvort, eins og menn segja, leggist á meltuna eða leiti fram á dýpið. Jeg verð því að ætla, að svo framarlega sem líkt hagar til fyrir norðurlandinu og á Breiðaflóa, þá er þessi niðurskurður mjög slæmur, því að við hann fer hákarlinn dýpra og dýpra frá landinu, og eigi einungis verður hann torsóttari við það, heldur getur það og verið hin mesta hættuför að leita hans þar á opnum bátum; þannig er það nú orðið á Breiðaflóa, að þeir fara svo utarlega að þeir eiga litla von að ná nokkurstaðar lendingu, ef hann kemur á þá á norðan eða austan. Eitt er það og sem má geta um í þessu efni, að lifur úr jafnstórum hákarl er mjög misjöfn að stærðinni eptir árstíðinni: hákarlinn er lifrarminnstur um miðvetur, en á haustin er lifrin mest, og er því á vetrum hlutfallið nokkuð annað milli hákarlatökunnar og lifrarinnar. Jeg veit dæmi til þess, að um sumartímann hafa 18 hákarlar í einum túr gjört 15 tunnur lifrar, og til er það að tveggja tunnu hákarl hefur fengizt úr Látrarröst.

Jeg hygg því, að engum manni, sem er kunnugur þessu máli, blandizt hugur um að samþykkja þetta frv., þó að það kunni að verða örðugt að hafa fullt eptirlit með því, að lögum þessum verði fylgt. Það er nefnil. sá galli á því að skip frá Ísafirði eða Breiðafirði eða annarstaðar að geta komið og skorið niður á þessu svæði án þess að hægt sje að gjöra þeim nokkuð fyrir það, þar sem þessi skip kannske alls ekki kæmu í höfn á Norðurlandinu, og væru því ekki einu sinni spurð um það, hvort þau hefðu skorið niður eða ekki. En hvað um það, þessara skipa gætti þó minna og niðurskurður þeirra yrði því aldrei svo hættulegur. Frv. er því að minni skoðun til stórra bóta, og jeg gef því hiklaust atkv. mitt.

Þórður Magnússon: Jeg vil með fám orðum segja skoðun mína um þetta mál, einkum í tilefni af orðum hins h. 1. þm. Ef. (A. Ó.), að það kunni að vera skaðlegt, að skera hákarlinn niður mjög langt frá landi, en ekki nálægt landi, því hann sækti að ætunum, en jeg vil þá benda honum á, að þeir, sem yzt búa við fjörðuna, þurfa ekki að róa langt frá landi til þess þó að kippa hákarlinum innan úr flóanum, ef þeir skera niður. Þar sem hákarl er ekki skorinn niður, aflast hann vel inni á fjörðum allan veturinn, og það opt upp um ís. Jeg ætla, að það hafi ekki mikla þýðingu, að banna þilskipunum að skera niður um þennan tíma, vegna þess, að þau eru sjaldnast úti um það leyti, en opnum bátum er borgið með þessum lögum, því að þeim verður það betra til frambúðar, að geta róið optar, en að fá einn og einn góðan róður og fylla sig. Verði hætt að skera niður, má halda hákarlinum inni á fjörðum um vetrartímann, því að þegar sumrar og hitnar í veðrinu leitar hann dýpra. En jeg vildi að eins benda á þetta, að þeir, sem yzt búa við firðina, geta, þó þeir rói mjög stutt, líka dregið hákarlinn út úr fjörðunum.

Holger Clausen: Mjer er þetta ekkert kappsmál. Það getur vel verið, að niðurskurður sje skaðlegur, þó að það sje ótrúlegt, þegar menn gá að því, hvað hafið er stórt á móts við hákarlafjöldann, sem í því er. Jeg vona, að þingið hiki sjer við, að samþykkja þessi lög, sem að eins koma niður á fátæklingum, sem hafa fáa vinnumenn, og hafa mestar tekjur sínar af því, að fara þessar vetrarlegur einum 8 sinnum á ári, en sem þessi veiði yrði arðlaus, ef þeim væri bannað að skera niður.

Framsögumaður (Lárus Blöndal): Mjer þykir kynlegt, að hinn h. þm. Snf. (H. Cl.) skuli líta meira á stundarhagnað en frambúðarhagnað, þar sem hann þó er sjálfur kaupmaður. Það verður drjúgara að geta róið 10 eða tuttugu sinnum og koma að landi bæði með hákarl og lifur, heldur en að fara einn eða tvo túra alls, þó að ekki sje annað hirt en lifrin. Þó að jeg sje ekki vel kunnugur þessari

hákarlaveiði, þá hef jeg samt talað við svo marga kunnuga menn um það, að jeg tek þeirra vottorð fullt svo gilt sem kenningu þm. Snf. Það er einmitt tilgangur þessa frv., að hlynna að hákarlaveiðinni á opnum skipum. Það er innanhandar fyrir Stranda- og Húnavatnssýslu, að koma á samþykktum um þetta, en slíkar samþykktir geta ekki náð til þilskipanna, og er því nauðsynlegt að fá lög um þetta, eins og þm. D. (J. G.) tók fram. Jeg vona að þd. eptir vottorðum kunnugra og reyndra manna í þessu máli kunni að velja milli stundarhags og framhaldshags. Jeg vona að þeir sem eru móti niðurskurðinum sjeu það ekki eingöngu af því, að þeim þyki hákarl svo góður átu, eins og þm. Snf. gaf í skyn, að mjer gengi til þess að halda frv. fram.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg hef nú aldrei verið mikill niðurskurðarmaður, en jeg get þó ekki verið því meðmæltur, að banna niðurskurð á hákarli. Jeg vil ávallt lofa mönnum að hafa atvinnuvegi sína sem frjálsasta, og ekki breyta frá þeirri meginreglu, nema menn geti sýnt og sannað, að fyrir því sjeu ljósar ástæður, að sú aðferð, sem einhver við hefur í atvinnu sinni, sje beinlínis almenningi til tjóns, en engar getgátur, eins og mjer finnst að hjer komi fram. Mjer finnst, að ef menn semja lög um þetta efni, þá sje það sama og segja að lögin frá 14. desember 1877 hafi enga þýðingu. Jeg álít, að þm. eigi ekki að gjörast fjárráðamenn fiskiveiðamanna heldur en annara landsbúa. Jeg álít, að þeir menn, sem mál þetta snertir mest, ættu sjálfir að sjá fyrir þessu, og koma á samþykktum sín á milli um þetta efni, en þinginu komi það alls eigi við. Enn fremur álít jeg að það eigi ekki við að setja lög um það, hversu langt menn megi fara frá landi til fiskiveiða, eða hvort menn megi stofna sjer í hættu er þeir leita atvinnu sinnar, því að það er sannarlega þýðingarlítið að setja mönnum vissar reglur í því efni. Það er líka reynsla fyrir því, að samþykktir um slíkt eru mjög varhugaverðar, eins og komið hefur fram hjá Ísfirðingum, því að þar er búið að dæma þrjú mál fyrir brot á þeim samþykktum, sem þar hafa verið gjörðar, og nú eru 14 menn í einu, sem eiga í málaferlum út af sama efni, og það hefur heyrzt að þeir segi að þeir vilji heldur borga sektirnar, en hlýða samþykktunum. En ef menn vilja á annað borð fara að setja lög um þetta efni og álíta það nauðsynlegt, þá er þetta ekki nema hálfverk. Þetta bann ætti þá að ná yfir land allt. Ef það er rjett, að hákarlinn haldi frá landi einungis fyrir niðurskurð, þá ætti fiskurinn að haldast allt af nálægt landi samkvæmt skoðunum þeirra manna, sem þessu máli fram fylgja, ef aldrei er skorið niður, og þá ætti að banna allan niðurskurð allt árið um kring, bæði á opnum skipum og þilskipum. Hinn h. 2. þm. G. K. (Þ. Bj.) sagði, að menn stunduðu ekki hákarlaveiðar á opnum bátum eptir sumarmál; en hvers vegna stunda þeir þær ekki lengur? Einmitt vegna þess að fiskurinn er þá ekki eins nærri landi eins og fyrir þann tíma, því að ef fiskurinn væri stöðugt við landið, þá mundu þeir sannarlega gera það lengur en fram að sumarmálum, og ef til vill einna mest eptir þann tíma. Jeg er annars hræddur um, að mönnum sje ekki svo kunnugt um þessar fiskigöngur og hákarlagöngur, hvernig þeim sje háttað, að nokkuð sje hægt að reiða sig á það, sem menn segja í því efni; það verða aldrei nema getgátur. Getur það ekki verið náttúra fisksins sjálfs að leita til djúps, þegar fer að hitna í veðri? Jeg held að enginn geti sagt neitt um það enn, af hverju slíkar fiskigöngur koma. Hinum h. 2. þm. Ísf. (Þ. M.) má vera það kunnugt, að Ísfirðingar sóttu hákarlaveiðar á æskuárum mínum og hans að svo kölluðum *Ál*, og öfluðu þar ávallt, en eigi nær, er fram á vorið sótti, og þar skáru þeir niður. Þeir fóru þangað í miðjum júlímánuði og voru 6—7 daga brottu, og þar var allt af hákarl. Það er satt, að það er bundið hættu að fara svo langt frá landi á opnum bátum, en það er ekki hægt að banna mönnum að leggja sig í hættu við að leita sjer atvinnu. Jeg held að það sje mjög varhugavert í öllum efnum að samþykkja þetta frv., með því að það fer fram á að leggja bönd á atvinnuvegi manna. Þeir menn, sem eru frumkvöðlar frv., vilja sjálfir vera frjálsir, en þeir vilja leggja bönd á aðra; þetta er frelsið! Jeg held að það sje rjett að heyra báða partana, bæði þilskipaeigendur og bátaeigendur, áður en

nokkuð er af ráðið í þessu efni, eða nokkur lög um það sett.

Arnljótur Ólafsson: H. h. þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) tók nú fram sumt það, sem jeg vildi segja, svo að jeg þarf eigi margt að segja um þetta mál. Jeg skal nú fúslega viðurkenna, að aðrir hjer í salnum hafi betri þekkingu í þessu efni en jeg, þar sem þeir enda sjálfir hafa stundað hákarlaveiðar, en eigi að síður verð jeg þó að segja, að málið er eigi svo vel upplýst eða stutt svo góðum rökum, að jeg geti gefið því atkvæði mitt. Það hafa að vísu komið bænarskrár til þingsins, um að banna niðurskurð á hákarli, en jeg vil geta þess að á bænarskránum er eigi nafn eins einasta bátseiganda, heldur eintómra þilskipaeiganda, enda verður maður að játa, að frv. er hagað eptir óskum þilskipaeiganda, en eigi bátseiganda, því að niðurskurðurinn er bannaður þann tíma, sem þilskipin ekki ganga, en leyfður allan hinn tímann. Þetta vekur hjá mjer grun um að hjer sje flokkur manna, sem er að tryggja sig, og að hjer sje verið að tryggja hagsmuni vissra manna til skaða og hnekkis fyrir atvinnu almennings, að sínu leyti eins og þegar selurinn var friðaður á Breiðafirði. Í öðru lagi skal jeg geta þess, að það er mikil óvissa um göngu hákarls og hvers vegna hann fer frá því sviði, þar sem hann er. Margir þm. hafa sagt, að þegar hákarl sje skorinn niður, þá jeti hinir hákarlarnir hann, verði svo illt og fari frá þessum stað. Þetta get jeg eigi verið sannfærður um að sje rjett, því að það er mögulegt, að hákarlinn fari af öðrum ástæðum. Skal jeg í þessu efni nefna aðra reynslu við hliðina á hinni reynslunni, og hún er sú, að þegar mörg hákarlaskip liggja hvert fram af öðru, þá hverfur hákarlinn frá því skipinu sem liggur næst landi, en fer til þess sem liggur fjær landi; þessi reynsla er fullviss og áreiðanleg, og sjá menn því að fleiri ástæður geta verið fyrir því að hákarl fer burtu af einum stað og á annan heldur en sú að honum verði illt, því að varla verður hákörlunum illt af því að nokkrir grípi beitu og sje bundnir að borði. Menn vita að hákarlinn fer, og menn vita að þetta verður að hafa sína orsök; nú þekkja menn enga aðra orsök en niðurskurðinn, og því ályktа menn: niðurskurðurinn er orsök til þess að hákarlinn fer, en meðan menn þekkja jafnlítið um göngu hákarlsins og orsakir til hennar, þá getur enginn sagt, að þessi ályktun sje rjett. Því álít jeg hentugt, að h. h. þd. felli frv. þetta að sinni, og skjóti málinu til hjeraðs, og láti alla koma til þess að segja álit sitt, sem stunda hákarlaveiðar, eigi einungis þilskipaeigendur, heldur og bátseigendur, og síðan þegar þing kemur saman í næsta sinn, þá setji það annaðhvort lög fyrir land allt eða rýmki svo lögin frá 14. des. 1877, að samþykktir gjörðar samkvæmt þessu nái eigi einungis til opnu bátanna, heldur og til þilskipanna. Jeg gef jafnan nauðugur atkv. mitt fyrir því að hepta atvinnufrelsi manna, og ef nú svo er, að menn fá í mörgum róðrum eigi meira en í einum róðri, ef menn mega skera niður, þá sjá menn, að tvöfalt eða margfalt erfiði er haft til þess, að afla jafnmikils. Það þykir mjer og undarlegt, þegar menn ganga út frá því, að hákarlinum verði illt af því að jeta sjálfan sig, og að hann hverfi frá því sviði um 8—10 vikur, þar sem hann er niðurskorinn, að menn skuli þá eigi vilja láta bannið gilda um meira svið en frá Langanesi og til Straumness; það má skera niður hákarlinn á öllum öðrum stöðum kring um land allt. Enn fremur þykir mjer það undarlegt, úr því að menn vilja banna að skera niður hákarl um langan tíma úr árinu, að menn þá skuli vilja leyfa niðurskurðinn allt sumarið. Finnst mjer því, að þm. þeir sem mæla með þessu frv. komi í mótsögn við sjálfa sig, þar sem þeir segja, að menn skuli leyfa niðurskurð á sumum stöðum, en banna hann á öðrum, leyfa niðurskurð um tíma, en banna hann á öðrum tíma, því að mjer finnst svo, að ef niðurskurðurinn á annað borð er skaðlegur, þá sje hann það alstaðar og á öllum tímum. [Ræðan óyfirfarin af þingmanninum].

Framsögumaður (Lárus Blöndal): Jeg sje af ræðu h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) að við viljum eiginlega báðir hið sama, sem er að gæta rjettar smábátanna, og það er að eins lítið eitt sem okkur greinir á. Eptir því sem mjer er kunnugt, þá segja menn við Húnaflóa, eins og hinn h. 2. þm. G. K. (Þ. Bjarnason) tók fram, að veiði á opnum skipum sje mest stunduð til sumarmála, en lítið eða ekkert eptir þann

tíma. Menn segja að samþykktir um þetta efni dugi ekki, vegna þilskipanna, sem ef til vill fara út í marzmánuði; en jeg þekki ekki nema örfáa menn á öllu því svæði, er hjer um ræðir sem eru því mótfallnir, að bannaður sje niðurskurður á hákarli. Hinn mikli framkvæmdar- og dugnaðarmaður Jakob kaupmaður Thorarensen á Reykjarfirði hefur í mörg ár verið að brýna það fyrir mönnum á Gjögri að koma á samþykktum í þessu efni og hætta við allan niðurskurð, en það hefur ekki tekizt til þessa dags, og jeg vona að allir, sem nokkuð þekkja til Jakobs kaupmanns Thorarensens verði að játa, að það sje maður, sem hafi vit á að greina stundarhag frá öðrum meiri og varanlegri hagnaði.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. m. 14 atkv.

Frumvarp til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða (C 365); frh. einnar umr.

Th. Thorsteinson: Eins og sjá má af brt. þeirri, sem hjer liggur fyrir (C 401), þá höfum við tvær þm., 2. þm. Sm. (J. Ó.) og jeg, leyft okkur að stinga upp á breytingum á frv. þessu, með því að okkur virtist frv. óbrúkandi eins og það kom frá h. h. e. d., því að það er nú í alla staði mjög ófrjálslegt. Ef brt. okkar verður samþykkt, mun frv. verða líkt og það var þegar það fór hjeðan úr d. um daginn. Eins og það var samþykkt þá hjer í d., var mikil rjettarbót í frv., en eins og það er nú orðið, þá er ekki framar nein rjettarbót í því, heldur einmitt hið mótsetta. Þar sem í 2. gr. stendur: „Eigi má semja svo um, að skipseigandi eða sá, er selur skipið á leigu, hafi hlutaveiði móti þeim, er skip tekur á leigu", þá mundi afleiðingin af þeirri ákvörðun verða sú að mörgum yrði alveg fyrirmunað að taka útlend skip á leigu, með því að þetta er einmitt sá hægasti máti til þess, og það er mjög erfitt fyrir fátæka menn, að geta einir staðizt allan kostnað við slíka skipaútgerð, og þeir geta það því að eins að þeir megi vera í fjelagi með öðrum, og eiga hægast með að borga með veiðinni. Við höfum því stungið upp á að þessi ákvörðun í 2. gr. falli burt. Breyting sú, sem við höfum stungið upp á við 4. gr., er afleiðing af því, að hinar eptirfarandi greinar verði felldar burtu. Jeg vona að h. h. d. fallist á þessar breytingar við frv., með því að frv. verður þá líkt því sem það var, er það fór áður hjeðan úr d., eins og jeg þegar hef minnzt á.

ATKVGR.: Brt. v. 2. gr. (C 401), sþ. m. 15 atkv.; brt. v. 4. gr. sþ. m. 16 atkv.; brt. v. 5. gr. sþ. m. 14 atkv.; brt. v. 6. gr. sþ. m. 14 atkv.; brt. v. 7. gr. sþ. m. 15 atkv.; frv. m. áorðnum br. (C 416) sþ. m. 15 atkv. Síðan sent e. d.

Frumvarp til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje (C 379); 2. umr.

Framsögumaður (Friðrik Stefánsson): Snemma á þingtímanum kom jeg ásamt með hinum h. þm. Ef. (A. Ó.) með frv. um toll á útfluttar vörur og afnám ábúðar- og lausafjárskatts, en fyrir br. hinnar h. d. var ekki orðin heil brú í frv. þessu, enda var því snúið upp í frv. um aðflutningsgjald á tóbaki og brennivíni; það var orðið eins og rifinn ræfill og hefur nú fengið hvíldina í e. d. Nú vill e. d. gefa eptir af ábúðar- og lausafjárskattinum fyrir hálft fjárhagstímabilið. Okkur sem komum með brt. þessa þótti ekki mega vera minna en þessi hvilnun væri veitt fyrir allt fjárlagstímabilið. Þegar var verið að ræða um afnám ábúðar- og lausafjárskattsins hjer í deildinni um daginn, þótti sumum heldur óskyggilegt að fara að hreifa við þessum föstu gjöldum og aftaka þennan eina skatt, sem þeir sögðu að væri á ábúð og lausafje. En skyldi nú þetta virkilega vera sá eini skattur, sem hvílir á þessum gjaldstofnum? Það skil jeg ekki, hvernig nokkur getur sagt, sem nokkuð þekkir til og tala vill sanngjarnlega um málið. Ef maður nú gætir að, að eptir síðasta brauðamati voru öll prestaköll á Íslandi metin 184 þús. kr. Nú munu kirkjueignirnar nema 15 þús. jarðarhundruðum og þar af verða leigur eða vextir árlega í það mesta 80 þús. kr. og eru þá eptir frekar 100 þús. kr. af launum presta, sem liggja á ábúð og lausafje, eða ef til vill lítið eitt minna, þegar nákvæmt tillit er tekið til aukaverka. Nú bætist enn við þessar hjer um bil 100 þús. kr. fátækratíund af öllum jörðum á landinu, sem verður nú um 15 þús. kr., sem að

viðbættum fátækratíundum af lausafje, 8000 kr., gjörir í allt 23 þús. kr. Þannig liggja á hinum umræddu gjaldstofnum yfir 120 þús. kr. og þó er hjer ótalið sýslusjóðs, amtsjafnaðarsjóðs og búnaðarskóla gjald. Meðan nú öll þessi gjöld hvíla á, skil jeg ekki í hvernig nokkur getur látið sjer um munn fara að ábúðar- og lausafjárskattur sje það eina gjald, sem hvíli á ábúð og lausafje.

Jeg er því í engum vafa um, að fyllsta þörf sje á, að ljetta sköttum þessum eptir ýtrasta megni af mönnum. Öllum er kunnugt, hvílíkan hnekki hið undanfarna harðæri hefur gjört á landbúnað, enda viðurkenna útlendar þjóðir það fullkomlega með stórgjöfum þeim, sem þær, beinlínis í því skyni að bæta einmitt þennan hnekki, hafa sent hingað. En hvað gjörum við nú, fulltrúar þjóðarinnar á alþingi 1883? Við erum ekki komnir lengra en það, að á næsta ári skuli að eins innheimta hálfan ábúðar- og hálfan lausafjárskatt; við uppástungumennirnir höfum heldur en ekkert þó viljað reyna að fá ívilnun þessa lengda út yfir allt fjárhagstímabilið, og með því að brt. okkar er svona hófleg, getur mjer ekki komið til hugar, að nokkur greiði atkv. móti henni. Við höfum gjört okkar til og höfum ekki ábyrgð á, hvað aðrir gjöra.

Þetta hef jeg tekið fram af því að jeg kunni ekki við, að láta því ósvarað hjer í deildinni, að hinir umræddu skattar væru þau einu gjöld, sem hvíldu á ábúð og lausafje. *(Tryggvi Gunnarsson:* Þau einu gjöld til landssjóðs). Prestarnir þurfa líka eitthvað að fá, eins og þeir landssjóðslaunuðu; 140 prestar lifa þó ekki af munnvatni sínu. [Ræðan óyfirfarin af þingmanninum].

ATKVGR.: Brt. við frv. (C 403) sþ. með 14 atkv. Frv. með áorðinni br. (C 416) sþ. með 18 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Fimmtugasti og áttundi fundur, fimmtudaginn 23. ágústmán. kl. 12—2 e. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje (C 416); 3. umr.

ATKVGR.: Frv. samþykkt orðalaust í e. h. og sent e. d.

Frumvarp til laga, er banna að sleppa hákarli í sjó á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl (C 223); 2. umr.

Egill Egilsson: Það er að eins ein aths., sem jeg vildi gjöra, áður en umræðurnar byrja. Hjer í frv. er talað um „Straumnes"; en þau eru 2 til hjer á landi; annað er í Ísafjarðarsýslu—og það er sjálfsagt það, sem hjer er átt við —, hitt er í Barðastrandarsýslu, og það er sjófarendum mjög kunnugt. En svo þetta valdi ekki misskilningi, þá væri betra að setja Straumnes í Ísafjarðarsýslu, sem gæti verið eins og orðabreyting.

Arnljótur Ólafsson: Samkvæmt því, sem jeg talaði um við 1. umr. þessa máls, þá hef jeg ásamt 1. þm. Skg. (Fr. St.) leyft mjer að koma fram með brt. (C 405) og skal jeg þá fyrst geta þess, að þessi brt. er svo löguð, að þar kemur frv. í staðinn fyrir frv. Þetta er hvergi bannað í þingsköpunum, og þegar frv., sem brt. fer fram á, er að eins ein lítil grein, og snertir ekki annað en að vald það, sem sýslunefndirnar hafa eptir l. 14. des. 1877, skuli einnig ná til þiljuskipa, er reka fiskiveiðar hjer við land, og þegar þetta frv. innibindur þannig ekkert annað í sjer en þetta *eina orð*: „og þiljuskipa", þá get jeg ekki betur sjeð, en að frv. sje rjett upp borið, fyrst það er gert við 2. umr. málsins. Að minnsta kosti er það hvergi bannað í þingsköpunum.

Svo vík jeg að *efni* málsins. Jeg hef áður látið í ljós, að þekking sjómanna vorra á hákarlagöngum, sem og á fiskigöngum, sje enn svo ófullkomin, að það er ekki ráðlegt fyrir þingið, að fara eingöngu eptir þessari ófullkomnu þekking, að setja svo þau lög, sem ná yfir nokkurt svæði á landinu, og gjöra þannig undantekning frá lögunum 14. des. 1877, og eins frá þeim lögum, er snerta aðrar fiskiveiðar á landinu. Jeg kann ekki við að fara að búa til mörg smáríki á Íslandi. (*Lárus Blöndal:* Það hagar misjafnlega til). Já, einmitt þess vegna vil jeg, að sýslunefndirnar, samkvæmt gildandi lögum, ráði málinu til lykta — með

samþykki amtmanna —; þá er alþingi úr öllum vanda, því að það veitir sýslunefndunum valdið, en hefur enga ábyrgð á því, hvernig sýslun. nota þetta vald. Þær ráða því, hvað þær þá gjöra. Það er og miklu hægra að breyta þessum samþykktum aptur, heldur en þeim lögum, sem alþingi setur, því að fiskiveiðasamþykktum má breyta á sama hátt sem þær eru settar.

En nú er og það hið þriðja, er mælir með þessari brt. minni, að alþingi hefur nóg af frv. og bratkv., þótt það sje ekki að seilast eptir lagasmíði frá sýslunefndunum. Og jeg skal bæta því við, að það mun þó vera tilgangurinn og stefna tímans, fremur að auka vald sýslunefndanna og þá fjórðungsráðanna—,heldur en að rýra það og draga það undir þingið.

Gunnlaugur Briem: Jeg vildi leyfa mjer að skýra frá, hvers vegna við nefndarmenn höfum breytt tímatakmarkinu frá því sem það er í frv. e. d. Frv. e. d. batt tímatakmarkið við 15. apríl, sem að sjálfsögðu er miðað við þann dag, þegar þiljuskip Eyfirðinga eru tekin í ábyrgð og venjulega leggja út, svo að undir eins og þau eru komin út, þá sje ekkert í veginum, að skera hákarlinn niður hvar sem er og hvort sem það er á þilskipum eða opnum skipum. En svo framarlega, sem menn viðurkenna, að niðurskurðurinn valdi tjóni, þá er auðsjeð, að rjettur smábátanna er fyrir borð borinn með þessu. Þess vegna vildi n. færa tímatakmarkið fram, til þess að lengur væru grið fyrir smábátana, heldur en ef þiljuskipin fengju leyfi til að skera niður undir eins og þau eru komin á flot. Tímamunurinn er ekki nema $^1/_2$ mánuður, en það er nóg til þess, að smábátarnir gætu á þeim tíma fengið góðan afla, en það mundi verða lítill hnekkir fyrir þiljuskipin, því eptir því sem til hagar fyrir norðan er opt og tíðum lítið unnið fyrir þau að fara langt til hafs fyrir 1. maí og þá gjörir þessi ákvörðun þeim lítið eða ekkert til, því meðan þau eru nærri landi, sem er hyggilegast meðan illviðra er von, þá geta þau sjer meinalaust hirt hákarlinn og flutt hann eða látið flytja hann í land. Jeg hef jafnvel heyrt, að þiljuskipin, þegar þau fara út í lok marzmán., liggi opt fyrsta $^1/_2$ mánuðinn skammt frá landi og skeri almennt niður, en verði síðan vegna samtakaleysisins, þegar einn eða fleiri byrja að sleppa hákarlinum í sjó, að leita til hafs eptir veiðinni, sem því miður opt og tíðum hefur sorglegar afleiðingar. Það stóð ritgjörð í „Norðanfara“ nr. 25—26 þ. á. um þetta efni, sem fór fram á, að lengja tímatakmarkið til 15. maí; en það þótti n. oflangt farið og ætlaði hún, að það mundi verða álitið að valda svo miklum hnekki fyrir þiljuskipin, að það tímatakmark næði ekki samþ., en hún hugði sem áður sagt, að 1. maí væri hæfilegt takmark. Ef þetta fær ekki meðhald, að binda takmarkið við 1. maí, þá mundi jeg heldur vilja fara aptur á bak, þannig að gjöra undantekningu með smábátana á þann hátt, að þeir mættu skera niður fyr en þilskipin, svo þeir næðu þá einni góðri lifrarhleðslu, áður en niðurskurðurinn almennt byrjar og veiðin fyrir smábátana yrði alveg eyðilögð, því þeir þurfa á einhvern hátt að hafa meiri hlunnindi en þilskipin, sem gæti verið þeim að meinalausu. Þetta bið jeg þm. vel að athuga, áður en þeir ráða af, hvort tímatakmarkið þeir vilja hafa. Samþykktirnar sýnast mjer varhugaverðar, því að þær verða sínar í hverri sýslu. Eyfirðingar vilja má ske binda tímatakmarkið við 15. apríl, þegar hákarlaskip þeirra vanalega leggja út, Skagfirðingar færa það má ske fram í miðjan maí, eins og farið var fram á í þessari ritgjörð í Norðanfara að gjört væri fyrir opin skip í Fljótum, og þegar nú samþykktirnar verða svona sundurleitar, þá lízt mjer ekki á blikuna. Jaktir Eyfirðinga mundu halda vestur í Skagafjörð þegar í miðjum aprílm., skera þar niður hákarlinn og tækju veiðina frá Skagfirðingum þegar í stað. Þetta sýnist mjer viðsjárvert og óheppilegt, hversu vel meintar sem þessar brt. kunna að öðru leyti að vera.

Landshöfðingi: Jeg skal játa, að mjer hefur jafnan þótt vænt um l. frá 14. des. 1877 um fiskiveiðar á opnum skipum; þau eru í sinni röð talsvert merkileg lög, því að með þeim er gjörð tilraun til að veita hjeruðunum nokkra sjálfstjórn, eða vald til að gjöra ákvarðanir með lagakrapti í málefnum, sem snerta hagsmuni hjeraðsmanna. Þessi tilraun er svo þýðingarmikil, og hefur leitt til svo mikils

góðs, og svo mikilla framfara, að ísjárvert er að fara nú á nokkurn hátt að rýra hana eða veikja þýðingu hennar, nema að full vissa sje komin um það, að brýn nauðsyn sje til þess fyrir þá sök, að hjeruðin hafi farið illa með þetta vald. En það hefur enginn sagt í þessu máli, að sýslunefndir eða hjeraðsfundir hafi misbrúkað þetta vald, sem l. frá. 14. des. 1877 hafa heimilað þeim; þvert á móti hefur reynslan sýnt, að hjeruðin hafa notað þetta vald til þess að gjöra ýmislegar heppilegar og gagnlegar ákvarðanir. Þetta frv. sem hjer liggur fyrir gengur í þá átt að takmarka þetta sjálfsstjórnarvald hjeraðanna, með því að í lfrv. eru almennar ákvarðanir einnig um veiðar á opnum skipum, sem eptir l. frá 17. des. 1877 heyra einmitt undir hjeraðssamþykktir. Jeg hygg að það sje fremur ástæða til að auka þetta sjálfsstjórnarvald í þessum greinum, og reynslan virðist að benda til þess, að það gæti verið gott að láta vald sýslunefnda og hjeraðsfunda ná einnig á nokkurn hátt til þilskipaveiða, og er jeg því eindregið meðmæltur bratkv. frá 2 h. þm. (A. Ó. og Fr. St.), sem þm. Ef. (A. Ó.) hefur talað fyrir. Það hefur verið tekinn fram sá galli á þessu bratkv., að svo geti farið, að sín samþykktin verði í hverri sýslu; en jeg get ekki vorkennt sýslunefndunum að slaka svo til hvorar við aðrar, að þær geti komið sjer saman um þær samþykktir, sem eru hagkvæmastar fyrir hlutaðeigandi og eiga bezt við þegar á allt er litið. Að menn eru hræddir um, að samþykktirnar kunni að verða ólíkar í hinum ýmsu sýslum, sýnir einmitt skýrast, hve óheppilegt það væri að gefa *almenn* lög í þessu efni, sem kynnu að verða skaðlegt band á þessum atvinnuvegi landsins í sumum hjeruðum, þótt þau kynnu að eiga sumstaðar vel við.

Þegar allt er vel yfirvegað, þá verður það æskilegast og ráðlegast að fallast á brt.; hún er líka alveg í samkvæmni við vilja og tilætlun þingsins með l. 14. des. 1877. Aptur á móti er hitt mjög ísjárvert, eins og jeg gat um, að setja almenn lög, sem ef til vill ættu vel við í einu hjeraði, en miður í öðru, eða væru jafnvel skaðleg fyrir annað hjerað.

Þorkell Bjarnason: Jeg er alveg samdóma hinum hæstv. lh., að sýslunefndirnar hafi hingað til ekki misbrúkað vald það sem l. frá 14. des. 1877 heimila þeim, og heldur sje ástæða til að auka sjálfstjórnarvald hjeraðanna, en hitt. En hvað þessa brt. snertir sem hjer liggur fyrir frá 2 h. þm., þá get jeg ekki betur sjeð, en að hún sje nýtt frv. (B. Sv. og J. Ó.: Nei, nei!), þar sem hún fer fram á að auka vald sýslunefndanna, en frv., sem hjer liggur fyrir er bann gegn niðurskurði á hákarli vissan tíma ársins; þetta er þó sitt hvað. Nú segir 11. gr. þgsk., að ekkert lfrv. megi samþykkja til fullnaðar, nema það hafi verið rætt þrisvar í hverri þd. fyrir sig, og tel jeg því efasamt, hvort þessi brt. getur komið til greina, *(A. Ó.*: Frv. um tóbakstollinn). Já, þm. vitnar til þess að frv. um tóbakstoll kom fram sem brt. við annað frv.; en bæði frv. voru þó um sama efnið.

Hvað efni og innihald þessarar brt. snertir, þá álít jeg það ísjárvert að leggja það á vald sýslunefnda og hjeraðsfunda að gjöra ákvarðanir um þilskipaveiðar, vegna þess hve fáir stunda þær, en múgur manna á að gjöra út um þessar samþykktir á hjeraðsfundum, því að eptir 4. gr. þessara laga frá 14. des. 1877 eiga $^2/_3$ fundarmanna að samþykkja það sem sýslunefndirnar hafa stungið upp á. Jeg er þess vegna hræddur um það, að þilskipaeigendur, af því hvað þeir eru fáir í samanburði við þá, sem veiða á opnum skipum, kunni að verða bornir ofurliða af sýslubúum og rjettur þeirra fyrir borð borinn, er miklu síður mundi eiga sjer stað á alþ.. og verð jeg því að vera móti þessu bratkv.

Jakob Guðmundsson: Jeg er hinum hæstv. lh. samdóma um það, að það sje mjög æskilegt að auka vald sýslunefnda; en hvað brt. þá, sem hjer liggur fyrir, snertir, þá get jeg ekki sjeð að hún geti komið að neinu haldi í framkvæmdinni, því að þótt stj. í hverju hjeraði hefði atkvæði um veiðiaðferð á þilskipum, þá getur það eigi komið að eins miklum notum með tilliti til þilskipanna eins og með tilliti til hinna opnu skipa, því að allir menn sjá, að þilskipin eru ekki bundin við vissa firði, en hjeraðavaldið hlýtur að vera bundið við hjeraðið, Hvernig eiga t. d. Húnvetningar, Skagfirðingar og Eyfirðingar, þótt þeir kæmu á samþykktum sín á milli, að geta skuldbundið Vest-

firðinga til að lifa eptir þeim reglum, sem þeir kynnu að setja? Það er alþingi eitt, sem getur skuldbundið þannig fleiri hjeruð að fara eptir vissum reglum, og því getur mjer ekki betur skilizt en að málið heyri beinlínis undir alþ., hvað þilskipin snertir. Það eru áður til lög, sem heimila hjeraðastjórn og hjeraðabúum að ráða yfir veiðiaðferð á opnum skipum, en þótt mönnum í hverju hjeraði væri einnig heimilað að setja reglur fyrir þilskipaveiðum, þá væri tilganginum samt eigi náð. Það þurfa ný lög um þilskipaveiðar eða takmörkun á niðurskurði hákarls um vissan tíma, svo það ekki spilli fyrir hákarlaveiði á opnum skipum, og ef almenn lög kæmu um þær, þá gætu sýslunefndirnar lagað eptir þeim reglur um fiskiveiðar á opnum bátum.

Th. Thorsteinson: H. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) talaði um, að hann kynni ekki við, að búa til mörg smáríki, en hann komst í mótsögn við brt. sína, því að þar fer hann einmitt sjálfur fram á, að búa til mörg smáríki, og jeg held að hann ætti að halda við þá reglu. Þar segir hann, að hann treysti eigi þinginu til að setja lög um þetta efni, með því að það þekki ekki nógu vel til, og að hann vilji láta sýslunefndirnar gera það. Jeg get nú eigi skilið, hvaða samkvæmni er í þessu; en ef á að finna nokkuð út úr því, þá er það, að hver þekki bezt til hjá sjer, og þá get jeg skilið, að bezt sje að hafa mörg smáríki, en þau eru þegar búin til með lögunum frá 14. des. 1877; en hjer á að gangu enn lengra og auka það vald enn meira, sem hjeraðsbúum í hverju einstöku hjeraði er gefið þar. Þar sem jeg þekki til, þá eru það bændur, sem hafa atkvæðisrjett. Sumir þeirra hafa aldrei verið sjómenn, og sumir þeirra hafa einhvern tíma verið það; en þótt þeir hafi á yngri árum verið sjómenn, þá eru þeir vanalega farnir að dofna, og ekki fyrir miklar nýbreytingar, en vilja helzt hafa allt upp á gamla mátann, eins og var þegar þeir voru ungir, en aðferð við fiskiveiðar breytist og tekur framförum eins og hvað annað, og ekki síður. Niðurstaðan verður þá sú, að þeir ráða mestu, sem minnst vit hafa á málinu. Það er því mjög leitt við áðurnefnd lög, að formenn ekki hafa atkvæðisrjett, og að auka vald sýslufundanna enn meira en hingað til, nefnilega að láta þá fara að semja reglur fyrir þilskipafiskiaðferð, vil jeg fastlega ráða hinni h. d. frá, því að bændur eru margir, en þilskipaeigendur eru fáir, og afleiðingin af þessari brt. mundi því verða sú, að menn mundu vilja setja sömu reglur fyrir veiðiaðferð á þilskipum og á opnum bátum, en það held jeg að sje mjög óheppilegt. Það getur verið, að þetta geti átt við á Eyjafirði, og því vildi jeg, ef tíminn hefði eigi verið eins naumur, hafa komið fram með brt. í þá átt, að þessar ákvarðanir skyldu einungis gilda fyrir Eyjafjörð. En af því að tíminn er orðinn svo naumur, að jeg ekki get komið fram með þá brt., þá vil jeg ráða til að fella þessa brt. Hvað sjálft frv. snertir, þá vildi jeg einnig heldur ráða frá að samþykkja það; en jeg þori þó ekki að gera það, því að ákvarðanir þess geta verið góðar fyrir eitt pláss, þótt þær sjeu það ekki fyrir annað.

Eiríkur Kúld: Jeg er einn af þeim mönnum, sem eru hinum hæstv. lh. samdóma um, að mjög æskilegt sje að rýmka um vald hjeraða; en jeg get þó ekki verið honum samdóma um brt. 1. þm. Ef (A. Ó.). Af hverjum orsökum er þetta frv. sprottið? Það er meðfram fram komið til þess að sporna við því, að þilskip spilli veiðinni fyrir þeim, sem veiða á opnum bátum; en þetta má eigi gjöra á þann hátt, að það rýri veiðina á þilskipunum sjálfum. Það er hægt fyrir opnu bátana að spilla ekki veiðinni með niðurskurði, en aptur ómögulegt fyrir þilskipin. Þegar hákarlaveiðaskipin leggja út, þá fara þau í legur strax. Nú getur svo staðið á, að þau hafi hákarl við borðið, kannske eina 80 hákarla, en sem eru svo lifrarlitlir, að þeir eru ekki með nema svo sem 15 tunnum. Ef þilskipin nú ekki mega skera niður, þá geta þau ekki tekið nærri allan hákarlinn, og verða svo að láta sjer nægja, að fá ekki meira en svo sem $^1/_5$ af þeirri lifur, sem þau gætu fengið, ef þau mættu skera hákarlinn niður og sigla með lifrina eina til hafnar. Jeg held að brt. gæti því valdið talsverðu óhagræði fyrir þá, sem hákarlaveiði stunda á þilskipum. Enn fremur held jeg, að ef brt. 1. þm. Ef. (A. Ó.) næði fram að ganga, að það sje óhugsandi að lögin yrðu brúkandi. Það er ómögulegt að banna þilskipaformönnum að leita

lands þar, sem þeir vilja; þeir hjeðan úr Faxaflóa, Breiðafirði og frá Vestfjörðum geta lent með afla sinn á Eyjafirði og aptur á móti eyfirzk þilskip ef til vill í Faxaflóa o. s. frv., geta eins lent í Fuglaskerjum og á Eyjafirði, og því verður ekki unnt að vita, hvar þeir hafa skorið niður, og jeg held að þau dæmi muni finnast, að skipstjóri geti ekki skýrt nógu glöggt frá miðinu, hvar hann sleppti hákarlinum, og sumir máske hirði eigi um það, og sjest þá bezt, að hæpið verður að eiga allt undir drengskap skipstjóranna. Þótt jeg beri mikla virðingu fyrir þm. Ef. (A. Ó.), þá held jeg að jeg geti ekki gefið brt. hans atkv. mitt, og vil heldur halda mjer til frv., eins og það er, og halda því óbreyttu.

Framsögumaður (Lárus Blöndal): Viðvíkjandi brt. þm. Ef. (A. Ó.) þá er jeg í vafa um, hvort hana beri ekki að skoða sem sjerstakt frv., með því að hún er alls annars efnis en frv., nefnilega þess efnis, að auka það vald sýslun., sem þeim er veitt með lögum frá 14. des. 1877, en hið upprunalega frv. er miðað við sjerstakt atriði, sem sje það, að skera niður hákarl bæði á opnum bátum og á þilskipum. Mjer sýnist þessi brt. vera alveg nýtt frv. og alls annars efnis en hitt frv., og af þessum formlegu ástæðum held jeg að það sje mjög varhugavert fyrir þd., að samþykkja hana. En hvað efninu viðvíkur, þá er jeg hinum hæstv. lh. samdóma um það, að það geti verið fullkomin ástæða til að auka enn meira vald sýslun., en hitt getur engum dulizt, að það eru mikil vandkvæði á því, að fá slíkar samþykktir samhljóða fyrir fleiri hjeruð, og eins og h. h. 2. þm. Skg. (G. Br.) tók fram, þá getur það orðið mjög óheppilegt, ef tímatakmarkið er ekki hið sama fyrir öll hjeruðin, þótt samþykktir sjeu gjörðar í hverju hjeraðinu fyrir sig. Jeg efast ekki um, að ustm. hafi gengið gott til þess, að koma fram með þessa brt., en jeg verð þó að ráða d. frá, að samþykkja hana. Jeg gleymdi að geta þess við 1. umr., að það er prentvilla í nál. í 3. gr., þar sem talað er um sektirnar, þar stendur „allt að 20 kr. fyrir hverja tunnu hákarlslifrar", en í handritinu stóð: „allt að 200 kr. eða 20 kr. fyrir hverja tunnu", o. s. frv. Jeg vil því áskilja n. rjett til að koma með brt. við þetta til 3. umr. Hvað snertir brt. á um tímatakmarkið, sem fram hefur komið, þá er jeg deigur á að samþykkja hana, því að jeg er hræddur um, að e. d. sæi sjer ekki fært að samþykkja frv., ef þessi breyting væri gjörð á því. Og þótt jeg jafnvel sje að miklu leyti samdóma því, sem h. h. 2. þm. Skg. (G. Br.) tók fram, þá vil jeg þó ekki ráða til að samþykkja brt., því að það gæti orðið því til fyrirstöðu að málið fengi framgang.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er fremur undrandi yfir mótmælum, er fram hafa komið og farið í þá átt, að í brt. væri annað efni, en í frv. En hvað er efnið í þeim? Aðalefnið í frv. eru fiskiveiðar. En er þá eigi líka aðalefnið í brt. um fiskiveiðar? Jú, bæði frv. og brt. eru um fiskiveiðar á opnum bátum og á þilskipum. En þá segir frsm., að brt. og frv. hafi annað efni, af því að brt. rýmkar vald sýslunefnda, og frv. rýrir vald sýslunefndanna, því að það fer fram á að taka frá sýslunefndunum það vald, sem þær hafa til þess að gjöra samþykktir um fiskiveiðar á opnum bátum. Munurinn verður því einungis sá, að frv. vill rýra vald sýslunefnda, en brt. rýmka það og auka. En ef hjer væri engin br., þá gæti þetta eigi kallast brt. Hjer er eigi farið fram á meira en að breyta frv., og er þessi brt. engu ólíkari frv. en margar aðrar brt., er náð hafa fram að ganga hjer í deildinni. Get jeg vitnað í mörg frv., en jeg skal láta mjer nægja, að vitna til tóbakstillögunnar, sem kom í stað brennivínstillögunnar, er aptur kom í stað útflutningstillögunnar. Þá voru menn eigi eins kapítulafastir eins og nú á hinum síðustu og verstu tímum.

Hvað efninu viðvíkur, þá hafa komið fram ýmsar raddir, það var held jeg frá h. h. þm. D. (J. G.), og h. h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.), í þá stefnu, að það væri ísjárvert, að fela þetta mál sýslunefndum og sýslubúum, af því að það snerti að eins þilskipaeigendur og þeir væru í minni hluta í sýslunum, þar sem um málið væri rætt og útgjört. Þetta getur verið, ef málið verður kappsmál, eins og á fundum n. d., og að minni hlutinn yrði hart úti. En eru þá þilskipaeigendurnir fyrir borð bornir? Er það þá svo, að hinir $^2/_3$ hlutar sýslunefndarmanna á fundum megi gjöra hvað sem þeir vilja? Ef þetta er

skoðun manna, þá verð jeg að segja að þeir hafi eigi litið á 5. gr. laga 14. des. 1877, sem segir: „Nú virðist amtmanni ákvarðanir í samþykkt, er honum hefur verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna eða þröngva um of atvinnufrelsi, eða að þær á einhvern hátt komi í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína". Satt er það, að hjá meira hluta n. eru amtmennirnir dauðir, en ef þeir lifa, þá má bera dálítið traust til þeirra, að þeir gæti þess, að rjettur einstakra manna sje eigi fyrir borð borinn. En það er mergur málsins, að n. hefur lýst yfir vantrausti sínu á sýslunefndum. *(Lárus Blöndal:* Nei). Á hverjum hafa þeir þá traust? Á n. d., á sjálfum sjer, þeir vilja ráða sjálfir, en eigi að þeir, sem stunda sjálfir fiskveiðarnar, eður lifa af þeirri atvinnu, ráði, hvernig hún verði haganlegast stunduð, líklega fyrir þá sök, að þeir ráði illa, annaðhvort af vankunnáttu eða hlutdrægni. En með allri virðingu fyrir þm., þá held jeg þó að sýslunefndirnar hafi nákvæmara skynbragð á þessu máli en vjer, því að hvað þekkja þm. til á Ísafirði, nema að eins þingmenn Ísf. og hvað þekkjum vjer til á Húnaflóa nema þm. Hv. Bið jeg menn að gá að því, að það er ábyrgðarhluti að samþykkja lög, þegar vjer höfum enga staðþekking. Þegar þingið samþykkti lögin frá 14. des. 1877, þá kastaði það af sjer miklum vanda, og þá áleit þingið hentugt og heppilegt, að þeir sem atvinnuna stunda, og sem því varðar mestu, hve arðsöm hún er, gjörðu ákvæðin um atvinnuvegi sína. Jeg þarf eigi að geta þess, að 1. þm. Ísf. (Th. Th.) misskildi mig, þar sem hann var að tala um smáríkin, því að jeg átti við, að það væri að búa til smáríki, að vera að setja sjerstök lög á litlu svæði. Þetta er að búa *nú* til smáríki; en sýslunefndirnar eru eigi búnar til í dag, því að þær voru komnar á áður en þm. kom hjer á þing. Jeg ætla að geta þess um það, sem h. h. 2. þm. Skg. (G. B.) sagði um tímatakmarkið, er honum þótti töluvert varið í, að fyrir mínum augum er þessi færsla tímans frá 15. apríl til 1. maí þýðingarlaus, og gagnið af henni ekki annað en sjónhverfing; því að þilskipin, að minnsta kosti þilskip Eyfirðinga, leggja út 15. apríl og eru úti vanalega mánuð til 6 vikna, en aldrei skemur en 3 vikur. Jeg held að það sje jafnvel eigi dæmi til þess að þau komi aptur fyrir 1. maí. Og hvernig á nú að hafa eptirlit með þeim skipum, er koma árlega t. a. m. 20. maí, eða ef til vill eigi fyr en í miðjum júní? Nú koma þau með mikla lifur, en ofurlítinn hákarl, og nú segja skipverjar: þennan hákarl veiddum vjer fyrir 1. maí og engan annan; hinn hákarlinn höfum vjer, eins og leyfilegt er, skorið niður. Hver getur nú vitað, hvort þetta muni svo vera? Þegar nú jafnvitrum mönnum sjest yfir svona mikið, þá held jeg, að h. h. þd. sje varla treystandi til að hafa vit á málinu. Helzt vil jeg fella málið og vísa því heim í hjerað, því að frv. er skapað einungis fyrir þilskipaeigendur, en móti bátseigendum. Engir bátseigendur mega skera niður, en svo verður í reyndinni að þilskipaeigendurnir mega ávallt skera niður. Mín tillaga er að málið verði fellt í heild sinni, því að jeg tek það upp að lyktum, að það er alveg eins hætt við hlutdrægni í frv. þd. eins og hlutdrægni af sýslunefndum.

Framsögumaður (Lárus Blöndal): Jeg vil að eins gjöra stutta aths. við ræðu 1. þm. Ef. (A. Ó.). Hann sagði að tilgangur þessa frv. frá e. d. væri einungis sá, að rýra vald sýslunefndanna, en um það verð jeg að segja, að það er ekki nema hálfsagður sannleiki, því að tilgangurinn er öllu heldur sá, að gefa samþykktum sýslunefnda fullt gildi og þýðingu, með því að banna þilskipum að spilla veiðinni; en þar til nær ekki vald sýslunefnda. Þetta er tilgangur frv., og þess vegna þurfa orð hins h. þm. þessarar leiðrjettingar við. Að öðru leyti get jeg verið þm. þakklátur fyrir það, hve hreinskilnislega hann sagði frá því, að hann vildi helzt fella þetta mál, og þá get jeg skilið í hvaða tilgangi hann hefur komið fram með þessa brt.

Gunnlaugur Briem: Jeg vil að eins vegna þess, að talað hefur verið um að n. hafi fært tímatakmarkið til, benda mönnum á, að menn verða jafnt að treysta drengskaparorði formannsinns á skipinu hvort sem bannið nær ekki lengra en til 15. apríl, þegar skipin, sem einatt kemur fyrir, leggja miklu fyr út til veiða, eða til 1. maí, eins og n. hefur stungið upp á. Að öðru leyti get jeg upplýst h. h. 1.

þm. Ef. um það, að þilskip koma opt úr hákarlalegu eptir hálfsmánaðarútivist, og enda styttri tíma.

ATKVGR.: Samþykkt að hætta umræðunum, eptir ósk 8 nafngreindra þm.

Brt. 2 þm. (C 405) felld með 11 atkv. gegn 10.

Brt. n. við 1. gr. (C 373), að st. f. „15. apríl“ k. „1. maí“, felld með 12 atkv. gegn 10.

Önnur og 3. brt. n. við sömu gr. samþykkt hvor um sig með 17 atkv.

Fyrsta gr. frv. (C 223) með áorðnum breytingum felld með 12 atkv. gegn 10.

Brt. n. við 2. gr. (C 373) felld með 14 atkv. gegn 8.

Önnur gr. frv. óbreytt (C 223) felld með 19 atkv.

Því næst var samþykkt, að frumvarpið væri allt *fellt*.

Tillaga til þingsályktunar um að skora á landshöfðingja að þakka A. Fr. Krieger fyrir bókagjafir handa landsbókasafninu (C 399); ein umr.

Flutningsmaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg skal vera fáorður um þetta mál. Þessi maður, sem við höfum stungið upp á að lh. færi þakklæti, hefur lengi sýnt Íslandi og Íslendingum alla velvild og vinättu, og um hin síðustu 2 árin hefur hann sent landsbókasafninu 1200 bindi af bókum, mest allt vel inn bundnar bækur, og beztu bækur, sem ekki eru minna en 7000—8000 kr. virði. Stórkostlegasta gjöfin var 1881, en síðan hefur hann einnig stöðugt sent 2—3 bókagjafir á hverju ári. Jeg ætla því, að öll þd. sje mjer samdóma um það, að slíkur maður eigi að fá opinberlega viðurkenningu og þakklæti fyrir þessa velvild og veglyndi, er hann sýnir oss. (*Margir*: Heyr!). Jeg skal geta þess, að forstöðunefnd landbókasafnsins hefur sjerstaklega þakkað honum fyrir hina fyrstu bókagjöf, en síðan hefur það dregizt. En nú er það bein skylda landsmanna, að votta honum þakklæti sitt. Jeg vona því að þd. samþykki þessa tillögu í e. h.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil gjarnan samþykkja þessa till., einkum ef öllum öðrum, sem veita Íslandi gjafir eða hjálp, er líka þakkað, svo sem hæstarjettaradvokat Levinsen. Ef þm. vill vera með í því eða með því að veita E. Magnússyni lánið, sem hann óskaði eptir, þá skal jeg fylgja honum. Jeg tek þetta sem inngang til almenns þakklætis við hvern góðan gjafara og hjálparmann Íslendinga.

Flutningsmaður (Halldór Kr. Friðriksson): Mjer virðist hjer ólíkt á standa, þar sem þessi maður hefur gefið landinu svo stóra gjöf, en hinn hefur ekki gjört nema skyldu sína, þótt hann flytti málið fyrir hæstarjetti. Ef það ætti að senda hverjum málaflutningsmanni þakklætisskrá, er flytur íslenzk mál fyrir hæstarjetti, þá gætu þær orðið nokkuð margar, enda vil jeg segja að það komi ekki þinginu við. En ef þd. vill senda E. Magnússyni þakklætisskrá, þá er ekkert á móti því. En að gjöra þetta að almennu þakklæti, þá ímynda jeg mjer, að það hafi ekki verið alvara þm. (A. Ó.). Það hafa margir gefið góðar og merkilegar gjafir, en fáir hafa gefið svona stóra gjöf eða sýnt oss eins stöðuga velvild og þessi maður.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg er á því að þessi maður eigi þakklæti skilið fyrir sína höfðinglegu gjöf, en jeg hefði heldur kosið, að ust. hefði komið fram í öðru formi en því, sem hjer liggur fyrir, að lh. skuli bera fram þakklætið. Jeg hefði kunnað bezt við, að þm. hefðu sjálfir látið honum brjeflega í ljósi þakklæti sitt. Með öðrum orðum að honum væri skrifað þakklætisbrjef, undirskrifað af öllum þeim þm. sem fyndu ástæðu til að votta honum þannig þakklæti sitt og þjóðarinnar fyrir hans veglyndu gjöf. Jeg vil því stinga upp á því, hvort flm. vilji ekki taka þessa till. aptur og koma svo fram með hana undir þessu formi.

Jón Ólafsson: Jeg ætla ekki að tala um formið. En þó að mjer þyki þessi maður þakklætisverður, þá hafa aðrir gjört eins mikið, ef ekki meira, og engar þakkir fengið. Brockhaus hefur gefið meira og ekkert þakklæti fengið. (*Halldór Kr. Friðriksson*: Jú). Nei. Svo vil jeg einnig nefna Kellsall, sem gaf bókahúsið við skólann; hann hefur engar þakkir fengið opinberlega það mjer er

kunnugt. Það hefur víst ekki verið meining 1. þm. Sm. (Tr. G.), að draga úr þessu þakklæti, sem hann játaði, að þessi maður ætti sannarlega skilið. En jeg vil geta þess, að mjer finnst undarlegt, ef þingið fer að taka upp annað form með þetta þakklæti en þakklæti landsmanna fyrir hallærisgjafirnar. Þar þótti bezt fara, að láta lh. þakka fyrir hönd landsmanna og finnst mjer sjálfsagt að fylgja sama formi. Skyldi 1. þm. Sm. (Tr. G.) þykja meira varið í þakklætið, ef það kæmi frá hverjum einstökum þm., heldur en eins og hjer er farið fram á í till., þá vil jeg segja það, að við höfum sparað nöfn okkar allt of mikið og allt of lengi, að við höfum ekki gjört það fyr að þakka á þennan hátt. En fyrst við nú ekki höfum gjört það, þá vil jeg halda sama formi og áður.

Grímur Thomsen: Jeg hygg, að við ustm. hefðum alls ekki komið fram með þessa till., hefðum við búizt við því, að nokkur ágreiningur yrði um þetta efni. Allir, sem þekkja til, vita, hve mikilsverðar þessar bókagjafir eru; það er ekki hitt og þetta, sitt úr hverri áttinni, heldur nýjustu og dýrustu bækur, og sumar mjög sjaldgæfar, í ýmsum vísindagreinum, t. d. lögfræði og sagnafræði, þar á meðal ágæt sögurit eptir franska höfunda og skal jeg nefna þá Thiers, Thierry og Guizot. Þetta eru allt hinar beztu bækur, sem bókasafnið hefði einmitt þurft að kaupa sjer fyr eða síðar. Þessum manni hefur eigi gengið annað til þessara gjafa en velvild til Íslands, og hann hefur eigi látið staðar numið við hina fyrstu gjöf sína 1881, heldur síðan stöðugt sent bækur til safnsins, 2—3 sinnum á ári. Hann hefur og með öðru sýnt þokka sinn til Íslands; hann kann íslenzka tungu, og mönnum er víst kunnugt, að hann er heiðursfjelagi Bókmenntafjelagsins.

Þingið hefur nýlega ályktað, að senda gjöfurunum, sem hafa hjálpað oss í harðærinu, þakklæti sitt, og þá á eins vel við, að þakka slíka höfðingsgjöf og þessa, þó að hún sje ekki gefin í krónum. Jeg man að lh. gjörði það upp á sitt eigið eindæmi 1874, að þakka bókagjafirnar þjóðhátíðarárið, fyrir landsins hönd, og jeg sje því ekki hvað geti verið á móti því, að lh. eptir áskorun þingsins þakki jafnmiklar gjafir og þessar.

Ef við ustm. ætluðum það mögulegt, að þingið kynni að fella þessa till., þá mundum við sjálfsagt taka hana aptur, áður en til þess kæmi, en jeg get ekki trúað því, að nokkrum geti komið það til hugar að fella hana.

Flutningsmaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg skal að eins geta þess, að Brockhaus-gjöfin var góð og mikilsverð, en þó ekki helmingur á við bókagjafir Kriegers. Mjer er og kunnugt um það, að Brockhaus fjekk þakklæti fyrir gjafir sínar bæði frá forstöðunefnd bókasafnsins og stiptsyfirvöldunum.

ATKVGR.: Tillagan samþykkt með 14 atkv.

Afgreidd síðan til lh.

Kosning á yfirskoðunarmanni landsreikninganna fyrir árin 1882—83.

Kosningu hlaut Grímur Thomsen með 20 atkv.

Fyrirspurn frá 2. þm. Sm. (Jóni Ólafssyni) til landshöfðingja um eptirlaun uppgjafaprestsins í Skarðsþingum (C 404). Leitað leyfis að bera hana upp.

Þingdeildin synjaði þessa leyfis með 12 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvgr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson.	Halld. Kr. Friðrikss.
Arnljótur Ólafsson.	Egill Egilsson.
Benidikt Sveinsson	Eiríkur Briem.
Friðrik Stefánsson.	Eiríkur Kúld.
Gunnlaugur Briem.	Grímur Thomsen.
Jakob Guðmundss.	Holger Clausen.
Jón Ólafsson.	Lárus Blöndal.
Þórarinn Böðvarss.	Ólafur Pálsson.
Þórður Magnússon.	Tryggvi Gunnarss.
Th. Thorsteinson.	Þorkell Bjarnason.
	Þorlákur Guðmundss.
	Þorsteinn Jónsson.

Fimmtugasti og níundi fundur, föstudag 24. ágúst kl. 12. Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885 (C 421); ein umr.

Með því að bregða varð frá þing-

sköpum til þess að málið mætti koma til umr., leitaði forseti leyfis lh. og d. um, hvort taka mætti frv. fyrir þá þegar, og samþykkti lh. það, en deildin synjaði þess og neitaði sömuleiðis um samþykki til að málið væri tekið til umræðu á kvöldfundi sama dag; skar þá forseti úr og kvaðst eigi að síður taka málið upp á dagskrá til kvöldfundar.

Sextugasti fundur, föstudag 24. ágúst, kl. 7 e. h. Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885 (C 421); ein umr.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Þegar litið er á breytingar þær, sem e. d. hefur gjört á fjárlögunum, eins og þau fóru frá þessari d., þá eru þær svo litlar og óverulegar, að jeg verð að telja það sjálfsagt, að þessi deild eigi ekki að gjöra neinn ágreining út af þeim, heldur sþ. frv. eins og það nú er orðið. Jeg skal þó í stuttu máli minnast á þessar breytingar til að ryfja þær upp fyrir h. h. d.

Br. við 2. gr. er ekki önnur en sú, að skipt er um tölul. 5, 6, 7 og 8; það er að segja: tölul. eru settir í aðra röð en þeir voru, og er því síður ástæða til að hafa móti þessari breytingu, sem hún miðar í rauninni til meiri samkvæmni í fjárlögunum. Br. við 4. gr. getur heldur ekki orðið ágreiningsefni, enda mun áður nokkur misskilningur þm. Bst. (E. K.) hafa ráðið atkvæði þessarar deildar um þetta atriði; er því ekki ástæða til annars en sþ. þessa breytingu. Þá er breyt. við 10. gr. B, 4. Þar sem fjárupphæð þessarar greinar er færð niður, virðist það ekki svo ástæðulaust, að nú sje ástæða til að koma með nýja breytingu, sem gæti orðið fjárlögunum að fótakefli. Þar sem styrkur til aukalækna er færður hjer inn á 11. gr. frá 16. gr., þá ætti það ekki að verða ágreiningsefni, því að það var í rauninni tilætlun n. að svo væri, þó að það færist fyrir að gjöra þá breytingu við umræður málsins í þessari deild.

Br. við 13. gr. B. II, að hækka 3000kr. upp í 3200 kr. er einmitt samkvæm þeim lögum, sem nú eru sþ. um læknaskólann, og verður því vonandi enginn mótfallinn henni. 13. gr. B. V. er að því leyti breytt orðin, að skilyrði fyrir veitingu fjár til alþýðuskóla er nú öðruvísi orðað, og kemur heim við það, sem var í rauninni tilætlun þessarar d., þá skoðun, að alþýðuskólar skyldu því að eins njóta styrks úr lsj., að þeir hefðu tillög annarstaðar frá að rjettu hlutfalli, en þó skyldi skólinn í Flensborg þessu skilyrði undanþeginn, af þeirri orsök, að hann ætti nokkurt fje sjálfur. Við 15. gr. er ekki gjörð önnur breyting en sú, að þessum ekkjum er nú raðað eptir aldri, og fer eins vel á því. Við 16. gr. er sú breyting gjörð, að styrkurinn til gufubáta er settur niður og orðinu breytt í *gufubátsferðir*, enda er það samkvæmt tilgangi nefndarinnar í þessari deild með þessu fjártillagi. Það var ekki tilætlun nefndarinnar, að leggja fje til að kaupa gufubát, heldur skyldi fjenu varið til þess, að standast kostnaðinn við að halda bátnum úti í milliferðum. Þetta var skoðun n. og d. Enn fremur er sleppt alveg úr gufubát í Faxaflóa, ekki af því að vjer óskum ekki allir, að gufubátaferðir kæmust hjer á, heldur af því, að það mál er ekki nægilega undirbúið enn sem komið er. Var því full ástæða fyrir e. d. að fella úr ákvörðun um fje til þessa fyrirtækis. Þá kemur þetta ákvæði um að verja 3000 kr. til að útvega laxfróðan mann frá útlöndum. Hjer er einungis um orðabreyt. að ræða, og vona jeg, að fjenu megi eins verja til þess fyrir það, að fá einhvern fróðan mann til að kenna Íslendingum að ala upp lax, eða gjöra tilraunir til þess. Það kemur þó heim við tilgang bæði n. og d., og vona jeg því, að það verði orðalaust sþ. Þá hefur e. d. sleppt úr ákvæði um 5400 kr. lán til E. Magnússonar, en það vill svo vel til, að þetta þarf ekki að verða að ágreiningsatriði, þar sem komin er fram þingsál.till. um að veita þetta lán, svo að engin ástæða virðist vera til þess, að taka þessa ákvörðun upp í fjárlögin, enda er engin breytingartill. komin til þess, að taka hana aptur upp í fjárlögin. Þá er sú breyting á orðin, að nýrri gr. er bætt við um heimild til að veita lán til stofnunar búnaðarskóla eða endurnýjun þessarar heimildar fyrir fjárhagstímabilið.

Jeg tek það fram aptur, að þegar litið er á þessar breyt., þá eru þær svo

óverulegar, að jeg get ekki betur sjeð, en að d. gjörði rjettast í að sþ. frv. eins og það nú er.

En nú eru komnar nokkrar brt. við frv. eins og það kom frá e. d. Brt. þessar eru fyrst komnar í dag, svo þær eru varla svo íhugaðar, sem skyldi. *(Lárus Blöndal:* Þær eru gamlir kunningjar). Það er það sama; n. hefur að minnsta kosti engan tíma eða tækifæri haft til þess að íhuga þær, og getur því ekki ráðið til að sþ. þær. Jeg nefni fyrst brust. við 10. gr. A. 3. (C 436). Þessi breyt. eða niðurfærsla ímynda jeg mjer að eigi við þóknun til endurskoðarans. Jeg verð að geta þess um þetta atriði, að það var sþ. af báðum deildum þingsins; en úr því að svo var komið, get jeg ekki sjeð, að það sje til annars að koma með þessa breytingaruppást. en til þess að koma á stað sundrungu og ágreiningi. Jeg tala ekki fyrir þessari hækkun af því, að jeg álíti hana nauðsynlega nú fremur en áður, heldur af því, að ætti nú að taka þessa brust. til greina, þá yrði það til þess, að engin fjárlög gætu orðið til tímans vegna, og til þess vanda vil jeg ekki ráða h. h. deild.

Þá kemur brust. við 10. gr. C. 4. (C 435). Br. þessi er í því fólgin, að e. d. hefur sleppt úr orðunum: „eptir tillögum amtsráða". Jeg skal nú ekki neita því, að setningin verður nokkuð snubbaraleg við að fella þessi orð úr, en jeg get þó ekki talið þetta óviðkunnanlega orðalag þess vert, að ástæða sje til að það verði þess valdandi, að frv. verði að ganga til e. d. aptur, enda mun sú raun á verða, að lh. leiti álita amtsráða um veitingu þessa fjár, og víki ekki frá því, nema brýn nauðsyn sje til.

Brt. við 13. gr. B. III. (C 435) er ein apturgangan. Það er eins og þessi uppástunga komi frá einhverjum, sem er mjög annt um að tímakennslan verði sem mest. Jeg skal nú ekki rekja kosti og ókosti þess, að hafa fasta kennara, og svo þess að hafa tímakennara, en mjer þykir það undarlegt að koma með uppástungu um það að fækka föstum kennurum í sömu andránni og verið er að stinga upp á að auka kennslu við skólann, eða bæta við gagnfræðakennslu. Jeg tel það hreinan óþarfa að breyta því fyrirkomulagi sem er, enda mundi það valda miklum ágreiningi. Brt. við 10. gr. B. 4. (C 435) verð jeg af sömu ástæðu að ráða frá að sþ.; þessu ákvæði var smeygt inn áður hjer í deild, en þegar e. d. hefur svo eindregið hafnað því, þá lítur svo út, sem það sje gjört eingöngu til að tefja fyrir málinu að taka það upp aptur. Það er þó víst ekki tilætlun uppástungumanna að tefja málið svo, að það verði ekki afgreitt á þessu þingi, svo að ráðgjafinn hafi lausar hendur til að verja fje landsins eptir eigin geðþótta fjárlagalaust, eða að málið fái óformleg úrslit, svo að ástæða sje til þess, að taka fjárlögin eigi til greina. H. h. þingdeildarmönnum mætti vera kunnugt, að stjórnin hefur áður notað líkt tilfelli til þess að neita lögum samþykkis, og væri undarlegt að gefa að gamni sínu ástæðu til þess að það kæmi aptur fyrir í svo mikilsvarðandi máli sem fjárlögunum. Jeg vil því sterklega ráða h. h. d. til að sþ. frv. eins og það nú er orðið, til þess að forðast þann vanda, sem af því hlýtur að leiða, að aðhyllast nýjar breytingar.

Grímur Thomsen: Jeg stend nú ekki upp með glöðu geði, þar sem h. h. forseti hefur farið svo óvirðulegum orðum um breytingaruppástungur þær, sem fram eru komnar, að kalla þær skækla. Það er auðvitað, að vjer þd.-menn getum ekki kallað hann til orðu, svo að hann getur við haft slík ummæli átölulaust, en hann veit, að hann getur beðið oss að hafa oss hæga, ef vjer vildum gjalda í sömu mynt. En jeg verð þó að taka að mjer að halda vörn uppi fyrir minn skækil; um hina skal jeg ekki hirða; þeir hafa sína talsmenn. Jeg játa það, að athugas. við 10. C. 4. (C 435) er að efninu til ólastandi; en sá maður, sem óhætt er að vitna til, þegar um stíl, eða smekklegt orðalag er að ræða, hefur sjálfur játað, að þessi aths. sje óviðkunnanlega orðuð, og því ætla jeg að full ástæða sje til þess, að lagfæra hana. Það er eins og ef jeg segði um hvítan vaðmálsdúk: „Helmingurinn af þessum dúk er hvítur, og hinn helmingurinn er líka hvítur". Eða ef jeg segði um h. h. þingdeildarmenn: „Annar helmingur þessara manna eru þingmenn, og hinn helmingurinn er líka þingmenn". Jeg álít það tilvinnandi að verja heldur lengri tíma til að ræða fjárlögin heldur en að þau komi þannig kátlega útlítandi. Jeg ímynda mjer að öllum nornum hafi

verið boðið til skírnar þessara fjárlaga, nema norn fegurðar og stíls. Aths. er þegar halaklippt eins og hún kemur frá e. d., en hana þarf þó að halaklippa betur, ef hún á að verða stílrjett og hugsunarrjett. Jeg hef heyrt, og þykist vita, að það sje satt, að báðar nefndir efri og n. d. hafi borið sig saman um þetta atriði; en það er þá einungis sönnun fyrir því, að vel vaxnir foreldrar geti getið illa vaxin börn. Jeg vil ekki að neitt það komi frá þinginu, sem getur verið til athlægis utan lands og innan, og því vil jeg ekki að þessi aths. verði sþ. þannig orðuð. Jeg vona, að mönnum sje ljóst af þessari brust. minni, að mjer er alls ekki um það að gjöra, að amtsráðin fái meira vald yfir veitingu þessa fjár, heldur sje ástæða mín einungis sú, að fjárlögin, eins og öll önnur lög, komi svo úr garði gjörð frá þinginu, að vjer getum verið þekktir fyrir þau.

Þorkell Bjarnason: Brt. þær, sem jeg er hjer við riðinn, eru 2; önnur við 10. gr. A. 3., sem fer fram á, að færa niður endurskoðunarkostnaðinn um 500 kr. hvort árið, og hin við 12. gr. 1. um að færa niður laun póstmeistarans um 400 kr. árlega. Jeg vona, að h. h. d. sjái, að þessar brust. eru báðar á góðum rökum byggðar, því að flestum hlýtur að vera ljóst, að þetta ár er ekki það árgæzkuár, að ástæða sje til til að færa laun embættismanna upp, sízt þar sem þau eru viðunanleg áður, eins og hjer á sjer stað. Þar sem þessar upphæðir eru nú eptir br.uppást. hinar sömu eins og n. hafði stungið upp á, get jeg búizt við góðum undirtektum undir þessar brust. frá nefndarinnar hálfu. Mjer þótti því h. h. frsm. (H. Kr. Fr.) harðorður um uppást. þessar, þar sem hann sagði, að þær væru einungis til að vekja sundurlyndi og ágreining; en til þess, að sýna honum, að sá hafi ekki verið tilgangur minn, skal jeg geta þess, að jeg hafði hugsað mjer að falla frá brust. í morgun þegar jeg sá hve naumur tíminn var, til þess að tefja ekki fyrir málinu; en þegar umræðum var frestað til kveldfundar, vildi jeg sjá hvort ekki greiddist svo úr með tímann, að þær gætu fengið fram að ganga slysalaust, enda máttu þær þá koma fram, eins og aðrar breytingaruppástungur, því til að koma með breytingartillögur var málinu frestað. En nú eptir að jeg hef heyrt ræðu h. hæstv. lh. og fengið að vita, að engin von er til þess, að þingtíminn verði lengdur meira, kveð jeg mig fúsan til að taka þær aptur, svo framarlega sem hinir aðrir uppástungumenn taka einnig sínar uppástungur aptur, því að jeg vil ekki hafa þá ábyrgð að fjárlögin komist ekki fram; en á góðum rökum eru breytingartillögurnar byggðar.

Magnús Andrjesson: Jeg verð að vera h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) samdóma um, að aths. við 10. gr. C, 4. sje óframbærileg fyrir þá sök, hve óliðlega hún er orðuð. Það er reyndar satt, að þingtíminn er naumur orðinn, en mjer finnst þó alveg nauðsynlegt að reyna að hafa einhver ráð með að lagfæra það, sem svo fer illa á. Jeg verð því næst að halda vörn uppi fyrir mínum skækli, sem fer fram á að fækka hinum föstu kennurum, en hækka aptur tímakennslufjeð (C 435). Þessi uppást. hefur áður komið hjer fyrir, en var þá felld, einna helzt af þeirri ástæðu, að kennaraembætti þetta myndi þegar veitt. En nú er sú raun á orðin, að embættið er ekki veitt, heldur maður *settur* í það eitt ár. Jeg er enn á því, að heppilegra sje, að þetta bratkv. gæti komizt að. Jeg get ekki betur sjeð, en að nógir fastir kennarar sjeu við skólann sem stendur, og að á það beri að líta, að við þessa uppástungu geta sparast hjer um bil 1300 kr. á ári. Þetta bratkv. gefur einnig stjórn skólans frjálsari hendur, þegar hún getur valið milli manna til að kenna. Setjum svo, að svo óheppilega skyldi til takast, að í nokkur kennaraembættin veldust menn, sem ekki væru sem reglusamastir, menn, sem væru ónáttúraðir til að kenna og ynnu verk sitt með hangandi hendi. Þá gæti það hugsazt, að rektor skólans og yfirstjórn fyndi þessa galla, en gæti þó eigi við ráðið, af því að eigi væri nóg ástæða til að víkja þessum mönnum frá embætti. En væru þeir ekki fastir embættismenn, væri innan handar, að velja aðra menn næsta ár. Slík tilfelli hlýtur h. h. frsm. (H. Kr. Fr.) að geta hugsað sjer, og í slíkum tilfellum hlýtur hann að sjá, að það væri betra að hafa frjálsar hendur að velja aðra í þeirra stað. Það er og óhætt að segja, að nú um nokkur ár hefur verið kostur á þeim tímakenn-

urum, er alls ekki standa á baki sumum hinna föstu kennara. H. h. frsm. þótti undarlegt, að í sömu andránni, sem verið er að tala um að stofna realkennslu, skuli einnig vera talað um að fjölga ekki föstum kennurum; en þetta er ekki svo undarlegt. Skólinn er enn ekki annað en latínuskóli, og komist realkennsla á, er engin ástæða til að efast um, að tímakennararnir verði eins hæfir til að gegna henni, eins og fastir kennarar. Það er heldur ekki svo að skilja, að hjer sje farið fram á að af nema öll föst kennaraembætti. Það verður ekki betur sjeð, en að nóg sje að hafa 4 fasta kennara auk rektors og yfirkennara.

Th. Thorsteinson: Það er einungis viðvíkjandi brt. við 10. gr. C. 4. aths., sem jeg ætlaði að tala fáein orð. Það er víst rjett, sem h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) tók fram, að það er sjálfsagt vilji d., að ekkert komi frá henni, sem sje spaugilegt eða hlægilegt. Jeg skal játa, að aths. er ekki heppilega orðuð, en jeg efast um, að hún yrði heppilegar orðuð, þótt þessi brt. kæmist að. Hann gleymdi dálitlu, þegar hann var að lesa upp, hvernig aths. væri nú orðuð; hann las svo: „Lh. úthlutar helmingi fjárins", og svo aptur: „hinum helmingi fjárins úthlutar lh."; en hjer er dálítið á milli. Þegar öll aths. er lesin, hljóðar hún svo: „Lh. úthlutar helmingi til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda, og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða. Hinum helmingi fjárins úthlutar lh.". Ef nú þau orð eru numin burtu, sem brt. fer fram á, má jeg þá spyrja, hvað verður þá um þann helming fjárins? Þá verður að eins talað um annan helminginn, en ekki með einu orði minnzt á hinn helminginn. Jeg held að það sje betra að veifa röngu trje en engu, og því held jeg að betra sje að halda því, sem vjer höfum, því að þar er þó talað um báða helmingana, þótt það sje ekki heppilega orðað, heldur en að fella þessi orð burtu og tala svo ekkert um annan helminginn. Hvað snertir brt. 2. þm. GK., þá hefur d. áður sýnt skoðun sína á því atriði, og sýnt það, að hún er á gagnstæðri skoðun við það, sem brt. fer fram á, svo að jeg geng að því sem vísu, að þessi breytingartillaga verði felld.

Gunnlaugur Briem: Þótt jeg á þessum hinum síðustu tímum komi fram með vtill., að það sje tekið fram í fjárlögunum, að af þeirri upphæð, sem er ætluð til uppbótar fátækum brauðum, skuli Fell í Sljettuhlíð fá 400 kr. hvort árið (C 436), þá vona jeg samt að það verði eigi á hinum verstu. Jeg skal leyfa mjer með fáum orðum að skýra frá tildrögum þessarar vtill. Eins og h. h. þd. er kunnugt, hefir á lestrarsalnum legið bænarskrá frá prestinum í Felli um alllangan tíma. Presturinn þar sótti um brauðið eptir að brauðauppbótarlögin frá 27. febr. 1880 voru samþykkt sem lög frá þinginu 1879, og gjörði það í þeirri vissu von, að hann fengi uppbótina, 400 kr., er brauðinu var ætluð, þegar er lögin fengju gildi. En hver varð reyndin á? Hinn, að líkindum rjetti, skilningum á umyrðum þingsins 1879, þá talað er um brauð, sem „*nú*" eru laus, það er að segja þau fátæk brauð, er voru laus um þingtímann 1879, þar á meðal Fell í Sljettuhlíð, er ætlað var 400 kr. uppbót, virðist hafa verið fyrir borð borinn, og sú kynlega skýring um gildi laganna viðtekin, að uppbótin næði einungis til þeirra brauða, er hefðu verið laus þegar lögin voru undirskrifuð og staðfest af konungi 27. febr. 1880; mjer virðist, að annaðhvort verði uppbót að ná til allra þeirra uppbótarbrauða, er voru laus um þingtímann 1879, og það væri eðlilegast og sanngjarnast, eða þá ekki til neinna brauða fyr en í fardögum 1881, að lögin bókstaflega áttu að ná gildi; en fram hjá þessu hefur þó verið gengið, og það af hinni h. þd., með því hún hefur samþykkt 2500 kr. uppbót til ýmsra brauða, er voru veitt fyrir fardaga 1881, eins og reikninganefndin hefur ráðið til og álitið rjett. En hvað um þetta; Fellsprestakall hefur orðið nokkurs konar olnbogabarn og ekki enn notið hinnar fullu tilætluðu uppbótar, heldur að eins fengið 1881 300 kr., 1882 200 kr. og 1883 300 kr. Presturinn að Felli hefur því fengið fyrir hinn umliðna tíma að eins 800 kr. í stað 1200 kr.; hann vantar því 400 kr. til þess að hafa fengið hina fullu uppbót, er mjer virðist að öll sanngirni mæli með, að hann hafi átt að fá. En jeg skal nú eigi minnast á það frekar, sem liðið er; jeg þykist hafa svo nógsamlega kynnt mjer hugi margra hinna h. þm. að það hefði ekki orðið nema fyrirhöfnin

ein, að bera þessa bænarskrá fram á þinginu, hvað umliðinn tíma snertir; en mjer finnst því ekki bót mælandi, ef h. h. þd. ekki vill taka þessa óheimtufreku og sanngjörnu bæn til greina, og vil eg því leyfa mjer að mælast til þess við h. h. þm., að þeir gjöri sitt til þess, að presturinn að Felli fái vissu fyrir því, að hann fái framvegis þá uppbót, er lögin frá 27. febr. 1880 gjöra ráð fyrir. Að vísu mundi Fellsprestakalli geta borið hjer um bil 360 kr. af þeim 5000 kr., er veittar eru til bráðabyrgðaruppbótar fátækum brauðum, ef farið væri eptir rjettri tiltölu; en bæði er það óvíst, að fjeð verði veitt eptir rjettri tiltölu, það hefur eigi verið veitt svo hingað til, og svo mælir hin mesta sanngirni ef ekki fyllsti rjettur með því, að Fellsprestakall fái hina tilætluðu 400 kr. uppbót nú þegar óskerta, og að það verði tekið fram í fjárlögunum, svo ekki þurfi að eiga undir því, að fjeð verði veitt framvegis af handahófi. En geti nú presturinn eigi fengið það nú þegar, sem honum að mínu áliti hefur borið fyrir löngu síðan, að minnsta kosti með sama rjetti eins og þeim prestum, er fengu uppbót til brauða, er þeim voru veitt eptir að lögin frá 27. febr. 1880 voru staðfest, en þó fyrir fardaga 1881, og það jafnvel án þess brauðunum væri slegið upp með hinni — eptir nýnefndum lögum — ákveðnu uppbót, þá þykir mjer hann verða nokkuð hart úti. Sje jeg eigi, að slíkt verði til annars en hrekja prestinn burtu þaðan, sem hann er. Landið hefur engan hag af slíku, því að þá verða menn að greiða þessar 400 kr. úr lsj. nauðugir viljugir. Sóknarmenn missa bezta prest og góðan fjelagsmann úr sveitinni. Jeg sje því eigi nokkra átyllu til þess að neita þessari vtill., er eigi hefur nein útgjöld fyrir lsj. í för með sjer, heldur miðar að eins til þess, að presturinn fái vissu fyrir því, að hann að minnsta kosti yfir næsta fjárhagstímabil fái uppbótina með þeirri upphæð, sem lögin frá 27. febr. 1880 ákveða.

Eiríkur Kúld: H. h. frsm. (H. Kr. Fr.) hjelt að það væri sprottið af misskilningi frá minni hálfu, að tillaga mín um lánið til Stykkishólmskirkju væri komin í það form, sem hún nú er komin í; en það er ekki sprottið af misskilningi hjá mjer, heldur hjá e. d. og honum sjálfum, og máske nokkrum í fjárl.n. — sumir skildu hana rjett. Jeg gjörði aldrei miklar kröfur; jeg fór að eins fram á, að kirkjunni veittist frestur á að borga rentur og afborgun fyrir 2 ár þangað til 1886, ekki að lsj. missti einn eyri. Allur sá halli, sem lsj. biði við það, yrði að eins sá, að lánið yrði að fullu endurgoldið á 27 árum, í staðinn fyrir á 25 árum, eða að lánið stæði 2 árum lengur. En nú misskilur e. d. og frsm. (H. Kr. Fr.) mig svo, að jeg hafi ætlazt til, að kirkjan ætti 1886 að borga þrefaldar rentur, en það hefur mjer aldrei til hugar komið. Viðvíkjandi brt. h. h. þm. Bf. (Gr. Th.) við 10. gr. C. 4., þá verð jeg að lýsa því yfir, að jeg álít hana alveg óumflýjanlega nauðsynlega. Jeg álít það mjög óheppilegt, að koma fram með svona hlægilega ákvörðun í fjárlögum, og því mun jeg gefa þessari brt. atkv. mitt. Jeg skal, úr því jeg stóð upp á annað borð, lýsa því yfir, að mjer þykir leiðinlegt, hvernig þingið hefur tekið undir ýmsar brt. viðvíkjandi styrk til kirkjunnar, prestastjettarinnar og guðsorðs yfir höfuð. Mjer þykir undarlegt og næsta leiðinlegt að uppbótin til Dvergasteinsprestakalls skyldi vera felld, því að hvað leiðir af því að þessar 300 kr., sem um var beðið, fást ekki? Já, jeg get skýrt nokkuð frá því. Afleiðingin verður að biskupi verður ómögulegt að fá prest til að þjóna brauðinu með þeim launum, sem nú eru þar, sem nú eru einar 500 kr. Jeg tek þetta fram sem sýnishorn upp á, hve þm. eru hlynntir kirkjunni. Þá þykir mjer enn fremur leiðinlegt, að ekki skuli vera veittur styrkur sá, til að gefa út postillu Helga biskups, sem h. h. e. d. var búin að samþykkja við 2. umr. í þeirri d. Jeg er á því, að það sje ekki rjett að veita styrk út í bláinn, en þegar jeg lít til þess, að styrkur hefur verið veittur í miklu minna áríðandi tilgangi, þá finnst mjer undarlegt af þinginu, að vilja ekki veita þennan styrk, sem miðar til þess að útbreiða guðsorð. Þá tekur mig og mjög sárt, að þingið skuli neita um lán til Eiríks Magnússonar. Það er satt, að það er komin fram þgsál. sem gengur í þá stefnu að skora á rg. að veita lh. heimild að lána hina umbeðnu upphæð, en jeg vildi óska að hinn hæstv. lh. ljeti í ljósi, hvort þessi þgsál. mundi koma málinu í viðunanlegt horf. Mjer

þykir það óhæfilegt að sá maður fái ekki þetta lán, sem lagt hefur jafnmikið í sölurnar fyrir Ísland, þar sem hann hefur tvívegis, þegar að mönnum hefur þrengt hjer á landi, hjálpað löndum sínum af öllu megni, og með því bakað sjer óvild erlendis, já lagt líf sitt í hættu til þess að geta komið hjálpinni nógu snemma til sinna nauðstöddu samlanda. Jeg gæti gjört mig ánægðan með þessa þgsál., ef hinn hæstv. lh. vildi lýsa því yfir að hún gæti ráðið málinu svo til lykta sem jeg óska; en annars ekki.

Landshöfðingi: Jeg ætla að geta þess, að það málefni, sem h. h. þm. Bst. (E. K.) talaði um, liggur hjer eigi fyrir, en það þarf nú eigi heldur að spyrja um álit mitt í því efni, því að h. h. þd. er kunnugt um skoðun mína því viðvíkjandi; og tel jeg miklu betra, að tillagan til þingsályktunar nái fram að ganga, heldur en að hið síðasta svar frá þinginu upp á bænarskrá herra Eiríks Magnússonar verði nei. Viðvíkjandi brt. h. h. þm. Bf. (Gr. Th.), þá verð jeg að geta þess, að aths. við 10. gr. C. 4. tl. er eigi heppilega orðuð; en jeg sje hins vegar eigi, að það hafi mikla þýðingu, því að hvort sem brt. verður samþykkt eða eigi, þá verður framkvæmdin alveg á sama hátt. Það hefur mikla þýðingu, að lög yfir höfuð sjeu vel orðuð og skilmerkilega, en það gjörir minna til, hvort stýllinn á fjárlögum er fallegur eða ekki, enda hef jeg aldrei heyrt, að fjárlög þyrftu að vera neitt munstur upp á fallegan stýl, en það er auðvitað, að ákvarðanir þeirra þurfa að vera skýrar og ákveðnar. Og hvað frv. í heild sinni viðvíkur, þá álít jeg það nú svo vel úr garði gjört, að það sje æskilegt að það fái framgang eins og það er og verði samþykkt í þeirri mynd, sem það nú hefur fengið. Mjer þykir yfir höfuð ísjárvert að nokkur brt. verði samþykkt, því að það verður til þess, að frv. gengur aptur til e. d., en það er engin vissa fyrir, að hún fallist á brt. og þá verður að hafa sameinað þing, en til þess er eigi tími, og leiðir þá til þess, að fjárlögin verða eigi búin áður en þinginu á að slíta eptir lögum. Jeg játa það, að e. d. hefur gjört sumar brt., sem ekki eru að mínu skapi, en jeg álít það skyldu mína gagnvart þinginu, að gjöra þær eigi að kappsmáli, heldu beygja minn vilja undir vilja þingsins.

Hvað snertir hinar nýju brt., sem hjer liggja fyrir, þá álít jeg sumar næsta óheppilegar, og sjerstaklega skal jeg geta þess, að mjer þykja þær brt., sem fara fram á að lækka laun hins umboðslega endurskoðara og póstmeistarans mjög illa til fallnar. Jeg hef áður talað um þetta og skal því eigi fara mörgum orðum um það, en að eins geta þess, að mjer þykir undarlegt, að koma nú með brt. um það, sem búið er að samþykkja í báðum deildunum og báðar deildirnar þannig mega álítast vera búnar að koma sjer saman um; og vona jeg að þessi tilraun til þess, að lækka hin umræddu laun, verði nú árangurslaus.

Viðvíkjandi brt. um uppbót til Fellsprestakalls, þá þykir mjer ísjárvert, að fallast á hana, af því að hún kemur svo seint, og tel jeg því líklegt, að h. h. þd. samþykki hana eigi svona á hinni síðustu stundu, og yfir höfuð vona jeg, að nú verði eigi farið að breyta frv. frá því, sem það var, er það kom frá e. d.

Jakob Guðmundsson: Af því að nafn mitt ásamt fleiri þdm. stendur hjer undir 2 bratkv., þá finn jeg ástæðu til þess að að fara um þau nokkrum orðum. En af því nokkrir h. þd.menn hafa nú farið því fram, að annaðhvort yrði n. d. að fallast á fjárlögin óbreytt eins og þau liggja hjer fyrir frá e. d. ellegar eiga það á hættu, að landið verði fjárlagalaust þetta næstkomandi fjárhagstímabil, þá vil jeg taka fram nokkrar almennar aths. í þessu tilliti. Mjer fyrir mitt leyti þykir það nokkuð hart, að e. d. sendi n. d. fjárlög talsvert breytt frá því, sem n. d. hafði við þau skilið, og að þetta skuli ekki koma fram fyr en rjett undir þinglok, svo að n. d. megi til annaðhvort að gjöra e. d. einráða í fjármálum ellegar eiga það á hættu, að að landið verði fjárlagalaust. Þetta virðist mjer með öllu óaðgengilegt, og jeg álít það fullkomna skyldu beggja deildanna, að neyta allra leyfilegra meðala til að ná samkomulagi. Já, jeg álít það jafnvel skyldu stjórnarinnar, að lengja þingið um einn eða fleiri daga, ef það er nauðsynlegt, til þess að deildirnar fái fullt tækifæri til þess að koma sjer saman um fjárlögin. Jeg álít það samkvæmt hlutar-

ins eðli, að ef deildirnar geta ekki komið sjer saman í öllum atriðum, þá ætti þó n. d. að ráða meira en e. d. — Það liggur þó í hugmyndinni um hið fjárveitandi þing, að það sje í rauninni þjóðin, sem hafi veitingarvaldið, og þetta er máske hið helzta vopn, sem þjóð og þing hafa gagnvart stj., ef hún kynni að sýna sig miður sanngjarna í einhverju öðru tilliti. Í n. d. eru tómir þjóðkjörnir menn, en í e. d. er að eins helfingurinn þjóðkjörnir, en hinn helfingurinn konungkjörinn. Það er því auðsætt, að e. d. ætti, ef samkomulag ekki næst, að beygja sig í fjármálum fremur fyrir n. d. heldur en n. d. fyrir e. d., að því ógleymdu, að svo á konungur eptir að staðfesta lögin eða neita staðfestingar, eptir því, sem andi ráðgjafans blæs honum í brjóst. Jeg neita því fastlega að e. d. nokkurn tíma megi komast upp á það, að setja n. d. stólinn fyrir dyrnar í slíkum málum. *(Margir:* Hærra! hærra!). Jeg tala rjett eins og mjer er lagið, en ef hinir h. þd.menn ekki hætta að grípa fram í, þá mun jeg hafa *langt um hærra. (Margir:* Bravó, bravó! Hlátur). Jeg skora á hina h. n. d., að láta ekki rjett sinn í fjármálum ganga ófyrirsynju úr greipum sjer. *(Benidikt Sveinsson:* Heyr!). Hvað viðvíkur brust. þeirri sem fer fram á, að fjölga ekki föstum kennurum við latínuskólann, en hafa heldur fleiri tímakennara, þá er það nú auðsjáanlega sparnaður um 1300 kr. eða meira, en það er þó sjer í lagi önnur aðalástæða, sem jeg hefi til þessarar br., og hún er sú, að ef kennarar eigi reynast svo vel sem skyldi, og menn hafa vonazt eptir, þá er talsvert hægra að skipta um lausa tímakennara, heldur en um þá kennara, sem hafa fengið fasta veitingu fyrir embættum með fastákveðnum launum. Það gengur því miður svo til um ýmsa embættismenn, að þó þeir sjeu—jeg vil ekki segja óbrúkandi—heldur lítt brúkandi, þá skirrist landstjórnin við til hins ýtrasta, að víkja þeim úr embætti, og segi jeg þó þetta eigi í beinu ámælisskyni, því að þó jeg sjálfur væri amtmaður, lh., eða rg., og veit jeg ekki hvað, þá hefi jeg varla það traust á sjálfum mjer, að jeg mundi verða laus við þessa misskildu mannúð og miskunn, sem stundum getur orðið . . . . . Það virðist, nú ekki vera hætt við, að skortur verði á mönnum í bráð til tímakennslu. Nú eru til svo margir lærðir menn og vel að sjer, sem lítið eða ekkert hafa að gjöra og ganga eins og logi yfir akur; þeir mundu hafa gott af því, að vera kennarar um tíma, og ef þeir reyndust vel, þá ætti það að vera þeim bezta meðmæling. Hvað viðvíkur brt. um borgun til erindrekanna í Elliðaáamálunum, þá hefur hún bæði sína meðmælendur og mótmælendur. Jeg fyrir mitt leyti álít, að sómi þingsins liggi við að neita eigi um þetta fjárframlag, úr því að erindrekarnir voru kosnir af þinginu. Sá erindrekinn sem fór utan og gekkst fyrir því að fá þann málaflutningsmann landsins eða þingsins vegna við hæstarjett, sem hann treysti öðrum betur, var sannarlega skuldbundinn til þess að sjá þessum manni fyrir því aukagjaldi, sem prívatmenn eru vanir að gefa málsfærslumönnum við slík tækifæri. Og vilji þingið ekki greiða þetta fje, hvað liggur þá beinna við, en að erindrekinn verði að greiða það úr eigin vasa til þess að geta sýnt sig sem heiðarlegan erindreka alþingis í augum málsfærslumannsins og annara þeirra manna, sem vita hvernig í máli þessu liggur.

Arnljótur Ólafsson: Jeg ímynda mjer, að þd. óski eptir logni eptir þennan storm (Hlátur). Jeg segi „*logn*“, af því að hin hin hjartnæma ræða þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) fjekk svo á mig, að jeg þori nú ekki framar að mæla með bratkv., því að „þau eru óþörf“. Þess vegna er jeg þegar í stað ósamþykkur við brt. undir 10. gr. A. 3.. þar sem 2. þm. G. K. (Þ. Bjarnason) stendur undir. Jeg er á móti þessu bratkv. af því, að þessi sama d. hefur samþykkt hið gagnstæða áður en frv. fór upp í e. d., og þess vegna vil jeg ekki, að þd. gefi þannig atkv. ofan í sjálfa sig.

Þá er bratkv. við 10. gr. B. 4.; en af því að það mál er mjer skylt, þá ætla jeg ekki um það að tala, enda hefur þm. D. (J. G.) mælt svo vel og kröptuglega fram með hinum erindsrekanum, að honum er fullkomlega borgið, hvað sem mjer líður.

Þá er brt. frá þm. Bf. (Gr. Th.) við 10. gr. C. 4. um að klippa aptan af hinni margklipptu grein. Jeg get ekki annað en verið því alveg meðmæltur og það einmitt af þeim ástæðum, sem jeg veit

hinn h. frms. tekur góðar og gildar. Hjer stendur í greininni: „Lh. úthlutar *helmingi* til sýslunefnda o. s. frv. *Hinum helmingnum úthlutar lh.*“. *Hverjum?* Það er ekki nefnt. Það er steinhljóð. Setningin er svona. Í fyrri setningunni stendur, hvernig og hverjum er úthlutað. Í síðari setningunni stendur hvorugt. Þar er steinhljóð um þetta hvorttveggja. Það er eins og tekið sje fyrir kverkarnar á þeim, sem talar, eður eins og sá hafi dottið dauður niður og penninn hrotið úr höndum þess, sem ritaði. (*Tr. G.*: 1. línan). Svo?, og þegar þessu er skipt í tvennt og sagt, að „helmingnum“ sje úthlutað þannig, en hinum *helmingnum sje úthlutað*, þá er þetta *meiningarlaus mótsetning*. Í staðinn fyrir, að í fyrri málsliðnum er vissum mönnum úthlutað og á vissan hátt, þá á líka—eptir seinni málsliðnum—að úthluta hinum helmingnum *óvissum mönnum* og á *óvissan hátt*. (*L. B.*: Til eflingar búnaði). Ja, það liggur næst að halda, að það sje til eflingar búnaði, en jeg tek það upp aptur, að þegar ekkert er sagt um það, hverjum eða hvernig á að úthluta, þá hlýtur mótsetningin við fyrri málslið að vera, að það megi úthluta rjett út í bláinn. Og jeg vil segja, að þó að hin h. fjárln. n. d. hafi í samfjelagi við hina h. fjárln. e. d. verið á þessu, þá álít jeg með allri þeirri virðingu, sem jeg ber fyrir þeim 6 h. herrum í fjárlagan., að hún hafi ekki leyfi til, að koma með meiningarleysi inn í frv. (*L. B.*: Þeir eru 7 í fjárlagan.). Jeg tek frms. (H. Kr. Fr.) undan, því hann er kennari í íslenzku!'! (Hlátur). Mjer þykir fjárln. fara of langt, ef hún vill fara að við hafa sparnað í stýl. Það er þá eins og það kæmi frá sparnaðarnefndinni. (*L. Bl.*: þm. er sjálfur í sparnaðarnefnd). Jeg þekki sparnaðarnefndina, jeg hef og andæpt á móti henni, og eins andæfi jeg á móti þessu, því að það er *ekki* sparnaður, eða að minnsta kosti er það ekki svo í mínum augum.

Svo er önnur brt. frá þm. Bf. (Gr. Th.) um að bæta þessu nýsamþykkta frv. við 19. gr. Það er sjálfsagt, að samþykkja þá brt.; líka getur verið ástæða til, að bæta við öðru frv., um farmgjald skipa, og vona jeg að því frv. verði einnig bætt við. Jeg get þessa, af því það frv. er líka enn þá til samþykktar í e. d. (*L. Bl.*: Redaktion). Já, en sem hefur sína þýðingu.

Þá kem jeg að vtill. 2. þm. Skg. (G. Br.) við 13. gr. A. b. 2. um að veita Fellsprestakalli þess lögboðnu uppbót samkvæmt prestakallalögunum. Jeg veit að það er þyrnir í augum sumra þm., ef talað er um presta eða brauð, þótt ekki sjeu þeir á móti viðunanlegum launum fyrir suma aðra embættismenn. En mjer finnst þó þetta vera í samkvæmni við það, sem þingið hefur samþykkt um laun embm. í sumum öðrum lagaboðum. Áður hefur þ. samþykkt, að hækka laun sýslum. í Strandasýslu, og eins nú laun sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, svo nú veit jeg ekki til, að nokkur sýslumaður sje eptir, sem ekki hefur fengið laun sín hækkuð á sama hátt og þetta. (*G. Br.*: Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum). Það er satt, en hann hefur svo hæga sýslu, að það hefur ekki verið ástæða til þess, enda er vonandi hann fái uppbót sína á næsta þingi. Mjer finnst því vel við eiga, að þingið samkvæmt þessu vilji ekki flæma ágætan prest burtu frá brauðinu, þegar það kostar þd. ekkert annað en eitt já. Þessi uppbót gengur til brauðsins, hvort sem er, undir eins og þessi prestur flytur í burtu.

Þá er enn fremur brt. við við 13. gr. B. 3. um að auka tímakennslu við lærða skólann, en skipa eigi fastan kennara. Jeg álít að þeir menn, sem hafa mælt með þessari brt., hafi gjört það svo vel, að í þessu tilliti sjeu ástæður þeirra yfirgnæfandi. Jeg tók það einnig fram áður, að lausakennslan væri æskileg, ekki af því að kennararnir eru lausir, heldur af því, að þeir eru ungir og nýir, og þekkja betur til þess nýja, sem kennt er á þeirra tímum, en hinir gömlu. En nú er sjálfsagt sú ástæða aptur á móti þessu, að það sje búið að setja mann í embættið. En embættið er þó ekki veitt, þótt það komi í raun og veru fyrir sama, því að settur kennari hefur sömu laun sem honum væri veitt embættið. Því er jeg ekki svo harður á atkvæði mínu fyrir þessu bratkv., því að það væri sama sem að gjöra ónýtt það, sem stj. hefur gjört. (*Margir*: Nei, nei!). Jú, því að sett og veitt embætti er sama hvað launin snertir. Jeg held það sje heppilegra fyrir þingið, að laga sig eptir landsstj., þegar það getur það án þess

að beygja frá stefnu sinni. Jeg álít það, skyldu þingsins að gjöra sitt atkv. svo gildandi, sem unnt er, það er með öðrum orðum, neyta allrar þeirrar festu og skynsemi, sem því er gefið, en leggja eigi til streitu í smámálum. Það hefur sú þjóð aldrei gjört, sem hefur frjálsasta stjórnarskipun allra þjóða, og það eru Englendingar. Þingið þar hefur opt slakað til við stjórnina. Jeg held það væri hyggilegra, ekki einungis í þessu máli, heldur og í fleirum málum, að þingið hefði haft meira tillit til, hvað er vani og hvað er skoðun ekki einungis hjer á landi heldur og á norðurlöndum. Þess vegna vil jeg ekki gjöra þá ákvörðun, sem jeg er viss um, að aldrei getur náð samþykki.

Eiríkur Briem: Það hefur verið talað um að tíminn væri orðinn svo naumur, að það væri vansjeð, hvort fjárl. kláruðust, ef nú væru nokkrar breytingar á þeim gjörðar. Það hefur einnig verið talað um, hversu þetta væri ísjárvert og bratkv. væri ekki svo merkileg eða mikilsverð, að það væri tilvinnandi fyrir þau. En jeg vil nú gjöra ráð fyrir hinu tilfellinu, að það verði vikið svo frá þingsköpunum, að fjárl. komist í sameinað þing, og þá vil jeg líta á, hvort von muni vera til að þessar brt. geti náð samþykki í sameinuðu þingi. Jeg vil þá fyrst minnast á brt. 2. þm G. K. Þessar till. voru felldar um daginn með dálitlum atkvæða mun. Jeg gæti nú ímyndað mjer, að skoðanir manna hefðu breytzt, svo að það yrðu 1 eða 2 af þeim, sem þá greiddu atkvæði á móti því, sem greiddu nú atkv. með því, svo það yrði samþ. í þessari deild; en þá er samt ekki líkt því, að útlit sje fyrir að það nái samþykki í sameinuðu þingi, því að þessi sama tillaga kom fram í e. d., og var felld þar, með öllum þorra atkvæða, svo jeg ímynda mjer þetta sje ekki til annars en tefja tímann. Jeg segi fyrir mig, að jeg greiddi atkv. fyrir báðum þessum tillögum um daginn, og jeg hef ekki breytt skoðun minni síðan; en úr því, sem komið er — þar sem ekki er minnsti vegur sjáanlegur til að koma þessu fram í efri deild eða í sameinuðu þingi,— þá get jeg ekki stutt að því, að þessar breytingar sjeu gjörðar.

Þá er brt. um að fækka föstu kennurunum við lærða skólann. Það er sama að segja um það; það kom fram áður og var þá fellt, með nokkrum atkv. mun, og jeg get ekki ímyndað mjer að deildinni hafi snúizt svo hugur síðan, að það sje nokkur von til, að það nái fram að ganga. Þá er viðaukaatkv. um uppbót til Fellsprestakalls. Þetta er svo lítilfjörlegt, að jeg álít ekki ástæðu til að halda því fram, og gjöra þann kostnað, sem því væri samfara, ef það yrði samþykkt, sem annars er lítil von til, eptir því sem tekið hefur verið í lík mál.

Þá er brt. um þóknun til erindrekanna í Elliðaármálunum. Hún var samþykkt hjer um daginn, og það er hið eina, sem e. d. hefur breytt frá því, sem n. d. samþykkti og sem breytingaratkv. er aptur komið fram um. Þetta ætti því að vera hið eina mál, sem ástæða væri til að gæti orðið að kappsmáli milli deildanna. En nú vil jeg hugleiða, hvernig mundi fara um þetta atriði í sameinuðu þingi. Í n. d. var það samþykkt m. 13 atkv.; en í e. d. voru 10 eða 11 atkv. á móti því, svo það eru ekki nein líkindi að það næði fram að ganga. Jeg greiddi atkv. með þessu um daginn; en nú mun jeg vera á móti því af sömu ástæðum og við hinar brt.

Þá er ekki eptir nema brt. þm. Bf.; en eins og h. h. lh. tók fram hefur hún ekki mikla þýðingu, og fyrir orðabreytingar einar vil jeg ekki fara að breyta frv.

Þegar jeg lít á þetta, þá vil jeg skjóta því til ustm., hvort það er ekki full ástæða fyrir þá, *að taka öll breytingaratkvæðin aptur*.

Jón Ólafsson: Oss hefur verið ögrað með því, að vjer sjeum neyddir til að ganga að fjárl. eins og þau koma frá e. d.; ella verðum vjer að vera án allra fjárl. frá þinginu og fá bráðabirgðafjárl. Þetta hefur frsm. (H. Kr. Fr.) leyft sjer að bera á borð fyrir þd., og aðrir fleiri. Jeg segi, að það sje ekki sæmilegt fyrir þessa þd., að þola slík orð; það hefur aldrei heyrzt, að sú deildin, sem er skipuð þjóðkjörnum mönnum einum saman, láti setja sjer afarkosti af hinni þd., þar sem helmingurinn er kosinn af stj. Þessi þd. er skilgetin dóttir kosningarrjettar þjóðarinnar; jeg veit ekki hvað jeg á að kalla hina. (*Lárus Blöndal*: Það er óheppileg samlíking). Hún er einmitt heppileg, af því að hún er *sönn*. Að þd.,

sem að hálfu er kosin af stj., leyfi sjer að setja þessari þd. stólinn fyrir dyrnar, er svo fjarri því að vera oss boðlegt, að það er miklu fremur óheyrilegt; slíkt má hvorki segjast nje heyrast í þessum sal. Meira að segja, í Danmörku, þar sem þingfrelsi er ekki meira en góðu hófi gegnir, þar er þingið lengt mánuð eptir mánuð, það situr 4 sinnum lengur en ákvarðað er að lögum; en hjer er oss ögrað með fáum dögum eða jafnvel einum degi. Oss er ögrað með því, að fjárl. þurfi að koma í sameiginlegt þing og til þess sje ekki tími. Á þá leið fjellu orð hins h. 2. þm. Hv. (E. Br.). Hvað hugsaði þá e. d., þegar hún gekk í slíkt berhögg við þjóðkjörnu þd.? Það er sannarlega hún, en ekki við, sem á að hugsa um slíkt. Ef önnur deildanna hefur rjett til að setja hinni stólinn fyrir dyrnar, þannig að hún verði annaðhvort að samþykkja fjárl., eins og þau eru, eða bera ábyrgðina fyrir að láta það ógjört, þá er það sannarlega vor deild, þjóðkjörinna þm. Það heyrist ekki einu sinni í Danmörku, ekki einu sinni af munni prófvísóristanna, og því síður annarstaðar, að það sje forsvaranlegt af nokkurri stj. að slíta þinginu, fyr en öll constitutionel meðul eru full-reynd til að koma á fjárl. Og eptir stjórnarskrá Dana er þó ekki einu sinni víst, að það takist, þó allra meðala sje í leitað. Eptir vorri stjórnarskrá hlýtur það alltaf að takast í sameiginlegu þingi, þar sem ekki þarf nema meira hluta atkv.; hjá oss eru því nóg constitutionel meðul til þess að koma fjárl. af á löglegan hátt, ef stj. að eins vill leyfa þinginu að neyta þeirra. (*Halldór Kr. Friðriksson:* Þingmenn fara burtu). Það er hin aumasta ástæða, og ósamboðin *flestum* í þessum sal; sá þm., sem vegna eigin hagsmuna eða af gjálífi og hirðuleysi hleypur þannig frá hálfunnu verki, hann er ekki þess verður að sitja á þingi. Engin þjóðkjörin þd. í víðri veröld ljeti bjóða sjer slíkt, sem oss er boðið; en vjer verðum að búa undir því, af því að meiri hluta þessarar deildar skortir virðing fyrir sjálfri sjer og stöðu sinni, en vill leggjast flatur á magann fyrir e. d. (Sussað). Þeir herrar, sem þannig tala og hugsa og nú sussa, þeir sýna bezt með þessu, að þeir hafa enga hugmynd um stöðu löggjafarþinga og afstöðu deildanna—og enga hugmynd um þingmennsku.

Hinn hæstv. lh. ljet í ljósi, að hann mundi lengja þingið um 1 dag framyfir hina 14, sem honum er heimilað af stj. að bæta við hinn fyrirskipaða 6 vikna tíma; ástæðan til þess er sú, að 14. dagginn ber upp á sunnudag; en jeg veit ekki betur en að 2 sunnudagar sjeu í hverjum 14 dögum, og því sýnist mjer að eins mætti reikna báða sunnudagana frá og bæta svo 2 dögum við í þeirra stað, þ. e. að skilja svo heimildina til lengingar í 14 daga, sem þar með sje átt við 14 *virka* daga. Áður hefur það og borið við, að þingið hefur verið lengt um 2 daga fram yfir hinar 8 vikur. Jeg hygg því, að eigi muni standa á hinum hæstv. lh., ef þessi þd. að eins vill sjálf gæta sóma síns og rjettar og láta ágreiningsefnin skríða til skarar í sameiginlegu þ.

Þá skal jeg snúa mjer að brt.; af þeim eru 2 frá 2. þm. G. K. (Þk. Bj.). Hinn h. 2. þm. Hv. (E. Br.) sagði um þær, að þær yrðu ekki samþykktar í sameiginlegu þingi. Jeg skal játa, að hin 1. brt. um að færa niður launin til endurskoðarans næði víst ekki samþykki hins sameinaða þings, en hin síðari brt. um laun póstmeistarans hefði miklar líkur til að ná fram að ganga. Þm. (E. Br.) sagði að það væri ekki nóg að 1 eða 2 hefðu skipt skoðun sinni um það mál, frá því er það var fyrir í n. d.; en mjer er kunnugt um að sumir rugluðust í atkvgr. um þetta atriði einmitt vegna þess, hvað atkvæðaskráin var ógreinileg, og þess naut póstmeistarinn. Það hafa verið færð gild rök fyrir því bæði í n. d. og e. d., að óþarfi sje og varla hæfilegt að færa laun þessa embættismanns upp um meira en 300 kr. í þetta sinn, og þessi rök standa óhrakin. 1. þm. Sm. (Tr. G.) tók það skýrt fram, og það ætti einmitt að vera afgjörandi í þessu atriði, að breytingarnar á póstgöngunum, sem nú eru gjörðar, eru að eins til bráðabirgða, og sjálfsagt þurfi að auka póstgöngurnar enn meir síðar, þá bætist ný og aukin störf við póstmeistarann, og þá þurfi þingið aptur að auka laun hans. Þetta ætti hverjum manni að skiljast, og þá býst jeg við að þingið sleppi ekki með minna en 6—700 kr. viðbót við laun hans, sem nú eru. (*Benidikt Sveinsson:* 7000 kr.). Menn

hafa borið saman laun póstmeistarans og hins umboðslega endurskoðara. En menn hafa eigi gætt þess, að endurskoðarinn hefur mikinn skrifstofukostnað, en ekkert skrifstofufje, póstmeistarinn hefur mikið skrifstofufje, en enga skrifstofu, því að bóksölubúð hans getur þó ekki heitið því nafni. Póstmeistarinn fær fje úr lsj. til að launa skrifara við póststörfin, og fyrir það getur hann haldið mann við bókasölu sína og til að afgreiða gufuskipin, en þegar póstskipið kemur eins og í gærkvöld, þá getur farið svo að 15 tímar líði frá því skipið hafnar sig til þess er menn fá brjefin, sem með því komu frá útlöndum. Skipið hafnaði sig í gær kl. 9 um kvöldið, og jeg fjekk brjef mín frá Höfn fyrst í dag kl. 12. *(Halldór Kr. Friðriksson:* Það er ósatt; brjefin voru afhent í gærkveldi); ónei! ekki brjefin *frá útlöndum;* það voru að eins brjefin frá ýmsum höfnum hjer á landi. Þingið á fyrst að líta á verkin og síðan ákveða launin. Það stendur, að pósthúsið sje opið 8 tíma á dag, en það er víst ekki nema stundum að því er fylgt. Jeg hef sjeð auglýst, að við sendingum verði tekið til kl. 12 einn dag, og jeg hef eptir því komið til pósthússins kl. 8 — kl. 9 — kl. 10 — kl. 11, en allt af hefur verið lokað. Kl. 2 var loks opnað og þá tekið við brjefum, en þá var of seint að koma sendingum; þær áttu að vera komnar fyrir kl. 12. Þegar launin eru góð, þá hefur publicum heimtingu á að embættinu sje gegnt svo viðandi sje. Þessi brt. er þess vegna svo sanngjörn sem hægt er. *(Halldór Kr. Friðriksson:* Já!!). Sagði þm. Rvk. nei? Það er auðvitað hægt að slá hausnum við steininn. *(Halldór Kr. Friðriksson:* Jeg sagði „já"). Sje svo, bið jeg þm. fyrirgefningar; jeg skammast mín ekki fyrir að gjöra það, hver sem í hlut á, enda þótt það sje ekki nema þm. Rvk.

Þá kemur brt. mín og nokkurra annara þm. við 13. gr. B. III a., sem er þess efnis að hið síðara fjárhagsárið verði ekki þessi óheimiluðu kennaralaun við latínuskólann útborguð. Þessari brt. hefur þegar verið mælt svo vel bót, að óþarfi er við það að bæta. Það er engin ástæða að stofna nýtt kennaraembætti við skólann. *(L. Bl.:* Misskilningur). Þá misskilningur hjá 1. þm. Hv. (L. Bl.), af því að hann veit ekki að þessi 5. kennari á ekki heima á launalögunum, og er ekki til nema á fjárlögunum. Þegar brt. í þessa átt kom fyrst fram í þessari deild, voru flestir henni hlynntir; en þá kom fram upplýsing, að embættið kynni að vera veitt, og þá hurfu sumir frá þessari breytingu. Nú er komin upplýsing um það, að þetta embætti er *ekki* veitt, heldur er maður að eins settur til að gegna því um eitt ár; jeg vona því að ástæðan móti brt. sje nú horfin, og þingið sjái að það hefur nú frjálsar hendur. Brt. sparar lsj. á ári 1300 kr., því að 700 kr. eru ætlaðar til tímakennslu í stað fasta kennarans fyrir 2000 kr., auk þess að eptirlaunabyrðin sparast. Hinn h. þm. Ef. (A. Ó.) var brt. hlynntur, en vildi ekki ónýta gjörðir stj. í þessu efni; en jeg vona að hann sjái þegar hann les brt. betur að oss ustm. hefur alls eigi komið það til hugar, *þótt jeg álíti að þingið hefði fullan rjett til þess,* því að stj. hefur með órjetti sett mann í þetta embætti, en við höfum einmitt verið svo loyal, að láta þessa br. ekki ske fyr en síðara fjárhagsárið, af því að vjer vitum, að stj. hefur sett mann í emb. *um eitt ár* með þessum sömu launum sem föstu kennararnir hafa, og það látum við standa. En stj. hefur ekki skuldbundið sig gagnvart þessum manni, sem hún hefur sett í embættið, nema eitt ár, og þegar hennar tími er út runninn, þá er okkar tími að ráða.

Þá kemur vtill. frá 2. þm. Skg. (G. Br.) um, að til Fellsprestakalls í Skagafirði gangi 400 kr. af bráðabyrgðaruppbótinni; en það er tillagið, sem því er ætlað eptir prestakallal. 27. febr. 1880 og álít jeg það sanngjarnt, og er jeg þó ekki vanur að mæla með uppbót til presta.

Að síðustu skal jeg nefna brt. frá 3 þm. um borgunina til erindreka alþ. í Elliðaármálinu. Það gladdi mig að heyra, að 1. þm. Hv. (L. Bl.) kannaðist við, að þetta atriði gæti orðið að kappsmáli milli deildanna. Þetta atriði samþykkti n. d. með miklum atkvæðafjölda og með nafnakalli, og með hvaða rjetti ætlar e. d. þá að setja n. d. stólinn fyrir dyrnar í þessu máli? Ef önnurhvor deildin á hönk upp í bakið á hinni, þá er það sannarlega neðri d. Hjer gengur efri d. of nærri skörinni. Það á ekki að ögra mönnum með því að þessar brt. verði að fóta-

kefli fyrir því að fjárl. komist á; það á ekki að koma með aðra eins grýlu og bráðabyrgðafjárlög fyr en öll constitutionel meðul eru úttæmd, nefnilega að koma á fullnaðarsamþykkt beggja deilda í sameiginlegu þingi. Þessi meðul eru eigi úttæmd enn og *geta* aldrei orðið úttæmd eptir því sem til hagar hjá oss.

Grímur Thomsen: Það voru sjerstaklega orð hins h. 2. þm. Hv. (E. Br.), sem gjörðu það að verkum, að jeg stóð aptur upp. Eins og hinum h. þm. er kunnugt, kom jeg ásamt með öðrum fleiri h. þm. með brt. við 10. gr. C. 4. eins og hún var orðuð frá fjárlaganefndinni, í þá átt, að úthlutunin skyldi verða gjörð að helmingi eptir tillögum amtsráða og sýslunefnda, því það virtist kurteislegra og meira jafnrjetti milli sýslunefnda og amtsráða, en slíkt var horfið eptir því, sem fjárlaganefndin orðaði það. Svo mun hin h. deild muna, að fjárlagan. kom með brt. í þá átt, að helmingi fjárins úthluti lh. að hálfu milli búnaðarfjelaga eptir tillögum amtsráðs og að hálfu milli búnaðarskóla. Afleiðingin af þessu hefði orðið sú, að vestur og suðuramtið, þar sem ekki eru búnaðarskólar, hefðu farið á mis við þennan styrk, en allt lent hjá einum skóla á Norðurlandi, skólanum á Hólum. Nú breytti e. d. þessu og setti svo hljóðandi athugasemd, að helmingi þessum skyldi lh. skipta „eptir tillögum amtsráða". En svo áttu tvær háttvirtar fjárlaganefndir fund með sjer, og þar kom þá fram eitthvað líkt því, sem einn h. deildarmaður hefur kallað þvermóðsku og strekkelsi; þessum orðum var sleppt. Nú er málið komið aptur fyrir þessa d. Hún hefur fengið sitt fram. Amtsráðin eru hvergi nefnd á nafn. En þó jeg sje amtsráðsmaður, skal jeg ekki fást um það, því það gjörir ekki til, en hitt verð jeg að taka fram, að gr. eins og hún er nú, er ekki frambærileg, ekki boðleg; jeg get vel sem amtsráðsmaður sleppt hlutdeild í útbýtingu fjárins, en jeg get ekki sem þm. fundið mig í slíku smekkleysi. Allir játa, að aths. sje illa orðuð, illa hugsuð og óhafandi. Eina mótbáran sem hreift hefur verið, er sú, að fjárlögin geti þá ekki náð fram að ganga. En jeg er ekki svo hræddur um það. Jeg þekki hina h. e. d. og veit að þar eru líka smekkmenn, sem ekki myndu verða á móti að samþykkja brt. þessa. Mjer gengur engin amtsráðsmetningur til að halda þessu fram, heldur er ástæðan sú, að jeg uni því illa, að svo skuli frá stíllnum gengið vera, að enginn unglingur í neðsta bekk mundi orða svona afkáralega og enginn kennari taka slíkt fyrir góða vöru af nokkrum skóladreng. Og er þá þetta frambærilegt af þingi fyrir stjórn? Við höfum beðið um nafnakall til þess að það sjáist, hverjir hafa virðingu fyrir því, sem frá þ. kemur og hverjir ekki.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg skal svara hinum h. þm. Bf. (Gr. Th.) að eins fám orðum. Jeg játa, að gr. er óliðlega orðuð; en jeg held hann leggi ofmikla áherzlu á það, því þar stendur þó að fyrri helmingi þessum skuli landshöfðingi úthluta eptir fyrirmælum fjárlaganna, eða með öðrum orðum: landshöfðinginn ræður því alls eigi, hversu þessu fje er út býtt; honum eru settar fastar reglur um það; en að því er síðari helminginn snertir, þá er ekkert ákveðið um hann. Seinni hlutinn mætti að vísu missa sig, en þá yrði gr. enn óákveðnari. Mjer þykir það sannarlega undarlegt, að það skuli nú hjer vera verið að tala um að e. d. ráði fjárlögunum, þó eitt einasta bratkv., sem hún hefur gjört, verði sþ. í n. d. Jeg skil ekki hvernig sagt verður með nokkrum rökum, að hún setji n. d. stólinn fyrir dyrnar. Ef hjer væri um eitthvert mikilsvarðandi atriði að ræða, væri annað mál. Heldur ekki get jeg með nokkru móti sjeð, að e. d. eigi álas skilið fyrir að hafa haldið málinu óþarflega lengi, því jeg ætla það víst, að málinu miklu fremur hafi verið hraðað svo að ekki einu sinni lögboðinn tími hafi liðið milli umræðanna. E. d. hefur ekki dregið málið af ásettu ráði, heldur eru það allt önnur atvik fyrir því, að það er ekki fyr komið hingað.

Viðvíkjandi brt. frá 2. þm. G. K. (Þ. Bj.) tók 2. þm. Sm. (J. Ó.) það fram, að hann væri mótfallinn fyrri hluta hennar, að því er snerti niðurfærslu á launum hins umboðslega endurskoðanda, en að hann vœri aptur samþykkur síðari hluta brt., sem snertir laun póstmeistarans. Jeg skal ekki fara frekar út í þetta mál en búið er að gjöra, en einungis verð jeg að bera á móti ósannindum, sem 2. þm. Sm.

(J. Ó.) fór með. Hann sagði að póststofan hefði seinast, er póstur kom, ekki verið opnuð fyr en 15 tímum eptir komu póstsins. Þessu neita jeg alveg. Skipið kom kl. hjer um bil 9 í gærkvöldi. Jeg kom á pósthúsið þegar kl. var lítið yfir 11 og tók þar móti brjefum. Svo kom jeg þar kl. 9 í morgun, og jeg get í þessu tilliti skírskotað til fjölda manna, þar á meðal til eins af innanþingsskrifurunum, sem komu þar einnig og geta borið um, hvort það er ekki satt sem jeg segi. En það getur vel verið að þm. hafi ekki komið fyr en kl. 11 í morgun á pósthúsið, en það er ekki póstmeistarans sök. Í annan stað sagði þm., að styrkurinn til erindsrekanna í Elliðaáamálunum hefði verið samþykktur með nafnakalli. Nei, þetta var ekki þannig. *(Jón Ólafsson:* Jú). Gjörðabókin liggur hjer opin fyrir mjer, og geta allir sjeð, hvort orð þm. eru ekki ósönn. Það er leiðinlegt, að þm. skuli fullyrða það, sem ekki er satt. Mjer þykir það líka sannarlega hörð orðatiltæki, að segja að þm. fari burt af hirðuleysi og leti, þó nauðsyn ráði því, að þeir hljóta að fara. Skyldi þar vera af hirðuleysi eða leti að hinn h. forseti og vara-forseti þurfa nú að fara hjeðan 29. þ. m.? Hjer er líka einungis um einn dag að ræða og held jeg allir sjái, að ekki veiti af honum til að búa sig undir. Það er líka undarlegt, þegar allt af er verið að berja það blákallt fram, að bætt sje föstum kennurum við skólann. Það er alls engum kennara bætt við. Þingið 1877 samþykkti laun handa þessum kennara. *(Jón Ólafsson:* Með hvaða lögum?). Jeg veit ekki til að það sjeu til nein lög sem ákveði tölu kennaranna. Jeg fæ ekki skilið að tímakennsla sje betri. Menn segja þeir flytji allt af eitthvað nýtt með sjer til skólans. En gjöra ekki föstu kennararnir það líka? Þeir fara og koma hver eptir annan. Jeg get líka sagt hinum h. 2. þm. Á. (M. A.), að lausu kennararnir hafa ekki síður sína ókosti en hinir. Jeg veit ekki betur, en að fastir kennarar hafi verið við flesta skóla í Danmörku nema Borgaradyggðarskólann á Kristjánshöfn, og þar var líka kennurunum veitt aukaþóknun fyrir að vera, og svo teknir þeir duglegustu. Hjer er heldur engin vissa fyrir að kennari sje að eins settur í þetta embætti, og þó nú svo væri, er það að álíta sama sem það væri búið að veita honum embættið, ef hann reynist hæfur til þess.

Viðvíkjandi brt. um Fell ætla jeg ekki neitt að tala nema það eitt, að jeg sje ekki betur, en að biskupi og landshöfðingja sje innan handar að veita þessu prestakalli uppbót þessa af bráðabyrgðaruppbótinni, ef þeir álíta það nauðsynlegt. Jeg sje heldur ekki, að við þetta sje svo mikið unnið, því þó þ. veiti þetta nú, er ekki sagt, að það gjöri það 1885. Mjer virðist og þ. vera búið að gjöra sína skyldu, þegar það er búið að veita svo mikla uppbót, að öll uppbótarbrauð geta hjer um bil fengið þá uppbót, sem þeim er ætluð í lögum.

Jón Ólafsson: Jeg stend upp til að gjöra leiðrjetting á orðum þm. Rvík. (H. Kr. Fr.). Jeg vissi vel, að pósthúsið var opnað í gærkvöldi og að þar mátti fá skozk brjef. En þar fjekkst samt *enginn Hafnar*-póstur. Kaupmannahafnarpóstur fjekkst ekki fyr en kl. 12 í dag. Skipið kom í gærkvöldi kl. $8^1/_2$ og hvað sem reikningi þm. Rvk. líður, þá fæ jeg ekki annað út eptir mínum reikningsbókum en að frá þeim tíma og til kl. 12 í dag sje 15 tímar að minnsta kosti. Mig varðar ekkert um, þó vinir póstmeistarans hafi fengið leyfi til að smjúga inn um einhverjar náðarbakdyr. *Almenningur* fjekk ekki póstinn fyr en þetta, sem jeg hef sagt.

Snertandi það sem talað hefur verið um tímakennara og fasta kennara, verð jeg að halda því föstu, að það sje meiri hvöt fyrir tímakennara að vanda sig og verk sín en fyrir þá föstu, sem ganga út frá því, að þeir sitji kyrrir, hvernig sem þeir hegða sjer. *(Halldór Kr. Friðriksson:* Dæmin sýna að það er ekki). Jú, dæmin sanna hjer svo ljóslega mitt mál. En nöfn ætla jeg ekki að nefna hjer; það getum við talað um prívat, en ekki hjer á þ. Eðli málsins er nóg til að sýna að jeg hef á rjettu að standa. Frsm. (H. Kr. Fr.) bar á móti því, að e. d. hefði seinkað málinu; en jeg vil leyfa mjer að minna á orð hins h. forseta, þegar hann skýrði frá, að fjárlagafrumvarpið hefði nú orðið 2 dögum fyr búið til e. d. en 1881. Nú eru miklu færri br. en þá. Ástæður frsm. eru því ranghermi. Það er líka alveg á ábyrgð e. d., ef málið dregst of mjög. Það

er hlægilegt að veiki parturinn segi við þann sterka: þú getur nú gjört hvað þú villt, gengið að þessu eða ekki; annars færðu ekki neitt. Hjer er sannarlega e. d. veikari parturinn en við sá sterki; það ímynda jeg mjer þó að þm. kannist við. Og allir sjá hve óviðurkvæmilegt er, að deild vor, sem er skipuð eingöngu fulltrúum þjóðarinnar, skuli láta reka sig af efri deild til að flaustra af málinu eða samþykkja annað er rjett þykir, af ótta fyrir að e. d. leyfi ekki málinu framgang ella.

Landshöfðingi: Jeg ætla einungis að gjöra stutta athugasemd. Hinn h. 2. þm. Sm. sagði, að stjórnin hefði gjört rangt í því, að setja kennara í embætti við lærða skólann áður en þ. veitti fje til þess. Þessu verð jeg alveg að neita, og jeg skal um leið taka fram, að þetta embætti, sem stofnað var 1877, hefur ekki fyr en nú mætt minnstu mótmælum af þ. hálfu og má því álítast að hafa fengið svo fullkomna festu, með því að embættislaunin hvað eptir annað hafa verið samþykkt í fjárlögunum, að stjórnin hefur verið í sínum fyllsta rjetti, þar sem engar bendingar hafa komið frá þ. um breytingu á þessu fyrirkomulagi. Að því leyti sem hjer í d. hefur komið fram álas um hina h. e. d. fyrir drátt á fjárlagafrv. þá vil jeg leyfa mjer að taka fram, að þótt e. d. hafi áður tekizt að ljúka meðferð sinni á fjárlögunum á enn styttri tíma, állt jeg þó að hún eigi ekkert álas skilið fyrir meðferð sína á málinu nú. Jeg held heldur eigi, að það sje rjett, að e. d. hafi viljað taka sjer meira vald en henni bar, því jeg get þvert á mót fullyrt, að hún hefur leitað samkomulags við hina h. fjárlaganefnd n. d. og sýnt alla lempni gagnvart n. d., svo frv. gæti orðið þannig úr garði gjört, að aðgengilegt væri fyrir n. d. að samþykkja það. Það hefur nú við hinar síðustu umræður sjerstaklega verið minnzt á fækkun hinna föstu kennara við latínuskólann. Jeg vil í þessu tilliti taka það fram, að það væri mjög óviðkunnanlegt, að fara nú að gjöra breytingar á því, sem báðar d. áður hafa samróma fallizt á og komast nú til annarar niðurstöðu. Loks vil jeg svo benda hinni h. d. á, að umræðurnar eru nú orðnar svo ýtarlegar um mátið, að jeg ímynda mjer, að d. geti nú farið að binda enda á það; og jeg vildi óska að sá yrði endirinn á, að hin h. d. samþykkti frv., eins og það nú liggur fyrir; þá væri þessu merkilega máli lokið, og það, eptir mínu áliti, á viðunanlegan hátt.

ATKVGR.: Brt. Þ. Bjarnas. við 10. gr. A. 3. (C 436) felld með 15 atkvæðum gegn 3.

Brt. 3 þm. við 10. gr. B. 4. (C 435) felld með 15 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvgr. *Já* sögðu: Jakob Guðmundsson, Jón Ólafsson, Þórarinn Böðvarsson, Þorkell Bjarnason. Aðrir allir *nei*, nema Benid. Sveinsson, er eigi var viðstaddur, og þeir Arnljótur Ólafsson og Tryggvi Gunnarsson, er eigi greiddu atkv., af gildum ástæðum.

Brt. Gr. Th. við 10. gr. C. 4. (C 435) felld með 15 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli eptir beiðni 9 nafngreindra þingmanna. *Já* sögðu: Magnús Andrjesson, Arnljótur Ólafsson, Eiríkur Kúld, Grímur Thomsen, Jakob Guðmundsson, Þorkell Bjarnason. Aðrir allir *nei*, nema Benidikt Sveinsson, er eigi var viðstaddur.

Brt. Þ. Bjarnasonar við 12. gr. 1. (C 436) felld með 13 atkv. gegn 5.

Vtill. G. Br. við 13. gr. A. b. 2. (C 436) felld með 13 atkv. gegn 8.

Brt. 4 þm. við 13. gr. B. III. a. (C 435) felld með 13 atkv. gegn 5.

Brt. sömu þm. við 13. gr. B. III. c. 4. (C 435) þar með fallin.

Brt. Gr. Th. við 19. gr. (C 435) tekin aptur.

Frumvarpið í heild sinni samþykkt óbreytt, eins og það kom frá efri deild, og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi* (C 421).

Sextugasti og fyrsti fundur, laugardag 23. ágúst kl. 12.

Allir á fundi nema Benidikt Sveinsson, er hafði tilkynnt forföll sín.

Forseti skýrði þd. frá, að lh. hefði tilkynnt sjer, að hann mundi slíta þinginu mánudag 27. s. m. kl. 3 e. m.

Tillaga til þingsályktunar um lán úr viðlagasjóði (C 415); ein umr.

Ólafur Pálsson: Já, það má nú segja, að það þarf ekki að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í, og sama má segja um þetta. En það er eitt, sem ekki er gott í þessari þgsál., og það eru seinustu orðin: „Lánin veitast einkum þeim sveitarbúendum, sem þurfa að auka bústofn sinn". Þetta getur verið gott, en eiga menn þó ekki fyrst að hugsa um að lifa, áður en þeir fara að hugsa um að fjölga fjenu? Það er satt, það er gott að geta aukið bústofn sinn og fjölgað fjenu, en í mínu hjeraði hagar svo til, að við verðum að meta meira að við fáum einhverja björg og höfum eitthvað að borða. Líka er það, að þótt við vildum kaupa fje, þá verðum við að sækja það langar leiðir út á Rangárvelli, og gott ef fengist; það er ekki hugsandi til að fá það nær, og þá held jeg menn vilji heldur í mínu kjördæmi sækja sjer matbjörg út á Eyrarbakka, ef þeir hafa efni til. Mjer sýnist þetta óþarfa orð, og jeg held menn megi muna eptir, að það hefur verið talað svo mikið um hallærið á þessu þingi, að menn mundu óska að menn setji ekki of mikið á hey. En þó vel kunni að hafa heyjast í sumar, þá get jeg vel ímyndað mjer, að það sje varasamt að menn setji ekki of mikið á heyin nú aptur, svo við fáum nýjan horfelli. Jeg sje reyndar, að það er ekki tími til að breyta þessu, en jeg get ekki sjeð, að það hjálpi nokkuð hungursneyðinni að öllu leyti.

Jakob Guðmundsson: Jeg held það sje misskilningur hjá þm. Vsk. (Ó. P.) að menn geti ekki hvorttveggja undir eins, aflað sjer bjargar og aukið fjárstofn sinn. Er það ekki almennt álit nú, að skepnur manna sjeu svo fáar nú undan harðærinu, að ekki megi lóga nema sem minnstu af þeim í haust? Allt svo, ef menn fá lán til þess að kaupa sjer björg, og ef menn eru svo bjargarlausir, að þeir þurfa að skera skepnur sínar niður, þá er það svo gott, sem þeir kæmist hjá að lóga skepnum sínum, eða eins og þeir kaupi þær af sjálfum sjer. Er það ekki eins gott, eins og þeir kaupi skepnur úr öðrum hjeruðum, eins og þm. sagði, að því ógleymdu, að skepnur verða óvíða eða máske hvergi að fá nema með afarverði. Það er ekkert ráð skynsamlegra, en að auka þannig bústofn sinn, að skera sem minnst í haust. Þetta hafði þd. fyrir augum, þegar hún kom með þá ákvörðun, sem samþykkt var í þessari d., en sem felld var í e. d. Jeg verð að minna n. d. á, að þetta er hennar mál, og hún má eigi láta það ráða stefnu sinni, þó að e. d. hafi fellt það.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er alveg á sama máli sem þm. D. (J. G.), að orðin í niðurlagi ályktunarinnar þýði sama sem að halda við bústofni sínum, og að styrkurinn sje í því fólginn að þeir þurfi ekki að lóga miklu af ám sínum, sauðum eða öðrum peningi til þess að lúka þeim skuldum, sem eru óhjákvæmilegar. Það var svo víða hvar í Eyjafjarðarsýslu í vor, að margir þeirra, sem áttu að lúka landskuldir sínar í gemlingum, gátu það ekki. Gætu þeir nú fengið lán, til þess að fá lokið óumflýjanlegum skuldum sínum, og svo haldið viðunanlegum fjárstofni til næsta vors, þá taka sveitamenn skjótt við sjer aptur. Eptir því sem jeg hef heyrt, fiskast vel fyrir norðan, og ekki þarf að heyjast sjerlega vel til þess, að menn hafi fullt fóður handa þeim skepnum, sem menn nú hafa. Jeg efast ekki um að e. d. fallist á þessa tillögu. Jeg vildi að eins minnast á, að hjer stendur „N. d.", sem er líklega byggt á því, að e. d. hefur tekið aðra samhljóða þgsál. (*Forseti:* Já!).

Ólafur Pálsson: Jeg get að sönnu að miklu leyti verið samdóma bæði þm. D. (J. G.) og þm. Ef. (A. Ó.), að það megi auka bústofninn á þennan hátt með kornkaupum; en andinn í þgsál. mun þó vera sá, að veita þetta lán þess að kaupa sauðfje. Það er annars undarlegt, að e. d. skuli fara svona með þetta hallærismál. Aðrar þjóðir hafa sent okkur stórgjafir, en við megum ekki gjöra neitt fyrir landið, ekki svo mikið sem veita nokkrum þurfendum vaxtalaust lán um eitt eða tvö ár. Það má sannarlega heita meistarastykki.

En nú er ekki tími til að tala um það; því þegar svona er orðið áliðið þingsins, þá er ekki unnt að laga þetta fremur nú.

Eiríkur Kúld: Jeg er hinni h. e. d.

ekki sjerlega þakklátur fyrir meðferðina á till. n. d. í þessu máli. Hún hefur meira eða minna eyðilagt allar tillögur n. d. Jeg er enn á sömu skoðun og fyr að ust. hins hæstv. lh. hefði verið hin affarabezta, en þar fyrir álít jeg þó þessa till. betra en ekkert. Það hefði verið nauðsynlegt að veita þetta lán rentulaust um óákveðinn tíma til þess verulega að bæta úr afleiðingum hallærisins, en eptir þessari till. fá ekki aðrir lánið en þeir sem hafa nægilega tyggingu, en þetta lán, sem hinir efnaðri menn verða aðnjótandi, kemur þó óbeinlínis hinum fátæku til góða, vegna þess að byrðin lendir á hinum efnaðri mönnum þegar fer að minnka um björgina. Jeg sje því eigi annað, úr því sem nú er komið, en að það sjeu einu úrræðin að samþykkja þessa till. Jeg er samdóma hinum h. þm. Dm., að það er sama hvort bóndinn kaupir sjer fje til að auka bústofn sinn, eða einhverja björg, sem kemur því til leiðar, að hann getur betur en ella haldið þeim litla bústofni, sem til er í haust. Vjer skulum svo gjöra oss góðar vonir um að hin h. e. d. fallist á þessa hina síðustu till. í þessu máli, um leið og hún lítur yfir hvað hún hefur gjört með því að fella till. n. d., og sjái að það er ekki allt saman harðla gott.

Landshöfðingi: Jeg hef skilið þessa þgsál. svo, að hún ætti ekki að ganga til e. d., enda vil jeg geta þess, að í e. d. er fram komin önnur þgsál. öldungis samhljóða þessari og stendur sú þgsál. þar á dagskrá í dag. Verði hún felld, þá stendur þó þessi þgsál. engu að síður, og það getur að mínu áliti haft nokkra þýðingu fyrir það mál, sem hjer er um að ræða. Jeg hef áður lýst yfir skoðun minni á þessu máli; jeg hef einnig áður leyft mjer að halda fram annari brt., er jeg ætlaði að væri betur lögð til þess að fullnægja tilganginum, með því að stj. fengi þá öflugri meðul í hendur, til þess að sporna á móti hallæri ef á þyrfti að halda. En það tjáir ekkir ekki um það að fást; sú till. er fallin á þessu þ. Jeg skal játa, að þessi till. er þó betri en engin, því að hún sýnir, að þingið vill þó ekki vera með öllu afskiptalaust af þessu máli, og láta það að nokkru til sín taka. Þótt jeg álíti að þetta úrræði sje næsta ónógt, ef nokkur eiginleg vandræði bera að höndum, kann það þó að geta leitt til nokkurs góðs, og orðið til þess óbeinlínis að koma í veginn fyrir nokkur vandræði. Þess vegna er jeg þgsál. meðmæltur og vonast fremur eptir, að hin h. þd. muni fallast á hana.

Holger Clausen: Það er mín meining, sem jeg vil í fám orðum segja og benda hinni h. þingdeild á, að það er mikið nauðsynlegt að þetta gangi gegnum þingið. Jeg get sagt sem ástæðu fyrir því að fólk hefur tapað svo mikið undanfarin ár, að þetta er alveg nauðsynlegt. Á Borðeyri höfðum við 1882 yfir 400 balla af ull, en í ár ekki nema um 260. Á Stykkishólmi höfðum við 1880 um 400, næstliðið ár um 380 og nú nálægt 200. Þetta sýnir hve miklu fólk hefur tapað, og þetta lán er nauðsynlegt líka til að hjálpa þeim sem eru kallaðir efnaðri.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg vil að eins benda á, að það er óviðkunnanlegt, ef n. d. samþykkir þessa till., en e. d. skyldi fella samhljóða till., sem liggur fyrir henni í dag. Þá er hvor deildin á móti annari. Mjer þykir þessi aðferð óviðkunnanleg, í staðinn fyrir að láta þgsál. ganga frá einni deildinni til annarar.

Landshöfðingi: Jeg vil benda hinni h. þd. á að fari svo, að sú tillaga sem er samhljóða þessari, verði sþ. í e. d. í dag áður en gengið verður til atkv. í þessari deild, má skjóta á kvöldfundi, en verði þessi till. samþykkt nú þegar í þessari þd., þá verður mönnum það kunnugt í e. d., áður en það kemur til umræðu, og getur þannig hvor deildin um sig vitað um hina hvað hún af ræður. Jeg sje engin vankvæði á því, þó að önnur deildin samþykki till., en hin felli hana. Það er rjett eins og þegar till. gengur frá einni deildinni til annarar og hún fellir hana. *(H. Kr. Fr.:* Þá er sú till. burtu). Já, hún er burtu, en það sjest þó vilji beggja deildanna. Hjer er ekki að að tala um lög, heldur um áskorun til stj., sem hún getur tekið tillit til, þó að áskorunin sje ekki samþykkt nema í annari deildinni.

Jakob Guðmundsson: Ef. n. d. álítur þessa till. nauðsynlega og skynsamlega, þá get jeg ekki sjeð að nokkur eigi að binda atkv. sitt af hræðslu við e. d.; að minnsta kosti vil jeg ekki gjöra það.

Jeg er viss um það, eins og hinn hæstv. lh. einnig komst að orði, að þegar hjer er ekki um lög að tala, heldur að eins áskorun, að stj. muni þá eins vel taka í áskorun n. d., þó að svo óheppilega tækist til, að e. d. verði ekki n. d. sammála í þessu efni.

ATKVGR: Tillagan samþykkt með 19 atkv.

Afgreidd síðan til lh. sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis* (C 415).

Tillaga til þingsályktunar um breytingar á skipulagi Reykjavíkurskóla (C 419); ein umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg þykist vita, að h. h. þingdeildarmenn sjái þá stefnu, sem n. hefur tekið, af ástæðunum fyrir þingsályktunartillögunni, H. h. þingdeild er og kunnugt, hversu á liðið var þingtímann, þegar n. var kosin í þetta mál, og hversu miklar annir nefndarmenn hafa haft þennan stutta tíma, sem þeir hafa haft málið til meðferðar. N. hefur því ekki getað útvegað sjer neinar nægilegar skýrslur um framferði skólans á seinni árum, enda þóttist n. ekki hafa heimild til að heimta skýrslur af mönnum, þar sem henni var ekki gefið það vald til þessa, sem gefa mátti samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar, eins og átt hefur sjer stað í nokkrum öðrum málum, svo sem Elliðaámálunum.

Eptir því verksviði, sem n. þannig var gefið, áleit hún mest um varða, að skoða aðalverkefni skólans, að því er snerti kennslu og skipulag hennar, og íhuga því næst, hvort skólinn væri á því stigi, sem æskilegt væri, og sem búast mætti við og heimta af honum eptir efnum og ástæðum og þörfum lands og þjóðar. N. komst að þeirri niðurstöðu, að þó að skólar vorir áður á Hólum og í Skálholti hefðu verið nokkurs konar uppeldisskólar, þá hafi það fremur orsakazt af þeim atvikum, að piltar gátu hvergi komið sjer fyrir annarstaðar, heldur en af því, að það væri frumskoðun kennaranna eða skólastjórnarinnar, að þetta fyrirkomulag væri hið nauðsynlegasta og æskilegasta. Hefðu skólasveinar á Hólum getað fengið keyptan mat og annan aðbúnað í túninu á Hólum eða þar í nánd, hefði það eflaust verið talið eins happasælt, og eins myndi skoðun manna hafa verið um það á Bessastöðum, þegar skólinn var þar. Þegar skólinn seinna fluttist til Rvíkur, er það kunnugt, að þetta breyttist þegar svo, að piltar keyptu sjer kost hjá bæjarmönnum. Með þessu er þegar kippt grundvellinum undan skólanum, sem uppeldisstofnun, því að það er einmitt fjelagslíf pilta og samlíf þeirra við kennara skólans, sem gjörir skólann að uppeldisstofnun. Að vísu var svo með fyrstu fyrirhugað, að piltar gætu allir fengið svefnherbergi í skólanum, og var talið sjálfsagt, að ekki myndu sækja skólann fleiri en svo, að húsrúm ynnist til þess, nema hvað þeir piltar, sem ættu foreldra í bænum, væru að sjálfsögðu hjá foreldrum sínum. En nú er ástandið orðið þannig, að einungis $^1/_3$ pilta sefur í skólanum, en $^2/_3$ pilta verða svo að segja allsendis undan tilsjón kennaranna. Þetta skipulag ætlar n. að aldrei muni vel gefast, hver sem er umsjónarmaður, og hversu góð sem skólastjórnin annars væri. N. komst því að þeirri niðurstöðu, að það myndi ekki að haldi koma, þótt skipt væri um umsjónarmann, því að hjer er hvorki umsjónarmanni um að kenna, nje heldur piltum sjálfum, heldur þessu óeðlilega fyrirkomulagi, að allir piltar eru ekki undir sömu lögum. Vjer þurfum ekki lengra að fara en til vorra eigin barna; hvernig væri það mögulegt, að sú tilhögun blessaðist, ef sum börnin væru höfð undir allt annari umsjón en hin; sumum gjört hærra undir höfði, hinum lægra? Það hefði eflaust ill áhrif á börnin sjálf. Það er að vísu satt, að fátækir piltar spara fje við það, að fá kauplaust húsnæði, hita og ljós o. s. frv. í skólanum; en þó hefur n. heyrt fleiri en einn skólapilt segja: „Jeg get búið mjer kostnaðarminna út í hæ með skólabróður mínum, heldur en í skólanum, því að með sambýlismanni mínum í bænum get jeg haft kvöld og morgun mat hjá sjálfum mjer o. s. frv.“. Þar við bætist, að piltur, sem býr saman við góðan fjelagsnaut í góðu húsi, getur varið betur tímanum; hann hefur meira næði. Ef maður vill meta kosti og ókosti þess, að piltar lesi í bænum, og búi þar að öllu leyti, þá verður álit manna að fara eptir því, hvert traust þeir bera til bæjarbúa, til þeirra húsbænda,

sem piltarnir mundu búa hjá. Jeg verð að játa, að jeg þekki Rvíkurbæ ekki svo sem margur annar kann að þekkja hann, en jeg hef ekki ástæðu til annars en að bera það traust til bæjarmanna, að piltar væru eins vel og jafnvel betur farnir að vera til heimilis hjá þeim eins og í skólanum. Efaust myndu margir húsbændur ganga piltunum í foreldra stað; en það getur umsjónarmaðurinn ekki. Það þarf fleira með en að segja við piltinn: „þú mátt ekki vera með ólæti, þú verður að vera að lesa". Því mun ekki verða neitað, að piltar tefjist einnig frá lestri í bænum; en þeir tefjast ekki af húsbændum sínum, heldur af skólabræðrum sínum. En allt hið sama má segja um stúdenta við Kaupmannahafnarháskóla; þeir geta tafist af fjelögum sínum. Það verður að vera á ábyrgð þeirra sjálfra, að láta ekki tefja sig meira en góðu hófi gegnir. Sjerhver maður verður að smálæra að gæta sín betur og betur.

N. segir í síðustu málsgrein, að aðaltilgangur skólans sje, að veita góða og næga kennslu. Jeg veit, að um það muni allir verða n. samdóma, að það sje nauðsynlegt fyrir allar þjóðir, og þá ekki síst fyrir oss, sem ekki eigum nema þennan eina lærða skóla, að þessum tilgangi verði sem bezt náð. Aðsóknin að skólanum sýnir menntunarfýsn landsmanna, því að það hljóta bæði foreldrar og piltar sjálfir að sjá fram á, að allir þeir, sem í skólann ganga nú, geta ekki orðið embættismenn. Orsökin til þess að menn fara í skólann, er því að minnsta kosti að nokkru leyti menntunarfýsn, löngun til að afla sjer menntunar, en ekki löngun til að verða embættismaður. Því er það áskorun vor að haga skólanum svo, að menn geti gengið í hann til að afla sjer almennrar menntunar, eða að þeir geti valið um, hvorn veginn þeir vilja heldur ganga. En hvernig má þetta verða? N. svarar: „Með því að af nema heimasvefnaplássin í skólanum; þá vinst nægilegt rúm til þess að sameina gagnfræðakennslu við latínuskólann". Þetta er skoðun n., og jeg skal ekki tala fleira fyrir henni fyr en jeg heyri, hvernig eru annara þm. skoðanir um þetta efni.

Jakob Guðmundsson: Jeg er n. alveg samdóma um að það sje óheppilegt, að allir piltar hafi ekki sömu stjórn eða með öðrum orðum, að $^1/_8$ pilta sje háður annari umsjón en $^7/_8$ hlutar þeirra, og jeg álít umsjónina tilgangslausa, ef ekki má stjórna öllum eins; um hitt blandast mjer hugur, hvort það sje gott, að allur skólinn sundrist og tvístrist svo að piltar hafi mötuneyti, húsnæði og þjónustu sinn á hverjum stað og sitt á hverjum stað. Það held jeg ekki heppilegt, en jeg veit ekki hvort hægt er að koma við því, sem jeg held bezt sje í þessu tilliti — því sem sje að allir piltar nema Reykjavíkurbúar hefðu mötuneyti saman á einum og sama stað. Hvað skólann snertir, þá held jeg að það yrði betra fyrir skólastjórnina og affarasælla fyrir skólann, ef hann væri á öðrum stað en í Reykjavík, þó ekki langt þaðan t. a. m. eins og í Laugarnesi; mætti þá hafa ökonóm eins og var á Bessastöðum; og jeg er viss um það — jeg er svo mikill búmaður—að einn maður, sem hefði alla pilta í kosti, gæti staðið sig betur við það og selt ódýrara, heldur en þegar piltar eru fáir saman og sinn á hverjum stað. Jeg álít því óheppilegt að tvístra skólanum, bæði af þessu og svo einnig sökum hins, að við það tapast allur fjelagsskapur innbyrðis milli pilta og allt samlíf milli pilta og kennara. Það er ekkert að marka háskólann í þessu tilliti. Hann sannar ekkert. Þangað koma menn fullorðnir eða nálega fullorðnir, og færari um að stjórna sjálfum sjer en skólapiltar, sem tíðast koma í skóla um fermingu, sumpart fermdir og sumpart einnig á stundum ófermdir. Og þrátt fyrir þetta verður árangurinn opt misjafn við háskólann. Þegar skólapilturinn kemur ungur í skóla, ganga kennararnir honum í foreldra stað með upphvatning, uppfræðslu og siðferðislegum áminningum. Jeg man svo langt, að þegar jeg var í skóla og var jeg þó á þeim tíma að heita mátti roskinn og ráðinn, þá hafði jeg þó mjög mikið gagn af leiðbeiningum kennara minna ekki einungis með kennsluna eða lærdóminn í skólanum, heldur einnig í mörgu því, sem hefur komið mjer að góðu gagni síðar meir í lífinu.

Arnljótur Ólafsson: Jeg gat ekki fundið stefnumark það, sem hinn h. þm. D. (J. G.) vildi komast að. N. sagði, að það fyrirkomulag, sem nú er, væri ekki heppilegt, því að það væri hvorki heilt nje hálft. Hjer er því um tvennt að gjöra,

segir n., annaðhvort að hverfa aptur til hins fyrra skipulags og það vissi jeg ekki hvort þm. vildi, *(Jakob Guðmundsson:* Það var einmitt það sem jeg meinti), eða gjöra breytingu á annan veg. Fyrst þetta var meining þm., þá verður hann að byggja nýtt mötuneytishús og leggja peninga til handa brytanum. Og þá þarf aptur að athuga hvort sá kostnaður er tilvinnandi. Jafnmikill búhöldur eins og þm. Dalamanna athugar, áður en hann ræðst í eitthvert fyrirtæki, hvort það muni borga sig, annaðhvort andlega eða líkamlega. en jeg er hræddur um að þetta fyrirtæki mundi aldrei borga sig, að minnsta kosti ekki andlega. Jeg er nú ekki orðinn eins vel kunnugur hjer í bænum eins og þm. Dalamanna, en jeg ber þó svo mikið traust til bæjarbúa, að jeg vil heldur trúa þeim fyrir syni mínum, en hleypa honum saman við þennan $^1/_3$ part í skólanum, og jeg vona að enginn taki það sem last þó jeg segi sem svo, að saga tilsjónarinnar í skólanum nú á síðari árum hljóti enda að koma mönnum á þessa skoðun. Ef þm. kynnti sjer skóla erlendis, hvort heldur Borgdyggðaskólann í Höfn eða aðra, mundi hann sannfærast um að menn byndu sig eigi við þessar uppeldisstofnanir. Þær eru hvergi til í Danmörku nema í Herlufsholmskóla og Sóreyarskóla. Það hefur ekki verið álitið rjett að kosta peningum til matsala og bygginga. Jeg held líka að oss sje meira umvarðandi að hinn eini lærði skóli í landinu geti veitt fullkomna gagnfræðakennslu, jafnframt því sem hann er hæfilegur undirbúningur til embættaskólanna. Það má ekki einblína á eitt atriði, ekki hengja sig fastan á snaga, heldur skoða allt málið í heild. Í gagnfræðaskólum út um landið geta ekki verið nema lægri stig gagnfræðakennslunnar, eins og hún er erlendis, eða sem samsvarar kennslu í neðri bekkjum þar. Ef skólinn því ætti að koma að fullum notum, ætti hann að geta tekið við efnilegum, gáfuðum piltum úr öðrum gagnfræðaskólum, t. a. m. Flensborgarskólanum, og fullkomnað svo nám þeirra, að þeir gætu fengið aðgang að æðri skólum erlendis t. a. m. tekið lögpróf fyrir ólærða (Examen for Ustuderede) og fengið aðgang að den polytekniske Anstalt. *(Jakob Guðmundsson:* Jeg talaði ekkert um þetta*)*. Það er einmitt það sem jeg vildi sýna, að það dugir ekki að taka eitthvert eitt atriði.

Jeg skal loks geta þess, að í niðurlagsatriði þingsályktunartillögunnar II. er ekki allt tekið fram sem þarf til undirbúnings, heldur var ætlazt til að einnig yrði leitað álits kennaranna, rektors og stiptsyfirvaldanna um niðurskipun kennslunnar, gagnfræðakennslunnar og hinna klassisku kennslugreina.

ATKVGR.: Formálinn og I. sþ. með 15 atkv.; II. 1. og 2. sþ. m. 14 atkv.

Tillagan síðan send e. d. (C 419).

Kosning varaforseta fyrir deildina; ein umr.

Með því að forseti hafði fengið tilkynningu frá varaforseta deildarinnar, Tryggva Gunnarssyni, um það, að hann gæti ekki gegnt varaforsetastörfum eptir 29. ágúst, með því að hann yrði að fara úr bænum þann dag, og þar sem sama máli var að gegna um forseta, Jón Sigurðsson, var á þessum fundi tekið til umræðu, hvort kjósa skyldi nýjan varaforseta. Eptir nokkrar umræður var samþykkt að hætta umræðunum, eptir ósk 8 nafngreindra þingmanna.

Var síðan samþykkt að kjósa nýjan varaforseta í stað Tryggva Gunnarssonar.

Sextugasti og annar fundur, laugardag 25. ágúst kl. 6—$7^1/_2$ e. m. Allir á fundi, nema Benidikt Sveinsson, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Tillaga til þingsályktunar um að veita meistara Eiríki Magnússyni 5400 kr. lán úr viðlagasjóði (C 417); ein umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Vjer, sem komið höfum fram með þessa till., hinn h. 1. þm. GK. (Þór. Böðv.) og jeg, höfum valið þennan veg, af því að efni þessarar þingsál. var fellt í e. d., þar sem það stóð aptan við fjárl., þegar þau fóru hjeðan upp í e. d., en vjer vildum ekki gjöra það að kappsmáli á fjárlögunum. Þetta var því eina úrræðið, til þess að hleypa ekki fjárlagamálinu í spennu.

Vjer vonum, að eins og þessu máli var vel tekið síðast hjer í þd., eins verði því nú tekið enn betur, vegna þess, að

við höfum sýnt, að við vildum ekki gjöra þetta að kappsmáli á fjárlögunum. Vjer berum það traust til hinnar h. þd., að hún sjái sóma sinn að verða við bæn þessa manns, sem tvisvar hefur lagt sig allan fram til þess að hjálpa þjóð sinni; í fyrra skiptið einu hjeraði, sem hafði orðið fyrir miklu tjóni af eldgosinu, en nú í hið síðara skiptið má segja, að hann hafi verið hjálparvættur alls landsins. Oss finnst þessi bæn hans lík og þegar einhver hefur veitt vinum vorum eða skyldmennum mikla velgjörninga, og hann kæmi svo til vor og segði: „Viltu lána mjer einar 10 krónur?“. Þetta er að styðja þann mann með lítilfjörlegu láni, sem áður hefur hjálpað oss með mörgum þúsundum króna. Fyrir ötula hjálp og framgöngu þessa heiðursmanns geta nú Austfirðingar komið búnaðarskóla sínum á stofn, án mikils fjártillags.. Það verður ekki talið með tölum, hve margir hafa notið hjálpar og bjargar næstliðinn vetur fyrir gjafir hinnar veglyndu ensku þjóðar, og dæmi hennar hefur beint hugum annara þjóða í sömu stefnu. Enginn af oss mundi synja þeim manni, — svo jeg hverfi að dæminu aptur um 10 kr. lánið, — sem hefði sýnt vandamönnum vorum aðra eins velgjörninga og þessi maður hefur sýnt föðurlandi sínu.

Jeg álít því, að það væri að misbjóða hinni h. d., ef jeg færi að mæla meira fram með þessari till., en þessi fáu orð, sem jeg álít sjeu töluð út af hvers manns munni hjer í d.; það er drengskapur þd. að veita þessa litlu bæn.

ATKVGR.: Tillagan samþykkt með 17 atkv.

Afgreidd síðan til landshöfðingja sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis* (C 417).

Kæra frá þingmanni Snæfellinga (Holger Clausen) út af niðurfærslu á ferðakostnaðarreikningi hans. Leitað atkvæða um það, hvort þingdeildin vildi taka málið að sjer eða eigi.

Eptir alllangar umræður bar forseti undir atkvæði, hvort þd. vildi taka málið að sjer, og var það samþykkt með 14 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakall eptir ósk aðila málsins, Holgers Clausen.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Magnús Andrjesson.	H. Kr. Friðriks.
Arnljótur Ólafsson.	Eiríkur Briem.
Egill Egilsson.	Grímur Thomsen.
Eiríkur Kúld.	Lárus Blöndal.
Friðrik Stefánsson.	Tr. Gunnarsson.
Gunnlaugur Briem.	Þorl. Guðmunds.
Holger Clausen.	Th. Thorsteinson.
Jakob Guðmundsson.	
Jón Ólafsson.	
Ólafur Pálsson.	
Þórarinn Böðvarsson.	
Þórður Magnússon.	
Þorkell Bjarnason.	
Þorsteinn Jónsson.	

Halldór Kr. Friðriksson lýsti þá yfir, að n., sem ætti að úrskurða um reikninga þm., hlyti með þessari atkvgr. að vera dottin úr sögunni

Kosinn varaforseti til þess að ganga í stað forseta eptir 29. ágúst.

Fyrir þessari kosningu varð Þórarinn Böðvarsson með 13 atkv.

Sextugasti og þriðji fundur mánudag 27. ágúst kl. 10 f. m. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða (C 429); ein umr.

Þorlákur Guðmundsson: Jafnvel þótt hinni h. e. d. hafi þóknazt að breyta frumvarpi þessu frá því sem það var er það kom frá n. d., með því að kippa aptur af kaflanum um ágang, skal jeg þar sem nú ekki um annað er að gjöra en að fella frv. eða samþykkja eins og það nú er, leyfa mjer heldur að mæla með að d. samþykki frv. eins og það nú er lagað, því jeg álít þann kafla þó til bóta á landbúnaðarlögum vorum.

ATKVGR.: Frv. samþykkt með 15 atkv. Afgreitt síðan til lh. sem *lög frá alþingi* (C 429).

Frumvarp til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje (C 436); ein umr.

Friðrik Stefánsson: Hin h. e. d. hefur enn breytt frv., og hefur hún líklega

álitið, að þessi linun væri ekki svo áríðandi, því landbúnaðurinn stæði nú með svo miklum blóma, og hefur henni þótt ærið nóg, að gefa upp helminginn fyrir árið 1884. Jeg verð fyrir mitt leyti að segja, að þetta er varla þiggjandi nema í neyðarúrræðum. Viðvíkjandi sveitarbúnaðinum nú, held jeg dæmin sjeu deginum ljósari með það, hvernig hann er. Sveitamenn fara hópum saman til Ameríku, en fá sjávarsíðunni fer enginn. Væri það ekki svo að segja óumflýjanlegt að þiggja þetta, vildi jeg helzt ekki gjöra það, en af því kringumstæðurnar eru svona, hugsa jeg sem svo: betra er lítið en ekkert, og lítillátir munu upphefjast, en dramblátum mun hrundið af stóli.

Jakob Guðmundsson: Jeg get ekki leynt því, að jeg hef heyrt að margir h. þdm. uni svo illa br. e. d., að þeir vilji nú fella frv. Þessu er jeg ekki samþykkur. Jeg er viss um þótt e. d. gjörði þessa br. hefur hún ekki gjört hana af neinum illvilja, heldur af misskilningi. Það er annað að lifa af launum úr landssjóði sem ekki rýrna þó bágt sje í ári, heldur en að verða að lifa eingöngu af arði hins fallvalta bústofns, því ef stofninn bregzt, og arðurinn tapast, þá er fyrir dyrunum sultur og seyra. Þennan mismun virðast sumir menn ekki geta skilið eða vilja skilja. Jeg vil þó lítið sje taka mót þessari linun, svo menn þó sjái að n. d. hefur gjört sitt til; en að öðru leyti munu þingtíðindin bera með sjer, hverjum það er að kenna, að þessi linun ekki var bundin við bæði árin og þeir hafa heiðurinn af því.

Ólafur Pálsson: Hinn h. 1. þm. Skg. (Fr. St.) hefur tekið fram það, sem jeg ætlaði að segja. Jeg vil einungis lýsa gremju minni yfir því, að svona skuli hafa tekizt til fyrir e. d., og jeg skal bæta því við, að fyrir mína eigin persónu vildi jeg ekki einu sinni lúta að svona litlu; en af því jeg tala frá sjónarmiði margra fátækra kjósenda, gef jeg þó atkv. mitt með frv. eins og það er nú.

Landshöfðingi: Jeg held að það sje ekki ástæða til að ámæla hinni h. e. d. Þegar þess er gætt, að frv. fyrst kom fram í e. d., og að því í n. d. var breytt frá því sem e. d. upphaflega vildi, held jeg það sje ekki svo undarlegt, þótt e. d. vilji nú vera sjálfri sjer samkvæm og halda við sína fyrri tillögu, sem hún ætlar að hægra muni að koma fram. Þess ber og að gæta, að það yrði eigi ótilfinnanlegur tekjumissir fyrir lsj., ef eptirgjöfin væri veitt fyrir bæði árin, því þá yrði spursmál um eptirgjöf 37 til 39 þús. Þetta gjörði tekjurnar minni en gjöldin og orsakaði mjög ísjárverðan reikningshalla fyrir landssjóð. Það mælir og fram með ákvörðnn e. d., að að hún lýtur til þess tíma sem nær er og hægra er að hafa yfirlit yfir. Það er hægt að sjá fyrir erfiðleikana. Þessir erfiðleikar geta líka orðið 1885, en þeir liggja þó fjær, og liggja ekki eins ljóst fyrir. Jeg held það sje ekki óeðlilegt að byggja á þeirri von, að úr erfiðleikunum muni bætast eptir því sem fram líða stundir og það innan skamms. Jeg held því, að það sje á góðum rökum byggt að linunin sje bundin við fyrra árið. Þar eð ekki er um annað að gjöra, en annaðhvort hafna frv. þessu eða samþykkja það eins og það liggur fyrir, vona jeg að hin h. deild hiki sjer ekki við að taka hinn síðari kostinn.

Jakob Guðmundsson: Eins og jeg tók fram áðan, hef jeg aldrei annað ætlað en að e. d. vildi eins vel og n. d. og eins efast jeg ekki heldur um að hinn h. lh. sem nú tók málstað e. d. hafi hinn sama góða vilja. En hin sama nærsýni, sem stjórnaði tillögum e. d., virðist einnig glepja lh., sú nærsýni, að ætla að ef menn einhverstaðar „sjá sólskinsblett í heiði", þá sje öll vandræði búin. Nei, afleiðingar harðærisins byrja eiginlega fyrst nú og fyrra árið hafa menn talsverðar gjafir við að styðjast, en síðara árið líklega engar. En jeg held nú líka að það hefði verið hyggilegri búhnykkur fyrir landssjóðinn að ívilnunin hefði verið bundin við bæði árin, því þess fyr hefðu menn rjett við og orðið færari um að gjalda landssjóði. Hefði e. d. ekki þóknazt að fella frv. um farmgjald skipa, þá hefði full bót fengizt á þeim tekjumissi sem landssjóður hefði beðið við þessa eptirgjöf.

Eiríkur Kúld: Þó að jeg geti ekki verið h. h. e. d. samdóma um meðferð hennar á þessu máli, verð jeg að geta þess, að henni er borið á brýn verra en hún á skilið í meðferð málsins. Hún felldi frv. um farmgjald skipa fyrst eptir að hún hafði gjört þessar breytingar á þessu

frv., svo það er í samræmi við sjálft sig. Að öðru leyti er jeg á máli h. h. þm. D. (J. G.) um það það, að afleiðingar harðærisins komi fyrst fram síðar meir, og væri því full ástæða til að lækka gjöld bæði árin á fjárhagstímabilinu. Það gjöri jeg ráð fyrir að h. h. e. d. hafi einnig sjeð; en hún mun hafa litið á tekjurýrnun landsjóðs, og ekki þótzt geta sleppt svo miklu af tekjum landsjóðs. Jeg fyrir mitt leyti verð að leggja það til, að við tökum þeirri ívilnun, sem kostur er á, þó að æskilegt hefði verið, að hún hefði verið meiri. Það sýnir þó, að þingið hefur haft meðaumkvun með fátæklingum og vilja til að ráða úr skortinum. Jeg verð einnig að vona, að 1885 verði farið að greiðast nokkuð úr fyrir bændum, eins og h. hæstv. lh. tók fram, svo að þá verði þörfin ekki eins brýn, eins og hún auðsjáanlega verður á næsta ári. [Ræðan óyfirfarin af þingmanninum].

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal ekki bera e. d. verra orð, en hún hefur til unnið, en jeg get heldur ekki lofað hana fyrir meðferð hennar á málinu. Hún felldi frv. um tóbakstoll og farmgjald skipa, og þegar hún leit yfir þau verk sín, sem hún hafði gjört, sá hún að þau voru ekki harla góð, og mun hún þá hafa sjeð sig um hönd, og dregið úr þessari ívilnun til þess, að landssjóður missti ekki allt of mikið af tekjum sínum. Mjer finnst sem sagt, að h. h. e. d. hefði getað fallizt á frv. þetta, eins og það kom frá n. d., hefði hún ekki verið búin að gjöra það óaðgengilegt, með því að fella hin frv., sem jeg gat um, og því komið með þetta eins og sárabætur.

ATKVGR.: Frv. samþ. með 18 atkv. Afgreitt síðan til lh. sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um fyrirkomulag á gufuskipsferðum umhverfis strendur landsins (C 420 og 441); ein umr.

Framsögumaður (*Tryggvi Gunnarsson*): Eins og h. h. þm. sjá, hefur efri d. gjört 3 breytingar á þessu máli: 1. bætt inn í Hornafjarðarós; 2. bætt inn í að skipið skuli fara norður fyrir land í októbermánuði; og 3., felld 4. lið aptan af tillögunni til þingsályktunar. Hvað fyrstu breytinguna snertir, þykir mjer hún ekki aðgengileg, fyrir þá sök, meðal annars, að mikil tvísýni er á því, hvort dýpi sje nóg á Hornafjarðarós; en það er þó nauðsynlegt, að vita fyrir víst, hvort þar sje 16 feta dýpi, áður skip er sent þangað, sem ristir 16 fet. Þar að auki eru ýmsir aðrir annmarkar á, að aðhyllast þessa breytingu, t. d. eru þar ákaflega harðir straumar. Jeg hef sjálfur verið þar í svo stríðum straum, að 6 menn á bát drógu ekki móti honum og urðu að hverfa í land. Hvað annað atriðið snertir, veit jeg vel, að það er mjög æskilegt, að skip fari í októbermánuði norður um land; en þeir, sem þekkja til norðurlands, og veðráttu þar um það leyti árs, munu kynoka sjer við, að greiða atkvæði með því, að senda skip þar norður um hausttíma. Báðar þessar ákvarðanir getur reyndar stjórnin fellt burtu, ef henni svo sýnist, úr því að e. d. felldi burtu 4. liðinn. Áður hefur allt af verið barizt við að halda þessari ákvörðun, o: skilyrðinu fyrir útborgun fjárins úr landssjóði; en nú eptir ályktun h. h. efri deildar getur stjórnin útborgað þessar 18000 kr., hvernig svo sem ferðunum verður hagað og þótt ekkert tillit verði tekið til ferðaáætlanar þingsins. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sje hræddur um að stjórnin noti sjer af þessu skilyrðisleysi; þvert á móti er jeg viss um, að hún lætur sjer mjög annt um að ferðir gufuskipanna verði svo hagfelldar, og komi að svo miklu gagni sem framast má verða; en e. d. hefur gjört sitt til, og er ekki henni að þakka þó ekki ver fari. Loks skal jeg geta þess, að þingsályktunartillaga þessi endar nokkuð mjer liggur við að segja ámátlega, eptir að 4. liður er felldur, því hún endar nú á matargrein, sem er lítilsvirði og næst um hlægileg; en því fer ver og miður, að tímans vegna er lagfæring á þessu ómöguleg, þar sem þingi á að slíta innan 3 kl. tíma. Hjer er því eini vegurinn sá, að sþ. þingsál.till. eins og hún er, því að það er betra að veifa röngu trje en engu, og að hún komi eins og hún nú er, heldur en að ekkert komi frá þinginu um það, hvernig það ætlast til að þessum 18,000 kr. sje varið. Jeg vil því mæla með að ferðaáætlanin sje samþykkt, með þessum ummælum, að þó neðri deild sje óánægð með hana, þá sje hún tímaleysis vegna samþykkt.

ATKVGR.: Tillagan samþykkt með 18 atkv. Afgreidd síðan til lh. sem þingsályktun frá báðum deildum alþingis (C 420 og 441).

Frumvarp til laga um rjett hreppsnefnda og bæjarstjórna í fátækramálum (C 434); ein umr.

Benidikt Sveinsson: Jeg get raunar ekki sjeð, hvað h. h. e. d. gat gengið til að breyta fyrri hluta frv. úr því sem það var, og jeg get ekki heldur sjeð, að frv. þannig breytt geti komið að tilætluðum notum. En af því að það, sem eptir er af því, er óneitanlega betra en ekkert, gef jeg atkvæði mitt fyrir, að það verði samþykkt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil einnig mæla með því, að frv. verði sþ. eins og það er, einkum vegna 2. og 3. gr. þess. Í fátækrareglugjörðinni eru reyndar sömu ákvæðin sem í 2. gr. frv. þessa. En síðan skiptalöginkomu, mun það vera skoðun lögfróðra manna, að forgangsrjettur sveitaskulda sje niður fallinn. Í 3. gr. er sama efni, sem áður, og verð jeg að álíta mikla bót í henni. Jeg játa það, að breytingar þær, sem e. d. hefur gjört, eru mestmegnis í því fólgnar, að svipta ekki sveitarþurfa fjárforræði, og ætla jeg að breyting þessi geti engum skaða valdið, því að þó að þessi lagarjettur stæði, myndi hann ekki verða notaður að nokkrum mun, því að sveitarnefndunum er mest um það að gjöra, að fá styrkinn endurgoldinn, en sinna hinu síður, að svipta sveitarþurfann fjárforræði. Þó að þau tilfelli gætu komið fyrir, yrðu þau ekki svo tíð, að þau gætu fengið nokkra þýðingu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg verð að segja það, að mjer stendur hjer um bil á sama, hvort þessi lög eru samþykkt eða eigi. Hreppsnefndirnar fá lítið meiri rjett en áður gagnvart heimtufrekum þurfamönnum. Þetta sem hjer er farið fram á eru lög, og tel jeg lítið varið í að tyggja þetta upp úr fátækrareglugjörðinni, og óþörf lög eru engum til sóma. Hin lögin sem e. d. felldi, hefðu verið til mikils gagns, en eins nýtileg og jeg álít þau, eins eru þessi ónýt. Þeir, sem hafa verið að rembast eins og rjúpan við staurinn, að koma þessum lögum saman, sýna ógnarlega fákænsku í sveitarmálum og fátækramálum og tel jeg verk þeirra hjer engu betra fyrir landið en ef jeg tæki smið, sem setti ónýta rim í gamalt hrip. Þetta bætir lítið úr, og er verra en ekkert, því að maður er að basla við hina ónýtu rim svo lengi sem nokkur vegur er. Eins verður með þetta, að það verður til fyrirstöðu að málið verði tekið fyrir svo fljótt sem unnt er. Og því greiði jeg atkvæði mitt í gegn frv. þessu, því það vantar þá algjörlega festu og það sem mest á ríður, það er að hreppsnefndir fái vald yfir hinum daglega afla eyðslu- og óreglumannsins, t. a. m. daglaunum og afla af sjó.

Landshöfðingi: Eins og h. h. 1. þm. Ef. (A. Ó.) benti á, þá gefa lög þessi sveitarsjóðunum eigi svo lítinn rjett, þar sem þeim er veittur forgöngurjettur til endurgjalds fyrir fátækrastyrk fyrir öllum öðrum skuldakröfum samkvæmt 2. gr. Enn fremur er hjer beinlínis sagt, að þurfamenn skuli endurgjalda sveitarstyrk, sem þeir fá, ef þeir í lifanda lífi verða svo efnum búnir að þeir geti það, en eptir því, sem menn skilja reglugjörðina frá 8. janúar 1834, þá er það almenn rjettarskoðun, að sveitarstyrkur þurfi að eins að endurgreiðast eptir þurfamanninn látinn, og eigi í lifanda lífi hans, jafnvel þó hann auðgist síðar meir. Álít jeg þetta atriði svo eðlilegt og þessa ákvörðun svo þýðingarmikla, að rjettara sje að samþykkja frv., þó eigi væri annars vegna, en þessarar ákvörðunar. Það er auðvitað fleira, sem þarf að bæta í fátækralöggjöf vorri, en jeg skil þó eigi, að menn skuli vilja hafna þessu, þar sem menn þó hafa varið talsverðum kröptum og tíma til þessa máls, en nú eigi að tala um, að fá neitt annað, þar sem þetta er hinn síðasti samkomudagur þingsins. Það var talað um að hreppsnefndir gætu svipt þurfamenn fjárforráðum og fengið þá gjörða ómynduga; en jeg get eigi gjört svo mikið úr slíku, því að þessa úrræðis mundi eigi verða neytt svo opt. Hreppsnefndirnar mundu fara varlega í að gjöra menn ómynduga og sýslumennirnir mundu verða og ættu að vera mjög varkárir í því efni. Tel jeg því að eigi mundi vera svo mjög þýðingarmikið, að fá hinu framgengt, og verð jeg líka hins vegar að

geta þess, að þó að ákvarðanir þessa frumvarps sjeu eigi eins, þá fara þær fram á nokkuð líkt. Sveitarstjórnin getur látið skrifa upp fjármuni þarfamannsins og þinglýst uppskriptargjörðinni, og við þetta missir þurfamaður fjárforræði yfir hinu uppskrifaða. Frv. þetta gjörir því nokkra bót á ástandi því, sem nú er, og ræð jeg því h. h. þd. til þess að samþykkja það.

ATKVGR.: Samþykkt að hætta umræðunum, eptir ósk 8 nafngreindra þm.

Frv. *fellt* með 12 atkv. gegn 8.

Kæra frá þingmanni Snæfellinga (Holger Clausen) út af niðurfærslu á ferðakostnaðarreikningi hans; ein umræða.

Holger Clausen: Jeg ætla að eins að skýra frá, hvers vegna jeg hef komið fram með þetta mál, og er það af því að mjer sýndist n. ekki hafa farið rjett og sanngjarnlega að við mig í samanburði við aðra þm. Árið 1875 fjekk þm. Bst. (E. K.) sem á heima á sama stað og jeg fyrir sömu ferð 119 kr. í ferðakostnað; 1877 fjekk hann 121 kr. og 1879 159 kr. allt fyrir ferðina heiman að og hingað til þings. Jeg hef nú að eins sett upp 100 kr. fyrir sömu ferð og þó hefur h. h. n. fundið ástæðu til að setja þann reikning niður, þótt hann sje 59 kr. lægri en þm. Bst. fjekk útborgaðan ummælalaust 1879. Það er ekki svo mikið peninganna vegna að jeg hef hreyft þessu máli, heldur vegna þess, hve ókurteyslega n. hefur farizt við mig, því að hún hefur leyft sjer að fleygja þessu í okkur eins og skólastráka, án þess að færa til nokkrar ástæður fyrir gjörðum sínum, og þegar jeg talaði um þetta við þm. Rvk. (H. Kr. Fr.) og spurði hann hvers vegna n. hefði sett reikninginn niður, þá hló hann bara með þessum hlátri sem öllum þm. er kunnur, og annar þm. sagði við mann úti í bæ, að hann vildi kenna þm. að skrifa reikninga; en jeg hef gjört meira en að skrifa reikninginn; jeg hef líka útborgað hann upp á eyri. En nú hefur n. þó orðið kurteysari síðan jeg kom fram með þessa kæru mína, og talað við ýmsa þm. áður en hún hefur afhent þeim reikninga sína úrskurðaða, og þegar jeg sje að kæra mín hefur haft svona góð áhrif þá er jeg ánægður og ætla því að *taka* kæruna *aptur*.

Forseti gat þess, að *erindrekarnir í Elliðaármálunum* hefðu afhent sjer *reikninga yfir kostnað þann*, sem þeir hefðu haft í því máli, Tryggvi Gunnarsson fyrir 70 krónum, og Arnljótur Ólafsson fyrir 250 krónum, og bar forseti það undir atkvæði þingdeildarinnar, hvort borga mætti út þetta fje sem alþingiskostnað, og var það samþykkt.

Forseti: Dagskráin er þá búin og störfum þessarar deildar þar með lokið á þessu þingi, og skal jeg að endingu leyfa mjer að þakka h. h. d. fyrir umburðarlyndi hennar við mig sem forseta, og óska af alhuga, að störf vor megi blessast sem bezt, til heilla fyrir land og lýð.